



| | |
|--|-------------|
| 14.35. Atvik tengd Innnes á árunum 2010-2011 | 1461 |
| 14.35.1. Tengsl viðkomandi viðskiptastjóra Eimskips og Samskipa | 1461 |
| 14.35.2. Áframhaldandi verðhækkunir Eimskips og áhugaleysi Samskipa gagnvart Innnes. | 1462 |
| 14.35.3. „Eigum við að vera „grænlenkir“ á þennan flutning?“ | 1467 |
| 14.35.4. Eimskip heldur Innnes og hækkar verð | 1469 |
| 14.35.5. Samantekt | 1473 |
| 14.36. Alcoa, Alcan, Elkem og Norðurál | 1474 |
| 14.36.1. Upprifjun | 1474 |
| 14.36.2. Skjalið „Markaðsskipting“ | 1476 |
| 14.36.3. Ánægja með samráðið varðandi flutninga fyrir Alcoa | 1479 |
| 14.36.4. Ekki gert ráð fyrir samkeppni um fyrirtæki í stóriðju | 1481 |
| 14.36.5. Elkem óskar eftir tilboði frá Eimskip | 1485 |
| 14.36.6. Samskip: Á að „taka grænendinginn“ á flutninga fyrir Norðurál? | 1489 |
| 14.36.7. Alcan, Thorship og Wilson | 1491 |
| 14.36.7.1. Samskip ræða að „skipta á bitum við Wilson“ | 1491 |
| 14.36.7.2. Eimskip fundar með Thorship | 1492 |
| 14.36.7.3. Samskip funda með Thorship | 1493 |
| 14.36.7.4. Óánægja með samkeppni frá Thorship | 1493 |
| 14.36.7.5. Samskip snúa sér til Wilson | 1496 |
| 14.36.7.6. Samskip og Wilson vinna saman í útboði Alcan | 1499 |
| 14.36.8. Áframhaldandi samráð varðandi flutninga fyrir Alcoa | 1503 |
| 14.36.9. Samantekt | 1507 |
| 14.37. Ýmis atvik á árinu 2011 | 1511 |
| 14.37.1. „Frekar há“ verð hjá N1 | 1512 |
| 14.37.2. „Er vafasamt upp á friðinn“ að bjóða Pennanum góð kjör? | 1513 |
| 14.37.3. Fundur lykilstjórnenda 9. mars 2011 | 1514 |
| 14.37.4. Samskip hafa ekki á áhuga á MS | 1517 |
| 14.37.5. „Frábært ár“ og bónusar hjá Samskipum | 1519 |
| 14.37.6. Aðföng – Samskip virða markaðsskiptinguna | 1522 |
| 14.37.7. Ölgerðin – Samskip virða markaðsskiptinguna | 1524 |
| 14.37.8. Rúmfatalagerinn mátti ekki vita af betra flutningaverði í Færeyjum | 1529 |
| 14.37.9. Áhyggjur af smæstu keppinautunum | 1531 |
| 14.37.9.1. Landflutningar | 1531 |
| 14.37.9.2. Sjóflutningar | 1534 |
| 14.37.10. Áhyggjur af miklu samstarfi við Eimskip | 1537 |
| 14.37.11. Samantekt | 1538 |
| 14.38. Verðhækkun og önnur atvik maí – nóvember 2011 | 1541 |
| 14.38.1. Eimskip hækkar verð | 1543 |
| 14.38.2. Samskip og Eimskip hækka verð | 1545 |
| 14.38.3. Fyrirtækin huga að frekari verðhækkunum | 1546 |
| 14.38.4. Áætlanir fyrir árið 2012 | 1548 |
| 14.38.4.1. Samskip haldi mikilvægum viðskiptavinum og hækki verð | 1548 |
| 14.38.4.2. Eimskip haldi mikilvægum viðskiptavinum og hækki verð | 1558 |
| 14.38.4.3. Búist við mikilli samkeppni í Færeyjum | 1563 |
| 14.38.5. Forstjórnarnir mjög ánægðir með árið 2011 | 1564 |
| 14.38.6. Samantekt | 1565 |
| 14.39. Atvik frá desember 2011 til febrúar 2012 | 1566 |
| 14.39.1. Lykilstarfsmenn hittast | 1566 |
| 14.39.2. Áfram unnið að verðhækkun | 1568 |
| 14.39.3. Rætt um verðhækkun á fundi 29. desember 2011 | 1570 |
| 14.39.4. Verðhækkun tekur gildi | 1576 |
| 14.39.5. Hugað að frekari hækkingum og samskipti milli stjórnenda | 1576 |
| 14.39.6. Samantekt | 1583 |
| 14.40. Afar sérstakt ástand á íslenska markaðnum á árunum 2010-2012 | 1586 |
| 14.40.1. Örvænting á erlendum flutningamörkuðum – frábær afkoma á Íslandi | 1586 |
| 14.40.2. „our lucrative Iceland trade“ | 1592 |
| 14.40.3. Flutningamarkaðurinn á Íslandi sagður „voða kósý“ | 1596 |



| | |
|---|-------------|
| 14.41. Vífilfell 2011 | 1599 |
| 14.41.1. Lítill keppinautur veldur vandkvæðum | 1601 |
| 14.41.2. Samskip halda Vífilfelli..... | 1603 |
| 14.42. ÍSAM 2011-2012 | 1609 |
| 14.43. Rúmfatalagerinn 2012 | 1613 |
| 14.44. Samskip og Eimskip hækka verð sumarið 2012 | 1615 |
| 14.44.1. Verðhækkun Eimskips | 1615 |
| 14.44.2. Verðhækkun Samskipa | 1618 |
| 14.44.3. Óánægja viðskiptavina | 1620 |
| 14.44.4. Samantekt..... | 1622 |
| 14.45. „Rosalegur taugatringur“ vegna Bauhaus | 1623 |
| 14.46. Forstjóri Samskipa sagður „skít-stressaður“ yfir áhuga Búr | 1628 |
| 14.47. Askja: Flutningskostnaður til Íslands sagður „gríðarhár“ | 1633 |
| 14.48. Áætlanir Samskipa og Eimskips fyrir árið 2013 | 1638 |
| 14.49. Aðföng 2012 | 1645 |
| 14.49.1. „Mjög snúin staða“ varðandi möguleg viðskipti við Aðföng | 1645 |
| 14.49.2. Eimskip endurnýjar landflutningasamkomulag við Aðföng | 1646 |
| 14.49.3. Eimskip endurnýjar sjóflutningasamkomulag við Aðföng | 1649 |
| 14.49.4. Samantekt..... | 1651 |
| 14.50. OJK og Garri 2012 | 1652 |
| 14.51. Icelandic – „ekki rugga þessum bát að svo stöddu“ | 1657 |
| 14.52. Nathan & Olsen 2012 | 1658 |
| 14.53. Innes 2012 | 1660 |
| 14.54. Samskipti og frekari verðhækkunir | 1664 |
| 14.54.1. Áframhaldandi samráð um karagjald í landflutningum | 1665 |
| 14.54.2. Atvik í september 2012 | 1669 |
| 14.54.3. Atvik í nóvember 2012 | 1671 |
| 14.54.4. (S)forstj og (E)frkvstj-alþjvs hittast og fjalla um verðhækkun í kjölfarið | 1673 |
| 14.54.5. Fundur Samskipa og Eimskips 18. desember 2012..... | 1675 |
| 14.54.6. Verðhækkun í janúar og febrúar 2013 | 1677 |
| 14.54.7. TVG og Jónar | 1678 |
| 14.54.8. Samantekt..... | 1682 |
| 14.55. Samráð um olúgjald (BAF/FAF) 2009-2013 | 1686 |
| 14.55.1. Upprifjun á atvikum fram til ársins 2009 | 1687 |
| 14.55.2. Atvik árið 2009..... | 1687 |
| 14.55.3. Atvik árið 2010..... | 1689 |
| 14.55.4. Atvik árið 2011 og 2012 | 1691 |
| 14.55.5. Atvik árið 2013..... | 1696 |
| 14.55.6. Samantekt..... | 1698 |
| 14.56. Samráð um afsláttarkjör | 1699 |
| 14.56.1. Um hámarks afslátt..... | 1699 |
| 14.56.2. Hámarks afslátturinn byggðist á himinháum gjaldskrár fyrirtækjanna | 1705 |
| 15. SAMANDREGIN NIÐURSTAÐA UM „FRIDINN“ 2009-2012 | 1707 |
| 15.1. „Nýtt upphaf“ verkefninu hrint í framkvæmd | 1707 |



| | | |
|--------------|---|-------------|
| 15.2. | Markaðsskipting um mikilvæga viðskiptavini | 1707 |
| 15.3. | Verðákvarðanir í skjóli samráðs | 1709 |
| 15.4. | Viðurkenning Eimskips | 1715 |
| 15.5. | Gögn um aðstæður á erlendum flutningamörkuðum endurspeгла samráðið.... | 1715 |
| 15.6. | Samtímagögn staðfesta ólögðæta markaðsskiptingu | 1716 |
| 15.6.1. | Árið 2009..... | 1717 |
| 15.6.2. | Árið 2010..... | 1720 |
| 15.6.3. | Árið 2011..... | 1725 |
| 15.6.4. | Árið 2012..... | 1728 |



14.35. Atvik tengd Innnes á árunum 2010-2011

7450. Innnes var, sem fyrr segir, einn af stærstu viðskiptavinum Eimskips í innflutningi.³⁶⁵¹ Samskipum var þetta ljóst enda mátti sjá Innnes á lista yfir mikilvægustu viðskiptavinum Eimskips í skýrslu (S)forstö-innfl1 frá september 2010 „Markaðsskýrsla Innflutningsdeildar 2011“. Það sama kom fram í samskonar skýrslu (S)forstö-innfl1 ári síðar, sbr. nánar hér á eftir.³⁶⁵²
7451. Heildarflutningasamkomulag var í gildi á milli Eimskips og Innnes frá árinu 2005 með gildistíma út árið 2007. Var samkomulagið framlengt í nóvember 2008. Innnes var þó áfram frjálst að flytja einnig með öðrum flutningaðila.
7452. Í kafla 14.5 er fjallað m.a. um atvik sem tengjast Innnes veturinn 2008 og á árinu 2009. Sýnir sú umfjöllun að á því ári var Innnes afar óánægt með verðhækkun Eimskips. Einnig er gerð fyrir gögnum frá Eimskip sem sýna að fyrirtækið ætlaði ekki að lækka verð eða ganga á eftir Innnes. Sýnir þetta að Eimskip hafði ekki áhyggjur af því að Samskip myndu bjóða þessum mikilvæga viðskiptavinum betri kjör. Óskaði Innnes því eftir tilboði frá Samskipum.
7453. Samskip sendu Innnes tilboð 24. júní 2009. Eins og rökstutt er í kafla 14.6 sýna atvik þessu tengd að Samskip virtu þá markaðsskiptinguna og tókst að „flæma“ Innnes í burtu. Eimskip hélt því Innnes áfram í viðskiptum og hélt áfram að hækka verð.

14.35.1. Tengsl viðkomandi viðskiptastjóra Eimskips og Samskipa

7454. Áður en vikið er að frekari atvikum í tengslum við Innnes ber að geta þess að (E)viðskstj4 var viðskiptastjóri Innnes hjá Eimskip á þessum tíma meðan (S)viðskstj1 var viðskiptastjóri Innnes hjá Samskipum.³⁶⁵³
7455. Í málinu eru fyrirliggjandi gögn sem sýna samskipti og persónuleg tengsl milli þessara starfsmanna beggja fyrirtækjanna, sbr. yfirlitið í kafla 13 hér að framan. Í gögnum málsins má t.d. sjá að þeir skipulögðu að spila saman veggtennis og golf í febrúar og ágúst 2010.³⁶⁵⁴
7456. Hér ber og að líta til þess að þann 7. október 2010 sendi (S)viðskstj1 tölvupóst til (E)viðskstj4 með viðhenginu „Vodka1“.³⁶⁵⁵ (E)viðskstj4 svaraði og taldi heiti tiltekinna fyrirtækja og sagði svo: „Þetta eru svona 5 stærstu“. (S)viðskstj1 svaraði: „sé að þú stefnir hraðbyr á að ýta [(E)forstj] úr stólnum (m.v. að þú sért að taka stóru fiskana) – lofa því að ég læt þessa vera reyni frekar að dreifa spjöldunum mínum hjá Innnes, Búr og Ölgerðinni þið finnið hvort eð er ekkert fyrir þeim.“³⁶⁵⁶
7457. Þessi samskipti umræddra viðskiptastjóra um viðskiptatengd málefni voru ekki í samræmi við kröfur 10. gr. samkeppnislaga um sjálfstæði keppnauta. Jafnframt staðfesta þau þessi tengsl milli þeirra.
7458. (S)viðskstj1 og (E)viðskstj4 höfðu ríka aðkomu að málsatvikum vegna Innnes í máli þessu á sama tíma og gögn sýna tengsl og samskipti þeirra á milli, sbr. eftirfarandi umfjöllun í þessum kafla.

³⁶⁵¹ Afhent skjal frá Eimskip. Afhent 19.02.2016, minnislykill 4, „Ýmis gögn“. „Viðskiptasagan_“, sbr. leiðrétt skjal afhent frá Eimskip 01.11.2016 „Viðskiptasagan_Þróun Net Value öll ft. í 15. flokkum“. Innnes var fjórði stærsti viðskiptavinur Eimskips í innflutningi á matvöru. Afhent skjal frá Eimskip. Afhent rafrænt 01.12.2016. „Stærstu viðskiptavinir“, „1. Almenn matvara“. Í heildina var Innnes áttundi stærsti viðskiptavinur í innflutningi hjá Eimskip (að undanskildu TVG-Zimsen). Afhent skjal frá Eimskip. Afhent 01.12.2016. „Stærstu viðskiptavinir“, „B liður 1-Innflutningur“. Í innanlandsflutningum var Innnes t.d. meðal 50 stærstu viðskiptavinum Flytjanda fyrstu átta mánuðina árið 2010.

³⁶⁵² Sjá bls. 25 þar sem segir að samningur Innnes og Eimskip sé laus á árinu 2011.

³⁶⁵³ Fram til janúar 2011, þegar [...] lét af störfum hjá Eimskip.

³⁶⁵⁴ Afrituð tölvupóstsamskipti frá Samskipum. Milli [...]. „Golf“, dags. 16.-17.08.2010. Afrituð tölvupóstsamskipti frá Samskipum. Milli [...]. „Þetta lítur vel út.....“, dags. 17.08.2010, kl. 15:18, 15:57 og 15:59. Afrituð tölvupóstsamskipti frá Samskipum. Milli [...]. „Squash Challenge 2010“, dags. 10.02.2010, kl. 13:03 og 15:56. Sjá einnig afrituð tölvupóstsamskipti frá Samskipum. [...]. „1/2 maraþon“, dags. 26.08.2010, kl. 10:08.

³⁶⁵⁵ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...]. „.....“, dags. 07.10.2010, kl. 11:00. Afrituð tölvupóstsamskipti frá Samskipum. Milli [...]. „án heitis“, dags. 07.10.2010, kl. 14:28, 14:41 og 15:07. Viðhengi var ljósmynd „vodka1.jpg“.

³⁶⁵⁶ Innnes, Búr og Ölgerðin voru öll mikilvægir viðskiptavinir Eimskips.



14.35.2. Áframhaldandi verðhækkningar Eimskips og áhugaleysi Samskipa gagnvart Innnes

7459. Í áætlun innflutningsdeildar Samskipa fyrir árið 2010 (útbúin haustið 2009) segir eftirfarandi um Innnes: „*Samningsdrög við Innnes hafa legið á borðinu megnið af árinu 2009 en ekki hefur náðst saman og eru litlar líkur á að samningar náist við þá, þó áætlum við að flutningar verði áfram að einhverju leyti frá USA fyrir Innnes.*”³⁶⁵⁷
7460. Samkvæmt sömu áætlun Samskipa var áherslan fyrir árið 2010 sú að halda þáverandi viðskiptavinum og sækja viðskipti frá smærri aðilum.³⁶⁵⁸ Samkvæmt þessu var því ekki ætlunin hjá Samskipum að reyna að ná heildarflutningasamningi eða auknum viðskiptum við Innnes þótt um mjög mikilvægan flutningskaupanda væri að ræða.³⁶⁵⁹ Að mati Samkeppniseftirlitsins var þetta ein birtingarmynd ólögmetrar markaðsskiptingar Samskipa við Eimskip.
7461. Samkvæmt afhentum gögnum frá Samskipum flutti fyrirtækið árið 2009 inn vörur fyrir Innnes en um var að ræða lága fjárhæð (13 milljónir kr.) í samanburði við heildarviðskipti Innnes hjá Eimskip (130 milljónir kr.).³⁶⁶⁰ Samkvæmt sömu gögnum voru á árunum 2010-2013 engin viðskipti milli Samskipa og Innnes.³⁶⁶¹ Sjá má af afrituðum gögnum Samskipa að fyrirtækið hugðist, á sama tíma og Eimskip, hækka verð gagnvart Innnes en þann 21. janúar 2010 sendi áðurnefndur viðskiptastjóri hjá Samskipum, (S)viðskstj1, tölvupóst til (S)frkvstj-N-Am og (S)starfsm og afrit til (S)forstö-innfl1. Varðaði tölvupósturinn hækkun Samskipa á viðskiptakjörum gagnvart N&O (sem var, eins og Innnes, umfangsmikill kaupandi flutningsþjónustu til Íslands). (S)viðskstj1 sagði jafnframt eftirfarandi um verðhækkningar Samskipa gagnvart Innnes:

„[...] við þurfum sömuleiðis að huga að verðum á Innnes þ.e. hækka skv. þeim hækkunum sem við höfum fengiðu+ BAF, er að skoða þau mál betur í vikunni.”³⁶⁶²

7462. Virðast þessar hækkningar hafa leitt til þess að Innnes dró úr viðskiptum sínum við Samskip.
7463. Í kafla 14.17.7 er lýst ólögmetu samráði Eimskips og Samskipa í febrúar 2010 í tengslum við innheimtu Eimskips á svokölluðu öryggisgjaldi (ISPS). Þann 25. febrúar 2010, sendi Innnes tölvupóst til (E)viðskstj4 eftir að hafa fengið senda tilkynningu frá Eimskip um innheimtu á ISPS:

„Við vorum að fara yfir þetta bréf sem kom í vikunni, og er það ekki réttur skilningur að við erum undanþegnir þessu gjaldi eins og verið hefur?”

³⁶⁵⁷ Þarna í tilvísaðri umfjöllun er vísað til þess að samningsdrög Samskipa til Innnes væru fyrirliggjandi. Samskip afhenti umbeðið ein samningsdrög til Innnes vegna tilboðsbeiðni frá 2008. Afhent skjöl frá Samskipum. Afhent 10.04.2015, fskj. 8 „Innnes ehf. Beiðni um tilboð 2008 Tilboð Samskipa í flutninga Innnes 2008”. Þarna á meðal eru afhent tilboð og samningsdrög frá Samskipum til Innnes.

³⁶⁵⁸ Afritað tölvuskjal frá Samskipum. „Innflutningur Rekstraráætlun 2010 [...]”. Fannst vistað á sameiginlegu tölvudrifi Samskipa, síðast vistað 31.12.2009, kl. 10:14, bls. 51-52. Í áætluninni var Innnes nr. 13 á lista yfir matvælakúnna (að Jónum undanskyldum).

³⁶⁵⁹ Í áðurnefndri áætlun Samskipa má sjá vísað til þess þess að Samskip hafi flutt inn vörur fyrir Innnes frá Bandaríkjunum. Við skoðun afhentra gagna frá Samskip voru þessir flutningar smávægilegir m.t.t. heildarveltu Innnes hjá Eimskip. Innnes er ekki á afhentum lista Samskipa um 50 stærstu viðskiptavinina árin 2006-2013. Afhent tölvuskjal frá Samskipum. Afhent 10.04.2015. „Stærstu 50”, „Liður 9.1 Innflutningur Heildarlisti”. Á afhentum lista Samskip um 25 stærstu viðskiptavinina í mismunandi vöruflokkum er Innnes með rúmar 13 milljónir kr. árið 2009 (Almenn matvara) og árið 2013 er fyrirtækið með rúma 1 milljón kr. veltu hjá Samskipum (Drykkjarvara). Í samanburði var velta Innnes hjá Eimskip yfir 140 milljónir kr. árið 2009 og 150 milljónir kr. árið 2013. Afhent skjal frá Samskipum. Afhent 10.04.2015. „Liður 8.1 Stærstu viðskiptavinir 2006-2013”. Afhent skjal frá Eimskip. Afhent 01.12.2016. „Stærstu viðskiptavinir”, „B liður 1-Innflutningur”.

³⁶⁶⁰ Samkvæmt gögnum málsins um 25 stærstu viðskiptavini í tilgreindum vöruflokkum virðast Samskip árið 2009 hafa flutt inn vörur fyrir Innnes. Um var að ræða litla veltu í samburði við innflutningsviðskipti Innnes hjá Eimskip. Samkvæmt afhentum gögnum frá Samskipum var Innnes með rúmar 13 milljónir kr. veltu hjá Samskip árið 2009. Árið 2009 var heildarvelta Eimskips vegna innflutningsþjónustu til Innnes/Haugen tæpar 130 milljónir kr. Afhent skjal frá Eimskip. Afhent 01.12.2016. „Stærstu viðskiptavinir”, „1. Almenn matvara”. Afhent skjal frá Samskipum. Afhent 10.04.2015. „8.1 25 stærstu viðskiptavinir”.

³⁶⁶¹ Fyrir utan rúma 1 milljón kr. veltu Innnes hjá Samskipum í innflutningi á drykkjarvörum árið 2013. Velta Innnes hjá Eimskip í innflutningi árið 2013 var rúmar 144 milljónir kr.

³⁶⁶² Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.797916.



7464. (E)viðskstj4 framsendi tölvupóstinn til (E)forstö-innfl með skilaboðunum: „Hvernig svörum við þessu? samkv. samningi fer þetta ekki á nema að þeir séu samþykkir því. Verðum við ekki að fá þá að borðinu til þess að ræða ný verð? Á ég ekki að reyna að bóka fund með þeim í næstu viku?“³⁶⁶³
7465. (E)forstö-innfl svaraði daginn eftir: „Jú endilega. Þurfum að ræða ný verð og jafnvel nýjan samning. Tel betra fyrir okkur að reikna hvað þetta gjald gerir í kostnaði fyrir þá og skoða svo aðgerðir heldur en að reyna að sleppa þessu.“³⁶⁶⁴
7466. Í kafla 14.26.2 var fjallað um atvik sem tengjast viðskiptum Samskipa við ÍSAM. Var þar einnig lýst ítrekuðum tilraunum Innnes til þess að fá tilboð frá Samskipum í tiltekna flutninga frá Bandaríkjunum. Vísast hér til þeirrar umfjöllunar en nauðsynlegt er að fjalla nánar um þessi atvik hér.
7467. Þar kemur m.a. fram að Samskip áttu fund með Innnes í september 2009 varðandi innflutning frá dreifingarmiðstöð (Conagra) í Pennsylvaníu fylki í Bandaríkjunum. Sendi Innnes í kjölfarið tölvupóst til (S)frkvstj-N-Am og (S)viðskstj1 en Samskip sýndu þessu lítinn sem engan áhuga. Athygli veur að hálfu ári síðar, þann 3. mars 2010, sendi Innnes aftur tölvupóst til (S)frkvstj-N-Am og (S)viðskstj1. Óskaði Innnes aftur eftir tilboði í flutning frá Conagra í gegnum Evrópu til Íslands (TA-flutningar) og að málið yrði unnið hratt. Svaraði (S)frkvstj-N-Am sama dag og óskaði eftir nánari upplýsingum frá Innnes um magn o.fl.³⁶⁶⁵ (S)frkvstj-N-Am framsendi tölvupóstinn frá Innnes til (S)viðskstj1 með skilaboðunum: „Sælir, við fáum allar uppl. og svo ákveðið þið hvað gera skal.“³⁶⁶⁶ Áttu þannig Samskip á Íslandi að taka ákvörðun um hvernig Innnes yrði svarað.
7468. Sama dag sendi Innnes jafnframt tölvupóst til (E)viðskstj4 vegna flutninga frá Bandaríkjunum og tugaprósenta verðhækkana Eimskips á þeim flutningum fyrir viðskiptavininn, sbr. eftirfarandi:
- „Ég tók eftir því að Bill of lading hefur hækkað á báðum tilkynningunum frá USA úr 60 USD í 90 USD (50%), og jafnframt hefur administration fee hækkað úr 30 í 60 USD (100%)“.
7469. (E)viðskstj4 svaraði Innnes stuttu síðar með eftirfarandi hætti: „Það stemmir þetta voru undantekningar frá hækkun á erlendum gjöldum, þ.e. frá prósentuhækkun sem gekk þvert yfir. Sjá meðfylgjandi gjaldskrár vegna 2009 og 2010.“
7470. Innnes svaraði Eimskip strax: „Það hljóta að vera einhverjar haldbærar skýringar á því að tvennt af þessu skuli hækka um 50 og 100%, þetta er allvega út úr korti miðað við aðrar hækkanir þó nægar séu? Við þurfum ekki á þessu að halda þegar dollarinn hefur verið að styrkjast og gerir okkur enn erfiðara að halda uppi innflutningi frá USA. Þið verðið að átta ykkur á því að við getum ekki samþykkt þetta óbreytt og legg því til að þessu verði frestað fram yfir fundinn sem hugmyndin er að halda fljótlega.“
7471. (E)viðskstj4 svaraði Innnes um hæl og bar því við að hækkanir til Innnes hefðu verið óumflýjanlegar vegna kostnaðarauka hjá Eimskip og það þurfi „að setjast niður sem fyrst og fara í gegnum heildargjöldin frá US sem og Europe.“³⁶⁶⁷
7472. Daginn eftir (4. mars 2010) sendi (S)frkvstj-N-Am tölvupóst til (S)viðskstj1 með afriti til (S)forstö-innfl1. Þar var að finna verð vegna tilboðsbeiðni sem hafði borist til Samskipa frá Innnes 24. febrúar 2010. Jafnframt kom fram að það væri boðuð hækkan frá APL upp á tiltekna fjárhæð.³⁶⁶⁸ Að lokum sagði (S)frkvstj-N-Am: „Er að klára Conagra pakkann og kem með hann væntanlega síðar í dag.“³⁶⁶⁹ Sendi (S)frkvstj-N-Am verð í Innnes-flutningana til (S)viðskstj1 og (S)forstö-innfl1 síðar sama dag.

³⁶⁶³ Afritaður tölvupóstur frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.669902. Í bréfinu sem Innnes vísaði til var tilkynnt um innleiðingu á ISPS gjaldi í öllum höfnum frá og með 1. mars 2010. Sjá viðhengi við afritaðan tölvupóst "1913_001.pdf".

³⁶⁶⁴ Afritaður tölvupóstur frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.670017.

³⁶⁶⁵ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.806501.

³⁶⁶⁶ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...]

³⁶⁶⁷ Afritaður tölvupóstur frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.672357.

³⁶⁶⁸ Skammstöfun fyrir skipafélagið American President Lines, dótturfélag alþjóðlega skipafélagsins CMA CGM.

³⁶⁶⁹ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.803995.



Í tölvupóstinum sagði (S)frkvstj-N-Am jafnframt: „[Innnes] er eitthvað að flýta sér núna, veit ekki hvað er í gangi en endilega láta hann heyra í ykkur á morgun hvort sem þið klárið í hann tilboðið eða ekki.“³⁶⁷⁰

7473. Athygli vekur að þrátt fyrir að stjórnendur Samskipa væru komnir með tilboðsverð í Conagra flutningana fyrir Innnes (viðskiptavin Eimskips) ákváðu þeir að bíða með að svara Innnes, sbr. nánar hér á eftir. Í því sambandi skal bent á að Eimskip var á sama tíma að vinna að hækkun gagnvart Innnes. Auk þess vekur það athygli Samkeppniseftirlitsins að við rannsókn málsins hafa ekki komið fram samtímagögn frá Samskipum sem sýna viðleitni fyrirtækisins til að ná til sín sjóflutningsviðskiptum Innnes frá Evrópu til Íslands, en gögn Eimskips gefa til kynna að á þessum tíma hafi 83% af innflutningi Innnes til Íslands komið frá Evrópu en 17% frá Bandaríkjunum.³⁶⁷¹
7474. Þann 5. mars 2010 sendi Innnes tölvupóst til (E)viðskstj4 og (E)forstö-innfl og kvartaði þessi mikilvægi viðskiptavinur aftur undan verðhækkunum Eimskips. Nánar tiltekið kom þetta fram í tölvupóstinum: „Eins og ég talaði um í póstinum þá eru þessar hækkanir allveg úr takti við allt annað sem er í gangi. Það er augljóst að verið er að bú[a] hér til einhverja tölu, þjónusta hækkar ekki á einu bretti um 50 og 100%.“³⁶⁷²
7475. Þennan sama dag sendi (S)frkvstj-N-Am tölvupóst til (S)forstö-innfl1 og (S)viðskstj1 og greindi frá því að Eimskip stefndi að því að hækka verð gagnvart Innnes og að Innnes muni óska tilboða frá Samskipum.³⁶⁷³
7476. Í kjölfarið sendi (S)forstö-innfl1 tölvupóst til (S)forstj og (S)frkvstj-millilandasv með heitinu „Eimskip og Innnes“. Þar vísaði (S)forstö-innfl1 til þess að Eimskip stefndi að því að hækka verð hjá Innnes. Samskip stefndu á sama tíma á hækkun gagnvart ÍSAM, sbr. umfjöllun í kafla 14.26. Í tölvupósti sínum taldi (S)forstö-innfl1 það „gott mál að vinna þetta á sama tíma og Ísam“ og átti við að það væri til árangurs fallið að Eimskip og Samskip væru á sama tíma að ná fram hækkunum gagnvart tveimur mikilvægum viðskiptavinum í innflutningi á matvöru. Til að tryggja framgang þessa varaði (S)forstö-innfl1 (S)forstj og (S)frkvstj-millilandasv við því að Innnes kynni að snúa sér til Samskipa í von um betri kjör en í tölvupóstinum sagði: „Þið megið gera ráð fyrir að Innnes hringi í ykkur til að ræða samningsmál.“ Athygli vekur að í tölvupóstinum er ekki ráðgert hjá umræddum stjórnendum Samskipa að nýta tækifærið til að ná viðskiptum Innnes. Af tölvupóstinum má ráða að (S)forstö-innfl1 hafi frekar viljað nota tækifærið til að hækka verð ÍSAM. ÍSAM og Samskip rituðu undir nýjan samning þann 27. maí 2010. Fól hann í sér verðhækkun eins og (S)forstö-innfl1 áformaði í mars 2010. Var sú atburðarrás birtingarmynd á markaðsskiptingu Samskipa og Eimskips.
7477. Þann 22. mars 2010 sendi Innnes tölvupóst til (S)frkvstj-N-Am (afrit til (S)viðskstj1) varðandi innflutning á rúsínum frá Bandaríkjunum. (S)frkvstj-N-Am áframsendi tölvupóstinn til (S)viðskstj1 og (S)forstö-innfl1: „[(S)viðskstj1] þú verður að taka boltann og segja hvað þú vilt gera í stöðunni.“³⁶⁷⁴ Síðar sama dag sendi Innnes tölvupóst til (S)viðskstj1: „Var nokkuð kominn skriður á þetta mál varðandi Conagra frá USA?“. (S)viðskstj1 svaraði Innnes; „eins og ég sagði við þig um daginn reiknum við með því að fá tilkynningar um hækkanir frá USA (APL), það reyndist rétt og er [(S)frkvstj-N-Am] nú að vinna í að ná þessari hækkun til baka – hann á von á því að það verði komin niðurstaða úr því fljótlega eftir páska – um leið og þetta liggur fyrir gef ég þér verð. Annað varðandi rúsíurnar þá er [(S)frkvstj-N-Am] að skoða það og eins og með ofangreint þá er niðurstaðan há[ð] þeim samningum sem er verið að vinna í.“³⁶⁷⁵

³⁶⁷⁰ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.804049.

³⁶⁷¹ Afritaður tölvupóstur frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.34.117037.

³⁶⁷² Afritaður tölvupóstur frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.672357.

³⁶⁷³ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.804163.

³⁶⁷⁴ Afritaðir tölvupóstar frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.806436.

³⁶⁷⁵ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.806501.



7478. Þann 30. mars 2010 ítrekaði Innnes beiðni sína um tilboð. Sendi Innnes þannig á ný tölvupóst til (S)viðskstj1 og spurði: „Er nokkuð að fréttu af þessu máli varðandi Conagra?“. Framsendi (S)viðskstj1 tölvupóstinn strax til (S)forstö-innfl1 og (S)frkvstj-N-Am með skilaboðunum:

„*sælir, þurfum að svara e-h varðandi Conagra fljótlega – biðum aðeins með að svara v. ísam*“.³⁶⁷⁶

7479. (S)viðskstj1 svaraði Innnes stuttu síðar: „*Sæll var ekki búinn að heyra í [(S)frkvstj-N-Am] hvort eða hvenær fundurinn með APL verður – en ég sendi fyrirspurn á hann. Er ekki við í dag (er í próflestri) en verð kominn á morgun í vinnu aftur (er með tölvuna opna) heyri kannski í þér þá (væntanlega heyri ég e-h frá [(S)frkvstj-N-Am] í dag)*“.³⁶⁷⁷

7480. Tæpum tveimur klukkustundum síðar sendi (S)frkvstj-N-Am tölvupóst til (S)viðskstj1 varðandi Conagra þar sem sagði:

„*Viltu að ég farai aftur í APL og fá staðfest eða ertu að stolla þessu út í eitt, hverju á ég að svara með fundinn, er hann búinn eða hvað?*“³⁶⁷⁸

7481. Hér ber að hafa í huga að (S)viðskstj1 og (S)forstö-innfl1 höfðu fengið senda frá (S)frkvstj-N-Am þann 4. mars 2010 verð vegna þessara flutninga fyrir Innnes. Þar kom jafnframt fram fyrirhuguð hækkun APL. Þann 17. mars 2010 átti (S)frkvstj-N-Am síðan fund með APL þar sem samið var um endanlega verðhækkun.³⁶⁷⁹ Af framangreindum gögnum má ráða að Samskip hafi dregið það vísvitandi að svara ósk Innnes um verðtilboðið. Þessi gögn og eftirfarandi umfjöllun sýnir að það átti að „*stolla*“ þessari beiðni Innnes „*út í eitt.*“ Fæst ekki annað séð en að sú skýring sem (S)viðskstj1 gaf Innnes um að tafir á verðtilboði Samskipa skýrðust af bið eftir fundi með APL, sbr. svar hans til Innnes í tölvupósti 30. mars 2010, hafi verið röng og sett fram í blekkingarskyni, sbr. síðan svar (S)frkvstj-N-Am: „*hverju á ég að svara [Innnes] með fundinn, er hann búinn eða hvað?*“

7482. Í ólögmetu samráði ríkir ekki nauðsynlega og ávallt traust á milli þátttakenda. Á þessum tíma var Eimskip annars vegar að reyna að hækka verð gagnvart Innnes og Samskip gagnvart ÍSAM. Telja verður að tillaga (S)viðskstj1 um að bíða með að svara Innnes „*v. ísam*“ vísi til þess að Innnes yrði ekki gefið endanlegt svar fyrr en ljóst væri að Samskipum tækist það ætlunarverk sitt að hækka verð gagnvart ÍSAM. Ein helsta forsenda þessa var að Eimskip myndi ekki bjóða ÍSAM betri kjör. Með öðrum orðum virðist (S)viðskstj1 hafa lagt til að beðið yrði með lokasvar til Innnes þar til ljóst væri að Eimskip myndi virða „*friðinn*“.

7483. Þann 16. apríl 2010 hafði (S)viðskstj1 ekki enn svarað Innnes, en þann dag rak Innnes enn og aftur eftir því að fá tilboðsverð frá Samskipum í flutninga vegna Conagra: „*Sælir, Hvað getur þú sagt mér af þessu máli?*“.³⁶⁸⁰ Sama dag sendi Innnes tölvupóst til (S)viðskstj1 varðandi innflutninginn á rúsínunum: „*Er nokkuð að gerast í þessu máli fyrir mig?*“. (S)viðskstj1 svaraði stuttu síðar: „*Sæll [Innnes] eins og svo oft áður þá er boltinn hjá mér – vonast til að geta svarað þér strax eftir helgi – nýju verðin líta amk aðeins betur út við fyrstu sýn – ath það kom almenn hækkun á okkur 1.4. sl. sem hækkar núverandi verð (erum að vinna það saman þ.e. [(S)frkvstj-N-Am] og ég)*“.³⁶⁸¹

7484. Dagana 19. og 20. apríl 2010 vann (S)viðskstj1 að gerð verðtilboðs til Innnes.³⁶⁸² Í svari við tölvupósti frá (S)frkvstj-N-Am til (S)viðskstj1 þann 19. apríl 2010 kemur m.a. eftirfarandi fram varðandi verðtilboð Samskipa til Innnes: „*Eins og ég hef áður bent á þá verða allflestar flutningstölur og samningar til hjá ykkur og eða þær/þeir bornar undir ykkur ef unnar af okkur. Ýmsar ástæður geta legið að baki flutningstilboða sem endurspeglar að lokum útsöluverðið og ekki allaf öllum skýrt*

³⁶⁷⁶ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.807727.

³⁶⁷⁷ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...]

³⁶⁷⁸ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...]

³⁶⁷⁹ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.806161.

³⁶⁸⁰ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...]

³⁶⁸¹ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...]

³⁶⁸² Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.809730. Afritað tölvuskjal frá Samskipum. „*Verð frá USA apríl 2010.xlsx*“. Viðhengi við afritaðan tölvupóst frá Samskipum. [...] Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...]



og hvernig Hf. verðleggur legginn Rottedam-Reykjavík er ykkar hugmyndfræði sem sjálfsagt endurspeglast af framboði og eftirspurn frekar en af raunverulegum kostnaði.³⁶⁸³

7485. Þann 21. apríl 2010 sendi (S)viðskstj1 tölvupóst til (S)frkvstj-N-Am með heitinu „Re: Innnes ex Conagra“: „Sæll [(S)frkvstj-N-Am] eru þessi verð gild – þ.e. hækkun um 600 USD hefur lagst við?“ Var hann þar að vísa í tölvupóst frá (S)frkvstj-N-Am frá 4. mars 2010, þ.e. þegar (S)viðskstj1 fékk verðin í flutningana fyrir Innnes en ákvað samt að draga að svara Innnes. (S)frkvstj-N-Am svaraði sama dag: „þar sem þessi verð voru ekki skráð enda ekki samþykkt, verð ég að fara í þá aftur og biðja um endurnýjað tilboð.“³⁶⁸⁴
7486. Þann 22. apríl 2010 sendi (S)viðskstj1 tölvupóst til (S)frkvstj-N-Am og (S)starfsm; „meðfylgjandi er skjalið með þeim verðum sem ég bauð [Innnes] fyrir hveitið og rúsínurnar (ath 2 flipar) – ég ætla að hitta hann í næstu viku og fá það beint í æð hvernig verðin líta út og ef þarf þá höfum við við BAF til að leika okkur aðeins með ef ég finn að við erum að skjóta yfir markið. Eins og ég sagði [(S)starfsm] þá eru \$ 300 ykkar inn í sjófragt / BAF þannig að í raun ef þið eruð komnir með nett verð frá APL þá þarf aðeins að skella þeim inni E dálkinn og þá uppfærast verðið í flipa 2 [...] held ykkur upplýstum um stöðu mála“.³⁶⁸⁵
7487. Þann 29. apríl 2010 sendi (S)viðskstj1 tölvupóst til Innnes (afrit til (S)frkvstj-N-Am og (S)starfsm) með tilboðsverði í flutninga á 40 feta gámi frá Conagra. Var verðið fyrir flutninginn 799.236 kr. (þar af var flutningsgjaldið 4.700 USD). Innnes svaraði tilboði Samskipa þann 4. maí 2010:
- „Komdu sæll, það er eins og mig minni að á fundi okkar og [(S)frkvstj-N-Am] að þá hafi komið fram að varan frá Conagra er afgreidd FOB Richmond Virginia. Á sama fundi kom upp sú hugmynd að þetta yrði tekið í gegnum t.d. New York sem er ekki ósvipuð vegalend frá York og til Richmond ef ég man rétt, og því spurning að skoða þetta út frá þeirri hlið. Verðið sem ég hef hér fyrir neðan er svo hátt að það væri aldrei grundvöllur að stunda innflutning frá USA á þessum forsendum.“
7488. (S)frkvstj-N-Am áframsendi þennan tölvupóst Innnes til (S)viðskstj1 og sagði: „ég geri ráð fyrir að þú svarir þessu.“³⁶⁸⁶
7489. Þegar Samskip sendu loks tilboðið til Innnes mat (S)forstö-innfl1 stöðuna þannig að forsendur væru komnar fyrir undirritun samningsins við ÍSAM, þrátt fyrir að undirritun hafi svo dregist til 27. maí 2010.
7490. Þann 16. júní 2010 gerði Eimskip tilraun til þess að taka sérstaklega upp viðræður við Innnes um landflutninga. Innnes neitaði og vísaði til þess að landflutningaþjónustan hafi verið hluti af heildarflutningasamkomulagi Eimskips og Innnes (sem var útrunnið á þessum tíma) og var vísað til fyrirsvarsmanna Innnes sem séð hefðu um viðræður við Eimskip um tilboð í áframhaldandi heildarflutningasamkomulag milli fyrirtækjanna.³⁶⁸⁷
7491. Tæpum fjórum mánuðum eftir síðustu samskipti milli Samskipa og Innnes eða 30. ágúst 2010 áttu Samskip símafund með Innnes. Í söluskýrslu vegna fundarins segir að (S)viðskstj1 hefði nýlega sent ný verð vegna Norður-Ameríku flutninga en þau hafi verið hærri en verðið sem Eimskip byði. Jafnframt kom fram að Innnes reiknaði með því að setjast niður með Eimskip í október/nóvember og fara yfir samningsmál.³⁶⁸⁸
7492. Hér skal rifjað upp að Samskip voru á þessum tíma búin að ná fram hækkun og endurnýjun á samningi gagnvart ÍSAM, sbr. einnig fyrri umfjöllun um tölvupóst (S)forstö-innfl1 frá 5. mars 2010 og önnur tengd gögn í kafla 14.26. Af framangreindu má ráða að Samskip hafi ákveðið að bíða og

³⁶⁸³ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.809730.

³⁶⁸⁴ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...]

³⁶⁸⁵ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...]

³⁶⁸⁶ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...]

³⁶⁸⁷ Afrituð tölvupóstsamskipti frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.16966.

³⁶⁸⁸ Afhent gögn frá Samskipum. Afhent 22.11.2016, viðauki 10. Söluskýrsla Samskipa vegna Innnes, dags. 30.08.2010.



sjá hvort Eimskip myndi halda „friðinn“ varðandi ÍSAM áður en Samskip gerðu Innnes, viðskiptavini Eimskips, tilboð. Að mati Samkeppniseftirlitsins felur þessi atburðarrás í sér staðfestingu og birtingarmynd á samráði Samskipa og Eimskips.

7493. Í áðurnefndri skýrslu (S)forstö-innfl1 („Markaðsskýrsla Innflutningsdeildar 2011“) frá september 2010 var sem fyrr segir lagt til grundvallar að á árinu 2011 yrði „áframhaldandi ró“ á markaðnum og Eimskip og Samskip „haldi að sér höndum og leggi áherslu á að hækka verð“. Fram kemur einnig að samningur Eimskips við Innnes væri laus. Ekki ætti hins vegar að rjúfa friðinn með því að reyna ná Innnes í viðskipti við Samskip frá Eimskip. Hins vegar ætluðu Samskip að „skoða betur smærrí“ innflytjendur sem voru í viðskiptum hjá Eimskip. Eins og fram hefur komið tók hin ólögmæta markaðsskipting síður til viðskipta smærri fyrirtækja og einstaklinga.
7494. Þann 11. október 2010 hittust (E)frkvstj-sala/þj, (E)forstö-innfl , (S)forstö-innfl1 og (S)frkvstj-millilandasv á fundi, sbr. kafla 14.33. Daginn eftir var fundur (E)forstö-innfl, (E)frkvstj-sala/þj og (E)forstj með Innnes.³⁶⁸⁹
7495. Í söluskýrslu Samskipa frá 15. október 2010 vegna Innnes, kemur fram að samningur Innnes við Eimskip væri þá ennþá opin og að Eimskip hefði ekki tekist að hækka verð svo nokkru næmi. Einnig kom fram að (S)viðskstj1 hefði beðið um að fá að gefa verð í eitthvað af USA fragt sem áður hefði verið hjá Samskipum en hefði færst yfir til Eimskips þegar verð hækkuðu. Einnig óskaði (S)viðskstj1 eftir að skoða einstaka birgja frá Evrópu.³⁶⁹⁰
7496. Þremur dögum síðar eða þann 18. október 2010 sendi Innnes tölvupóst til (S)viðskstj1: „Sælir, Ég sendi þér hér með lista tveggja birgja í USA eins og við ræddum í síðustu viku. Ég ætla jafnframt að senda þér á eftir yfir flutninginn frá Conagra sem er okkar mikilvægasti birgi og með mesta flutninginn frá USA. Mig minnir að [(S)frkvstj-N-Am] hafi skoðað Conagra á einhverjum tímapunkti og ekki getað nálgast ásættanleg verð. Við skulum samt skoða þetta aftur og sjá til, það getur verið að forsendur hafi breyst.“³⁶⁹¹
7497. Stuttu síðar sendi Innnes upplýsingar varðandi Conagra.³⁶⁹² (S)viðskstj1 framsendi tölvupóstinn til (S)frkvstj-N-Am og (S)starfsm: „sælir hitti [Innnes] í síðustu viku og ræddi við hann um að skoða e-h hluta af USA flutningi getur þú / þið vinsamlegast uppfært forflutning m.v. nýjustu APL verðin sjá viðhengi.“³⁶⁹³

14.35.3. „Eigum við að vera „grænlenkir“ á þennan flutning?“

7498. Dagana 2., 8. og 11. nóvember 2010 hittust (E)frkvstj-sala/þj, (E)forstö-innfl , (S)forstö-innfl1 og (S)frkvstj-millilandasv á fundi, sbr. kafla 14.33.
7499. Þann 19. nóvember 2010 ræddi (S)viðskstj1 í síma við viðskiptastjóra Innnes hjá Eimskip, (E)sölustj-innan1. Sendi hann (E)sölustj-innan1 tölvupóst í kjölfarið þar sem vísað er til símtalsins. Er ljóst að félögin ræddu a.m.k. um gám fyrir Nathan & Olsen sem Eimskip hafði flutt en ekki skilað sér til baka til Samskipa.³⁶⁹⁴ (E)forstö-innfl vildi ræða þetta á næsta fundi með Samskipum og samskipti áttu sér stað milli (S)frkvstj-millilandasv og (E)forstö-innfl í desember vegna þessa máls.
7500. Enn frekari töf varð á því að Samskip svöruðu beiðni Innnes um tilboð í flutninga frá Bandaríkjunum. Þann 22. nóvember 2010 sendi (S)viðskstj1 tölvupóst til Innnes: „sæll [Innnes], veit upp á mig skömmina með USA verðin, geng frá því í vikunni fyrir þig :) [...]“.³⁶⁹⁵

³⁶⁸⁹ Afrituð tölvupóstsamskipti frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.570045.

³⁶⁹⁰ Afhent gagn frá Samskipum. Söluskýrsla Samskipa, dags. 15.10.2010.

³⁶⁹¹ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...]

³⁶⁹² Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...]

³⁶⁹³ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...]

³⁶⁹⁴ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.34.93811.

³⁶⁹⁵ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.851942.



7501. Þann 24. nóvember 2010 hittust (E)forstj og (S)frkvstj-N-Am á fundi, sbr. kafla 14.33.8.
7502. (E)forstö-innfl og (E)viðskstj4 áttu fund með Innnes 7. desember 2010 til að ræða flutningsmál.³⁶⁹⁶ Þann 13. janúar 2011 sendi (E)forstö-innfl tölvupóst til (E)frkvstj-sala/bj þar sem fram kom að viðskipti Innnes væru í vinnslu.³⁶⁹⁷
7503. Þann 27. janúar 2011 sendi Innnes tölvupóst til (S)viðskstj1 og óskaði eftir tilboði í tiltekna flutninga. Í honum sagði: „*Enn og aftur langar mig að biðja þig um að gera mér tilboð í flutning á Kaffigámum (40 DC) frá Aarhus með forflutningi frá Jyderup á Sjálandi í vöruhúsi Innnes ehf. í Fossaleyni. Um er að ræða 12-14 gáma á ári. Það væri áhugavert að vita hvort hægt væri að flytja þetta frá Sjælland Odde, en það er ferja þaðan til Aarhus?*“³⁶⁹⁸
7504. (S)viðskstj1 framsendi þennan tölvupóst til (S)forstö-innfl1 þann 31. janúar 2011 og spurði: „*Eigum við að vera „grænlenkir“ á þennan flutning?*“
7505. (S)forstö-innfl1 svaraði sama dag með þessum hætti: „*Nei við skulum bara gefa venjuleg verð í þetta.*“³⁶⁹⁹
7506. Eins fram hefur komið var talað um „grænlenk“ verð hjá Samskipum þegar bjóða átti mjög samkeppnishæft verð til viðskiptavina Eimskip. Skal rifjað upp að áður en „Nýtt upphaf“ verkefnið hófst var rætt um „grænlenka daga“ og „herferð“ þegar til stóð að bjóða mikilvægum viðskiptavinum Eimskips lágt verð með það að markmiði að ná þeim í viðskipti, sbr. kafla 6.7.6.
7507. Í þessari spurningu (S)viðskstj1 til (S)forstö-innfl1 fólst því að hann vildi vita hvort bjóða ætti Innnes það gott verð að möguleiki væri á því að Samskip myndu fá þessi viðskipti. Það vildi (S)forstö-innfl1 ekki. (S)viðskstj1 hafði áður spurt (S)forstö-innfl1 um hið sama, sbr. umfjöllun í kaflam14.33.6.1. Þar spurði (S)viðskstj1 hvort bjóða ætti öðrum viðskiptavinum Eimskips (Takk hreinlæti) „grænlenk verð“. Þá spurði (S)viðskstj1 efnislega um hið sama varðandi mjög mikilvægan viðskiptavin Eimskips, Aðföng. Í kafla 14.27.3 er því þannig lýst að (S)viðskstj1 spurði (S)forstö-innfl1 hvort setja ætti Aðföng, „á verðskrá“. Það að setja Aðföng „á verðskrá“ fól í raun í sér yfirlýsingu um að Samskip hefðu ekki áhuga á viðskiptum við það fyrirtæki (Hefur (S)forstö-innfl1 lýst því sem „full gróft“ að bjóða upp á „verðskrá“ verð fyrir þjónustu Samskipa).³⁷⁰⁰ Var það og niðurstaðan. Var þar rökstutt að spurning (S)viðskstj1 vegna Aðfanga endurspegladi að honum hefðu verið minnisstæð fyrri fyrirmæli eða útskýringar (S)forstö-innfl1 um að ekki mætti „hræra í“ slíkum viðskiptavinum Eimskips til þess að spilla ekki fyrir möguleikum Samskipa að hækka verð gagnvart eigin mikilvægum viðskiptavinum.
7508. Sem fyrr segir vissi (S)forstö-innfl1 að Eimskip ætlaði sér að hækka verð gagnvart Innnes. Er það í samræmi við gögn frá Eimskip sem sýna að fyrirtækið stefndi að því að hækka bæði innflutnings- og landflutningaverð hjá Innnes.
7509. Að mati Samkeppniseftirlitsins fela framangreind samskipti (S)viðskstj1 og (S)forstö-innfl1 í janúar 2011 því í sér staðfestingu á ólögumætri markaðaskiptingu Samskipa og Eimskips á þessum tíma. Gögn frá Eimskip styðja þetta. Líkt og Samskip gat Eimskip sökum samráðsins komist upp með að hækka verð gagnvart mikilvægum viðskiptavinum. Þurfti Eimskip ekki að óttast að Samskip myndu bjóða „grænlenk“ verð sem gert hefði Eimskip erfiðara að reyna að ná fram „mikill“/„umtalsverðr“ hækkan gagnvart Innnes og öðrum viðskiptavinum.

³⁶⁹⁶ Afrituð dagbókarfærsla frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.34.93817.

³⁶⁹⁷ Afritaður tölvupóstur frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.34.96905.

³⁶⁹⁸ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.850665.

³⁶⁹⁹ Afrituð tölvupóstsamskipti frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.850665.

³⁷⁰⁰ Í maí 2011 var [...] greint frá því að bjóða ætti tilteknum viðskiptavinum „full price“. Hann svaraði og sagði að fyrirtækið væri nánast í engum viðskiptum við Samskip en hann og aðrir yfirmenn þekktu forstjóra þess. Einnig sagði hann: „Gjaldskrá er full gróft“ og mælti fyrir um verðlækkun til handa umræddu fyrirtæki: Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. Milli [...], dags. 11.05.2011, kl. 13:51, 13:48, 13:45 og 13:15.



14.35.4. Eimskip heldur Innnes og hækkar verð

7510. Þann 3. febrúar 2011 sendi Innnes tölvupóst til (S)viðskstj1: „Er það möguleiki að þú hafir aldrei sent mér upplýsingar um flutninginn á grillkolunum frá Monterey, TN 38574, USA og hingað heim sem við vorum að skoða í nóvember? A.m.k. finn ég ekki tilboðið.“³⁷⁰¹
7511. Daginn eftir (4. febrúar 2011) sendi Innnes annan tölvupóst til (S)viðskstj1: „Við vorum að ræða það aðeins í gærkveldi [Innnes] og ég hvort ekki væri hægt að taka þetta með lest styðstu leið til hafna á austurströndinni og sigla með þetta í gegnum Evrópur. Eins og þú getur ímyndað þér þá er forflutningurinn í USA að gera útaf við innflutning til landsins, allar vegalengdir telja í hundruðum og þúsundum kílómetra. Áttu ekki til gögn yfir þær hafnir sem þið hafið aðgang að á austurströndinni.“
7512. (S)viðskstj1 framsendi tölvupóst frá Innnes til (S)forstö-innfl1 með þessum skilaboðum: „Innnes er að bidja um verð sem ekki var adur spurn hvort eiman er ad pina verðin upp - forum yfir malid hefur [(S)frkvstj-millilandasv] heyrnt I [Húsamiðjunni]?“
7513. (S)forstö-innfl1 svaraði: „Sælir Við skulum bíða með að svara Innnes þar til eftir fundinn með Húsa á eftir.“³⁷⁰²
7514. Hér skal haft í huga að samningur Samskipa við Húsasmiðjuna var laus á þessum tíma og unnu Samskip að því að hækka verð gagnvart þessum mikilvæga viðskiptavini. Að mati Samkeppniseftirlitsins eru atvik tengd Húsasmiðjunni í samræmi við markaðsskiptingu Samskipa við Eimskip, sjá nánar umfjöllun í kafla 14.34. Með hliðsjón af öðrum gögnum málsins telur Samkeppniseftirlitið að í framangreindum tölvupósti (S)forstö-innfl1 til (S)viðskstj1 (4. febrúar 2011) sé hann að gefa þau fyrirmæli til undirmanns síns að bíða og sjá hvort Eimskip héldi „friðinn“ um Húsasmiðjuna. Ekki ætti að reyna að ná viðskiptum Innnes af Eimskip ef Eimskip myndi láta Húsasmiðjuna, mikilvægan viðskiptavin Samskipa, í friði. Hér skal haft í huga að tveimur vikum síðar skrifuðu Samskip og Húsasmiðjan undir flutningasamkomulag, 18. febrúar 2011, sem fól í sér verðhækkun. „Friðurinn“ hélst, og Samskip gerðu því ekki atögu að því að taka heildarflutningaviðskipti Innnes frá Eimskip.
7515. Stuttu síðar, nánar tiltekið þann 22. febrúar 2011, áttu (E)forstö-innfl og (E)sölustj-innanl1 í tölvupóstsamskiptum sín á milli vegna Innnes og landflutningasamnings Eimskips við fyrirtækið. Kemur þar fram að Eimskip þurfi að „breyta samningnum og hækka hann.“³⁷⁰³
7516. Gögn málsins sýna að (S)viðskstj1 og (S)forstö-innfl1 áttu fund með Innnes þann 25. febrúar 2011.³⁷⁰⁴
7517. Eimskip hélt einnig áfram áformum um að hækka verð gagnvart Innnes vegna sjóflutninga. Þannig var verkefnið „Hækkun á samningi Innnes“ m.a. að finna á verkefnalista í fundargerð fundar (E)frkvstj-sala/þj og (E)forstö-innfl í viku 9 – 2011 (28. febrúar til 6. mars 2011). Voru áætluð lok þess verkefnis 31. mars 2011.³⁷⁰⁵ Þá vistaði (E)forstö-innfl skjal með heitinu „innnes ný verð 2011“ þann 10. mars 2011.³⁷⁰⁶ Þann 23. mars 2011 sendi (E)viðskstj3 tölvupóst til (E)forstö-innfl: „Sjá hér skjöl vegna Innnes, þú lætur mig vita hvenær þú vilt setjast yfir þetta.“ Meðfylgjandi var hlekkur á tvö skjöl: „Samanburður“ og „Uppreiknuð verð“.³⁷⁰⁷

³⁷⁰¹ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.851942.

³⁷⁰² Afrituð tölvupóstsamskipti frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.851942.

³⁷⁰³ Afritaður tölvupóstur frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.34.101116.

³⁷⁰⁴ Afrituð dagbókarfærsla frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.856064.

³⁷⁰⁵ Afritað tölvuskjal frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.192200.

³⁷⁰⁶ Afritað tölvuskjal frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.86194.

³⁷⁰⁷ Afritaður tölvupóstur frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.34.104022.



7518. Í fundargerð Flytjanda frá 8. mars 2011 sagði: „*Innnes, samningur er laus, erum að setja upp nýjan samning sem við munum leggja fyrir þá fljótlega. Samningur hækkaði síðast í lok árs 2008, hækkunarþörf síðan er 16,4% skv. flutningavísitölu Eimskips Flytjanda.*“³⁷⁰⁸
7519. Þann 14. mars 2011 sendi (E)forstö-landfl1 tölvupóst til (E)forstö-innfl með heitinu „*Innnes samningur*“. Í honum sagði:
- „*Við (E)sölustj-innanl1 erum að fara á fund með Innnes vegna innanlandsflutninga. Verðin þurfa að hækka umtalsvert til þess að vera í línu við annað sem við erum að gera. Við gerum þá sérsamning um innanlandsflutningana. Vildi bara láta þig vita.*“³⁷⁰⁹
7520. Daginn eftir sendi (E)forstö-landfl1 tölvupóst til (E)forstö-innfl og greindi frá fundinum með Innnes:
- „*Það gekk ágætlega og við skýrðum ástæður fyrir þessari miklu hækkun sem við erum að boða. Það verður tekist á um þetta næstu daga og við hljótum að ná góðri lendingu með þeim.*“³⁷¹⁰
7521. Þann 14. mars 2011 áttu (S)viðskstj1 og (S)forstö-innfl líkt og Eimskip bókaðan fund með Innnes.³⁷¹¹ Hálfum mánuði síðar sendi (S)viðskstj1 tölvupóst til Innnes 29. mars 2011 þar sem sagði: „*sælir og takk fyrir góðann fund um daginn, voru þið e-h farnir að skoða málin m.t.t. að send okkur e-h gögn?*“³⁷¹² Sendi Innnes gögn til Samskipa með tölvupósti þann 31. mars 2011 og framsendi (S)viðskstj1 tölvupóstinn til (S)forstö-innfl sama dag. (S)forstö-innfl svaraði (S)viðskstj1 þann 4. apríl 2011: „*Ég var fyrst að skoða þetta nákvæmlega núna. Það er áhugavert að sjá hvaða staðir þetta eru. Þetta eru bara þeir staðir þaðan sem þeim finnst forflutningur dýr. [...] Ef við tökum þennan slag með þeim þá þurfum við líka að fá einhvern einn stóran birgja. Spáum í það seinna.*“³⁷¹³
7522. Þann 26. apríl sendi (S)viðskstj1 tölvupóst til Innnes; „*við erum loksins búnir að fá forflutningsverðin í hendurnar og erum að vinna verð fyrir ykkur. Er ekki rétt að þið eruð með c.a. 1000 – 1200 TEU innflutning á ári ?*“ Innnes svaraði: „*Sælir. Jú, það er ca magnið í heildina.*“³⁷¹⁴
7523. (E)forstö-innfl og (E)viðskstj3 áttu fund með Innnes þann 28. apríl 2011³⁷¹⁵ til að boða hækkun á samningi.³⁷¹⁶ Í söluskýrslu Eimskips frá fundinum með Innnes segir eftirfarandi:
- „*We had a meeting and lunch at Innnes ehf. The purpose of the meeting was to inform them that Eimskip likes to renegotiate. (E)forstö-innfl went through argument such as rise in fuel price and exchange rate. In the current contract is clause about adjustment of rate in contract based on fuel price and exchange rate. Based on this clause the contract rate should increas about 15-30 %. It was decided that we will send them draft of new contract rate and negotiation will be finished in May. Innnes ehf bought recently Podium imports ehf which imports wine and are using Samskip both for transport and warehouse service, according to [Innnes] they have a very low transport rate compared with their volume in transport [...].*“³⁷¹⁷
7524. Sendi (E)viðskstj3 síðan samningsdrög til Innnes þann 5. maí 2011.³⁷¹⁸

³⁷⁰⁸ Afritað tölvuskjal frá Eimskip. „*ELT sala – fundargerð 8.mars 2011.docx*“. Viðhengi við afritaðan tölvupóst frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.55020.

³⁷⁰⁹ Afritaður tölvupóstur frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.55331.

³⁷¹⁰ Afritaður tölvupóstur frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.55452.

³⁷¹¹ Afrituð dagbókarfærsla frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.860615.

³⁷¹² Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.865000.

³⁷¹³ Afrituð tölvupóstsamskipti frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.866516.

³⁷¹⁴ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...]

³⁷¹⁵ Afrituð dagbókarfærsla frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.34.105787.

³⁷¹⁶ Afritað tölvuskjal frá Eimskip. „*Fundargerð vika 18 2011.docx*“. Viðhengi við afritaðan tölvupóst frá Eimskip. „*Fundargerð vika 18 2011*“, dags. 09.05.2011, kl. 10:55. Doc. ID. 0.7.34.107199. Í fundargerð innflutningsdeildar Eimskips frá 6. maí 2011 (vika 18) sagði: „*Innnes. [...]Í heimsókn til að boða hækkun á samningi.*“

³⁷¹⁷ Afhent skjal frá Eimskip. Afhent 28.04.2017. Mappa 5, „*Sales_Legal – söluskýrslur_25 stærstu_5_fl*“.

³⁷¹⁸ Afrituð tölvuskjöl frá Eimskip. „*Innnes ehf – Samningsdrög 2011.PDF*“ og „*Viðauki við drög að samning mai 2011.xlsx*“. Viðhengi við afritaðan tölvupóst frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.34.107064.



7525. Í samræmi við framangreinda atburðarás um boðun Eimskips á verðhækkun gagnvart Innnes, var í fundargerð innflutningsdeildar frá 6. maí 2011 kunnert undir liðnum „Innnes“: „(E)viðskstj3 og (E)forstö-innfl í heimsókn til að boða hækkun á samningi.“³⁷¹⁹
7526. Þann 12. maí 2011 sendi (S)viðskstj1 tölvupóst til (S)forstö-innfl1 með tillögu að verði gagnvart Innnes. Miðaði tillagan við hlutdeild Samskipa í flutningum Innnes, n.t.t. 20%, 40% og 70% hlutdeild. Jafnframt var þar að finna samanburð við verð N&O, ÍSAM, OJK, Garra og Nóa Siríus.³⁷²⁰
7527. Þann 17. maí 2011 sendi (S)viðskstj1 tölvupóst til Innnes með tilboði í flutninga frá USA þar sem sagði: „við höfum farið yfir upplýsingarnar frá ykkur og þær staðsetningar sem þið óskuðu eftir verðum frá, Okkur reiknast að þetta sé 10-15 % af ykkar heildar innflutningi. Ef þið áhugi er fyrir hendi af ykkar hendi að Samskip fengji stærra hlutdeild í ykkar heildarmagni þá munum við að sjálfsögðu endurskoða neðangreind verð í samræmi við aukið magn. [...]“.³⁷²¹
7528. Í fundargerð frá fundi innflutningsdeildar Eimskips 20. maí 2011 er fjallað um „talsverðar“ hækkunar gagnvart Innnes frá og með 1. júní 2011. Þannig er þar eftirfarandi haft eftir (E)sölustj-innan1 viðskiptastjóra Eimskips: „Búin að reyna lengi að fá Innnes í samningaviðræður en [Innnes] hefur ekki fengist til viðræðna. Mun því senda þeim mail og tilkynna talsverða hækkun frá og með 1. Júní.“³⁷²²
7529. Hækkun á verði Innnes var áfram meðal verkefna (E)forstö-innfl en búið var að fresta áætluðum lokum á því verkefni til 31. maí 2011.³⁷²³ Þann 16. maí 2011 sendi (E)viðskstj3 tölvupóst til (E)forstö-innfl með hlekk á útreikninga vegna Innnes³⁷²⁴ en (E)forstö-innfl átti fund með Innnes þann 17. maí 2011.³⁷²⁵ Eftir fundinn vistaði (E)forstö-innfl skjal þar sem mátti finna samanburð á gildandi verði gagnvart Innnes og tillögu að nýju verði. Í skjalinu var gert ráð fyrir að verð myndi hækka 1. júní 2011 um 18,7% og aftur 1. janúar 2012 en samtals hækkun frá gildandi verði væri þá 24%.³⁷²⁶
7530. Í fundargerð frá fundi innflutningsdeildar Eimskips frá 6. júní 2011 er eftirfarandi haft eftir (E)sölustj-innan1 um Innnes: „Hittu [...] Innnes og lögðu fram nýtt tilboð til þeirra en þeir lögðu strax fram gagntilboð til okkar. Þarf að skoða.“³⁷²⁷
7531. (E)forstö-innfl og (E)viðskstj3 áttu fund með Innnes þann 15. júní 2011.³⁷²⁸ Í söluskýrslu Eimskips frá fundinum segir: „Went to a meeting to discuss the contract . We explaint the total effect of the cbm LCL OF rate but now they only pay pr weight. We also discussed new charges in the contract, SECI and ISPS and what it means in the total rate. They ask for lower 40 ft rate which we can't accept. They will look into and answer before 24th of June“³⁷²⁹
7532. Þann 20. júní 2011 sendi (E)forstö-innfl tölvupóst til (E)frkvstj-sala/bj varðandi mögulegar auknar tekjur þar sem fram kom að verði væri að hækka verð gagnvart Innnes en ekki hefði enn náðst í land með þá verðhækkun.³⁷³⁰
7533. Þann 21. júní 2011 sendi Innnes tölvupóst til (E)viðskstj3 og óskaði eftir upplýsingum um hvað myndi breytast við innflutninginn frá USA ef nýr samningur yrði að veruleika. (E)viðskstj3 svaraði

³⁷¹⁹ Afritað tölvuskjal frá Eimskip. „Fundargerð innflutningsdeildar 6. maí 2011“. Vistuð á sameiginlegu tölvudrifi Eimskips.

³⁷²⁰ Afritað tölvuskjal frá Samskip. „Innnes verð maí 2011.xlsx“. Viðhengi við afritaðan tölvupóst frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.877116.

³⁷²¹ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.878280.

³⁷²² Afritað tölvuskjal frá Eimskip. „Fundargerð innflutningsdeildar 20.05.2011“. Fannst vistuð á sameiginlegu drifi Eimskips.

³⁷²³ Afritað tölvuskjal frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.34.107938. Sjá einnig fundargerð vegna viku 23. Afritað tölvuskjal frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.76566.

³⁷²⁴ Afritaður tölvupóstur frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.34.107795.

³⁷²⁵ Afrituð dagbókarfærsla frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.34.107934.

³⁷²⁶ Afritað tölvuskjal frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.71751.

³⁷²⁷ Afritað tölvuskjal frá Eimskip. „Fundargerð innflutningsdeildar 6. júní 2011“. Vistuð á sameiginlegu tölvudrifi Eimskips.

³⁷²⁸ Afrituð dagbókarfærsla frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.34.110195.

³⁷²⁹ Afhent skjal frá Eimskip. Afhent 28.04.2017. Mappa 4. „Sales_Legal – söluskýrslur_25 stærstu_5_fl“, lína 337.

³⁷³⁰ Afrituð tölvupóstsamskipti frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.34.110515.



samdægurs að öryggisgjöld (ISPS og SECI gjöld) myndu bætast við. Þá hefði Eimskip ekki verið að rukka fyrir auka reikninga í tollskýrslu.³⁷³¹

7534. Þann 30. júní 2011 sendi Innnes tölvupóst til (E)forstö-innfl. Meðfylgjandi voru samningsdrög Eimskips með breytingartillögum sem settar voru fram af hálfu Innnes. Var m.a. um að ræða lækkun á sjófrakt vegna flutninga á hveiti frá Bandaríkjunum. Þá var Eimskip gert erfiðara að hækka fyrirvaralaust gjöld gagnvart Innnes án samþykkis fyrirtækisins.³⁷³²
7535. Daginn eftir (1. júlí 2010) vann (E)forstö-innfl við samningsdrögin við Innnes.³⁷³³ (E)forstö-innfl hitti svo Innnes á fundi þann 4. júlí 2011.³⁷³⁴ Eftir fundinn vistaði (E)forstö-innfl samningsdrög.³⁷³⁵ Í kjölfarið sendi (E)forstö-innfl ný samningsdrög til Innnes³⁷³⁶ er hann taldi vera nálægt endanlegu samkomulagi.³⁷³⁷
7536. Í glærुकynningu hjá Eimskip þann 5. júlí 2011 voru stjórnendur fyrirtækisins auðsýnilega orðnir vissir um að ná fram umtalsverðri verðhækkun (18%-24%) gagnvart Innnes. Í glæru sem bar yfirskriftina „Summary Sales and services 5.07.2011“ segir:
- „Working on new contract with Innnes (18%-24%)“³⁷³⁸
7537. (E)forstö-flutnmið og (E)viðskstj3 áttu á ný fund með Innnes þann 14. september 2011.³⁷³⁹ Sama dag sendi (E)viðskstj3 útreikninga á sjóflutningi LCL ásamt öryggisgjaldi og afgreiðslugjaldi til Innnes.³⁷⁴⁰ (E)forstö-flutnmið sendi tölvupóst til Innnes til að ýta við málinu þann 19. september 2011.³⁷⁴¹
7538. Þann 21. september 2011 sendi (E)forstö-flutnmið svo tölvupóst til (E)frkvstj-sala/þj. Meðfylgjandi var skjal sem bar heitið „Útreikningur hækkun Innnes sept 2011“. Gerði hann þar ráð fyrir að gjöld vegna innflutnings Innnes frá Evrópu myndu hækka um 20,5% við gerð samningsins og frekari hækkun yrði svo 31. mars 2012. Þá gerði hann ráð fyrir að hækkun vegna USA flutnings myndi verða undir 10%.³⁷⁴²
7539. Verkefnið „Hækkun á samningi Innnes“ var áfram á verkefnalista í fundargerðum funda (E)frkvstj-sala/þj og (E)forstö-flutnmið fram á haustið, en í viku 39 voru áætluð lok þess verkefnis 26. september 2011. Voru það (E)forstö-flutnmið og (E)frkvstj-sala/þj sem báru ábyrgð á því skv. verkefnalistanum.³⁷⁴³
7540. Eimskip og Innnes skrifuðu loks undir heildarflutningasamning þann 26. september 2011.³⁷⁴⁴ Í fundargerð innflutningsdeildar sagði: „Tók tíma, engu að síður flottur áfangi!“³⁷⁴⁵ Samningurinn gildi

³⁷³¹ Afrituð tölvupóstsamskipti frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.34.110701.

³⁷³² Afritað tölvuskjal frá Eimskip. „06 29 2011 Eimskip samningsdrög.docx“. Viðhengi við afritaðan tölvupóst frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.34.111258.

³⁷³³ Afrituð tölvuskjal frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.81975. „Innnes ehf flutningasamningur 2011 Drög Eimskip með tillögum Innnes frá 29.06.2011.docx“, vistað 01.07.2011, kl. 11:52. Doc. ID. 0.7.33.71282.

³⁷³⁴ Afrituð dagbókarfærsla frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.34.111382.

³⁷³⁵ Afritað tölvuskjal frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.67388.

³⁷³⁶ Afrituð tölvuskjal frá Eimskip. „06 29 2011 Eimskip samningsdrög breytingar 4.7.2011.docx“ og „Innnes ehf flutningasamningur 2011.docx“. Viðhengi við afritaðan tölvupóst frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.34.111481.

³⁷³⁷ Afrituð tölvupóstsamskipti frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.34.111744.

³⁷³⁸ Afritað tölvuskjal frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.188101.

³⁷³⁹ Afrituð dagbókarfærsla frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.34.116184.

³⁷⁴⁰ Afritaður tölvupóstur frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.34.116324.

³⁷⁴¹ Afritaður tölvupóstur frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.34.116745.

³⁷⁴² Afritað tölvuskjal frá Eimskip. „Útreikningur hækkun Innnes sept 2011.xlsx“. Viðhengi við afritaðan tölvupóst frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.34.117001.

³⁷⁴³ Afritað tölvuskjal frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.82741.

³⁷⁴⁴ Afhent skjal frá Eimskip. Afhent 19.02.2016, fskj. 5, Samningar G-K. „Samningur um flutningaþjónustu Innflutningur“ dags. 26.09.2011.

³⁷⁴⁵ Afritað tölvuskjal frá Eimskip. „IMP_Fundargerð 2011_Vika 39.docx“. Viðhengi við afritaðan tölvupóst frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.830119.



til 31. mars 2013, eftir það framlengdist samningurinn sjálfkrafa ótímabundið en með þriggja mánaða uppsagnarfresti.

7541. Samkvæmt glærुकynningu (E)frkvstj-sala/þj frá 11. október 2011 nam verðhækkun gagnvart Innnes 20,5%, auk þess sem hækkun átti að eiga sér stað í mars 2012, þannig að samtals hækkun yrði 25,3%.³⁷⁴⁶
7542. Í rekstraráætlun Samskipa fyrir árið 2012 (útbúin haustið 2011) sagði m.a. eftirfarandi um Innnes:
- „Innnes eru enn með lausan samning við Eimskip, en ekki er gert ráð fyrir neinum breytingum er varðar þeirra flutninga. [...] Megin áherslur verða að halda núverandi viðskiptavinum en jafnframt að vinna í að taka magn frá smærri viðskiptavinum sem eru hjá samkeppnisaðilum.“*
7543. Eins og fram kemur í framangreindri rekstraráætlun Samskipa átti ekki að reyna að ná Innnes í viðskipti. Í þessu samhengi ber að hafa í huga fund sem haldinn var hjá Eimskip um miðjan maí 2011. (E)frkvstj-sala/þj og (E)forstö-innfl sátu þennan fund. Samkvæmt fundargerð/verkefnalista var „Hækkun á samningi Innnes“ eitt af þeim verkefnum sem upp eru talin í fundargerðinni og á ábyrgð (E)frkvstj-sala/þj og (E)forstö-innfl. Þetta skal sett í samhengi við fyrrgreind gögn Samskipa, þar sem á þessum tíma er í gögnum Samskipa vísað í áframhaldandi ró á innflutningsmarkaði, skipafélögin haldi að sér höndum og hækki eða haldi uppi verði. Þessi stefna birtist m.a. í því að Samskip lögðu til grundvallar í rekstraráætlun sinni að reyna ekki með samkeppnisaðgerðum að ná Innnes til sín í viðskipti. Það skapaði kjöraðstæður fyrir Eimskip að hækka verð gagnvart Innnes.

14.35.5. Samantekt

7544. Innnes var á rannsóknartímabilinu mikilvægur viðskiptavinur Eimskips. Eimskip og Innnes höfðu haft flutningasamkomulag frá árinu 2005. Árið 2008 gerði Eimskip viðauka við flutningasamkomulagið við Innnes sem fól í sér verðhækkanir ásamt því að gildistími samkomulagsins var framlengdur út árið 2009.
7545. Innnes var óánægt með verðhækkanir af hálfu Eimskips og sýna gögn málsins að fyrirtækið leitaði til Samskipa um tilboð í flutninga. Samningur Eimskips og Innnes rann út í lok árs 2009. Þrátt fyrir óánægju Innnes og tilboðsumleitan fyrirtækisins gerðu Samskip, í áætlunum sínum fyrir árið 2010, ekki ráð fyrir því að sækja á og ná heildarviðskiptum Innnes frá Eimskip. Lítil áhugi Samskipa á viðskiptum við Innnes birtist einnig í framkvæmd. Skiptir þar máli að árið 2010 var ÍSAM, annar mikilvægur viðskiptavinur í innflutningi, með lausan heildarflutningasamning hjá Samskipum. Atvik málsins sýna að skipafyrirtækin héldu „friðinn“ um þessa tvo mikilvægu viðskiptavini, þ.e. Samskip héldu ÍSAM og Eimskip hélt Innnes, og í báðum tilvikum með hækkunum á verði gagnvart viðskiptavinunum. Endurspeglar þessi atvik ólögmeða markaðsskiptingu Samskipa og Eimskips sem fólst í að keppa ekki um stærri viðskiptavini hvors annars. Er þetta í samræmi við viðurkenningu Eimskips í sáttinni við Samkeppniseftirlitið.
7546. Aðgerðarleysi Samskipa gagnvart Innnes birtist skýrlega í samskiptagögnum Samskipa, þar sem Samskip vísitandi töfðu það að veita Innnes svör um tilboðsverð, þar til ljóst yrði að Eimskip myndi standa við markaðsskiptinguna vegna ÍSAM. Jafnvel eru fyrirbyggjandi vísbendingar um að Samskip hafi sett fram blekkingar í samskiptum fyrirtækisins við Innnes. Rennir framangreint stöðum undir ásetning og einbeittan vilja Samskipa við framkvæmd brotanna.
7547. Flutningasamkomulag Eimskips og Innnes var ennþá laust í byrjun árs 2011. Atvik árið 2011 sýna áframhaldandi markaðsskiptingu vegna Innnes, en þá gaf æðsti stjórnandi innflutningsdeildar Samskipa ((S)forstö-innfl1) þau fyrirmæli til undirmanna sinna að gefa Innnes ekki samkeppnishæft verð í flutninga (ekki vera „grænlenkir“ heldur gefa Innnes „venjuleg verð“). Þá má sjá Samskip, líkt og árið 2010 með ÍSAM, bíða og draga að svara tilboðsumleitan Innnes árið 2011, þar sem

³⁷⁴⁶ Afritað tölvuskjal frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.187831.



flutningasamningur Samskipa við Húsasmiðjuna var laus á sama tíma. Líkt og með áður nefnd atvik árið 2010, þá hélt Eimskip „friðinn“ um Húsasmiðjuna og sótti ekki fram til að ná þeim viðskiptum af Samskipum. Í samræmi við markaðsskiptinguna gerðu Samskip á móti ekki atlögu að Innnes. „Friðurinn“ hélst og hækkuðu Eimskip og Samskip verð gagnvart báðum þessum mikilvægu viðskiptavinum. Samskip héldu því árið 2011 uppteknum hætti og reyndu ekki með samkeppnisaðgerðum að ná Innnes til sín í viðskipti. Skapaði það kjöraðstæður fyrir Eimskip að hækka verð gagnvart Innnes.

7548. Eimskip hélt áfram árið 2011 að vinna að hækkun á verði gagnvart Innnes (hækka verð „umtalsvert“). Endurnýjaði Eimskip síðan flutningasamkomulag við Innnes sem gildi frá september 2011 til mars 2013. Í þessum hækunarfasa Eimskips er ekki að greina ótta eða óvissu um hugsanlegar aðgerðir Samskipa, helsta keppinautar Eimskips. Er það í samræmi við samþímagögn frá Samskipum frá þessum tíma, þ.e. um „áframhaldandi“ ró á innflutningsmarkaði. Skipafyrirtækin ákváðu að halda að sér höndum og hækka eða halda uppi verði.
7549. Þegar framangreind gögn eru virt sem heild og hegðun fyrirtækjanna á þessu tímabili er borin saman við tímamál áður en aukið samráð hófst um mitt ár 2008 og tímamál eftir að fyrirtækin drógu úr samráðinu árið 2013 er það niðurstaða Samkeppniseftirlitsins að framangreind atvik séu til vitnis um að samfellt samráð Samskipa við Eimskip var fyrir hendi á þessum tíma.
7550. Rétt er að taka fram að markaðsskiptingunni gagnvart Innnes var fram haldið árin 2012 og 2013, sbr. nánari umfjöllun hér á eftir.
7551. Í mgr. 1198 og áfram í athugasemdum Samskipa við AII er fjallað um framangreind atvik. Staðfesta Samskip að hafa dregið að svara Innnes vegna ÍSAM en telja það hins vegar fullkomlega eðlilegt að fyrirtækið hefði fyrst viljað loka samningnum við ÍSAM áður en boðið yrði í flutninga Innnes. Samskip hefðu lært það af biturri reynslu að næðust viðskipti við stóran viðskiptavin frá Eimskip væri næsta víst að Eimskip myndi svara fyrir sig með því að ná í annan jafn stóran eða stærri viðskiptavin frá Samskipum á lægra verði. Að mati Samskipa verði að hafa í huga að ÍSAM hafi verið einn allra stærsti viðskiptavinur Samskipa en Innnes hafi einungis verið að leita eftir verði í flutning á takmörðum hluta innflutnings frá Bandaríkjunum. Nánar er fjallað um athugasemdir Samskipa í kafla 26.35. Eins og þar er rökstutt getur Samkeppniseftirlitið ekki fallist á þær athugasemdir.

14.36. Alcoa, Alcan, Elkem og Norðurál

7552. Í þessum kafla verður fjallað um atvik á árunum 2009–2011 sem varða hið samfellda samráð Samskipa og Eimskips og tengjast viðskiptum fyrirtækjanna við stóriðjurnar Alcoa, Alcan, Elkem og Norðurál. Nauðsynlegt er í upphafi að rifja hér upp tiltekin atvik.

14.36.1. Upprifjun

7553. „Nýtt upphaf“ verkefnið tók bæði til inn- og útflutnings. Samkvæmt glærुकyningunni, sem [\(E\)frkvstj-alþjv](#) vistaði 8. júní 2008 og [\(E\)forstj](#) daginn eftir, ákváðu Samskip og Eimskip að gera „greiningu á skipanýtingum brotið niður á hafnir í inn- og útflutningi“ og meta hagkvæmni þess að „skiptast á slottum“. Einnig hafði verið ákveðið að skoða framleiðslugetu eftir höfnum í útflutningi og ráðagerð um m.a. ólögmetta markaðsskiptingu (skipting eftir höfnum) og ólögmetta takmörkun á framboði (fækkun/minni skip), sbr. kafla 7.5.5.3.
7554. Auk fiskútflytjenda voru stóriðjur afar mikilvægir viðskiptavinir í útflutningi. Þrjár helstu stóriðjuhafnir landsins voru og eru Grundartangi (álver og járnblendiverksmiðja), Straumsvík (álver) og Reyðarfjörður (álver).
7555. Á árinu 2008 var staðan eftirfarandi í sjóflutningum fyrir stóriðjur:
- Í október 2007 undirrituðu Alcoa og Samskip samning til fimm ára um útflutning á áli frá Alcoa á Reyðarfirði til Rotterdam og Immingham. Alcoa var stærsti viðskiptavinur Samskipa í útflutningi.



- Í september 2007 undirrituðu Alcoa og Eimskip samning til fimm ára um innflutning á rafskautum frá Mosjøen í Noregi og útflutning á skautaleifum aftur til Noregs.
- Á Grundartanga var Eimskip með samning við Norðurál og Samskip við Elkem (Járnblendistö). Samningur Samskipa við Elkem gildi til febrúar 2011 og samningur Eimskips við Norðurál til nóvember 2011. Norðurál var stærsti viðskiptavinur Eimskips í útflutningi og Elkem mikilvægur viðskiptavinur Samskipa.
- Í júlí 2008 tók gildi samningur Alcan í Straumsvík við norska skipafélagið Wilson um flutning á áli til Rotterdam en Eimskip hafði annast þá flutninga áður. Í kjölfarið bauð fyrirtækið Thorship upp á almenna flutninga í skipum Wilson sem sigldu milli Straumsvíkur og Rotterdam. Samningur Wilson við Alcan gildi til júlí 2011.

7556. Eins og lýst er ítarlega í köflum 8 og 9 hafði „Nýtt upphaf“ verkefnið m.a. það markmið að takmarka flutningsgetu í áætlunarsiglingum. Það var hins vegar talsverð áskorun að takmarka flutningsframboð og gera breytingar á siglingakerfum á síðari hluta ársins 2008 vegna mismunandi aðstæðna í annars vegar innflutningi og hins vegar útflutningi. Ljóst var að slæmar horfur í efnahagsmálum hér á landi á árinu 2008 myndu leiða til þess að innflutningur færi minnkandi. Hins vegar voru aðstæður aðrar í útflutningi vegna m.a. aukinnar framleiðslu stóriðjuvera. Alcoa hafði hafið framleiðslu á árinu 2007 og var stærst stóriðjuveranna með um 340 þús. tonna framleiðslugetu á ári.

7557. Samskip notuðu sömu skip í almennum innflutningi til landsins og í útflutningi á m.a. áli fyrir Alcoa. Í samskiptum fyrirtækjanna um sumarið og haustið 2008 var fjallað um leiðir til að annars vegar takmarka flutningsgetu í innflutningi og hins vegar verja eftir föngum viðskiptin við Alcoa. Jafnvel kom til skoðunar að Samskip myndu segja hinum nýja samningi við Alcoa upp. Sýna gögnin að settar voru fram hugmyndir um að Samskip og Eimskip myndu leysa úr þessari áskorun með samráði sín á milli. Er því ljóst að viðskiptin við Alcoa voru mikilvægur þáttur í þeim hluta samráðsverkefnisins sem laut að breytingum á siglingakerfum og takmörkun á flutningsgetu.

7558. Meðal samstarfshugmynda sem komu fram var að Eimskip annaðist flutninga Samskipa fyrir Elkem frá Grundartanga og að BYKO viðskipti Eimskips færu til Samskipa. Einnig kom fram sú hugmynd að eftir takmörkun á flutningsgetu Samskipa myndi Eimskip annast hluta af þeim útflutningi á áli til Rotterdam sem féll undir samning Samskipa við Alcoa.

7559. Niðurstaðan af samráði Samskipa og Eimskips á síðari hluta ársins 2008 varð m.a. þessi:

- Í lok október 2008 fækkaði Samskip skipum í siglingum til og frá Íslandi úr fjórum í þrjú. Með þessu buðu Samskip Alcoa upp á lakari þjónustu með færri viðkomudögum á Reyðarfirði og fækkun skipa. Önnuðust þá Samskip ekki lengur allan útflutning á áli Alcoa frá Reyðarfirði til Rotterdam.
- Eimskip tók að sér að flytja hluta af áli Alcoa til Rotterdam. Er þessu m.a. lýst svo í samtímagögnum Samskipa að Eimskip „sjái um“ þá flutninga sem féllu undir samning Samskipa við Alcoa en Samskip gátu ekki sinnt.³⁷⁴⁷
- Samskip náðu fram breytingum á samningnum við Alcoa. Samkvæmt viðauka sem undirritaður var 24. nóvember 2008 féllst Alcoa á verulegan samdrátt í þjónustu sem leiddi af framangreindum breytingum á siglingakerfi Samskipa. Til viðbótar féllst Alcoa á verulega verðhækkun (131%).

7560. Jafnframt ber að líta til þess Samskip og Eimskip höfðu frá árinu 2007 haft með sér ólögmaett samstarf í Mjóeyrarhöfn á Reyðarfirði þar sem Eimskip annaðist skipaafgreiðslu/hafnarþjónustu fyrir Samskip, þ.m.t. vegna flutninga Samskipa fyrir Alcoa.

³⁷⁴⁷ Afritað tölvuskjal frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.6597.



7561. Gögn málsins sýna að í lok nóvember 2008 hóf Eimskip að flytja ál Alcoa til Evrópu með reglubundnum hætti. Var þetta fyrirkomulag samfelldt fram á árið 2013. Í samræmi við ólögmeitt samráð Samskipa og Eimskip var komið á því fyrirkomulagi að Eimskip sinntu umframflutningum á áli til Rotterdam sem Samskip tóku ekki með sínu skipi. Í nóvember og desember 2008 flutti Eimskip rúmlega 13.000 tonn af áli fyrir Alcoa til Rotterdam. Á árunum 2009-2012 var flutningur Samskipa og Eimskips á áli fyrir Alcoa eftirfarandi:

Tafla 5: Flutningur Samskipa og Eimskips vegna Alcoa til Rotterdam árin 2009-2012 (þús. tonna).
Heimild: Afhent gögn frá Samskipum.

| Ár | Heildarútflutningur | Samskip | Eimskip - umframflutningur skv. samráðinu |
|------|---------------------|---------|---|
| 2009 | 334,4 | 292,9 | 41,5 |
| 2010 | 350,8 | 318,9 | 31,9 |
| 2011 | 338,5 | 303,4 | 35,1 |
| 2012 | 343,7 | 311,9 | 31,8 |

7562. Samkvæmt gögnum frá Samskipum þá flutti fyrirtækið um 300 þús. tonn á ári á tímabilinu 2008 til 2012 fyrir Alcoa. Eins og taflan sýnir var umframmagn flutt af Eimskip eða kringum 30 til 40 þús. tonn á ári.
7563. Voru Samskip og Eimskip afar ánægð með þennan afrakstur af samráðinu. Þessi útflutningur á áli Alcoa var m.a. lýst sem „alsælu“ af stjórnendum Eimskips, sbr. nánar hér á eftir.
7564. Viðaukasamningur Samskipa og Alcoa frá 24. nóvember 2008 gerði ráð fyrir því að skoða ætti flutningaverðið á sex mánaðafresti með það markmiði að lækka það. Hér á eftir er lýst samtímagögnum frá Samskipum sem sýna að fyrirtækið hafnaði ítrekað beiðnum Alcoa um að lækka verð. Samtímagögn sýna jafnframt að óskir Alcoa lutu einnig að bættri þjónustu. Er það niðurstaða Samkeppniseftirlitsins að hið ólögmeita samráð við Eimskip hafi gert Samskipum kleift að hafna óskum Alcoa og halda hinni verulegu verðhækkun gagnvart þessum mikilvæga viðskiptavinum þar til Alcoa bauð út þessa flutninga að nýju og skipti í kjölfarið um flutningafyrirtæki á árinu 2013.

14.36.2. Skjalið „Markaðsskipting“

7565. Í mars 2009 vistaði (S)frkvstj-millilandasv skjal sem hann nefndi „Markaðsskipting“. Er þar m.a. fjallað um flutninga Eimskips á áli Alcoa frá Reyðarfirði til Rotterdam. Áður en vikið er að þessu skjali ber að rifja upp að þann 30. janúar 2009 sendi (E)frkvstj-skiparekst tölvupóst til (E)forstj þar sem fram kom að Eimskip muni flytja um 40 þús. tonn af áli Alcoa frá Reyðarfirði til Rotterdam. (E)forstj svaraði og lýsti ánægju með þetta, sbr. kafla 9.11.2.
7566. Í kafla 14.1.3 er gerð grein fyrir „hugarflugsfundi“ Samskipa í janúar 2009. Var undirmönnum (S)frkvstj-millilandasv m.a. skipt í vinnuhópa og settu hóparnir fram ýmsar tillögur um mögulegar aðgerðir Samskipa. Var tekin saman verkefnalisti fyrir Samskip sem fól í sér tillögur frá fundarmönnum um komandi verkefni eða áherslur Samskipa fyrir árið 2009. Gögn málsins sýna að (S)frkvstj-millilandasv gerði breytingar á tillögum undirmanna sem fram komu á hugarflugsfundinum. Hugmyndir undirmanna um að veita Eimskip harða samkeppni voru fjarlægðar af honum. Hins vegar var tillögum og hugmyndum sem lutu að verðhækkun og aukinni gjaldtöku gagnvart viðskiptavinum mætt með velþóknun, sbr. m.a. verkefnalista (S)frkvstj-millilandasv frá 3. mars 2009.



7567. Í kjölfar framangreindrar vinnu innan Samskipa við verkefnalistann hóf (S)frkvstj-millilandasv vinnu við skjalið „Markaðsskipting.xls“.³⁷⁴⁸ Þar voru settar fram upplýsingar um það hvernig markaðurinn í inn- og útflutningi skiptist á milli Eimskips og Samskipa. Eins og sjá má skiptist útflutningur á áli nánast jafnt á milli Eimskips og Samskipa:

| | A | B | C |
|----|------------|---------|---------|
| 1 | | Samskip | Eimskip |
| 2 | Fiskur | 125.000 | 155.000 |
| 3 | Ál | 300.000 | 270.000 |
| 4 | Elkem | 40.000 | 0 |
| 5 | Færeyjar | 25.000 | 45.000 |
| 6 | UTFL tonn | 490.000 | 470.000 |
| 7 | | 51% | 49% |
| 8 | | | |
| 9 | Almennt | 150.000 | 345.000 |
| 10 | Anóður | | |
| 11 | Færeyjar | | |
| 12 | INNFI tonn | 150.000 | 345.000 |
| 13 | | 30% | 70% |
| 14 | | | |
| 15 | TEU | 1.785 | 3.057 |
| 16 | | 37% | 63% |
| 17 | | | |
| 18 | DWT | 20.497 | 36.182 |
| 19 | | 36% | 64% |
| 20 | | | |

7568. Þann 18. mars 2009 sendi (S)frkvstj-millilandasv þetta skjal til (S)forstö-innfl1 og (S)forstö-flutnstj. Í tölvupósti (S)frkvstj-millilandasv vísaði hann til skjalsins sem „innlegg“ í fund þeirra daginn eftir. Í umfjöllun (S)frkvstj-millilandasv um þennan útflutning kvaðst hann gera;

„ráð fyrir í stóriðjutölunum að EÍ tækju 40.000 tonn fyrir Alcoa [...]“.³⁷⁴⁹

7569. Þann 19. mars 2009 var, skv. framangreindum tölvupósti (S)frkvstj-millilandasv, haldinn fundur hjá stjórnendum Samskipa þar sem fjallað var um „markaðsskiptingar“ skjalið. Þennan dag var í tölvugögnum (S)frkvstj-millilandasv vistað uppfært skjal sem lýsir skiptingunni milli Eimskips og Samskipa.³⁷⁵⁰ Var um að ræða excel-skjal sem bar heitið „Markaðsskipting update utfl.xls“:

³⁷⁴⁸ Afritað tölvuskjal frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.31335.

³⁷⁴⁹ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.861159.

³⁷⁵⁰ Afritað tölvuskjal frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.25156.



| | A | B | C | D | E | F | G | H | I | J | K | L |
|----|-----------|-----------|-----------|------------------|---------|---------|--------|---|---|-------------|---------|---------|
| 1 | tonn | Samskip | Eimskip | TEU | Samskip | Eimskip | | | | 2007 INF | Alls | Samskip |
| 2 | Fiskur | 125.000 | 155.000 | | | 6.250 | 7.750 | | | Sundahöfn | 130.231 | 53.904 |
| 3 | Ál | 330.000 | 290.000 | 260.000 Norðurál | | 13.200 | 11.600 | | | Grundartar | 6.395 | 200 |
| 4 | Annað dry | 40.000 | 60.000 | 30.000 Alcoa | | | | | | Reyðarfjörð | 4.302 | 2.151 |
| 5 | Elkem | 50.000 | 0 | | | | | | | Vestmanna | 0 | 0 |
| 6 | Færeyjar | 25.000 | 45.000 | | | | | | | | 140.928 | 56.255 |
| 7 | UTFL | 570.000 | 550.000 | UTFL | | 19.450 | 19.350 | | | | | 40% |
| 8 | | 51% | 49% | | | 50% | 50% | | | | | |
| 9 | | | | | | | | | | | | |
| 10 | Almennt | 150.000 | 225.000 | Almennt | | 21.418 | 32.127 | | | | | |
| 11 | Anóður | | 150.000 | Anóður | | | 6.400 | | | | | |
| 12 | Færeyjar | 15.500 | 70.500 | Færeyjar | | 1.840 | 8.369 | | | | | |
| 13 | INF | 165.500 | 445.500 | INF | | 23.258 | 46.896 | | | | | |
| 14 | | 27% | 73% | | | 33% | 67% | | | | | |
| 15 | | | | | | | | | | | | |
| 16 | DWT | 20.497 | 36.182 | TEU | | 1.785 | 3.057 | | | | | |
| 17 | | 36% | 64% | | | 37% | 63% | | | | | |
| 18 | | | | | | | | | | | | |
| 19 | | 1.065.836 | 1.881.438 | | | | | | | | | |
| 20 | | 53% | 29% | | | | | | | | | |
| 21 | | | | | | | | | | | | |
| 22 | | | | | | | | | | | | |

7570. Ber að hafa í huga að Alcoa var á þessum tíma samningsbundinn viðskiptavinur Samskipa en Samskip höfðu fengið þau viðskipti eftir útboð Alcoa árið 2007. Samkvæmt minnisblöðum (S)frkvstj-millilandasv, dags. 7. og 9. júlí 2008, fólst þetta í samningnum við Alcoa:

„Samskip unnu útboð/verðkönnun Alcoa um alla flutninga á framleiðsluvörum fyrirtækisins til Evrópu.“³⁷⁵¹

7571. Taldi (S)frkvstj-millilandasv þannig að samningurinn veitti Samskipum rétt til þess að annast útflutningi á öllu áli Alcoa til Evrópu. Hið sama kemur fram í ýmsum öðrum samtímagögnum, sbr. t.d. skjöl (S)forstö-útfli frá 3. desember 2009 og 19. september 2010 sem lýst verður hér á eftir.

7572. Þrátt fyrir þetta lögðu bæði Eimskip og Samskip til grundvallar í janúar/mars 2009 að Eimskip myndu á árinu 2009 flytja 30 – 40 þús. tonn af þeim útflutningi á áli til Rotterdam sem Samskip töldu falla undir samning Samskipa við Alcoa. Samkvæmt upplýsingum frá Eimskip urðu þeir flutningar í reynd 41,5 þús. tonn á árinu 2009.

7573. Eins og nefnt var sýna gögnin frá síðari hluta ársins 2008 að það var þáttur í samráði Samskipa og Eimskips varðandi takmörkun á flutningsgetu og breytingu siglingakerfa að Eimskip annaðist fyrir Samskip hluta reglubundins útflutnings á áli Alcoa frá Reyðarfirði. Í sátt Eimskips frá 16. júní 2021 er viðurkennt að alvarlegt brot fyrirtækisins gegn 10. gr. samkeppnislaga hafi m.a. falist í samráði við Samskip „á síðari hluta ársins 2008 um breytingar á siglingakerfum og takmörkun á flutningsgetu í sjóflutningum til og frá Íslandi“ og „skiptingu á mörkuðum eftir stærri viðskiptavinum í sjó- og landflutningum“. Sýna þessi gögn frá janúar og mars að þetta gekk eftir og Eimskip tók að sér að sinna þessum flutningum. Sökum þessa fjallaði (S)frkvstj-millilandasv um þessa flutninga Eimskips fyrir Alcoa við mat á „markaðsskiptingu“.

7574. Til viðbótar má horfa til þess að í ljósi þeirrar markaðsskiptingar sem var fyrir hendi á þessum tíma milli Eimskips og Samskipa (og Eimskip hefur viðurkennt í sáttinni við Samkeppniseftirlitið) var það rökrétt að (S)frkvstj-millilandasv hefði tekið saman skjöl sem hann nefndi „markaðsskipting“. Með þessu móti gátu Samskip fylgst með því að fyrirtækið bæri ekki skarðan hlut frá borði í samráði fyrirtækjanna og gæti staðið við skuldbindingar sínar gagnvart Alcoa, þrátt fyrir að hafa dregið verulega úr flutningsgetu. Í þessu samhengi ber einnig að horfa til gagna frá m.a. (S)forstö-útfli þar sem vísað er til „50/50“ skiptingar á milli Eimskips og Samskipa í útflutningi á fiski, sbr. kafla 20.4.1.4.

³⁷⁵¹ Sjá nánar kafla 8.9.



7575. Í skjölum sem (S)forstö-flutnstj sendi til (S)frkvstj-millilandasv 1. apríl 2009 kemur einnig fram að útflutningur á áli skiptist nánast jafnt á milli Eimskips og Samskipa. Er því mati lýst að ólögmet samskipti hafi átt sér stað milli Samskipa og Eimskips vegna upplýsingaöflunar (S)forstö-flutnstj og hafi það verið hluti af samráði fyrirtækjanna, sbr. kafla 20.4.1.4.

14.36.3. Ánægja með samráðið varðandi flutninga fyrir Alcoa

7576. Stjórnendur Eimskips lýstu í apríl 2009 aftur yfir mikilli ánægju með tekjur af útflutningi á áli Alcoa til Rotterdam, sbr. kafla 9.11.2. Í tölvupóstsamskiptum milli m.a. (E)frkvstj-skiparekst og (E)forstj 1. apríl 2009 kom fram að Eimskip hefði á árinu 2009 flutt út tæplega 27 þús. tonn af áli Alcoa og gerði ráð fyrir að flutningarnir í heild sinni á árinu yrðu milli 40 – 45 þús. tonn. Jafnframt var gerð grein fyrir tekjum af þessum flutningum. Brást (E)frkvstj-skiparekst við þessu með eftirfarandi hætti:

„Hlutirnir gerast var[li]a betri á Eyrinni en þetta, en við gerðum ekki ráð fyrir þessu í BUD 2009 þannig að þetta er bara alsæla.“

7577. Þessi viðbrögð (E)frkvstj-skiparekst bera auðsýnilega með sér afar mikla ánægju Eimskips með þau viðskipti sem fólust í því að annast hluta þess útflutnings sem að mati Samskipa féll undir samning Samskipa við Alcoa. Hið sama kemur fram í samskiptum (E)frkvstj-skiparekst og (E)forstj 4. nóvember 2009. Þar voru þessi flutningar sagðir vera „algjör snilld“.

7578. Þann 3. desember 2009 sendi (S)forstö-útfl áætlun útflutningsdeildar Samskipa fyrir árið 2010 til m.a. (S)forstj.³⁷⁵² Er gerð grein fyrir þessu gagni í kafla 9.11.2 en rétt að víkja aftur að því hér.

7579. Í þessu gagni (S)forstö-útfl er fjallað um fyrirhugaðan útflutning á áli fyrir Alcoa á árinu 2010. Segir að framleiðsluáætlun Alcoa hljóði upp á 354.000 tonn en Samskip geri „*einungis ráð fyrir að flytja 300.000 tonn af þeirra framleiðslu árið 2010 þar sem ekki mun vinnast meir í eins skipa kerfi.*“ Þá er verðþróun á þessum flutningum fyrir Alcoa lýst svo:

5.1.5 Alcoa Fjarðarál JB

Framleiðsluáætlun Alcoa fyrir 2010 hljóðar upp á 354.000 tonn. Gert er ráð fyrir 300.000 tonnum inn í áætlun útflutningsdeildar fyrir komandi ár. Vegna ástandsins í þjóðfélaginu og breytingum á skipakerfi Samskipa í kjölfar þess tókst að fá fram hækkun á einingaverðum og breyttu fyrirkomulagi við verðlagningu á frakt. Einingaverð til Alcoa hækka úr EUR 5 í 11, fram að 300.000 tonnum og fyrir umframmagn greiðir Alcoa EUR 5 á tonnið. Fyrir alla aðra frakt en ál, greiðir Alcoa fasta greiðslu upp á 1,6 milljón EUR á ári.


7580. Breytt verðlagning í samningi milli Alcoa og Samskipa, sem Alcoa féllst á haustið 2008 að beiðni Samskipa, var því þannig úr garði gerð að ekki var lengur mikill hvati fyrir Samskip að flytja meira en 300 þús. tonn á ári fyrir Alcoa. Þá einnig að teknu tilliti til þess að Samskip völdu jafnframt að sinna útflutningi fyrir aðra aðila með sama skipi. Var Eimskip ætlað að taka að sér flutning á framleiðslu Alcoa sem var umfram það sem Samskip kaus að sinna með takmörkun á flutningsgetu. Slíkt fyrirkomulag var einnig hagstætt fyrir Eimskip sem með því móti náði þá einnig fram bættri nýtingu á sinni flutningsgetu. Þessi niðurstaða var í samræmi við markmið samráðs fyrirtækjanna. Síðar í umræddri áætlun útflutningsdeildar Samskipa fyrir árið 2010 er fjallað frekar um útflutning fyrir Alcoa:

³⁷⁵² Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.679375.

6.10.2 Markaðshlutdeild

Samkvæmt samningi milli Samskipa og Alcoa mun Samskip sjá um allan flutning á framleiðslu Alcoa sem fer til Evrópu. Þessi samningur er í gildi til ársins 2012.

Í október 2008 var undirritaður viðauki við flutningssamninginn þar sem einingaverð voru hækkuð verulega en á móti kemur einungis eitt skip og magnið sem Samskip áætlað að flytja er 300 þúsund tonn á ári. Magnið hefur því minnkað um 29 þúsund tonn frá því sem áður var áætlað.



Myndin sýnir áætlað magn og hlutfall sem flutningafyrirtæki flytja á árinu 2009.

Með tilkomu viðauka samnings Samskipa við Alcoa hefur markaðshlutdeild Samskipa í álflutningum minnkað lítillega frá fyrri áætlunum og er nú tæplega 39%. Eimskip situr á samningi við Norðurál og flytur alla álframleiðslu þeirra. Nesskip annast alla álflutninga fyrir Rio Tinto Alcan. Auk þess sér Eimskip um flutninga á umframmagni frá Alcoa sem ekki fer með Hvassafellinu hjá okkur.

7581. Þessi áætlun útflutningsdeildar Samskipa er m.ö.o. skýr um það fyrirkomulag sem ríkti við útflutning á framleiðsluvöru Alcoa til Evrópu. Um þetta gildi samningur milli Samskipa og Alcoa. Samkvæmt upphaflegum samningi frá október 2007 var Alcoa skuldbundið til að flytja að lágmarki 200 þús. tonn á ári með Samskipum.³⁷⁵³ Með viðaukanum frá nóvember 2008 var þetta lágmark hækkað í 300 þús. tonn. Samningurinn gerði eðlilega einnig ráð fyrir að flutningar Samskipa gætu orðið umfram þetta lágmark. Af hálfu Alcoa voru engir viðskiptasamningar gerðir, hvorki við Eimskip né önnur skipafélög, um útflutning á áli í gámum til Evrópu. Er því skýrt að Samskip litu svo á að: „*Samkvæmt samningi milli Samskipa og Alcoa mun Samskip sjá um allan flutning á framleiðslu Alcoa sem fer til Evrópu*“, sbr. einnig framangreind minnisblöð (S)frkvstj-millilíandav frá 7. og 9. júlí 2008. Í ljósi þessa kemur ekki á óvart að áður en „*Nýtt upphaf*“ verkefnið hófst tóku stjórnendur Samskipa það óstínt upp þegar Alcoa samdi við Eimskip um flutning á einum farmi í mars 2008 þegar framleiðsla álversins var umfram flutningsgetu Samskipa vegna þess að Samskip voru þá ennþá með minni skip í siglingunum en fyrirtækið tók stærri skip í notkun í apríl 2008, sbr. kafla 6.2.1 og 9.2.1. Í kjölfar tilkomu viðaukasamningsins í nóvember 2008, þegar Samskip og Eimskip höfðu haft samráð varðandi samdrátt í siglingakerfum og skiptingu viðskiptavina, lýsa Samskip hins vegar fyrirkomulaginu með eftirfarandi hætti, sbr. framangreind áætlun Samskipa fyrir árið 2010:

„*Auk þess sér Eimskip um flutninga á umframmagni frá Alcoa sem ekki fer með Hvassafellinu hjá okkur*“.

³⁷⁵³ Umrætt lágmark ber að skoða í ljósi þess að samkvæmt upphaflegum áætlunum Alcoa var ráðgert að hluti framleiðsluvöru álversins yrði fluttur á önnur markaðssvæði og var t.d. gerður samningur við Eimskip um flutning til Bandaríkjanna. Á rannsóknartímabilinu var þó í reynd mestur hluti framleiðslu Alcoa fluttur til hafna í Evrópu.



7582. Sem fyrr segir er það niðurstaða Samkeppniseftirlitsins að Samskip og Eimskip hafi haft með sér samráð í tengslum við siglingakerfisbreytingar og takmörkun á flutningsgetu fyrirtækjanna á árinu 2008, sem varðaði m.a. flutninga fyrir Alcoa. Er það einnig niðurstaða eftirlitsins að það hafi ekki síst verið samráðið við Eimskip sem gerði Samskipum kleift að ná fram „verulegr“ verðhækkun og viðhalda henni um langt árabil.
7583. Í þessu samhengi ber að horfa til tölvupósts sem (E)frkvstj-innanl sendi (E)forstj rúmlega mánuði síðar, nánar tiltekið þann 8. janúar 2010. Framsendi (E)frkvstj-innanl tölvupóst sem hann hafði sent (E)frkvstj-skiparekst og (E)svæðisstj1. Var þar að finna glætur sem vörðuðu útflutning Eimskips fyrir Alcoa á árinu 2009. Í tölvupósti (E)frkvstj-innanl til (E)forstj sagði: „Sendi þér meðfylgjandi til gamans, við náðum 13% af framleiðslunni í okkar skip sem er góður árangur hjá okkar mönnum“.³⁷⁵⁴
7584. Samkvæmt þessu voru 13% af útflutningi Alcoa á áli frá Reyðarfirði til Rotterdam á vegum Eimskips.
7585. Þessi umtalsverði flutningur fyrir Alcoa, sem Eimskip flutti á grundvelli samráðsins við Samskip, hélt áfram á árinu 2010. Í tölvupósti (E)frkvstj-skiparekst til (E)forstj frá 9. apríl 2010 var aftur rætt um „snilld“ í tengslum við þessa flutninga, sbr. kafla 9.11.3.1. Í skjali (E)forstö-útfll frá 15. nóvember 2010 kemur fram að þessi útflutningur á áli Alcoa hafi verið nr. 14 á lista yfir stærstu viðskiptavinum Eimskips í útflutningi.³⁷⁵⁵
7586. Þá rétt að geta þess að samtímagögn sýna að Alcoa var óánægt með verðlagningu og þjónustu Samskipa en þann 20. október 2010 áttu fulltrúar Alcoa fund með Samskipum varðandi verðlagningu. Fyrirliggjandi í máli þessu er afhent söluskýrsla sem starfsmaður Samskipa ritaði eftir fundinn. Þar kemur fram að Alcoa væri að skoða flutningamálin og þá sérstaklega m.t.t. kostnaðar. Alcoa vilji „athuga með samningsverð í flutninga með Arnarfelli og Helgafelli!!! þeir telja að þeir séu í mörgum tilfellum að borga of hátt verð.“.³⁷⁵⁶
7587. Ljóst er af þessu samtímagagni að fundurinn gekk út á að Alcoa vildi endurskoða viðaukann við Samskip frá nóvember 2008 varðandi verð. Þegar Alcoa átti umræddan fund með Samskipum, þar sem viðskiptavinurinn sýndi skýrlega óánægju með þjónustuna og hátt verð, þá voru Samskip á sama tíma að eiga „eithvert besta ár í sögu félagsins“, sbr. tölvupóst frá (S)forstj til m.a. (S)frkvstj-innfl og (S)frkvstj-Jóna, dags. 9. september 2013, nánari umfjöllun í kafla 14.11.3.
7588. Kvartanir Alcoa yfir þjónustu Samskipa og kröfur um lækkun á verði skiluðum engum árangri gagnvart Samskipum, þrátt fyrir að Alcoa hafi verið mikilvægur viðskiptavinur. Verðhækkun Samskipa (131%) frá nóvember 2008 var því viðhaldið þangað til Alcoa skipti um flutningsaðila á árinu 2013. Gerði samráð Samskipa við Eimskip fyrirtækinu þetta kleift.

14.36.4. Ekki gert ráð fyrir samkeppni um fyrirtæki í stóriðju

7589. Í fundargerð vegna fundar stjórnar Samskipa Holding 9. febrúar 2010 kemur fram að (S)forstj og (S)frkvstj-millilandasv hafi kynnt stefnumótun Samskipa hf. með glærुकyningunni „Board meeting Strategy Samskip Iceland 8-10th February 2010“, sbr. kafla 14.19. Í glærुकyningunni er því lýst hvernig Samskip hf. telji að markaðurinn fyrir sjóflutninga muni þróast til og með árinu 2014. Þar kemur m.a. fram að Samskip geri hvorki ráð fyrir breytingum á viðskiptum við fyrirtæki í stóriðju né á markaðshlutdeild:

³⁷⁵⁴ Afritaður tölvupóstur frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.472568.

³⁷⁵⁵ Afritað tölvuskjal frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.103014.

³⁷⁵⁶ Afhent söluskýrsla frá Samskipum, dags. 22.11.2016 (viðauki 10/ALCOA Fjarðaál). Skýrsla [...] starfsmanns hjá Samskipum um heimsókn starfsmanns í flutnings- og tollastjórnun hjá Alcoa til Samskipa, dags. 25.10.2010.



- Market Share
 - Elkem and Alcoa assumed to remain with Samskip
 - Alcan with Nesskip
 - Norðurál / Grundartangi with Eimskip
 - Helgúvík with competitors
 - Market share other wise in line with current status

Confidential – February 2010

7590. Er þetta í samræmi við önnur gögn málsins sem sýna að bæði Samskip og Eimskip lögðu til grundvallar að halda sínum mikilvægu viðskiptavinum, hvort fyrir sig. Að mati Samkeppniseftirlitsins er þetta virt með öðrum gögnum málsins birtingarmynd á hinni ólögmetu markaðsskiptingu sem var fyrir hendi á þessum tíma.
7591. Síðar á árinu 2010 fóru fyrirtæki í stóriðju hér á landi að huga að nýjum flutningasamningum. Samningur Samskipa við Elkem gildi til febrúar 2011 en gögn málsins sýna að í byrjun september 2010 greindi þessi viðskiptavinur Samskipa Eimskip frá því að fyrirtækið hygðist bjóða út flutninga sína og óskaði í kjölfarið eftir tilboði frá Eimskip. Samningur Eimskips við Norðurál gildi til nóvember 2011 en í desember 2010 var óskað eftir tilboði frá Samskipum vegna flutninga fyrir Norðurál. Samningur Wilson við Alcan í Straumsvík gildi til júlí 2011 en Alcan hóf á árinu 2010 undirbúning að nýju útboði.
7592. Fjallað verður nánar um atvik tengd Elkem, Norðuráli og Alcan hér á eftir. Rétt er fyrst að gera grein fyrir tilteknum gögnum frá síðari hluta ársins 2010 sem sýna, líkt og framangreind glæra Samskipa frá febrúar 2010, að Samskip og Eimskip gerðu ekki ráð að samkeppni myndi ríkja milli fyrirtækjanna um framangreinda stóriðjuviðskiptavini þeirra. Er það í samræmi við markaðsskiptinguna sem Eimskip hefur viðurkennt að hafi verið fyrir hendi á þessum tíma.
7593. Viðskipti við fyrirtæki í stóriðju voru til umfjöllunar hjá Eimskip í september 2010. Í málinu er þannig að finna glærुकynningu vegna vinnufundar útflutningsdeildar Eimskips 14. og 15. september 2010.³⁷⁵⁷ Er þar m.a. fjallað um Alcan, Wilson og Thorship. Einnig er fjallað um aðra mikilvæga útflytjendur eins og Alcoa og Norðurál.
7594. Samkvæmt glærunni um Norðurál gerði Eimskip ráð fyrir því að halda flutningum fyrir þann afar mikilvæga viðskiptavin eftir nóvember 2011. Átti Eimskip því ekki von á því að Samskip myndi gera atlögu að þessum viðskiptavini og bjóða betur. Er þetta í samræmi við framangreinda glærुकynningu (S)forstj frá febrúar 2010, sbr. einnig eftirfarandi gagn (S)forstö-útfli frá 19. september 2010.
7595. Í glærunni um Alcan segir að samningur Wilson við Alcan renni út 30. júní 2011 og: „Mikilvægt að gera atlögu og ná þessum flutningum“. Þá kemur fram að Thorship noti laust pláss í skipum Wilson til bjóða flutning frá Rotterdam til Straumsvík á „lágu verð“. Samtímagögn sýna að bæði Samskip og Eimskip funduðum með Thorship á árinu 2010 og bæði fyrirtækin kvörtuðu við Alcan yfir verðsamkeppni frá Thorship. Er þessu lýst hér á eftir.
7596. Hér á eftir er gerð grein fyrir heimsókn Elkem til Eimskips í byrjun september 2010. Var Eimskip greint frá því að Elkem hygðist bjóða út flutninga sína „í byrjun næsta árs“. Þrátt fyrir þetta kom ekki fram í þessari glærुकynningu Eimskips frá miðjum september 2010 nein áform um að „gera atlögu“ að þessum mikilvæga viðskiptavini Samskipa.

³⁷⁵⁷ Afritað tölvuskjal frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.189653.



7597. Hér að framan var því lýst að Eimskip hafi á árinu 2009 annast umtalsverða flutninga á áli Alcoa. Sinnti Eimskip þá umframflutningum fyrir Samskip og tengdist það samráði fyrirtækjanna um breytingu á siglingakerfum og takmörkun flutningsgetu. Eins og fram hefur komið var mikil ánægja með þessi viðskipti hjá stjórnendum Eimskips. Í tölvupósti (E)frkvstj-skiparekst til (E)forstj frá 9. apríl 2010 var þannig aftur rætt um „snilld“ í tengslum við þessa flutninga, sbr. kafla 9.11.3.1. Í áðurnefndri glærुकynningu Eimskips vegna umrædds vinnufundar útflutningsdeildar fyrirtækisins dagana 14. og 15. september 2010 var fjallað um „Alcoa – Staðan / Næstu skref“. Þar kom fram að Samskip væri með flutningasamning um álflutninga til Rotterdam og hann væri í gildi til september 2012. Á glærunni kom sömuleiðis fram að Eimskip héldi áfram að „höggva í þá flutninga með það að markmiði að ná þeim“. Af glærunni var ljóst að þetta markmið Eimskips eða „samkeppni“ við Samskip afmarkaðist að yfirstandandi samráði fyrirtækjanna, þ.e. Eimskip annaðist þann hluta af flutningunum sem Samskip sinntu ekki til að viðhalda takmörkun á flutningsgetu. Eimskip vildi hámarka þann hlut innan samráðsins sem mest, enda rík ánægja hjá Eimskip með þetta fyrirkomulag. Hvergi kom fram á glæru Eimskips að bjóða ætti Alcoa betra verð til að sækja á meiri flutninga frá Alcoa.
7598. Gerði Eimskip í þessari glærुकynningu þannig ráð fyrir áframhaldandi aðkomu að útflutningi á áli sem féll undir samning Alcoa við Samskip. Það reyndist rétt en á árinu 2010 flutti Eimskip tæp 32 þús. tonn af áli Alcoa og um 35 þús. tonn árið eftir.
7599. Eins og fram kemur í kafla 14.32.2 sendi (S)forstö-útfl þann 19. september 2010 tölvupóst til (S)forstj og (S)frkvstj-millilandasv. Meðfylgjandi honum var áætlun útflutningsdeildar fyrir árið 2011 ásamt glærुकynningu sem bar heitið „Kynning UTFL magn og tekju áætlun 2011“.³⁷⁵⁸ Í þessari kynningu (S)forstö-útfl kemur fram að Samskip væru ekki „mikið var við Eimskip á markaðnum þessa dagana“ en kvartað var yfir samkeppni frá BWS. Á árinu 2011 ætluðu Samskip „að halda núverandi markaðshlutdeild í öllum vöruflokkum nema bæta við í saltfiski.“ Einnig ætluðu Samskip að halda verði óbreyttu hjá m.a. Alcoa á árinu 2011. Ber að árétta að Samskip höfðu í skjóli samráðsins við Eimskip náð fram „verulegr“ verðhækkun gagnvart Alcoa.
7600. Hvergi kemur fram í þessu gagni (S)forstö-útfl frá 19. september 2010 að reyna eigi að ná Norðuráli í viðskipti en sem fyrr segir var gildistími samnings Eimskips við Norðurál til nóvember 2011. Eins og áður sagði taldi Eimskip í framangreindri glærुकynningu, vegna fundar útflutningsdeildar, 14. og 15. september 2010, ekki hættu á að missa viðskiptin við Norðurál.
7601. Í skjali (S)forstö-útfl, sem bar heitið „Viðskiptavinir 2010 breytingar á samningsverðum“ og vistað var í möppunni „Áætlun 2011“ (einnig dagsett 19. september 2010), er að finna lista yfir tuttugu og fimm stærstu viðskiptavinum Samskipa í útflutningi. Þar kemur fram að ekki ætti að lækka verð gagnvart m.a. Alcoa og Elkem en meðaltalsverðhækkun gagnvart öðrum stórum viðskiptavinum yrði 5%.³⁷⁵⁹ Í skjali (S)forstö-útfl frá 16. október 2010 var sagt að þjónustugjöld útflutningsdeildar á Íslandi myndu hækka um 5% 1. janúar 2011 og sjófrakt um 4% 1. júlí 2011, sbr. kafla 14.32.2.
7602. (S)forstö-útfl sendi einnig þann 19. september 2010 skjalið „Markaðsskýrsla Útflutningsdeildar 2011“ til (S)forstj og (S)frkvstj-millilandasv. Þrátt fyrir að samningurinn við Elkem myndi falla úr gildi á árinu 2011 var í þessu skjali (S)forstö-útfl lagt til grundvallar að Samskip myndu á árinu 2011 halda viðskiptunum við Elkem (og þyrftu ekki að lækka verð, sbr. hér að framan):

³⁷⁵⁸ Afritað tölvuskjal frá Eimskip. „Kynning UTFL magn og tekju áætlun 2011“. Viðhengi við afritaðan tölvupóst frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.783290.

³⁷⁵⁹ Afritað tölvuskjal frá Samskipum. [...]



4.1.6 JB Járnblendi

Gert er ráð fyrir aukningu á magni á útflutningi fyrir Járnblendið á næsta ári. Áætlanir 2011 gera ráð fyrir 78.000 tonnum og er það svipað uppreiknað magn og flutt hefur verið síðasta ár fyrir þennan viðskiptavin.

7603. Líkt og Eimskip hafði ekki áhyggjur af því að Samskip myndu með samkeppni reyna að ná Norðurál til sín höfðu Samskip þannig ekki áhyggjur af því að Eimskip myndi með samkeppni reyna að ná Elkem í viðskipti.

7604. Þá kemur fram í skýrslu (S)forstö-útlfl að markaðshlutdeild Eimskips og Samskipa í útflutningi á áli væri mjög svipuð, hvort fyrirtæki um sig með um 40% hlutdeild og Wilson með það sem eftir væri. Um Alcoa segir m.a. eftirfarandi í skýrslunni:

„Samkvæmt samningi milli Samskipa og Alcoa mun Samskip sjá um allan flutning á framleiðslu Alcoa sem fer til Evrópu. Þessi samningur er í gildi til ársins 2012. Í október 2008 var undirritaður viðauki við flutningsamninginn þar sem einingaverð voru hækkuð verulega en á móti kemur einungis eitt skip og magnið sem Samskip áætla að flytja er 300 þúsund tonn á ári. Magnið hefur því minnkað um 29 þúsund tonn frá því sem áður var áætlað. [...]

Eimskip situr á samningi við Norðurál og flytur alla álframleiðslu þeirra. Nesskip annast alla álflutninga fyrir Rio Tinto Alcan. Auk þess sér Eimskip um flutninga á umframmagni frá Alcoa sem ekki fer með El Bravo hjá okkur. [...]

Útflutningsdeild Samskipa stefnir að því að halda áfram að vinna eftir viðaukasamningnum við Alcoa, þ.e. að áfram verði eitt skip sem muni þjónusta Alcoa með álflutningana á Evrópu. Okkar mat er að ekki verði forsendur til þess að hverfa frá viðaukanum og taka aftur upp tveggja skipa kerfi eins og Alcoa menn hafa minnst á. Við munum því áfram flytja um 75 þúsund tonn pr. ársfjórðung. [...]

Alcoa hefur gefið í skyn að þessi viðauki þurfi að endurskoðast um leið og forsendur breytast. En fyrir áætlun 2011 er ekki gert ráð fyrir að forsendur muni breytast það mikið að þessu fyrirkomulagi verði breytt."

7605. Í þessari skýrslu (S)forstö-útlfl er þannig áréttað að samningurinn við Alcoa taki til alls flutnings á framleiðslu Alcoa sem fer til Evrópu. Einnig kemur fram að Eimskip annist hluta af þessum útflutningi sem falli undir samning Samskipa við Alcoa. Í framangreindum glærum útflutningsdeildar Eimskips vegna vinnufundar 14. og 15. september 2010 er við það miðað að Eimskip haldi áfram þessum flutningum á áli Alcoa sem (S)forstö-útlfl og aðrir stjórnendur töldu tilheyrja Samskipum. Er þetta til stuðnings samfelldu samráði Samskipa og Eimskips á þessum tíma.

7606. Í málinu liggur fyrir skjal (E)forstö-útlfl frá 15. nóvember 2010. Um er að ræða áætlun útflutningsdeildar Eimskips fyrir árið 2011.³⁷⁶⁰ Í skjalinu er gerð grein fyrir þeirri ógn sem útflutningsdeildin standi frammi fyrir. Þar er ekki minnst á Samskip en samkeppnisleg ógn talin stafa af smáum keppinautum eins og Thorship og BWS. Í skjalinu kemur einnig fram að flutningur á áli Alcoa hafi verið nr. 14 á lista yfir stærstu viðskiptavinum Eimskips í útflutningi. Hér ber einnig að líta til eftirfarandi:

- Fram kemur í þessari áætlun útflutningsdeildar Eimskips að Norðurál sé stærsti viðskiptavinurinn í útflutningi. Þrátt fyrir að samningurinn við Norðurál ætti að renna út á árinu 2011 koma engar áhyggjur fram um að Samskip muni reyna að ná þessum mikilvæga viðskiptavinum í viðskipti til sín.

³⁷⁶⁰ Afritað tölvuskjal frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.103014.



Er þetta í samræmi við framangreindar glærur vegna vinnufundar útflutningsdeildar Eimskips 14. og 15. september 2010 þar sem ekki var að finna neinn ótta við að Samskip reyndu að ná flutningum Norðuráls til sín.

- Þrátt fyrir beiðnir Elkem á Íslandi um að Eimskip myndi bjóða í flutninga fyrirtækisins var í þessari áætlun útflutningsdeildar Eimskips ekki að finna neina umfjöllun um að fyrirtækið myndi reyna að ná þessum mikilvæga viðskiptavinum Samskipa í viðskipti.
- Framangreind gögn (S)forstö-útfli frá 19. september 2010 og varða áætlun útflutningsdeildar Samskipa fyrir árið 2011 eru í samræmi við þetta. Samskip höfðu ekki áhyggjur af því að Eimskip myndi reyna að ná Elkem í viðskipti til sín og hvergi er minnst á það að Samskip ætli sér að ná Norðurál í viðskipti til sín enda var stefna útflutningsdeildar að halda núverandi markaðshlutdeild (þ.m.t. viðskiptunum við Alcoa og Elkem) og hækka verð eða vinna gegn verðlækkunum.

7607. Var framangreint sama stefna og gildi hjá innflutningsdeild Samskipa. Í skýrslu (S)forstö-innflí „Markaðsskýrsla Innflutningsdeildar 2011“ frá september 2010 var gert „ráð fyrir því að halda öllum núverandi viðskiptavinum Samskipa“ og gert ráð fyrir „að bæði Eimskip og Samskip haldi að sér höndum og leggi áherslu á að hækka verð“, sbr. kafla 14.32.2.
7608. Eru þessi gögn sem varða út- og innflutning saman til vitnis um samfellt samráð Samskipa og Eimskips á þessum tíma.
7609. Að mati Samkeppniseftirlitsins var það samráðið við Eimskip sem leyfði Samskipum að leggja til grundvallar í áætlun fyrir árið 2011 að fyrirtækið kæmist upp með að hafna því að gera breytingar á samningnum við Alcoa eins og Alcoa hafði gengið út frá þegar fyrirtækið féllst haustið 2008 á að gera breytingu á samningi við Samskip sem fól í sér verulega verðhækkun (131%) og skerðingu á þjónustu. Sökum samráðsins gátu Samskip við það miðað að fyrirtækið héldi hinni umræddu „verulegu“ verðhækkun á flutningum fyrir Alcoa og þyrfti ekki að bæta þjónustuna við þennan mikilvæga viðskiptavin. Er þetta og í samræmi við þá almennu stefnu útflutningsdeildar fyrir árið 2011 að ekki ætti að lækka verð hjá mikilvægum viðskiptavinum, sbr. ofangreindar glærur (S)forstö-útfli. Eimskip hafði einnig hag af óbreyttu ástandi. Yfirmenn hjá fyrirtækinu voru ánægðir með þessa flutninga fyrir Alcoa og áframhaldandi samráð gerði það að verkum að Eimskip þurfti ekki að óttast samkeppni frá Samskipum um flutninga fyrir Norðurál. Ástandi á stóriðjumarkaðnum, sem líkja má við helmingaskipti milli Samskipa og Eimskips, yrði ekki haggað.

14.36.5. Elkem óskar eftir tilboði frá Eimskip

7610. Líkt og fyrr segir var Elkem á Grundartanga (Elkem Ísland) á árinu 2010 mikilvægur viðskiptavinur Samskipa. Önnuðust Samskip inn- og útflutning fyrirtækisins sem fram fór með gámum. Elkem bauð út þessa flutninga fyrirtækisins á árinu 2007. Bæði Samskip og Eimskip tóku þátt í útboðinu en Samskip hlutu viðskiptin.
7611. Hér ber að rifja upp að í gögnum Samskipa frá september 2008 var fjallað um mögulega markaðsskiptingu sem tengdist viðskiptum við Elkem. Nánar tiltekið kom fram í skjali (S)frkvstj-millilandasv frá 6. september 2008, daginn eftir fund með stjórnendum Eimskips, sú hugmynd í samráðinu að viðskipti Eimskips við BYKO færu til Samskipa og viðskipti Samskipa við Elkem á Grundartanga færðust til Eimskips, sbr. kafla 8.16.2.
7612. Framangreind hugmynd kom ekki til framkvæmda og í skjali (S)forstö-útfli frá haustinu 2010 kom fram að flutningasamningur Samskipa við Elkem gildi til 28. febrúar 2011.³⁷⁶¹ Ljóst er að á þessum tíma fór Elkem að huga að nýjum flutningasamningi.

³⁷⁶¹ Afritað tölvuskjal frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.1009894.



7613. Þannig er í gögnum málsins að finna fundargerð innflutningsdeildar Eimskips vegna fundar þann 2. september 2010. Í henni er greint frá heimsókn Elkem til Eimskips: „*Elkem kom í heimsókn í gær. Það verður útboð hjá þeim í byrjun næsta árs. Þeir eru með vöruhús á Akranesi og eru tilbúnir að skoða vöruhótelid eru þeir með 1200 fermetra húsnæði upp á Akranes.*“³⁷⁶²
7614. Vissi Eimskip þannig í byrjun september 2010 að Elkem hygðist bjóða út flutninga sína í ársbyrjun 2011. Samskip höfðu hins vegar í september 2010 engar áhyggjur af því að Eimskip myndi með samkeppni að reyna ná Elkem til sín. Í framangreindum gögnum (S)forstö-útl frá 19. september 2010 var lagt til að Samskip myndu halda Elkem í viðskiptum og ekki var gert ráð fyrir því að Samskip þyrftu í því skyni að lækka verð. Með sama hætti höfðu Eimskip ekki áhyggjur af því um miðjan september 2010 að Samskip myndu með samkeppni reyna að ná Norðurál í viðskipti, sbr. glærुकyningin vegna vinnufundar útflutningsdeildar Eimskips 14. og 15. september 2010.
7615. Lykilstjórnendur hjá Samskipum og Eimskip (m.a. (S)frkvstj-millilandasv og (E)frkvstj-sala/þj) hittust þann 11. október 2010 og ræddu a.m.k. um gámasamráð og Norður-Ameríku samstarfið, sbr. kafla 14.33.4.
7616. Þann 20. október 2010 sendi (S)forstö-útl glærुकyningu til m.a. (S)forstj og (S)frkvstj-millilandasv. Bar hún heitið „*Útflutningsdeild áætlun rekstraruppjör 2011*“.³⁷⁶³ Í henni var áfram lagt til grundvallar að Samskip héldu Elkem í viðskiptum og að Samskip myndu hafa auknar tekjur af Alcoa. Einnig kemur fram að verð verði hækkað 1. janúar 2011 og 1. júlí 2011. Engin áform voru hjá (S)forstö-útl um að ná mikilvægum stóriðjuviðskiptavinum frá Eimskip. Átti þannig áfram að ríkja skipting á þessum viðskiptum milli fyrirtækjanna.
7617. Í gögnum málsins er einnig að finna trúnaðarskýrslu Eimskips um mögulegar breytingar á siglingakerfi fyrirtækisins. Var þessi skýrsla send til (E)forstj, (E)frkvstj-skiparekst o.fl. þann 22. október 2010.³⁷⁶⁴ Í henni er vísað til þess að Eimskip hefði verið boðið að gera tilboð í flutninga fyrir Elkem:
- „13.3.5 Elkem – Grundartangi
The contract Samskip has for this transportation is expiring in February 2011. Eimskip has been invited to offer. The yearly quantity is approximately 60.000mts from Iceland to different locations in Europe and Far East and about 4000mts imports of imports to Iceland.“*
7618. Átti Eimskip fund með Elkem í Hollandi vegna þessa í nóvember 2010, sbr. nánar hér á eftir.
7619. Gögnin sýna að stuttu síðar, miðvikudaginn 27. október 2010, átti (S)frkvstj-millilandasv fund með Elkem þar sem rætt var um mögulegan nýjan samning. Í tölvupósti (S)frkvstj-millilandasv til (S)forstj sama dag sagði hann að hugsanlega væri unnt að framlengja samningnum við Elkem um þrjú ár ef fyrirtækin næðu saman um verð fyrir þessa flutninga Samskipa. Sagði (S)frkvstj-millilandasv að hann yrði í samskiptum við Elkem í næstu viku.³⁷⁶⁵
7620. Í þeirri viku sem (S)frkvstj-millilandasv hugðist vera í samskiptum við Elkem voru einnig samskipti milli Samskipa og Eimskips. Þann 2. nóvember 2010 var haldinn fundur Samskipa og Eimskips til að ræða tiltekna þætti „*Nýtt upphaf*“ verkefnisins. Af hálfu Samskipa sat m.a. (S)frkvstj-millilandasv fundinn og (E)frkvstj-sala/þj og (E)forstö-innfl af hálfu Eimskips, sbr. kafla 14.33.5. Líkt og fram kemur í kafla 11 hafði „*Nýtt upphaf*“ verkefnið að markmiði að raska samkeppni í skilningi 10. gr. samkeppnislaga. Af þessu leiðir að öll samskipti Samskipa og Eimskips sem vörðuðu einstaka þætti þess voru einnig ólögmat.

³⁷⁶² Afritaður tölvupóstur frá Eimskip. [...] Fundargerðin var meðfylgjandi. Doc. ID. 0.7.33.20020.

³⁷⁶³ Afritað tölvuskjal frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.1008925.

³⁷⁶⁴ Afritað tölvuskjal frá Eimskip. „*Mark VI or similar Vessel on Southern Route – Possible Changes in the Sailing System – Confidential.*“. Viðhengi við afritaðan tölvupóst frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.684064.

³⁷⁶⁵ Afritað tölvuskjal frá Samskipum. „*Fundargerð_25.10.2010*“. Viðhengi við afritaðan tölvupóst frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.808577.



7621. Þann 4. nóvember 2010 sendi (E)forstö-innfl tölvupóst til (E)frkvstj-Holl, starfsmanns Eimskips í Hollandi, (afrit til (E)frkvstj-sala/þj, (E)frkvstj-skiparekst og (E)viðskstj1) og greindi frá samskiptum við Elkem á Íslandi. Elkem á Íslandi vildi gefa Eimskip tækifæri á að bjóða í flutninga fyrirtækisins og vildi (E)forstö-innfl skoða þetta. Segir í tölvupóstinum að Elkem í Hollandi kæmi að samningum um þessa flutninga og þar væri tregða við að ræða við Eimskip. Í Hollandi væri Eimskip talið bjóða mun hærra verð en Samskip og efast væri um áhuga eða getu Eimskips til þess að sinna þessum flutningum. Óskaði (E)forstö-innfl eftir því að (E)frkvstj-Holl myndi hitta Elkem í Hollandi. (E)frkvstj-Holl svaraði samdægurs og bað um upplýsingar um tilboð Eimskips frá 2007. Kom þetta einnig fram:

„Samskip and Eimskip rates are more and less „on the same level“ (can you try to pull forward in the coming days the old Eimskip offer to Elkem as I do not have the same.“

7622. (E)frkvstj-Holl hitti síðan Elkem í Hollandi 5. nóvember 2010 og sendi þann 8. nóvember 2010 lýsingu á þeim fundi í tölvupósti til (E)forstö-innfl (afrit til (E)frkvstj-sala/þj, (E)frkvstj-skiparekst og (E)viðskstj1).³⁷⁶⁶ Kemur fram að starfsmenn Elkem hafi í upphafi fundar verið bæði undrandi og tortryggir vegna beiðni Eimskips um þennan fund. Komið hafi fram að samningurinn við Samskip gildi til febrúar 2011 og ekki væri búið að ákveða hvort farið yrði í fullt tímafrekt útboð eins og gert hafi verið sumarið 2007 eða einfaldari lausn valin. Einnig hafi þetta verið tekið fram:

„As they further explained they certainly would not like at this moment that info would go onto the (Icelandic) market that they have started speakin to other shipping lines than Samskip or would be working on a new tender?!“

7623. Einnig var því lýst í tölvupósti (E)frkvstj-Holl að Elkem hafi á fundinum:

- Ítrekað spurt um verðbreytingar Eimskips og virst búa yfir upplýsingum um að verð hafi verið að hækka. (E)frkvstj-Holl hafi neitað að veita upplýsingar um verð á fundinum og sagst ætla að hafa samband við höfuðstöðvarnar í Reykjavík.
- Ítrekað spurt hvort Eimskip hefði raunverulegan áhuga á þessum flutningum.
- Gefið til kynna að aðeins yrði farið í fullt útboð ef einhver von væri til þess að samkeppni í því myndi skila árangri (*„only in case they would get the feeling that rates have been significant changing, different service levels can be obtained, new carriers available (Thorship/Wilson) etc. than they would go for a tender. They explained that last time they also involved in the tender Atlantsskip and they also asked NCL for possibilities and rates.“*)
- Sýnir þetta að Elkem hafði verulegar efasemdir um að Eimskip og Samskip myndu keppa af hörku um þessa flutninga, sbr. og framangreinda umfjöllun (E)forstö-innfl. Áhyggjur Elkem voru ekki tilhæfulausar og Eimskip gerði ekki tilraun til þess að reyna að ná til sín þessum mikilvæga viðskiptavinum Samskipa, sbr. nánar hér á eftir.
- Þann 8. og 11. nóvember 2010 voru aftur haldnir fundir Samskipa og Eimskips þar sem unnið var að hinu ólögsmæta „Nýtt upphaf“ verkefni. Af hálfu Samskipa sat m.a. (S)frkvstj-millilandasv fundina og (E)frkvstj-sala/þj og (E)forstö-innfl af hálfu Eimskips, sbr. kafla 14.33.6 og 14.33.7.

7624. Auk þess að funda með (S)frkvstj-millilandasv 11. nóvember 2010 fundaði (E)frkvstj-sala/þj sama dag með Elkem.³⁷⁶⁷

7625. Í málinu er að finna framangreint skjal undirmanns (E)frkvstj-sala/þj, (E)forstö-útfl, frá 15. nóvember 2010. Um er að ræða áætlun útflutningsdeildar Eimskips fyrir árið 2011. Í skjalinu er gerð

³⁷⁶⁶ Afritaðir tölvupóstar frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.34.91673.

³⁷⁶⁷ Afritaður tölvupóstur frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.1119890. Hafnar fundarboði þar sem hann eigi fund daginn eftir með Elkem.



grein fyrir þeirri ógn sem útflutningsdeildin standi frammi fyrir. Þar er ekki minnst á Samskip en samkeppnisleg ógn talin stafa af BWS og Thorship.

7626. Fram kemur í þessu gagni (E)forstö-útfli að Norðurál sé stærsti viðskiptavinurinn í útflutningi. Þrátt fyrir að samningurinn við Norðurál myndi renna úr gildi á árinu 2011 koma engar áhyggjur fram um að Samskip muni reyna að ná þessum mikilvæga viðskiptavini í viðskipti til sín. Þrátt fyrir beiðnir Elkem á Íslandi um að Eimskip myndi bjóða í flutninga fyrirtækisins var í áætlun (E)forstö-útfli ekki að finna neina umfjöllun um að Eimskip myndi reyna að ná þessum mikilvæga viðskiptavini Samskipa í viðskipti. Með sama hætti höfðu Samskip ekki áhyggjur af því að Eimskip myndi reyna að ná Elkem í viðskipti til sín, sbr. ofangreind gögn (S)forstö-útfli frá september og október 2010.
7627. 24. nóvember 2010, átti sér aftur stað fundur milli Samskipa og Eimskips, sbr. kafla 14.33.8. Af hálfu Samskipa sat (S)frkvstj-N-Am fundinn og (E)forstj af hálfu Eimskips. (S)forstö-útfli hafði undirbúið þennan fund.
7628. Næsta dag, 25. nóvember 2010, funduðu (E)frkvstj-sala/þj og (S)frkvstj-millilandasv um þætti sem féllu undir „Nýtt upphaf“ verkefni fyrirtækjanna sbr. kafla 14.33.10.
7629. Um kvöldið sendi (S)forstö-útfli tölvupóst til m.a. (S)forstj og (S)frkvstj-millilandasv og greindi frá þessu: „Elkem í vinnslu, skyríst vonandi í næstu viku.“³⁷⁶⁸
7630. Þann 3. desember 2010 hittust (E)frkvstj-alþjsv og (S)forstj, sbr. kafla 14.33.11.
7631. Þann 7. desember 2010 átti sér stað samtali milli (S)frkvstj-millilandasv og (E)frkvstj-sala/þj, sbr. kafla 14.33.12. Sama dag gerði (S)forstö-útfli (S)forstj grein fyrir því að Elkem myndi svara „af eða á“ í næstu viku. (S)forstj spurði hvað hann ætti við og (S)forstö-útfli svaraði; „á með 3 ára framlengingu á nuverandi samningi við okkur. Ef þau samþykkja það ekki fara þau vaentanlega í utbod með sitt magn.“³⁷⁶⁹
7632. Þann 9. desember 2010 hittust Samskip og Eimskip vegna þátta sem féllu undir „Nýtt upphaf“ verkefni fyrirtækjanna. Af hálfu Samskipa sat m.a. (S)frkvstj-millilandasv fundinn og m.a. (E)frkvstj-sala/þj af hálfu Eimskips, sbr. kafla 14.33.14.
7633. Nokkrum dögum síðar, 13. desember 2010, sendi (S)forstö-útfli tölvupóst til (S)forstj og (S)frkvstj-millilandasv og gerði grein fyrir því að stefnt væri að undirritun á nýjum þriggja ára samningi við Elkem 15. janúar 2011.³⁷⁷⁰ Um yrði að ræða:
- „Óbreyttur samningur í 18 mánuði sem tekur síðan 8% hækkun síðari hluta samningstímans.“
7634. (S)forstj svaraði og lýsti yfir ánægju með þetta.³⁷⁷¹ Þetta gekk eftir.³⁷⁷²
7635. Samkvæmt þessu náðu Samskip því markmiði sínu annars vegar að halda Elkem í viðskiptum og hins vegar að halda verði óbreyttu fyrst í stað en ná fram verðhækkun síðar.
7636. Skýrslan sem send var til m.a. (E)forstj 22. október 2010 sýnir að Elkem óskaði eftir tilboði frá Eimskip. Lýsing (E)frkvstj-Holl á fundinum með Elkem í Hollandi 5. nóvember 2010 gefur hins vegar skýrt til kynna að Elkem hafði verulegar efasemdir um að Samskip og Eimskip myndu í raun keppa af hörku um flutninga fyrirtækisins. Þetta mat Elkem var rétt og hefur Eimskip staðfest að fyrirtækið gerði á þessum tíma ekki tilraun til þess reyna ná viðskiptum Elkem.³⁷⁷³ Ástæða þessa var hið ólögsmæta samráð við Samskip sem Eimskip hefur viðurkennt að hafi verið fyrir hendi á þessum tíma.

³⁷⁶⁸ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.1017938.

³⁷⁶⁹ Afrituð tölvupóstsamskipti frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.815962.

³⁷⁷⁰ Skrifað var undir samninginn 24. febrúar 2011.

³⁷⁷¹ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.817823.

³⁷⁷² Afritað tölvuskjal frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.6597.

³⁷⁷³ Mgr. 795-798 í athugasemdum Eimskips við AII, sbr. einnig sátt fyrirtækisins frá 16. júní 2021



Í sátt Eimskips frá 16. júní 2021 er þannig viðurkennt að m.a. á árinu 2010 hafi alvarleg brot Eimskips gegn 10. gr. samkeppnislaga falist í samráði við Samskip um „skiptingu á mörkuðum eftir stærri viðskiptavinum í sjó- og landflutningum.“

7637. Eimskip virti þannig hina ólögmætu markaðsskiptingu við Samskip í tilviki Elkem. Hið sama gerði Samskip þegar óskað var eftir tilboði í flutninga fyrir Norðurál. Verður vikið að því næst.

14.36.6. Samskip: Á að „taka grænlandinginn“ á flutninga fyrir Norðurál?

7638. Norðurál á Grundartanga var eins og fyrr greinir afar mikilvægur viðskiptavinur Eimskips en Eimskip annaðist flutninga fyrirtækisins sem fram fóru með gámum. Var Norðurál á árinu 2010 stærsti viðskiptavinur Eimskips í útflutningi.

7639. Eins og fjallað var um hér að framan voru viðskipti við stóriðjur til umfjöllunar hjá Eimskip um miðjan september 2010. Í málinu er þannig að finna glærुकynningu vegna vinnufundar útflutningsdeildar Eimskips 14. og 15. september 2010.³⁷⁷⁴ Var það fjallað m.a. um Norðurál Alcan, og Alcoa. Um Norðurál sagði m.a. þetta:

Norðurál – Staðan / Næstu skref

EIMSKIP

- Flutningasamningur við Eimskip í gildi til og með nóvember 2011
 - Útflutningur 309.000 tonn (ca. 11.500 teu) / innflutningur 162.000 tonn (ca. 6.200 teu) eða samtals 471.000 tonn (ca. 17.700 teu). Gert ráð fyrir ca. 5,0% aukningu árin 2012 og 2013
- Ekkert í spilunum annað en að við klárum að framlengja honum til ársloka 2013

7640. Samkvæmt þessu gagni gerði Eimskip ráð fyrir því að halda flutningum fyrir Norðurál eftir nóvember 2011. Átti Eimskip því ekki von á því að Samskip myndi gera atlögu að þessum viðskiptavinum og bjóða betur. Í framangreindri áætlun útflutningsdeildar Eimskips frá 15. desember 2010 vegna ársins 2011 er einnig fjallað um Norðurál. Þrátt fyrir að samningurinn við Norðurál myndi renna úr gildi á árinu 2011 koma engar áhyggjur fram um að Samskip muni reyna að ná þessum mikilvæga viðskiptavinum í viðskipti til sín. Þá ber að áréttu að að þrátt fyrir beiðni Elkem um að Eimskip myndi bjóða í flutninga fyrirtækisins var í þessari áætlun ekki að finna neina umfjöllun um að Eimskip myndi reyna að ná þessum mikilvæga viðskiptavinum Samskipa í viðskipti.

7641. Þessi gögn Eimskips eru í samræmi við gögn Samskipa frá árinu 2010 sem reifuð voru hér að framan. Í glærुकynningu (S)forstj og (S)frkvstj-millilandasv „Board meeting Strategy Samskip Iceland 8-10th February 2010“ var því lýst hvernig Samskip hf. telji að markaðurinn fyrir sjóflutninga muni þróast til og með árinu 2014. Ber kynningin m.a. með sér að Samskip hafi ekki ætlað sér að reyna að ná Norðurál í viðskipti og að Samskip höfðu ekki áhyggjur af því að Eimskip myndi reyna að ná Elkem í viðskipti. Hið sama er lagt til grundvallar í gögnum útflutningsdeildar Samskipa frá 19. september 2010 sem varða áætlun fyrir árið 2011. Sama stefnumörkun kemur fram í glærुकynningunni „Útflutningsdeild áætlun rekstraruppgjör 2011“ sem (S)forstö-útfli sendi til (S)forstj og (S)frkvstj-millilandasv 20. október 2010. Í henni var áfram lagt til grundvallar að Samskip héldu Elkem í viðskiptum og engin áform um að ná mikilvægum viðskiptavinum eins og Norðuráli frá Eimskip.

7642. Á fyrrnefndum glærum útflutningsdeildar Eimskips vegna vinnufundar 14. – 15. september 2010 var vísað til samnings fyrirtækisins við Norðurál sem væri í gildi til nóvember 2011 og ekkert „í spilunum annað en við klárum að framlengja honum til ársloka 2013.“ Hér skiptir máli að þann 23. desember

³⁷⁷⁴ Afritað tölvuskjal frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.189653.



2010 var óskað eftir því að Samskip gerðu tilboð í vikulega flutninga á áli frá Norðuráli á Grundartanga til Rotterdam. Nokkrum mínútum eftir að þessi ósk barst sendi (S)forstö-útl eftirfarandi tölvupóst til (S)frkvstj-millilandasv (afrit til (S)forstj):

„Hér er 150.000 mt. í boði frá Norðuráli í gegnum Billington, hljómar kunnuglega. Eigum að taka grænendinginn á þetta???”³⁷⁷⁵

7643. Eins fram hefur komið var talað um „grænensk“ verð (eða „vera grænenskir“) hjá Samskipum þegar kom til álita að bjóða samkeppnishæf verð. Skal rifjað upp að áður en „Nýtt upphaf“ verkefnið hófst var rætt um „grænenska daga“ og „herferð“ þegar til stóð að bjóða mikilvægum viðskiptavinum Eimskips verð með því markmiði að ná þeim í viðskipti, sbr. kafla 6.7.6. Við skýrslutöku hjá lögreglu sagði (S)frkvstj-millilandasv að hugtakið „grænenskir dagar“ þýddi að „fara í útsölugírinn“/„tax free dagar“/„bjóða lág verð til að ná í meira magn“.³⁷⁷⁶
7644. Verður því að leggja til grundvallar að í þessari spurningu (S)forstö-útl 23. desember 2010 til yfirmanna sinna hafi falist hvort bjóða ætti mjög samkeppnishæft verð í þessa flutninga fyrir þennan afar mikilvægan viðskiptavin Eimskips.
7645. Ekki hafa fundist svör (S)frkvstj-millilandasv eða (S)forstj við þessum tölvupósti en fyrir liggur að (S)forstö-útl hitti (S)frkvstj-millilandasv á fundi síðar þennan sama dag.³⁷⁷⁷
7646. Þann 2. janúar 2011 sat (S)forstö-útl kvöldverðarboð heima hjá (E)forstj, sbr. kafla 13.
7647. Ljóst er að Samskip sýndu þessari beiðni um tilboð vegna Norðuráls afar takmarkaðan áhuga. Þetta sést af því að þann 5. janúar 2011 sendi tilboðsbeiðandi eftirfarandi tölvupóst:
- „Can i have an URGENT response please.“³⁷⁷⁸*
7648. Ekkert svar barst frá Samskipum og þann 10. janúar 2011 sendi tilboðsbeiðandi annan tölvupóst til Samskipa:
- „***Reminder****
- Could we please have a quote for the below mentioned business“.³⁷⁷⁹*
7649. Þessir tölvupóstar sýna að tilboðsbeiðandi þurfti ítrekað að kalla eftir viðbrögðum frá Samskipum. Aðgerðarleysi Samskipa vekur sérstaka eftirtekt með hliðsjón af því að um var að ræða stærsta viðskiptavin Eimskips í útflutningi á þessum tíma.
7650. Engin gögn hafa fundist sem gefa til kynna að Samskip hafi sett fram „grænenskt“ eða annars konar tilboð í þessa flutninga á áli fyrir Norðurál. Þá hafa Samskip staðfest í athugasemdum sínum við AII að fyrirtækið hafði ekki áhuga á viðskiptum Norðuráls á þessum tíma, sbr. mgr. 1574.
7651. Virða ber saman atvik tengd Elkem og Norðuráli. Í báðum tilvikum höfðu þessir mikilvægu viðskiptavinir frumkvæði að því að leita tilboða. Elkem sneri sér til Eimskips og Norðurál til Samskipa. Þrátt fyrir þetta frumkvæði þessara viðskiptavina sýndu Eimskip og Samskip engan áhuga. Engu breytti þótt Samskip væri þrábeðið um gefa tilboð vegna flutninga fyrir Norðurál. Í samtímagögnum er ekki finna neinar málefnalegar ástæður fyrir þessu áhugaleysi Samskipa og Eimskips. Ástæða þessa var hið ólögmeta samráð við Samskip sem Eimskip hefur viðurkennt að hafi verið fyrir hendi á þessum tíma. Í sátt Eimskips frá 16. júní 2021 er þannig viðurkennt að m.a. á árinu 2010 hafi

³⁷⁷⁵ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.1024325.

³⁷⁷⁶ Endurrit skýrslu [...] hjá lögreglu, bls. 72-73.

³⁷⁷⁷ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.1024531.

³⁷⁷⁸ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.1026087.

³⁷⁷⁹ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.1026950.



alvarleg brot Eimskips gegn 10. gr. samkeppnislaga falist í samráði við Samskip um „*skiptingu á mörkuðum eftir stærri viðskiptavinum í sjó- og landflutningum.*“

14.36.7. Alcan, Thorship og Wilson

7652. Alcan í Straumsvík fór einnig á árinu 2010 að huga að nýjum flutningasamningi. Sem fyrr segir hafði Eimskip annast alla flutninga á áli fyrir Alcan. Eftir útboð var hins vegar tilkynnt í apríl 2008 að Alcan hefði samið við norska fyrirtækið Wilson. Gilti sá samningur frá 1. júlí 2008 til 30. júní 2011. Alcan hóf á árinu 2010 undirbúning að nýju útboði.

14.36.7.1. Samskip ræða að „skipta á bitum við Wilson“

7653. Wilson var eigandi að fyrirtækinu Green Reefers en það var keppinautur Samskipa (og dótturfélags Samskipa Silver Sea) og Eimskips í útflutningi á frystum fiski m.a. frá Íslandi. Hér skiptir máli að sumarið 2010 hófu Samskip/Silver Sea umfangsmikið samstarf við Green Reefers. Sýna gögnin að Samskip sneri sér til Wilson/Green Reefers og óskaði eftir viðræðum um samstarf. Viðræður hófust og þær skiluðu árangri á árinu 2010. Hafði það samstarf að markmiði að draga úr samkeppni og hækka flutningsgjöld á m.a. frystum fiski frá Íslandi. Samkvæmt samtímagögnum Eimskips var fyrirtækinu þetta ljóst og fjallaði um hina skertu samkeppni sem af þessu leiddi með velþóknun. Er þessu lýst með ítarlegum hætti í kafla 20.5. Hér er þó rétt að hafa í huga tölvupóst sem (S)forstj sendi (S)frkvstj-MCL í maí 2010. Í honum var lýst eignarhaldi Wilson á öðrum fyrirtækjum:

„NCL³⁷⁸⁰ and ECL³⁷⁸¹ are very important clients of Frigocare³⁷⁸² container terminal in Aalesund

ECL is owned by Wilson - they also own Green Reefers whom we are establishing a close partnership via Silver Sea

Wilson is also owner of Neskip in Iceland and Thorship.“

7654. Ljóst er samkvæmt framansögðu að Wilson samstæðan var keppinautur Samskipa og Eimskips á ýmsum sviðum.³⁷⁸³

7655. Thorship var sem fyrr segir keppinautur Samskipa og Eimskips. Bauð Thorship á þessum tíma m.a. upp á gámaflutninga milli Straumsvíkur í Hafnarfirði og Rotterdam. Nýtti Thorship sér pláss í skipum Wilson. Í júní 2008 og febrúar 2009 fjallaði (S)forstj um Wilson og Thorship. Þá átti Eimskip fund með Thorship á árinu 2009:

- Í júní 2008 sagði (S)forstj eftirfarandi um þetta framangreinda fyrirkomulag Wilson/Thorship: *„This setup will be a threat and competition to us, that´s for sure.“*³⁷⁸⁴
- Í febrúar 2009 spurði (S)forstj (S)frkvstj-millilandasv að því hvort hann væri búinn að láta skoða hugmynd um ólögmeða markaðsskiptingu við Wilson („*varstu búinn að láta spá í þá hugmynd að við myndum skipta á bitum við Wilson, þe Alcoa og Alcan, hvernig það kæmi út fyrir okkur og þá, ræddum stuttlega um daginn.*“). Fólst í þessu hugmynd um að flutningar fyrir Alcoa myndu færast frá Samskipum til Wilson og flutningar fyrir Alcan færast frá Wilson til Samskipa, sbr. kafla 14.16.1.
- Í kafla 14.16.3 er gerð grein fyrir fundi sem (E)frkvstj-sala/þj átti með Thorship í júlí 2009.

³⁷⁸⁰ NorthSea Container Line.

³⁷⁸¹ Euro Container Line.

³⁷⁸² Samskipasamstæðan rak á þessum tíma frystigeymslur undir heitinu Frigocare.

³⁷⁸³ Til viðbótar má t.d. nefna tölvupóst sem [...] fékk frá undirmanni þann 27. október 2010 þar sem lýst er samkeppni við Wilson í stórflutningum: *„We are currently evaluating the breakbulk service into the Oslofjord since we lost recently the steel shipments from the Salgitter Group. We couldn't compete any longer with Wilson who finally gained this account at incredible low freight rates.“* Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.798850.

³⁷⁸⁴ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.476872.



- Í tölvupósti (S)forstj til (S)frkvstj-millilandasv frá 20. janúar 2010 var vísað til mögulegs samstarfs við Thorship og Eimskip, sbr. kafla 14.19.

14.36.7.2. Eimskip fundar með Thorship

7656. Samkvæmt framansögðu vísaði (S)forstj í janúar 2010 til mögulegs samstarfs við bæði Eimskip og Thorship/Wilson. Segja Samskip í athugasemdum við AII að fyrirtækið hafi á þessum tíma verið að velta fyrir sér samstarfi við framangreinda aðila með þeim hætti að Samskip nýttu flutningskerfi þeirra.³⁷⁸⁵
7657. Fyrir liggur einnig að forstöðumaður útflutningsdeildar Eimskips, (E)forstö-útfli, átti fund með Thorship þann 29. janúar 2010. Átti (E)forstö-útfli frumkvæði að fundinum en ekki kemur fram hvert efni fundarins var.³⁷⁸⁶ (E)forstö-útfli bar m.a. ábyrgð á útflutningi Eimskips á áli. Eins og áður sagði hafði yfirmaður hans, (E)frkvstj-sala/þj, einnig átt fund með Thorship sumarið 2009.
7658. Í þessu samhengi er einnig rétt að horfa til samskipta innan Jóna þann 30. mars 2010. Sendi (S)frkvstj-Jóna tölvupóst til undirmanna sinna, (S)starfsm-Jóna og (S)starfsm. Greindi hann frá því að von væri á (S)forstj, (S)frkvstj-millilandasv og (S)forstö-innfl1 á fund hjá Jónum. Á honum ætti að ræða samkeppni við Thorship, TVG og Icettransport. Síðan sagði (S)frkvstj-Jóna:
- „Á ekki von á neinni sérstakri niðurstöðu á þeim fundi annarri en þeirri að [(S)forstj] vilji nálgast Thorship og ræða málin við þá. Hefur þú nokkuð heyrt frá [frkvstj-Thorsh] hjá Thorship?“*
7659. (S)starfsm svaraði um hæl spurningu (S)frkvstj-Jóna um hvort hann hefði verið í sambandi við Thorship:
- „Alltaf gott að spjalla ... málin eru að vísu að verða æ alvarlegri þegar munar um og yfir 20% EFTIR AÐ við eru búnir að taka niður í 50/m3 og 20 - 25% af eftirkröfum eins og er að gerast nokkrum sinnum undanfarið*
- [frkvstj-Thorsh] hefur ekki svarað, en ég var að minna hann á mig í morgun með pósti*
- Mér finnst einhvern veginn ekki að [(S)forstj] eigi að nálgast [frkvstj-Thorsh] á þessu stigi... en það er bara mitt álit.“³⁷⁸⁷*
7660. Samkvæmt þessu taldi (S)frkvstj-Jóna sig vita að (S)forstj vildi hitta framkvæmdastjóra Thorship (frkvstj-Thorsh) og gögn málsins sýna að um miðjan september 2010 átti (S)forstj fund með Thorship. Í gögnunum kemur einnig fram að (S)frkvstj-Jóna kom síðar á árinu 2010 að undirbúningi Samskipa vegna útboðs Alcan.
7661. Þessi gögn frá Jónum sýna einnig að fyrirtækinu þótti í mars 2010 verðsamkeppni frá Thorship verða „æ alvarlegri“ og við blasir að (S)frkvstj-Jóna hafði lagt fyrir undirmann sinn að hafa samband við Thorship og hann hefði gert ítrekaðar tilraunir til þess. Gögn málsins sýna einnig að þegar Alcan hóf haustið 2010 undirbúning að útboði á flutningum sínum gerðu bæði Samskip og Eimskip athugasemdir við Alcan vegna umræddrar samkeppni frá Thorship. Einnig óskuðu Samskip eftir samvinnu við Wilson í útboðinu. Er þessu lýst hér á eftir.
7662. Sem fyrr segir hófst undirbúningur að útboði Alcan haustið 2010 en gildistími samningsins við Wilson var sem fyrr segir til loka júní 2011. Sýna gögnin að í lok ágúst átti (S)forstj í samskiptum við Alcan. Sendi hann tölvupóst til stjórnanda hjá Alcan 26. ágúst 2010 og í honum sagði: „Langaði aðeins að heyra í þér með flutningana hjá ykkur - í hvaða númer næ ég á þig?“³⁷⁸⁸

³⁷⁸⁵ Mgr. 1547 í athugasemdum Samskipa við AII.

³⁷⁸⁶ Afrituð tölvupóstsamskipti frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.89498.

³⁷⁸⁷ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.34.417711.

³⁷⁸⁸ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.774658.



14.36.7.3. Samskip funda með Thorship

7663. (S)forstj fjallaði áfram um Alcan, Wilson og Thorship í tölvupósti sem hann sendi (S)frkvstj-millilandasv og (S)forstö-innfl1 þann 3. september 2010. Þann 16. september 2010 átti (S)forstj fund með framkvæmdastjóra Thorship.
7664. Í ofangreindum tölvupósti (S)forstj frá 3. september 2010 sagði: „Ræddum Alcan í gær, en ég hafði talað við [stjórnandi hjá Alcan] í sl viku - hann er að reyna að ná samkomulagi við Wilson um framlengingu á samstarfi, nú til næstu 5 ára.
- Þeir eru mjög ánægðir með þjónustuna, og verðin, segir hann, en vilja fá stærri skip, nú fyrr inn, áður en farið er í stækkun, en stækkunin mun þýða aukinn útflutning upp á 45 þús tonn árlega.*
- Vinsamlega ígrunda vel neðangreint magn - skipin sem þeir eru með - mögulegt samstarf sem við gætum komið á með Thorship, en það er Alcan sem endurleigir Thorship pláss í skipunum.*
- Þetta gæti verið mjög áhugavert, en rétt er að ígrunda þetta allt saman hratt nú, þar sem líklegt er að Alcan og Wilson nái saman nú í sept og rétt að koma að þessu áður.“³⁷⁸⁹*
7665. Í þessum tölvupósti (S)forstj var þannig í tengslum við útboð Alcan vísað til hugsanlegrar samvinnu við Thorship.
7666. Gögn málsins sýna að (S)forstj og [...] (framkvæmdastjóri Thorship) ræddu saman í síma 15. september 2010 og ákváðu að hittast morguninn eftir kl. 9:00 hjá Samskipum.³⁷⁹⁰
7667. Virt saman gefa þessi gögn til kynna að (S)forstj hafi á þeim fundi 16. september 2010 a.m.k. viljað ræða flutninga Thorship með álskipum Wilson til Straumsvík og fyrirhugað útboð Alcan.

14.36.7.4. Óánægja með samkeppni frá Thorship

7668. Á svipuðum tíma og (S)forstj ræddi við Thorship voru viðskipti við fyrirtæki í stóriðju til umfjöllunar hjá Eimskip í september 2010, sbr. framangreind glærुकyning vegna vinnufundar útflutningsdeildar Eimskips 14. og 15. september 2010. Er þar m.a. fjallað um Alcan, Wilson og Thorship:

³⁷⁸⁹ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.777308.

³⁷⁹⁰ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.781687.



Rio Tinto/Alcan – Staðan / Næstu skref



- Flutningasamningur við Wilson/Nesskip via Thor Ship um áflutninga til Rotterdam og anóðuflytninga frá Rotterdam er í gildi til 30. júní 2011
- Thor Ship notar autt pláss frá Rotterdam til að bjóða "3rd party" aðilum flutninga á lágu verði, sem losaðir eru í Straumsvík
- Þurfum að finna "JV – OPE" félag til að fá þessa flutninga, því Wilson tók þetta á "rock bottom" leiguverði (ca. EUR 2.650 / dag)
- Mikilvægt að gera atlögu og ná þessum flutningum
- Funda þarf fljótlega vegna þessa, í þeirri röð, sem hér segir:
 - [REDACTED] þarf að taka spjall við [REDACTED], fyrrverandi innkaupastjóra
 - [REDACTED] þarf að þreifa á [REDACTED] framkvæmdastjóra og m.a. plögga fund með [REDACTED]
 - [REDACTED] & [REDACTED] þurfa að funda með [REDACTED] og [REDACTED] til að þreifa á stöðunni, m.a. að kynna [REDACTED] "mjúka" forstjórnann okkar til leiks og fá svar við því hvort við eigum ekki örugglega afturkvæmt
- Ljóst að þessir flutningar fara ekki aftur í línuna
- Gera þarf ráð fyrir 2 x "dedicated" skipum í þessa þjónustu þannig að hún verði vikuleg
- Myndum vinna þau skip hjá "Rhenus" í Rotterdam sem er helmingi ódýrari í "bulk" vöru en "Uniport"
- Veit að SR er búið að funda með [REDACTED] og lýsa yfir óánægju með það að verið sé að þjónusta Ísal með erlendum áhöfnum og það sé nú ekki Íslandsvænt
- Samkeppni: Wilson/Nesskip via TS, Samskip og ýmsir aðrir aðilar í stórflutningum

7669. Samkvæmt þessu var mikilvægt að gera „atlögu“ og reyna að ná Alcan viðskiptunum frá Wilson. Á þessum tíma vissi Eimskip að Elkem hefði áhuga á að bjóða út sína flutninga en hvergi kom fram áhugi á að gera „atlögu“ vegna þess mikilvæga viðskiptavinar Samskipa. Ástæða þessa var hið ólögsmæta samráð við Samskip. Þá kemur fram að Thorship bjóði umrædda flutninga á „lágu verði“ og eftirfarandi gögn frá 20. nóvember 2010 sýna að bæði Eimskip og Samskip kvörtuðu yfir þessu.

7670. Lykilstjórnendur hjá Samskipum og Eimskip (m.a. (S)frkvstj-millilandasv og (E)frkvstj-sala/þj) hittust þann 11. október 2010 vegna þátta sem féllu undir „Nýtt upphaf“ verkefni fyrirtækjanna, sbr. kafla 14.33.4.

7671. Þann 20. október 2010 sendi (S)forstj tölvupóst til m.a. (S)frkvstj-millilandasv. Fjallaði hann um siglingakerfi og skip Eimskips og samstarf við BWS. Einnig var fjallað um Wilson/Thorship:

„Wilson

-þar vitum við nákvæmlega hvað þeir eru að flytja, sem og Thorship, og getum kastað tölum á kostnað við kerfi

-þurfum hér að vera með hugmyndir um hvernig við nýtum þetta grunnkerfi ef við kæmumst í að reka.“³⁷⁹¹

7672. Varðaði þessu tölvupóstur (S)forstj þannig útflutning Wilson á áli fyrir Alcan og tengda flutninga Thorship.

7673. Fjallað var um siglingakerfi og Eimskip á fundi stjórnar Samskipa hf. þann 25. október 2010. Í fundargerð er þessu lýst svo: „(S)frkvstj-millilandasv kynnti siglingakerfi Samskipa og

³⁷⁹¹ Sjá kafla 20.4.1.



samkeppnisaðila er sinna þjónustu til Íslands og Færeyja. Helstu niðurstöður um umræður um kerfi eru: [...]

-Alcan mun fara í útboð á næstu vikum, og er ákaflega áhugavert að nýta það tækifæri og endurreisa 4ra skipa kerfi fyrir Ísland með þeirra magni sem grunn að stækkun á núverandi kerfi, mun Samskip fylgja þessu tækifæri vel eftir, þó ljóst sé að erfitt verður að bjóða á mótí Thorship/Alcan.³⁷⁹²

7674. Eins og áður sagði hafði (S)frkvstj-millilandasv setið fund með m.a. (E)frkvstj-sala/þj þann 11. október 2010 og vekur eftirtekt að (S)frkvstj-millilandasv taldi aðeins „erfitt“ að bjóða á mótí Thorship í útboði Alcan en nefndi ekki Eimskip sem þó hafði annast þessa flutninga um árabíl á undan Wilson/Thorship.
7675. (S)frkvstj-Jóna kom að undirbúningi Samskipa vegna útboðs Alcan, sbr. tölvupóstur hans frá 4. nóvember 2010 til (S)forstj og (S)frkvstj-millilandasv. Tveimur dögum áður hafði (S)frkvstj-Jóna vísað til samtals við (E)frkvstj-sala/þj.³⁷⁹³
7676. Í þessum tölvupósti (S)frkvstj-Jóna frá 4. nóvember 2010 greindi hann (S)forstj og (S)frkvstj-millilandasv frá samskiptum við Alcan. Sagði hann að gögn vegna útboðsins yrðu send út 20. – 30. nóvember 2010 og útboðið yrði opnað 10. – 15. janúar 2011. Einnig kom fram að Samskip hefðu beðið um aukinn frest til að skila tilboði. Síðan sagði í tölvupósti hans: „Óskir og þarfir RT Alcan liggja algörlega fyrir sbr skipastærð, tíðni, tímalengd á samning og svo framvegis og væntanlega fátt sem að á eftir að koma okkur á óvart í útboðsgögnunum og því er mikilvægt að nýta tíman vel í undirbúning í viðræður við þá skipseigendur sem að koma til greina.
- þarfirnar: 2 x 5500 tonna skip, 5 ára samningur frá 1 júlí 2011 (með framlengingarmöguleikum).*“³⁷⁹⁴
7677. Þann 8. nóvember 2010 var haldinn „langur“ fundur milli Samskipa og Eimskips. (S)frkvstj-millilandasv sat m.a. fundinn fyrir hönd Samskipa og (E)frkvstj-sala/þj og (E)forstö-innfl af hálfu Eimskips. Vörðuðu samskiptin þætti sem féllu undir „Nýtt upphaf“ verkefni fyrirtækjanna, sbr. kafla 14.33.6.
7678. Sama dag og fundurinn með Eimskip var haldinn framsendi (S)forstj framangreindan tölvupóst (S)frkvstj-Jóna frá 4. nóvember 2010 (um Alcan útboðið) til (S)frkvstj-millilandasv og tók eftirfarandi fram;
- „væri hugmynd að starta vinnuhóp strax sem fer í að spá og spekúlera, þannig að tími vinni með okkur, hætta á að hann vinni annars á mótí. Ma þarf hópur að meta hvort ég eigi að ræða við [Starfsm-Wilson], og á hvaða stigi etc.“*
7679. Starfsm-Wilson var lykilmáður hjá Wilson samstæðunni.³⁷⁹⁵ Var (S)forstj samkvæmt þessu að leggja til að undirmenn hans myndu m.a. meta það með honum hvort taka ætti upp viðræður við keppinautinn Wilson í tengslum við útboð Alcan. (S)frkvstj-millilandasv svaraði og sagði þetta vera góða hugmynd og hans undirmenn væru „byrjaðir að skoða skipakost“.³⁷⁹⁶ Vildi hann ræða þetta betur síðar um daginn en þegar hann sendi tölvupóst sinn var hinn „langi“ fundur hans með (E)frkvstj-sala/þj og (E)forstö-innfl að byrja. Daginn eftir hittust (S)frkvstj-millilandasv og (E)frkvstj-innanl á fundi, sbr. kafla 13.
7680. Þann 11. nóvember 2010 var aftur haldinn fundur Samskipa og Eimskips. Af hálfu Samskipa sat m.a. (S)frkvstj-millilandasv fundinn og m.a. (E)frkvstj-sala/þj af hálfu Eimskips. Eins og áður ræddu þarna

³⁷⁹² Sjá kafla 14.33.4.6 hér að framan.

³⁷⁹³ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.34.394824.

³⁷⁹⁴ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.802658.

³⁷⁹⁵ Kom að sameiginlegu fyrirtæki (JV) sem Silver Sea og Green reefer stofnuðu á þessum tíma. Sjá sérstaklega tölvupóst [...] frá 23.11.2010, sbr. kafla 14.36.7.5.

³⁷⁹⁶ Afrituð tölvupóstsamskipti frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.803340.



æðstu yfirmenn þætti sem féllu undir ólögmaett „Nýtt upphaf“ verkefni fyrirtækjanna, sbr. kafla 14.33.7.

7681. Þann 17. nóvember 2010 sendi (S)forstj tölvupóst til m.a. (S)frkvstj-millilandasv og vildi ræða síðar um daginn um m.a. Alcan útboðið.³⁷⁹⁷
7682. Þann 20. nóvember 2010 sendi (E)frkvstj-skiparekst tölvupóst til (E)forstj (afrit til (E)deildstj-útfll). Með honum var að finna minnisblað (E)frkvstj-skiparekst (merkt trúnaðarmál) sem lýsti fundi hans með framkvæmdastjóra fjármálasviðs Alcan sama dag.³⁷⁹⁸ Í minnisblaðinu er fjallað um fyrirhugað útboð Alcan og kemur fram að framkvæmdastjórinn hafi nefnt að í;
- „núverandi „setup“ væru þeir [Alcan] að rukka Thor Ship um „slot“ í Wilson skipunum, sem er að mínu mati alltof lágt og þannig getur það fyrirtæki boðið mun lægri innflutningsverð til íslenska markaðarins í skjóli ÍSALS og ég fór vel yfir mitt álit á því með [framkvæmdastjóranum]“.*
7683. Í minnisblaði (E)frkvstj-skiparekst kemur einnig fram að framkvæmdastjórinn hjá Alcan hefði „oft heyrt í nafna mínum hjá Samskip [(S)forstj], aðallega þar sem hann kvartaði undan Thor Ship „concept“.“
7684. Samkvæmt þessu höfðu bæði (E)frkvstj-skiparekstog (S)forstj kvartað við Alcan yfir þeirri samkeppni sem Thorship gat veitt með því að bjóða upp á almenna gámaflutninga í skipum Wilson sem fluttu ál frá Straumsvík til Rotterdam. Hér ber og að hafa í huga framangreind gögn Jóna frá mars 2010 sem sýna einnig að dótturfélagi Samskipa þótti í mars 2010 verðsamkeppni frá Thorship verða „æ alvarlegri“ og við blasir að (S)frkvstj-Jóna hafði lagt fyrir undirmann sinn að hafa samband við Thorship og hann hefði gert ítrekaðar tilraunir til þess. Einnig var í þeim gögnum rætt um fund (S)forstj með Thorship og ljóst er að hann fundaði með framkvæmdastjóra Thorship 16. september 2010. Hvergi í þessum gögnum er að finna að Samskip eða Eimskip kvörtuðu yfir samkeppni frá hvort öðru. Er það í samræmi við önnur gögn málsins og það samráð sem ríkti á þessum tíma milli keppinautanna.
7685. Í minnisblaði (E)frkvstj-skiparekst frá 20. nóvember 2010 kemur einnig fram að Eimskip hafi hafið undirbúning að því að setja fram tilboð í útboði Alcan.

14.36.7.5. Samskip snúa sér til Wilson

7686. Sem fyrr segir fékk (S)forstj góð viðbrögð hjá (S)frkvstj-millilandasv við þeirri hugmynd að ræða við Wilson vegna Alcan útboðsins. Vekur hér sérstaka eftirtekt að (S)forstj sneri sér til Wilson áður en hann hafði fengið útboðsgögn í hendur frá Alcan:
- Þann 23. nóvember 2010 sendi (S)forstj tölvupóst til framangreinds starfsm-Wilson hjá Wilson samstæðunni og vildi ræða tvö mál við hann á fyrirhuguðum fundi í Bergen í Noregi :
- „We will meet within two weeks from here, to discuss our partnership in Silver Green AS - many things to discuss there [...]*
- I hear that the Alcan Rio Tinto transportation contract is for renewal in the new year*
- I would very much like to discuss that business with you when we meet in Bergen.“³⁷⁹⁹*
- Þann 2. desember 2010 sendi (S)forstj tölvupóst til (S)frkvstj-millilandasv og spurði hvort útboðsgögnin vegna Alcan væru komin. (S)frkvstj-millilandasv svaraði um hæl (kl. 11:37) „Ja -

³⁷⁹⁷ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.806796.

³⁷⁹⁸ Afritaður tölvupóstur frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.699903.

³⁷⁹⁹ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.810371.



vid skulum setjamst [svo] saman yfir thetta med (S)frkvstj-Jóna a morgun". (S)forstj svaraði kl. 11:38 og bað (S)frkvstj-millilandasv um að senda sér gögnin.³⁸⁰⁰

- Í umræddum útboðsgögnum kemur m.a. fram að um sé að ræða vikulegar siglingar milli Straumsvíkur og Rotterdam með tveimur skipum. Flytja skuli ál, rafskaut og almennan farm. Eru tilgreindar kröfur til skipa, gerð grein fyrir umfangi þessara flutninga og því lýst með hvaða hætti skuli bjóða. Skilafrestur tilboða var 20. janúar 2011. Upplýsingafundur um útboðið verði haldnir í Hollandi 13. eða 14. desember 2010.

7687. Þessi gögn sýna að (S)forstj vildi ræða við fulltrúa Wilson um fyrirhugað útboð Alcan en auk Samskipa var bæði Eimskip og Wilson boðið að taka þátt í útboðinu. Einnig átti að ræða við Wilson um samstarfið á vettvangi Silver Green. Er ljóst að (S)forstj vildi nýta Silver Green tengslin til þess að ræða Alcan útboðið við keppinautinn Wilson. Sem fyrr segir ákvað (S)forstj þann 23. nóvember 2010 að ræða við Wilson áður en hann hafði kynnt sér útboðsgögnin (sem hann fékk í hendur 2. desember 2010).
7688. Daginn eftir, 24. nóvember 2010, átti sér aftur stað fundur milli Samskipa og Eimskips, sbr. kafla 14.33.8. Af hálfu Samskipa sat (S)frkvstj-N-Am fundinn og (E)forstj af hálfu Eimskips. (S)forstö-útlfl hafði undirbúið þennan fund. Næsta dag, 25. nóvember 2010, funduðu (E)frkvstj-sala/pj og (S)frkvstj-millilandasv, sbr. kafla 14.33.10.
7689. Eitt þeirra fyrirtækja sem boðið var að taka þátt í útboði Alcan var Rhenus.³⁸⁰¹ Þann 30. nóvember 2010 sendi (E)frkvstj-skiparekst tölvupóst til (E)frkvstj-Holl (afrit til (E)deildstj-útlfl1) og greindi frá viðræðum við Alcan um fyrirhugað útboð. Til þess að sinna þessum flutningum þurfi tvö skip („dedicated vessels“) og væri (E)deildstj-útlfl1 að leita eftir þeim. Síðan segir: „Therefore I wonder if I should meet with Rhenus on Wednesday afternoon to get closer to them and find out more about the system in place and what we would be facing if we succeed in this?“
7690. (E)frkvstj-skiparekst bað (E)frkvstj-Holl um að senda sér upplýsingar um það við hvern hann ætti að hafa samband hjá Rhenus. Framsendi (E)frkvstj-skiparekst þennan tölvupósti til (E)frkvstj-alþjvsv.³⁸⁰²
7691. Þann 3. desember 2010 hittust (E)frkvstj-alþjvsv og (S)forstj, sbr. kafla 14.33.11. Þann 7. desember 2010 átti sér stað samtali milli (S)frkvstj-millilandasv og (E)frkvstj-sala/pj, sbr. kafla 14.33.12.
7692. Þann 8. desember 2010 sendi (S)forstj aftur tölvupóst til starfsm-Wilson hjá Wilson með heitinu „Rio Tinto Alcan“. Í honum sagði:
- „Thanking for good and constructive meeting of yesterday. I refer to our talks on the aluminium contract that is out for a tender process now. As mentioned, I think there might be interesting opportunities if Wilson and Samskip would join forces here. Wilson, as before, to provide vessels for the service - Samskip able to contribute important cargo flows on the imports from Holland to Iceland, containerized cargoes.“³⁸⁰³*
7693. Þann 9. desember 2010 hittust Samskip og Eimskip. Af hálfu Samskipa sat m.a. (S)frkvstj-millilandasv fundinn og m.a. (E)frkvstj-sala/pj af hálfu Eimskips, sbr. kafla 14.33.14. Vörðuðu samskiptin þætti sem féllu undir hið ólögmeta „Nýtt upphaf“ verkefni fyrirtækjanna. Öll samskipti Samskipa og Eimskips sem vörðuðu einstaka þætti þess voru einnig ólögmet, sbr. kafla 11.
7694. Gögn málsins gefa til kynna að (S)frkvstj-Jóna og (E)frkvstj-sala/pj hafi setið saman í afmælisveislu 11. desember 2010, sbr. kafla 14.33.11.

³⁸⁰⁰ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.814201.

³⁸⁰¹ Greint frá þessu í tölvupósti [...] frá 04.01.2011 til m.a. [...] sem fjallað er um síðar í þessum kafla.

³⁸⁰² Afritaður tölvupóstur frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.420432.

³⁸⁰³ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.816441.



7695. Starfsm-Wilson framsendi tölvupóst (S)forstj frá 8. desember 2010 til stjórnenda hjá Wilson. JB hjá Wilson svaraði tölvupósti (S)forstj þann 12. desember 2010. Í honum segir: „with reference to your e-mail below and discussions with Mr [starfsm-Wilson]

Without committing ourselves at this stage, we find the idea to improve competitiveness through a partnership with Samskip interesting. Wilson has not decided on how to address the tender yet, size and type of vessels being one of the key factors that remains to be concluded. Also a few other obstacles has to be bridged before such a partnership will be considered beneficial by Rio Tinto Alcan, flexibility, guaranteed volumes, and terminals used being some of them.

*I suggest we try to set up a meeting early January to discuss potential and interest. Please let me know if and when such a meeting would be convenient.*³⁸⁰⁴

7696. Daginn eftir sendi (S)forstj tölvupóst til (S)frkvstj-millilandasv og sagði að hann vildi ræða við (S)frkvstj-millilandasv um Alcan útboðið morguninn eftir.³⁸⁰⁵ Eftir samtal þeirra sendi (S)forstj tölvupóst til JB hjá Wilson. Í honum sagði:

„We would propose a meeting to take place in Bergen 5,6 or 7th of January - would have the opportunity there to explore the potential of co-operating on the route / tender.”³⁸⁰⁶

7697. Framangreint sýnir að (S)forstj hafði frumkvæði að samskiptum við Wilson og gaf það afar skýrt til kynna að Samskip væru reiðubúin að eiga í samstarfi við Wilson í útboði Alcan. Slíkt samstarf átti undir bannákvæði 10. gr. samkeppnislaga.

7698. Þann 13. – 14. desember 2010 var haldinn í Hollandi kynningarfundur vegna útboðs Alcan. Af hálfu Eimskips sátu (E)frkvstj-skiparekst, (E)deildstj-útf1 og (E)frkvstj-Holl fundinn.³⁸⁰⁷ Af hálfu Samskipa sátu (S)frkvstj-Jóna og (S)forstö-flutnstj fundinn en (S)frkvstj-millilandasv tilkynnti Alcan að hann kæmist ekki.³⁸⁰⁸ Hér ber og að hafa í huga að (S)forstö-flutnstj hafði átt í samskiptum við Eimskip vegna „Nýtt upphaf” verkefnisins og (S)frkvstj-millilandasv fól (S)forstö-flutnstj í apríl 2010 að kanna hvort Eimskip myndi setja upp hindranir í tengslum við það að Samskip hættu að nota skip með krana í útflutningi á áli fyrir Alcoa og færu þess í stað að nota kranalaust skip (El Bravo).³⁸⁰⁹ Engar hindranir eða vandamál stöfuðu frá Eimskip, sbr. umfjöllun í kafla 19.4 og 19.5. Í þessu samhengi má einnig benda á að stuttu síðar, 18. febrúar 2011, sendi (S)forstö-flutnstj tölvupóst til (S)frkvstj-millilandasv og lýsti samskiptum við (E)frkvstj-skiparekst. Vísaði hann til gælunafns (E)frkvstj-skiparekst og gerði (S)frkvstj-millilandasv grein fyrir viðkvæmum upplýsingum um áform Eimskips og áframhaldandi samvinnu Samskipa og Eimskips í sjóflutningum. sbr. kafla 20.6.

7699. Þann 3. janúar 2011 sendi (S)forstj tölvupóst til Wilson og tilkynnti að hann kæmist ekki á fund í Bergen þann 6. janúar og yrðu (S)frkvstj-millilandasv og (S)forstö-flutnstj fulltrúar Samskipa.³⁸¹⁰ Var um að ræða fund vegna Alcan útboðsins.

7700. Sem fyrr segir sátu (S)forstö-flutnstj og (S)frkvstj-Jóna fyrir hönd Samskipa kynningarfund í Hollandi vegna útboðs Alcan um miðjan desember 2010. Þann 4. janúar 2011 sendi (S)frkvstj-Jóna tölvupóst til (S)forstj, (S)frkvstj-millilandasv og (S)forstö-flutnstj. Greindi hann frá samskiptum við Alcan þar

³⁸⁰⁴ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.817732.

³⁸⁰⁵ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.818072.

³⁸⁰⁶ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.818354.

³⁸⁰⁷ Afritaður tölvupóstur frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.421323.

³⁸⁰⁸ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...]

³⁸⁰⁹ Fram á árið 2010 sinntu Samskip álútflutningi fyrir Alcoa til Rotterdam með leiguskipi sem var með krana. Þýddi það að Samskip voru ekki háð Eimskip um lestun á skipinu á Reyðarfirði. Ef Eimskip hefði kosið að hætta að lesta álskip Samskipa hefðu Samskip getað lestað það sjálf með krana skipsins. Gögn málsins sýna að eigendur álskips Samskipa hafi hækkað leiguverð og Samskip þá hafið leit að öðru skipi. Bauðst fyrirtækinu tiltekið skip (El Bravo) á hagstæðu verði en það var hins vegar kranalaust. Þetta þýddi að Samskip yrðu með El Bravo algjörlega háð Eimskip um lestun og losun á Reyðarfirði. Gögnin sýna einnig að við undirbúning þessa í apríl 2010 hafi [...] velt því fyrir sér hvort „vandamál” eða „hindranir” gætu komið upp í tengslum við samstarfið við Eimskip á Reyðarfirði. Vildi hann þannig fullvissa sig um að Eimskip myndi halda áfram að þjónusta Samskip á Reyðarfirði.

³⁸¹⁰ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.821865.



sem fram hafi komið að búið væri að ræða við Eimskip, Wilson, Samskip og þrjú önnur skipafélög vegna útboðsins (Rhenus, Nednor og Flinter). Fram kom að (E)frkvstj-skiparekst, (E)deildstj-útf1 og (E)frkvstj-Holl hefðu verið fulltrúar Eimskips á fundinum.³⁸¹¹ Sem fyrr segir hafði (E)frkvstj-Holl fundað með Elkem í Hollandi vegna flutninga fyrir Elkem á Íslandi.

7701. Þann 6. janúar 2011 sendi (S)forstj tölvupóst til (S)frkvstj-Silver og sagði frá því að (S)frkvstj-millilandasv og (S)forstö-flutnstj væru þennan dag í Bergen að ræða við Wilson um samvinnu í útboði Alcan. Jafnframt kom fram í tölvupóstinum að flutningarnir hentuðu ekki fyrir gildandi kerfi Samskipa en að (S)frkvstj-millilandasv og (S)forstö-flutnstj hefðu undanfarnar vikur verið að vinna að lausn á því. Nánar tiltekið segir þetta í tölvupóstinum:

„They [(S)forstö-útf1 og (S)forstö-flutnstj] are visiting Wilson in order to discuss a contract that is out for tender now for Alcan, one of the aluminium smelters here in Iceland. The cargoes are the last three years being shipped with Wilson - but as said is now up for renewal. The cargoes are shipped breakbulk, and not fitting into our systems, but [(S)frkvstj-millilandasv]/[(S)forstö-flutnstj] have been visiting the last weeks potential candidates to win the contract and see if we at Samskip can be apart of the solution. [...]”³⁸¹²

7702. Sýnir þetta að, auk Wilson, voru Samskip í viðræðum við aðra aðila vegna útboðs Alcan.

7703. Á svipuðum tíma sendi (S)forstj tölvupósta til sjálfs sín og minnti sig á verkefni sem tengdust Eimskip. Sendi (S)forstj þannig þann 10. janúar 2011 tölvupóst til sjálfs sín. Í honum var að finna tvær tilvísanir til Eimskips:

„Eimskipapæling

*Stjórnarfundur – vinna: greina utfl / infl uppgjör betur, rsk 2009, samanburður við Eimskip, kunnagreiningar, fundargerð, næstu fundir”.*³⁸¹³

7704. Tilvísun (S)forstj, „Eimskipapæling“, er ekki skýrð í tölvupóstinum en virt með öðrum gögnum málsins er ljóst að hugleiðingar forstjórans á þessum tíma tóku til þess að viðhalda samráðinu við Eimskip og engin ummerki þessum tíma um að fyrirtækin hefðu dregið úr eða fallið frá samfelldu samráði. Öðru nær.

14.36.7.6. Samskip og Wilson vinna saman í útboði Alcan

7705. Bannregla 10. gr. samkeppnislaga og 53. gr. EES-samnings tekur til samskipta fyrirtækja í tengslum við útboð viðskiptavina. Það er niðurstaða Samkeppniseftirlitsins að Samskip hafi með samskiptum og samvinnu við Wilson í útboði Alcan gerst brotleg við framangreint. Þetta brot var til þess fallið að styðja við hið samfellda samráð Samskipa og Eimskips. Rétt er að víkja nánar að þessu.

7706. Þann 13. janúar 2011 sendi Wilson tölvupóst til (S)frkvstj-millilandasv.³⁸¹⁴ Var í honum vísað til símafundar deginum áður og ber tölvupósturinn með sér að Wilson hefði fallist á tillögu Samskipa um að skoða samvinnu í útboði Alcan. Meðfylgjandi var skjalið „Confidentiality Undertaking and Agreement of Exclusivity“ sem Wilson lagði til að fyrirtækin myndu bæði undirrita. (S)frkvstj-millilandasv framsendi þetta daginn eftir til (S)forstj og útskýrði svo:

„Hér er tillaga þeir[ra] að trúnaðaryfirlýsingu sem þeir lögðu til að skrifað yrði undir á milli félaganna ef niðurstaðan verður að fara í þetta saman. Þeirra áhyggjur taka m.a. til þess að hvorki við/né þeir hlaupi frá borðinu á síðustu stundu og ákveði að bjóða í þetta einir eða með þriðja aðila.”³⁸¹⁵

³⁸¹¹ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.822297.

³⁸¹² Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.823187.

³⁸¹³ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.824410.

³⁸¹⁴ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...]

³⁸¹⁵ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.825835.



7707. Samkvæmt þessu taldi Wilson raunhæfa hættu m.a. á því að Samskip gætu sett fram sjálfstætt tilboð í útboði Alcan.
7708. Samkvæmt afhentum tölvupósti Samskipa sendi (S)frkvstj-millilandasv tölvupóst 15. janúar 2011 til lögmanns fyrirtækisins (afrit til (S)forstj og (S)forstö-flutnstj). Var hann hluti af undirbúningi við að svara framangreindri tillögu Wilson um trúnaðaryfirlýsingu og samning um „exclusivity“. Hljóðar hann svo:

„Sælir, hér kemur texti frá mér sem innlegg í plaggið góða. Bið ykkur sérstaklega að skoða með niðurlagið - Rökstuðningurinn fyrir því hvernig þetta fyrirkomulag mun auka samkeppni á markaðnum þarf að koma skýrt fram. Ég er ekki sannfærður um að þetta orðalag fangi það nógu vel - þið skoðið þetta.

Wilson EuroCarriers AS (WEC) is a short sea company working hand in hand with major players in the Norwegian and European industry. Today the Wilson fleet consists of 114 vessels, ranging from 1.500 -10.000 DWT, whereof 78 are owned by the Wilson group. The number of owned vessels in our fleet places us among the largest shipping operators within the European short sea segment. The companies' main focus is to provide its industrial clients with a competitive, reliable, flexible service, at minimum cost - in the best possible way.

Samskip hf (SAMSKIP) is a Container Liner Operator that offers extensive service to customers in Iceland and the Faroe Islands. Today the SAMSKIP operates two liner vessels sailing weekly to/from European mainland, the UK, and Scandinavia and one container vessel on a rotating schedule serving between the port of Reyðarfjörðum on the East Coast of Iceland, the Faroe Islands, Rotterdam and Immingham. SAMSKIP does not own any of the vessels serving in this trade.

Rio Tinto Alcan (RTA) is a global leader in the aluminium industry. RTA is the owner of Alcan Iceland Ltd is one of the largest industrial companies in Iceland. The company plays a big role in Iceland's economy and supplies about 23% of all the goods exported from Iceland. The smelter's current capacity is 183.000 tons p.a. The capacity is expected to increase to 210.000 tons p.a. in 2013.

RTA, on behalf Alcan Iceland Ltd, has put forward a Tender for Transportation in the form of a "Contract of Affreightment" (COA) to serve the transport needs of its smelter in Iceland. The Tender is offered on the open market to through Transmarine acting as a broker.

The form of the COA is a voyage charter, i.e. bidders are asked to offer a fixed lump sum for each roundtrip voyage to RTA. According to the Tender RTA is buying for the full cargo capacity of the vessel on each voyage and has the sole control of same during the contract period. Currently RTA is selling spare capacity on a slot basis to solely to the company Thor Ship, a company that is also acting as port agents for the service.

WEC is holding the current contract of affreightment (COA) for this service on similar terms.

WEC and SAMSKIP intend to join forces in the current Tender process by offer an alternative solution to RTA for this service. WEC and SAMSKIP, intend to make an agreement where SAMSKIP pays WEC a fixed fee for the access of any spare capacity on the vessels in this service. WEC will reflect any such cost savings on to RTA in the Tender.

By having access to this service SAMSKIP will avoid or postpone its need to scale up its current vessel capacity and to increase the number of vessels in service in order to be able to offer two departures a week as is currently being offered by Eimskip, the market leader in containerised transport to/from



Iceland. This arrangement is believed to increase competition on predominantly with regard to containerised imports to Iceland".³⁸¹⁶

7709. Wilson kom til Íslands þann 17. janúar 2011 og átti fund með (S)forstj, (S)frkvstj-millilandasv og (S)forstö-flutnstj þann dag kl. 13:30.³⁸¹⁷ Rétt eftir að sá fundur átti að hefjast sendi (S)frkvstj-millilandasv útgáfu Samskipa af trúnaðaryfirlýsingunni til (S)forstj og (S)forstö-flutnstj „með þeim breytingum sem ræddar voru í morgun”.³⁸¹⁸ Skjalið hét nú „Co-operation Agreement”. Þrátt fyrir breytt heiti var í skjalinu að finna efnislega sömu ákvæði um „exclusivity” og trúnað. Sýnir þetta að Samskip féllust á að skuldbinda sig til þess að fyrirtækið myndi ekki „hlaupa frá borðinu á síðustu stundu” og setja fram sjálfstætt tilboð í útboði Alcan.

7710. Frestur til að skila tilboðum í útboði Alcan var til 20. janúar 2011. Þann 18. janúar 2011 sendi Wilson tölvupóst til (S)frkvstj-millilandasv sem framsendi hann skömmu síðar til (S)forstj og (S)forstö-flutnstj.³⁸¹⁹ Í tölvupósti Wilson sagði; „thanks for positive meeting yesterday. Addressing this e-mail to you for further distribution internally.

Please find attached my first draft for „samskip chapter” for the wilson offer. Wording by no means finalized, but shows the general idea of how we'd like to adress this proposal. Important task at this stage is to sell the idea, and be more firm during neogtiations.

Pleased to have yr figures + comments to ours below.”

7711. Meðfylgjandi var skjal þar sem fram kom tillaga að „Samskipa kaflanum” í tilboði Wilson: „Alternative/option to third party general cargo

A possible further or alternative option to reduce cost for RTA³⁸²⁰ is to pre-sell the free (deck)capacity in the system. During the tender process Wilson has been approached by Samskip Hf., which are interested in buying the free northbound capacity on the ships to include in their service pattern offered to the Icelandic liner shipping market. In such a scheme, RTA shall of course have first right and priority of the full capacity of the vessels, and it would be up to Wilson to allocate any free capacity to Samskip. Furthermore, the utilization of the free capacity will be limited to the number of containers that can be allowed without coming into a conflict with the schedule of the vessel/service.

The above option must be considered as competition to RTAs current cooperation with Thorship for third party cargoes. It is hard for Wilson to evaluate whether such a solution will be considered beneficial to RTA both from an economical and practical point of view, but as this will in a predictable way participate in bringing down fixed cost for RTA, Wilson consider it correct to bring forward and include this initiative in the offer. [...]”

7712. Daginn eftir, 19. janúar 2011, sendi (E)frkvstj-skipareksttölvupóst til (E)forstj. Meðfylgjandi honum var að finna minnisblað sem átti að fylgja með tilboði Eimskips í útboði Alcan. Var þar m.a. gerð grein fyrir þessu frávíksboði Eimskips: „Eimskip will buy fixed slots per week from RTA (number of slots to be discussed) for their cargo from Rotterdam to Straumsvík, subject that RTA does not need the space for their own cargo, on a fixed price per container (to be negotiated) and Eimskip have priority for all extra slot on board and to pay same rate for each additional slot as for the fixed ones.”³⁸²¹

7713. Þrátt fyrir að það hafi ekki verið hluti af útboðinu vildu þannig bæði Samskip og Eimskip komast yfir það rými í flutningaskipum tengdum flutningum fyrir Alcan sem fyrirtækið hafði fram að þeim tíma

³⁸¹⁶ Afhent tölvuskjal frá Samskipum. Afhent 13.03.2019, fskj 1.

³⁸¹⁷ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...]

³⁸¹⁸ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.826553.

³⁸¹⁹ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.826985.

³⁸²⁰ Alcan (Rio Tinto Alcan).

³⁸²¹ Afritaður tölvupóstur frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.727997.



leigt til Thorship. Ljóst er því að ef Alcan hefði tekið slíku tilboði hefðu fyrirtækin komið þessum keppinauti sínum út af markaðnum.

7714. Næsta dag, 20. janúar 2011, sendi (S)frkvstj-millilandasv endanlega útgáfu af „Samskipa kaflanum“ í tilboði Wilson til (S)forstj og (S)forstö-flutnstj.³⁸²² Í henni sagði: „During the tender process Wilson was approached by Samskip, which are interested in buying the free capacity of the service to improve their service level in the Icelandic container liner market. By pre-selling the free capacity to Samskip, Wilson is able to offer more competitive rates to RTA as reflected in this option.

RTA will have first right and priority of the capacity needed for the RTA plant on the vessels, and it will be up to Wilson to allocate any spare capacity to Samskip. Under this option, Samskip will not be any formal partner in the CoA between RTA and Wilson, but the contribution from Samskip to the service will be passed directly on to RTA. The spare capacity in these options is defined as any capacity beyond the capacity specifically needed for RTA to move its products, bi-products, general cargo for daily operation of the plant, general cargo for the new investment of the plant and empty equipment related hereto as otherwise described in the tender documents. Any third party cargo moved on this service is paid by and arranged by Samskip. The option is based on using current terminals both in Rotterdam and Straumsvík, and is subject to RTA and Samskip, either direct or through Wilson, agreeing on handling third party cargo through the port of Straumsvík.

If RTA chooses this option, the round trip freight for the system vessels can be reduced by EUR 23.000,-. This option is combinable with the "call option" suggested earlier in this chapter.

Potential reduction in cost over the fixed CoA period could be approx EUR 6.000.000,- through this option, with a possible further upside after negotiations between the parties."

7715. Í þessari útgáfu var m.a. búið að fella út eftirfarandi orðalag í tillögu Wilson;

„the above option [aðkoma Samskipa] must be considered as competition to RTAs current cooperation with Thorship for third party cargoes."

7716. Síðar sama dag sendi (S)frkvstj-millilandasv tölvupóst til Alcan (afrit til (S)forstj).³⁸²³ Þakkaði hann fyrir að Samskipum hefði verið gefið tækifæri á að taka þátt í útboði Alcan. Samskip hefðu lagt mikla vinnu í að undirbúa sjálfstætt tilboð en því miður hefði fyrirtækinu ekki tekist að afla hentugar flutningsgetu („suitable tonnage“) á samkeppnishæfu verði. Hins vegar teldu Samskip að það gæti verið hagkvæmt fyrir Alcan ef fyrirtækið fengi til umráða laust pláss í álskipinu og hefði fyrirtækið rætt þetta við Wilson og þetta kæmi fram í tilboði Wilson til Alcan.

7717. Samkeppniseftirlitið sendi bréf til Eimskips og Samskipa við rannsókn málsins, dags. 12. og 13. mars 2019. Þar kemur fram að eftirlitið hefði áður, með vísan til 19. gr. samkeppnislaga, óskað eftir afriti af öllum gögnum sem tengdust samningum fyrirtækjanna við önnur flutningafyrirtæki. Hið sama gildi um hvers konar drög, tillögur eða hugmyndir að samstarfi fyrirtækjanna við önnur flutningafyrirtæki. Engin gögn vegna Wilson eða Thorship hefðu hins vegar borist Samkeppniseftirlitinu. Eftirlitið teldi því nauðsynlegt að ítreka upplýsingaskyldu bæði Eimskips og Samskipa. Í bréfunum sagði þetta um atvik m.a. tengd útboði Alcan: „Eftir stofnun Silver Green bauð Alcan í Straumsvík út flutninga sína. Meðal þeirra sem boðið var að setja fram tilboð voru Samskip, Wilson og Eimskip. Eru vísbendingar í gögnum málsins að eignarhald Samskipa í Silver Green (og stjórnarseta fyrrverandi forstjóra Samskipa í því félagi) hafi leitt til samskipta við Wilson vegna þessa útboðs. Eru vísbendingar um að Samskip hafi sett fram hugmyndir að samstarfi við Wilson í þessu útboði.

Í gögnum málsins koma einnig fram vísbendingar um að fundir hafi átt sér stað þar sem fulltrúar Samskipa, Eimskips og Silver Green sátu saman.

³⁸²² Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.827968.

³⁸²³ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.828133.



Alcan samdi á árinu 2011 við fyrirtækið Nednor um flutninga."

7718. Í svarbréfi Eimskips, dags. 5. apríl 2019, komu ekki fram neinar upplýsingar eða ný gögn. Þess í stað var vísað til þess að fyrri upplýsingagjöf fyrirtækisins hefði verið fullnægjandi.

7719. Í svarbréfi Samskipa til Samkeppniseftirlitsins, dags. 8. apríl 2019, komu hins vegar fram tilteknar upplýsingar. Þar var m.a. sett fram eftirfarandi lýsing: „Wilson AS er norskt skipafélag sem er skráð á norskum hlutabréfamarkaði. Um er að ræða umfangsmikinn rekstur en félagið rekur stóran hluta stórflutningaskipa (breakbulk) í Evrópu. Þá keypti Wilson fyrir tæpum 20 árum síðan ráðandi hlut í Nesskipum. Wilson náði samningum við Alcan á árinu 2008 og hóf flutninga fyrir félagið þá um sumarið. Umbjóðandi minn telur að þeir flutningar kunni að hafi verið í samstarfi við Thorship.

Þegar Alcan fór í útboð að nýju 2010/2011 átti umbjóðandi minn í viðræðum við Wilson um hugsanlega samstarfsfleti, færi svo að Wilson fengi viðskiptin að nýju. Umbjóðandi minn hafði ekki forsendur til að bjóða einn í flutninga Alcan. Alcan, eða þeir sem önnuðust útboðið fyrir þeirra hönd, voru upplýstir um þessa stöðu og samskipti umbjóðanda míns við Wilson. Umbjóðandi minn telur að Wilson hafi í ljósi þessa sent inn frávíkstilboð við útboðið þar sem gert var ráð fyrir að fyrirtækin tvö gætu samnýtt pláss í skipum Wilson. Ekki kom til samninga milli Wilson og Alcan en Nednor/Thorship unnu útboðið og sinna flutningum fyrir Alcan enn þann dag í dag. Af sömu ástæðu varð ekkert af samstarfi Samskipa og Wilson."

7720. Fjallað eru um brot Samskipa gegn upplýsingaskyldu samkvæmt 19. gr. í kafla 23 í ákvörðun þessari. Vísast til þess.

7721. Varðandi framangreinda staðhæfingu Samskipa um að þeim sem annast hefðu útboð Alcan hafi verið kunnugt um;

- annars vegar að Samskip hefðu ekki „forsendur“ til að bjóða sjálfstætt og
- hins vegar um samskipti Samskipa við Wilson

ber að horfa til tölvupósts frá Alcan sem Wilson framsendi til (S)frkvstj-millilandasv þann 3. febrúar 2011. (S)frkvstj-millilandasv framsendi þennan tölvupóst Alcan til (S)forstj.³⁸²⁴ Í tölvupósti Alcan var Wilson þökkuð þátttaka í útboðinu. Hins vegar tók Alcan þetta fram:

„The partnership with a party invited to bid is a real surprise, for which it is premature to analyse all the consequences.“

7722. Samkvæmt þessu lýsti Alcan yfir mikilli undrun yfir því að Wilson hefði í útboðinu haft samvinnu við fyrirtæki sem einnig hefði verið boðið að setja fram tilboð, þ.e. Samskip. Taldi Alcan að þetta gæti haft í för með sér ýmsar afleiðingar.

7723. Sem fyrr segir tók Alcan ekki tilboði Wilson heldur varð fyrirtækið Nednor hlutskarpast í útboðinu. Þann 8. mars 2011 sendi (E)frkvstj-skiparekst tölvupóst til (E)forstj, (E)deildstj-útfl1 og (E)frkvstj-fjárm með heitinu „RTA – Algjört trúnaðarmál“. Fram kom í tölvupóstinum að (E)frkvstj-skiparekst hefði verið sagt í „algjörum trúnaði“ að tilboð Eimskips hefði verið 22,5% hærra „en hinir aðilarnir tveir buðu sem voru „short listaðir“ í útboði Rio Tinto/Alcan“. Einnig greindi (E)frkvstj-skiparekst frá því að „auki bauð Samskip „fixed“ USD 1,5 mio per ár í slottið“.³⁸²⁵

14.36.8. Áframhaldandi samráð varðandi flutninga fyrir Alcoa

7724. Líkt og lýst hefur verið gaf samráð Samskipa og Eimskips á árinu 2008 Samskipum færi á því að draga úr þjónustu og hækka verulega verð gagnvart Alcoa. Stjórnendur Samskipa og Eimskips lýstu

³⁸²⁴ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.832966.

³⁸²⁵ Afritaður tölvupóstur frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.748496.



yfir ánægju sinni af þessu fyrirkomulagi á árinu 2011 sem gaf báðum fyrirtækjunum færi á auknum tekjum og betri nýtingu á skipastól.

7725. Þann 19. september 2011 vistaði (S)forstö-útlfl áætlun útflutningsdeildar fyrir árið 2012.³⁸²⁶ Þar var m.a. fjallað um fyrirhugaðan útflutning Samskipa á áli fyrir Alcoa á árinu 2012. Fram kom að framleiðsluáætlun Alcoa væri 360 þúsund tonn og að Samskip gerðu ráð fyrir að flytja aðeins 310 þúsund tonn af þeirri framleiðslu árið 2012 þar sem ekki myndi vinnast meir í eins skipa kerfi. Verðþróun á þessum flutningum fyrir Alcoa var áfram lýst með tilvísun til viðaukans frá 2008 sem fól í sér „verulega verðhækkun“ (131%) fyrir flutning á áli fram að 300 þúsund tonnum á ári.
7726. Þá segir eftirfarandi í skýrslunni undir liðnum „Markaðshlutdeild“: „Flutningasamningur Samskipa og Alcoa er í gildi út árið 2012 og enn er unnið eftir þeim viðauka sem við samninginn var gerður í október 2008. Áætlað flutningsmagn til Samskipa af framleiðslu Alcoa Fjarðaráls 2012 er 310 þúsund tonn og er þetta magn allt flutt til Evrópu. [...]“
- Alcoa hefur undanfarið ár reynt að nýta betur skipið okkar á Reyðarfirði og því áætlum við um 10 þúsund tonna aukningu í því magni sem við flytjum. Þessi aukning dregst því frá því magni sem Eimskip og bulk skip hafa flutt fyrir Alcoa. [...] Eimskip situr á samningi við Norðurál og flytur alla álframleiðslu þeirra. [...] Auk þess sér Eimskip um flutninga á umframmagni frá Alcoa sem ekki fer með Tongan [skip Samskipa á Leið 2] hjá okkur.“*
7727. Undir liðnum „Stefna og aðgerðir“ segir: „Útflutningsdeild Samskipa stefnir að því að halda áfram að vinna eftir viðaukasamningnum við Alcoa. Allt magn umfram 300 þúsund tonn reiknast til tekna á 6.5 USD tonnið. Vinna verður hafin við að framlengja samninga við Alcoa gegn því að taka aftur upp tveggja skipa kerfi. Þetta mun verða okkar útspil þegar kemur að því að endurnýja flutningssamninginn og tryggja áfram þessa flutninga hjá Samskipum. [...]“
- Breyttar efnahagsaðstæður á Íslandi kölluðu á breytingu á samningi Alcoa og Samskipa. Í kjölfarið var undirritaður áður nefndur viðauki við samninginn þar sem einingaverð hækkaði úr EUR 5 per tonn í EUR 11 per tonn í eins skipa kerfi. Á móti flytjum við heldur minna magn. Alcoa hefur gefið í skyn að þessi viðauki þurfi að endurskoðast um leið og forsendur breytast. Eins og fyrr segir munum við hafa þetta að leiðarljósi við endurnýjun samnings þar sem samningur er úti í lok árs 2012. [...]“*
7728. Ætluðu Samskip því eins og áður ekki að fallast á breytingu á viðaukasamningi Alcoa á árinu 2012. Gerði samráð Samskipa við Eimskip fyrirtækinu kleift að halda hinni „verulegu verðhækkun“ (131%) ásamt því að viðhalda skertri þjónustu.
7729. Hins vegar töldu Samskip ljóst að fyrirtækið þyrfti að bjóða Alcoa betur til að halda viðskiptunum eftir að samningurinn rynni út í lok árs 2013 enda hafði fyrirtækið „gefið í skyn að þessi viðauki [þyrfti] að endurskoðast um leið og forsendur [breyttust].“
7730. Þýðingu hefur að það var Alcoa en ekki Samskip sem reyndi að auka flutningsmagnið með Samskipum með því að nýta skipið betur. Sá áhugi Alcoa en tregi Samskipa er settur í samhengi við að verð til Alcoa lækkaði ef flutningar færu yfir 300 þús. tonn á ári. Umframflutningar sem fóru með Eimskip voru Alcoa dýrir. Fyrirkomulagið með samráði fyrirtækjanna skilaði Samskipum þannig meiri ábata heldur en að hverfa frá því. Þannig viðhélt fyrirtækið „friðnum“ við Eimskip.
7731. Í glærुकynningu (S)forstö-útlfl frá 6. október 2011 var fjallað um áætlun útflutningsdeildar Samskipa fyrir árið 2012. Kom þar skýrt fram að Samskip ætluðu ekki að lækka verð gagnvart Alcoa. Ætluðu Samskip sér þannig áfram að halda hinni „verulegu verðhækkun“ (131%) á flutningum fyrir Alcoa og ekki auka þjónustuna við þennan mikilvæga viðskiptavin. Einnig átti að halda „núverandi markaðshlutdeild í öllum vöruflokkum nema bæta við í skreið.“³⁸²⁷

³⁸²⁶ Afritað tölvuskjal frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.6597.

³⁸²⁷ Sjá kafla 14.38.4.1.



7732. Það kemur því ekki á óvart að Alcoa hafi ákveðið að bjóða út flutninga sína en þann 23. október 2011 tilkynnti Alcoa um útboð á m.a. útflutningi á áli frá Reyðarfirði til Rotterdam. Útboðið var í tveimur áföngum og var tilboðsfrestur í þeim fyrri til 18. nóvember 2011. Á grundvelli tilboða í fyrri áfanga myndi Alcoa velja fáeina flutningsaðila til þátttöku í síðari áfanga, sem ráðgert var að stæði yfir frá janúar til apríl 2012. Ákvörðun var ráðgerð í maí-júní 2012 en flutningar skv. útboðinu áttu að hefjast á árinu 2013. Nánar er fjallað um útboð Alcoa í kafla 20.8 og 20.9.
7733. Um ábata Eimskips af samráði þess við Samskip í tengslum við viðskipti Alcoa vitna m.a. samskipti milli stjórnenda Eimskips, sbr. t.d. tölvupóstur (E)frkvstj-skiparekst til (E)forstj frá 26. október 2011: „Vil upplýsa þig um það að við fyllum NL upp með að minnsta kosti 1.000 tonnum af áli frá Alcoa³⁸²⁸ á föstudaginn, eins og við höfum verið að gera undanfarnar vikur, [...]“³⁸²⁹
7734. (E)forstj svarar þann 28. október 2011: „Þetta er eitthvað sem við þurfum samt að gefa meiri gaum og maxi „mæsa“ nú eru t.d á næstu skipum að fara 1500 tonn af áli frá Reyðarfirði og það munar um minna. Hvað gefa þessir auk 700 tonn á skip.“ (E)frkvstj-skiparekst svarar skömmu síðar: „Við erum að horfa á að taka fyrir þá ca. 1.200 tonn á viku að meðaltali, sem við ættum að ráða við, utan mesta álagstímans um vertíðir, sem gefur okkur í dag USD 28.000 per ferð til skips og gáma eða USD 15,50 per tonn í O/F og USD 7,80 per tonn í BAF (október). THC og áframflutningur núllast út uppá EUR 202 per gám.“
7735. (E)frkvstj-skiparekst bætir við í tölvupósti til (E)forstj þann 3. nóvember 2011: „Fyllum NL fyrir austan á morgun með því að taka fyrir Alcoa 2.300 NET tonn af áli, sem gefur okkur í „bottom line“ USD 53.000 að teknu tilliti til BAF.
Þessi „bottom line“ er yndislegur „frasi“.“³⁸³⁰
7736. Gögnin sýna að Eimskip fylgdist vel með árangri af samráðinu við Samskip. Stjórnendur fyrirtækisins sendu reglulega sín á milli skjal sem nefnt var „Álskjalið“ sem hafði að geyma ítarlegar og reglulega uppfærðar upplýsingar um alla flutninga Eimskips frá upphafi á áli frá Reyðarfirði til Rotterdam, sbr. m.a. tölvupóst (E)skrifstj.Mjóeyrarh til (E)deildstj-útf1 30. nóvember 2011 sem (E)deildstj-útf1 framsendi sama dag til (E)frkvstj-skiparekst.³⁸³¹
7737. Þann 9. nóvember 2011 sendi (S)forstö-flutnstj exelskjál til (S)forstj. Bar það heitið „Flutningsgeta 2011.11“.³⁸³² Í því var m.a. fjallað um flutninga Eimskips og Samskipa fyrir Alcoa á Reyðarfirði með þessum hætti:

| Eimskip | tons | | | |
|---------------|---------|---------|---------|--------|
| Evrópa | X | GOD/DET | BRU/SEL | BLI |
| Fiskur | 150.000 | 40.000 | 110.000 | |
| Purrvara | 70.000 | 40.000 | 30.000 | |
| Ál - Norðurál | 260.000 | 260.000 | 0 | 0 |
| Ál - Alcoa | 30.000 | 30.000 | 0 | 0 |
| Anóður | 0 | 0 | 0 | |
| Anode Buts | 27.000 | 27.000 | 0 | |
| Færeyjar | 87.500 | 22.500 | 40.000 | 25.000 |
| Total | 624.500 | 419.500 | 180.000 | 25.000 |
| pr. voyage | 12.010 | 8.067 | 3.462 | 481 |

³⁸²⁸ Hér er átt við að skip norðurléiðar (NL) Eimskips verði fyllt með flutningi á 1000 tonnum af áli frá Alcoa. Er þetta flutningur frá Reyðarfirði til Rotterdam.

³⁸²⁹ Suðurleið (SL).

³⁸³⁰ Afrituð tölvupóstsamskipti frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.854289.

³⁸³¹ Afrituð tölvupóstsamskipti frá Eimskip. [...]

³⁸³² Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.931541.



| Samskip | tons | | | | | |
|------------|---------|---------|---------|---------|---------|-------|
| | X | ARN/HEG | ELB | M | ARN/HEG | ELB |
| Fiskur | 115.000 | 115.000 | 0 | 0 | 0 | 0 |
| Purrvara | 15.000 | 15.000 | 0 | 161.700 | 156.500 | 5.200 |
| Elkem | 70.000 | 70.000 | 0 | 0 | 0 | 0 |
| Ál - Alcoa | 310.000 | 0 | 310.000 | 0 | 0 | 0 |
| Anóður | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 |
| Anode Buts | 30.000 | 0 | 30.000 | 0 | 0 | 0 |
| Færeyjar | 8.000 | 0 | 8.000 | 15.000 | 15.000 | 0 |
| Total | 548.000 | 200.000 | 348.000 | 176.700 | 171.500 | 5.200 |
| pr. voyage | | 3.846 | 8.700 | | 3.298 | 130 |

7738. Í skjali Samskipa er því gerð grein fyrir flutningi Eimskips á því áli Alcoa sem Samskip sinntu ekki með sínu skipi. Var þar gert ráð fyrir að Samskip myndu flytja 310 þúsund tonn og Eimskip 30 þúsund tonn. Þessi samtímagögn eru í fullu samræmi við gögn fyrirtækjanna frá því þegar aukið samráð þeirra hófst eftir mitt ár 2008, sbr. t.d. gögn sem (S)forstj fékk send til kvöldið fyrir fund hans og (S)aðaleig-stjform-SH með Eimskip 25. júlí 2008, glærुकynningu sem (S)frkvstj-millilandasv daginn eftir fundinn með Eimskip 5. september 2008 og viðskiptaáætlun Eimskips sem (E)svæðisstj1 sendi (E)frkvstj-innanl 11. október 2008.
7739. Ber hér að áréttu að á þessum tíma var í gildi skriflegur samningur á milli Samskipa og Alcoa um að Samskip önnuðust flutninga á áli í gámum frá Reyðarfirði til Rotterdam. Alcoa gerði enga aðra viðskiptasamninga um þessa flutninga hvorki við Eimskip né önnur skipafélög heldur byggðust flutningar Eimskips eingöngu á munnlegu samkomulagi við Samskip. Var lagt til grundvallar í áætlunum Samskipa að Eimskip annaðist hluta af þessum flutningum. Er þetta til staðfestingar á áframhaldandi samráði í tengslum við takmörkun á flutningsgetu og þ.a.l. á flutningum fyrir Alcoa á þessum tíma.
7740. Þann 17. nóvember 2011 sendi (S)forstj tölvupóst til (S)stjform-S í tengslum við útboð Alcoa. Var þar m.a. lýst þáverandi fyrirkomulagi varðandi flutninga fyrir Alcoa: „[...] Í dag eru mv tongan (12.600dwt) [skip Samskipa á Leið 2] að koma á ca 9 daga fresti og þeir taka hluta með Eimskip, um 30-40 þus tonn. Þetta fyrirkomulag gengur alveg bærilega, [...]
- Í dag er þessi eining að skila um \$ 1m framlegð – allt kerfið tekið saman. [...]*³⁸³³
7741. Samkvæmt yfirlitinu í kafla 14.36.1 fluttu Samskip 303 þúsund tonn af áli fyrir Alcoa en Eimskip 35 þúsund tonn á árinu 2011.
7742. Samtímagögn staðfesta þannig að samráðið varðandi flutninga fyrir Alcoa sem komið var á á árinu 2008 var enn fyrir hendi á árinu 2011. Samtímagögn sýna jafnframt að Samskip og Eimskip hafi talið möguleika á að halda áfram flutningum fyrir Alcoa á grundvelli þess fyrirkomulags sem fyrirtækin komu á í tengslum við samráðið varðandi takmörkun á flutningsgetu á árinu 2008 þrátt fyrir útboð Alcoa, þ.e. að Samskip myndu annast mestan hluta af flutningum á áli Alcoa til Rotterdam en Eimskip myndi áfram annast þann hluta sem Samskip myndu ekki sinna.
7743. Bæði Samskip og Eimskip gáfu tilboð til Alcoa í útboðinu 2011. Niðurstaða útboðs Alcoa lá svo fyrir á árinu 2012. Varð niðurstaðan sú að Alcoa samdi við annað flutningafyrirtæki en Eimskip og Samskip. Framangreindir flutningar Eimskips og Samskipa á áli Alcoa hættu því snemma árs 2013, sbr. nánar í kafla 20.9 og 20.11.

³⁸³³ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.935179.



14.36.9. Samantekt

7744. Eitt af þeim gögnum sem eru í samræmi við önnur samtímagögn og endurspeglu hina ólögmatu markaðsskiptingu Eimskipa og Samskipa er skjal (S)frkvstj-millilandasv frá mars 2009. Skjalið nefndi (S)frkvstj-millilandasv „Markaðsskipting“. Þar voru settar fram upplýsingar um það hvernig markaðurinn í inn- og útflutningi skiptist á milli Eimskipa og Samskipa.
7745. Áður en „Nýtt upphaf“ verkefnið hófst í júní 2008 tóku stjórnendur Samskipa það óstinnt upp þegar Eimskip tók eitt sinn að sér flutninga fyrir Alcoa sem féllu undir samning Samskipa og Alcoa. Þetta breyttist eftir að samráð Samskipa og Eimskipa hófst um mitt ár 2008. Atvik vegna útflutnings fyrir Alcoa voru þannig hluti af samráði fyrirtækjanna og Eimskip hóf reglulega flutninga á hluta af álflutningi Alcoa sem ekki komust með skipum Samskipa frá Reyðarfirði til Rotterdam.
7746. Í áður nefndu skjali (S)frkvstj-millilandasv var gert ráð fyrir því að Eimskip flytji árlega fjórtíu þúsund tonn af flutningum á áli Alcoa til Rotterdam. Þetta gekk eftir.
7747. Í skjali (E)forstö-útl frá 15. nóvember 2010 sést að þessir flutningar á áli Alcoa voru í fjórtánda sæti yfir umfangsmestu flutninga hjá útflutningsdeild Eimskipa og æðstu stjórnendur fyrirtækisins ræddu með mikilli velþóknun um þessa flutninga.
7748. Í áætlunum (S)forstö-útl sem hann útbjó annars vegar í desember 2009 fyrir árið 2010 og hins vegar í september 2010 fyrir árið 2011 var skýrt tekið fram að í samningnum við Alcoa fælist að Samskip sæju um „*allan flutning á framleiðslu Alcoa sem fer til Evrópu*“. Í sömu áætlunum var þrátt fyrir þetta gert ráð fyrir áframhaldandi flutningum Eimskipa á hluta af álframleiðslu Alcoa á Reyðarfirði til Rotterdam. Jafnframt var tekið fram í skjölum (S)forstö-útl að haustið 2008 hefðu Samskip náð fram „*verulegrí*“ verðhækkun gagnvart Alcoa. Eins og rakið hefur verið höfðu bæði fyrirtækin hagsmuni af samráði um flutninga fyrir Alcoa. Ávinningur Eimskipa var viðbótartekjur og bætt nýting á skipakosti í útflutningi. Ávinningur Samskipa fólst sömuleiðis í því að fyrirtækinu var gert kleift að takmarka flutningsgetu með þeim hætti sem gert var, bættri nýtingu og í því að með samráðinu tókst fyrirtækinu að halda í samninginn við Alcoa frá árinu 2007, ásamt því að ná fram verulegri verðhækkun (131%) gagnvart Alcoa þrátt fyrir lakari þjónustu.
7749. Í áður nefndri áætlun (S)forstö-útl frá september 2010 var tekið fram að Samskip ætluðu sér ekki að fallast á tillögur Alcoa um breytingu á samningnum. Ætluðu Samskip sér þannig ekki að fallast á verðlækkun eða beiðni um aukna þjónustu. Þetta gekk eftir og í áætlun (S)forstö-útl frá september 2011 fyrir árið 2012 kemur fram að enn sé unnið eftir viðaukasamningnum við Alcoa frá nóvember 2008 sem fól í sér hina „*verulegu*“ verðhækkun. Auk þessa var gert ráð fyrir því að á árinu 2012 myndi Eimskip áfram flytja hluta af því áli Alcoa sem féll undir flutningasamninginn við Samskip.³⁸³⁴
7750. Gögnin staðfesta að Eimskip sinnti hluta umframflutninga fyrir Alcoa sem Samskip sinnti ekki. Skiptingin árin 2009 til 2012 var í kringum 300 þús. tonn á ári sem Samskip tók með sínu skipi en milli 30-40 þús. tonn hjá Eimskip. Þá skal hafa í huga að samráð fyrirtækjanna tók sömuleiðis til samstarfs um gámanotkun tengt Reyðarfirði og einn áfangi í „*Nýtt upphaf*“ verkefninu var að fyrirtækin haustið 2008 gerðu ólögmat samkomulag um flutninga á m.a. tónum gámum milli Reykjavíkur og Reyðarfjarðar, sbr. kafla 9.12.1. Einnig áttu fyrirtækin í samstarfi vegna gáma með því sem Samskip nefna „*skilgreint verklag*“, sbr. sama kafla, sbr. einnig kafla 11.13.4.1 og 12.1.5.
7751. Ýmis samtímagögn sýna ábata og ánægju Eimskipa með árangurinn af samráðinu við Samskip í tengslum við viðskipti Alcoa. Samskip voru einnig sátt við skiptinguna á viðskiptum Alcoa en þann 17. nóvember 2011 sendi (S)forstj tölvupóst til (S)stjform-S. Var þar m.a. lýst þáverandi fyrirkomulagi varðandi flutninga fyrir Alcoa: „[...] Í dag eru mv tongan (12.600dwt) [skip Samskipa

³⁸³⁴ Afritað tölvuskjal frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.6597.



á Leið 2] að koma á ca 9 daga fresti og þeir taka hluta með Eimskip, um 30-40 þús tonn. Þetta fyrirkomulag gengur alveg bærilega, [...]".

7752. Aðgerðir Samskipa og Eimskips tengdar Alcoa voru mikilvægar varðandi framkvæmd á samráði fyrirtækjanna og sýna framangreind gögn fram á áframhaldandi samráð að þessu leyti. Í sátt Eimskips frá 16. júní 2021 er viðurkennt að á rannsóknartímabilinu hafi fyrirtækið átt í ólögmetu samráði við Samskip um takmörkun á flutningsgetu og breytingu siglingakerfa, ásamt „*skiptingu á mörkuðum eftir stærri viðskiptavinum í sjó- og landflutningum*“. Atvik vegna Alcoa eru í samræmi við þessa viðurkenningu.
7753. Í október 2011 tilkynnti Alcoa um útboð á flutningum fyrirtækisins vegna flutninga frá árinu 2013. Það fór svo að Alcoa samdi við annan flutningsaðila en Eimskip og Samskip. Samfelldu samráð Samskipa og Eimskip tengslum við Alcoa var því sjálfhætt.
7754. Á Grundartanga var að finna Norðurál, stærsta viðskiptavin Eimskips í útflutningi. Þar var Elkem einnig starfandi og var það fyrirtæki mikilvægur viðskiptavinur Samskipa í útflutningi. Í gögnum frá árinu 2008 sem varða „*Nýtt upphaf*“ verkefnið var fjallað um mögulegt samráð vegna viðskipta á Grundartanga í tengslum við takmörkun á flutningaframboði og breytingar á siglingakerfum. Fjallað var um að Samskip hættu að sigla til Grundartanga og Eimskip myndi annast Elkem flutningana fyrir Samskip, ásamt því að flytja fyrir Norðurál. Á móti áttu flutningar Eimskips fyrir BYKO að færast til Samskipa. Viðskiptin við stóriðjurnar á Grundartanga voru þannig til umfjöllunar á vettvangi samráðsverkefnisins, auk viðskiptanna við Alcoa.
7755. Samningur Samskipa við Elkem gilti til febrúar 2011. Samningur Eimskips við Norðurál gilti til nóvember 2011.
7756. Þann 1. september 2010 kom Elkem á Íslandi á fund Eimskips og greindi frá því að flutningar fyrirtækisins yrðu boðnir út í byrjun næsta árs. Um miðjan september 2010 lagði Eimskip til grundvallar að fyrirtækið myndi halda viðskiptunum við Norðurál út árið 2013. Taldi Eimskip þannig enga hættu á því að Samskip myndu reyna að ná Norðuráli í viðskipti þegar samningurinn rann út í nóvember 2011. Þann 19. september 2010 lögðu Samskip til grundvallar að fyrirtækið myndi á árinu 2011 endurnýja samning sinn við Elkem. Jafnframt þyrfti fyrirtækið ekki að lækka verð til Elkem eða Alcoa. Ekki var á það minnst að til greina kæmi á árinu 2011 að reyna að ná Norðuráli í viðskipti. Hafa ber í huga að Samskip hafa staðfest í athugasemdum sínum að fyrirtækið hafði ekki áhuga á viðskiptum Norðuráls á þessum tíma.
7757. Elkem á Íslandi var áhugasamt um að Eimskip setti fram tilboð í flutninga fyrirtækisins. Elkem í Hollandi sá hins vegar ástæðu til að spyrja Eimskip ítrekað um verðþróun hjá fyrirtækinu og hvort Eimskip hefði í raun áhuga á flutningum fyrir Elkem, sbr. lýsingu í minnisblaði [\(E\)frkvstj-Holl](#) á fundi Eimskips 5. nóvember 2010 í Hollandi með Elkem.
7758. Þann 8. nóvember 2010 funduðu m.a. [\(S\)frkvstj-millilandasv](#) og [\(E\)frkvstj-sala/þj](#) og þann 11. nóvember 2010 átti [\(E\)frkvstj-sala/þj](#) annars vegar fund með Elkem og hins vegar með m.a. [\(S\)frkvstj-millilandasv](#). Þann 15. nóvember 2010 hafði [\(E\)forstö-útfli](#) (undirmaður [\(E\)frkvstj-sala/þj](#)) í áætlun útflutningsdeildar Eimskips fyrir árið 2011 engar áhyggjur af því að missa viðskiptin við Norðurál til Samskipa. Ekki var minnst á möguleg viðskipti við Elkem þrátt fyrir að samningurinn við Samskip væri að renna úr gildi og Elkem á Íslandi áhugasamt um tilboð frá Eimskip. Þann 24. nóvember 2010 funduðu [\(E\)forstj](#) og [\(S\)frkvstj-N-Am](#) og hafði [\(S\)forstö-útfli](#) (undirmaður [\(S\)frkvstj-millilandasv](#)) skipulagt þann fund. Daginn eftir greindi [\(S\)forstö-útfli](#) frá því að Elkem „*væri í vinnslu*“ og mál myndu vonandi skýrast í næstu viku. Þann 3. desember 2010 hittust [\(S\)forstj](#) og [\(E\)frkvstj-alþj](#). Þann 7. desember 2010 ræddu [\(E\)frkvstj-sala/þj](#) og [\(S\)frkvstj-millilandasv](#) saman og hittust síðan á fundi 9. desember 2010.
7759. Elkem í Hollandi hafði verulegar efasemdir um að Eimskip og Samskip myndu keppa af hörku um flutninga fyrir Elkem á Íslandi, sbr. framangreint minnisblaði [\(E\)frkvstj-Holl](#). Ekki er að sjá að Eimskip



hafi gert nokkuð sem skapaði tiltrú hjá Elkem í Hollandi og áætlun (E)forstö-útfl fyrir árið 2011 endurspeglar áhugaleysi Eimskips á þessum viðskiptum. Eimskip staðfesta jafnframt í athugasemdum sínum að fyrirtækið hafi ekki haft áhuga á að keppa um flutninga Elkem. Þetta gerði stöðu Samskipa augljóslega sterkari og 13. desember 2010 kom fram í tölvupósti (S)forstö-útfl að líklegt væri að Samskip myndu halda áfram viðskiptunum við Elkem, þyrftu ekki að lækka verð heldur myndu þvert á móti ná fram verðhækkun á síðari hluta gildistíma hins fyrirhugaða samnings. Var þetta enn betri niðurstaða en (S)forstö-útfl hafði miðað við í áætlun sinni frá september 2010. Samningur Samskipa við Elkem var hins vegar ekki undirritaður fyrr en í febrúar 2011 og ekkert var í hendi hjá Samskipum fyrir þann tíma.

7760. Í þessu samhengi skiptir verulegu máli að Samskip buðu ekki „grænensk verð“ þegar sóst var eftir tilboði í flutninga á áli frá Norðuráli í lok desember 2010. Sýna framangreind gögn áhugaleysi hjá Samskipum og nánast örvæntingu hjá tilboðsbeiðanda vegna þess að engin svör bárust frá Samskipum. Skýrsla (S)forstö-útfl frá september 2010 sýnir að Eimskip og Samskip höfðu samanlagt um 80% markaðshlutdeild í útflutningi á áli og var hlutur hvors fyrirtækis nánast jafnstór, sbr. einnig framangreint „markaðsskiptingar“ skjal (S)frkvstj-millilandasv frá mars 2009. Að mati Samkeppniseftirlitsins er augljóst að „grænenskt“ tilboð vegna flutnings á áli Norðuráls hefði getað sett „friðinn“ eða jafnvægi á markaði fyrir útflutning fyrirtækja í stóriðju í uppnám.
7761. (E)frkvstj-sala/þj var yfirmaður (E)forstö-útfl og (S)frkvstj-millilandasv var yfirmaður (S)forstö-útfl. Báru þeir ábyrgð á m.a. útflutningi gagnvart forstjórum sínum. Umfjöllun í kafla 14.33 sýnir að samráð átti sér stað á áður nefndum fundum þeirra veturinn 2010. Þessir fundir (E)frkvstj-sala/þj og (S)frkvstj-millilandasv áttu sér stað á sama eða svipuðum tíma og fyrirtækin áttu í samskiptum við Elkem og Norðurál. Samskip og Eimskip hafa ekki veitt upplýsingar um þessa fundi fyrirtækjanna. Einnig áttu sér stað önnur bein samskipti milli stjórnenda Samskipa og Eimskips í m.a. nóvember og desember 2010. Að mati Samkeppniseftirlitsins verður að hafa hliðsjón af þessum ítrekuðu samskiptum stjórnenda fyrirtækjanna við heildarmat á umræddum atvikum.
7762. Í sátt Eimskips frá 16. júní 2021 er eins og áður segir viðurkennt að á rannsóknartímabilinu hafi fyrirtækið átt í ólögmetu samráði við Samskip um „skiptingu á mörkuðum eftir stærri viðskiptavinum í sjó- og landflutningum“. Framangreind gögn vegna Elkem og Norðuráls eru í samræmi við þetta og fela í sér sönnun á tilvist samráðsins á þessum tíma. Sökum markaðsskiptingarinnar voru Samskip og Eimskip haustið og veturinn 2010 örugg um að halda viðskiptum sínum við umræddar stóriðjur þrátt fyrir að samningar rynnu út á árinu 2011. Eimskip greip ekki til ráðstafana gagnvart Elkem sem gátu ógnað friðnum og það gerðu Samskip heldur ekki gagnvart Norðuráli. Samskip fór aftur á móti að sýna viðskiptum Norðuráls áhuga á árinu 2013 en þá höfðu fyrirtækin tekið að draga úr hinu ólögmetu samráði, sbr. nánar í kafla 21. Á því ári má jafnframt sjá áhyggjur Samskipa af samkeppni um Elkem en því var ekki að heilsa á árunum 2010 og 2011 þegar markaðsskiptingin var að fullu við lýði.³⁸³⁵
7763. Ljóst er að bæði Samskip og Eimskip höfðu horn í síðu þess fyrirkomulags sem gerði Thorship kleift að bjóða upp á almennan flutning frá Rotterdam til Straumsvíkur með skipum Wilson sem fluttu út ál fyrir Alcan. (S)forstj lýsti þessu sem samkeppnislegri ógn og hið sama gerði (E)forstö-útfl. Þá hafði (E)frkvstj-sala/þj fundað með Thorship. Þann 20. janúar 2010 vísaði (S)forstj til mögulegs samstarfs við Thorship, (E)forstö-útfl hitti Thorship 29. janúar 2010 og þann 30. mars 2010 kvaðst (S)frkvstj-Jóna vita að (S)forstj vildi hitta Thorship til að „ræða málin við þá“. Á sama tíma var undirmaður (S)frkvstj-Jóna, (S)starfsm, ítrekað að reyna að ná tali af framkvæmdastjóra Thorship. Eftir samtal við Alcan um flutninga sendi (S)forstj tölvupóst til m.a. (S)frkvstj-millilandasv og bað hann um að ígrunda vel „mögulegt samstarf sem við getum komið á við Thorship“. (S)forstj ræddi svo í síma við framkvæmdastjóra Thorship þann 15. september 2010 og kom hann á fund (S)forstj daginn eftir. Eimskip ræddi einnig við Alcan um flutninga og fyrirhugað útboð. Í minnisblaði (E)frkvstj-skiparekst frá 20. nóvember 2010 kemur skýrt fram að bæði Eimskip og Samskip kvörtuðu við Alcan yfir þeirri

³⁸³⁵ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.705597.



samkeppni sem stafaði frá Thorship. Samkvæmt því fór (E)frkvstj-skiparekst „vel yfir“ þetta með Alcan og í minnisblaðinu er haft eftir Alcan að (S)forstj hafi „oft“ snúið sér til Alcan „aðallega til að kvarta undan „Thor Ship „concept““.

7764. Við blasir að það þjónaði hagsmunum Samskipa og Eimskips að losna við eða veikja Thorship sem keppinaut. Gögnin sýna að unnið var að þessu hjá fyrirtækjunum. Að sama skapi þjónaði það hagsmunum fyrirtækjanna að gera tilraun til þess að fá Thorship til samstarfs. Hafa ber í huga að með tilboðum sínum til Alcan reyndu bæði Samskip og Eimskip að komast yfir það pláss sem Thorship hafði til umráða í skipum sem fluttu fyrir Alcan þrátt fyrir að það hafi ekki verið hluti af útboðinu. Með því hefðu fyrirtækin náð að losna við þennan keppinaut sinn. Ber að virða þetta í samhengi við samskipti Samskipa og Eimskips á nánast sama tíma við lítinn keppinaut hér á landi (BWS), sbr. umfjöllun í kafla 20.
7765. Á svipuðum tíma var innan Samskipa fjallað um siglingakerfi og skip Eimskips og að Samskip gætu hugsanlega komist „í að reka“ siglingakerfi Wilson. Þann 20. október 2010 taldi (S)frkvstj-millilandasv „ákaflega áhugavert“ að setja fram tilboð í fyrirhuguðu útboði Alcan en taldi að erfitt gæti verið að bjóða á móti Wilson/Thorship. Hvergi kom fram að (S)frkvstj-millilandasv hefði áhyggjur af tilboði Eimskips. Sama dag og „langur“ fundur m.a. (S)frkvstj-millilandasv og (E)frkvstj-sala/þj átti sér stað, þ.e. 9. nóvember 2010, bar (S)forstj það undir (S)frkvstj-millilandasv hvort hann ætti að ræða við Wilson um fyrirhugað útboð Alcan. Telur Samkeppniseftirlitið þessa hugmynd forstjóra Samskipa endurspeglar samráðið á þessum tíma. (S)frkvstj-millilandasv tók vel í þetta og ber að hafa í huga að á árinu 2009 höfðu (S)forstj og (S)frkvstj-millilandasv áður velt fyrir sér ólögumatri markaðsskiptingu í samvinnu við Wilson, þ.e. að Wilson fengi Alcoa viðskiptin og Samskip Alcan viðskiptin. Ber hér aftur að hafa í huga ítrekuð samskipti lykilstjórnenda Samskipa og Eimskips í m.a. nóvember og desember 2010.
7766. Framangreind hugmynd um samstarf Samskipa við Wilson í útboði Alcan var framkvæmd og hér að framan er lýst þeim samskiptum sem áttu sér stað milli Samskipa og Wilson. Leiddu þessi samskipti til þess að Samskip buðu ekki sjálfstætt í útboði Alcan eins og Alcan hafði gert ráð fyrir. Þess í stað var í frávikstilboði Wilson gert ráð fyrir áþekkri aðkomu Samskipa að þessum flutningum og Thorship höfðu haft. Hér ber þó að hafa í huga þann mun að Samskip vildu komast yfir pláss með samráði við Wilson meðan Thorship hafði pláss á grundvelli samnings við Alcan.
7767. Í bréfi Samskipa til Samkeppniseftirlitsins við rannsókn málsins, frá 8. apríl 2019, er þetta skýrt með þeim hætti að fyrirtækið hafi ekki haft „forsendur“ til þess að bjóða eitt í þessa flutninga og jafnframt hafi Alcan verið „upplýst“ um þessa „stöðu“ Samskipa og fyrirtækið hefði átt í samskiptum við Wilson. Samkeppniseftirlitið telur í þessu samhengi rétt að rifja upp eftirfarandi atvik:
- Í glærum útflutningsdeildar Eimskips frá 13. og 14. september 2010 er fjallað um Alcan. Gefa þær til kynna að það hafi verið talið raunhæft fyrir bæði Eimskip og Samskip að bjóða í flutninga Alcan.
 - (S)frkvstj-millilandasv taldi þann 25. október 2010 „ákaflega áhugavert“ að bjóða í flutninga fyrir Alcan.
 - Eftir að (S)frkvstj-Jóna ræddi við Alcan taldi hann „mikilvægt að nýta tíman vel í undirbúning í viðræður við þá skipseigendur sem að koma til greina ...“, sbr. tölvupóst hans frá 4. nóvember 2010. Verður tölvupóstur (S)frkvstj-Jóna ekki skilinn öðruvísi en að hann teldi rétt og raunhæft að hefja þegar í stað undirbúning að sjálfstæðu tilboði Samskipa.
 - Frekari stoð fyrir þessu er að finna í tölvupósti (S)frkvstj-millilandasv frá 8. nóvember 2010 þar sem hann greindi frá því að undirmenn hans væru „byrjaðir að skoða skipakost“ vegna Alcan útboðsins. Ekki hafa fundist gögn sem sýna að Samskip tókst ekki að finna hentugan skipakost og Samskip hafi ekki lagt fram gögn því til stuðnings.



- Gögnin sýna hins vegar að (S)forstj hafði ekki áhuga á sjálfstæðu tilboði Samskipa. Áður en nokkur niðurstaða um „skipakost“ lá fyrir eða þann 4. nóvember 2010 fór (S)forstj fram á það við undirmenn sína að þeir myndu meta það með honum hvort og hvenær hann ætti að snúa sér til Wilson. (S)forstj fékk þann 2. desember 2010 í hendur útboðsgögnin frá Alcan og daginn eftir ætluðu hann, (S)frkvstj-millilandasv og (S)frkvstj-Jóna að rýna þau gögn saman. Hefur hér mikla þýðingu að áður en (S)forstj hafði fengið í hendur útboðsgögnin óskaði hann eftir viðræðum um útboðið við Wilson, sbr. tölvupóst hans til Wilson þann 23. nóvember 2010. Jafnframt benda gögn málsins til þess að Samskip hafi rætt við fleiri keppinauta um mögulegt samstarf. Þegar af þessari ástæðu er það mat Samkeppniseftirlitsins að skýring Samskipa frá apríl 2019 sé ekki trúverðug. Fæst ekki séð að Samskip hafi getað metið með fullnægjandi hætti hvort fyrirtækið væri „í stöðu“ til að bjóða sjálfstætt án þess að hafa rýnt útboðsgögnin. Benda má á að Samskip hafa ekki lagt fram nein gögn til stuðnings því að fyrirtækið hafi ekki getað boðið sjálfstætt í útboðinu. Til viðbótar ber að hafa í huga að kynningarfundurinn vegna útboðs Alcan hafði ekki verið haldinn þegar (S)forstj sneri sér til Wilson. Sá fundur var sem fyrr segir haldinn 13. – 14. desember 2010 í Hollandi. Þá gaf (S)forstj aðra skýringu fyrir því að Samskip ætluðu einungis að taka þátt í útboðinu í samstarfi við keppinaut í tölvupósti hans til (S)frkvstj-Silver. Bera gögnin með sér að (S)forstj hafi séð tækifæri í að nýta sér tengsl Samskipa við Wilson sem urðu til með hinu ólögumæta samstarfi sem fólst í stofnun Silver Green, sbr. kafla 20.5.
- Það kom Alcan í opna skjöldu að Samskip skyldu hafa haft samvinnu við Wilson í útboðinu í stað þess að bjóða með sjálfstæðum hætti. Staðhæfingar Samskipa um vitneskju Alcan standast því ekki.

7768. Við vísan til framangreinds er það mat Samkeppniseftirlitsins að ekki sé unnt að fallast á það með Samskipum að fyrirtækinu hafi verið ókleift að bjóða með sjálfstæðum hætti í útboði Alcan.

7769. Háttsemi keppinauta, eða mögulegra keppinauta, sem felst í því að setja fram sameiginlegt tilboð eða hafa að öðru leyti með sér samráð í útboðum viðskiptavina telst hafa það að markmiði að raska samkeppni í skilningi 10. gr. samkeppnislaga og 53. gr. EES-samningsins. Engu máli skiptir um lögmæti slíkrar háttsemi hvort samráðið fór fram með leynd eður ei.³⁸³⁶

7770. Er það mat Samkeppniseftirlitsins að Samskip hafi brotið gegn 10. gr. samkeppnislaga og 53. gr. EES-samningsins með framangreindum samskiptum og samvinnu við Wilson í útboði Alcan. Sem fyrr segir höfðu bæði Samskip og Eimskip horn í síðu Thorship og ef frávikstilboðið hefði verið samþykkt hefði samkeppnin sem Thorship gat veitt að þessu leyti horfið. Þetta gekk ekki eftir en þetta brot Samskipa var hins vegar í eðli sínu til þess fallið að styðja við hið samfellda samráð Samskipa og Eimskips og það ástand sem það skapaði á flutningamarkaðnum. Í ákvörðun þessari er ekki tekin afstaða til lögmætis aðgerða Wilson.

7771. Í athugasemdum Samskipa við AII er því mótmælt að framangreind gögn og atvik sýni fram á samráðsbrot fyrirtækisins, sbr. mgr. 1590 í athugasemdum fyrirtækisins við AII. Ekki er unnt að fallast á það en fjallað er nánar um þær athugasemdir í kafla 26.36.

14.37. Ýmis atvik á árinu 2011

7772. Í þessum kafla verður farið yfir ýmis atvik frá árinu 2011 sem sýna fram á hið samfellda samráð Samskipa og Eimskips á þessum tíma. Er því m.a. lýst hvernig Samskip virtu „friðinn“ þegar mikilvægir viðskiptavinir Eimskips óskuðu eftir tilboðum vegna óánægju með verðlagningu Eimskips, eins og t.d. Ölgerðin. Jafnframt er lýst gagni þar sem undirmaður (S)frkvstj-Jóna beinlínis spyr að því hvort það sé „vafasamt upp á friðinn“ að bjóða viðskiptavinum Eimskip góð kjör. Einnig er lýst mikilli

³⁸³⁶ Sjá hér dóm EFTA-dómstólsins frá 22. desember 2016 í máli nr. E-3/16, Ski Taxi, mgr. 88 og áfram. Sjá einnig til hliðsjónar dóm Hæstaréttar Noregs frá 22. júní 2017 í máli nr. 2015/203.



14.37.2. „Er vafasamt upp á friðinn“ að bjóða Pennanum góð kjör?

7781. Fyrirtækið Penninn var viðskiptavinur Eimskips í innflutningi m.a. frá Bretlandi. Þann 4. mars 2011 sendi Penninn tölvupóst til (S)frkvstj-Jóna og vildi ræða mögulega flutninga. Starfsmanni Jóna, (S)starfsm, var falið þetta verkefni og aflaði hann upplýsinga hjá Pennanum um umfang flutninganna.

7782. Í kjölfarið sendi (S)starfsm tölvupóst til (S)frkvstj-Jóna og taldi upp eftirfarandi tíu atriði varðandi möguleg viðskipti við Pennann:

1. *Flugsendingar: þeir hljóta þó að vita frá hvaða löndum tímaritin koma helst, mætti segja mér USA, UK og eitthvað scandinavia...eru ekki einhverjir birgjar sem eru að safna saman tímaritunum frá hinum og þessum útgáfum ?*
2. *FCL Heilgámar: House-house dýrt, myndum ráðleggja truck p/u en etv. húsgagnagáma sem househouse vegna hættu á skemmdum.*
3. *FCL eftir löndum total 146 gámar, 37 % AAR, 17 % HAM, HEL, IMM. RTM allt of lítið hlutfall aðeins 6 %, við myndum færa DE yfir í flestum tilvikum.*
4. *Sjór USA: ekki vandamál*
5. *Akstur: ekki vandamál eða?*
6. *Fjöldi birgja: Við erum bestir í akkúrat svona kúnnnum... margir birgjar = þarf mikla þjónustu*
7. *Þýskaland/Hamborg: 90 % af EXW DE er betra að senda á RTM, við þekkjum þetta vel og ekkert vandamál.*
8. *Kína no p.roblem*
9. *UK sjór er vandamál, styggjum Eimskip rækilega ef við værum að taka þann bita af þeim, þetta er ca. 17 % af heildar FCL.... þó svo gámarnir færu kannski áfram via EIMU... Spurning hvort þeir væru á móti því að skipta bitanum eitthvað þ.e. Penninn vildi vera á báðum stöðum með eitthvað... ??*
10. *Noregur: væntanlega ekki vandamál, sleppum feeder.. fáir birgjar, fáar sendingar væntanlega líka."*

7783. Samkvæmt þessu taldi (S)starfsm það „vandamál“ að Pennanum yrði boðið það góð kjör að fyrirtækið myndi flytja Bretlandsflutninga sína frá Eimskip til Samskipa.

7784. (S)frkvstj-Jóna svaraði þessum tölvupósti (S)starfsm og sagði að „Noregur og aksturinn“ verði „ekkert mál.“ Hið sama ætti hins vegar ekki við um 9. tl., þ.e. innflutning frá Bretlandi þar sem Penninn var í viðskiptum við Eimskip. Um það sagði (S)frkvstj-Jóna;

„en Bretland yrði erfiðara.“

7785. Nokkrum dögum seinna sendi (S)starfsm annan tölvupóst til (S)frkvstj-Jóna vegna þessara mögulegu viðskipta við Pennann:

„eigum við að stilla upp einhverjum tilboðsverðum, eða er vafasamt upp á friðinn við EIMU [Eimskip] að hjóla í þetta af fullum krafti?

*spurning kannski að setja eitthvað upp varðandi t.d. flugið frá USA, komast inn fyrir þröskuldinn [...]*³⁸⁴³

³⁸⁴³ Afritaðir tölvupóstar frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.34.381513.



7786. Í framangreindum samtímagögnum kemur fram að (S)starfsm hefði borið það undir (S)frkvstj-Jóna hvort það ætti annaðhvort að halda „*friðinn*“ við Eimskip eða stunda samkeppni og „*hjóla í þetta af fullum krafti*.“ (S)frkvstj-Jóna hvorki leiðrétti þetta né gerði athugasemdir við þessa nálgun undirmannsins og niðurstaðan varð sú að þessir sjóflutningar héldust áfram hjá Eimskip.
7787. Samskip halda því fram í athugasemdum sínum að orðalagið „*að skipta bitanum*“ gefi til kynna vangaveltur (S)starfsm um hvort hagstæðast væri fyrir Jóna að nálgast Pennann með það í huga að bjóða í hluta viðskiptanna í stað þess að bjóða í öll viðskiptin. Þannig hefði (S)starfsm talið ólíklegra að Eimskip myndi refsa Jónum.³⁸⁴⁴ Samkeppniseftirlitið telur þær skýringar Samskipa hins vegar ótrúverðugar og ekki í samræmi við gögn málsins. Er þessum sjónarmiðum Samskipa svarað nánar í kafla 26.37.1.
7788. Það er niðurstaða Samkeppniseftirlitsins að framangreint, ásamt öðrum gögnum frá m.a. árinu 2011, endurspeglir samfellt samráð Samskipa og Eimskips á þessum tíma. Af þeim er að lágmarki unnt að draga þá ályktun að starfsmaður Jóna hafi lagt til að taka tillit til keppinautarins og hvernig unnt væri að viðhalda „*frið*“ á markaðnum og „*frið*“ í samstarfi fyrirtækjanna á umræddri flutningaleið. Eru þessi gögn einnig til stuðnings framkomnum ábendingum heimildarmanns um að honum hefðu borist upplýsingar um að á árinu 2011 hefði forstjóri Eimskips látið þau boð út ganga til undirmanna sinna að ekki ætti að „*hjóla í Samskip*“ og á svipuðum tíma hefðu samskonar boð verið látin út ganga innan Samskipa varðandi samkeppni við Eimskip.
7789. Í þessu samhengi er rétt að rifja upp að Samskip og Jónar eru eitt og sama fyrirtækið í skilningi samkeppnislaga. Hafa Samskip (Jónar) m.a. lýst Jónum sem „*söludeild*“ Samskipa sem eigi í samkeppni við Eimskip. Í kafla 16.6 í ákvörðun þessari er rakið að Samskip (Jónar) og Eimskip hafi á árinu 2009 aukið verulega samstarf sitt en um einstök tilfallandi viðskipti hefði verið að ræða áður samkvæmt upplýsingum frá Jónum. Að minnsta kosti var um að ræða samkomulag um reglulega flutninga frá Bretlandi og var þetta í samræmi við „*Nýtt upphaf*“ verkefnið. Þetta flutningasamstarf milli Jóna og Eimskips var við lýði út rannsóknartímabil þessa máls og samkvæmt kvörtun Jóna frá 17. september 2018 var það raunar fyrir hendi fram á árið 2018.
7790. Það er mat Samkeppniseftirlitsins að framangreint aukið samstarf Samskipa við Eimskips í flutningum hafi verið hluti af samfelldu samráði þeirra. Líta ber til þess að í bréfi Samskipa frá 20. nóvember 2018 kemur fram að þetta samráð við Eimskip hafi verið vegna breytinga á siglingakerfi Samskipa haustið 2008 en í ákvörðun þessari er komist að þeirri niðurstöðu að Eimskip og Samskip hefðu haft samráð í tengslum við breytingar á siglingakerfum og takmörkun á flutningsgetu. Eimskip hefur jafnframt viðurkennt að hafa átt í ólögum samráði við Samskip um umræddar breytingar á siglingakerfum á síðari hluta ársins 2008 og takmörkun á flutningsgetu í sjóflutningum, sbr. sátt fyrirtækisins við Samkeppniseftirlitið, dags. 16. júní 2021.
7791. Að mati Samkeppniseftirlitsins fólst því í umræddu samstarfi Jóna og Eimskips ólögum samráð sem varði út rannsóknartímabil málsins. Af framangreindum samskiptum innan Jóna má jafnframt ráða að það hafi verið mat Jóna (Samskipa) að litið hafi verið á aukið samstarf Jóna (Samskipa) og Eimskips sem hluta af samráðsverkefninu, þ.e. að komist hafi á friður á flutningum frá Bretlandi sem ekki mætti raska. Samkvæmt framansögðu gættu Jónar að því í mars 2011 að „*friðurinn*“ milli Samskipa og Eimskips yrði ekki rofinn.

14.37.3. Fundur lykilstjórnenda 9. mars 2011

7792. Líkt og rakið er í kafla 14.33 hér að framan sýna gögn frá október-nóvember 2010 að stjórnendur Samskipa og Eimskips hefðu unnið að undirbúningi að hækkingum á gjaldskrá, hækkingu gagnvart mikilvægum viðskiptavinum, hækkingu á gjöldum og upptöku nýrra gjalda. Var þetta m.a. gert samhliða því að sömu stjórnendur áttu annars vegar í samskiptum og hins vegar unnu að framvindu verkefna sem féllu beint undir „*Nýtt upphaf*“ verkefnið. Leiddi þetta til þess að fyrirtækin náðu fram

³⁸⁴⁴ Sjá mgr. 1235 og áfram í athugasemdum Samskipa við AII.



verðhækkunum gagnvart mikilvægum viðskiptavinum á þessum tíma og hækkanir á gjaldskrá sem höfðu verið í undirbúningi var hrint í framkvæmd í janúar og febrúar 2011.

7793. Í kjölfarið vann Eimskip áfram að sértækum hækkunum við endurnýjun á samningum við mikilvæga viðskiptavini. Í fundargerð vegna vikulegra funda (E)frkvstj-sala/pj og (E)forstö-innfl frá 3. mars 2011 var verkefnið: „Hækkun á samningi Innnes“ m.a. tilgreint á verkefnalista. Ábyrgð þessa verkefnis var hjá framangreindum sömu stjórnendum.³⁸⁴⁵ Nánar var fjallað um atvik tengt Innnes og markaðsskiptingu Eimskips og Samskipa í kafla 14.35.
7794. Í málinu liggja fyrir glærur vegna forstöðumannafundar hjá Eimskip. Eru þær dagsettar í mars 2011. Þar er á ný rætt um það áhersluverkefni (E)frkvstj-sala/pj að hækka þurfi meðalsjóflutningssverð og fram kemur að líklegt sé að almenn verðhækkun verði 1. júlí 2011.³⁸⁴⁶
7795. Samskipti áttu sér stað milli stjórnenda Samskipa og Eimskips 1. – 7. mars 2011 sem vörðuðu ólöglegt samráð fyrirtækjanna vegna notkunar á gámum.
- Annars vegar var um að ræða tölvupóstsamskipti milli (S)forstö-innfl1 og (E)forstö-innfl (afrit til (S)frkvstj-millilandasv og (E)frkvstj-sala/pj). Kvartaði (S)forstö-innfl1 yfir því að Eimskip gæti ekki útvegað tóma gáma í Norfolk vegna innflutnings til Íslands. Vísaði (S)forstö-innfl1 ítrekað til skuldbindingu Eimskips í Norður-Ameríkusamningnum um að útvega Samskipum gáma. (E)forstö-innfl svaraði og sagði að Eimskip myndi gera það sem fyrirtækið gæti til að útvega gáma.³⁸⁴⁷
 - Hins vegar var um að ræða tölvupóstsamskipti milli (S)forstö-útfli og (E)forstö-sölu (afrit til (E)frkvstj-sala/pj). Þessi samskipti vörðuðu útflutning til Norður-Ameríku og vísaði (S)forstö-útfli til ákvæða í samningi fyrirtækjanna „varðandi lágmarks gámafjölda sem við eigum rétt á per ferð frá Reykjavík“. (E)forstö-sölu svaraði og kvaðst ætla að skoða þetta.³⁸⁴⁸ Í öðrum tölvupósti vísaði (S)forstö-útfli til samskipta við undirmann (E)forstö-sölu ((E)starfsm) og bað (S)forstö-útfli (E)forstö-sölu um upplýsa (E)starfsm um skyldur Eimskips gagnvart Samskipum.³⁸⁴⁹
7796. (E)frkvstj-sala/pj fékk send afrit af fyrrnefndum tölvupóstum (S)forstö-innfl1 og (S)forstö-útfli til Eimskips. Brást hann við með því að senda 7. mars 2011 tölvupóst til (S)forstö-útfli (afrit til (S)frkvstj-millilandasv, (E)forstö-innfl og (E)forstö-sölu) og óskaði eftir því að fyrirtækin myndu ræða gámamál í flutningum til og frá Norður-Ameríku:
- „Sæll, var að reyna að ná í [(S)frkvstj-millilandasv] og svo þig til að fara yfir þetta og gámamál á hinum endanum líka. Þið sláið bara á þráðinn þegar þið megið vera að en helst hefði ég viljað setjast aðeins niður með ykkur til að fara yfir.“³⁸⁵⁰
7797. Hér ber að hafa í huga að tölvugögn (E)frkvstj-sala/pj sýna að hann útbjó reglulega verkefnalista þar sem hann tilgreindi mikilvæg verkefni á hverjum tíma fyrir sig. Fram hefur komið að árið 2010 voru á verkefnalista (E)frkvstj-sala/pj verkefni tengd hækkun á verði og samstarfi við Samskip. Eftir endurnýjun ólögmetra samninga Eimskips og Samskipa 9. desember 2010 voru verkefni sem lutu að hækkun á verði áfram á verkefnalistum (E)frkvstj-sala/pj árið 2011 („Hækkanir ISL – ERL“/ „Hækkun meðalsjóflutningssverða“). Þennan sama dag og (E)frkvstj-sala/pj sendi tölvupóst til (S)frkvstj-millilandasv og (S)forstö-útfli, 7. mars 2011, kom aftur inn á verkefnalista hans verkefni tengt Samskipum. Var þá komið inn á þennan lista (E)frkvstj-sala/pj eftirfarandi verkefni:

³⁸⁴⁵ Afritað tölvuskjal frá Eimskip. [...] Viðhengi við afritaðan tölvupóst frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.34.192200.

³⁸⁴⁶ Afhent tölvuskjal frá Eimskip. Afhent 01.12.2011. „SCS 29.04.2011“, glærur 2 og 20.

³⁸⁴⁷ Afrituð tölvupóstsamskipti frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.34.102193.

³⁸⁴⁸ Afritaðir tölvupóstar frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.1038376.

³⁸⁴⁹ Afritaður tölvupóstur frá [...] Doc. ID. 0.7.33.1038827.

³⁸⁵⁰ Afritaður tölvupóstur frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.520111.



„Samskip inn og út“.³⁸⁵¹

7798. Féll þetta verkefni (E)frkvstj-sala/þj undir lið sem gaf til kynna beina aðkomu (E)forstj. (Liðurinn: „Verkefni 1-3 (E)forstj“) Vísaði þetta verkefni til inn- og útflutnings Samskipa. Á þessum tíma var fyrir hendi m.a. eftirfarandi samráð Samskipa og Eimskips sem tengdist beint sjóflutningum:
- Norður-Ameríku samráðið
 - Samráðið sem byggði á „neyðarsamkomulaginu“
 - Samráðið sem byggði á samningi milli Jóna og Eimskips
 - Gámasamráðið
 - Samráðið um útflutningi á áli fyrir Alcoa
7799. Ekki er ljóst af framangreindu gagni (E)frkvstj-sala/þj hvort þetta verkefni hans tók til þessara þátta í samráðinu eða mögulega til samráðs í tengslum við breytingar á siglingakerfum líkt og áður hafði gerst í samráðsverkefninu. Einnig kann þetta að vísa til yfirstandandi markaðsskiptingar gagnvart viðskiptavinum í sjóflutningi eða til kvartana Samskipa vegna skorts á gámum. Ljóst er a.m.k. að um mjög þýðingarmikið verkefni var að ræða gagnvart Samskipum, sbr. tenginguna við (E)forstj.
7800. Hvað sem framangreindu líður er ljóst að (E)frkvstj-sala/þj fundaði með Samskipum eftir að hafa sent tölvupóstinn 7. mars 2011. (S)frkvstj-millilandasv svaraði (E)frkvstj-sala/þj 8. mars 2011 og stakk upp á fundi daginn eftir.³⁸⁵² (E)frkvstj-sala/þj samþykkti það og var fundurinn haldinn kl. 10:30 þann 9. mars 2011.³⁸⁵³ Auk (E)frkvstj-sala/þj og (S)frkvstj-millilandasv sátu (S)forstö-innfl1 og (S)forstö-útlfl einnig fundinn.
7801. Hvorki Eimskip né Samskip veittu við upplýsingagjöf samkvæmt 19. gr. samkeppnislaga upplýsingar um þennan fund eða afhentu gögn sem gefa til kynna hvað rætt hafi verið á fundinum.³⁸⁵⁴ Engin slík gögn bárust með athugasemdum fyrirtækjanna við AI eða AII. Um þýðingu þessa að lögum vísast til kafla 4.7.3. Við rannsókn Samkeppniseftirlitsins hefur ekki fundist fundargerð eða minnispointar sem teknir hafa verið saman á fundinum.
7802. Framangreind samtímagögn gefa hins vegar til kynna hversu umfangsmikið samstarf Eimskips og Samskipa var að þessu leyti. Að tillögu (E)frkvstj-sala/þj var haldinn fundur þar sem ræða átti a.m.k. vanda sem upp var kominn í gámasamráði fyrirtækjanna. Ber og að virða þetta í samhengi við annað gámasamráð sem lýst er í kafla 18.
7803. Eins og rökstutt er í kafla 11 hafði „Nýtt upphaf“ verkefnið það að markmiði að raska samkeppni í skilningi 10. gr. samkeppnislaga. Samstarf Samskipa og Eimskips vegna gáma var hluti af „Nýtt upphaf“ verkefninu. Öll samskipti fyrirtækjanna þar sem unnið var eða rætt um „Nýtt upphaf“ verkefnið fóru því gegn 10. gr. samkeppnislaga, þ.m.t. þessi fundur 9. mars 2011.

³⁸⁵¹ Verkefnið hafði fallið út af verkefnalista [...] mánuði síðar. Afritað tölvuskjal frá Eimskip. „Verkefni [...] jan 2011.docx“. Vistað í tölvugögnum [...], dags. 07.03.2011, kl. 17:27. Doc. ID. 0.7.33.182199. Afritað tölvuskjal frá Eimskip. „Verkefni [...] apr 2011.docx“. Vistað í tölvugögnum [...], dags. 06.04.2011, kl. 12:48. Doc. ID. 0.7.33.181952. Afritað tölvuskjal frá Eimskip. „Verkefni [...] agust 2011.docx“. Vistað í tölvugögnum [...], dags. 08.08.2011, kl. 16:42. Doc. ID. 0.7.33.188493. Afritað tölvuskjal frá Eimskip. „Verkefni [...] dec 2011.docx“. Vistað í tölvugögnum [...], dags. 20.12.2011, kl. 11:24. Doc. ID. 0.7.33.180922.

³⁸⁵² Afritaður tölvupóstur frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.1039012.

³⁸⁵³ Afritaðir tölvupóstar frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.860301. Afrituð dagbókarfærsla frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.979955.

³⁸⁵⁴ Sjá um brot Samskipa gegn 19. gr. samkeppnislaga í kafla 23.



14.37.4. Samskip hafa ekki á áhuga á MS

7804. Mjólkursamsalan (MS) var einn stærsti viðskiptavinur Eimskips í innflutningi og gögnin sýna að í mars 2011 sneri MS sér til Samskipa og vildi ræða möguleg flutningsviðskipti.
7805. Samskipum var ljóst að MS var einn stærsti viðskiptavinur Eimskips í innflutningi. Í markaðsskýrslu innflutningsdeildar Samskipa fyrir árið 2011 er MS að finna á lista yfir mikilvægustu viðskiptavinum Eimskips. Það sama kom fram í samskonar skýrslu (S)forstö-innfl1 ári síðar, þ.e. fyrir árið 2012. Samtímagögn bera ekki með sér að Samskip hafi ekki stefnt að því að ná þessum viðskiptavinum Eimskips í viðskipti til sín. Áður en „Nýtt upphaf“ verkefnið hófst, í júní 2008, stóð hins vegar til hjá Samskipum að ná MS af Eimskip í „herferð“ sem þá var í undirbúningi, sbr. kafla 6.7.6.
7806. MS hafði verið mikilvægur viðskiptavinur Samskipa í landflutningum. MS fór hins vegar að annast sjálf eigin landflutninga og hætti landflutningaviðskiptum við Samskip um mitt ár 2010. Var frá þessu greint í skýrslu landflutninga Samskipa frá september 2010. Í fundargerð vegna stjórnarfundar Samskipa hf. þann 3. janúar 2011 var eftirfarandi bókað um áhrif af því að MS hætti að nýta sér landflutningaþjónustu Samskipa: „Uppsögn samnings Mjólkursamsölunar um mitt ár 2010 hefur töluverð áhrif á framlegð hjá Landflutningum en áætlun 2011 gerir ráð fyrir að flutt tonn verði 146 þúsund sem er 6 þúsund tonnum minna en 2010.“³⁸⁵⁵
7807. Þann 7. mars 2011 sendi MS tölvupóst til (S)forstj með heitinu „Flutningamál – tilboð“. Í honum sagði að MS væri að „endurskoða flutningamál sín og við vildum gjarnan hitta fulltrúa frá ykkur og ræða möguleika á samstarfi.“³⁸⁵⁶ Mikilvægur viðskiptavinur Eimskips hafði þannig að eigin frumkvæði samband við Samskip og gaf til kynna að til greina kæmi að færa viðskipti sín til Samskipa.
7808. Daginn eftir sendi (S)forstj tölvupóst til (S)forstö-innfl1 og (S) frkvstj-innanl og spurði hvort þeir gætu hitt MS þann 10. mars 2011.³⁸⁵⁷ Var sá fundur haldinn.³⁸⁵⁸
7809. Ljóst er að MS taldi Samskip ekki sýna mikinn áhuga á að gera félaginu tilboð. Þetta má ráða af tölvupósti sem MS sendi til (S)forstö-innfl1 og (S) frkvstj-innanl þann 28. mars 2011. Í honum sagði: „Við höfum ekkert heyrt frá ykkur eftir fund okkar fyrr í þessum mánuði. Hafði þið skoðað þau gögn sem við létum ykkur fá og mótað einhverjar verðhugmyndir sem hægt er að kynna fyrir okkur?“
7810. (S) frkvstj-innanl framsendi þennan póst til (S)forstö-innfl1 og tók þetta fram: „Eigum við ekki að hitta þá aftur og gefa þeim verð, spurning bara hversu há verð þú vilt gefa. Var það ekki niðurstaðan, þ.e. að verðin munu alltaf lenda hinum megin?“
7811. (S)forstö-innfl1 svaraði um hæl og sagði: „Jú ég skal klára að stilla þessu upp, bæði inn og útflutningi. Geri ekki ráð fyrir að þetta verði mjög skörp verð. Spurning um að hitta þá á fimmtudag eða föstudag. Vilt þú svara mailinu eða á ég að gera það.“
7812. (S)forstö-innfl1 og (S) frkvstj-innanl ákváðu að (S)forstö-innfl1 myndi svara tölvupósti MS.³⁸⁵⁹ Sendi (S)forstö-innfl1 eftirfarandi tölvupóst til MS síðar sama morgun: „Við erum búnir að skoða þetta og erum að leggja loka hönd á að stilla þessu upp. Við hefðum viljað hitta ykkur og fara í gegnum tilboð okkar. Hvernig hentar ykkur að fá okkur í heimsókn eftir hádegi á fimmtudag?“

³⁸⁵⁵ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.842670.

³⁸⁵⁶ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.844248.

³⁸⁵⁷ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.8445393.

³⁸⁵⁸ Afrituð dagbókarfærsla frá Samskipum. [...]

³⁸⁵⁹ Afrituð tölvupóstsamskipti frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.864228.



7813. Samskip og MS ákváðu að morgni 29. mars 2011 að eiga fund fimmtudaginn 31. mars 2011.³⁸⁶⁰
7814. (S)forstö-innfl1 hafði verið falið að ganga frá tilboði til MS í bæði innflutning og landflutninga. Sendi hann tölvupóst til (S) frkvstj-innanl þann 29. mars 2011 og spurði hvaða „verð á ég að bjóða MS í akstur til og frá Akureyri og Selfoss?“. (S) frkvstj-innanl framsendi tölvupóst (S)forstö-innfl1 til (S)rekststj-landfl2, undirmanns hans í landflutningadeild. Fólst í tölvupósti (S) frkvstj-innanl til (S)rekststj-landfl2 spurning hvort gefa ætti MS sama landflutningaverð og fyrirtækið naut hjá Samskipum áður það hóf eigin landflutninga („[...] gefa þeim sömu verð og við vorum búnir að bjóða þeim áður en þeir fóru að keyra sjálfir?“). Það (S) frkvstj-innanl (S)rekststj-landfl2 að bera þetta undir (S)forstö-innfl1 („Þú staðfesti við [(S)forstö-innfl1]“)
7815. Gögn málsins sýna að (S)rekststj-landfl2 hafi skilið tölvupóst (S) frkvstj-innanl með þeim hætti að gefa ætti MS samkeppnishæf verð í umrædda landflutninga. Sendi (S)rekststj-landfl2 þann 30. mars 2011 tölvupóst til (S)forstö-innfl1 og sagði að hann ætti að;
- „nota þessi grænlenku verð“.
7816. Lagði (S)rekststj-landfl2 til að (S)forstö-innfl1 ætti að bjóða MS 29.000 kr. í framhaldsflutninga frá Reykjavík til Selfoss og 89.400 kr. í framhaldsflutninga frá Reykjavík til Akureyrar.
7817. (S)forstö-innfl1 féllst hins vegar ekki á að MS yrði boðið „grænlenkt verð“ og ákvað að MS skyldi boðið hærra verð. Sendi hann daginn eftir eftirfarandi tölvupóst til (S)rekststj-landfl2:
- „Ég setti þau aðeins hærrí.
Selfoss = 32.000
Akureyri = 95:000.“³⁸⁶¹
7818. Tæpum mánuði síðar sendi (S)forstö-innfl1 eftirfarandi tölvupóst til MS: „Hafið þið eitthvað náð að skoða tilboð okkar í flutningana yfir páskana. Eins og þið sáuð vonandi þá erum við mjög spenntir fyrir að vinna með ykkur bæði í inn og útflutningi.“
- Það er spurning hvort að við ættum að hittast fljótlega til að fara nánar í gegnum þessi mál. Hvað segið þið?“
7819. MS svaraði daginn eftir: „Þessi mál eru enn til skoðunar hjá okkur, það gengur illa að koma öllum saman vegna tíðra utanferða. Við erum hins vegar búnir að segja upp samningum okkar við Eimskip þ.a. það er enginn tími að tapast. Við verðum væntanlega í sambandi í næstu viku.“
7820. Þann 3. október 2011 sendi (S)forstö-innfl1 eftirfarandi tölvupóst til MS: „Hvernig standa þessi mál hjá ykkur núna. Það er liðinn töluverður tími frá því að við vorum að skoða þessi mál. Eru þið enn spenntir fyrir tilboði okkar?“
7821. MS svaraði tölvupósti (S)forstö-innfl1 daginn eftir: „Við heyrðum ekkert meira frá ykkur, fengum ekki svör við spurningum sem við sendum. Þetta endaði því með nýjum samningi við Eimskip.“³⁸⁶²
7822. Samkvæmt framansögðu hélt Eimskip þessum viðskiptum við MS og í markaðsskýrslum (S)forstö-innfl1 fyrir árin 2012 og 2013 kemur ennþá fram að MS sé meðal stærstu viðskiptavina Eimskips.
7823. Líkt og fyrr segir er í kafla 6.7.6 gerð grein fyrir gögnum (S)forstö-innfl1 frá miðjum maí 2008 sem sýna fram á undirbúning að „herferð“ gegn Eimskip. Var þetta einnig nefnt „grænlenkir dagar“ og fólst í þessu að reyna átti með samkeppni að ná mikilvægum viðskiptavinum frá Eimskip til Samskipa. MS var einn þeirra viðskiptavina Eimskips sem taldir voru upp í gögnum Samskipa og bjóða átti

³⁸⁶⁰ Afrituð tölvupóstsamskipti frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.864766.

³⁸⁶¹ Afrituð tölvupóstsamskipti frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.865518.

³⁸⁶² Afrituð tölvupóstsamskipti frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.905201.



„grænensk“ verð. Ekki varð hins vegar af þessari herferð, enda hófst „Nýtt upphaf“ verkefnið í júní 2008 eftir að (E)forstj tók við sem forstjóri í lok maí 2008.

7824. Samkvæmt framangreindum gögnum frá árinu 2011 sneri mikilvægur viðskiptavinur Eimskips sér til Samskipa og óskaði eftir tilboði. Í stað þess að bregðast hratt og vel við þessu frumkvæði MS sýna gögnin að Samskip sýndu þessari beiðni takmarkaðan áhuga og MS kvartaði yfir því hve seint svör bærust frá Samskipum og að spurningum væri ekki svarað. Til viðbótar kemur að mati Samkeppniseftirlitsins skýrt fram í gögnunum frá (S)forstö-innfl1 að Samskip hafi ætlað sér að bjóða kjör sem gerði það mjög ólíklegt að MS færði viðskipti sín frá Eimskip til Samskipa. Þannig átti ekki að bjóða MS „skörp“ eða „grænensk“ verð.
7825. Niðurstaðan í tilviki MS var í samræmi við markmið og áherslur í markaðsskýrslu innflutningsdeildar Samskipa fyrir árið 2012, þar sem gert var ráð fyrir að bæði Eimskip og Samskip héldu að sér höndum og legðu áherslu á að halda uppi verðum, sbr. kafla 14.38.4. Samskip hefðu því gagnvart þessum stóra viðskiptavinum, eins og fleirum, ákveðið að virða markaðsskiptinguna við Eimskip og keppa ekki með „skörpum verðum“ við Eimskip um viðskipti við MS. Endurspeglar þessi atvik ólögmætt samráð Samskipa og Eimskips, sbr. einnig viðurkenningu Eimskips á broti gegn 10. gr. samkeppnislaga í sátt, dags. 16. júní 2021. Er þetta að mati Samkeppniseftirlitsins einkar skýrt þegar þessi atvik á árinu 2011 eru borin saman við atvikin í maí 2008 þegar MS var andlag fyrirhugaðrar samkeppnisherferðar Samskipa gegn Eimskipum.

14.37.5. „Frábært ár“ og bónusar hjá Samskipum

7826. Í apríl 2011 var fjallað um bónusa fyrir (S)forstj og aðra stjórnendur Samskipa.
7827. Vísast í upphafi til umfjöllunar í kafla 7.6 um samninga sem í gildi voru á þessum tíma við (S)forstj og (E)forstj um persónulega fjárhagslega hvata þeirra. Þar kemur m.a. fram að (S)aðaleig-stjform-SH hafi með samningi við (S)forstj 1. júlí 2008 gefið honum loforð um verulega bónusgreiðslu (kaupauka) og hvatt hann til að beita sér í efnislega sambærilegum aðgerðum og felast í „Nýtt upphaf“ verkefninu. Í október 2008 gerði stjórnarformaður Eimskips bónussamning við (E)forstj og átti umbun til (E)forstj m.a. að ráðast af framgangi „Nýtt upphaf“ verkefnisins. Var því fyrir hendi bæði hjá forstjóra Eimskips og forstjóra Samskipa persónulegur fjárhagslegur hvati til þess að ná árangri í ólögmætu samráði fyrirtækjanna. Aðrir lykilstarfsmenn nutu einnig bónusa.
7828. Hér ber einnig að hafa í huga að afkoma Samskipa hf. á árinu 2009 var það góð að (S)forstj taldi hana réttlæta bónusa. Í tölvupósti sem (S)forstj sendi (S)stjform-S 4. febrúar 2010 kom fram að framkvæmdastjórar Samskipa væru með ákvæði í samningum um bónusa.³⁸⁶³ Í tölvupósti sem (S)forstj sendi til (S)stjform-S þann 30. apríl 2010 minnti hann á sig með vísan til góðs árangurs á árinu 2009:
- „Við gengum frá bónus greiðslum til framkvæmdastjórn í mars í línu við það sem við ákváðum. Nú var kallinn að spá með sjálfan sig - ja vel launaður er verkamaðurinn, en heilt á litið verður að segjast að margt gekk vel á liðnu ári, þó ytri aðstæður hafi verið erfiðar ...“³⁸⁶⁴*
7829. Í apríl 2011 fjallaði (S)forstj aftur um bónusa. Sendi hann 13. apríl 2011 tölvupóst til (S)stjform-S vegna bónusa til handa framkvæmdastjórum hjá Samskipum hf.:

„Vísu í samtal okkar - árið 2010 var frábært ár, en helstu tölur fyrir árið skv:

³⁸⁶³ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.706189.

³⁸⁶⁴ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.742479.



| | Raun | Áætlun | Frávik | Árið 2009 |
|---------------|------|--------|--------|-----------|
| Velta | 114 | 117 | -3 | 106 |
| Ebitda | 12,7 | 11 | 1,7 | 7,8 |
| Net Income | 6,2 | 4,1 | 2,1 | -2,2 |
| | | | | |
| Free cashflow | 18,6 | 12 | 6,6 | 11,7 |

[(S) frkvstj-innanl], [(S)frkvstj-fjárm] og [(S)frkvstj-Jóna] eru með rétt um [...] í mánaðarlaun og [(S)frkvstj-millilandasv] er rétt undir [...] í mánaðarlaun - svo eru þeir með bíl frá fyrirtækinu.

Ég legg til að þeir [(S) frkvstj-innanl], [(S)frkvstj-fjárm] og [(S)frkvstj-Jóna] fái 3 mánuði - en jafnframt að [(S)frkvstj-millilandasv] fái 4 mánuði, legg til að við ræðum ástæðu þess nánar, ég útskýri það frekar.³⁸⁶⁵

7830. Daginn eftir sendi (S)forstj tölvupóst til (S)frkvstj-millilandasv. Fjallaði hann um bónusa fyrir forstöðumenn (m.a. (S)forstö-innfl1 og (S)forstö-útf1) vegna góðrar afkomu árið 2010. Kom þetta fram í tölvupóstinum: „Varðandi bónus fyrir forstöðumenn fyrir árið 2010 þá sendir þú póst á [(S)starfsm] með staðfestingu á bónus til þeirra - copy á mig, gert upp nú við launareikning á morgun.

Eins og við ræddum þá var árið 2010 frábært ár - ebitda vel yfir áætlun 10,7 - var í raun vel yfir 13 m eur. Sbr samtal þá er vert að leggja kúrsinn nú til þeirra fyrir þetta ár, en eins og við fórum í gegnum þegar við rúlluðum í gegnum tölurnar, þá mv sömu charter forsendur þá eiga árin 2009-2010-2011 að gefa okkur um 13 m í ebitda. Við eigum að gefa bónus upp á 3 mánuði fyrir framúrskarandi árangur - ígrundum til þeirra fyrir þetta ár:

1 mán 11,5 m eur

2 mán 12,3 m eur

3 mán 12,8 m eur³⁸⁶⁶

7831. (S)forstj fjallaði í sama mánuði aftur um kaupauka og góða afkomu fyrirtækisins. Þann 25. apríl 2011 sendi (S)forstj tölvupóst til (S)stjform-S um það efni sem svar við tölvupósti (S)stjform-S frá 13. apríl 2011, en hann fjallaði um bónusmál þriggja stjórnenda hjá Samskipum á Íslandi (annarra en (S)forstj) í ljósi fráberrar afkomu Samskipa á árinu 2010. Óskaði (S)forstj þar eftir að ræða við (S)stjform-S um bónusmál hjá Samskipum. Lýsir (S)forstj því hvernig þeim málum var háttað á árunum 1998-2004 og 2005-2006. Þá segir:

„2007-2008

-vegna annmarka á kerfi sem hannað var 2005, þá kom ég með tillögu til þín fyrir árin 2007 og 2008, og unnið var eftir þeim.

Jafnframt var unnið að öðru bónus skema, væntanlega árið 2008, maður er farinn að gleyma, en það átti að miða við ákveðinn árangur sem náðist að þremur árum liðnum. Fyrir Ísland átti að nást upp í 11% ebitda framlegð, og ebitda upp í 20-22 m eur. Þetta náðist aldrei að klára endanlega – og ekki þörf á því ytra umhverfi var farið að „súrna“ og ljóst að þessi markmið næðust ekki.

Svo unnum við tveir lausn á árinu 2009 svona ad hoc og þurfum að greiða úr 2010 á svipaðan máta, þe í okkar höndum. Í samningum er kveðið á um bónus kerfi hjá þeim – og þeir voru með talsverðar

³⁸⁶⁵ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.857486.

³⁸⁶⁶ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.857617.



væntingar til þessa árs, því afkoman var glæsileg, hún var í raun ekki það sem birt hefur verið, heldur ca 2 m eur betri, þetta vita þeir.

Ég vil alls ekki að þetta sé unnið svona eftir á – en það er þá reyndin þessi tvö liðin ár, en langar að ræða við þig svona hugmyndir til lengri tíma, þegar þú ert hér næst á landinu – komum því svo á beinu brautina^{.3867}

7832. Í ákvörðun þessari hefur komið fram að samtímagögn sýni að afkoma Samskipa á Íslandi á árinu 2010 hafi verið afburða góð. Í framangreindum tölvupósti (S)forstj kemur fram að afkoman hafi raunar verið ennþá betri en opinberar afkomutölur Samskipa hf. sýndu. Um þetta hefði stjórnendum fyrirtækisins verið kunnugt.

7833. Þann 26. apríl 2011 sendi (S)forstj tölvupóst til (S)starfsm þar sem sagði:

„Gætirðu vinsamlega látið greiða út bónusa til framkvæmdastjórnar fyrir árið 2010 sbr:
-[(S)frkvstj-millilandasv] og [(S)frkvstj-fjárm] - ígildi 4ra mánaða
-[(S) frkvstj-innanl] og [(S)frkvstj-Jóna] - ígildi 3ja mánaða

Fara að sjálfsögðu með ofangreint sem algjört trúnaðarmál.“³⁸⁶⁸

7834. Skýr niðurstaða um bónus (S)forstj vegna hins „frábæra“ árs 2010 kom í október 2011, sbr. eftirfarandi tölvupóst sem (S)stjform-S sendi (S)forstj þann 21. október:

„Það staðfestist hér með að [(S)forstj] fær ígildi 4,5 mánaða launa í bónus fyrir starfsárið 2010“.

7835. (S)forstj framsendi tölvupóstinn þremur dögum síðar til (S)frkvstj-fjárm með m.a. þessum skilaboðum: „Ég væri mjög þakklátur ef hægt væri að greiða ca upphæðina á morgun/þriðjudag – þó launauppreikningur skilaði sér ekki fyrr en við næstu launakeyrslu um miðjan mánuð.“ (S)frkvstj-fjárm svarar: „Ekki malid reddum þessu“.³⁸⁶⁹

7836. Önnur gögn í málinu sýna einnig góða eða mjög afkomu hjá Samskipum á árunum 2009-2011:

- Afkoma Samskipa hf. á árinu 2011 var sömuleiðis mjög góð og var talin gefa tilefni til að greiða forstjóra félagsins á ný kaupauka vegna þess, sbr. tölvupóst (S)stjform-S stjórnarformanns félagsins til (S)forstj 5. júní 2012, en þar segir (S)stjform-S einfaldlega: „Ég staðfesti hér með þá ákvörðun að greiða þér kaupauka vegna ársins 2011 sem nemur 3ja mánaða launum.“³⁸⁷⁰
- Þann 9. nóvember 2011 sendi (S)starfsm glærुकyningar, þar sem fram komu áætlanir Samskipa hf. fyrir árið 2012, til Samskipa Holding.³⁸⁷¹ Fram kom að afkoma Samskipa á Íslandi á árinu 2011 hefði verið afbragðsgóð á flestum sviðum („*excellent financial performance on most front*“).
- Vísbendingar eru í gögnum málsins að í maí 2012 hafi Samskip Holding gert nýjan samning við (S)forstj þar sem m.a. var kveðið á um 50.000 evru eingreiðslu vegna ársins 2011.³⁸⁷²
- Í tölvupósti frá (S)forstj til (S)aðaleig-stjform-SH og (S)stjform-S, sem sendur var 2. apríl 2013, segir (S)forstj að afkoma Samskipa á Íslandi hafi verið „afburða góð“ á árinu 2010. Hún hafi einnig verið góð á árinu 2011.³⁸⁷³
- Í tölvupósti frá (S)forstj til m.a. (S)forstö-innfl1 og (S)frkvstj-Jóna, sem sendur var 9. september 2013, segir: „[...] árið 2010 var mjög gott ár, 2011 einnig, en síðan hefur afkoma sigið niður, á

³⁸⁶⁷ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.860600.

³⁸⁶⁸ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.860938.

³⁸⁶⁹ Afrituð tölvupóstsamskipti frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.923330.

³⁸⁷⁰ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.1016427.

³⁸⁷¹ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.931246.

³⁸⁷² Afritað tölvuskjal frá Samskip [...] Viðhengi við afritaðan tölvupóst frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.1006411.

³⁸⁷³ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.1119489.



árinu 2012 og nú á árinu 2013. Við tókum vel til í rekstri eftir hruntíma á síðari hluta árs 2008 – þær aðgerðir færðu okkur á beinu brautina, strax á árinu 2009 og árið 2010 var eitthvert besta ár í sögu félagsins.³⁸⁷⁴

7837. Hér er rétt að rifja upp að í aðdraganda „Nýtt upphaf“ verkefnisins setti (S)aðaleig-stjform-SH fram þau fyrirmæli gagnvart m.a. (S)forstj að vernda bæri og efla stöðu Samskipa hf. sem „cash cow“ fyrir samstæðu Samskipa Holding, sbr. umfjöllun í kafla 6.7.3 um fund lykilstjórnenda Samskipa Holding 18. mars 2008. Er og rökstutt í umfjöllun um atvik á árinu 2008 að frá sjónarhóli Samskipa hefði tilgangur „Nýtt upphaf“ verkefnisins ekki síst í upphafi verið að tryggja þessa stöðu Samskipa á Íslandi sem „Cash Cow“ samstæðunnar.
7838. Samtímagögnin gefa einnig til kynna að þessi fyrirmæli (S)aðaleig-stjform-SH um „Cash Cow“ stöðu eða hlutverk Samskipa hf. hafi gengið eftir. Í m.a. kafla 14.11.3 er gerð grein fyrir fundargerðum stjórnar Samskipa Holding á árinu 2009. Sýna fundargerðirnar að samdráttur í eftirspurn sem fylgdi efnahagsörðugleikunum á árinu 2009 leiddi til þess að kaupendur á flutningaþjónustu annars staðar í Evrópu fóru að sýna mun meira aðhald og krefjast betri kjara. Flutningamagn fór minnkandi og fyrirtæki brugðust við með því að lækka verð og örva eftirspurn. Var jafnvel rætt um örvæntingu í þessu sambandi. Með þessu jókst samkeppni um mikilvæga viðskiptavinum og er því lýst í fundargerðunum að nauðsynlegt hefði verið fyrir systurfélög Samskipa hf. að lækka verð til þess að missa ekki mikilvæga viðskiptavinum úr viðskiptum. Lýsingin á aðstæðum og rekstri Samskipa hf. í fundargerðunum dregur sem fyrr segir fram allt aðra mynd. Í kjölfar bankahrunsins og á tímum mesta samdráttar í efnahagslífinu hér á landi frá kreppunni miklu, þegar innflutningur minnkaði verulega, er í fundargerðunum greint frá afar góðum árangri á Íslandi („*extremely good results from Iceland*“) „*continous good results from Iceland*“) og EBITDA umfram áætlanir.
7839. Framangreind gögn vegna afkomu Samskipa hf. á árunum 2010 og 2011 endurspeglar að hið ólögsmæta samráð við Eimskip skilaði áfram árangri og styrkti stöðu fyrirtækisins sem „cash cow“ samstæðunnar. Bónusgreiðslur til stjórnenda Samskipa hf. voru til þess fallnar að styðja við samráðið við Eimskip.³⁸⁷⁵

14.37.6. Aðföng – Samskip virða markaðsskiptinguna

7840. Aðföng voru m.a. á árinu 2011 mjög mikilvægur viðskiptavinur Eimskips í innflutningi til Íslands. Flutningasamkomulag Eimskips við Aðföng (Haga) um sjóflutninga til og frá Evrópu, Bandaríkjunum og Kanada var undirritað 28. apríl 2008 og gildi frá 1. júlí 2008 í fimm ár, þ.e. til 1. júlí 2013. Frá 1. júlí 2010 var samningurinn þó uppsegjanlegur með sex mánaða uppsagnarfresti.
7841. Í kafla 14.27 er því lýst að fyrri hluta ársins 2010 unnu Eimskip að því að hækka verð gagnvart Aðföngum og náðu fram verðhækkun í lok júní 2010. Gögnin sýna einnig að Aðföng leituðu til Samskipa á þessum tíma, þ.e. þegar Eimskip var að ná fram fyrrgreindum verðhækkunum gagnvart Aðföngum. Gögn þessu tengd sýna hins vegar að (S)forstö-innfl1 stöðvaði hugmyndir (S)viðskstj1 um að bjóða Aðföngum hagstætt verð og gætti þannig að því að halda „friðinn“ og spilla ekki fyrir tilraunum Eimskips til að hækka verð gagnvart þessum mikilvæga viðskiptavinum:

³⁸⁷⁴ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.1152719.

³⁸⁷⁵ Sjá t.d. The Nature and Impact of Hardcore Cartels – A report to the Danish Competition Authority, London Economics, janúar 2011: „*The economic theory of crime suggests that owners of companies have incentives to engage in cartel activity if the expected profits from cartel activity exceed the profits from legal activity. The expected benefits associated with cartel activity need to be considered in relation to the expected costs of participating in illegal activity, which can be characterised by the probability of detection and financial and non-financial sanctions if convicted. Employees typically have fewer incentives to engage in cartel activity unless their pay is related to the performance of the company. Under these circumstances, employees may actually have stronger incentives than their employers to engage in cartel activity.*“



- Þann 20. nóvember 2009 leituðu Aðföng til (S)viðskstj1 um tilboð í flutninga. Í tölvupóstum (S)forstö-innfl1 til (S)viðskstj1 í kjölfarið kom efnislega fram að ekkert mætti gera sem myndi hindra Eimskip í að hækka verð gagnvart Aðföngum, sbr. kafla 14.9.4.
- Þann 16. apríl 2010 óskuðu Aðföng aftur eftir því að (S)viðskstj1 gerði fyrirtækinu tilboð í tiltekna flutninga. (S)viðskstj1 framsendi þessa beiðni um tilboð til (S)forstö-innfl1 og spurði aðeins þessarar spurningar: „*eigum við að setja þá á verðskrá?*“³⁸⁷⁶ Það að setja Aðföng „á verðskrá“ felur í sér skýr skilaboð um að Samskip ætluðu ekki að bjóða samkeppnishæf verð til Aðfanga (sbr. hið gagnstæða þegar Samskip töluðu um að gefa viðskiptavinum „*græn lensk verð*“ eða „*skörp verð*“). Í svari (S)forstö-innfl1 kom fram að í öllum aðalatriðum skyldi bjóða Aðföngum verð samkvæmt verðskrá, sbr. kafla 14.27.3.

7842. (S)forstö-innfl1 tók saman í september 2010 markaðsskýrslu innflutningsdeildar fyrir árið 2011. Eins og fram hefur komið var í því skjali gert „*ráð fyrir því að halda öllum núverandi viðskiptavinum Samskipa og engir nýir viðskiptavinir voru áætlaðir inn.*“ Jafnframt var lagt til grundvallar að á árinu 2011 myndi „*áframhaldandi ró*“ haldast á innflutningsmarkaði og bæði Eimskip og Samskip „*haldi að sér höndum og leggi áherslu á að hækka verð*“. Í þessu skjali (S)forstö-innfl1 kom einnig fram að samningur Eimskips við Aðföng myndi „*opnast á árinu 2011*“ en ekki var gert ráð fyrir því að Samskip myndu með samkeppni sækjast eftir þeim viðskiptum. Þannig átti ekki að efna til samkeppni um þann mikilvæga viðskiptavin heldur aðeins „*smærr*“ innflytjendur á matvöru.

7843. Höfðu Samskip þannig á fyrri hluta ársins 2010 virt markaðsskiptinguna vegna viðskipta Eimskips við Aðföng og á síðari hluta ársins lagt til grundvallar að gera það sama á árinu 2011. Gekk þetta eftir.

7844. Þann 20. maí 2011 sendi (S)frkvstj-N-Am tölvupóst til (S)forstö-innfl1 með fyrirsögninni „*Hagi, nýtt eignarhald.*“ Spurði hann hvað breytt eignarhald á þessu móðurfélagi Aðfanga þýddi fyrir Samskip. Einnig spurði hann að þessu: „*Eigum við ekki innkomu?*“ (S)forstö-innfl1 svaraði tölvupóstinum þann 23. maí 2011:

„*Jú þetta ætti að geta opnað dyr. Held að samningurinn opnast um mitt ár. Skoðum samt vel hvað við gerum.*“³⁸⁷⁷

7845. Þrátt fyrir þessar breytingar á eignarhaldi var það þannig ekki sjálfgefið í huga (S)forstö-innfl1 að Samskip myndu reyna að ná þessum viðskiptavini Eimskips í viðskipti. Verður að telja að þar hafi togast á annars vegar hagsmunir af því að virða markaðsskiptinguna við Eimskip og hins vegar hagsmunir af auknum tekjum vegna viðskipta við öflugasta smásala landsins.

7846. Engin gögn gefa til kynna að Samskip hafi nálgast Aðföng af þessu tilefni á þessum tíma, þ.e. á vormánuðum 2011. Var það í samræmi við framangreinda stefnumörkun (S)forstö-innfl1 frá september 2010 og sýnir að Samskip virtu markaðsskiptinguna sem Eimskip hefur viðurkennt að hafi verið fyrir hendi á þessum tíma.

7847. Síðar sama ár, 5. september 2011, sendi (S)forstö-innfl1 tölvupóst til (S)viðskstj1 og bað hann um að uppfæra texta um vörflokkinn matvara fyrir áætlunargerð 2012.³⁸⁷⁸ Þann 12. september 2011 sendi (S)viðskstj1 tölvupóst til (S)forstö-innfl1 með heitinu „*tillaga að texta*“. Í honum kom þetta fram:

„*Samningar við Vífilfell, Íslensk Ameríska Karl K Karlsson og Nóa eru lausir í vor en Garri í haust. Gert er fyrir [svo] að samningar við þessa aðila verði allir endurnýjaðir. Samningar við Aðföng verða líklega lausir um n.k. áramót (hver verður nálgun okkar ??)..... [...]*“

³⁸⁷⁶ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.809540.

³⁸⁷⁷ Afritaðir tölvupóstar frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.878998.

³⁸⁷⁸ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.898082.



*Megin áherslur verða að halda núverandi viðskiptavinum en jafnframt að vinna í að taka magn frá smærri viðskiptavinum sem eru hjá samkeppnisaðilum.*³⁸⁷⁹

7848. Að mati Samkeppniseftirlitsins gefur framangreint til kynna að þrátt fyrir að breytt eignarhald á Högum gæti að mati (S)forstö-innfl1 mögulega „opnað dyr“ var hann vegna samráðsins við Eimskip hikandi við að leyfa undirmanni sínum ((S)viðskstj1) að nálgast þennan viðskiptavin Eimskips.
7849. Þann 13. september 2011 áttu (S)viðskstj1 og (S)forstö-innfl1 fund með Aðföngum en (S)viðskstj1 hafði nokkrum dögum áður sent tölvupóst til Aðfanga, afrit til (S)forstö-innfl1, og óskað eftir fundi.
3880
7850. Endanleg útgáfa áætlunar innflutningsdeildar Samskipa fyrir árið 2012 sýnir að fyrirtækið ákvað að keppa ekki við Eimskip um viðskipti við Aðföng þrátt fyrir að telja sjálft að breytt eignarhald gæti veitt frekari tækifæri en áður að ná viðskiptunum af Eimskip. Þannig segir eftirfarandi í rekstraráætluninni um Aðföng:
- „Samningar Eimskips við Aðföng eru lausir um næstu áramót, en ekki er gert ráð fyrir öðru en þeir samningar verði framlengdir. Innnes eru enn með lausan samning við Eimskip, en ekki er gert ráð fyrir neinum breytingum er varðar þeirra flutninga. [...]. Megin áherslur verða að halda núverandi viðskiptavinum en jafnframt að vinna í að taka magn frá smærri viðskiptavinum sem eru hjá samkeppnisaðilum.*³⁸⁸¹
7851. Á sama tíma, eða í árslok 2011, gerði Eimskip einnig ráð fyrir að samningurinn við Aðföng myndi gilda út samningstímann, þ.e. til 1. júlí 2013, en í fundargerð vegna fundar (E)frkvstj-sala/þj og (E)forstö-sölu í viku 45 (7.-13. nóvember 2011) segir: „Hagar: Fer ekki í gang fyrr en samningstíminn er liðinn“³⁸⁸² Átti Eimskip þannig ekki von á því að Samskip myndu með samkeppni reyna að ná þessum mikilvæga viðskiptavinum yfir til sín. Á sama tíma virtu Samskip markaðsskiptinguna gagnvart Eimskip að því er varðaði ÖES en Eimskip endurnýjaði flutningasamkomulag við ÖES í desember 2011, sbr. kafla hér á eftir. Á sama tíma sótti Eimskip síðan t.a.m. ekki í viðskipti við Vífilfell og ÍSAM sem voru mikilvægir viðskiptavinir Samskipa með lausa flutningasamninga.
7852. Sá ávinningur sem Samskip höfðu haft af samráðinu við Eimskip olli því þess vegna að fyrirtækið sóttist ekki eftir viðskiptum við Aðföng.

14.37.7. Ölgerðin – Samskip virða markaðsskiptinguna

7853. Ölgerðin Egill Skallagrímsson (ÖES) var stór innflytjandi á vörum til Íslands. Einnig hefur félagið flutt út vörur og nýtt sér landflutninga hér á landi. ÖES hafði verið lengi í viðskiptum við Eimskip og var einn af stærstu viðskiptavinum fyrirtækisins á rannsóknartímabilinu. Þannig skiluðu viðskipti við ÖES t.d. 4,9% af tekjum Eimskips af öllum flutningum í janúar til september 2011.³⁸⁸³
7854. Hér ber að rifja upp að áður en „Nýtt upphaf“ verkefnið hófst í júní 2008 stóð til hjá Samskipum að ná ÖES af Eimskip í „herferð“ sem þá var í undirbúningi, sbr. nánar hér á eftir. Í kafla 10 er fjallað um verðhækkanir Eimskips seinni hluta ársins 2008 og þær beindust m.a. gagnvart ÖES.
7855. Í kafla 14.3 er greint frá mikilli óánægju ÖES með verðlagningu Eimskips í upphafi árs 2009. Fór svo að ÖES bauð út alla flutninga sína síðar á árinu 2009. Í þessum kafla kemur einnig fram að eftir verðhækkun Samskipa í janúar 2009 hafi mikilvægur viðskiptavinur fyrirtækisins, Vífilfell, sagt upp

³⁸⁷⁹ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.899636.

³⁸⁸⁰ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.899049. Afrituð dagbókarfærsla frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.899869. Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...]

³⁸⁸¹ Afritað tölvuskjal frá Samskipum. „Magn og tekjuáætlun innflutningsdeildar“. Viðhengi við afritaðan tölvupóst frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.909157.

³⁸⁸² Afritað tölvuskjal frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.97698.

³⁸⁸³ Afhent skjal frá Eimskip. Afhent 01.12.2016. „SCS sept 2011.ppt“.



flutningasamningi sínum og óskaði eftir tilboðum frá Eimskip og Samskipum. Niðurstaða útboðs ÖES var að Eimskip hélt viðskiptunum. Þá héldu Samskip viðskiptunum við Vífilfell.

7856. Í fyrrnefndum kafla er rökstudd sú niðurstaða Samkeppniseftirlitsins að þessi atvik, í tengslum við tilraunir ÖES og Vífilfells á árinu 2009 til að bæta samningskjör sín, sýni að Samskip og Eimskip virtu hið ólögmaeta samráð sem hófst eftir mitt árið 2008. Framganga og tilboð Eimskips til Vífilfells sýnir eindregið að fyrirtækið hafði sótti ekki á að ná viðskiptunum frá Samskipum og virti þannig markaðsskiptinguna.
7857. Hið sama gildir Samskip og útboð ÖES. Voru þessar aðgerðir fyrirtækjanna hluti af samráði þeirra um að keppa ekki um mikilvæga viðskiptavinum hvors annars og skapa þess í stað möguleika á því að hækka verð. Samtímagögn eru í þessu sambandi öll af sama meiði og önnur, þ.e. enginn ótti var hjá fyrirtækjunum um að virk samkeppni frá hvort öðru kæmi í veg fyrir að þau myndu halda viðskiptunum og hækka verð. Með samráði fyrirtækjanna hafði æskilegri óvissu verið eytt og sjálfstæði fyrirtækjanna raskað.
7858. Samningur Eimskips og ÖES sem gerður var í kjölfar útboðsins á árinu 2009 gilti til 30. nóvember 2011 en eftir það skildi hann framlengjast ótímabundið með þriggja mánaða uppsagnarfresti.³⁸⁸⁴
7859. Þann 22. júní 2011 áttu (E)frkvstj-sala/þj og (E)viðskstj3 fund með ÖES.³⁸⁸⁵ Þá átti (E)forstj bókaðan fund undir heitinu „Ölgerðin“ 30. júní 2011.³⁸⁸⁶
7860. Um miðjan júlí 2011 hafði ÖES samband við Samskip. Í tölvupósti ÖES til (S)forstö-innfl1 14. júlí 2011 sagði:
- „Eigum við að hittast um miðjan ágúst og fara yfir stöðuna varðandi samninga okkar sem eru lausir í haust?*
- Væri gott ef þú myndir dusta rykið af útboðinu árið 2009 og gefa mér einhverjar vísbendingar hvar verðin væru að liggja sem þú myndir bjóða mér núna samanborðið við það.“*
7861. (S)forstö-innfl1 svaraði þann 25. júlí 2011 og kvaðst ætla að skoða hvað Samskip gætu boðið ÖES og lagði til fund. Var fundurinn ákveðinn 18. ágúst 2011.³⁸⁸⁷
7862. Þann 16. ágúst 2011 vistaði (S)forstö-innfl1 tilboð Samskipa frá 19. október 2009 með breyttum sjóflutningsverðum.³⁸⁸⁸ Daginn eftir hittust (S)forstö-innfl1 og (S)frkvstj-millilandasv á fundi og var efni hans „Ölgerðin – strategy“.³⁸⁸⁹
7863. Sem fyrr segir hitti (S)forstö-innfl1 ÖES þann 18. ágúst 2011. Fyrir fundinn með ÖES vistaði (S)forstö-innfl1 skjal með heitinu „Samanburður samninga ágúst 2011.xlsx“. Var þar að finna samanburð á verði gagnvart nokkrum viðskiptavinum Samskipa, verði ÖES og verði ÖES hjá Eimskip. Samkvæmt skjalinu gerði (S)forstö-innfl1 ráð fyrir að verð sem væru í boði fyrir ÖES hjá Samskipum væru hærri en verð ÖES hjá Eimskip, sbr. eftirfarandi skjámynd úr skjalinu:³⁸⁹⁰

³⁸⁸⁴ Afhent skjal frá Eimskip. Afhent 19.02.2016, minnislykill 2. Samningur við ÖES, dags. 5.11.2009.

³⁸⁸⁵ Afrituð dagbókarfærsla frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.260826.

³⁸⁸⁶ Afrituð dagbókarfærsla frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.792701.

³⁸⁸⁷ Afrituð tölvupóstsamskipti frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.892026.

³⁸⁸⁸ Afritað tölvuskjal frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.15268.

³⁸⁸⁹ Afrituð dagbókarfærsla frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.892252.

³⁸⁹⁰ Afritað tölvuskjal frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.13637.



| C | D | |
|-------------|-------------|--|
| ÖES Samskip | ÖES Eimskip | |
| 100.727 | 92.669 | |
| 152.567 | 140.361 | |
| | | |

7864. Engin niðurstaða varð af þessum fundi og ekki hefur í gögnum málsins fundist formlegt tilboð Samskipa til ÖES. Framangreint skjal (S)forstö-innfl1 gefur hins vegar ekki til kynna að til hafi staðið að bjóða ÖES lægra verð en verð sem ÖES var með hjá Eimskip samkvæmt skjalinu. Hvorki þetta né önnur gögn sýna að Samskip hafi á þessum tíma haft það að markmiði að ná þessum mikilvæga viðskiptavini Eimskips í viðskipti við Samskipa. Rekstraráætlun fyrirtækisins frá árinu 2011 styður það einnig þar sem gert var ráð fyrir „rö“, að ekki skyldi sækja á mikilvæga viðskiptavini Eimskips og hækka verð á núverandi viðskiptavini. Er þetta í samræmi við markaðsskiptinguna sem Eimskip hefur viðurkennt að hafi verið fyrir hendi á þessum tíma.
7865. Þann 26. ágúst 2011 sendi ÖES tölvupóst til (E)viðskstj3 með fyrirsögninni „Samningurinn – næstu skref“. ³⁸⁹¹ Þar tilgreindi ÖES breytingar sem félagið vildi sjá á samningnum við Eimskip, s.s. 3,5% lækkun á sjóflutningsgjöldum. Áttu (E)frkvstj-sala/þj og (E)viðskstj3 í kjölfarið fund með ÖES til að ræða samningamál, þ.e. þann 1. september 2011 ³⁸⁹² og aftur 7. september 2011. ³⁸⁹³
7866. Þann 8. september 2011 sendi ÖES tölvupóst til (E)viðskstj3 þar sem kom fram að töluvert bæri á milli aðila og var ÖES ekki sátt við fyrirhugaðar hækkningar Eimskips. Í tölvupóstinum sagði:

„Held að við höfum farið ágætlega yfir þetta í símanum í morgun og ég er enn hugsí yfir því hvernig við náum saman með þetta.

Eins og staðan er núna þá sé ég það eina í stöðunni að reyna að ná lendingu með 3 – 6 mánaða samning því uppsagnartíminn á núgildandi samning er of stuttur til að undirbúa aðrar leiðir eða útboð. Samt vil ég undirstrika það sem ég hef sagt að það er ekki óska staða mín að svo verði en ég bara sé ekki hvernig við komum okkur úr þessari stöðu með þetta haf á milli okkar.

Á samningstímanum þá hefur t.d. vísitala neysliverðs hækkað um 6,4% og þið eruð langt fyrir ofan það og því erum við ekki einu sinni að keppa í sömu deild hvað þá á sama vellinum. Árið 2008 voru verð færð úr ISK yfir í EUR og vísitölur teknar út því gengi átti að stýra verðsveiflum. Nú hefur gengið styrkst um ca 11 – 12% sem maður hefði haldið að kæmi okkur öllum til góða en þá viljið þið ná þeirri lækkun á tekjum til baka með öðrum tilbúnum hækkunum. Þá vöru rökin þau að ykkar rekstur stýrist mun meira af gengi evru en vísitölum hér heima en nú hentar ykkur að notast við aðrar forsendur.

Ef við tökum t.d. flutningsgjöld á 40% gám frá FOB úti þar til gámur er kominn í stæðu hjá ykkur án hafnargjalda þá hefur flutningsgjald hækkað um 14,6% óháð gengi á samningstímanum vegna hækkandi BAF. Núna ætlið þið að bæta við 11,6% ofan á þannig að á samningstímanum hafa hækkunar orðið 27,9%. Þarf eitthvað frekar að segja um þetta?

Ég hef rætt marg oft við ykkur í fleirri en einni og tveimur samningaviðræðum að erlendi kostnaðurinn ykkar er kominn út úr öllu samhengi við það sem er að gerast fyrir utan íslensk umhverfi. THC er ekki í takkt við raunveruleikann og þar hef ég bara sannanir fyrir því frá mínum birgjum og þið vitið þær tölur jafn vel og ég. Einnig eru ykkar höft sem þið kallið collection fee á að fara með forflutning

³⁸⁹¹ Afritaður tölvupóstur frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.34.115210.

³⁸⁹² Afrituð dagbókarfærsla frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.265654.

³⁸⁹³ Afrituð dagbókarfærsla frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.270487.



annað semkeppnishamlandi og ganga ekki upp. Ef ég reyni að komast hjá collection fee þá setjið þið bara LOLO gjald í staðin, þið bindið mann bæði á höndum og fótum.

Til samanburðar við þetta þá hækkuðum við kolsýrða drykki um ca 6,5% í sumar og erum að hækka bjór um ca 3,5% núna í september. Þar áður hækkuðum við sumarið 2009. Hækkanir sem við höfum orðið fyrir á þessu tímabili eru gríðarlegar og má þar nefna plast, korn, sykur, ál, allir ávextir ofl. sem nemur 30 – 120%. Við getum ekki komið þessum hækkunum út í verðlagið því eins og við ræddum um í gær þá er ákveðinn þröskuldur hvað fólk er tilbúið til að greiða fyrir gosflöskuna. Að taka ykkar hækkanir ofan á þær hækkanir sem við höfum fengið á hráefni og umbúiðir ganga bara ekki upp og þurfum við að finna aðrar leiðir hverjar sem þær eru.

Fyrir mér er þetta ekki viðræður um að mætast á miðri leið því hvar er miðjan á leiðinni? Átti ég þá ekki að setja bara fram 15% lækkunarkröfu á allt til að fara í þennan dans með ykkur að mætast á miðri leið.

Þar sem 3ja mánaða uppsagnarákvæði er í gildandi samning þá finnst mér réttast að þið sendið formlega uppsögn á gildandi samningi sem tæki þá gildi 1. janúar 2012 nema einhverjar verulegar breytingar verða á ykkar drögum. Fram að þeim tíma getum við reynt að ná saman um skammtíma samning.“

7867. (E)frkvstj-sala/þj framsendi tölvupóstinn til (E)forstj með skilaboðunum: „Sjá neðangreint til uppl. en við erum að reyna að toga þá aðeins upp frá útboðinu 2009 – stefnum á að reyna að lenda þessu en eins og er, er töluvert á milli okkar ennþá“.³⁸⁹⁴

7868. Þann 20. september 2011 sendi (E)frkvstj-sala/þj tölvupóst til (E)forstj þar sem m.a. sagði: „[...] erum við að reyna að ná saman við [ÖES] um framlengingu samnings og hann/þeir eru ekki sáttir með þær hækkanir sem við erum að kynna fyrir þeim (samt vægast sagt MJÖG hóflegar) – fer betur yfir á fundinum á föstudag.“³⁸⁹⁵

7869. Næsti fundur Samskipa og ÖES var haldin í október 2011, sbr. nánar hér á eftir. Fyrir þann fund eða þann 16. september 2011 sendi (S)starfsm, undirmaður (S)forstö-innfl1, skjalið „Innflutningur markaðsskýrsla 2012“ til (S)forstj, (S)frkvstj-fjarm og (S)starfsm (afrit til (S)forstö-innfl1).³⁸⁹⁶ (S)forstö-innfl1 sendi síðan 19. september 2011 lokaeintak af skýrslunni til m.a. (S)forstj og (S)frkvstj-innanl.³⁸⁹⁷

7870. Fjallað var um þessa markaðsskýrslu Samskipa í kafla 14.38.4. Rétt er hins vegar að hafa hér sérstaklega í huga að á þessum tíma, þegar innflutningsdeild Samskipa samdi þetta skjal, hafði ÖES, einn stærsti viðskiptavinur Eimskips, að eigin frumkvæði snúið sér til Samskipa og óskað eftir tilboði í flutninga fyrirtækisins, sbr. umfjöllun hér að framan. Þegar skjalið var sent til (S)forstj var enn fullt svigrúm fyrir Samskip að reyna að ná þessum viðskiptum af Eimskip enda gerði ÖES ekki nýjan samning við Eimskip fyrr en í nóvember 2011, sbr. nánar hér á eftir. Markaðsskýrslan frá september 2011 ber hins vegar með sér að ekki átti að keppa við Eimskip um þessi viðskipti. Í skjalinu segir þannig:

„Áherslan í sölu árið 2012 ræðst að miklu leiti [svo] efir [svo] því hvort að áframhaldandi ró haldist á innflutningsmarkaði. Gert er ráð fyrir að bæði Eimskip og Samskip haldi að sér höndum og leggi áherslu á að halda verðum uppi. [...]

Ölgerðin er stærsti viðskiptavinur Eimskips í þessum flokk og ekki er gert ráð fyrir að reynt verði að ná í þá í viðskipti.“

³⁸⁹⁴ Afritaður tölvupóstur frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.587160.

³⁸⁹⁵ Afritaður tölvupóstur frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.823296.

³⁸⁹⁶ Afritað tölvuskjal frá Samskipum. [...] Viðhengi við afritaðan tölvupóst frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.908198.

³⁸⁹⁷ Afritað tölvuskjal frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.909157.



7871. Samkvæmt þessu átti að virða markaðsskiptinguna og skapa þannig áframhaldandi möguleika á því að hækka verð eða vinna gegn því að verð lækkaði.
7872. Þann 5. október 2011 sendi (S)forstö-innfl1 kynninguna „Magn og tekjuáætlun 2012 kynning fyrir forstöðumanna fund 6-okt-2011“ til (S)starfsm.³⁸⁹⁸ Þar kemur fram að innflutningsdeild myndi halda öllum sínum viðskiptavinum á árinu 2012 og að tekjur af sjóflutningum myndu aukast. Var stefnan því óbreytt. Halda átti „friðinn“ og hækka verð.
7873. Í glærुकynningu (E)frkvstj-sala/þj frá 11. október 2011 sagði: „Nýr samningur við Ölgerðina í vinnslu, miðast hægt (130.000 EUR)“.³⁸⁹⁹
7874. Þann 14. október 2011 áttu (S)forstö-innfl1 og (S)forstj fund með ÖES.³⁹⁰⁰ Í gögnum málsins hafa ekki fundist tilboð eða verðhugmyndir sem Samskip kunna að hafa sett fram á þessum fundi.
7875. Þann 18. október 2011 sendi (S)forstö-innfl1 afrit af markaðsskýrslunni fyrir árið 2012 til (S)frkvstj-Rotterdam. Var þar enn lagt til grundvallar að „bæði Eimskip og Samskip haldi að sér höndum og leggi áherslu á að halda verðum upp“ og að ekki ætti að reyna með samkeppni að ná ÖES frá Eimskip.³⁹⁰¹ Hafði fundurinn með ÖES þannig í engu breytt stefnumörkun Samskipa að þessu leyti. Með hliðsjón af samtímagögnum frá þessum tíma var þessi fundur Samskipa eingöngu til málamynda gagnvart ÖES.
7876. Samskip hafa í athugasemdum sínum við AII viðurkennt að það hafi ekki verið ætlun fyrirtækisins að reyna að ná ÖES í viðskipti á þessum tíma, sbr. nánar hér á eftir.
7877. Nokkrum dögum eftir fund Samskipa með ÖES eða þann 21. október 2011 sendi (E)frkvstj-sala/þj tölvupóst til (E)forstj og lét hann vita að (E)frkvstj-sala/þj hefði „loksins“ lokað samningi við ÖES með gildistíma til 1. janúar 2014.³⁹⁰²
7878. Í glærुकynningu Eimskips frá 11. nóvember 2011 er að finna glæru þar sem sett var fram tillaga Eimskips um hækkun gagnvart ÖES, þ.e. 9,6% hækkun á sjóflutning, 7,6% hækkun þjónustugjalda og 10% hækkun á akstur.³⁹⁰³ Af glærunni er einnig ljóst hversu mikilvæg flutningsviðskipti ÖES voru eða um 5% af heildarflutningstekjum Eimskips.
7879. Ljóst er að þrátt fyrir að ÖES hafi verið með flutningasamning við Eimskip áttu einhverjir atviksbundnir flutningar sér stað fyrir ÖES með Samskipum. Um var að ræða minniháttar flutninga í samanburði við flutningamagn Eimskips fyrir ÖES.³⁹⁰⁴ Í tengslum við þá flutninga Samskipa sendi ÖES tölvupóst til (S)forstö-innfl1 þann 15. nóvember 2011 og óskaði eftir tilteknum upplýsingum. (S)forstö-innfl1 svaraði og veitti þær upplýsingar og spurði síðan að þessu: „Eruð þið búnir að skrifa undir við Eimskip?“. ÖES svaraði: „Ekki búið að skrifa undir en búið að samþykkja allt.“³⁹⁰⁵ Engin frekari samskipti virðast hafa átt sér stað vegna þessa, hvorki innanhúss hjá Samskipum né við ÖES.
7880. Eimskip skrifaði síðan undir nýjan samning við ÖES þann 20. desember 2011 sem fól í sér hækkanir á þjónustugjöldum Eimskips. Höfðu sjóflutningsverð t.d. hækkað um 9,6% frá fyrri samningi.³⁹⁰⁶ Er það í samræmi við það sem fram kemur í glærunni frá 11. nóvember 2011.

³⁸⁹⁸ Afritað tölvuskjal frá Samskipum. [...] Viðhengi við afritaðan tölvupóst frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.906033.

³⁸⁹⁹ Afritað tölvuskjal frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.187831.

³⁹⁰⁰ Afrituð dagbókarfærsla frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.914543. Sjá einnig afrituð tölvupóstsamskipti frá Samskipum. [...] „Erum við ekki ON hjá þér kl. 10 á eftir?“, dags. 14.10.2010, kl. 08:16 og 08:42. Doc. ID. 0.7.33.908794.

³⁹⁰¹ Afritað tölvuskjal frá Samskipum. „Innflutningur markaðsskýrsla 2012.doc“. Viðhengi við afritaðan tölvupóst frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.910324.

³⁹⁰² Afritaður tölvupóstur frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.847653.

³⁹⁰³ Afhent skjal frá Eimskip. Afhent 01.12.2016. „SCS sept 2011.ppt“.

³⁹⁰⁴ Samkvæmt afhentum tölvulegum upplýsingum Samskipa var ÖES ekki meðal stærstu viðskiptavina árin 2011-2013. Afhent excel skjal frá Samskipum 10.04.2015, liður 8. „Liður 9.1 Innflutningur Heildarlist“.

³⁹⁰⁵ Afrituð tölvupóstsamskipti frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.917873.

³⁹⁰⁶ Afhent skjal frá Eimskip. Afhent 19.02.2016, minnislykill 2. Samningur við ÖES, dags. 20.12.2011.



7881. Samkvæmt framansögðu taldi ÖES hækkunaráform Eimskips vera óeðlileg og í engu samræmi við aðstæður á Íslandi. Sneri þessi stóri viðskiptavinur Eimskips sér til Samskipa í leit að betri kjörum. Samskip virtu hins vegar markaðsskiptinguna við Eimskip með því að sækjast ekki eftir viðskiptum ÖES og hækkaði Eimskip verð gagnvart ÖES. Var þetta liður í samráði Samskipa og Eimskips á þessum tíma. Er niðurstaða þessi jafnframt í samræmi við sátt Eimskips, dags. 16. júní 2021, en þar viðurkennir Eimskip að hafa, með ólögumætu samráði við Samskip, skipt mörkuðum eftir stærri viðskiptavinum.
7882. Til samanburðar ber að horfa til þess að í kafla kafla 6.7.6 er gerð grein fyrir gögnum Samskipa frá miðjum maí 2008 sem sýna fram á undirbúning að „herferð“ gegn Eimskip. Var þetta einnig nefnt „grænleniskir dagar“ og fólst í þessu að reyna átti með samkeppni að ná mikilvægum viðskiptavinum Eimskips í viðskipti við Samskip. ÖES var einn þeirra viðskiptavina Eimskips sem taldir voru upp í gögnum Samskipa og bjóða átti „grænlenisk“ verð. Eins og þar er lýst varð hins vegar ekki af þessari herferð enda hófst „Nýtt upphaf“ verkefnið í júní 2008 eftir að (E)forstj tók við sem forstjóri í lok maí 2008. Að mati Samkeppniseftirlitsins felur það í sér skýra vísbendingu um ólögumætt samráð Samskipa við Eimskip þegar þessi atvik á árinu 2011 eru borin saman við atvikin í maí 2008 þegar ÖES var andlag fyrirhugaðrar samkeppnisherferðar Samskipa gegn Eimskipum.
7883. Samhengisins vegna ber að geta þess að á sama tíma eða í lok árs 2011 voru flutningasamningar nokkurra mikilvægra viðskiptavina Samskipa að losna innan nokkurra mánaða, t.a.m. við Vífilfell, Rúmfatalagerinn og ÍSAM. Í þeim tilvikum var markaðsskiptingin virt en fjallað er um þau atvik hér síðar.

14.37.8. Rúmfatalagerinn mátti ekki vita af betra flutningaverði í Færeyjum

7884. Rúmfatalagerinn var einn af stærstu viðskiptavinum innflutningsdeildar Samskipa á Íslandi. Var Rúmfatalagerinn eitt þeirra fyrirtækja sem (S)forstö-innfl1 tilgreindi í tölvupósti til (S)forstö-landfl frá nóvember 2009 þegar hann ræddi um þá stefnu innflutningsdeildar Samskipa að „hækka verð á núverandi kúnnu“ í stað þess að sækja á viðskiptavin Eimskips. Með samningi sem undirritaður var í mars 2010 tókst Samskipum ætlunarverk sitt, endurnýjuðu samninginn og hækkuðu verð gagnvart Rúmfatalagerinum. Gögn sem tengjast þessu eru til vitnis um samráð Samskipa og Eimskips á þessum tíma. Vísast um þetta til umfjöllunar í kafla 14.23 hér að framan.
7885. Rúmfatalagerinn starfaði einnig í Færeyjum.
7886. Samtímagögn Samskipa hf. sem fjallað er um í kafla 14.32.3 og tengjast m.a. stjórnarfundunum 25. október og 21. nóvember 2010, sýna að mun meiri samkeppni ríkti á færeyska flutningamarkaðnum heldur á hinum íslenska. Er þetta endurspeglun á samráði Eimskips og Samskipa. Því hefur einnig verið lýst hér að framan að veturinn 2010 hafi Samskip í Færeyjum áformað „herferð“ til þess að auka markaðshlutdeild sína í innflutningi til Færeyja. Til skoðunar var m.a. að reyna að ná færeyska hluta Rúmfatalagersins frá Eimskip.
7887. Þann 18. janúar 2011 sendi (S)frkvstj-Færeyj (yfirmaður Samskipa í Færeyjum) tölvupóst til (S)frkvstj-millilandasv. Varðaði tölvupósturinn mögulegt tilboð til færeyska hluta Rúmfatalagersins en Rúmfatalagerinn á Íslandi var sem áður segir viðskiptavinur Samskipa hér á landi.
7888. Á færeyska markaðnum var fyrir hendi keppinautur (BWS) sem hafði mun meiri markaðshlutdeild en Samskip. Samkvæmt glærum (S)forstj frá febrúar 2010 var Eimskip með 55% hlutdeild í innflutningi til Færeyja, BWS með 35% og Samskip með 10%. Lýsa gögn sem varða þessi atvik í Færeyjum allt öðrum samkeppnisáðstæðum en giltu á Íslandi. Í Færeyjum ríkti alls ekki sama „ró“ og „friður“ og gerði hér á landi á rannsóknartímabilinu. Er rökstutt að samanburður á gögnum sem vörðuðu annars vegar íslenska markaðinn og hins vegar markaðinn í Færeyjum endurspeglir samráð Eimskips og Samskipa hér á landi og eru til stuðnings öðrum gögnum þar að lútandi. Vísast um þetta til kafla 14.32.3 og 14.10.4.



7889. Ber að hafa þetta í huga þegar horft er til framangreinds tölvupósts sem (S)frkvstj-Færeyj sendi (S)frkvstj-millilandasv 18. janúar 2011. Tengdist tölvupósturinn umræddri „herferð“ og í honum sagði:

„We are working on a offer to Skemman, Pier and BR (the Faroese part of Rumfatalaget). The volume is estimated to 250 - 300 containers per year. It is a Eimskip customer, but we feel that there is a possibility for os [svo] to get it. The question is how far we will go? and who will gain from it.

It can be a contributions to the company - overall, even if we reduce our price, and lower our profit. I think of Aarhus, Terminal in KO and slot costs.

I have attached the calculations. To the left is sales prices that we have given to Skemman and to the right is our costs.

What do you think. Is it a good idea to go further?”

7890. (S)frkvstj-millilandasv svaraði og lagði til að (S)forstö-innfl1 setti fram sín sjónarmið um tilboð til Rúmfatalagersins í Færeyjum. Svaraði (S)forstö-innfl1 daginn eftir. Greindi hann frá því að hann hefði rætt við Rúmfatalagerinn á Íslandi um þetta og hefði honum verið sagt frá því að verðin sem Rúmfatalagerinum í Færeyjum stæðu til boða frá Eimskip og Samskipum væru mjög svipuð. Bað hann (S)frkvstj-Færeyj um að senda sér nánari upplýsingar um mögulegt tilboð til Rúmfatalagersins í Færeyjum. (S)frkvstj-Færeyj svaraði sama dag. Sendi hann umbeðnar verðupplýsingar og tók þetta fram:

„Our feeling is that our offer is close to the offer from Eimskip and they told os [svo] that Skemman is looking for warehouse facilities. The volume of 250 - 300 containers is for Skemman, Pier and BR. For BR it is 20ft. That's what we were told?”.

7891. (S)forstö-innfl1 svaraði (S)frkvstj-Færeyj síðar sama dag: „This is a very interesting business for us. I hope that we can secure the business on these rates. We will keep the pressure on Rumfatalagerinn and push them for answers. You do the same on your end.

There is some room for reduction, but we have to be careful there. We need to price this in line with what Rumfatalagerinn is paying Samskip Iceland. The rates are close, but we might be able to do some adjustment. Let me know if you get more feedback and I will work on this with you. ³⁹⁰⁷

7892. Eins og fram kemur hér á eftir notaðist Rúmfatalagerinn aðeins við 40 feta gáma. Samanburður á samningi Samskipa á Íslandi við Rúmfatalagerinn, sem í gildi var í janúar 2011, við verðhugmyndir (S)frkvstj-Færeyj sýnir að verðið fyrir 40 feta gám var rúmlega 20% hærra á Íslandi.

7893. Gögn málsins sýna að Samskip í Færeyjum náðu ekki Rúmfatalagerinum í viðskipti til sín á árinu 2011. Sést þetta m.a. af tölvupósti sem (S)frkvstj-Færeyj sendi til (S)forstö-innfl1 þann 30. janúar 2012:

„We have been meeting with Skemman (Rumfatalagerinn) where we have discussed our possibilities to take over all their shipments from Eimskip (Faroe Ship). This is something we have been working on for a very long time and we feel that we now are close to get an agreement. For the companies Skemman, BR-leikur and Piere they expect to ship around 200 - 220 containers per year via Denmark (Aarhus). But hey [svo] also ship around 10 - 12 containers per year from Rumfatalagerinn in Iceland. We have got prices from you (is attached) but according Skemman this is much higher than they pay today.

³⁹⁰⁷ Afrituð tölvupóstsamskipti frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.848388.



For us this agreement is very important and I will ask you to see if there is some possibilities that we can get some "special price" for this customer regarding shipments form [svo] Iceland to Faroe. If we get this agreement it would increase our income about 250.000 - 300.000€"

7894. (S)forstö-innfl1 svaraði: „What have you offered to Skemman. Can you please send me the latest offer because I need to compare that to what I am offering to Rumfatalagerinn. We will start our contract negotiations with them later in February.“ (S)frkvstj-Færeyj sendi (S)forstö-innfl1 upplýsingar um tilboðið til Rúmfatalagersins í Færeyjum og (S)forstö-innfl1 svaraði með þessum hætti:

„This looks good. I compared this to the current rates that Rumfatalagerinn has. They are 10% higher on the 40ft, but lower about 8% lower on the 20ft. They only use 40ft. It would be great if we could close this deal for Faroe.[...]”³⁹⁰⁸

7895. Að mati Samkeppniseftirlitsins eru framangreind gögn til stuðnings því að aðrar samkeppnisaðstæður hafi verið fyrir hendi í Færeyjum en á Íslandi. Í Færeyjum gerðu Samskip þannig ítrekaðar tilraunir til þess að ná með samkeppni mikilvægum viðskiptavinum frá Eimskip. Það gerði hins vegar stöðuna flóknari en ella að á Íslandi hafði samráð við Eimskip gert Samskipum kleift að hækka verð gagnvart Rúmfatalagernum og því yrði að fara að öllu með gát í verðtilboðum til þessarar fyrirtækjasamstæðu í Færeyjum. Tilgangur þessarar aðgátar var augljóslega að mati Samkeppniseftirlitsins að sporna gegn því að of lág verð í Færeyjum gerðu fyrirtækinu erfiðara fyrir að halda uppi flutningaverðum á Íslandi. Eins og sést af gögnunum frá árinu 2012 gerðu hin háu verð á Íslandi Samskipum í Færeyjum erfitt um vik að afla þessara viðskipta þar.

7896. Er framangreint til frekari stuðnings því að samanburður á gögnum sem varða annars vegar íslenska markaðinn og hins vegar markaðinn í Færeyjum feli í sér óræka vísbendingu um samráð Samskipa og Eimskips hér á landi.

7897. Í áætlun (S)forstö-innfl1 frá september 2011 fyrir árið 2012 kom fram að samningar við ýmsa mikilvæga viðskiptavinum myndu losna á árinu 2012, þ.m.t. við Rúmfatalagerinn. Gerði (S)forstö-innfl1 ráð fyrir því að Samskip myndu halda „öllum núverandi viðskiptavinum“ á árinu 2012. Það gekk eftir og Samskip endurnýjuðu samning sinn við Rúmfatalagerinn 3. apríl 2012. Verður nánar fjallað um þetta í kafla 14.43 en Samkeppniseftirlitið telur að þetta sýni að samráðið hafi að þessu leyti haldið áfram.

14.37.9. Áhyggjur af smæstu keppinautum


7898. Gögn málsins frá m.a. árinu 2011 sýna að í bæði sjó- og landflutningum höfðu Samskip ekki áhyggjur af samkeppni frá Eimskip og öfugt. Þess í stað kemur skýrt fram í samtímagögnunum að fyrirtækin höfðu áhyggjur af samkeppni frá litlu keppinautum í sjó- og landflutningum. Skal nú vikið að þessu og tengdum atriðum.

14.37.9.1. Landflutningar

7899. Samskip og Eimskip voru saman í afar öflugri stöðu á landflutningamarkaðnum. Í glærुकynningu sem (S)forstj sendi Samskipum Holding 9. febrúar 2010 var fjallað um stöðu Samskipa í landflutningum hér á landi. Er þar lýst landflutningaleiðum fyrirtækisins og fjallað um keppinauta. Kemur fram það mat að Samskip séu með 38% markaðshlutdeild á heildarmarkaðnum fyrir landflutninga, Eimskip með 37%, Íslandspóstur með 15%, „aðrir farmflytjendur“ með 5% og sendibílar með 5%. Þann 6. nóvember 2011 sendi (S) frkvstj-innanl glærुकynningu til (S)forstj.³⁹⁰⁹ Í henni var stöðunni á landflutningamarkaði lýst svo:

³⁹⁰⁸ Afritaðir tölvupóstar frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.944382.

³⁹⁰⁹ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.928572.



7900. Samkvæmt þessu mati forstjóra Samskipa og framkvæmdastjóra landflutninga fyrirtækisins voru Eimskip og Samskip langöflugustu fyrirtækin í landflutningum hér á landi. Var þessi staða fyrir hendi á öllu rannsóknartímabili þessa máls, sbr. kafla 3.2.
7901. Miðað við þessa markaðsgerð hefðu Samskip auðsýnilega undir eðlilegum kringumstæðum átt að telja mestu samkeppnislegu ógnina í landflutningum stafa frá Eimskip og öfugt. Gögn frá t.d. árunum 2009 og 2010 sýna hins vegar að sú var ekki raunin. Í aðalatriðum töldu Eimskip og Samskip helstu keppinauta sína í landflutningum vera smærri flutningsaðila (sem fyrirtækin nefndu „einyrkja“/„sjóræningja“) og Íslandspóst. Jafnframt lögðu fyrirtækin til grundvallar að þau myndu halda sínum mikilvægustu viðskiptavinum og gætu hækkað verð í landflutningum.
7902. Varðandi Íslandspóst ber að hafa í huga að í kafla 3.2 er því lýst að Íslandspóstur var aðeins keppinautur Eimskips og Samskipa að hluta. Íslandspóstur bauð t.d. ekki upp á gámaflutninga, heilfarmaflutninga eða fiskflutningakerfi. Íslandspóstur bauð þannig alls ekki upp á sömu breidd og þjónustu í vöruflutningum og Eimskip og Samskip og gat því ekki veitt sama samkeppnislega aðhald og Samskip og Eimskip gátu veitt hvort öðru.
7903. Rifja má upp eftirfarandi dæmi um framangreind viðhorf Samskipa og Eimskips til samkeppni á landflutningamarkaði.
- Í gögnum vegna rekstraráætlunar framkvæmdastjóra landflutninga Eimskips, (E)frkvstj-innanl, fyrir árið 2010 kemur fram að helsta samkeppnisógnin í landflutningum stafi ekki frá Samskipum heldur frá einyrkjum („The main threat in the market are individual truck drivers.“).
 - Í framangreindri glærुकyningu (S)forstj frá 9. febrúar 2010 var þetta sagt ógn á landflutningamarkaði: „Independent truckers disturbing the market stability in domestic trucking and pushing prices down.“ Voru það einyrkjar í landflutningum en ekki Eimskip sem muni veita Samskipum samkeppni.



7904. Efnislega kemur hið sama fram í ýmsum öðrum gögnum frá árunum 2009 – 2010. Vísast um þetta til t.d. umfjöllunar í köflum 14.10, 14.32 og 14.38.4 þar sem fjallað er um rekstraráætlanir fyrirtækjanna sem og víðar í ákvörðun þessari. Að mati Samkeppniseftirlitsins var þetta birtingarmynd á hinu samfellda samráði Eimskips og Samskipa.
7905. Eins og nánar verður lýst sýna gögn málsins hið sama á árinu 2011.
7906. Í fundargerð söludeildar landflutninga Eimskips þann 8. mars 2011 er að finna umfjöllun um yfirlit (E)sölustj-innanl3 yfir landflutningamarkaðinn á Norður- og Austurlandi.³⁹¹⁰ Segir að Eimskip finni mikið fyrir samkeppni frá smáum keppinauti (Nesfrakt). Kemur fram að Nesfrakt sé að „*taka mikið af okkar vörum, þ.e. eru að stela úr okkar samningum leiðum og áhugaverðum flutningum á mjög lágum verðum.*“ Taldi Eimskip að þessi smái keppinautur veitti mun meira samkeppnislegt aðhald heldur en langstærsti keppinauturinn, þ.e. Samskip.
7907. Samkvæmt mánaðarskýrslu landflutninga Eimskips fyrir mars 2011 er ljóst að áætlanir fyrirtækisins um að fjölga litlum og meðalstórum fyrirtækjum í viðskiptum hafi ekki náðst til fulls. Til að bregðast við því og auknum kostnaði í rekstri yrðu verðhækkningar kynntar til sögunnar.³⁹¹¹ Að mati Samkeppniseftirlitsins gerði samráð Eimskips og Samskipa fyrirtækinu kleift að bregðast við með þessum hætti, þ.e. með verðhækkunum í stað hagræðingaraðgerða. Vegna samráðsins er heldur ekki að finna gögn innan Eimskips sem gefa vísbendingar um að mæta hefði átt þessu með samkeppni og sókn í mikilvæga viðskiptavinum Samskipa á markaði fyrir landflutninga.
7908. Í skýrslu landflutninga Eimskips fyrir maí 2011 kemur fram að sókn sé í allar stærðir fyrirtækja. Hins vegar segir: „*viljum einnig ná smærri fyrirtækjum í viðskipti þar sem að ekki er mikið um stór fyrirtæki sem hægt er að sækja í.*“³⁹¹² Þetta var sagt þótt fyrirliggjandi væri að mikilvægir viðskiptavinir Samskipa voru með lausa flutningasamninga á árinu. Í öðrum innanhúsgögnum Eimskips á sama tíma segir að helsta verkefnið sé að auka tekjur frá litlum og meðalstórum viðskiptavinum.³⁹¹³ Átti sem sagt ekki með samkeppni að reyna ná í viðskipti mikilvægra landflutningaviðskiptavina Samskipa.
7909. Í mánaðarskýrslum og kynningum fyrir júlí og ágúst 2011 kom enn fram sama markmið hjá Flytjanda varðandi hegðun á markaði og ný viðskipti. Þau skyldu koma frá meðalstórum eða smærri viðskiptavinum.³⁹¹⁴ Í septemberkynningunni er fjallað um horfur á markaðnum fyrir innanlandsflutninga og sem fyrr var áherslan lögð á samkeppnisógn frá nýjum eða smærri keppinautum.³⁹¹⁵ Sagði m.a. að aukin samkeppni væri „*á markaðnum, nýir aðilar að bjóða heildarþjónustu um allt land þ.e. SV bílar, Nesfrakt áamt öðrum einyrkjum mynda sterkt flutninganet.*“ Ekki var minnst á Samskip í þessu samhengi. Líkt og í samskonar gögnum frá Samskipum taldi Eimskip að samkeppnisógnin stafaði ekki frá stærsta keppinautnum á markaðnum. Er þetta sambærilegt þeirri stefnumörkun Samskipa í landflutningum. Styður þetta að í landflutningum hafi Samskip og Eimskips lagt það til grundvallar að ekki yrði reynt að ná til sín öflugum viðskiptavinum hins aðilans heldur stefnt að verðhækkun. Var það hluti af hinu samfellda samráði á þessum tíma.
7910. Samkeppni frá þessum smærri aðilum aftraði hins vegar ekki fyrirhuguðum gjaldskrárhækkunum Eimskips samkvæmt fyrirætlunum sem komu fram í kynningum fyrir nóvember og desember

³⁹¹⁰ Afritað tölvuskjal frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.55020.

³⁹¹¹ Afritað tölvuskjal frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.105798.

³⁹¹² Afritað tölvuskjal frá Eimskip. „*Mánaðarskýrsla í maí 2011*“. Fannst vistað á sameiginlegu tölvudrifi Eimskips, vistað þann 5.6.2011.

³⁹¹³ Afritað tölvuskjal frá Eimskip. „*Domestic transport may 2011(isl)*“. Fannst vistað á sameiginlegu tölvudrifi Eimskips, vistað þann 30.6.2011.

³⁹¹⁴ Afritað tölvuskjal frá Eimskip. „*Mánaðarskýrsla í júlí 2011*“. Fannst vistað á sameiginlegu tölvudrifi Eimskips, vistað þann 7.9.2011. Afritað tölvuskjal frá Eimskip. „*Mánaðarskýrsla í ágúst 2011*“. Fannst vistað á sameiginlegu tölvudrifi Eimskips, vistað þann 7.11.2011.

³⁹¹⁵ Afritað tölvuskjal frá Eimskip. „*Mánaðarskýrsla í september 2011*“. Fannst vistað á sameiginlegu tölvudrifi Eimskips, vistað þann 7.12.2011.



2011.³⁹¹⁶ Í janúar 2012 var fyrirhugað 4,9% gjaldskrárhækkun ásamt hækkun á fiskflutningum og sendingartengdum akstri. Þá var fyrirhugað að hækka stöðvargjöld um 6,5% en því einnig velt upp hvort hægt væri að leggja á einhver ný gjöld og hvort hækka ætti skilagjald á fiskikörum stuttu síðar eða svokölluð karagjöld. Þessar hækkunarfyrirætlanir gengu eftir, sbr. umfjöllun hér síðar í kafla 14.39.4. Fiskflutningar Eimskips hækkuðu einnig um 11%, sbr. umfjöllun í kafla 14.39.5 og 17.

7911. Í tölvupósti (E)forstö-landfl1 til allra svæðisstjóra Eimskips á landsbyggðinni, dags. 9. september 2011, lýsti (E)forstö-landfl1 áhyggjum yfir afkomu Flytjanda á árinu 2011. Í póstinum sagði m.a.: „Eins og við öll vitum er afkoman fyrstu sjö mánuði ársins mjög slök og langt frá áætlun og þess vegna þurfum við að velta við öllum steinum og leita leiða til að lækka kostnað eins og mögulegt er til að bregðast við ástandinu. Einnig er mjög mikilvægt að viðhalda núverandi viðskiptavinum og sækja fram þar sem færi gefst, þ.e. í minni sendingum osfv.“³⁹¹⁷
7912. Í október 2011 lögðu Samskip til grundvallar að fyrirtækið myndi halda öllum mikilvægu viðskiptavinum sínum í landflutningum á árinu 2012 og að verð á fiskflutningum yrði hækkað um 7% og verð á almennum landflutningum um 5%. Helsta samkeppnislega ógnin á árinu 2012 var talin stafa frá Íslandspósti en gert ráð fyrir að einyrkjum myndi fækka. Í áhættugreiningu landflutninga Samskipa frá 9. nóvember 2011 voru taldar afar litlar líkur á því að Eimskip myndi hefja samkeppni og lækka verð. Vísast um þetta til kafla 14.38.4.1.
7913. Í samræmi við þetta mat Samskipa kemur fram í glærुकynningu frá fundi stjórnar Eimskips 15. nóvember 2011 að á árinu 2012 yrði haldið áfram að hækka verð gagnvart viðskiptavinum í landflutningum. Í áætlun landflutninga Eimskips frá nóvember 2011 fyrir árið 2012 var ein helsta ógn í rekstri fyrirtækisins sögð vera aukin samkeppni frá einyrkjum sem byðu mjög lág verð.
7914. Í glærum (E)frkvstj-innanl frá desember 2011 kemur fram að hörð samkeppni ríki á landflutningamarkaði. Sýna glæurnar að sú samkeppni stafaði hins vegar ekki frá Samskipum heldur frá Íslandspósti og smærri keppinautum sem sagðir voru vera „mjög skæðir á markaðnum og verðlagning þeirra oft óskiljanleg“. Var farið yfir þessa kynningu á fundi stjórnar Eimskips 6. desember 2011.
7915. Að mati Samkeppniseftirlitsins gefa framangreind gögn skýrt til kynna áframhaldandi samráð Eimskips og Samskipa í landflutningum á Íslandi. Er það í samræmi við viðurkenningu Eimskips á broti á 10. gr. samkeppnislaga í sáttinni við Samkeppniseftirlitið.

14.37.9.2. Sjóflutningar

7916. Líkt og í landflutningum voru Samskip og Eimskip saman í afar öflugri stöðu á sjóflutningamarkaðnum. Í framangreindri glærुकynningu sem (S)forstj sendi Samskipum Holding 9. febrúar 2010 var fjallað um stöðu Samskipa í sjóflutningum til og frá Íslandi.

³⁹¹⁶ Afritað tölvuskjal frá Eimskip. „Flytjandi frkvst.kynning nóv 2011“. Fannst vistað á sameiginlegu tölvudrifi Eimskips, vistað þann 7.12.2011. Afritað tölvuskjal frá Eimskip. „Flytjandi frkvst.kynning des 2011“. Fannst vistað á sameiginlegu tölvudrifi Eimskips, vistað þann 2.2.2012.

³⁹¹⁷ Afritaður tölvupóstur frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.34.84985.



| samskip | | 3. Markets – Current Size and Market Share | | | | | Iceland | | | | | |
|----------------------------|------------------|--|----------------|-------------|------------------|-------------|--------------------------|-------------|----------------|-------------|----------------|-------------|
| Including Heavy Industry | | | | | | | Excluding Heavy Industry | | | | | |
| Iceland Market | M+X | % | Import | % | Export | % | M+X | % | Import | % | Export | % |
| Samskip | 644.000 | 34% | 154.000 | 24% | 490.000 | 38% | 284.000 | 35% | 154.000 | 37% | 130.000 | 33% |
| Eimskip | 941.000 | 49% | 361.000 | 57% | 580.000 | 45% | 486.000 | 60% | 231.000 | 56% | 255.000 | 65% |
| SBW | 15.000 | 1% | 5.000 | 1% | 10.000 | 1% | 15.000 | 2% | 5.000 | 1% | 10.000 | 3% |
| Nesskip | 310.000 | 16% | 110.000 | 17% | 200.000 | 16% | 15.000 | 2% | 15.000 | 4% | 0 | 0% |
| Others | 7.500 | 0% | 7.500 | 1% | 0 | 0% | 7.500 | 1% | 7.500 | 2% | 0 | 0% |
| Total Volume (tons) | 1.917.500 | 100% | 637.500 | 100% | 1.280.000 | 100% | 807.500 | 100% | 412.500 | 100% | 395.000 | 100% |

7917. SBW í glærinni vísar til Smyril Blue Water en það var dótturfyrirtæki danska fyrirtækisins Blue Water Shipping. Smyril Blue Water leigði allt flutningarými í ferjunni Norrænnu af Smyril Line og bauð upp á flutninga til og frá Íslandi í samkeppni við Eimskip og Samskip. Í þessu máli er vísað til Smyril Blue Water og Blue Water Shipping í einu lagi sem BWS. Samkvæmt glærinni töldu Samskip BWS hafa 1-3% markaðshlutdeild í flutningum til og frá Íslandi. Nesskip vísar til skipafélagsins sem annaðist útflutning á áli Alcan í Straumsvík til Rotterdam. Thorship bauð upp á almenna flutninga í skipum Wilson sem sigldu milli Straumsvíkur og Rotterdam. Athygli vekur að Samskip tilgreina ekki í þessari glæru Thorship sem keppinaut í sjóflutningum án stóriðju.
7918. Í kafla 14.32 er gerð grein fyrir gögnum (S)forstö-innfl1 frá september 2011 sem varða áætlun innflutningsdeildar Samskipa fyrir árið 2012. Þar er markaðshlutdeild lýst svo:

Innflutningsmarkaðurinn

Skipafélög

- ✓ Eimskip – 55-60%
- ✓ Samskip – 35-40%
- ✓ Thorship – 3%
- ✓ Smyrill Blue Water – 1%

7919. Samkvæmt þessum gögnum stjórnenda Samskipa voru Eimskip og Samskip langöflugustu fyrirtækin í sjóflutningum hér á landi. Var þessi staða fyrir hendi á öllu rannsóknartímabili þessa máls, sbr. kafla 3.2.
7920. Miðað við þessa markaðsgerð hefðu Samskip auðsýnilega undir eðlilegum kringumstæðum átt að telja mestu samkeppnislegu ógnina stafa frá Eimskip og öfugt. Gögn frá t.d. árunum 2009 og 2010 sýna hins vegar að sú var ekki raunin. Í aðalatriðum töldu Eimskip og Samskip helstu keppinauta sína vera BWS eða Thorship. Var BWS helst talið veita samkeppni í útflutningi á fiski.
7921. Rifja má upp eftirfarandi dæmi um framangreind viðhorf Samskipa og Eimskips til samkeppni á sjóflutningamarkaði, sbr. nánari umfjöllun í kafla 14.32.



- Í gagni (E)forstö-útfli frá september 2010 segir þetta um töpuð viðskipti útflutningsdeildar Eimskips á árinu 2010: „Ekkert hefur tapast umfram það að Smyril Line – Blue Water er að ná að pota eitthvað í okkur. Einnig að ná að leysa þarfir manna inn í Austur-Evrópu með trukkakerfi Blue Water“. Samkvæmt þessu mati (E)forstö-útfli var það hinn smái keppinautur, með 1-3% markaðshlutdeild, sem veitti samkeppni í útflutningi en ekki stóri keppinauturinn.
- Þann 19. september 2010 sendi (S)forstö-útfli til (S)forstj og (S)frkvstj-millilandasv m.a. glærukynningu vegna áætlun útflutningsdeildar fyrir árið 2011. Samkvæmt þessum glærum (S)forstö-útfli var það BWS sem veitti samkeppni í útflutningi en ekki Eimskip. Verkefnin hjá útflutningsdeild Samskipa á árinu 2011 fólust þannig m.a. í því að vinna gegn verðsamkeppni með því að „sporna við innkomu Blue Water á markaðinn“. Einnig átti að hækka verð eða vinna gegn verðlækkunum. Þá segir í glærunum að Samskip töldu sig ekki verða „mikið var við Eimskip á markaðnum þessa dagana“.
- Í skjali (E)forstö-útfli frá 15. nóvember 2010 er að finna áætlun útflutningsdeildar Eimskips fyrir árið 2011. Í skjalinu er gerð grein fyrir þeirri ógn sem útflutningsdeildin taldi sig standa frammi fyrir. Þar er ekki minnst á Samskip en samkeppnisleg ógn talin stafa af BWS og Thorship.

7922. Efnislega kemur hið sama fram í ýmsum öðrum gögnum frá árunum 2009 – 2010. Eins og nánar verður lýst sýna gögn málsins hið sama á árinu 2011. Að mati Samkeppniseftirlitsins var þetta birtingarmynd á hinu samfellda samráði Eimskips og Samskipa.

7923. Í kafla 14.32.2 er gerð grein fyrir gögnum (S)forstö-útfli frá september og október 2011 og tengjast áætlunum útflutningsdeildar Samskipa fyrir árið 2011. Líkt og í samskonar gögnum (S)forstö-útfli frá árinu 2010 var áfram rætt um samkeppnislega ógn frá BWS í útflutningi á fiski frá Íslandi. Í markaðsskýrslu (S)forstö-útfli frá 19. september 2011 segir að BWS hafi hafið aukna sókn með því að bjóða upp á þjónustu frá Reykjavík. Einnig kemur fram að BWS sé í „beinni samkeppni“ við Eimskip og BWS hafi staðið fyrir verðstríði. Jafnframt segir að Thorship sé að fara að bjóða „takmarkað magn af frystigámum á markaðinn“ og að Samskip þurfi að gera;

„allt sem í okkar valdi er til sporna við innkomu þeirra á útflutningsmarkaði.“

7924. Í glærukynningu (S)forstö-útfli frá 19. september 2011 er lýst mjög takmarkaðri samkeppni við Eimskip („ekki mikið varir við Eimskip á markaðnum“) og að BWS hafi aukið samkeppni og leitt til „pressu“ á að lækka verð „fyrir austan“. Í glærukynningu (S)forstö-útfli frá 6. október 2011 kemur fram að vinna verði gegn innkomu BWS á útflutningsmarkaðinn og draga þar með úr hættu á verðsamkeppni („Sporna við innkomu Blue Water á markaðinn, verðsamkeppni.“).

7925. Í kafla 14.32.1 er einnig lýst skjölum Eimskips frá haustinu 2011 og fjalla um áætlun fyrir árið 2012. Eru þar efnistöð svipuð og í framangreindum skjölum Samskipa. Fram kemur að Eimskip stafaði aukin ógn af samkeppni frá BWS sem og frá Thorship og nýjum, ótilgreindum aðilum á markaðnum. Um BWS segir einnig þetta:

„Towards competition now [BWS] are more aggressive and taking the role of former Atlantsskip in a way. But still it´s a ferry from East coast Iceland (Seyðisfjörður) with limited capacity and uncertainty of their ownership/equity (búið að leysa þetta í bili amk!). Nevertheless they have succeeded in certain commodities especially fresh to UK and Germany as well as with pelagic fish to Eastern-Europe.“

7926. Stafaði þannig ógn af BWS sem var með 1-3% markaðshlutdeild og „aðeins ferja með takmarkaða flutningsgetu og ótraust eignarhald/fjármögnun“. Jafnframt stafaði samkeppnisleg ógn af hinum afar smáa keppinaut og óþekktum mögulegum nýjum keppinautum. Taldi Eimskip þannig að ekki væri að



vænta mikillar samkeppni frá langstærsta keppinauti sínum, Samskipum. Er þetta og í samræmi við það sem ítrekað hafði komið fram í fundargerðum stjórnar Eimskips, t.d. 4. mars 2011.³⁹¹⁸

7927. Virt saman fela framangreind gögn í sér skýra birtingarmynd á hinu ólögmeta samráði sem Eimskip hefur viðurkennt að hafi verið fyrir hendi á þessum tíma.

14.37.10. Áhyggjur af miklu samstarfi við Eimskip

7928. Í „Nýtt upphaf“ verkefninu fólst að auka samstarf Samskipa og Eimskips í m.a. sjóflutningum. Nýju samningarnir sem undirritaðir voru 9. desember 2010 voru í samræmi við þetta, sbr. nýr Norður-Ameríku samningur og nýtt „neyðarsamkomulag“.

7929. Aukið samstarf á milli Samskipa (Jóna) og Eimskips í sjóflutningum milli Íslands og annarra Evrópulanda var einnig í samræmi við „Nýtt upphaf“ verkefnið og þar með hluti af hinu samfellda samráði þessa máls. Í því samhengi ber að líta til þess að í bréfi Samskipa frá 20. nóvember 2018 kemur fram að þetta aukna samráð Samskipa (Jóna) við Eimskip hafi komið til vegna breytinga á siglingakerfi Samskipa haustið 2008 en í köflum 8-9 er lýst þeirri niðurstöðu Samkeppniseftirlitsins að Samskip og Eimskip hafi haft ólögmett samráð í tengslum við þær breytingar og takmörkun á flutningaframboði, sbr. einnig lið 1.1 í 1. gr. sáttar Eimskips við Samkeppniseftirlitið. Í umræddum köflum er því einnig lýst að til að bregðast við vandkvæðum sem leiddu af breytingum á siglingakerfinu höfðu Samskip og Eimskip með sér samvinnu sem m.a. fólst í því að Eimskip tók að sér flutninga sem féllu undir samning Samskipa við Alcoa um útflutning á áli til hafna í Evrópu. Telur Samkeppniseftirlitið ljóst að þessi flutningur Eimskips fyrir dótturfélag Samskipa (Jóna) hafi verið hluti af þessu samfellda samráði og miðaði að því að láta áætlun fyrirtækjanna ganga upp, þ.e. að draga úr flutningsgetu í því skyni að geta haldið uppi verði eða hækkað það.

7930. Vísast um framangreint til kafla 16.6.

7931. Varðandi atvik á árinu 2011 tengd framangreindu þá ber að líta til þess að umfangið á þessu samstarfi Eimskips og Samskipa jókst það mikið að m.a. (S)forstö-innfl1 hafði af því talsverðar áhyggjur. Í apríl 2011 sendi (S)starfsm tölvupóst til (S)forstö-innfl1 og var óánægður með að gámar Samskipa væru notaðir án endurgjalds í flutningum Eimskips fyrir Jóna.³⁹¹⁹ Einnig sendi (S)starfsm tölvupóst til (S)forstö-innfl1 þann 6. september 2011. Í honum var (S)forstö-innfl1 upplýstur um að Jónar væru „*ekkert að minnka notkunina á dry gámum með Eimskip.*“ (S)forstö-innfl1 brást við þessu með því að fá tölur um flutningsmagn Jóna með Eimskip.³⁹²⁰ Strax í kjölfarið sama dag sendi (S)forstö-innfl1 tölvupóst til (S)frkvstj-Jóna þar sem (S)forstö-innfl1 gerði athugasemdir við umfang flutninga Jóna með Eimskip frá Immingham til Íslands. Sagði (S)forstö-innfl1 m.a.:

*„Það lítur út fyrir að þetta sé komið í eitthvað rugl. Kíktu endilega á þetta og verðum svo í sambandi. Það er hagur heildarinnar að flytja sem mest í okkar fastkostnaðarkerfi, en ekki með samkeppnis aðila okkar“.*³⁹²¹

7932. (S)forstö-innfl1 áframsendi samskiptin við (S)frkvstj-Jóna til (S)frkvstj-millilandasv og (S)forstj þann 10. september 2011.³⁹²² Þar kvartaði hann yfir því við yfirmenn sína að Jónar væru í auknum mæli að flytja með Eimskip frá Immingham. Sagði (S)forstö-innfl1 að það hefði í upphafi verið rætt um að Jónar myndu flytja lyf fyrir Actavis með Eimskip vegna eðlis þeirrar vöru, „*en nú er svo komið að þeir [Jónar] eru að flytja töluvert stóran hluta af IMM með Eimskip [...] augljóslega mun meira en lyf fyrir Actavis*“. Kallaði (S)forstö-innfl1 í tölvupóstinum eftir skýrari stefnu yfirstjórnar Samskipa í

³⁹¹⁸ Í fundargerð stjórnar Eimskips vegna fundar 17.11.2010 er samkeppnisleg ógn ekki talin stafa frá Samskipum heldur BWS og öðrum smærri keppinautum. Sama kemur fram í fundargerðum frá 15.12.2010 og 04.03.2011. Afhent skjöl frá Eimskip. Afhent 1.12.2016. Fundargerðir stjórnar Eimskips frá 17.11.2010, 15.12.2010 og 04.03.2011.

³⁹¹⁹ Afritaðir tölvupóstar frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33868460.

³⁹²⁰ Afrituð tölvupóstsamskipti frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.898318.

³⁹²¹ Afrituð tölvupóstsamskipti frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.898773.

³⁹²² Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.899246.



málinu og sagði skoðun sína vera þá að það ætti „alveg að loka á þetta“, þ.e. banna ætti Jónum að flytja með Eimskip.

7933. (S)forstö-innfl1 var yfir innflutningsdeild Samskipa og var því falið að gæta hagsmuna hennar. Ekki er að finna í málinu gögn sem gefa til kynna að (S)forstj eða (S)frkvstj-millilandasv hafi farið að þessum tilmælum (S)forstö-innfl1. Þvert á móti sýna afhent gögn Eimskips að þrátt fyrir þessar efasemdir og áhyggjur (S)forstö-innfl1 hafi Eimskip haldið áfram vöruflutningum fyrir Jóna og átti umfangið (tekjur Eimskips frá Jónum) eftir að aukast út rannsóknartímabilið.³⁹²³ Hér má einnig líta til þess að þann 24. október 2011 kom fram í tölvupósti (S)frkvstj-Jóna til (E)frkvstj-sala/þj að „við [Jónar] höfum aukið viðskipti okkar við Eimskip verulega á þessu ári. Magnaukningin er margföld frá fyrra ári“.³⁹²⁴
7934. Ástæða þess að (S)forstj varð ekki við ósk (S)forstö-innfl1 um að banna Jónum að flytja með Eimskip er ekki síst sú að þessir flutningar Eimskips voru hluti af samráði Eimskips og Samskipa. Hér ber að líta til tölvupósts (S)forstj til (S)forstö-flutnstj (afrit til (S)forstö-útlf, (S)forstö-innfl1 og (S)forstö-skiparek) frá 25. október 2011. Þar fjallar hann um „kerfispælingar“. Greinilega má sjá af tölvupóstinum að (S)forstj hafði fulla vitneskju um flutninga Eimskips fyrir Samskip milli Íslands og Bretlands (Vísað er í honum til: „Uk magn sem fer með EI í dag“).³⁹²⁵ Til viðbótar þá greindi (S)forstö-innfl1 forstjóra sínum frá miklum flutningum Eimskips fyrir Jóna í tölvupóstinum frá 10. september 2011, sbr. umfjöllun hér að framan. Í skýrslugjöf (S)forstj hjá Samkeppniseftirlitinu var hann spurður um samvinnu eða samstarf milli Samskipa og Eimskips. (S)forstj upplýsti ekki um flutninga Eimskips fyrir Jóna, hvorki vegna Bretlands né annarra viðkomu- eða áfangastaða í heiminum.³⁹²⁶
7935. Þegar áður nefndur tölvupóstur (S)forstj frá 25. október 2011 er skoðaður nánar sést að í umfjöllun hans er vísað til fyrri umræðu stjórnenda Samskipa um siglingakerfið (vegna sjóflutninga til og frá Íslandi). Í tölvupóstinum má sjá að (S)forstj setti fram forsendur í þessu sambandi sem gegndu lykilhlutverki í samráði Samskipa og Eimskips, sem þarna stóð yfir og hófst af fullum þunga haustið 2008. Má í því sambandi vísa til þátta eins og flutninga fyrir Alcoa, samstarf í gámanotkun, flutningar á tónum gámum, á grænmeti og „Uk magn sem fer með EI í dag“. Að mati Samkeppniseftirlitsins rennir tölvupósturinn frekari stoðum undir þá niðurstöðu Samkeppniseftirlitsins að umræddir flutningar Eimskips fyrir Jóna (Samskip) hafi verið þáttur í framkvæmd samráðs fyrirtækjanna.

14.37.11. Samantekt

7936. Þegar framangreind atvik eru virt er rétt að hafa í huga að í næsta kafla er gerð grein fyrir skjali (S)forstö-innfl1 frá 19. september 2011. Er um að ræða áætlun innflutningsdeildar Samskipa fyrir árið 2012. Jafnframt felst í skjalinu lýsing á aðstæðum á flutningamarkaði þegar það er ritað. Í skjalinu segir:
- „Áherslan í sölu árið 2012 ræðst að miklu leiti [svo] eftir því hvort að áframhaldandi ró haldist á innflutningsmarkaði. Gert er ráð fyrir að bæði Eimskip og Samskip haldi að sér höndum og leggi áherslu á að halda verðum uppi.“*
7937. Felst í þessu að (S)forstö-innfl1 taldi að á árinu 2012 yrði sama ástand og á árinu 2011, þ.e. að Samskip og Eimskip myndu ekki keppa um mikilvæga viðskiptavini og þess í stað leggja áherslu á að hækka verð eða vinna gegn verðlækkunum.
7938. Sökum þessa vildu Samskip ekki grípa til neinna aðgerða sem ógnað gat hinum ábatasama „friðri“. Sést þetta einkar skýrt þegar undirmaður (S)frkvstj-Jóna spurði hann í mars 2011 hvort það væri „vafasamt upp á friðinn“ að bjóða viðskiptavini Eimskips (Pennanum) samkeppnishæft verð með það að markmiði að ná þeim viðskiptum. Eru mörg önnur tilvik í gögnum málsins þar sem t.d. (S)forstö-

³⁹²³ Afrituð tölvupóstsamskipti frá Samskipum. [...]

³⁹²⁴ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.34.347953.

³⁹²⁵ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.1088097.

³⁹²⁶ Endurrit af skýrslu [...], dags. 10.09.2013.



innfl1 var spurður af undirmönnum sínum hvort bjóða ætti viðskiptavinum Eimskips „grænensk verð“. Vísast hér t.d. til spurninga (S)viðskstj1 til (S)forstö-innfl1 9. nóvember 2010 og 31. janúar 2011, sbr. kafla 14.33.6.1 og 14.35.3.

7939. Lykilstjórnendur Samskipa og Eimskips á sviði sjóflutninga funduðu 9. mars 2011. Gefa gögn málsins til kynna að á fundinum hafi a.m.k. átt að ræða vanda sem upp var kominn í gámasamráði fyrirtækjanna í inn- og útflutningi. Var þessi fundur hluti af ólögmetu samráði fyrirtækjanna þar sem öll samskipti þeirra þar sem unnið var að eða rætt um „Nýtt upphaf“ verkefnið fóru gegn 10. gr. samkeppnislaga. Jafnframt voru þessi samskipti stjórnenda, sem báru ábyrgð á öllum samkeppnisþáttum Samskipa og Eimskips í sjóflutningum, til þess fallin að draga úr óvissu og viðhalda eða efla traust og þar með styðja m.a. við hina ólögmetu markaðsskiptingu.
7940. Önnur atvik sem lýst er í þessum kafla sýna fram á tilvist hins ólögmetu samráðs. Sú staðreynd að Samskipum hafi tekist að endurnýja samning við N1 á „frekar háum“ verðum, styður það mat Samkeppniseftirlitsins að ólögmet markaðsskipting hafi verið áfram til staðar á þeim tíma þegar viðskiptasamningurinn við N1 var gerður.
7941. Hið sama á við um atvik tengd MS sem var mikilvægur viðskiptavinur Eimskips. Gögnin lýsa því að á árinu 2011 sneri MS sér til Samskipa og óskaði eftir tilboði. Í stað þess að bregðast hratt og vel við þessu frumkvæði MS sýndu Samskip þessari beiðni takmarkaðan áhuga og MS kvartaði yfir því hve seint svör bærust frá Samskipum og að spurningum væri ekki svarað. Til viðbótar kemur að mati Samkeppniseftirlitsins skýrt fram í gögnunum frá (S)forstö-innfl1 að Samskip hafi ætlað sér að bjóða kjör sem gerðu það mjög ólíklegt að MS færði viðskipti sín frá Eimskip til Samskipa. Þannig átti ekki að bjóða MS „skörp“ eða „grænensk“ verð. Niðurstaðan í tilvikum MS var í samræmi við markmið og áherslur í framangreindu skjali (S)forstö-innfl1 frá 19. september 2011 þar sem gert var ráð fyrir að Eimskip og Samskip myndu ekki keppa um mikilvæga viðskiptavini og leggja þess í stað áherslu á að halda uppi verði.
7942. Aðföng voru, líkt og MS, mikilvægur viðskiptavinur Eimskips. Í kafla 14.36.6 er því lýst að fyrri hluta ársins 2010 unnu Eimskip að því að hækka verð gagnvart Aðföngum og náðu fram verðhækkun í lok júní 2010. Aðföng leituðu til Samskipa á þessum tíma, þ.e. þegar Eimskip var að ná fram fyrrgreindum verðhækkunum gagnvart Aðföngum. Samskip gættu að því að viðhalda markaðsskiptingunni og spilla ekki fyrir tilraunum Eimskips til að hækka verð gagnvart þessum mikilvæga viðskiptavini. Í september 2010 tók (S)forstö-innfl1 saman áætlun fyrir árið 2011. Í henni, líkt og í samskonar skjali ári síðar, gerði hann ráð fyrir áframhaldandi „frið“ og að Samskip og Eimskip myndu leggja „áherslu á að hækka verð“. Kemur fram í skjalinu að Samskip vissu að gildistími samnings Aðfanga við Eimskip myndi renna út á árinu 2011 en ekki átti að efna til samkeppni um þann mikilvæga viðskiptavin Eimskips. Þetta gekk eftir. Breytti engu þótt breytt eignarhald á Aðföngum væri talið geta „opnað dyr“ fyrir Samskip og að (S)viðskstj1 hafi spurt (S)forstö-innfl1 5. september 2011 hvort reyna ætti með samkeppni að ná Aðföngum í viðskipti („hver verður nálgun okkar??“). Í framangreindu skjali (S)forstö-innfl1 frá 19. september 2011 kom skýrt fram að Samskip ætluðu ekki að reyna ná Aðföngum enda var heildarstefnan sú að virða „friðinn“ og hækka eða viðhalda verði gagnvart eigin mikilvæga viðskiptavinum.
7943. Atvik sem tengjast ÖES á árinu 2011 eru í raun efnislega hin sömu eða sambærileg þeim sem tengjast t.d. MS og Aðföngum. ÖES var afar mikilvægur viðskiptavinur Eimskips. Samtímagögn sýna að ÖES taldi hækkunaráform Eimskips vera óeðlileg og í engu samræmi við aðstæður á Íslandi. Sneri þessi stóri viðskiptavinur Eimskips sér til Samskipa í leit að betri kjörum. Samskip virtu hins vegar markaðsskiptinguna með því að sækjast ekki eftir viðskiptum ÖES og Eimskip hækkaði verð gagnvart ÖES í nýjum samningi sem undirritaður var 20. desember 2011.
7944. Önnur birtingarmynd á samfelldu samráði Samskipa og Eimskips á árinu 2011 eru atvik tengd Rúmfatalagernum. Í Færeyjum gerðu Samskip ítrekaðar tilraunir, með samkeppni, til þess að ná Rúmfatalagernum frá Eimskip. Það gerði hins vegar stöðuna mun flóknari en ella að á Íslandi hafði



samráð við Eimskip gert Samskipum kleift að hækka verð gagnvart Rúmfatalagernum og því yrði að fara að öllu með gát í verðtilboðum til þessarar fyrirtækjasamstæðu í Færeyjum. Að mati Samkeppniseftirlitsins var ástæða þessa sú að of lágt verð í Færeyjum myndu gera Samskipum erfiðara fyrir að halda uppi flutningaverði á Íslandi. Eins og sést af samtímagögnum gerði hátt verð á Íslandi Samskipum í Færeyjum erfitt um vik að afla viðskipta Rúmfatalagersins þar. Er þetta til frekari stuðnings því að samanburður á gögnum sem varða annars vegar íslenska markaðinn og hins vegar markaðinn í Færeyjum feli í sér óræka vísbendingu um samráð Samskipa og Eimskips hér á landi.

7945. Til viðbótar við framangreind atvik þá sýna samtímagögn frá árinu 2011 að Samskip höfðu ekki áhyggjur af samkeppni frá Eimskip og öfugt, hvorki í sjó- né landflutningum. Þess í stað kemur skýrt fram í samtímagögnunum að fyrirtækin höfðu áhyggjur af samkeppni frá litlu keppinautunum í sjó- og landflutningum. Í aðalatriðum töldu Eimskip og Samskip helstu keppinauta sína í landflutningum vera smærri flutningsaðila (sem fyrirtækin nefndu „*einyrkja*“/„*sjóræningja*“) og Íslandspóst. Jafnframt lögðu fyrirtækin til grundvallar að þau myndu halda sínum mikilvægustu viðskiptavinum og gætu hækkað verð í landflutningum. Í sjóflutningum töldu Eimskip og Samskip í aðalatriðum sína helstu keppinauta vera BWS eða Thorship en samkvæmt eigin mati fyrirtækjanna voru þeir keppinautar hvor um sig með 1-3% markaðshlutdeild á markaðnum. Vísast t.d. til glærुकyningar (S)forstö-útl frá 19. september 2011 þar sem lýst er mjög takmarkaðri samkeppni við Eimskip („*ekki mikið varir við Eimskip á markaðnum*“) og að BWS hafi aukið samkeppni og leitt til „*pressu*“ á að lækka verð „*fyrir austan*“. Í glærुकyningu (S)forstö-útl frá 6. október 2011 kemur sömuleiðis fram að vinna verði gegn innkomu BWS á útflutningsmarkaðinn og draga þar með úr hættu á verðsamkeppni („*Sporna við innkomu Blue Water á markaðinn, verðsamkeppni.*“).
7946. Aukinn flutningur Eimskips fyrir Jóna (Samskip) var til umfjöllunar á árinu 2011 en fjallað er um þann þátt í hinu samfellda samráði í kafla 16.6. Þannig sýna samtímagögn að umfang þess samstarfs Eimskips og Samskipa hafi aukist það mikið frá árinu 2009 að m.a. (S)forstö-innfl1 hafði af því talsverðar áhyggjur. Afhent gögn Eimskips sýna að þrátt fyrir áhyggjur (S)forstö-innfl1 hafi samstarf þetta haldið áfram og að umfang þess hafi aukist enn frekar út rannsóknartímabilið, sbr. t.d. tölvupóst (S)frkvstj-Jóna til (E)frkvstj-sala/bj 24. október 2011 um að „*við [Jónar] höfum aukið viðskipti okkar við Eimskip verulega á þessu ári. Magnaukningin er margföld frá fyrra ári*“.
7947. Gögn málsins sýna að í aðdraganda „*Nýtt upphaf*“ verkefnisins setti (S)aðaleig-stjform-SH fram þau fyrirmæli gagnvart m.a. (S)forstj að vernda bæri og efla stöðu Samskipa hf. sem „*cash cow*“ fyrir samstæðu Samskipa Holding. Er og rökstutt í umfjöllun um atvik á árinu 2008 að frá sjónarhóli Samskipa hefði tilgangur „*Nýtt upphaf*“ verkefnisins ekki síst verið að tryggja þessa stöðu Samskipa á Íslandi. Þá liggur fyrir að (S)aðaleig-stjform-SH gaf (S)forstj, með samningi 1. júlí 2008, loforð um verulega bónusgreiðslu og hvatti hann til að beita sér í efnislega sambærilegum aðgerðum og fólust í „*Nýtt upphaf*“ verkefninu. Samtímagögn sem sýna afkomu Samskipa hf. á árunum 2010 og 2011 gefa til kynna að áætlanir (S)aðaleig-stjform-SH hafi gengið eftir. Afkoman var sögð frábær eða mjög góð og (S)forstj var verðlaunaður með bónusgreiðslum.
7948. Í athugasemdum sínum við AI og AII mótmæla Samskip því að framangreind atvik hafi verið liður í ólögmetu samráði við Eimskip. Athugasemdir Samskipa eru m.a. eftirfarandi:
- Í mgr. 1249 og áfram í athugasemdum Samskipa við AII er því mótmælt að framangreind atvik tengd N1 sýni fram á ólögmett samráð. Samskip byggja á því að þar sem fyrirtækin hafi verið í gagnkvæmum viðskiptum hafi N1 ekki síður haft hagsmuni af áframhaldandi viðskiptum. Atvik þessi hafi ekki tengst Eimskip.
 - Í mgr. 1235 í athugasemdum Samskipa við AII byggja Samskip á því að ástæða þess að AH hefði lýst yfir áhyggjum af því að undirbjóða Eimskip í tilboði til Pennans hefði verið sú að Jónar hefðu verið í beinu viðskiptasambandi við Eimskip á m.a. flutningsleiðinni frá Bretlandi og Samskip hefðu



óttast afleiðingarnar. Halda Samskip því fram að Eimskip hefði getað skaðað samkeppnishæfni Jóna á markaði fyrir flutningsmiðlun í skjóli yfirburðarstöðu fyrirtækisins á flutningamörkuðum.

- Í mgr. 1253 og áfram í athugasemdum Samskipa við AII segir að samskipti (S)forstj, (S) frkvstj-innanl og (S)forstö-innfl1 um tilboðsbeiðni MS beri það með sér að „þeir höfðu takmarkaða trú á því að mögulegt væri að undirbjóða Eimskip í þessum viðskiptum.“ Að sögn Samskipa hafi MS alltaf verið viðskiptavinur Eimskips í innflutningi „og sýnt lítinn áhuga á að gefa Samskipum færi á að ná viðskiptunum yfir í fyrri útboðum og verðkönnunum.“
- Í mgr. 1671 í athugasemdum Samskipa við AI er því hafnað að árangurstengdar greiðslur til forstöðumanna fyrirtækisins séu til marks um góðan árangur í samráði. Segir að slíkar greiðslur séu hluti af viðurkenndu hvatakerfi sem þekkt er í rekstri.
- Í mgr. 1293 athugasemdum við AII mótmæla Samskip því að „friður“ hafi ríkt um viðskipti Aðfanga. Staðhæft er að umleitunum Samskipa hafi ávallt verið hafnað af Högum þar sem Hagar hefðu talið best að nýta stærð sína og umfang til að ná fram hagstæðara flutningsverði, þ.e. með því að tengja saman flutninga Banana og Aðfanga.

7949. Eins og rökstutt er í kafla 26.37 eru þessar athugasemdir Samskipa ekki í samræmi við gögn málsins og geta þær því ekki breytt niðurstöðu Samkeppniseftirlitsins um framangreind atvik á árinu 2011.

14.38. Verðhækkun og önnur atvik maí – nóvember 2011

7950. Á vormánuðum vann Eimskip, líkt og Samskip, áfram að sértækum hækkunum við endurnýjun á samningum við mikilvæga viðskiptavinum. Í fundargerð vegna vikulegra funda (E)frkvstj-sala/þj og (E)forstö-innfl frá 10. maí 2011 er tilgreint á verkefnalista m.a. verkefnið: „Hækkun á samningi Innnes“. Hafði þetta verkefni verið á lista þeirra frá mars 2011. Nánar var fjallað um atvik tengt Innnes og markaðsskiptingu Eimskips og Samskipa í kafla 14.35.

7951. Í þessari fundargerð (E)frkvstj-sala/þj og (E)forstö-innfl frá maí 2011 voru sömuleiðis verkefni tengd almennum verðhækkunum Eimskips í bæði sjó- og landflutningum í júlí 2011: „Gjaldskrárbreytingar 1. júlí undirbúa og yfirfara kostnaðarhækkunir“. Ábyrgðarmenn voru „(E)frkvstj-sala/þj/(E)frkvstj-innanl“.³⁹²⁷

7952. Samskipti áttu sér stað milli stjórnenda Eimskips og Samskipa í maí 2011 vegna Norður-Ameríku samningsins og gámasamstarfsins. Tengdist þetta tímabundinni minni flutningsgetu Eimskips vegna skemmda á skipinu Reykjafossi. Var í þessum samskiptum m.a. fjallað um hvaða gámar Samskipa ættu annars vegar að fara með Eimskip og hins vegar með TA flutningum Samskipa og skiptingu á aukakostnaði sökum þessa. Þannig sendi (S)frkvstj-millilandasv 17. maí 2011 tölvupóst til (S)forstö-innfl1 þar sem sagði: „Getur thu heyrt I [(E)forstö-innfl] vegna yfirbokana I skipinu sem kemur I stad Reykjafoss - eg er pikk fastur a kjarafundum“. (S)forstö-innfl1 svarar (S)frkvstj-millilandasv skömmu síðar: „Heyri I honum thegar eg er buinn ad tala vid [(S)frkvstj-N-Am]“.³⁹²⁸ Sama dag sendi (E)forstö-innfl tölvupóst til (S)forstö-innfl1, (S)frkvstj-N-Am og (S)frkvstj-millilandasv (afrit til (E)frkvstj-sala/þj). (S)frkvstj-N-Am og (E)forstö-innfl (afrit (S)forstö-innfl1, (S)frkvstj-millilandasv og (E)frkvstj-sala/þj) áttu síðan í ítrekuðum tölvupóstsamskiptum sama dag og lýsti (S)frkvstj-N-Am yfir óánægju með svör Eimskips.³⁹²⁹ Um kvöldið 17. maí 2011 upplýsti (E)frkvstj-sala/þj (E)forstj um þessi samskipti við Samskip. (E)forstj lét sig málið varða og sendi tölvupóst til (E)frkvstj-sala/þj (afrit til (E)forstö-innfl) og sagði að Eimskip myndu taka frystigáma Samskipa en annað yrðu Samskip að flytja með TA flutningum. Samskip séu „að nota okkur að hluta til fyrir gáma sína og er því í lófa lagið að flytja í gegnum Evrópu.“³⁹³⁰

³⁹²⁷ Afritað tölvuskjal frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.34.107311.

³⁹²⁸ Afritaðir tölvupóstar frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.878037.

³⁹²⁹ Afrituð tölvupóstsamskipti frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.878324.

³⁹³⁰ Afritaðir tölvupóstar frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.777881.



7953. Þann 18. maí 2011 sendi (S)frkvstj-N-Am á ný tölvupóst til (E)forstö-innfl (afrit til (S)forstö-innfl1, (E)frkvstj-sala/þj og (S)frkvstj-millilandasv) vegna framkvæmdar á ólögætum Norður-Ameríku samningi fyrirtækjanna. (E)forstö-innfl svaraði daginn eftir og (S)frkvstj-N-Am svaraði með tveimur tölvupóstum sama dag.³⁹³¹ Þann 20. maí sendi (S)frkvstj-millilandasv tölvupóst til (E)forstö-innfl þar sem ítrekuð var óánægja (S)frkvstj-N-Am í fyrri tölvupóstum Samskipa.³⁹³²
7954. Þennan sama dag, 20. maí 2011, fór fram hið árlega golfmót Eimskips og Samskipa. Í tölvupósti sem sendur var (S)forstj þann 19. maí 2011 sést að (E)forstj, (E)frkvstj-sala/þj og (S)forstö-útl voru saman í ráshópi. Einnig voru saman í ráshóp lykilstarfsmenn í innflutningi, þ.e. (E)forstö-innfl og (S)viðskstj1.
7955. Gögn málsins sýna að á forstöðumannafundi Eimskips (SCS) tíu dögum síðar, 30. maí 2011, var rætt um mögulega verðhækkun Eimskips 1. júlí 2011.³⁹³³
7956. Í glærुकynningu (E)forstj vegna fundar stjórnar Eimskips 1. júní 2011 var fjallað um ný verkefni Eimskips („New Projects – Other“). Eitt af þessum verkefnum var að auka tekjur fyrirtækisins og átti að gera það með því að hækka verð á íslenska markaðnum:
- „-Increase revenues
- Tariff increases in Icelandic market“³⁹³⁴
7957. Til samanburðar leyfði mikil samkeppni á þessum tíma ekki hækkun á verði í Færeyjum en í ákvörðun þessari hefur verið fjallað um að þessi munur á aðstæðum á Íslandi og í Færeyjum sé ein birtingarmynd samráðs Eimskips og Samskipa hér á landi og til stuðnings öðrum gögnum þar að lútandi.
7958. Í kafla 13 er gerð grein fyrir fámennum golfhópi sem (E)forstj og (S)forstj voru félagar í. Árið 2011 spilaði hópurinn saman eftirfarandi daga:
- 2. júní 2011
 - 16. júní 2011
 - 30. júní 2011
 - 21. júlí 2011
 - 4. ágúst 2011
 - 31. ágúst 2011
 - Dagana 2.-5. september fóru (S)forstj og (E)forstj og sex aðrir meðlimir hópsins í skemmtiferð til Danmerkur þar sem þeir spiluðu m.a. golf saman.
7959. (S)frkvstj-millilandasv og (E)frkvstj-innanl hittust á fundi 7. júní 2011, sbr. yfirlit í kafla 13.

³⁹³¹ Afrituð tölvupóstsamskipti frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.34.108446.

³⁹³² Afritaður tölvupóstur frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.34.108467.

³⁹³³ Afhent tölvuskjal frá Eimskip. Afhent 01.12.2011. „SCS 30.05.2011“, glæra 2 (þar merkt 30.05.2011) og glæra 21.

³⁹³⁴ Afhent skjal frá Eimskip. Afhent 01.12.2016, mappa 6 – 1. hluti. „Eimskipafélag Íslands hf. 24th Board Meeting June 1 2011“. Sjá dagskrárlíð 5 í fundargerð frá stjórnarfundinum. Afhent skjal frá Eimskip. Afhent 01.12.2016, mappa 6 – 1. hluti. „Minutes of the meeting of the board of directors of Eimskipafélag Íslands hf.“ 01.06.2011. Afritað tölvuskjal frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.784350.



7960. Í samræmi við m.a. framangreinda stefnumörkun [\(E\)forstj](#) 1. júní 2011 var í fundargerð vegna fundar [\(E\)frkvstj-sala/þj](#) og [\(E\)forstö-innfl](#) þann 7. júní 2011 fjallað um fyrirhugaða verðhækkun Eimskips 1. júlí 2011.³⁹³⁵
7961. Tveimur dögum síðar, þann 9. júní 2011, var stjórnendafundur hjá Eimskip. Fyrirliggjandi er glærुकyning frá fundinum. Þar er að finna glæruna: „*Tekju aukandi aðgerðir*“. Á þeirri glæru kemur fram að hækka ætti allar verðskrár Eimskips í sjó- og landflutningum og efla markaðssókn í flutningum á smápökkum og flugþjónustu. Í samræmi við hina ólögmetu markaðsskiptingu sem Eimskip hefur viðurkennt að hafi verið fyrir hendi á þessum tíma átti ekki að reyna að ná mikilvægum viðskiptavinum Samskipa í viðskipti.
7962. Þessar „*tekju aukandi aðgerðir*“ voru í samræmi við áður nefnd hækkunarfyrirmæli á glæru [\(E\)forstj](#) (um að hækka verð á íslenska markaðnum) frá áður nefndum stjórnarfundum Eimskips sem haldinn hafði verið rúmri viku fyrr.³⁹³⁶
7963. Í fundargerð [\(E\)frkvstj-sala/þj/\(E\)forstö-sölu](#), sem vistuð var 24. júní 2011, kom fram verkefnið „*Gjaldskrárhækkun: Ná því fram*“. Verklök voru áætluð í nóvember 2011. Einnig var tilgreint verkefnið „*Endurskoðun viðskiptakjara – Lista upp 10 viðskiptavini*“ og lok þess verkefnis voru einnig í nóvember 2011.³⁹³⁷
7964. Líkt og hjá innflutningsdeild Eimskips kemur fram í gögnum landflutninga fyrirtækisins frá þessum tíma að stefnt skuli að því að hækka verð. Þá kemur fram að afgreiðslugjald og farmtrygging hafi verið sameinuð í eitt gjald. Var þetta gert „*til að fækka liðum á reikning ásamt því að reyna [að] koma tryggingu á hjá öllum okkar viðskiptavinum án þess að tala sérstaklega um það.*“ Þá var gert ráð fyrir því að hækka gjaldskrá innanlandsflutninga og sendingartengdan akstur (e. intra transport unit price) um 6,86%. Gögn málsins sýna að áform um hækkanir í landflutningum gengu eftir.³⁹³⁸
7965. Framangreint og önnur samtímagögn sýna að Eimskip taldi sig vera í þeirri stöðu að geta viðhaldið eða hækkað verð á land- og sjóflutningi, án þess að þurfa að óttast viðbrögð helsta keppinautarins, Samskipa. Er þetta birtingarmynd á hinu samfellda samráði sem Eimskip hafa viðurkennt að hafi verið fyrir hendi á þessum tíma.

14.38.1. Eimskip hækkar verð

7966. Stefnumörkun í áður nefndri glæru [\(E\)forstj](#) frá 1. júní 2011 um hækkun verðs á íslenska markaðnum var fylgt eftir. Þann 2. júlí 2011 tók gildi verðhækkun hjá Eimskip. Hækkaði sjófrakt um 4,8% og þjónustugjöld á Íslandi um 5,8%.³⁹³⁹
7967. Þann 5. júlí 2011 sendi [\(E\)frkvstj-sala/þj](#) tölvupóst til [\(E\)forstö-innfl](#) (afrit til [\(E\)forstö-sölu](#)). Bað hann [\(E\)forstö-innfl](#) að hafa samband við Samskip og bjóða þeim upp á flutning og staðsetningu gáma í Norfolk í Bandaríkjunum. Samkvæmt tölvupóstinum var ástæðan gámaskortur hjá Eimskip. Vegna gámaskortsins bauðst Eimskip til að flytja gáma Samskipa til Norfolk sem Samskip gætu notað vegna innflutnings frá Norfolk til Íslands.
7968. Skömmu síðar sama dag, 5. júlí 2011, sendi [\(E\)forstö-innfl](#) tölvupóst til [\(E\)frkvstj-sala/þj](#) (afrit til [\(E\)forstö-sölu](#)). Greindi hann frá samtali sínu við [\(S\)forstö-innfl1](#) þennan sama dag.³⁹⁴⁰ Sagði [\(E\)forstö-innfl](#) að [\(S\)forstö-innfl1](#) væri í fríi og að hann myndi láta sig vita.

³⁹³⁵ Afritað tölvuskjal frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.76566.

³⁹³⁶ Afhent tölvuskjal frá Eimskip. Afhent 01.12.2016. „*Management meeting 9.6.2011*“, glæra 23.

³⁹³⁷ Afritað tölvuskjal frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.101743.


³⁹³⁸ Afritað tölvuskjal frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.154455.

³⁹³⁹ Eimskip afhenti yfirlit 23.03.2015 og 13.10.2017 (Liður 6), sbr. ítrekun Samkeppniseftirlitsins til Eimskips frá 13.09.2017.

³⁹⁴⁰ Afritaður tölvupóstur frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.635882.



7969. Samskiptin vörðuð þannig gámasamráð Samskipa og Eimskips og eru til marks um nána samvinnu fyrirtækjanna á þessum tíma og aðeins eitt dæmi um fjölmörg samskipti (E)forstö-innfl og (S)forstö-innfl1 á rannsóknartímabilinu. Hér skiptir máli að (E)forstö-innfl og (S)forstö-innfl1 voru yfirmenn innflutningsdeilda Eimskips og Samskipa og léku lykilhlutverk við verðlagningu fyrirtækjanna.
7970. Í glærugynningu vegna forstöðumannafundar Eimskips þann 5. júlí 2011 var fjallað um verðhækkun Eimskips fimm dögum áður. Varðandi útflutning kom m.a. fram:
- „Verðhækkun, verður fylgt eftir með verkefnalista og unnið að því að allir taki þær hækkunir með tíð og tíma“.
7971. Átti Eimskip þannig ekki von á því að samkeppni frá Samskipum gerði það óraunhæft að ná fram hækkunum gagnvart „öllum“. Á einni glærunni var kunnert að unnið væri að nýjum samningi við „Innes (18%-24%), IH og B&L“. ³⁹⁴¹ Fólst í þessu að Eimskip taldi sig geta hækkað verð um 18-24% gagnvart þessum mikilvæga viðskiptavinum. Sökum samráðsins hafði Eimskip heldur ekki áhyggjur af því að Samskip myndu með samkeppni gera Eimskip ókleift að ná fram verðhækkun gagnvart þessum mikilvæga viðskiptavinum. Gekk þessi áætlun Eimskips um hækkun gagnvart Innes eftir.
7972. Í sömu glærugynningu Eimskips frá 5. júlí 2011 má sjá umfjöllun um áhrif verðhækkana í sjóflutningi: ³⁹⁴²

| Summary Sales and services 5.07.2011 | | | |  | |
|--|----------------|---|------------|---|--|
| <h3>Áhrif hækkunar</h3> | | | | | |
| SeaFreight IMP | | SeaFreight EXP | | | |
| 2.000.461 | 24.005.526 | 1.664.030 | 19.968.355 | | |
| | 1.152.265 | | 958.481 | | |
| | 518.519 | Á ári | 431.316 | Á ári | |
| | 259.260 | 2011 | 215.658 | 2011 | |
| | 474.918 | Skilar samtals á árinu mv. Að 45% samninga í IMP og EXP taki hækkun strax | | | |
| THC IMP | | THC EXP | | | |
| 364.122 | 4.369.459 | 271.522 | 3.258.258 | | |
| | 253.428,64 | | 188.978,97 | | |
| | 114.042,89 | Á ári | 85.040,54 | Á ári | |
| | 57.021,44 | 2011 | 42.520,27 | 2011 | |
| | 99.542 | Skilar samtals á árinu mv. Að 45% samninga í IMP og EXP taki hækkun strax | | | |
| Aðrar tekjur IMP | | Aðrar tekjur EXP | | | |
| 199.156 | 2.389.876 | 353.148 | 4.237.778 | | |
| | 138.612,82 | | 245.791,11 | | |
| | 62.375,77 | Á ári | 110.606,00 | Á ári | |
| | 31.187,88 | 2011 | 55.303,00 | 2011 | |
| | 86.491 | | | | |
| Samtals heildartekjuaukning 2011 | | 660.951 | | | |
| Samtals heildartekjuaukning mv. 12 mánuði | | 1.321.901 | | | |

7973. Sýnir þetta gagn að Eimskip miðaði við að 45% af öllum flutningasamningum „taki hækkun strax“. Þá var gert ráð fyrir að áhrif hækkunarinnar myndi vera heildartekjuaukning að fjárhæð 1,3 milljónir evra miðað við 12 mánuði (rúmar 218 milljónir íslenskra króna og þá voru ekki meðtaldar aðrar verðhækkunir Eimskips á árinu 2011).

³⁹⁴¹ Afhent tölvuskjal frá Eimskip. Afhent 01.12.2011. „SCS 5.07.2011“, glæsur 2 og 8.

³⁹⁴² Afhent tölvuskjal frá Eimskip. Afhent 01.12.2016 „SCS 5.07.2011“, glæra nr. 3.



14.38.2. Samskip og Eimskip hækka verð

7974. Síðar í júlí 2011 tilkynntu Samskip um verðhækkun og á sama tíma hækkaði Eimskip verð aftur.
7975. Þann 22. júlí 2011 sendu Samskip þannig eftirfarandi tilkynningu til sinna viðskiptavina:
- „Frá og með mánudeginum 1. ágúst nk. mun akstursgjaldskrá innanlands og þjónustugjaldskrá Samskipa á Íslandi hækka um 6% og gjaldskrá sjóflutnings hækka um 4,5%. Ofangreindar hækkanir eru til þess að mæta kostnaðarhækkunum í rekstri.“*
7976. Var sagt að (S)forstö-innfl1 og (S)forstö-útf1 myndu veita nánari upplýsingar um þessa hækkun.³⁹⁴³ Gekk þessi hækkun Samskipa eftir.³⁹⁴⁴
7977. Sama dag og þessi hækkun Samskipa tók gildi hækkaði Eimskip verð í for- og áframflutningum í Hollandi og Danmörku um 2-4%.³⁹⁴⁵
7978. Þessi verðhækkun Samskipa var í samræmi við þá stefnumörkun sem samráðið við Eimskip leyfði fyrirtækinu að fylgja. Rifja má hér upp að í markaðsskýrslu innflutningsdeildar Samskipa fyrir árið 2011, sem unnin var í september 2010, var „gert ráð fyrir“ að Eimskip og Samskip „haldi að sér höndum og leggi áherslu á að hækka verð“ á árinu 2011. Í rekstraráætlun útflutningsdeildar Samskipa, sem unnin var af (S)forstö-útf1 í október 2010, var m.a. gert ráð fyrir hækkun sjóflutningsgjaldskrár 1. júlí 2011.
7979. Gögn málsins sýna óánægju viðskiptavina með verðhækkun og kjör Eimskips og Samskipa á þessum tíma:
- Þann 27. júlí 2011, í kjölfar tilkynningar Samskipa um verðhækkun, kom m.a. eftirfarandi fram í tölvupósti fjármálastjóra bifreiðaumboðsins Öskju til (S)forstö-innfl1: „[...] Fengum síðan póst frá ykkur í gær þar sem boðuð var hækkun uppá 4,5%. Ekki getum við boðað svona hækkanir á okkar bílum – það gerir blessuð samkeppnin.“³⁹⁴⁶
- Augljóst er af þessu samtímagagni frá stjórnanda í íslensku viðskiptalífi að viðkomandi taldi samkeppni á hlutaðeigandi markaði (smásala á nýjum bílum) ekki gefa svigrúm til að hækka verð gagnvart viðskiptavinum. Má álykta af þessari umfjöllun og verðhækkun Samskipa að hlutaðeigandi hafi ekki talið ríkjandi samkeppni á markaði fyrir flutninga til Íslands.
- Hér skal líka rifja upp atvik vegna þessa viðskiptavinar og markaðsskiptingu Samskipa og Eimskips vegna hans árið áður, sbr. umfjöllun um „vertu á vappi trykkið“ í kafla 14.30.
- Í ágúst 2011 sendi kaupandi flutningsþjónustu frá Norður-Ameríku til Íslands (Kostur) tölvupóst til m.a. (E)forstj og (E)frkvstj-sala/þj: „[...] eftir fundinn í gær þá fór ég yfir þau verð sem ég er að borga fyrir Trucking og stuffing í Miami. Kemur þá í ljós að þau verð sem Eimskip er að bjóða okkur núna er 60% hærri og þar af leiðandi óásættanleg fyrir okkur. Það kemur mér mjög á óvart eftir alla þá flutninga sem ég hef verið með hjá Eimskip að 24% til 32% hækkun skuli vera það sem lagt sé á borð til okkar. Ég vona að þetta verði endurskoðað svo við þurfum ekki að leita annað með okkar flutninga.“³⁹⁴⁷
7980. Líkt og hjá Eimskip lögðu Samskip mat á áhrif verðhækkunarinnar sem tók gildi 1. ágúst 2011. Í gagni frá (S)forstö-útf1 frá 17. júlí 2011, sem fjallaði um áhrif umræddrar verðhækkunar Samskipa í útflutningi, kemur fram að sú hækkun Samskipa taki til 70% viðskiptavina (þjónustugjöld) og 25%

³⁹⁴³ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.887767.

³⁹⁴⁴ Afhent skjal frá Samskipum. Afhent þann 10.04.2015. Fylgiskjal 4 "Breytingar á gjaldskrá Samskipa vegna reglubundinna áætlunarsiglinga til og frá Íslandi".

³⁹⁴⁵ Verðhækkun vegna for- og áframflutninga vegna Rotterdam virðist ekki hafa verið tilkynnt viðskiptavinum. Afrituð tölvupóstsamskipti frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.562612. Sjá einnig svar frá [...]. Afritaður tölvupóstur frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.562416.

³⁹⁴⁶ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.888345.

³⁹⁴⁷ Afritaður tölvupóstur frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.808899.



viðskiptavina (sjófrakt) í útflutningi.³⁹⁴⁸ Miðuðu Samskip við að verðhækkunarinnar í útflutningi myndu skila Samskipum (mv. 12 mán.) um það bil 400.000 evrur á ársgrundvelli (66 milljónir íslenskra króna og þá voru ekki meðtaldar aðrar hækkunar Samskipa 2011).³⁹⁴⁹

7981. Í innflutningi miðuðu Samskip við að hækkunar á verðskrá tækju til allra viðskiptavina Samskipa að undanskildum tólf þeirra.³⁹⁵⁰ (S)frkvstj-millilandasv sendi (S)starfsm þann 15. ágúst 2011 eftirfarandi tölvupóst og gerði grein fyrir áhrifum umræddrar verðhækkunar á innflutning hjá Samskipum:

„Áætlaðar tekjur ágúst - des hækka um EUR 190 k vegna gjaldskrárhækkanna í innflutningi og er þá búið að taka tillit til þeirra samninga sem ekki taka hækkunum. Einnig sést á þessu yfirlit að rauntekjur s.l. 12 mánuði hafa verið ca. 13% yfir áætluðum tekjum þannig að ef við gerum ráð fyrir að það tekjur haldist áfram 13% fyri [svo] áætlun til áramóta má ætla að gjaldskrárhækkunin skili $190 \times 1,13 = 215$ k til áramóta í innflutningi.“³⁹⁵¹

7982. Framangreind samtímagögn sýna að þessar almennu verðhækkunar Samskipa og Eimskips sumarið 2011 hafi verið ábatasamar og náð til margra viðskiptavina fyrirtækjanna. Þetta sumar 2011 var reynt af festu að tryggja að verðhækkunar myndu „skila sér til allra“ viðskiptavinanna. Auk almennra verðhækkana má sjá í gögnum málsins fyrir mæli til undirmanna um að hækka meðalsjóflutningsverð, draga úr afsláttarkjörum og hækka samhliða svokallað LO/LO-gjald á Íslandi³⁹⁵² (rætt um að hækka án þess að tilkynna um það til viðskiptavina).³⁹⁵³ Þá eru hér ekki meðtaldar verðhækkunar árið 2011 á olíugjaldi (BAF) eða hækkunar fyrirtækjanna í landflutningi, sbr. kafla 14.55 og 14.39.4.

14.38.3. Fyrirtækin huga að frekari verðhækkunum

7983. Sem fyrr segir hækkuðu bæði Eimskip og Samskip verð sumarið 2011. Framangreind gögn sýna að fyrirtækin töldu að umtalsverður tekjuauki myndi nást fram með þessum hækkunum. Í áður nefndum tölvupósti (S)frkvstj-millilandasv frá 15. ágúst 2011 benti hann á að rauntekjur innflutningsdeildar væru 13% yfir áætlun.
7984. Þrátt fyrir framangreint var frekari hækkun á verði undirbúin hjá báðum fyrirtækjunum.
7985. Í ágúst 2011 lagði Eimskip áfram áherslu á verðhækkunar. Gögn málsins sýna að (E)frkvstj-sala/þj og (E)forstö-sölu hittust reglulega á fundum á þessu tímabili og ræddu þar verkefni sem tengdust verðhækkun gagnvart viðskiptavinum. Í fundargerð þeirra frá 16. ágúst 2011 voru m.a. verkefni „Gjaldskrárhækkun: Ná því fram“ og „Hækkun meðalsjóflutningsverða: Verðgólf hækkað um €50 per

³⁹⁴⁸ Afritað tölvuskjal frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.1066345.

³⁹⁴⁹ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.1069013.

³⁹⁵⁰ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.888082. Samkvæmt þessum tölvupósti tóku verðhækkunar Samskipa ekki til: OJK / Sælkeradreifing / Nýja Kaffibrennslan / Stórelldhús / Vilko; Íslensk ameríska / Mekka; Nathan / Ekran; Iðnvélar (hækkun tók gildi 1. janúar 2012); Húsasmiðjan; Nói Sírius.

³⁹⁵¹ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.92044.

³⁹⁵² LO/LO vísar til svonefndra Lift on–Lift off skipa þar sem gánum er lift með krönum í og úr skipunum.

³⁹⁵³ Afritað tölvuskjal frá Eimskip. „EXP_Fundargerð 2011_Vika 27.docx“. Þar segir bls. 2 „Hækkun núna í byrjun júlí þarf að skila sér til allra. Stilla þarf upp verkefnalista og vinna hækkunina inn á hjá öllum.“ Abyrgðarmaður verkefnis var [...] og átti því að ljúka í október 2011. Viðhengi við afritaðan tölvupóst frá Eimskip. Frá [...] til útflutningsdeildar Eimskips, [...] o.s.frv. „Fundargerð EXP: Vika 25“, dags. 05.07.2011, kl. 09:54. Doc. ID. 0.7.33.635201. Afritaður tölvupóstur frá [...] til allra deilda Eimskips, afrit til [...] o.fl. „RE: Gjaldskrárhækkun“, dags. 05.07.2011, kl. 23:50. Doc. ID. 0.7.33.552997. Afritað tölvuskjal frá Eimskip. Fundargerð af fundi [...]. „[...]_2011_Fundargerð vika 28.docx“. Þar segir m.a. „Gjaldskrárhækkun: Ná því fram“, áætluð verklok nóvember 2011. Þar er líka nefnt „Hækkun meðalsjóflutningsverða: Verðgólf hækkað um €50 per teu / €100 per feu“. Viðhengi við afritaðan tölvupóst frá Eimskip. [...] „[...] fundur, vika 28“, dags. 12.07.2011, kl. 11:44. Doc. ID. 0.7.33.642619. Sjá einnig hækkun viðmiðunarverða, afritaður tölvupóstur frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.646432. Afritaður tölvupóstur frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.335276. Þar kemur m.a. fram eftirgreint: „Lista upp viðskiptavinum og raða eftir meðalflutningstekjum og vinna í að hækka þá sem eru lægstir (hvernig fór með Innes?). Tryggja að síðustu hækkunar skili sér í öll ný tilboð og samninga!“ Afritað tölvuskjal frá Eimskip. „SCS 22.08.2011.ppt“. Vistað í tölvugögnum [...] 22.08.2011, kl. 14:57. Doc. ID. 0.7.33.183393. Sjá glærur nr. 22 og 23 í kynningunni.



teu / €100 per feu". Hið sama kom fram í fundargerðum þeirra frá 12. og 14. september 2011 og 11. nóvember 2011.³⁹⁵⁴

7986. Sem fyrr sagði gengu eftir áætlanir um verðhækkun í landflutningum Eimskips um mitt ár 2011. Var bæði gjaldskrá hækkuð og lögð á ýmis gjöld í tengslum við innanlandsflutninga hjá Eimskip. Þannig var þann 1. júní 2011 almenn gjaldskrárhækkun hjá landflutningum Eimskips upp á 5,8%, hækkun á stöðvargjöldum og hækkun á sendingartengdum akstri vegna inn- og útflutnings um 5,8%. Jafnframt var unnið að hækkun á afgangi vegna fiskikara eða álagningu nýs gjalds og miðað við 40% hækkun.³⁹⁵⁵
7987. Í lok ágúst hófu Samskip einnig undirbúning frekari verðhækkana fyrir árið 2012, eða u.þ.b. mánuði eftir að síðasta verðhækkun tók gildi. Þann 30. ágúst 2011 sendi (S)forstö-innfl1 tölvupóst til (S)forstö-útfli og (S)frkvstj-millilandasv og spurði: „Hvað eigum við að gera ráð fyrir mikill [svo] hækkun á sjófrakt í áætlun. Ég var að spá í 4,0% þann 1. júlí [2012]“. (S)frkvstj-millilandasv svaraði samdægurs og kvaðst lítast vel á þessa tillögu.³⁹⁵⁶
7988. Nokkrum dögum eftir þessa umræðu innan Samskipa um verðhækkunir fyrir árið 2012 fóru (S)forstj og (E)forstj með golfhópi sínum í skemmtiferð til Danmerkur og stóð þessi ferð frá 2. – 5. september 2011. Voru samtals átta menn í þessari ferð og var dagskráin þétt. Samkvæmt henni áttu áttamennin að spila golf saman, snæða saman í hádeginu og á kvöldin og fara saman í skoðunarferðir, sbr. kafla 13.
7989. Sama dag og skemmtiferð (S)forstj og (E)forstj lauk var fjallað um verðhækkun á fundi innflutningsdeildar Eimskips. Í fundargerð vegna fundar deildarinnar þann 5. september 2011 segir þannig að á næstu vikum þurfi að „hífa upp“ meðalsjóflutningsverð. Var þessari fundargerð m.a. dreift til (E)forstj.³⁹⁵⁷
7990. Daginn eftir, þann 6. september 2011, höfðu fyrirætlanir Samskipa um verðhækkun tekið breytingum. Í stað einnar hækkunar á sjófrakt, um 4% í júlí 2012 (sem (S)forstö-innfl1 og (S)frkvstj-millilandasv voru sammála um 30. ágúst 2011), skyldi hækka verð tvívegis á árinu 2012. Þannig sendi (S)forstö-innfl1 þann 6. september 2011 tölvupóst til (S)viðskstj2 og greindi honum frá því að tvær „almennar gjaldskrárhækkunir“ yrðu árið 2012, annars vegar 4,5% 1. janúar 2012 og hins vegar 4% 1. júlí 2012.³⁹⁵⁸
7991. Sýnir framangreint að hugmyndir innan Samskipa um verðhækkunir tóku breytingum frá umræðum í lok ágúst og þar til 6. september 2011. Í millitíðinni höfðu (S)forstj og (E)forstj farið saman í nokkurra daga skemmtiferð til Danmerkur. Endanleg niðurstaða innan Samskipa lá hins vegar fyrir um miðjan október 2011, sbr. nánar hér á eftir
7992. Þann 9. september 2011 fjallaði (E)forstj um málefni tengd Samskipum. Átti þetta sér stað á fundi hans með (E)frkvstj-skiparekst þennan dag. Strax eftir fundinn sendi (E)forstj excel-skjal til (E)frkvstj-skiparekst og (E)frkvstj-fjárm um helstu verkefni rekstarsviðsins („Operation-Fundur.xlsx“). Þar kemur m.a. fram eftirfarandi:³⁹⁵⁹

³⁹⁵⁴ Afritað tölvuskjal frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.99964. Afritað tölvuskjal frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.101342. Afritað tölvuskjal frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.103171. Afritað tölvuskjal frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.97698.

³⁹⁵⁵ Afritað tölvuskjal frá Eimskip. „Mánaðarskýrsla í júní 2011“. Fannst vistað á sameiginlegu tölvudrifi Eimskips, vistað þann 25.8.2011. Afritað tölvuskjal frá Eimskip. „Domestic transport júní-júlí 2011(isl)“. Fannst vistað á sameiginlegu tölvudrifi Eimskips, vistað þann 30.8.2011.

³⁹⁵⁶ Afrituð tölvupóstsamskipti frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.1073296.

³⁹⁵⁷ Afritað tölvuskjal frá Eimskip. „Fundargerð LIS 05.09.2011“. Vistað á tölvudrifi Eimskips, síðast vistað 05.09.2011, kl. 17:25. Samkvæmt skjalinu var fundargerðinni m.a. dreift til [...].

³⁹⁵⁸ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.898160.

³⁹⁵⁹ Afritað tölvuskjal frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.817579.



| | |
|--|--|
| Samskip á USA | |
| Er möguleiki á að þeir noti okkur meira en DSL frá USA | |
| Noti okkar gáma ef þarf | |

7993. Hér skal rifja upp að einn þáttur ólögmæts samráðs Eimskips og Samskipa, sem hófst af fullum þunga í kjölfar fundar fyrirtækjanna 6. júní 2008, varðaði m.a. gámastýringu þeirra, sbr. m.a. kafla 18. Framangreint verkefni á lista (E)forstj sýnir að mati Samkeppniseftirlitsins hið samfellda samráð og framkvæmd þess. Fyrirtækin ætluðu áfram að „hjálpast“ að til að tryggja framgang „Nýtt upphaf“ verkefnisins. Samskipti milli æðstu stjórnenda keppinautanna styðja framangreint mat eftirlitsins. Hér er rétt að hafa í huga að í október 2011 sendi (E)forstj tölvuskjal til framkvæmdastjóra fyrirtækisins með áherslum forstjórans fyrir næsta ár. Þar kom m.a. fram: „Hækkun á verðum til einstakra viðskiptavina“, sbr. umfjöllun hér á eftir.³⁹⁶⁰ Voru áherslur æðstu stjórnenda Eimskips og Samskipa hinar sömu að þessu leyti á þessum tíma, sbr. umfjöllun hér á eftir.
7994. Á vikulegum fundi innflutningsdeildar Eimskips 12. september 2011 var áfram unnið að framkvæmd verðhækkana gagnvart viðskiptavinum. Samkvæmt fundargerð frá fundinum var, líkt og á fundi deildarinnar viku áður, umræða um að „hífa upp“ meðalsjóflutningsverð. Þá var jafnframt komið inn það verkefni: „Ná hækkunum í gegn þ.e. síðustu gjaldskrárhækkun“ (sem höfðu verið sumarið 2011).³⁹⁶¹
7995. Í samræmi við þessa stefnumörkun unnu (E)frkvstj-sala/þj og (E)forstö-sölu að því í lok september 2011 að hækka verð gagnvart stærstu viðskiptavinunum og „focus on lifting average O/F“ (hækka meðalsjóflutningsfrakt).³⁹⁶²

14.38.4. Áætlanir fyrir árið 2012

7996. Eins og rökstutt var í kafla 14.10 eru gögn frá árinu 2009 sem tengjast áætlunargerð Eimskips og Samskipa fyrir árið 2010 til stuðnings því að fyrirtækin hafi á þessum tíma átt í ólögmætu samfelldu samráði. Hið sama á við um gögn frá árinu 2010 sem tengjast áætlunargerð Eimskips og Samskipa fyrir árið 2011, sbr. kafla 14.32.
7997. Í þessum kafla verður rökstutt það mat Samkeppniseftirlitsins að gögn frá árinu 2011 sem tengjast áætlunargerð Eimskips og Samskipa fyrir árið 2012 séu til stuðnings áframhaldandi ólögmætu samfelldu samráði. Vísast í þessu samhengi til umfjöllunar í kafla 14.10.1 um almenna þýðingu rekstraráætlana fyrirtækja.

14.38.4.1. Samskip haldi mikilvægum viðskiptavinum og hækki verð

7998. Um miðjan september 2011 voru áætlanir sjóflutninga og landflutninga Samskipa sendar m.a. til (S)forstj. (S)forstö-innfl1 sendi þannig 19. september 2011 tölvupóst til (S)forstj, (S) frkvstj-innanl o.fl. Meðfylgjandi póstinum var skýrsla merkt (S)forstö-innfl1 og bar hún heitið „Markaðsskýrsla Innflutningsdeildar 2012“.³⁹⁶³ Eins og áætlanirnar sem voru samdar á árunum á undan þá felur þetta skjal í sér stefnumörkun Samskipa um aðgerðir fyrirtækisins á markaðnum fyrir flutning til landsins með skipum og áætlun um flutningamagn og tekjur á næsta rekstrarári, þ.e. árinu 2012. Jafnframt fólst í skýrslunni lýsing á aðstæðum á markaðnum þegar hún var samin.

³⁹⁶⁰ Sjá umfjöllun hér að framan í mgr. 585. Afritað tölvuskjal frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.858241.

³⁹⁶¹ Afritað tölvuskjal frá Eimskip. Fundargerð LIS import, dags. 12.09.2011. Vistuð á tölvudrifi Eimskips, síðast vistað 12.09.2011, kl. 23:28. Samkvæmt skjalinu var fundargerðinni m.a. dreift til [...].

³⁹⁶² Afhent tölvuskjal frá Eimskip. Afhent 01.12.2016, „SCS sept 2011“, glæra nr. 26. Afritað tölvuskjal frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.830119.

³⁹⁶³ Afritað tölvuskjal frá Samskipum. Viðhengi við afritaðan tölvupóst frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.909157.



7999. Á bls. 3 í skýrslunni er lagt til grundvallar að markaðshlutdeild Samskipa yrði í aðalatriðum sú sama á árinu 2012 og hún hefði verið á árinu 2011 og á bls. 5 segir að gert væri ráð fyrir því að Samskip héldu öllum viðskiptavinum sínum í innflutningi. Í skýrslunni segir síðan á bls. 13-14:

„Áherslan í sölu árið 2012 ræðst að miklu leiti eftir því hvort að áframhaldandi ró haldist á innflutningsmarkaði. Gert er ráð fyrir að bæði Eimskip og Samskip haldi að sér höndum og leggi áherslu á að halda verðum uppi. Reynt verður að auka markaðshlutdeild Samskipa lítillega, m.a. með því að ná einu bifreiðaumboði og Bræðrunum Ormsson í viðskipti. Áhersla verður lögð á að ná í meira magn frá þeim viðskiptavinum sem flytja með báðum aðilum auk þess sem mikil áhersla verður lögð á það að ná í sem mest af nýjum viðskiptum sem koma inn á markaðinn. [...].“

8000. Þessar áherslur í sölu Samskipa árið 2012 eru í samræmi við áherslur fyrirtækisins árið á undan. Þannig var í áætlun Samskipa fyrir árið 2011 gert ráð fyrir „að áframhaldandi ró haldist á innflutningsmarkaði“ og að „bæði Eimskip og Samskip haldi að sér höndum og leggi áherslu á að hækka verð“.

8001. Þetta samtímagagn frá september 2011 sýnir að mati Samkeppniseftirlitsins ekki eingöngu fram á ráðagerð Samskipa fyrir árið 2012, heldur er með því jafnframt slegið föstu að á þessum tímapunkti hefði að mati Samskipa ríkt „ró“ á innflutningsmarkaði á árinu 2011. Þetta er mikilvægt að hafa í huga og í samræmi við önnur samtímagögn um „friðinn“ við Eimskip um mikilvæga viðskiptavinum árið 2011. Er þetta m.a. til stuðnings því að ólögsmæt markaðsskipting hefði verið fyrir hendi á þessum tíma og að mati Samkeppniseftirlitsins fela þessar rekstraráætlanir Samskipa, virtar saman, í sér afar ríkar vísbendingar um samfellt samráð við Eimskip og að það hefði haldið áfram árin 2011 og 2012.

8002. Í fyrrnefndri markaðsskýrslu (S)forstö-innfl1 fyrir árið 2012 var síðan fjallað um stöðuna í einstökum tegundum innflutnings. Nefna má hér dæmi:

- Um innflutning á matvörum segir á bls. 29: „Samningar við Vífilfell, Íslensk Ameríska, Karl K Karlsson og Nóa eru lausir um vorið 2012 og Garri losnar í október 201[2]. Gert er ráð fyrir að allir þessir samningar verði endurnýjaðir. Samningar Eimskips við Aðföng eru lausir um næstu áramót, en ekki er gert ráð fyrir öðru en þeir samningar verði framlengdir. Innes eru enn með lausan samning við Eimskip, en ekki er gert ráð fyrir neinum breytingum er varðar þeirra flutninga. [...]. Megin áherslur verða að halda núverandi viðskiptavinum en jafnframt að vinna í að taka magn frá smærr viðskiptavinum sem eru hjá samkeppnisaðilum.“
- Um innflutning drykkjarvara kemur fram eftirfarandi á bls. 19: „Mikilvægt er að halda í núverandi viðskiptavinum í þessum flokk. Þrír stærstu í þessum flokki eru Vífilfell, Karl K Karlsson og Mekka. [...] Samningur Vífilfells rennur út á miðju ári 2012 og gert er ráð fyrir að endursamið verði við Vífilfell en á mun lægri einingaverðum. Samningurinn við Karl K Karlsson fram í apríl 2012 og gert er ráð fyrir að endursamið verði á sambærilegum verðum og nógildandi samningur segir til um. Mekka er aðili að samningi Íslensk Ameríska sem rennur út í júní 2012 og gert er ráð fyrir að samningur verði endurnýjaður á sömu verðum og eru í nógildandi samningi. [...]. Ölgerðin er stærsti viðskiptavinur Eimskip í þessum flokki og ekki er gert ráð fyrir að reynt verði að ná í þá í viðskipti. Nokkrir minni aðilar eru einnig hjá Eimskip, s.s. Bakkus og HOB vín. Unnið verður í því á árinu 2012 að ná í nýjan lítinn eða meðalstóran viðskiptavin í þessum flokk sem kæmi jafnframt í viðskipti í vöruhúsi.“

8003. Af þessu má sjá að Samskip gerðu ekki ráð fyrir því að keppa við Eimskip um viðskipti við stærstu innflutningsaðila í þessum flokki innflutningsvara jafnvel þótt vitneskja væri til staðar hjá stjórnendum Samskipa um að samningar Eimskips við mikilvæga viðskiptavinum væru eða yrðu lausir. Er það í samræmi við „ró“ eða „frið“ á markaðnum og samfellt samráð Samskipa við Eimskip á þessum tíma.



8004. Jafnframt ber að hafa í huga að Samskip gátu hvenær sem er sent viðskiptavinum Eimskips hagstæð tilboð án tillits til þess hvort samningur væri laus eða að losna. Það var viðkomandi viðskiptavinar að meta hvort hann teldi sér fært að ganga að tilboði Samskipa. Engar hugleiðingar um slíkar aðgerðir er að finna í skýrslu (S)forstö-innfl1 enda hefði það verið í ósamræmi við markaðsskiptinguna sem Eimskip hefur viðurkennt að hafi verið fyrir hendi á þessum tíma.
8005. Í skýrslu (S)forstö-innfl1 kemur fram að ekki átti að reyna að ná Innnes í viðskipti frá Eimskip. Í þessu samhengi ber að hafa í huga fund sem haldinn var hjá Eimskip um miðjan maí 2011. (E)frkvstj-sala/þj og (E)forstö-innfl1 sátu þennan fund. Verkefnið „Hækkun á samningi Innnes“ var talið upp í fundargerðinni og sagt á ábyrgð (E)frkvstj-sala/þj og (E)forstö-innfl.³⁹⁶⁴ Þetta skal sett í samhengi við fyrrgreind gögn Samskipa, þar sem fjallað er um áframhaldandi „ró“ á innflutningsmarkaði, fyrirtækin haldi að sér höndum og hækki eða haldi uppi verði. Þessi stefna birtist m.a. í því að Samskip lögðu til grundvallar í rekstraráætlun sinni að reyna ekki með samkeppnisaðgerðum að ná Innnes til sín í viðskipti. Það skapaði kjöraðstæður fyrir Eimskip að hækka verð gagnvart Innnes. Það tókst. Eimskip og Innnes skrifuðu undir nýjan samning 26. september 2011 og náði Eimskip fram hækkun á verði.
8006. Í framangreindri áætlun Samskipa er einnig vísað til Ölgerðarinnar (ÖES). Það fyrirtæki var afar mikilvægur viðskiptavinur Eimskips. Samskip virti markaðsskiptinguna þegar ÖES bauð út flutninga sína á árinu 2009. Eimskip hélt þeim viðskiptum og gilti nýr samningur við ÖES til 30. nóvember 2011. Í september og október 2011 vann Eimskip að því að hækka verð við endurnýjun á samningi við ÖES. Þann 8. september 2011 greindi (E)frkvstj-sala/þj (E)forstj frá því að verð væri að „toga þá aðeins upp“ og þann 20. september 2011 sagði (E)frkvstj-sala/þj (E)forstj frá því að ÖES væri óánægð með þær verðhækkanir sem fyrirtækinu hefðu verið kynntar. Eimskip skrifaði síðan undir nýjan samning við ÖES þann 20. desember 2011 sem fól í sér hækkun á verði til Eimskips. Höfðu sjóflutningsverð t.d. hækkað um 9,6% frá fyrri samningi. Í samræmi við það sem fram kom í framangreindri áætlun (S)forstö-innfl1, sem hann sendi (S)forstj 19. september 2011, reyndu Samskip ekki með samkeppni að ná ÖES í viðskipti og virtu þar með markaðsskiptinguna sem Eimskip hefur viðurkennt að hafi verið fyrir hendi á þessum tíma. Sökum þessa náði Eimskip því markmiði sínu að hækka verð gagnvart ÖES.
8007. (S) frkvstj-innanl tók á þessum tíma saman markaðsskýrslu landflutninga Samskipa fyrir árið 2012. Er hún dagsett í september 2011 og var síðast vistuð 18. september sama ár.³⁹⁶⁵ Hér ber að rifja upp að í markaðsskýrslu landflutninga Samskipa árið á undan komu fram áherslur fyrirtækisins í solumálum á árinu 2011. Sagði að þær myndu „helst snúast að því að halda núverandi viðskiptavinum í viðskiptum hjá fyrirtækinu. Ekki er gert ráð fyrir því að „dansað sé við sætu stelpurnar á ballinu“. Með tilvísun til „sætu stelpurnar á ballinu“ er átt við mikilvæga viðskiptavini Eimskips í landflutningum og var því lagt til grundvallar að ekki hafi átt að reyna með samkeppni að ná mikilvægum viðskiptavinum frá Eimskip.
8008. Í skýrslu (S) frkvstj-innanl frá september 2011 kemur fram að landflutningar Samskipa stefni á 5% almenna verðhækkun í maí 2012 og að verð á fiskflutningum verði hækkað um 7%. Einnig er fjallað um markaðshlutdeild Samskipa og Eimskips:
- „Skipting þar á milli hefur verið nokkuð jöfn undanfarið ár en eftir að Flytjandi tók yfir Kaupás frá ágúst hafa þeir styrkt stöðu sína í markaðshlutdeild. Því er nokkuð ljóst að Landflutningar þurfa að sækja tilbaka það magn sem tapaðist. Nokkrir áhugaverðir viðskiptavinir Flytjanda eru með lausa samninga sem áhugavert er að sækja, s.s Aðföng.“*
8009. Einnig er fjallað um mikilvæga viðskiptavini landflutninga Samskipa og sagt að staðan gagnvart þeim sé „að mestu í föstum skorðum, þó eru nokkrir stórir sem þarf að nást að semja við um

³⁹⁶⁴ Afritað tölvuskjal frá Eimskip. „Fundargerð Verkefnalisti VÍKA 20-2011“. Viðhengi við afritaðan tölvupóst frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.34.107938.

³⁹⁶⁵ Afritað tölvuskjal frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.8873.



framlengingu.“ Voru síðan taldir upp eftirfarandi mikilvægir viðskiptavinir landflutninga: Samkaup, ÍSAM og Norðlenska. Jafnframt var tilgreint að ÁTVR myndi bjóða út landflutninga sína á árinu 2012. Kom síðan fram að gert væri ráð fyrir því landflutningar Samskipa „*semji við alla ofangreinda viðskiptavini*“. Ekki komu fram áhyggjur um að Eimskip kynni með samkeppni að ná einhverjum þessara viðskiptavina til sín.

8010. Líkt og fyrr segir kemur fram í skýrslu (S) frkvstj-innanl frá september 2011 að Kaupás hafi flutt landflutningaviðskipti sín frá Samskipum til Eimskips og að Samskip þurfi að „*sækja tilbaka það magn sem tapaðist*“. Þegar betur er að gáð var hins vegar ekki um að ræða veigamikla áherslubreytingu hjá landflutningadeild Samskipa:

- Í fyrsta lagi var skýrt tekið fram að aðeins ætti að sækja einn stóran viðskiptavin frá Eimskip en að áherslur í sölumálum á árinu 2012 myndu áfram snúast um að halda þáverandi viðskiptavinum. Samkvæmt skýrslunni mátu Samskip stöðu sína gagnvart helstu viðskiptavinum í landflutningum vera að mestu í föstum skorðum. Með vísan til þess að sækja ætti einn stóran viðskiptavin frá Eimskip má að mati Samkeppniseftirlitsins álykta sem svo að framanritað hafi verið hugleiðingar um nokkurs konar „leiðréttingu“ í kjölfar þess að Kaupás flutti viðskipti sín til Eimskips, sbr. sambærilega umfjöllun í kafla 14.5 um atvik tengd viðskiptum N&O.
- Í öðru lagi sýna gögn málsins að Aðföng héldu áfram viðskiptum við Eimskip.³⁹⁶⁶ Í kafla 14.36.6 er sýnt fram á að innflutningsdeild Samskipa hafi ákveðið að nýta sér ekki tiltekna „*opnun*“ og því ekki gripið til samkeppnisaðgerða til að ná Aðföngum í viðskipti til sín. Í þeim kafla er einnig gerð grein fyrir fundargerð vegna fundar (E)frkvstj-sala/þj og (E)forstö-sölu í nóvember 2011 sem sýnir að Eimskip gerði ekki ráð fyrir því að Samskip myndu með samkeppni reyna að ná þessum mikilvæga viðskiptavinum yfir til sín.
- Í þriðja lagi sýna önnur gögn Samskipa frá haustinu 2011 að gert var ráð fyrir að mjög takmörkuð samkeppni myndi ríkja milli Eimskips og Samskipa í landflutningum. Í október 2011 lögðu landflutningar Samskipa þannig áfram til grundvallar að fyrirtækið myndu halda öllum mikilvægu viðskiptavinum sínum á árinu 2012 og að verð yrði ítrekað hækkað. Helsta samkeppnislega ógnin á árinu 2012 stafaði ekki frá Eimskip heldur frá Íslandspósti. Minni ógn myndi stafa frá einyrkjum þar sem þeim myndi fækka vegna erfiðari aðgangi að lánsfjármagni. Í áhættugreiningu landflutninga Samskipa frá 9. nóvember 2011 voru taldar afar litlar líkur á því að Eimskip myndi hefja samkeppni og lækka verð. Er þessu lýst nánar síðar í þessum kafla.

8011. Líkt og fyrr segir kom fram í tölvupósti (S)forstö-innfl1 frá 6. september 2011 að tvær „*almennar gjaldskrárhækkanir*“ væru fyrirhugaðar á árinu 2012, annars vegar 4,5% 1. janúar 2012 og hins vegar 4% 1. júlí 2012. Þann 5. október 2011 sendi (S)forstö-útfli tölvupóst til starfsmanna bæði inn- og útflutningsdeildar (afrit til (S)forstö-innfl1 og (S)frkvstj-Rotterdam) þar sem sagði:

*„Ákveðið hefur verið að setja inn í áætlun okkar 2012 eftirfarandi þjónustugjaldskrár hækkunir.
1. febrúar 2012 4% hækkun á þjónustugjaldskrá innfl/útfli erlendis
1. ágúst 2012 4% hækkun á þjónustugjaldskrá innfl/útfli innanlands
Taka verður tillit til þessara hækkana í gerð rekstrarráætlunar næstu daga.“³⁹⁶⁷*

8012. Sýnir framangreint að hugmyndir innan Samskipa um verðhækkunir höfðu tekið breytingum frá því í byrjun september. Endanleg niðurstaða lá hins vegar fyrir um miðjan október 2011, sbr. nánar hér á eftir.

8013. Þann 6. október 2011 kom upp ágreiningur milli (S) frkvstj-innanl og (S)forstö-innfl1 um fyrirhugaðar verðbreytingar. Hluti af þjónustu innflutningsdeildar var áframflutningur frá hafnarbakka til athafnasvæðis viðkomandi viðskiptavinar. Innan Samskipa kallaðist það millideildarsala þegar

³⁹⁶⁶ Afritaður tölvupóstur frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.793989.

³⁹⁶⁷ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.1082909.



innflutningsdeild keypti akstursþjónustu af landflutningadeild. Í tengslum við þetta áttu (S)forstö-innfl1 og (S)frkvstj-innanl í byrjun október 2011 í rökræðum um verðlagningu á land- og sjóflutningum. Þær snerust ekki um að auka samkeppni með lægri verðum heldur um hversu miklar verðhækkunar viðskiptavinir gætu „tekið við“ eða myndu „þola“. Taldi (S)forstö-innfl1 tillögur (S)frkvstj-innanl fela í sér „svakalega hækkun“ (12-17% verðhækkun) sem ekki væri raunhæf. Sem rök fyrir minni hækkunum (sem myndu þá koma innflutningsdeild til góða í millideildarsölu) benti hann m.a. á olúgjald Samskipa í landflutningum (FAF) og sagði um það:

„Við vitum allir að það er hellings framlegð í því og þið hafið verið að gefa eftir gagnvart ykkar kúnnum.“

8014. Taldi (S)forstö-innfl1 skynsamlegra að verðhækkun yrði minni. Sagði hann í tölvupósti til (S)frkvstj-innanl að „[þ]ið í framkvæmdastjórninni verðið að ákveða þetta. Við munum ekkert frekar koma 12% hækkun út á markaðinn.“ (S)frkvstj-innanl svaraði: „Ekkert mál, ég hef boðað til framkv.stjórnarfundar...það mætti einn.....var samþykkt með öllum gildum atkvæðum að halda þessum verðum.....“³⁹⁶⁸

8015. (S)frkvstj-innanl sendi afrit af framangreindum tölvupósti til (S)forstj og (S)frkvstj-fjárm sem einnig sátu í framkvæmdastjórn Samskipa. Gerðu þeir engar athugasemdir við þessa niðurstöðu (S)frkvstj-innanl. Ekki komu því fram áhyggjur hjá (S)frkvstj-innanl, (S)forstj eða öðrum í framkvæmdastjórn Samskipa af því að Eimskip myndi mæta verðhækkunum Samskipa með samkeppni.

8016. Sama dag, 6. október 2011, var haldinn forstöðumannafundur hjá Samskipum þar sem fjallað var um áherslur á árinu 2012.³⁹⁶⁹ Kynntu þar yfirmenn m.a. landflutninga og innflutnings- og útflutningsdeilda áherslur sinna deilda. Í glærum (S)forstö-innfl1, sem kynntar voru á fundinum, komu fram sömu áherslur og í framangreindri markaðsskýrslu innflutningsdeildar, m.a.:

„Áætlað er að halda öllum núverandi viðskiptavinum.“

8017. Þar var jafnframt fjallað um horfur fyrir árið 2012 og þar kom m.a. fram: „Erum í viðræðum við Samkaup, Glóbus og Kaupás sem eru með lausa samninga. Viðræður ganga hægt þrátt fyrir ýmsa viðleitni. Gerum ráð fyrir að halda viðskiptunum“.

8018. Einnig liggja fyrir glærur landflutninga Samskipa sem farið var yfir á forstöðumannafundinum 6. október 2011. Kynnti þar yfirmaður landflutninga áherslur sinnar deildar fyrir árið 2012. Í glærुकynningu sagði:

- „Gert er ráð fyrir einni verðhækkun fyrir almenna fragt, 5% hækkun frá og með maí mánuði.
- Hækkun á ferskan fisk í mars áætlun um 7%.
- Óvissa.
 - Nokkrir stórir vskm með lausa samninga í lok árs 2011 sem og fljótlega á nýju ári, ss Samkaup, Ísam, Norðlenska og Átvr. Gert er ráð fyrir að halda þeim öllum

³⁹⁶⁸ Afrituð tölvupóstsamskipti frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.906765.

³⁹⁶⁹ Afritað tölvuskjal frá Samskipum. „Innflutningur Magn og tekjuáætlun 2012 6-okt-2011“. Fannst vistað á sameiginlegu tölvudrifi Samskipa, vistað þann 10.05.2011, kl. 17:06. Afritað tölvuskjal frá Samskipum. „Landflutningar magnogtekjur“. Fannst vistað á sameiginlegu tölvudrifi Samskipa, vistað þann 10.05.2011, kl. 21:20. Afritað tölvuskjal frá Samskipum. „UTFL Magn og tekjur 2012“. Fannst vistað á sameiginlegu tölvudrifi Samskipa, vistað þann 10.06.2011, kl. 20:15. Öll skjölin voru vistuð saman í einni möppu þar sem voru fjórar glærुकynningar fyrir inn-, út-, og landflutning ásamt vöruhúsaþjónustu. [...] vísar til þessa fundar í afrituðum tölvupósti frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.915467. Þar segir hún að gögnin séu vistuð þarna á sameiginlega drifinu fyrir fundinn, sbr. einnig afritað tölvuskjal frá Samskipum. „Magn og tekjuáætlun 2012 kynning.pptx“. Viðhengi við afritaðan tölvupóst frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.909157. Afritað tölvuskjal frá Samskipum. „Magn og tekjuáætlun 2012 kynning.pptx“. Viðhengi við afritaðan tölvupóst frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.906033.



- Ferjan
- *Strandsiglingar?*"

8019. Í málinu liggur einnig fyrir glærुकyninging útflutningsdeildar Samskipa sem farið var yfir á umræddum fundi 6. október 2011. Þar kom fram að áherslur í sölumálum 2012 yrðu eftirfarandi:

- „Halda núverandi markaðshlutdeild í öllum vörflokkum nema bæta við í skreið. Ná í skreiðarflutninga.
- Ná tilbaka 6000mt í frosnum fiski frá Eimskip
 - Samherja / Brim / Rammi
- Vinna í því að hækka einingaverð á minni útflytjendur í fiskiflokkum
- Koma öllum viðskiptavinum í 7 frídaga í Ísheimum
 - HB Grandi
 - Ögurvík
- Hækka einingarverð á vélum og tækjum
- Halda einingarverðum óbreyttum á stærri viðskiptavinum
- Tryggja endurnýjun á samningum hjá mikilvægum viðskiptavinum
- Sporna við innkomu Blue Water á markaðinn, verðsamkeppni
- Styrkja núverandi tengsl við breiðari viðskiptamannahóp."

8020. Hvað útflutningsdeild Samskipa áhrærir þá liggur fyrir í málinu markaðsskýrsla (S)forstö-útl frá september 2011 fyrir árið 2012. Einnig liggur fyrir rekstraráætlun útflutningsdeildar frá desember 2011 fyrir árið 2012, auk glærुकyninginga sem þessu tengjast.³⁹⁷⁰

8021. Í þessum skjölum koma fram samskonar áherslur og í gögnum frá innflutningsdeild og landflutningadeild Samskipa, þ. á m. að verð til viðskiptavina yrði hækkað tvisvar á árinu 2012 og að samningar við mikilvæga viðskiptavinum yrðu endurnýjaðir og verð í þeim samningum skyldu ekki lækkuð.

8022. Líkt og í framangreindri glæru (S)forstö-útl frá 6. október 2011, og í samskonar gögnum frá árinu 2010, er rætt um samkeppnislega ógn frá BWS í útflutningi á fiski frá Íslandi. Í markaðsskýrslu (S)forstö-útl frá 19. september 2011 segir að BWS hafi hafið aukna sókn með því að bjóða upp á þjónustu frá Reykjavík. Einnig kemur fram að BWS hafi komið „sterk inn“ í útflutningi á ferskum fiski og séu í „beinni daga samkeppni“ við Eimskip. Hafi BWS staðið fyrir verðstríði. Jafnframt segir að Thorship sé fara bjóða „takmarkað magn af frystigámum á markaðinn“ og að Samskip þurfi að gera „allt sem í okkar valdi er til sporna við innkomu þeirra á útflutningsmarkaði.“ Í glærुकyningingu (S)forstö-útl frá 19. september 2011 er lýst mjög takmarkaðri samkeppni við Eimskip („ekki mikið varir við Eimskip á markaðnum“) og að BWS hafi aukið samkeppni og leitt til „pressu“ á að lækka verð „fyrir austan“. Í glærुकyningunni frá 6. október 2011 kemur sem fyrr segir fram að vinna verði gegn innkomu BWS á útflutningsmarkaðinn og draga þar með úr hættu á verðsamkeppni.

³⁹⁷⁰ Afritað tölvuskjal frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.6597. Afritað tölvuskjal frá Samskipum. „Kynning UTFL magn og tekju áætlun 2012“. Viðhengi við afritaðan tölvupóst frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.1078081. Afritað tölvuskjal frá Samskipum. [...]



8023. Þrátt fyrir að (S)forstö-útfl og undirmenn hans í útflutningsdeild Samskipa hefðu á árinu 2011 ekki orðið „mikið varir við Eimskip á markaðnum“ er m.a. í markaðsskýrslunni frá 19. september 2011 lýst tiltekinni samkeppni við Eimskip í útflutningi á fiski og samkeppni við „stórflutningaskip“ við útflutning á uppsjávarfiski. Fjallað verður um atvik tengd útflutningi á fiski nánar í kafla 21. Er að mati Samkeppniseftirlitsins ljóst að þessi tilvísun til samkeppni við Eimskip breytir ekki framangreindri heildarmynd um ólögmeitt samráð fyrirtækjanna á þessum tíma.
8024. Þann 17. október 2011 sendi (S)forstö-innfl1 annars vegar skjalið „Rekstraráætlun 2012, Innflutningsdeild“ og hins vegar glærुकyninguna „Innflutningsdeild_áætlun_2012“ til (S)forstj, (S)frkvstj-innanl, (S)frkvstj-fjárm og (S)starfsm.³⁹⁷¹ Var þetta til undirbúnings fundi þeirra daginn eftir.
8025. Í rekstraráætluninni var því áfram slegið föstu að innflutningsdeild Samskipa myndi halda öllum viðskiptavinum á næsta ári, þ.e. árinu 2012, og myndi á því ári geta ítrekað hækkað verð. Jafnframt var áherslan sú að allir viðskiptavinir skyldu greiða fyrir alla þjónustupætti. Var það hin ólögmeeta markaðsskipting sem gerði Samskipum og Eimskip kleift að leggja slíkar áherslur til grundvallar, þ.e. að allir viðskiptavinir greiði fyrir alla þjónustupætti, án þess að þurfa að óttast samkeppnisaðgerðir frá keppinautum.
8026. Í glærुकyningu (S)forstö-innfl1 kom m.a. þetta fram:

Forsendur

- ✓ Notaður 12 mánaða grunnur (sept 11 – ágúst 12)
- ✓ Gert er ráð fyrir 1% kaupmáttaraukningu
- ✓ Magn eykst um 0,6% í heildartönnum m.v. áætlunargrunn
 - TEU aukast um 5%
- ✓ Gert ráð fyrir að halda öllum núverandi viðskiptavinum
- ✓ Bræðurnir Ormson, bílaumboð og 1000 tonn í stóriðju áætluð inn
- ✓ Hækkunarir
 - 4% hækkun á þjónustugjöldum innanlands 1.8.2012
 - 4% hækkun á sjóflutningsgjöldum 1.8.2012
 - 4% hækkun á þjónustugjöldum erlendis 1.2.2012
- ✓ Gengi og BAF
 - EUR = 155
 - USD = 119,23
 - BAF = 348 USD per TEU (meðaltal ársins)
- ✓ Mikil hækkun á hafnar- og vöruhúsakostnaði í Varberg og Árósum

samskip

³⁹⁷¹ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.909915. Afritað tölvuskjal frá Samskipum. [...]



Kostnaður

- ✓ Berjast gegn hækkunum í erlendum höfnum
- ✓ Fjölga samstarfsaðilum frá Far East
 - Ná fram lækkunum
- ✓ Lækka feeding kostnað
 - Hamborg og Bremerhaven
 - Noregur
- ✓ Lækka transshipment kostnað

Tekjur

- ✓ Halda öllum viðskiptavinum á sambærilegum verðum
- ✓ Verja BAF gjaldið
- ✓ Innheimta meira feeding
- ✓ Reyna að halda í framlegð af forflutningum

SAMSKIP

8027. Einnig var að finna glærana „BAF greining“ þar sem fjallað var m.a. um að „hátt BAF“ hefði „jákvæð áhrif á áætlun“. Sýnir þessi glæra með skýrum hætti mikla fjárhagslega þýðingu BAF fyrir Samskip. Er áætlað í greiningunni að tekjur af BAF, sem átti að vera jöfnunargjald til að verjast sveiflum í olíuverði, yrðu mun hærra en olíukostnaður og er talað um jákvæða „framlegð af olíu“. Er sagt að BAF sé áætlað 22% hærra en í grunninum og að hátt BAF hafi jákvæð áhrif á áætlun. Er nánar fjallað um þetta í kafla 14.55.
8028. Um áherslur á árinu 2012 segir m.a. að Samskip myndu berjast gegn hækkunum í erlendum höfnum, en á hinn bóginn myndi fyrirtækið „Verja BAF gjaldið“, sem, eins og fram hefur komið, hafði verið hækkað mikið og var mun hærra en á erlendum mörkuðum.
8029. Umfjöllun síðar í ákvörðun þessari um atvik á árinu 2012 renna stoðum undir að framangreindur undirbúningur og ráðagerð Samskipa í áætlunum þess fyrir árið 2012 gengju eftir.
8030. Þann 6. nóvember 2011 sendi (S)frkvstj-innanl glærुकynningu til (S)forstj.³⁹⁷² Fjallaði hún einnig um áætlun landflutninga Samskipa fyrir árið 2012: Þar segir m.a. þetta:

³⁹⁷² Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.928572.



| | | |
|--|-------------------|----------|
| samskip | Domestic trucking | Domestic |
| Market Development | | |
| Price & volume trend of the market | | |
| For 2011 | | |
| ✓ Prices increasing by 6%, excl. FAF in July | | |
| ✓ Volume increase by 5%, mainly fresh fish | | |
| Future expectation | | |
| ✓ Prices increasing in April/May, 5% | | |
| ✓ Price increase in forwarding 7% - 12% | | |
| ✓ Increased volumes, Husasmidjan | | |
| Market share | | |
| Compared to third party transport market share estimated around 38%. | | |
| Confidential – November 2011 | | 15 |

| | | |
|--|--|----------|
| samskip | Domestic trucking | Domestic |
| SWOT Analysis | | |
| <u>Strength</u> | <u>Opportunities</u> | |
| <ul style="list-style-type: none">• Strong brand• Part of the value chain within Samskip, import/ export• Good and service minded staff• Good geographical coverage | <ul style="list-style-type: none">• Attack Islandpostur, competition authorities• Fewer "pirates", reduced loan accessibility• Export of vehicles, less capacity on the market• Further automation with our largest customers, on-line registering, barcoding and edi invoicing | |
| <u>Weaknesses</u> | <u>Threats</u> | |
| <ul style="list-style-type: none">• Fixed cost, cross docking• Postponed Capex, increased maint. | <ul style="list-style-type: none">• Further recession and less volumes• Islandspóstur, their strategy to go further into the transportation market..... | |
| Confidential – November 2011 | | 18 |



8031. Voru þannig umræddar verðhækkningar í landflutningum áfram lagðar til grundvallar. Framangreind „Svót“ greining (S)frkvstj-innanl er í samræmi við önnur gögn málsins frá Samskipum sem sýna að í landflutningum hafi Eimskip ekki verið talið vera helsta samkeppnislega ógnin. Sambærileg afstaða kom fram í gögnum Eimskips.
8032. Í gögnum málsins er einnig að finna áhættugreiningu Samskipa um starfsemina í landflutningum fyrir árið 2012. Þar var m.a. talinn mikilvægur þáttur hvort keppinautur (Eimskip) myndi hefja verðsamkeppni og lækka verð. Líkurnar á því voru taldar afar litlar.³⁹⁷³
8033. Þann 9. nóvember 2011 sendi (S)starfsm glærुकynningar þar sem fram komu áætlanir Samskipa hf. fyrir árið 2012 til Samskipa Holding.³⁹⁷⁴ Í kynningunni „2012_Total_Budget_SamskipIceland“ kemur fram að á árinu 2012 ætluðu Samskip sér að halda öllum mikilvægu viðskiptavinum sínum og hækka verð. Fram kom einnig að afkoma Samskipa á Íslandi hefði verið afbragðsgóð á flestum sviðum („*excellent financial performance on most fronts*“). Í þessari kynningu og þeirri sem varðar sjóflutninga koma hins vegar fram vonbrigði með árangur í Færeyjum. Í Færeyjum ríkti ekki „*friður*“ með sama hætti og á Íslandi.
8034. Í þessum gögnum Samskipa hf. frá 9. nóvember 2011 er að finna ummæli sem gefa til kynna samkeppni á árinu 2011:
- „*Market conditions and rivalry resulting in pricing pressures whereas [svo] costs are on the rise.*“
- „*Defence of marketshare on most fronts in spite of high rivalry.*“
- „*Defence of key-accounts has yielded lower unit revenues in certain commodity codes especially in Exports and Trucking.*“
8035. Þegar þessi ummæli eru virt í samhengi við önnur samtímagögn frá árinu 2011 gefa þau hins vegar ekki til kynna harða samkeppni við Eimskip eða að samkeppnislegur þrýstingur hafi haft veruleg áhrif á afkomu Samskipa. Sem fyrr segir kemur fram í sama skjali að afkoma Samskipa hf. hefði verið afbragðsgóð á flestum sviðum. Í samræmi við þetta kom fram í tölvupósti frá (S)forstj til (S)aðaleigstjform-SH og (S)stjform-S, sem sendur var 2. apríl 2013, að afkoma Samskipa á Íslandi hafi verið „*afburða góð*“ á árinu 2010 og góð á árinu 2011.³⁹⁷⁵ Í tölvupósti frá (S)forstj til m.a. (S)forstö-innfl1 og (S)frkvstj-Jóna, sem sendur var 9. september 2013, segir: „*[...] árið 2010 var mjög gott ár, 2011 einnig*“.³⁹⁷⁶
8036. Þessi gögn Samskipa hf. frá 9. nóvember 2011 gefa til kynna að samkeppni hafi helst gætt í útflutningi og landflutningum („*Trucking*“). Hér ber að hafa í huga að á þessum sviðum stóðu Samskip helst frammi fyrir samkeppni frá öðrum en Eimskip. Í landflutningum voru það „*einyrkjar*“/*sjóræningjar*“ og Íslandspóstur. Sýna fjölmörg samtímagögn frá bæði Samskipum og Eimskip að fyrirtækin töldu samkeppnislega ógn stafa af þessum smáu aðilum og Íslandspósti en ekki frá hvoru öðru. Er þetta í samræmi við það sem fram kemur í glærum (E)frkvstj-innanl frá 6. desember 2011 sem lýst verður hér á eftir. Í útflutningi höfðu bæði Samskip og Eimskip áhyggjur af samkeppni frá BWS, sbr. m.a. áætlun sjóflutningsdeildar Eimskips (LIS) fyrir árið 2012 sem lýst er hér á eftir. Tóku þessar áhyggjur af samkeppni frá BWS ekki síst til útflutnings á fiski. Í þeim útflutningi gætti einnig samkeppni frá fyrirtækjum sem fluttu út frystan fisk í sérhæfðum skipum.
8037. Framangreind ummæli í gögnum Samskipa hf. frá 9. nóvember 2011 fela því ekki í sér frávik frá samfelldu samráði Eimskips og Samskipa á þessum tíma. Það hélt áfram á árinu 2012. Hér má t.d. hafa þessi gögn í huga:

³⁹⁷³ Afritað tölvuskjal frá Samskipum. „2012_Domestic_Budget_SamskipIceland“. Viðhengi við afritaðan tölvupóst frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.931246-000002.

³⁹⁷⁴ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.931246.

³⁹⁷⁵ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.1119489.

³⁹⁷⁶ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.1152719.



- Í kafla 14.48 er gerð grein fyrir glærum Samskipa hf. frá 1. október 2012 sem bera heitið „*Board presentation Sailing system and vessel operation*“. Þar segir:

„*Samskip has not lost a significant customer to the competition in 2012*“.

- Í kafla 14.40.3 er gerð grein fyrir tölvupósti sem starfsmaður greiningardeildar Arion banka sendi (S)forstö-útfll 19. október 2012. Þar gerði hann grein fyrir því sem fram hafði komið á fundi hans með (E)forstj og öðrum stjórnendum Eimskips:

„*Eimskip heldur því fram að þeir geti haldið verðskránni stöðugri, þeir bara hækka hana og menn kyngja því.*“

„*Eimskip lýsir markaðnum hérna heima sem voða kósý*“.

14.38.4.2. Eimskip haldi mikilvægum viðskiptavinum og hækki verð

8038. Hjá Eimskip var söluveild áætlunarflutninga (Liner Sales, LIS) stofnuð haustið 2011 með samruna innflutnings- og útflutningsdeilda félagsins. (E)forstö-sölu, sem áður var forstöðumaður útflutningsdeildar, var skipaður forstöðumaður hinnar sameinuðu söluveildar áætlunarflutninga (LIS). Var hlutverk deildarinnar að annast allan útflutning sem og innflutning 300 stærstu viðskiptavina.³⁹⁷⁷ Tók (E)forstö-sölu þannig m.a. við verkefnum sem (E)forstö-innfl hafði sinnt áður. Líkt og (E)forstö-innfl heyrði (E)forstö-sölu undir (E)frkvstj-sala/þj.

8039. Á sama tíma var stofnuð ný deild fyrir flutningsmiðlun (Forwarding Department, FWD) og var (E)forstö-innfl, sem áður var forstöðumaður innflutningsdeildar, skipaður forstöðumaður hennar. Hlutverk hinnar nýju flutningsmiðlunardeildar var m.a. að annast um alla viðskiptavini í innflutningi, aðra en þá 300 stærstu, sem og ýmsa þjónustu vegna flutninga á sjó, í lofti og á landi.³⁹⁷⁸

8040. Í málinu er að finna minnisblað (E)forstj frá 29. október 2011. Er það merkt trúnaðarmál og ber heitið „*Main Projects in 2012*“. Fyrsta verkefnið á þessum verkefnalista (E)forstj voru verðhækkunarir:

„*Main Projects in 2012*“

Helstu verkefni ársins 2012 skipt niður eftir sviðum:

Sala og þjónusta:

- *Hækkun á verðum til einstakra viðskiptavina.*³⁹⁷⁹

8041. Framkvæmdastjórinn (E)frkvstj-sala/þj bar ábyrgð á deildinni „*Sala og þjónusta*“ gagnvart (E)forstj. Samkvæmt þessari stefnumörkun forstjóra Eimskips frá 29. október 2011 skyldi verð til viðskiptavina í sjóflutningum til og frá Íslandi hækkað á árinu 2012. Var þetta áréttað í áætlun LIS fyrir árið 2012.

³⁹⁷⁷ Frá þessu er greint í áætlun söluveildarinnar fyrir árið 2012 sem [...] er skráður höfundur að „*Liner Sales (LIS) was established in the fall 2011 with the merger of Import Department (IMP) and Export Department (EXP). At the same time Forwarding Department (FWD) was established. LIS and FWD, are to view/approach the markets in two its different ways. Where LIS is responsible for all export and then in import towards up to 300 largest customers. On the other hand FWD is responsible for all import customers beneath 300 largest. From this platform LIS and FWD will have a comprehensive approach towards the market to and from Iceland.*“ Afritaður tölvupóstur frá Eimskip. [...] Í viðhengi er skjalið „*Business Plan 2012_FINAL.docx*“ sem hefur að geyma áætlun fyrir söluveild áætlunarflutninga fyrir árið 2012, „*Liner Sales (LIS) Business Plan 2012*“. Doc. ID. 0.7.33.346045.

³⁹⁷⁸ Í áætlun FWD-deildarinnar fyrir árið 2012 segir nánar tiltekið þetta um hlutverk hennar: „*Forwarding department is responsible for sales and services of ocean freight on Eimskip Liner operation to Iceland and other transport and cargo related services for all but the 300 largest Importers in Iceland and Exporters abroad. Forwarding department is responsible for sales and services of air freight to and from Iceland and other transport and cargo related services for all Eimskip customers.*“ Afritaður tölvupóstur frá Eimskip. [...] „*FWD Business plan 2012 Final*“, dags. 26.1.2012, kl. 14:39. Í viðhengi var skjalið *FWD Business plan 2012 Final.docx*, sem hefur að geyma áætlun fyrir hina nýju flutningsmiðlunarveild Eimskips fyrir árið 2012. Doc. ID. 0.7.34.125315.

³⁹⁷⁹ Afritað tölvuskjal frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.858241.



8042. LIS deild Eimskips vann á sama tíma og Samskip að áætlun fyrir árið 2012.³⁹⁸⁰ Hóf Eimskip þann 24. október 2010 að undirbúa svokallaðan „Vegvísi“ fyrir árið 2012.³⁹⁸¹ Þar voru listuð upp verkefni LIS deildarinnar fyrir árið 2012.

8043. Í áætlun LIS var m.a. lögð áhersla á að Eimskip stæði andspænis vaxandi samkeppni frá flutningamiðlunum um flutning, einkum á smærri sendingum, en flutningsmiðlunum sem störfuðu á íslenska markaðnum hefði fjölgað ört. Svonefnt smápakkaverkefni var þáttur í undirbúningi að stofnun flutningsmiðlunardeildar Eimskips. Um smærri sendingar segir í áætluninni m.a. þetta:

„After some time when we had been seeing small shipments going through other pipelines it was realized that our minimum fee was way too high for such shipments. Then by adjusting a bit we have been able to get that portion back even we have get more portion of it.“

8044. Skýringin á því að Eimskip mætti vaxandi samkeppni frá sjálfstæðum flutningamiðlunum var þannig að hluta sú að verð á smærri sendingum hjá Eimskip var talið vera orðið of hátt. Með því að lækka það svoltiði náði Eimskip í aukin viðskipti til sín.

8045. Í áætlun LIS fyrir árið 2012 kemur m.a. þetta fram um greiningu á viðskiptavinum:

„Eimskip had a little over 2000 customers over a 12 months period Sept 2010-Aug 2011 in import to Iceland. Over the past years a smaller number of customers have increased their share of the total income.

- *100 largest had about 60% of the revenues in the year 2000 compared to abt 80% in 2010.*
- *300 largest had about 80% of the revenues around 2000 compared to over 90% in 2010.*

The number of importers has decreased in past few years and the number of forwarders on the market has increased.“

8046. Dregur þetta skýrt fram mikla þýðingu hinna mikilvægu viðskiptavina í sjóflutningum. Hefur Eimskip viðurkennt að samráðið við Samskip tók til þessara viðskiptavina en í sáttinni við Samkeppniseftirlitið er nánar tiltekið að alvarleg brot Eimskips á 10. gr. samkeppnislaga hafi m.a. tekið til samráðs við Samskip „um skiptingu á mörkuðum eftir stærri viðskiptavinum í sjó- og landflutningum“.

8047. Í áætluninni er einnig að finna SVÓT-greiningu (e. SWOT Analysis) á styrkleikum, veikleikum, ógnunum og tækifærum. Meðal veikleika Eimskips (LIS) er tilgreind ríkjandi stefna erlendis varðandi verðlagningu og gjaldskrá með hliðsjón af kostnaði eða: „Foreign cost/tariffs/price strategy“. Meðal ógnana er þetta tilgreint:

- *„New FWD-ing companies with shipping/logistics know how*
- *Increased threat from Smyril Line-Bue Water (the ferry)*
- *Increased competition from Thor ship*
- *New entrance in the market“*

³⁹⁸⁰ Afritað tölvuskjal frá Eimskip. Fundargerð LIS 05.09.2011. Vistað á tölvudrifi Eimskips, síðast vistað 05.09.2011, kl. 17:25. Samkvæmt skjalinu var fundargerðinni m.a. dreift til: [...]. Afritað tölvuskjal frá Eimskip. Fundargerð LIS import, dags. 12.09.2011. Vistað á tölvudrifi Eimskips, síðast vistað 12.09.2011, kl. 23:28. Samkvæmt skjalinu var fundargerðinni m.a. dreift til: [...]. Afritað tölvuskjal frá Eimskip. Fundargerð LIS import, dags. 26.09.2011. Vistað á tölvudrifi Eimskips, síðast vistað 27.09.2011, kl. 14:18. Samkvæmt skjalinu var fundargerðinni m.a. dreift til: [...]. Afritað tölvuskjal frá Eimskip. Fundargerð LIS import, dags. 17.10.2011 (ranglega á einum stað dags. 17.09.2011). Vistað á tölvudrifi Eimskips, síðast vistað 18.10.2011, kl. 21:31. Samkvæmt skjalinu var fundargerðinni m.a. dreift til [...].

³⁹⁸¹ Í fundargerð innflutningsdeildar LIS hjá Eimskip: „[...] mun koma með drög að vegvísi fyrir árið 2012, allir munu koma að þeirri vinnu.“ Afritað tölvuskjal frá Eimskip. Fundargerð import LIS 24.10.2011“. Vistað á tölvudrifi Eimskips, síðast vistað þann 25.10.2011, kl. 13:53. Samkvæmt skjalinu var fundargerðinni m.a. dreift til [...].



8048. Samkvæmt þessu stóð Eimskip ógn af fjölgun sjálfstæðra flutningamiðlana á markaðnum sem bjuggu yfir sérhæfðri þekkingu á flutningamálum. Kemur einmitt fram í gögnum málsins að viðbrögð Eimskips við þessu hefðu m.a. verið þau að stofna nýja flutningamiðlun, FWD.
8049. Í áætluninni kemur einnig fram að Eimskip stafaði aukin ógn af samkeppni frá BWS sem og frá Thorship og nýjum, ótilgreindum aðilum á markaðnum.³⁹⁸² Sérstaka athygli vekur hins vegar að ekki kemur fram að Eimskip telji sér standa samkeppnisleg ógn frá langstærsta keppinauti sínum, Samskipum. Er þetta í samræmi við önnur gögn málsins, t.d. fundargerðir stjórnar Eimskips.³⁹⁸³ Jafnframt er þetta í samræmi við samtímagögn frá Samskipum, sbr. t.d. framangreind gögn Samskipa frá haustinu 2011 og varða áætlanir fyrir árið 2012.
8050. Forsendur áætlunar LIS deildar Eimskips koma fram í kafla 4 (Financial Plan) og undirkafla 4.1. (Budget – Methodology), en þar segir um markaðshlutdeild 2012: „*Market share on similar level as 2011 or around 60%*“. Líkt og Samskip ætlaði Eimskip þannig að viðhalda markaðshlutdeild sinni og þar með hinum mikilvægu viðskiptavinum fyrirtækisins sem samráðið tók til.
8051. Ummæli í kafla 5.3 um „*Foreign cost – Cost outside Iceland*“ vekja einnig sérstaka athygli, en þar segir m.a.: „*Currently Eimskip is facing a very demanding task how to handle the foreign cost at Eimskip sister offices outside Iceland. The story behind this is that on the „booming“ years („2007“) of Eimskip, someone could call them the booming years, but at these times tariffs were increased dramatically. A lot higher than the custom of trade is in each country/area. Consequently Eimskip is facing a big threat while income from these services is really good and important, but at the same time freight forwarders a[re] popping up one by one with solutions and services. Some of them succeed others do not. In the meantime ocean freight has been adjusted downwards to be competitive and meet these higher income factors from abroad to keep the bottom line of the invoice within acceptable line, if not business is lost.*“
8052. Varðandi þessi ummæli ber að hafa í huga að með fyrrnefndum skipulagsbreytingum var Eimskip m.a. að bregðast við þróun á markaðnum, m.a. aukinni samkeppni frá flutningamiðlunum vegna smærri sendinga, sem að hluta mátti rekja til þess að Eimskip hafði verðlagt sig út af markaðnum, sem og því að Eimskip hafði hækkað þjónustugjöld sín erlendis mun meira en tíðkaðist meðal annarra aðila á markaði þar. Slík „vandamál“ voru til staðar á þeim hluta markaðarins þar sem yfirburðarstaða Eimskips og Samskipa var ekki allsráðandi. Í sjóflutningum til og frá Íslandi gátu bæði Eimskip og Samskip áfram skipulagt verðhækkanir í ýmsu formi, sbr. t.d. neðangreindan Vegvísi.
8053. Auk árlegrar áætlunar (Business Plan) tók Eimskip saman svonefndan Vegvísi fyrir árið 2012, sem hafði að geyma nánari markmiðssetningu og útfærslu á því sem fram kemur í árlegri áætlun LIS. Í málinu er að finna glærुकyninguna „*Liner Sales (LIS) - Vegvísir 2012*“.³⁹⁸⁴ Á glærunum sem bera heitið „*Helstu verkefni LIS 2012*“ kemur þetta m.a. fram:
- „*Hækkun meðalsjóflutningsgjalda, allar stefnur*“, þ.e. hækkun bæði í inn- og útflutningi
 - „*Uppskipun: Fara úr 50% afslætti í 40-45%?*“
 - *Fækka frídögum í gámaleigu*
 - „*Viðhalda núverandi markaðshlutdeild*“

³⁹⁸² Um Smyril Line – Blue Water segir nánar tiltekið þetta í kafla um útflutningsmarkað: „*Towards competition now Smyril Line – Blue Water are more aggressive and taking the role of former Atlantsskip in a way. But still it’s a ferry from East coast Iceland (Seyðisfjörður) with limited capacity and uncertainty of their ownership/equity (búið að leysa þetta í bili amk.!). Nevertheless they have succeeded in certain commodities especially fresh to UK and Germany as well as with pelagic fish to Eastern-Europe.*“

³⁹⁸³ Í fundargerð stjórnar Eimskips vegna fundar 17.11.2010 er samkeppnisleg ógn ekki talin stafa frá Samskipum heldur BWS og öðrum smærri keppinautum. Sama kemur fram í fundargerðum frá 15.12.2010 og 04.03.2011. Afhent skjöl þann 1.12.2016.

³⁹⁸⁴ Afritað tölvuskjal frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.97953.

8054. Fjallað var um hækkun meðal sjóflutningsgjalda á sérstakri glæru:

Hækkun meðal sjóflutningsgjalda



- **Taka upp samninga**
 - Hver og einn KAM fer yfir sína viðskiptavini og bregst við eftir þörfum
- **Tryggja að hækkunar skili sér**
 - Hverjir taki hækkunum
 - Trúverðugleikinn sigrar ávallt og eykur traust
- **Forðast undantekningar í samningum**
 - "Long term": Allir taki hækkunum, hóflegum ...
 - Hóflegar hækkunar eiga að skila sér
 - Hóflegar hækkunar eru trúverðugar




8055. Fjallað var um markmiðssetningu forstöðumanns LIS fyrir árið 2012 á glæru með heitinu „Markmiðssetning ((E)forstö-sölu)“. Þar kemur m.a. eftirfarandi fram:

- „Hækka meðal sjóflutningsgjöld“
- „Vinna að því í að lagfæra lægstu samningsverð, taka þá samninga upp og lyfta verðum“
- Undir liðnum „Sóknin“ segir að ná eigi í „þöglu cargo-ið“. Þetta var einnig tekið fram: „Vera skynsöm og „grugga“ ekki vatnið“.
- Undir liðnum „Vörnin“ segir að Eimskip þyrftu að átta sig á hvernig það geti varist samkeppni frá BWS (SBW), en hvergi er minnst á samkeppnislega ógn frá Samskipum, langstærsta keppinauti fyrirtækisins.

8056. Í glærunum voru einnig tilgreind áhersluverkefni sem komin væru í vinnslu. Eitt þeirra var „Upptaka samninga: hækkun“ en ábyrgðarmaður þess verkefnis var (E)forstö-sölu. Annað verkefni (E)forstö-sölu var hækkun á tilteknum þjónustugjöldum. Hvað „Baltic þjónustu“ varðaði átti einnig að stilla upp „framlegðargólf“ og vinna út frá því. Ábyrgðarmaður þar var einnig (E)forstö-sölu.

8057. Hvað varðar áherslur í söluhegðun Eimskips á árinu 2012 er það mat Samkeppniseftirlitsins að áætlun söludeildar áætlunarflutninga Eimskips fyrir árið 2012 hafi verið í meginatriðum sambærileg við áætlanir fyrri ára sem og áætlanir Samskipa. Áherslan var áfram sú að viðhalda óbreyttri markaðshlutdeild. Ekki átti að ógna „friðnum“ gagnvart Samskipum. Átti þannig í markaðssókn að beita „skynsemi“ og „grugga ekki vatnið“. Er þannig ljóst að Eimskip ætlaði sér að virða áfram ólögmetta markaðsskiptingu við Samskip. Á grundvelli þessa gat LIS sett sér markmið um að hækka sjóflutningsgjöld með ýmsum hætti, lækka afslætti og hækka þjónustugjöld. Áætlun Eimskips fyrir árið 2012 fylgdi þannig meginsteifi „Nýtt upphaf“ verkefnisins og styður við áður fram komið mat Samkeppniseftirlitsins um ólögmett samráð á þessum tíma. Til viðbótar vísast einnig til áherslna Samskipa í áætlunum frá sama tíma, sbr. umfjöllun hér að framan.



8058. Hjá landflutningum Eimskips var einnig lögð áhersla á að hækka verð. Þannig kom fram í glærुकynningu frá fundi stjórnar Eimskips 15. nóvember 2011 að árið 2012 ætti að halda áfram að hækka verð gagnvart viðskiptavinum í innanlandsflutningum.³⁹⁸⁵ Í viðskiptaáætlun landflutninga Eimskips (frá desember 2011) fyrir árið 2012 var gert ráð fyrir „að viðhalda núverandi markaðshlutdeild í innanlandsflutningum með öflugri þjónustu og hagkvæmri verðlagningu á landsvísu.“ Til að ná því markmiði átti að leggja áherslu á:
- „markvisst sölustarf á landsvísu með áherslu á meðalstór og minni fyrirtæki á markaðnum sem hafa flutningsþarfir.“*
8059. Þá sagði að meginmarkmið landflutninga Eimskips væri að viðhalda þáverandi viðskiptavinum og afla nýrra viðskiptavina sem féllu inn í flutningakerfið með tilliti til nýtingar í kerfinu.³⁹⁸⁶
8060. Í áætlun landflutninga Eimskips var ein helsta ógn í rekstri fyrirtækisins sögð vera aukin samkeppni frá einyrkjum sem byðu mjög lág verð. Ekki var vísað til aukinnar samkeppni frá öðrum keppinautum fyrirtækisins, s.s. Samskipum. Samskip voru þó talin upp sem ein helsta ógnin í tveimur landshlutum af fimm.
8061. Að mati Samkeppniseftirlitsins er sú staðreynd að Eimskip virðist mestmegnis hafa haft áhyggjur af samkeppni frá allra smæstu keppinautum en ekki af samkeppni frá Samskipum, hinu öfluga fyrirtækinu á markaðnum, lýsandi fyrir það ástand sem hið ólögmeta samráð fyrirtækjanna skapaði á þessum tíma og í samræmi við önnur gögn málsins sé litið til þeirra með heildstæðum hætti.
8062. Markmið sem sett voru fram á verkefnalista fyrir árið 2012 eru að mati Samkeppniseftirlitsins einnig í samræmi við framanritað en samkvæmt þeim átti að ná 60 nýjum litlum eða meðalstórum fyrirtækjum í viðskipti í almennum flutningum, ásamt sjö litlum, meðalstórum og stórum í fiskflutningum. Í upphafi árs 2012 hafði sú talað hækkað í 100 nýja litla og meðalstóra viðskiptavini.³⁹⁸⁷ Vísbendingar eru um að þetta hafi gengið eftir en samkvæmt skjali vistað á heimasvæði [\(E\)forstö-landfl1](#) í nóvember 2012 var heildarvelta 83 nýrra viðskiptavina Flytjanda á árinu 2012 smávægileg í samanburði við heildarveltu stærstu viðskiptavina fyrirtækisins á sama ári, sbr. umfjöllun hér á eftir.³⁹⁸⁸
8063. [\(E\)frkvstj-innanl](#) fór yfir starfsemi landflutningadeildar Eimskips og stöðu fyrirtækisins í samkeppni á því sviði á fundi stjórnar fyrirtækisins 6. desember 2011.³⁹⁸⁹ Þessi glærुकynning bar heitið „Eimskip innanlands, Kynning fyrir stjórn“ og þar segir m.a.: „Meginmarkmið Eimskips innanlands á komandi árum er að viðhalda áfram mjög sterkri stöðu í innanlandsflutningum og vaxa á öllum öðrum sviðum í rekstrinum [...]“.
8064. Glæra á bls. 22 í þessari kynningu [\(E\)frkvstj-innanl](#) frá 6. desember 2011 ber yfirskriftina „Núverandi staða“. Þar er m.a. punktur um samkeppni í innanlandsflutningum. Þar segir:
- „Mjög hörð samkeppni á markaðnum
 - Íslandspóstur hefur gott dreifikerfi og verðlagningin er mjög lág
 - Vörudreifing á höfuðborgarsvæðinu undirverðlögð hjá Íslandspósti

³⁹⁸⁵ Afhent tölvuskjal frá Eimskip. Afhent 01.12.2016. „Eimskipafélag Íslands hf. 28th Board Meeting November 15th 2011“. Glæra nr. 48. Sjá einnig afhenta fundargerð frá fundinum. Afhent 01.12.2016.

³⁹⁸⁶ Afritað tölvuskjal frá Eimskip. „Viðskiptaáætlun Flytjandi_ Nov 2012“. Fannst vistað á sameiginlegu tölvudrifi Eimskips, síðast vistað 13.12.2011, kl. 11:15.

³⁹⁸⁷ Afritað tölvuskjal frá Eimskip. „Flytjandi frkvst kynning febrúar 2012“. Fannst vistað á sameiginlegu tölvudrifi Eimskips, vistað þann 30.3.2012.

³⁹⁸⁸ Afhent tölvuskjal frá Eimskip. [...]

³⁹⁸⁹ Afritað tölvuskjal frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.34932.



- Landflutningar Samskip að byggja upp vörudreifingu á höfuðborgarsvæðinu
- Þjónusta Landflutninga svipuð og Flytjanda
- Nesfrakt, SV bílar, BB og synir ásamt fleirum mjög skæðir á markaðnum og verðlagning þeirra oft óskiljanleg
- Staða Flytjanda er sterk á öllum þeim áætlunarleiðum
- Mun meiri samkeppni í áætlunarflutningum á styttri leiðum þ.e. í ca 100 km radíus frá Reykjavík þar sem sendibílstjórar geta boðið hagkvæmt verð í heilfarmaflutninga en ekki örfáar pakkasendingar sem kallar á aukna þjónustu."

8065. Kom þannig fram hjá (E)frkvstj-innanl að mjög hörð samkeppni ríkti á landflutningamarkaðnum. Þegar glæran er virt í heild sinni þá sést skýrt að það eru smáir keppinautar (Nesfrakt, SV bílar, BB og synir og sendibílstjórar) og Íslandspóstur sem eru helstu keppinautar Eimskips en ekki Samskip. Er þetta í samræmi við önnur gögn frá Eimskip og Samskipum. Í gögnum vegna áætlunar (E)frkvstj-innanl fyrir árið 2010 kemur fram að helsta samkeppnisógnin í landflutningum stafi ekki frá Samskipum heldur frá smærri fyrirtækjum/einkyrkjum („*The main threat in the market are individual truck drivers.*”). Í glærukynningu (S)forstj frá 9. febrúar 2010 var þetta sagt ógn á landflutningamarkaði: „*Independent truckers disturbing the market stability in domestic trucking and pushing prices down.*” Voru það einyrkjar í landflutningum en ekki Eimskip sem veittu Samskipum samkeppni.

8066. Með öðrum orðum höfðu Eimskip og Samskip mestar áhyggjur af samkeppni frá allra smæstu keppinautum en ekki af samkeppni frá hinu öflugra fyrirtækinu á markaðnum. Þetta er aðeins rökrétt afstaða þegar haft er í huga samfellt samráð fyrirtækjanna sem stóð yfir á þessum tíma, sbr. og sátt Eimskips við Samkeppniseftirlitið.

14.38.4.3. Búist við mikilli samkeppni í Færeyjum

8067. Samanburður á gögnum sem varða annars vegar íslenska markaðinn og hins vegar markaðinn í Færeyjum er til stuðnings öðrum gögnum um samráð Samskipa og Eimskips hér á landi. Vísast hér t.d. til gagna Samskipa frá haustinu 2010 varðandi áætlanir fyrir árið 2011 þar sem skýrlega kemur fram að í Færeyjum hindraði samkeppni frá m.a. BWS verðhækkningar en hið sama átti ekki við á íslenska markaðnum, sbr. kafla 14.32.3.

8068. Verða nú rakin gögn frá árinu 2011 sem varpa frekari ljósi á þetta. Glæsur (E)forstj vegna fundar stjórnar Eimskips þann 1. júní 2011 skipta hér máli.³⁹⁹⁰ Þær sýna að engin vandkvæði voru á því að hækka verð á Íslandi og er það samræmi við önnur gögn málsins frá árinu 2011. Mikil samkeppni var hins vegar í Færeyjum á þessum tíma, sbr. t.d. glærukynningu á fundi stjórnar Eimskips þann 6. maí 2011 þar sem segir að ógn sé fyrir hendi í Færeyjum ef aðstæður á markaði fari ekki að lagast. Hins vegar er bent á þetta: „*Opportunities are in co-operation with Smyril Line if we successfully get a contract with them.*” Þá vísast í skjöl (S)frkvstj-Færeyj frá 20. september og 7. október 2011, sem lýst er í kafla 20. Þar var ógn talin vera fyrir hendi á færeyska markaðnum. Í framangreindum gögnum frá Eimskip var hins vegar ekki talin þörf á nýbreytni að þessu leyti gagnvart Samskipum, enda gátu fyrirtækin á grundvelli samráðs hækkað verð hér á landi.

³⁹⁹⁰ Afhent skjal frá Eimskip. Afhent 01.12.2016, mappa 6 – 1. hluti. „*Eimskipafélag Íslands hf. 24th Board Meeting June 1 2011*”. Sjá dagskrárlið 5 í fundargerð frá stjórnarfundinum. Afhent skjal frá Eimskip. Afhent 01.12.2016, mappa 6 – 1. hluti. „*Minutes of the meeting of the board of directors of Eimskipafélag Íslands hf.*”, dags. 01.06.2011. Afritað tölvuskjal frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.784350.



8069. Fjallað var um áætlun Samskipa í Færeyjum fyrir árið 2012 þann 20. september og 7. október 2011.³⁹⁹¹ Þar kemur fram að innflutningsdeild Samskipa í Færeyjum leggi til grundvallar að á árinu 2012 verði staðan m.a. þessi:

✓ „*Competition will be just as intense as in 2011*

- *Faroe Ship is strong*

- *New equity to [BWS]*

✓ *Prices will be the same as in 2011*”

8070. Gögn frá árinu 2012 sýna að framangreint mat á samkeppnisaðstæðum í Færeyjum á árinu 2012 reyndist rétt. Í kafla 14.39 er gerð grein fyrir verðhækkun Samskipa á Íslandi á árinu 2012 og samskiptum innan Samskipa um hvort Samskip í Færeyjum hygðust hækka verð. Í þeim gögnum kemur fram að yfirmaður Samskipa í Færeyjum treysti sér ekki til verðhækkana, sér í lagi ekki gagnvart mikilvægum viðskiptavinum, á sama tíma og Samskip og Eimskip hækkuðu gjaldskrár sínar á Íslandi án ótta við viðbrögð hvors annars.³⁹⁹² Ekki er að sjá sambærilegan ótta á Íslandi í samtímagögnum Eimskips og Samskipa og átti við um Færeyjar. Er það til marks um „*friðinn*” sem þau höfðu skapað með ólögmetu samráði hér á landi.

8071. Þann 7. október 2011 sendi **(S)frkvstj-Færeyj** áætlun Samskipa í Færeyjum fyrir árið 2012 til m.a. **(S)forstj**.³⁹⁹³ Þar er einnig lýst mikill samkeppni í Færeyjum. Er líkt og í áætluninni fyrir árið 2011 gerð grein fyrir því að Eimskip eigi mjög erfitt með að hækka verð, bæði almennt og gagnvart mikilvægum viðskiptavinum. Eimskip á Íslandi þrýsti á stjórnendur dótturfyrirtækisins í Færeyjum að hækka verð en þeir þori það ekki sökum samkeppni frá BWS og Samskipum.

8072. Í áætluninni er einnig fjallað um álagningu BAF og sýnir sú umfjöllun að mati Samkeppniseftirlitsins allt aðrar aðstæður í Færeyjum en á Íslandi, sbr. kafla 14.55. Vísast til þeirrar umfjöllunar sem sýnir að gögn málsins beri með sér að BAF í Færeyjum væri lægra og stöðugra en á Íslandi. Vísast hér til ummæla **(E)frkvstj-alþj** frá 15. ágúst 2008 þar sem hann lagði áherslu á að markaðsaðstæður ráði því hvernig BAF verði lagt á; eitt kerfi sé á Íslandi og annað í Færeyjum. Með hliðsjón af framanrituðu er það niðurstaða Samkeppniseftirlitsins að skýringin á óvenju háu BAF hér á landi sé sú að samstillt hegðun keppnauta á markaðnum hér á landi hafi gert hana mögulega.

8073. Í viðskiptaáætlun Faroe Ship (unnin í september 2011) fyrir árin 2012-2014 segir að samkeppnin sé afar grimm eða mikil í Færeyjum („*Faroe Ship has a fierce competition in all areas of business*”).³⁹⁹⁴

8074. Samkvæmt þessu ríkti mikil samkeppni milli Eimskips, BWS og Samskipa í Færeyjum. Lýsa þessi gögn allt öðrum samkeppnisaðstæðum í Færeyjum heldur en á Íslandi og eru til stuðnings öðrum gögnum sem sýna fram á hið samfellda samráð hér á landi.

14.38.5. Forstjórnarnir mjög ánægðir með árið 2011

8075. Þann 11. nóvember 2011 birtist fréttatilkynning frá Eimskip. Kemur fram að hagnaður Eimskips fyrstu níu mánuði ársins hafi verið um 2 milljarðar kr. eftir skatta. Er haft eftir **(E)forstj** að þessi afkoma Eimskips hafi verið „*umfram væntingar*”.³⁹⁹⁵

³⁹⁹¹ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.909728.

³⁹⁹² Afritaðir tölvupóstar frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.938323.

³⁹⁹³ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.916218.

³⁹⁹⁴ Afritað tölvuskjal frá Eimskip. „*Business Plan (v1) Faroe Ship 26. sep. 2011.pdf*”. Viðhengi við afritaðan tölvupóst frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.603831.

³⁹⁹⁵ Sjá frétt í fréttasafni á heimasíðu Eimskips: <https://www.eimskip.is/um-eimskip/frettasafn/frettir/frettatilkynning-eimskipafelags-islands-hf/>. Sjá einnig frétt í Morgunblaðinu, dags. 18.11.2011. Aðgengileg á slóð: mbl.is/vidskipti/frettir/2011/11/18/800_milljona_hagnadur_eimskips/.



8076. Í kafla 14.37.5 er gerð grein fyrir tölvupóstum (S)forstj frá apríl og september 2013 þar sem rætt er afar góða afkomu á árunum 2010 og 2011. Sagði (S)forstj að árið 2010 hefði verið „frábært ár“ og árið 2011 hafi „mjög gott“. Vegna ársins 2011 var greiddur tæplega 750.000.000 kr. arður til hluthafa frá Samskip hf.³⁹⁹⁶ Þar er einnig lýst bónusgreiðslum til m.a. (S)forstj og (E)forstj.

14.38.6. Samantekt

8077. Þegar virt eru framangreind gögn Eimskips og Samskipa, sem varða inn- og útflutning frá Íslandi og landflutninga hér á landi á árinu 2011 og áætlanir fyrir árið 2012, dregst í aðalatriðum upp sama mynd og fyrir árin þar á undan. Fyrirtækin gerðu ráð fyrir að halda sínum mikilvægustu viðskiptavinum og að reyna ekki með samkeppni að ná slíkum viðskiptavinum hvort af hinu. Þess í stað var áhersla lögð á að hækka verð, auka gjaldtöku og vinna gegn verðlækkunum. Gert var ráð fyrir að aukning í viðskiptum kæmi frá smáum og meðalstórum viðskiptavinum. Samkeppnisleg ógn stafaði ekki frá stóra keppinautum heldur frá miklu mun smærri keppinautum eins og einyrkjum og BWS.
8078. Framangreind gögn Samskipa og Eimskips frá haustinu 2011 eru því í fullu samræmi við sams konar gögn frá árunum á undan og er þetta til vitnis um hið ólögmeta samráð á þessum tíma.
8079. Hér ber að rifja upp að í gögnum frá árinu 2010 var lögð mikil áhersla á að ná fram hækkun á verði á árinu 2011. Sama kemur fram í framangreindum gögnum frá árinu 2011. Skiptir hér máli að mikilvægur þáttur í samráði Eimskips og Samskipa fólst í því að markaðsskipting þeirra skapaði skilyrði fyrir fyrirtækin til að viðhalda eða hækka verð. Þetta, ásamt öðru samráði fyrirtækjanna og viðvarandi samskiptum milli stjórnenda Eimskips og Samskipa, dró verulega úr allri óvissu á milli fyrirtækjanna, stuðlaði að trausti og skapaði „friðinn“. Með vissu um að helsti keppinauturinn myndi ekki reyna að ná til sín óánægðum mikilvægum viðskiptavinum voru skapaðar kjöraðstæður til þess að ná árangri við hækkun á verði. Gilti þetta bæði um verðlagningu gagnvart einstökum mikilvægum viðskiptavinum og um almennar verðbreytingar.
8080. Í mgr. 310-316 í athugasemdum Samskipa við AII er fjallað um framangreind atvik. Segja Samskip m.a. að engin tengsl séu á milli verðhækkana fyrirtækjanna og að ekkert í þeim atvikum eða gögnum sem vísað er til bendi til samráðs Eimskips og Samskipa. Samskip hafi ekki átt í neinum samskiptum við Eimskip vegna umræddra verðhækkana og ekkert í gögnum málsins bendi til þess.
8081. Samkeppniseftirlitið getur ekki fallist á þetta og telur þessar skýringar Samskipa ekki í samræmi við samtímagögn. Nánar er fjallað um þessi sjónarmið Samskipa í kafla 26.38.
8082. Í athugasemdum Samskipa við AII er fjallað um gögn sem tengjast áætlunargerð Eimskips og Samskipa haustið 2011. Er byggt á því að Samkeppniseftirlitið sleppi því að tiltaka eða fjalla um ýmis ummæli í þessum gögnum sem gefi virka samkeppni til kynna, sbr. mgr. 1341 í athugasemdum Samskipa við AII. Heilt yfir byggja Samskip á því að þær ályktanir sem Samkeppniseftirlitið dragi af rekstraráætlunum og glærukynningum Samskipa og Eimskips séu með öllu haldlausar og að ekkert tilefni sé til að álykta að af þeim leiði að samráð hafi verið til staðar á mörkuðum. Að mati Samskipa gefur umfjöllun Samkeppniseftirlitsins ranga mynd af efni umræddra gagna.
8083. Í mgr. 1312 og áfram í athugasemdum Samskipa við AII er fjallað um áætlun innflutningsdeildar Samskipa frá september 2011 fyrir árið 2012. Telja Samskip að þetta gagn sýni að virk samkeppni hafi ríkt á markaðnum og að áform Samskipa hefðu verið að keppa áfram af fullum krafti við Eimskip og aðra keppinauta. Nánar er fjallað um þessi sjónarmið Samskipa í kafla 26.38.2.
8084. Í mgr. 1319 í athugasemdum Samskipa við AII er fjallað áætlun landflutninga Samskipa frá september 2011 fyrir árið 2012. Í þeirri áætlun kom fram að Kaupás hafi flutt landflutningaviðskipti sín frá Samskipum til Eimskips og Samskip þurfi að „sækja tilbaka það magn sem tapaðist“. Voru

³⁹⁹⁶ Afhent tölvuskjal frá Samskipum. [...]



Aðföng nefnd sem dæmi. Samskip telja að þetta sýni að ekkert samráð hafi verið fyrir hendi. Þá hafa Samskip mótmælt því að fyrirtækið hafi ekki gripið til samkeppnisaðgerða og nýtt sér „opnun“ hjá Aðföngum. Að mati Samskipa sýnir umrædd áætlun til hvers vilji fyrirtækisins hefði staðið en hvort samningar tækjust væri allt annað mál.

8085. Þessar skýringar Samskipa eru ekki í samræmi við samtímagögn og um þessi sjónarmið er fjallað nánar í kafla 26.38.2.

14.39. Atvik frá desember 2011 til febrúar 2012

8086. Í desember 2011 héldu Samskip og Eimskip áfram að undirbúa verðhækkun sem kom til framkvæmda í byrjun árs 2012. Í kjölfarið hófu fyrirtækin undirbúning að frekari verðhækkunum á árinu 2012. Samskipti áttu sér stað milli lykilstarfsmanna fyrirtækjanna á þessu tímabili, sbr. t.d. fund (E)frkvstj-sala/þj, (E)forstö-sölu, (S)forstö-innfl1 og (S)forstö-útf1 29. desember 2011. Verður þessu lýst í kafla þessum.

14.39.1. Lykilstarfsmenn hittast

8087. Gögn málsins sýna að ýmis samskipti áttu sér stað milli lykilstjórnenda Samskipa og Eimskips í desember 2011 og janúar og febrúar 2012. Var m.a. um að ræða áframhaldandi samskipti (S)forstö-innfl1, (S)forstö-útf1 og (E)forstö-flutnmið auk m.a. samskipta (S)forstj og (E)forstj.

8088. Eins og lýst hefur verið fóru (S)forstj og (E)forstj með golfhópi sínum í skemmtiferð til Danmerkur og stóð þessi ferð frá 2. – 5. september 2011. Voru samtals átta menn í þessari ferð og var dagskráin þétt. Samkvæmt henni áttu áttamenningarnir að spila golf saman, snæða saman í hádeginu og á kvöldin og fara saman í skoðunarferðir, sbr. kafla 13. Í lok nóvember 2011 hóf hópurinn að skipuleggja fjöltefli.³⁹⁹⁷ Eftir að einn úr hópnum hafði stungið upp á þessu svaraði (S)forstj og sagði að Samskip gætu lagt til skákmann. Hið sama gerði annar í hópnum. (E)forstj svaraði þessu:

„Mér finnst nú að menn eigi að mæta sjálfir og vera ekki með neinn aumingjaskap og senda einhvern fyrir sig, ekki gerið þið það í golfinu – er það?“³⁹⁹⁸

8089. Hvatti þannig (E)forstj eða „manaði“ (S)forstj o.fl. til þess að mæta sjálfa. Var það niðurstaðan að bæði (S)forstj og (E)forstj mættu á þennan viðburð í janúar 2012. Kom þannig umræddur hópur saman þann 9. janúar 2012.

8090. Fyrir liggur að (S)forstj og (E)frkvstj-alþjsv hittust 3. desember 2011. Samkvæmt glærukynningunni um „Nýtt upphaf“ verkefnið sátu þeir, ásamt (E)forstj, í vinnuhópi sem átti að framkvæma það verkefni. Fyrir árið 2008 störfuðu (S)forstj og (E)frkvstj-alþjsv um árabíl fyrir Samskip og Eimskip í Hollandi, bjuggu í sömu götu í Rotterdam og þekktust vel. Í m.a. kafla 7.1 og áfram er rökstutt að tengsl (S)forstj og (E)frkvstj-alþjsv, auk tengsla (E)forstj og (S)forstj, hafi skiptu miklu að ráðist var í „Nýtt upphaf“ verkefnið. Eftir dvölinu í Hollandi hittust (S)forstj og (E)frkvstj-alþjsv m.a. árlega í matarboði fimm til sjö hjóna sem kynnst höfðu í Hollandi, auk afmælisboða. Var þetta árlega matarboð haldið í tengslum við jólin. Hafði þessi siður hafist í Hollandi og haldið áfram eftir að viðkomandi einstaklingar fluttu aftur til Íslands, sbr. m.a. kafla 7.1.4. Sýna gögnin að (S)forstj og (E)frkvstj-alþjsv hittust í slíku boði 3. desember 2011, sbr. kafla 13.

8091. Samskipti voru einnig á milli (S)forstö-útf1 og (E)forstj í desember 2011. Hér ber að rifja upp að rík tengsl og reglubundin samskipti voru á milli (S)forstö-útf1 og (E)forstj á rannsóknartímabili þessa máls. sbr. m.a. kafla 7.1.3. Eins og lýst var í kafla 14.33.8 skipulagði (S)forstö-útf1 fund (E)forstj og

³⁹⁹⁷ Þar tefldi hópurinn, ásamt öðrum stjórnendum, skák í fjöltefli gegn skákmeistara. Afrituð tölvupóstsamskipti frá Eimskip. Frá þáv. forstjóri HB Granda til golfhópsins. „Skák“, dags. 29.11.2011, kl. 17:12 og 01.12.2011, kl. 00:31. Doc. ID. 0.7.33.870296, sbr. einnig Doc. ID. 0.7.33.870302. Afritað tölvuskjal frá Eimskip. Í viðhengi við afritaðan póst má sjá ljósmyndir af fjölteflinu, þar á meðal af [...]. Viðhengi við afritaðan tölvupóst frá viðburðarstjóra fjölteflisins til hluta golfhópsins, þ. á m. [...](og fleiri stjórnenda). „RE: Hörð keppni“, dags. 10.01.2012, kl. 17:06. Doc. ID. 0.7.33.888874.

³⁹⁹⁸ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.944136.



(E)frkvstj-skiparekst með (S)frkvstj-N-Am 24. nóvember 2010 í Bandaríkjunum þar sem rædd voru viðkvæm samkeppnismálefni. Var þessi fundur hluti af hinu samfellda samráði Eimskips og Samskipa. Í nóvember og desember 2010 ræddu (S)forstö-útfli og (E)forstj um jólagjafir og (E)forstj sendi tölvupóst til m.a. (S)forstö-útfli og bauð til matarboðs á heimili sínu þann 2. janúar 2012. Gerði hann grein fyrir því að m.a. yrði boðið upp á matvæli unnin af (S)forstö-útfli. Þann 13. desember 2011 áttu sér stað tölvupóstsamskipti milli (S)forstö-útfli og (E)forstj. (S)forstö-útfli sendi póst til (E)forstj og sagði: „*Falleg þessi eyja*“ og (E)forstj svaraði: „*Má bjóða þér*“.³⁹⁹⁹

8092. Ekki er ljóst hvort í þessum samskiptum fólst undirbúningur að ferðalagi eða eitthvað annað sem tengdist umræddri eyju. Þessi tölvupóstsamskipti sýna a.m.k. áframhaldandi tengsl milli þessara stjórnenda. Afhent gögn frá Samskipum sýna frekari samskipti þeirra á Facebook á árunum 2012 og 2013. Kemur m.a. fram að (E)forstj og (S)forstö-útfli ákváðu að hittast „hressir“ á sjávarútvegssýningunni í Boston í mars 2013, sbr. kafla 7.1.3.
8093. Gögn málsins gefa til kynna að (S)frkvstj-Jóna og (E)frkvstj-sala/þj hafi hist í desember 2011. Í kafla 13 er gerð grein fyrir því að (S)frkvstj-Jóna og (E)frkvstj-sala/þj þekktust. Í kafla 16.6 er gerð grein fyrir samskiptum þeirra sem tengjast stórauðnum flutningum Eimskips fyrir Jóna og var það samstarf hluti af „*Nýtt upphaf*“ verkefninu. (E)frkvstj-sala/þj og (S)frkvstj-Jóna var boðið í afmæli þann 10. desember 2011. Ekkert gefur til kynna að þeir hafi ekki báðir mætt þangað. Þá liggur fyrir að (E)frkvstj-sala/þj og (S)frkvstj-Jóna ræddu saman 26. janúar 2012. Vísast um þetta til m.a. kafla 13.
8094. Fjórir stjórnendur Samskipa og Eimskips hittust a.m.k. í janúar 2012. Í kafla 13 er gerð grein fyrir reglulegum samskiptum (S)forstö-innfl1, (S)stjórnarm-S og SH (meðlimur í m.a. stjórn Samskipa hf.), (E)viðskstj2 (viðskiptastjóri í innflutningsdeild) og (E)sölustj-innanl2 (sem m.a. kom að tilboðs- og samningagerð í landflutningum). (S)forstö-innfl1 sendi tölvupóst til (S)stjórnarm-S og SH 1. desember 2011. Vísaði hann til nýlegra samskipta við (E)sölustj-innanl2 og sagði að það væri tímabært að þeir þrír og (E)viðskstj2 myndu hittast sem fyrst. Spurði (S)forstö-innfl1 hvort (S)stjórnarm-S og SH væri laus annað kvöld.⁴⁰⁰⁰ Ekki er ljóst hvort þessir stjórnendur hittust þá en fyrir liggur að þann 13. janúar 2012 snæddu (S)forstö-innfl1, (E)viðskstj2, (E)sölustj-innanl2 og (S)stjórnarm-S og SH kvöldverð saman.⁴⁰⁰¹
8095. Í kafla 14.33 er gerð grein fyrir ítrekuðum fundum og samtölum yfirmanna sjóflutninga Samskipa og Eimskips á síðari hluta ársins 2010. Þessi samskipti héldu áfram á árinu 2011. Í kafla 14.37.3 er lýst fundi (E)frkvstj-sala/þj og (S)frkvstj-millilandasv, (S)forstö-innfl1 og (S)forstö-útfli 9. mars 2011. Þá ræddu (S)forstö-innfl1 og (E)forstö-innfl1 saman 5. júlí 2011, sbr. kafla 14.38.1. Til viðbótar liggur fyrir að (S)forstö-útfli og yfirmaður Eimskips á Austurlandi ((E)svæðisstj1) funduðu 2. febrúar 2011 og vísað var til samtals yfirmanna siglingakerfa ((S)forstö-flutnstj og (E)frkvstj-skiparekst) 18. febrúar 2011, sbr. kafla 13.
8096. Yfirmenn sjóflutninga ((E)frkvstj-sala/þj, (E)forstö-sölu, (S)forstö-innfl1 og (S)forstö-útfli) funduðu á ný 29. desember 2011. (E)frkvstj-innanl, (E)deildstj-útfli, (S)forstö-flutnstj og (S)forstö-útfli funduðu þann 20. janúar 2012. (E)frkvstj-sala/þj og (S)frkvstj-Jóna ræddu saman 26. janúar 2012. (E)frkvstj-innanl og (S)frkvstj-innanl hittust á fundi 10. febrúar 2012. Þann 17. febrúar 2012 funduðu (E)frkvstj-innanl og (S)forstö-útfli. Hittust þeir aftur á fundi 24. febrúar 2012. Verður þessum samskiptum lýst nánar hér á eftir.

³⁹⁹⁹ Afrituð tölvupóstsamskipti frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.1102300.

⁴⁰⁰⁰ Afrituð tölvupóstsamskipti frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.924817.

⁴⁰⁰¹ [...] leggur til í tölvupóstsamskiptum þeirra á milli við skipulagningu viðburðarins að hann og „[...]“ og „[...]“ – [yrðu] samferða úr *Garðabænum*“. [...] svaraði og segir: „*Þetta lítur vel út, verðum í sambandi á morgun og rottum okkur saman úr Gbæ*“. Tölvupóstsamskipti hópsins eftir „*hittinginn*“ innihalda m.a. „*alltaf gaman að hittast*“ og [...] sagði við það tilefni: „*Ég segi sama og [...], frábær matur og drykkur en hann er þó bara hjóm í samanburði við félagsskapinn !!! J þurfum að viðhalda þessu, spurning um að ná þessu upp í tvö skipti á ári*“. [...] tók undir: „*Þetta var frábært kvöld og mikilvægt að við höldum þessari hefð lifandi. [...]*“. Afrituð tölvupóstsamskipti frá Samskipum. „*Hittingur*“, dags. 01.12.2011-16.01.2012. Doc. ID. 0.7.33.924851/ 0.7.33.924965 / 0.7.33.925694 / 0.7.33.938743 / 0.7.33.939394.



8097. Framangreindir stjórnendur komu að málefnum sem tengdust samkeppni milli Samskipa og Eimskips og báru sumir þeirra ábyrgð t.d. á verðlagningu fyrirtækjanna á flutningum. Eins og rökstutt er í kafla 13 er það mat Samkeppniseftirlitsins að samskiptin sem slík, sköpuðu eða eflu tengsl og traust milli lykilstjórnenda Samskipa og Eimskips. Var þetta til þess fallið að gera hið ólögmeta samráð skilvirkara og auðveldara í framkvæmd, sbr. einnig umfjöllun í kafla 13.

14.39.2. Áfram unnið að verðhækkun

8098. Eins og rökstutt hefur verið í ákvörðun þessari dró samfelld samráð Samskipa og Eimskips úr óvissu á flutningamarkaðnum sem gerði fyrirtækjunum kleift að viðhalda eða hækka verð gagnvart viðskiptavinum án þess að þurfa að óttast viðbrögð helsta keppinutarins og með vissu um að hann myndi einnig hækka verð og ekki bregðast við með því að reyna að ná til sín óánægðum viðskiptavinum umrædds keppinutar. Þá voru framangreind samskipti til þess fallin að skapa traust á milli fyrirtækjanna og gera hið ólögmeta samráð skilvirkara og auðveldara í framkvæmd. Verður nú fjallað um verðhækkun Samskipa og Eimskips í janúar 2012 og aðdraganda þeirrar hækkunar.

8099. Bæði Samskip og Eimskip hækkuðu verð sumarið 2011. Um það hefur verið fjallað í kafla 14.38.2 hér að framan. Samtímagögn sýna að fyrirtækin töldu að umtalsverður tekjuauki myndi nást fram með þeim hækkunum. Gögnin sýna einnig að í ágúst – nóvember 2011 lögðu bæði fyrirtækin samhliða áherslu á frekari verðhækkunir. (E)frkvstj-sala/þj og (E)forstö-sölu hittust reglulega á fundum á þessu tímabili og ræddu þar verkefni sem tengdust verðhækkun gagnvart viðskiptavinum. Ræddu þeir bæði um hækkun á gjaldskrá og að „hífa upp“ meðalsjóflutningsverð. Í lok ágúst 2011 ræddu (S)forstö-innfl1 og (S)frkvstj-millilandasv um 4,5% hækkun á sjófrakt í júlí 2012. Þessar áætlanir tóku breytingum frá lok ágúst og þar til 6. september 2011. Í millitíðinni höfðu (S)forstj og (E)forstj farið saman í nokkurra daga skemmtiferð til Danmerkur. Kom fram hjá (S)forstö-innfl1 6. september 2011 að í stað einnar yrðu tvær „almennar gjaldskrárhækkunir“ árið 2012. Vísast um þetta til kafla 14.38.

8100. Gerð hefur verið grein fyrir gögnum Samskipa og Eimskips frá september-desember 2011 sem varða áætlanir fyrirtækjanna fyrir árið 2012. Sýna þau einnig samhliða áherslu fyrirtækjanna beggja á frekari verðhækkunir. Í markaðsskýrslu (S)forstö-innfl1 frá 19. september 2011 var gert ráð fyrir því að bæði Eimskip og Samskip „halda að sér höndum og leggi áherslu á að halda verðum uppi.“ Á sama tíma gerðu landflutningar Samskipa einnig ráð fyrir verðhækkun. Í áætlun landflutninga Eimskips frá október 2011 kom fram að stefnt væri að verðhækkun á landflutningum á árinu 2012. Í tölvupósti (S)forstö-útl frá 5. október 2011 var gert ráð fyrir tveimur hækkunum á gjaldskrá á árinu 2012, annars vegar á „þjónustugjaldskrá innfl/útl erlendis“ og hins vegar á „þjónustugjaldskrá innfl/útflut innanlands“. Í glærुकynningu (S)forstö-innfl1 17. október 2011 kom fram að til viðbótar þessum hækkunum á þjónustugjaldskrá ætti einnig að hækka verð á sjófrakt á árinu 2012. (E)forstj mælti 29. október 2011 fyrir um hækkun á verði til viðskiptavina Eimskips í sjóflutningum. Þá kom fram í glærुकynningu frá fundi stjórnar Eimskips 15. nóvember 2011 að árið 2012 ætti að halda áfram að hækka verð gagnvart viðskiptavinum í landflutningum.

8101. Í fundargerð vegnar fundar innflutningsdeildar Eimskips þann 28. nóvember 2011 var vísað til framlagningar á fundinum á svokölluðu „verðlagsskjali“, þar sem viðskiptastjórum bar að skrá og halda skipulega utan um hvaða viðskiptavinir tækju hækkunum og hverjir ekki.⁴⁰⁰² Í annarri fundargerð innflutningsdeildar Eimskips frá 12. desember 2011 var áfram vísað til „verðhækkunarskjals“ sem átti að klára „mjög fljótt“.⁴⁰⁰³

8102. Að mati Samkeppniseftirlitsins er fullt samræmi milli þessara samtímagagna fyrirtækjanna sem urðu til haustið og veturinn 2011. Hækka skyldi verð gagnvart viðskiptavinum án þess að greina mætti

⁴⁰⁰² Afritað tölvuskjal frá Eimskip. Fundargerð LIS import Eimskip 28.11.2011. Vistuð á tölvudrifi Eimskips, síðast vistuð 18.11.2011, kl. 16:09. Samkvæmt skjalinu var fundargerðinni m.a. dreift til [...].

⁴⁰⁰³ Afritað tölvuskjal frá Eimskip. Fundargerð LIS import 12.12.2011. Vistuð á tölvudrifi Eimskips, síðast vistuð 19.12.2011, kl. 12:56. Samkvæmt skjalinu var fundargerðinni m.a. dreift til [...].



óttu um samkeppnisleg viðbrögð keppinautarins og ekki gerðar áætlanir um hvernig bregðast skyldi við ef samkeppnisleg viðbrögð kæmu fram af hálfu keppinautarins. Þegar þetta er virt í samhengi við samskipti Samskipa og Eimskip og annað samráð fyrirtækjanna á þessum tíma eru þessi gögn skýr birtingarmynd ólögmeðs samráðs fyrirtækjanna. Ólögmeðt markaðsskipting og annað samráð fyrirtækjanna dró úr æskilegri óvissu sem gerði Eimskip og Samskipum kleift að viðhalda eða hækka verð gagnvart viðskiptavinum án þess að óttast viðbrögð helsta keppinautarins og með vissu um að helsti keppinauturinn myndi einnig hækka verð og ekki bregðast við með því að reyna að ná til sín óánægðum viðskiptavinum.

8103. Endurspeglast framangreint í þeim hækkunum sem Eimskip náði fram á þessum tíma gagnvart mikilvægum viðskiptavinum:

- Í kafla 14.35 er lýst atvikum í tengslum við endurnýjun Eimskips á samningi við Innnes. Það fyrirtæki var ósátt við kjör Eimskips en Samskip virtu hina ólögmeðu markaðsskiptingu. Þetta þýddi að Eimskip gátu unnið að því að hækka verð „*umtalsvert*“ gagnvart Innnes. Endurnýjaði Eimskip flutningasamkomulag við Innnes 26. september 2011 og náði fram verðhækkun. Í þessum hækkunarfasa Eimskips var ekki að greina ótta eða óvissu um hugsanlegar aðgerðir Samskipa, helsta keppinautar Eimskips. Er það í samræmi við samtímagögn frá Samskipum frá þessum tíma, þ.e. um „*áframhaldandi*“ ró á innflutningsmarkaði. Í samræmi við hið samfellda samráð ákváðu fyrirtækin að halda að sér höndum í samkeppni og hækka eða halda uppi verði.
- Eimskip endurnýjaði samning við annan mikilvægan viðskiptavin, ÖES, í október 2011 og náði fram hækkun, sbr. kafla 14.37.7. Sýna gögnin að ÖES taldi hækkunaráform Eimskips vera óeðlileg. Sneri þessi stóri viðskiptavinur Eimskips sér til Samskipa í leit að betri kjörum. Samskip héldu hins vegar „*friðinn*“ með því að sækjast ekki eftir viðskiptum ÖES og Eimskip gat því sem fyrr segir hækkað verðin gagnvart ÖES.
- Þessi atvik tengd Innnes og ÖES haustið 2011 endurspeglar samráð Samskipa og Eimskips á þessum tíma. Er niðurstaða þessi jafnframt í samræmi við sátt Eimskips við Samkeppniseftirlitið en þar viðurkennir Eimskip að hafa, með ólögmeðu samráði við Samskip, skipt mörkuðum eftir stærri viðskiptavinum.

8104. Eins og áður sagði voru (S)forstj og (E)frkvstj-álþjsv saman í kvöldverðarboði laugardaginn 3. desember 2011. Þann 5. desember 2011 var, innan Eimskips, fjallað um verðhækkun um áramótin 2011/2012. Kom fram í tölvupósti (E)forstö-vörubróun að „*staðan á ákvörðun um aðlögun á þjónustugjöldum okkar núna í janúar nk 2012 er eftirfarandi*

- „1) Þjónustugjöld erlendis (önnur en for og áframflutningur) 2.5% hækkun
- 2) For og áframflutningur Alveg sér breyting, betri uppl. í framhaldi
- 3) Sjóflutningsgjöld - Ekki niðurstaða ennþá, væntanlega á morgun verður upb. 2,7% breyting
- 4) Geymslur og terminals á Íslandi - (E)frkvstj-sala/þj er að tala við (E)frkvstj-innanl vonandi niðurstaða á morgun 6.12.“⁴⁰⁰⁴

8105. Af fyrrnefndum tölvupósti má sjá að á þessum tíma lá fyrir ákvörðun um verðhækkun vegna þjónustugjalda erlendis (2,5%) og endanleg ákvörðun um aðrar verðhækkanir var, samkvæmt gögnum Eimskips, ákveðin næstu daga í desember 2011.⁴⁰⁰⁵ Af þessum tölvupósti (E)forstö-vörubróun frá 5. desember 2011 og öðrum gögnum málsins má sjá að undirbúningur og ákvörðun um verðhækkanir Eimskips var hjá (E)frkvstj-sala/þj, (E)forstö-sölu og (E)forstö-flutmið. Var

⁴⁰⁰⁴ Afritaður tölvupóstur frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.34.23714.

⁴⁰⁰⁵ Afrituð tölvupóstsamskipti frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.34.25132. Afrituð tölvupóstsamskipti frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.823801. Afritaður tölvupóstur frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.34.25212. Afritaður tölvupóstur frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.34.122833.



fyrirhuguð hækkun á verði í samræmi við hækkunaráform (E)forstj á fyrrnefndum verkefnalista hans frá lokum október 2011.

8106. Á fundi innflutningsdeildar Eimskips 12. desember 2011 fór (E)forstö-sölu yfir að verið væri að skoða gjaldskrárhækkanir um áramót. Síðan er haft eftir honum í fundargerð: „Kom fram að mikilvægt sé að mismunandi svið samræmi sínar hækkanir þannig að allir hækki á sama tíma. Hefur oft gerst td. að Flytjandi hækki rétt áður eða á eftir, kallar á óþarfa bögg.“⁴⁰⁰⁶
8107. Líkt og rakið hefur verið hér að framan breyttist áætlun Samskipa um hver verðhækkun ársins 2012 kæmi til með að vera á tímabilinu frá 30. ágúst 2011 til 17. október 2011. Í lok ágúst voru (S)forstö-innfl1 og (S)frkvstj-millilandasv sammála um að hækka sjófrakt um 4% þann 1. júlí 2012. Í upphafi september 2011 tóku fyrirætlanir Samskipa um verðhækkun hins vegar breytingum. Í stað einnar hækkunar á sjófrakt skyldi hækka verð tvívegis á árinu 2012, þ.e. annars vegar 4,5% 1. janúar 2012 og hins vegar 4% 1. júlí 2012.⁴⁰⁰⁷ Í endanlegri rekstraráætlun Samskipa fyrir árið 2012 var síðan gert ráð fyrir 4% hækkun þjónustugjalda erlendis þann 1. febrúar 2012 og 4% hækkun þjónustugjalda innanlands og 4% hækkun sjóflutningsgjalda 1. ágúst 2012.
8108. Raunin varð síðar sú að Samskip hækkuðu ekki aðeins þjónustugjöld erlendis í upphafi árs 2012, eins og gert hafði verið ráð fyrir, heldur einnig þjónustugjöld á Íslandi, sjóflutningsgjaldskrá og gjaldskrá landflutninga (sem hafði þó verið gert ráð fyrir að hækka, sbr. markaðsskýrslu (S) frkvstj-innanl frá 18. september 2011).
8109. Í millitíðinni, þ.e. frá 17. október 2011 og þar til Samskip tóku ákvörðun um að hækka einnig gjaldskrá sjóflutninga og þjónustugjöld á Íslandi í upphafi árs, í stað aðeins einnar hækkunar þann 1. ágúst 2012, hittust æðstu stjórnendur Eimskips og Samskipa á fundi. Fundur þessi fór fram 29. desember 2011 og hann sátu (E)frkvstj-sala/þj, (E)forstö-sölu, (S)forstö-innfl1 og (S)forstö-útf1 sem höfðu allir ríka aðkomu að ákvörðunum fyrirtækjanna um verðhækkanir. Ljóst er af gögnum málsins að verðlagsmálefni voru rædd á fundinum. Eimskip vann á sama tíma einnig að undirbúningi að verðhækkunum. Verður þetta nú rakið nánar.

14.39.3. Rætt um verðhækkun á fundi 29. desember 2011

8110. Dagaþing fyrir jólin 2011 var umræða hjá m.a. (E)frkvstj-sala/þj og (E)forstö-sölu um hækkun á verði og á Þorláksmessu átti (E)frkvstj-sala/þj fund með m.a. (E)forstö-flutnmið og (E)forstö-sölu til þess að ræða „Markaðspælingar“.⁴⁰⁰⁸ Miðað við mönnun á þessum fundi átti bæði að fjalla um út- og innflutning. (E)frkvstj-sala/þj, (E)forstö-flutnmið og/eða (E)forstö-sölu áttu svo fund 29. desember 2011 með stjórnendum Samskipa sem báru ábyrgð á bæði út- og innflutningi, (S)forstö-innfl1 og (S)forstö-útf1, sbr. nánar hér á eftir. Þá var á sama tíma umræða innan Eimskips um gjaldskrárbreytingar.⁴⁰⁰⁹
8111. Annan dag jóla árið 2011 skráði (E)frkvstj-sala/þj í dagbók sína: „Boða S-line á fund“.⁴⁰¹⁰ Átti að halda þennan fund með Samskipum 28. desember 2011 kl. 11:00-11:30.⁴⁰¹⁰ Gögn málsins sýna að (E)frkvstj-sala/þj, (E)forstö-sölu, (S)forstö-innfl1 og (S)forstö-útf1 hittust á fundi 29. desember 2011.⁴⁰¹¹ Einnig ræddi (E)frkvstj-sala/þj í síma við annaðhvort (S)forstö-innfl1 eða (S)forstö-útf1 þennan sama dag.⁴⁰¹² Atvik þennan dag voru nánar tiltekið eftirfarandi:

⁴⁰⁰⁶ Afritað tölvuskjal frá Eimskip. Fundargerð LIS import 12.12.2011. Vistuð á tölvudrifi Eimskips, síðast vistuð 19.12.2011, kl. 12:56. Samkvæmt skjalinu var fundargerðinni m.a. dreift til [...].

⁴⁰⁰⁷ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.898160.

⁴⁰⁰⁸ Afrituð dagbókarfærsla frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.34.122991.

⁴⁰⁰⁹ Afrituð dagbókarfærsla frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.34.766819.

⁴⁰¹⁰ Afrituð dagbókarfærsla frá Eimskip. Dagbók [...]. „Boða S-line á fund“. Bókað af [...] til sjálfs sín, dags. 26.12.2011. Fundur bókaður 28.12.2011 frá kl. 11:00-11:30. Doc. ID. 0.7.33.281787. Athuga ber að [...] var skv. dagbók í fríi 27.12.2011. Afrituð dagbókarfærsla frá Eimskip. Bókað af [...] til sjálfs sín, dags. 26.12.2011. Frí bókað 27.12.2011. Doc. ID. 0.7.34.766789.

⁴⁰¹¹ Afrituð dagbókarfærsla frá Samskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.934310.

⁴⁰¹² Afritaður tölvupóstur frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.34.123343.



8112. Þann 29. desember 2011 áttu sér stað eftirfarandi tölvupóstsamskipti:

- Kl. 12:19 sendi (E)frkvstj-sala/þj tölvupóst til (E)frkvstj-innanl, (E)viðsktstj, (E)lögfr og (E)forstö-vörubróun og afrit til (E)frkvstj-lögfr⁴⁰¹³, þar sem sagði: „[(S)forstö-innfl1] hjá Samskip getur hitt okkur í lok dags í dag, ca. kl.1600 kemst þú þá [(E)frkvstj-innanl]?”

- Kl. 12:20 áframsendi (E)frkvstj-sala/þj þennan tölvupóst aðeins til (E)forstö-flutnmið og (E)forstö-sölu með þessum skilaboðum:

„FYI, látum vita af hækun í leiðinni, hvað er hún mikil?“⁴⁰¹⁴

- Kl. 12:40 sendi (S)forstö-innfl1 tölvupóst til (E)frkvstj-sala/þj með fyrirsögninni „Fundur“, þar sem sagði einfaldlega: „Sælir. Ég er laus seinni partinn í dag og líka eftir kl. 11:00 á morgun til að hitta ykkur. Hvaða tími hentar ykkur?“. Samkvæmt þessu er ljóst að (S)forstö-innfl1 og (E)frkvstj-sala/þj höfðu áður átt samskipti um það sem þeir hugðust ræða á fundinum þennan dag.

- Kl. 12:51 svaraði (E)frkvstj-sala/þj tölvupósti (S)forstö-innfl1:

„Blessaður, kl. 15:00 hjá mér?

A) Uppgjör á vörugjöldum

B) Endurskoðunarákvæði í USA samningi“

- Kl. 12:58 framsendi (E)frkvstj-sala/þj svar (S)forstö-innfl1 til (E)frkvstj-innanl, (E)forstö-sölud-flþj, (E)forstö-vörubróun, (E)forstö-sölu og (E)forstö-flutnmið með þessari skýringu:

„[(S)forstö-innfl1] kemur sem sagt kl. 15.00 byrjum á vörugjöldunum ((E)frkvstj-innanl og (E)forstö-sölud-flþj) á ekki von á að það taki langan tíma, þá skiptum við (E)forstö-flutnmið og eða (E)forstö-sölu inná til að fara yfir lið B).“⁴⁰¹⁵

8113. Ljóst er að auk (S)forstö-innfl1 sat (S)forstö-útl fundinn með Eimskip fimmtudaginn 29. desember 2011. Í dagbókum bæði (S)forstö-innfl1 og (S)forstö-útl var bókaður fundur kl. 15:00 þann 29. desember 2011 með heitinu „Fundur með Eimskip, hjá Eimskip“. ⁴⁰¹⁶

8114. Hvorki Eimskip né Samskip veittu við upplýsingagjöf samkvæmt 19. gr. samkeppnislaga upplýsingar um þennan fund eða afhentu gögn sem gefa til kynna hvað rætt hafi verið á fundinum.⁴⁰¹⁷ Engin slík gögn bárust með athugasemdum fyrirtækjanna við AI eða AII. Um þýðingu þessa að lögum vísast til kafla 4.7.3. Við rannsókn Samkeppniseftirlitsins hefur ekki fundist fundargerð eða minnispointar sem teknir hafa verið saman á fundinum.

8115. Samtímagögn sýna hins vegar að á þessum fundi Samskipa og Eimskips var m.a. rætt um atriði tengd framkvæmd á Norður-Ameríku samningnum, sbr. framangreindan tölvupóst (E)frkvstj-sala/þj til (S)forstö-innfl1 og gögn sem reifuð verða hér á eftir, sbr. einnig kafla 16.

8116. Eins og rökstutt er í kafla 11 hafði „Nýtt upphaf“ verkefnið það að markmiði að raska samkeppni í skilningi 10. gr. samkeppnislaga. Samstarf Samskipa og Eimskips í sjóflutningum var hluti af „Nýtt upphaf“ verkefninu. Öll samskipti fyrirtækjanna þar sem unnið var eða rætt um „Nýtt upphaf“ verkefnið fóru því gegn 10. gr. samkeppnislaga, þ.m.t. þessi fundur 29. desember 2011.

⁴⁰¹³ Nefndir stjórnendur Eimskips höfðu áður átt löng tölvupóstsamskipti um uppgjör við Samskip á vörugjöldum vegna flutninga Eimskips fyrir Samskip á grundvelli samnings félaganna um flutninga til og frá N-Ameríku, sbr. afrituð tölvupóstsamskipti frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.34.123297.

⁴⁰¹⁴ Afritaðir tölvupóstar frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.827976.

⁴⁰¹⁵ Afritaðir tölvupóstar frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.828005.

⁴⁰¹⁶ Afrituð dagbókarfærsla frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.934310.

⁴⁰¹⁷ Sjá um brot Samskipa gegn 19. gr. samkeppnislaga í kafla 23.



8117. Til viðbótar gefur heildarmat á gögnum tengdum þessum fundi til kynna að ólögmætt samráð tengt verðlagningu hafi átt sér stað á honum. Skal nánar vikið að þessu.

8118. Sem fyrr segir kom þetta fram í tölvupósti (E)frkvstj-sala/þj rétt fyrir fundinn með (S)forstö-innfl1 og (S)forstö-útf1:

„látum vita af hækkun í leiðinni, hvað er hún mikil?“.

8119. Átti samkvæmt þessu að ræða við Samskip um fyrirhugaða almenna verðhækkun Eimskips, sbr. einnig nánar hér á eftir. Jafnframt er að mati Samkeppniseftirlitsins ljóst að á fundinum sammæltust Samskip og Eimskip um verðhækkun í samkomulagi sínu um flutninga til og frá Norður-Ameríku. Ljóst er að þessi hækkun var tengd við fyrirhugaða almenna verðhækkun Eimskips. Þetta sést af tölvupósti sem (E)frkvstj-sala/þj sendi til (E)forstj, (E)forstö-flutnmið, (E)forstö-sölu og (E)frkvstj-N-Am strax að afloknum fundinum en þar segir:

„In accordance with the contract filed last December (SCS 705) there is a window for negotiable adjustment in rates (Term 6J page 6) and we have come to agreement with Samskip that the rates in Term 5 on page 3 both REY/USA and USA/REY will be adjusted upwards with 4,0% as of first vessel in January.

Further ISPS and THC in ports of call in U.S. and Nova Scotia will increase in line with the general increase of 2,5% at the same time.”

Pls. file new contract (or adjustment to this one) accordingly.

I also want to emphasize what we discussed on the phone that we do only supply containers to them when available and that is accepted by both parties.”⁴⁰¹⁸

8120. Þessari hækkun Samskipa og Eimskips var síðan fylgt eftir, sbr. tölvupóst (E)forstö-sölu frá 30. desember 2011 til m.a. (E)frkvstj-sala/þj, (E)forstö-flutnmið og (E)frkvstj-N-Am, en þar segir: *„Just added, through Sharepoint, the new appendix for Samskip between IS and USA/CA. Valid from today both for East- and Westbound directions.”*⁴⁰¹⁹ Nýi viðaukinn um 4% hækkun á sjóflutningsgjaldi og 2,5% á þjónustugjöldum var í fylgiskjali.

8121. Rétt er að ítreka að rétt fyrir fundinn með Samskipum 29. desember 2011 sagði (E)frkvstj-sala/þj við (E)forstö-flutnmið og (E)forstö-sölu: *„látum vita af hækkun í leiðinni, hvað er hún mikil?“.* Sem fyrr segir hafði (E)frkvstj-sala/þj o.fl. innan Eimskips rætt um verðhækkanir dagana fyrir jól. Ljóst er að þann 28. desember 2011 hafði (E)frkvstj-sala/þj ákveðið að verð skyldi hækkað. Upplýsti hann í tölvupósti til samstarfsmanna þann 28. desember 2011 að verð Eimskips myndi hækka 1. janúar 2012: *„Eins og flest ykkar vita nú þegar hækkum við gjaldskrár okkar þann 1. janúar næstkomandi – meðfylgjandi er bréf sem við sendum út á viðskiptavini okkar í dag og ætti að berast þeim á morgun og föstudag.”* Einnig voru meðfylgjandi glærur um forsendur þessarar hækkunar. Tók (E)frkvstj-sala/þj fram að skjöl meðfylgjandi tölvupóstinum væru *„innan hússgögn og ekki ætluð til dreifingar út fyrir okkar hóp.”*⁴⁰²⁰ Í umræddu bréfi kom eftirfarandi fram:

„1. janúar 2012 munu gjaldskrár Eimskips taka eftirfarandi breytingum, sjóflutningsgjaldskrár hækka um 2,6% og þjónustugjöld á Íslandi um 4,9%”.

8122. Þann 2. janúar 2012 fengu Jónar vitneskju um þá hækkun sem fram kom í framangreindu bréfi Eimskips. Þennan dag sendi (S)starfsm-Jóna, deildarstjóri hjá Jónum, tölvupóst til m.a. (S)forstö-innfl1 og sagði:

⁴⁰¹⁸ Afritaður tölvupóstur frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.34.123343.

⁴⁰¹⁹ Afritaður tölvupóstur frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.34.123370.

⁴⁰²⁰ Afritaður tölvupóstur frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.826972.



„Eimskip hefur tilkynnt eftirfarandi hækkun frá 01.01.2012.

Sjóflutningsgjaldskrár hækka um +2,6% og þjónustugjöld á Íslandi hækka um +4,9%”

8123. Meðfylgjandi tölvupóstinum var skannað eintak af umræddu bréfi Eimskips til viðskiptavina.⁴⁰²¹ Í bréfinu kom fram að (E)frkvstj-sala/þj veitti nánari upplýsingar um þessa verðhækkun en sem fyrr segir sat hann fundinn með (S)forstö-innfl1 þann 29. desember 2011.

8124. Hér hefur mikla þýðingu hverju (S)forstö-innfl1 svaraði (S)starfsm-Jóna. Í svari (S)forstö-innfl1, sem aðeins var sent (S)starfsm-Jóna, sagði einfaldlega:

„Sælir

Síðan hækkaði gjaldskráin erlendis um 2,5%”⁴⁰²²

8125. Í bréfi Eimskips til viðskiptavina var hvergi minnst á þessa 2,5% hækkun sem (S)forstö-innfl1 tiltók. Eimskip hefur upplýst Samkeppniseftirlitið um að gjaldskráin erlendis hefði hækkað um 2,5%.⁴⁰²³ Bjó (S)forstö-innfl1 þannig yfir upplýsingum um verðhækkun Eimskips sem ekki kom fram í opinberri tilkynningu fyrirtækisins.

8126. Skömmu síðar sama dag, þ.e. 2. janúar 2012, sendi (S)forstö-innfl1 tölvupóst til (S)frkvstj-N-Am (afrit (S)forstö-útl):

„Við [(S)forstö-útl] hittum Eimskips menn fyrir helgi og ræddum verðhækkanir sem USA samningurinn okkar tekur um áramót. Niðurstaðan varð sú að ISPS og THC í USA/CA hækkar um 2,5% og sjóflutningsverðin hækka um 4%.“⁴⁰²⁴

8127. (S)frkvstj-N-Am svaraði samdægurs og sagði m.a. „Þurfum við þá ekki að hækka okkar Tariff?“.⁴⁰²⁵

8128. (S)forstö-innfl1 svaraði með skýrum hætti daginn eftir:

„Við munum hækka okkar tariff á næstu dögum.“⁴⁰²⁶

8129. Sýnir þetta að eftir samskiptin við Eimskip höfðu áform Samskipa um verðbreytingar breyst. Sem fyrr sagði hafði (S)forstö-innfl1 upplýst (S)forstj þann 17. október 2011 um að þjónustugjöld erlendis myndu hækka um 4% 1. febrúar 2012 en þjónustugjöld hér á landi og sjófrakt um 4% 1. ágúst 2012.

8130. Þessi breyting á áformum Samskipa, eftir samskiptin við Eimskip, sést einnig af eftirfarandi tölvupósti sem (S)forstö-innfl1 sendi þann 11. janúar 2012 til (S)frkvstj-N-Am:

„Við ætlum að senda út tilkynningu um hækkun á gjaldskrám erlendis á morgun. Hún mun hljóma svona:

Frá og með mánudeginum 16. janúar nk. munu þjónustugjaldskrár Samskipa á Íslandi og erlendis hækka um 4% að jafnaði og gjaldskrá sjóflutnings hækka um 3%. Ofangreindar hækkanir eru til þess að mæta kostnaðarhækkunum í rekstri.

Það er rými til að bæta við gjöldum eða hækka einhver ákveðin gjöld meira en 4%. Hefur þú eitthvað spáð í þetta?“⁴⁰²⁷

⁴⁰²¹ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.935032.

⁴⁰²² Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.935038.

⁴⁰²³ Afhent skjal frá Eimskip. Afhent 13.10.2017, liður 6.

⁴⁰²⁴ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.935099.

⁴⁰²⁵ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.935107.

⁴⁰²⁶ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.935210.

⁴⁰²⁷ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.938094.



8131. Daginn eftir sendi (S)frkvstj-N-Am tölvupóst til (S)forstö-innfl1: „Ég hækkaði einnig flutningsgjöldin á pers eff.⁴⁰²⁸ þar sem þjónustugj. eru innifalin og gjöldin eftirfarandi á direct service⁴⁰²⁹ only, \$3828/20ft \$4536/40ft.

Á ég ekki einnig að hækka sambærilega á bílana?

Einnig hækkaði ég ISPS 4%.⁴⁰³⁰

8132. (S)forstö-innfl1, sem hafði nýlega átt fund með lykilstjórnendum hjá Eimskip, gaf þannig yfirmanni Samskipa í Norður-Ameríku til kynna að það væri svigrúm eða „rými“ til að hækka verð enn frekar í flutningum milli Íslands og Norður-Ameríku. (S)frkvstj-N-Am skildi þessi skilaboð og greindi (S)forstö-innfl1 daginn eftir frá aðgerðum til að hækka verð enn frekar.

8133. Nokkru áður en gjaldskrárhækkun Samskipa tók gildi, eða þann 11. janúar 2012, tilkynnti (S)forstö-innfl1 (S)frkvstj-Færeyj, yfirmanni Samskipa í Færeyjum, um þessa fyrirhuguðu gjaldskrárhækkun Samskipa. Í tölvupósti sínum spurði (S)forstö-innfl1 einnig hvort Eimskip í Færeyjum hefði hækkað verð og hvort Samskip í Færeyjum hygðust hækka verð. Í svari (S)frkvstj-Færeyj kom eftirfarandi fram:

„We try our best to keep prices as they are and if possible to increase. If we increase our tariffs on THC, documentations and so on, we need to decrease freight prices because our total price is as high as we can get. We have been fighting for not loosing Havnar Timburhandil this year to Faroe Ship and it was very close this time. But I think we should look at the possibilities to increase some of the charges to smaller customers and customers without contract.⁴⁰³¹

8134. Samkvæmt þessu treysti yfirmaður Samskipa í Færeyjum sér ekki til verðhækkana, sér í lagi ekki gagnvart mikilvægum viðskiptavinum, á sama tíma og Samskip og Eimskip hækkuðu gjaldskrár sínar á Íslandi án ótta við viðbrögð hvors annars. Ekki er að sjá sambærilegan ótta á Íslandi í samtímagögnum Eimskips og Samskipa og átti við um Færeyjar. Er það til marks um „friðinn“ sem þau höfðu skapað með samráði hér á landi. Eins og fjallað hefur verið um endurspeglar framangreindur munur á viðbrögðum og háttsemi Samskipa og Eimskips hér á landi annars vegar og Færeyjum hins vegar það samráð sem Samskip og Eimskip höfðu með sér hér á landi.

8135. Þann 16. janúar 2012 hækkaði verð hjá Samskipum. Þjónustugjöld bæði á Íslandi og erlendis hækkuðu um 4% og sjófrakt hækkaði um 3%.⁴⁰³² Er ljóst að þessi ákvörðun um verðhækkun sem Samskip tóku, í kjölfar fundar með Eimskip, fól í sér breytingu á fyrri ákvörðun Samskipa (sbr. tölvupóst (S)forstö-innfl1 frá 17. október 2011). Var hækkunin víðtækari og fyrr á ferðinni en áður hafði verið ákveðið.

8136. Þann 26. janúar 2012 sendi (S)frkvstj-N-Am tölvupóst til (S)forstö-innfl1. Gefur tölvupósturinn til kynna að (S)frkvstj-N-Am hafi viljað ganga úr skugga um hvort það hefði ekki verið búið að ákveða að hækka sjófrakt gagnvart viðskiptavinum Samskipa í flutningum með skipum Eimskips milli Íslands og Norður-Ameríku.⁴⁰³³ Í tölvupóstinum segir:

„Sælir, hvernig var þetta, eigumn [svo] við ekki að hækka flutningsgjöldin með beina um 4%?“

8137. (S)forstö-innfl1 svaraði daginn eftir:

⁴⁰²⁸ „Personal effects“, búslóð eða aðrar persónulegar eigur einstaklinga.

⁴⁰²⁹ Direct service: Hér er átt við flutninga með skipum Eimskips beint milli Íslands og Norður-Ameríku.

⁴⁰³⁰ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.938660.

⁴⁰³¹ Afritaðir tölvupóstar frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.938323.

⁴⁰³² Afhent gagn frá Samskipum. Afhent þann 10.04.2015, fskj. 4 „Breytingar á gjaldskrár Samskipa vegna reglubundinna áætlunarsiglinga til og frá Íslandi“.

⁴⁰³³ Nefnt „beina“. Vísar til beinna flutninga milli Ísland og Norður-Ameríku. „Óbeinir“ flutningar eru TA flutningar og umskipað í Rotterdam.



„Já hækkum beina um 4%

Það þarf líka að hækka alla þá viðskiptavinum sem eru með filaða samninga á USA um 4%.

Getur þú sent mér yfirlit yfir þá og ég get þá sagt til um það ef einhverjir eigi ekki að hækka.“⁴⁰³⁴

8138. Samkvæmt þessu hækkuðu Samskip um 4% þá flutninga sem fóru með Norður-Ameríku skipi Eimskips en önnur sjófrakt, þ.e. vegna flutninga til og frá Evrópu, hækkaði um 3%. Ákváðu Samskip þannig að hækka verð fyrir sjóflutning frá Evrópu til Íslands um 3% eftir samskiptin við Eimskip þrátt fyrir að hækkun Eimskips gagnvart Samskipum hefði engin áhrif haft á þá flutninga.
8139. Hér ber að hafa í huga að kl. 12:20 þann 29. desember 2011 (þegar [\(E\)frkvstj-sala/þj](#) upplýsti [\(E\)forstö-flutnmið](#) og [\(E\)forstö-sölu](#) um að Samskip yrðu á fundi síðar um daginn og að þar yrði greint frá verðhækkun) hafði enginn samningur verið gerður milli Eimskips og Samskipa um verðhækkun í Norður-Ameríku samstarfinu. Var það m.a. efni fundar stjórnenda fyrirtækjanna síðar sama dag. Að mati Samkeppniseftirlitsins var [\(E\)frkvstj-sala/þj](#) með framangreindum ummælum um verðhækkun í tölvupóstinum kl. 12:20 augljóslega að vísa til almennrar hækkunar Eimskips á gjaldskrá, sbr. og tölvupóst hans til samstarfsmanna 28. desember 2011.
8140. Þá ber að horfa til þess að verðhækkun Eimskips var á þessum tíma ekki komin til framkvæmda og upplýsingar um hana ekki aðgengilegar opinberlega. Ella hefði verið óþarfi fyrir [\(E\)frkvstj-sala/þj](#) að „láta vita“ af henni á fundinum með Samskipum. Þegar framangreindur tölvupóstur [\(E\)frkvstj-sala/þj](#) fyrir fundinn með Samskip er virtur með tölvupósti hans, sem sendur var strax eftir fundinn, gefur það til kynna að á honum hafi m.a. verið rætt um almenna 2,5% hækkun á THC og ISPS gjöldum og hún tengd við hækkun í samningi fyrirtækjanna. Samkvæmt þágildandi samningi Samskipa og Eimskips um Norður-Ameríku flutninga, frá 9. desember 2010, áttu ISPS og THC gjöld að vera föst til 31. desember 2011 en taka eftir það breytingum í samræmi við breytingar Eimskips á umræddum gjöldum í gjaldskrá. Gerði samningurinn þannig ráð fyrir að umrædd gjöld myndu hækka sjálfkrafa í samræmi við hækkunir Eimskips. Með hliðsjón af þessu var ekki þörf á því að ræða eða semja um þessar hækkunir á fundi með Samskipum. Styður þetta þær ályktanir Samkeppniseftirlitsins að á fundi fyrirtækjanna 29. desember 2011 hafi verið rætt um almenna hækkun Eimskips á THC og ISPS gjöldum sem átti að taka gildi nokkrum dögum síðar, ekki eingöngu tengd samstarfi þeirra í Norður-Ameríku flutningum.
8141. Enn frekari stoð fyrir þessu er að finna í tölvupóstsamskiptum [\(S\)forstö-innfl1](#) og [\(S\)starfsm-Jóna](#) þann 2. febrúar 2012. Þegar [\(S\)starfsm-Jóna](#) nefndi þá hækkun sem greint var frá í bréfi Eimskips (og [\(E\)frkvstj-sala/þj](#) átti skv. bréfinu að veita nánari upplýsingar um) til viðskiptavina (2,6% hækkun á sjóflutningi og 4,9% hækkun á þjónustugjöldum á Íslandi) upplýsti [\(S\)forstö-innfl1](#) [\(S\)starfsm-Jóna](#) um 2,5% hækkunina á gjöldum erlendis. Upplýsingar um þá verðhækkun var ekki að finna í bréfi Eimskips til viðskiptavina og er engin vísbending í gögnum málsins um að vitneskja [\(S\)forstö-innfl1](#) um þetta hafi stafað frá öðru en viðræðum við Eimskip á fundinum með fyrirtækinu þann 29. desember 2011. Var það og í samræmi við fyrirætlun [\(E\)frkvstj-sala/þj](#) að greina [\(S\)forstö-innfl1](#) og [\(S\)forstö-útfl](#) frá umræddum hækkunum.
8142. Einnig ber að líta til þeirra breytinga sem urðu á áformum Samskipa um verðhækkun eftir samskiptin við Eimskip.
8143. Líta ber til þess að verðsamráð hafði áður átt sér stað á fundum [\(S\)forstö-innfl1](#) með stjórnendum hjá Eimskip, sbr. t.d. kafla 14.55.
8144. Vísast hér til umfjöllunar í kafla 4 í ákvörðun þessari um túlkun á 10. gr. samkeppnislaga. Að mati Samkeppniseftirlitsins fólu þessi samskipti Samskipa og Eimskips um fyrirhugaða verðhækkun í sér brot á bannreglu 10. gr. samkeppnislaga. Er það í samræmi við sátt Eimskips við Samkeppniseftirlitið

⁴⁰³⁴ Afritaðir tölvupóstar frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.943083.



þar sem viðurkennt er samráð við Samskip á þessum tíma um „*álagningu gjalda og aflsáttarkjör í flutningsþjónustu og um miðlun á mikilvægum verð- og viðskiptaupplýsingum*“.

8145. Þegar atvikin í árslok 2011 eru virt í samhengi við atvikin í janúar 2012 er það mat Samkeppniseftirlitsins að á fundi Samskipa og Eimskips 29. desember 2011 hafi ólögmaett samráð tengt verðlagningu átt sér stað þegar fyrirhugaðar verðhækkanir Eimskips voru ræddar. Að mati Samkeppniseftirlitsins drógu þessi samskipti lykilstjórnenda fyrirtækjanna um mikilvæg samkeppnismálefni úr óvissu og sjálfstæði keppinautanna. Gerði þetta Samskipum kleift að hækka einnig verð til sinna eigin viðskiptavina. (S)forstö-innfl1 gaf (S)frkvstj-N-Am það skýrlega til kynna þann 3. janúar 2012 að Samskip myndu hækka verð gagnvart eigin viðskiptavinum. Tölvupóstur (S)forstö-innfl1 til (S)frkvstj-N-Am þann 11. janúar 2012 dregur þetta allt skýrt fram. Samkvæmt honum tilkynnti (S)forstö-innfl1 að það væri fyrir hendi sérstakt „*rými*“ til að hækka þjónustugjöld gagnvart Norður-Ameríku viðskiptavinum. Að mati Samkeppniseftirlitsins var það samráð fyrirtækjanna sem bjó til þetta „*rými*“.

14.39.4. Verðhækkun tekur gildi

8146. Þær gjaldskrárhækkanir Samskipa og Eimskips, sem fjallað hefur verið um hér að framan, tóku gildi í janúar 2012. Eimskip hækkaði sjóflutningsgjaldskrá um 2,6% og þjónustugjöld á Íslandi um 4,9% þann 1. janúar 2012. Þann 16. janúar hækkuðu Samskip þjónustugjaldskrár á Íslandi og erlendis um 4% að jafnaði og gjaldskrá sjóflutnings um 3% fyrir flutninga milli Íslands og Evrópu. Í janúar 2012 hækkaði jafnframt gjaldskrá sjóflutnings frá Norður-Ameríku með beina skipi Eimskips um 4%.⁴⁰³⁵
8147. Fyrirtækin hækkuðu einnig verð á innanlandsflutningum í janúar og febrúar 2012. Verð Eimskips (flutningagjald, afgreiðslugjald og stykkjavörugjald) hækkaði um 4,9% 1. janúar og verð Samskipa um 4,0% 1. febrúar 2012.⁴⁰³⁶ Þá hækkaði einnig verð hjá báðum fyrirtækjum fyrir landflutning á fiski.⁴⁰³⁷ Átti einnig hjá landflutningum Eimskips að koma á skilagjaldi vegna flutnings á tómunum körum eða hækkun á afgreiðslugjaldi.⁴⁰³⁸

14.39.5. Hugað að frekari hækkunum og samskipti milli stjórnenda

8148. Gögn málsins sýna einnig að eftir framangreinda hækkun á gjaldskrá hófu Samskip og Eimskip undirbúning að frekari hækkunum. Jafnframt var rætt um aðgerðir til að tryggja að hækkanir sem þegar höfðu verið ákveðnar myndu skila sér.
8149. Hafa ber í huga að almennar gjaldskrárhækkanir Samskipa og Eimskips hækkuðu ekki eingöngu almenn einstök verð til viðskiptavina heldur leiddu þessar hækkanir til þess að samningar mikilvægra viðskiptavina, sem tóku mið af gjaldskrárbreytingum, hækkuðu einnig. Samkvæmt tölvupósti (S)viðskstj1 til (S)starfsm (afrit til (S)forstö-innfl1) voru það einungis samningar átta samningsbundinna viðskiptavina Samskipa í innflutningi sem tóku ekki almennum hækkunum á sjófrakt og sjóflutningsgjöldum. Ætla má að aðrir viðskiptavinir Samskipa hafi þá fallið þarna undir og gjaldskrárhækkanirnar náð til þeirra.⁴⁰³⁹
8150. Þann 3. janúar 2012 má sjá í fundargerðum sölu- og áætlunardeildar Eimskips (LIS) að rætt var um umrædda gjaldskrárhækkun um áramótin og að ekki mætti „*gleyma*“ að hækka viðmiðunarverð og verð gagnvart viðskiptavinum, sbr. eftirfarandi:

o „Gjaldskrárhækkuðu um áramót gleymum ekki að hækka ...

⁴⁰³⁵ Afritað tölvuskjal frá Samskipum. „*US tariff January 16. 2012.*“ Viðhengi við afritaðan tölvupóst frá Samskipum. „*Re: USA verð*“, dags. 27.01.2012, kl. 14:43. Doc. ID. 0.7.33.943418.

⁴⁰³⁶ Afhent skjal frá Eimskip. Afhent 23.03.2015, fskj. 3. Upplýsingar frá Eimskip um gjaldskrárbreytingar Flytjanda 2006-2015. Svarbréf Samskipa til Samkeppniseftirlitsins dags. 10.04.2015, bls. 7.

⁴⁰³⁷ Sjá umfjöllun í kafla 17.6 um atvik tengd landflutningum á fiski.

⁴⁰³⁸ Sjá umfjöllun um karagjald í kafla 14.54.1.

⁴⁰³⁹ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.938763.



- o ... okkar „mind set“
- o ... viðmiðunarverð
- o ... og ná fram hækkunum“. ⁴⁰⁴⁰

8151. Var þetta hækkunarverkefni Eimskips rætt á fundum LIS næstu vikurnar, a.m.k. til og með 13. febrúar 2012, sbr. umfjöllun hér síðar. ⁴⁰⁴¹ Vísast hér einnig til þess að á fundi innflutningsdeildar Eimskips þann 28. nóvember 2011 var lagt fram svokallað „verðlagsskjal“ hvar viðskiptastjórum bar að skrá og halda skipulega utan um hvaða viðskiptavinir tækju hækkunum og hverjir ekki. ⁴⁰⁴² Í fundargerð fundar innflutningsdeildarinnar frá 12. desember 2011 var áfram vísað til „verðhækkunarskjals“ sem átti að ljúka við „mjög fljótt“. ⁴⁰⁴³
8152. Þann 6. janúar 2012 sendi (E)frkvstj-innanli tölvupóst til Alcoa þar sem hann upplýsti að uppsöfnuð hækkunarþörf vegna landflutninga Eimskips fyrir Alcoa væri 22%. Lagði (E)frkvstj-innanli til við Alcoa að eldri landflutningasamningur yrði tekinn upp og gengið yrði frá nýjum landflutningasamningi. Í innanhússamskiptagögnum Eimskips tengdum þessum hækkunaráformum var ekki að greina ótta við samkeppni frá stærsta keppinautnum, Samskipum. ⁴⁰⁴⁴
8153. Hér skal rifjað upp að (E)frkvstj-sala/þj og (E)forstö-sölu funduðu vikulega um áherslur og verkefni líðandi stundar fyrir sölu- og áætlunardeild Eimskips (LIS). Samkvæmt fundargerð frá fundi þeirra í 2. viku 2012 (vistuð 9. janúar 2012) var rætt um áherslur ársins sem voru m.a. eftirfarandi:
- „Hækkun meðalsjóflutningagjalda“. ⁴⁰⁴⁵
8154. Samkvæmt fyrirbyggjandi fundargerðum frá fundum (E)frkvstj-sala/þj og (E)forstö-sölu var þessi áhersla tekin fyrir á hverjum fundi stjórnendanna a.m.k. fram til 23. október 2012. ⁴⁰⁴⁶ Hafa ber og í huga að (E)frkvstj-sala/þj hélt verkefnalista fyrir sig sjálfan. Á verkefnalista hans fyrir janúar 2012 var skráð verkefni fyrir vikulegan fund hans og (E)forstö-sölu með heitinu „Gjaldskrárhækkanir“. ⁴⁰⁴⁷ Er þetta í samræmi við önnur gögn Eimskips frá þessum tíma um áherslu á og framkvæmd verðhækkana gagnvart viðskiptavinum.
8155. Innanhússgögn Samskipa frá upphafi árs 2012 sýna einnig sömu áherslur og framkvæmd verðhækkana. Þann 9. janúar 2012 sendi viðskiptastjóri í útflutningi hjá Samskipum, (S)viðskstj, tölvupóst til (S)forstö-útfli og (S)forstö-flutnstj sem fjallaði um verðhækkun gagnvart mikilvægum viðskiptavinum Samskipa, HB Granda. Í tölvupóstinum setti (S)viðskstj nánar tiltekið fram tillögu að

⁴⁰⁴⁰ Afritað tölvuskjal frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.99366. Afritað tölvuskjal frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.101779.

⁴⁰⁴¹ Framangreinda fundi söluveildar Eimskips sátu [...]og viðskiptastjórar Eimskips en gögn málsins sýna að fundargerðum var dreift til m.a. [...]. Afritað tölvuskjal frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.889001. Afritað tölvuskjal frá Eimskip. „LIS exp_Fundargerð 2012_Vika 3.docx“. Vistað á sameiginlegu tölvudrifi Eimskips, síðast vistað 17.01.2012, kl. 15:36. Afritað tölvuskjal frá Eimskip. „LIS exp_Fundargerð 2012_Vika 4.docx“. Vistað á sameiginlegu tölvudrifi Eimskips, síðast vistað 24.01.2012, kl. 10:40. Afritað tölvuskjal frá Eimskip. „LIS exp_Fundargerð 2012_Vika 5.docx“. Vistað á sameiginlegu tölvudrifi Eimskips, síðast vistað 07.02.2012, kl. 10:11. Afritað tölvuskjal frá Eimskip. „LIS exp_Fundargerð 2012_Vika 7.docx“. Vistað á sameiginlegu tölvudrifi Eimskips, síðast vistað 13.0.2012, kl. 15:36.

⁴⁰⁴² Afritað tölvuskjal frá Eimskip. Fundargerð LIS import Eimskip 28.11.2011. Vistuð á tölvudrifi Eimskips, síðast vistuð 18.11.2011, kl. 16:09. Samkvæmt skjalinu var fundargerðinni m.a. dreift til: [...].

⁴⁰⁴³ Afritað tölvuskjal frá Eimskip. Fundargerð LIS import 12.12.2011. Vistuð á tölvudrifi Eimskips, síðast vistuð 19.12.2011, kl. 12:56. Samkvæmt skjalinu var fundargerðinni m.a. dreift til: [...].

⁴⁰⁴⁴ Afritaður tölvupóstur frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.830985. Afrituð tölvupóstsamskipti frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.830828.

⁴⁰⁴⁵ Afritað tölvuskjal frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.102828.

⁴⁰⁴⁶ Í tölvugögnum Eimskips hafa ekki fundist vistaðar fundargerðir eftir 43 viku árið 2012. Afritað tölvuskjal frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.102817. Afritað tölvuskjal frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.103221. Afritað tölvuskjal frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.103197. Afritað tölvuskjal frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.99100. Afritað tölvuskjal frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.103212. Afritað tölvuskjal frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.103849. Afritað tölvuskjal frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.102700. Afritað tölvuskjal frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.100441. Afritað tölvuskjal frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.102651. Afritað tölvuskjal frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.98892. Afritað tölvuskjal frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.101516.

⁴⁰⁴⁷ Afritað tölvuskjal frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.180922. Afritað tölvuskjal frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.193717.



verðhækkun og spurði hvort þetta væri „of gróf hækkun“. Tveimur dögum síðar svaraði (S)forstö-
útfli undirmanni og gaf þessi fyrirmæli:

„Þetta er í lagi, sendu þetta á þá.“⁴⁰⁴⁸

8156. Leggja verður til grundvallar að viðskiptastjórar hjá Samskipum hafi haft ágæta þekkingu á verðlagningu fyrirtækisins gagnvart viðskiptavinum sem þeir höfðu umsjón með. Í þessu tilviki liggur fyrir að áhyggjur (S)viðskstj af mögulega „of grófrí“ hækkun gagnvart mikilvægum viðskiptavinum hafði engin áhrif á yfirmann hans. Rétt er að hafa hér í huga að Samskip treystu sér á árinu 2011 til þess að bjóða einum stærsta viðskiptavinum sínum (Húsasmiðjunni) verð sem hann varð „sjokkeraður“ yfir, sbr. kafla 14.34.5. Endurspeglar þetta að samráðið dró úr allri óvissu hjá stjórnendum Samskipa og Eimskips á þessum tíma.
8157. Bæði Eimskip og Samskip innheimtu af viðskiptavinum svokallað „Collection“ gjald í sjóflutningum. Í gögnum Samskipa má sjá þetta gjald útskýrt þannig að um væri að ræða „álagningu Samskipa á forflutning og þjónustugjöld erlendis.“⁴⁰⁴⁹ Engin ástæða er til að ætla annað en að þetta hafi líka verið inntak þessa tekjuliðar hjá Eimskip.
8158. Í fundargerð sölu- og áætlunardeildar Eimskips, dags. 9. janúar 2012, kemur fram að rætt hafi verið um að (E)viðskstj3 kannaði „Collection fee og afslætti því tengdu“. Í þessu sambandi er jafnframt vísað til verkefnalista (E)frkvstj-sala/þj og fundargerða af vikulegum fundum hans með (E)forstö-sölu. Á verkefnalista (E)frkvstj-sala/þj frá desember 2011 til loka febrúar 2012 var undir liðnum „(E)forstö-sölu“ að finna verkefnið: „Collection fee“ eða „Collection fee afslættir“.⁴⁰⁵⁰ Greinilegt er af verkefnalistunum að þetta verkefni var í höndum (E)forstö-sölu innan Eimskips (yfirmaður sölu- og áætlunardeildar LIS). Er það í samræmi við gögn málsins en „Collection fee“ var rætt á vikulegum fundum (E)frkvstj-sala/þj og (E)forstö-sölu samkvæmt fyrirliggjandi fundargerðum frá febrúar 2012 til a.m.k. október 2012. Var þetta rætt á fundunum undir liðnum „Áherslur 2012“.
8159. Sömu áherslur er að finna í skjölum Samskipa árið 2012 en þar kom fram sú stefnumörkun (S)forstö-innfl1 til undirmanna að ekki ætti að veita afslátt af collection fee-gjaldinu.⁴⁰⁵¹
8160. Með sama hætti og samráðið skapaði svigrúm fyrir Eimskip og Samskip til að hækka verð í gjaldskrá og gagnvart mikilvægum viðskiptavinum veitti það fyrirtækjunum færi til að minnka eða afnema afslætti gagnvart viðskiptavinum. Ber einnig að virða þetta í samhengi við m.a. annað samráð sem tengist afslætti fyrirtækjanna, sbr. kafla 14.56.
8161. Þann 15. janúar 2012 var á verkefnalista, sem var vistaður í tölvupósthólfi (E)forstö-sölu, að finna verkefni vikunnar hjá honum og (E)frkvstj-sala/þj. Á þeim verkefnalista var verkefnið „Vegvísir LIS 2012“ tilgreint í forgangi. Líkt og áður hefur komið fram innihélt Vegvísirinn markmið fyrir 2012 og voru þar m.a. lagðar línur um að hækka verð gagnvart viðskiptavinum árið 2012.
8162. Þann 17. janúar 2012 fengu viðskiptastjórar og þjónustustjórar Samskipa í útflutningi tölvupóst frá tekjueftirliti Samskipa þar sem áréttað var að nýhækkun gjaldskrá skyldi notuð við tilboðsgerð til viðskiptavina.⁴⁰⁵² Í þessari sömu viku hafði innan Eimskips sömuleiðis verið áréttað á fundi LIS-útflutningsdeildar að starfsmenn skyldu ná fram gjaldskrárhækkunum gagnvart viðskiptavinum.⁴⁰⁵³ Algjört samræmi er í gögnum fyrirtækjanna hvað þetta varðar. Hér ber að rifja upp að í fundargerð

⁴⁰⁴⁸ Afrituð tölvupóstsamskipti frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.1108805.

⁴⁰⁴⁹ Afritað tölvuskjal frá Samskipum. „Innflutningur – Rekstraráætlun 2013“. Viðhengi við afritaðan tölvupóst frá Samskipum. „Ný útgáfa af kynningu innflutningsdeildar“, dags. 11.10.2012, kl. 15:04. Bls. 7 neðst. Doc. ID. 0.7.33.1018272.

⁴⁰⁵⁰ Afritað tölvuskjal frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.190916.

⁴⁰⁵¹ Afritað tölvuskjal frá Samskipum. „Innflutningur – Rekstraráætlun 2013“. Viðhengi við afritaðan tölvupóst frá Samskipum. „Ný útgáfa af kynningu innflutningsdeildar“, dags. 11.10.2012, kl. 15:04. Bls. 13 ofarlega. Doc. ID. 0.7.33.1018272.

⁴⁰⁵² Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.1110194.

⁴⁰⁵³ Afritað tölvuskjal frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.893511.



LIS 3. janúar 2012 var augljóslega fjallað um að tryggja yrði rétt „mind set“ hjá deildinni til að ná fram verðhækkunum. Sýnir þetta áframhald þeirrar vinnu.

8163. Dagana 18. og 19. janúar 2012 áttu (S)forstö-útfli, (S)forstö-flutnstj, (E)frkvstj-innanl og (E)deildstj-útfli í tölvupóstsamskiptum vegna fundar þeirra sem var haldinn hjá Eimskip 20. janúar 2012. Fundur þessi varðaði a.m.k. þann þátt í „Nýtt upphaf“ verkefninu sem tengist samráði í skipafgreiðslu, sbr. kafla 19. (E)frkvstj-innanl framsendi einnig þessi samskipti við starfsmenn Samskipa á (E)frkvstj-lögfr.⁴⁰⁵⁴
8164. Dagana 27. janúar og 10. febrúar 2012 voru að frumkvæði (E)forstö-sölu haldnir fundir með viðskiptastjórum Eimskips í sölu- og áætlunardeild þar sem farið var yfir og kynntur áður nefndur „Vegvísir 2012“ með m.a. fyrirmælum um áherslu á verðhækkanir gagnvart viðskiptavinum Eimskips í sjóflutningum til og frá Íslandi.⁴⁰⁵⁵ Daginn fyrir fundinn 27. janúar 2012 vistaði (E)forstö-sölu glærुकyninguna „Liner Sales (LIS) - Vegvísir 2012“.⁴⁰⁵⁶ Gerð er grein fyrir þessari glærुकyningu í kafla 14.38.4.2. Minna má hins vegar á að á glærunum sem bera heitið „Helstu verkefni LIS 2012“ kom þetta fram:
- „Hækkun meðalsjóflutningsgjalda, allar stefnur“, þ.e. hækkun bæði í inn- og útflutningi
- „Uppskipun: Fara úr 50% afslætti í 40-45%?“
- Fækka frídögum í gámaleigu (þ.e. í raun að hækka verð)
8165. Gefa þessi gögn m.a. til kynna áframhald á þeirra vinnu að tryggja að það yrði rétt „mind set“ hjá deildinni til að ná fram verðhækkunum.
8166. Þann 26. og 27. janúar 2012 áttu (S)forstö-innfl1 og (S)frkvstj-N-Am í tölvupóstsamskiptum. Beindi (S)forstö-innfl1 því til (S)frkvstj-N-Am að tryggja að verð hjá mikilvægum samningsbundnum viðskiptavinum í Norður-Ameríku flutningum yrði hækkað um 4% í samræmi við gjaldskrárhækkanir sem tóku gildi í upphafi ársins, sbr. umfjöllun hér að framan. Í glærुकyningu sem (S)forstö-innfl1 sendi til (S)starfsm 24. janúar 2012 var m.a. „Gjaldskrárhækkun“ tilgreind sem áfangi innflutningsdeildar.⁴⁰⁵⁷ Hér má einnig líta til þess að (S)forstö-innfl1 sendi þann 15. desember 2011 tölvupóst með heitinu „Hækkun á Húsasmiðjuna“ til viðskiptastjóra hjá Samskipum. Í tölvupóstinum kemur fram: „Við verðurm að muna eftir því í sameiningu að hækka á Húsasmiðjuna um áramót. Öll gjöld eiga að hækka í samningnum.“ Í samræmi við þetta sendu Samskip upplýsingar til Húsasmiðjunnar 2. janúar 2012 um verðhækkanir vegna flutninganna.⁴⁰⁵⁸
8167. Þann 31. janúar 2012 var vistuð fundargerð frá fundi (E)frkvstj-sala/þj og (E)forstö-sölu. Samkvæmt fundargerðinni var á fundinum rætt um áherslur fyrir árið 2012, þar sem fram kom m.a.: „Hækkun meðalsjóflutningsgjalda“.
8168. Sem fyrr segir funduðu (E)frkvstj-sala/þj, (E)forstö-sölu, (S)forstö-innfl1 og (S)forstö-útfli þann 29. desember 2011. Á þeim fundi átti sér stað verðsamráð og fyrirtækin sammæltust um tiltekna breytingu á hinu ólögsmæta samkomulagi sínu um flutninga til og frá Norður-Ameríku. Í janúar/febrúar 2012 voru (E)frkvstj-sala/þj og (E)forstö-sölu aftur í samskiptum við (S)forstö-innfl1 vegna Norður-Ameríku- og gámsamstarfs fyrirtækjanna:
- (S)forstö-innfl1 sendi þann 20. janúar 2012 tölvupóst til (E)frkvstj-sala/þj: „Ég var að velta einu fyrir mér varðandi USA samninginn. Skv. honum greiðum við 40% af frakt verðum fyrir tóma

⁴⁰⁵⁴ Afritaður tölvupóstur frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.836664.

⁴⁰⁵⁵ Afrituð dagbókarfærsla frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.342048. Afrituð dagbókarfærsla frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.342791.

⁴⁰⁵⁶ Afritað tölvuskjal frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.97953.

⁴⁰⁵⁷ Afritað tölvuskjal frá Samskipum. „Innfl. kynning des“. Viðhengi við afritaðan tölvupóst frá Samskipum. „Kynningin“, dags. 24.01.2012, kl. 12:32. Doc. ID. 0.7.33.942060.

⁴⁰⁵⁸ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...]



gáma. Nú þurfum við að koma nokkrum gámum af tómum körum til baka til Íslands. Munum við ekki fá tómgámaverð á gáma með tómum fiskikörum? Heyri frá þér." (E)frkvstj-sala/þj svarar að bragði um klukkustund síðar: „hvað eru þetta margir gámar? Tóm kör frá USA ekki eruð þið að flytja ferskan fisk þangað?"⁴⁰⁵⁹ Sendi (E)frkvstj-sala/þj afrit af þessum tölvupósti til (E)forstö-sölu.⁴⁰⁶⁰

- Ljóst er af svari (E)frkvstj-sala/þj að í tölvupósti (S)forstö-innfl1 voru Eimskip veittar mikilvægar upplýsingar. Gætir undrunar í spurningu (E)frkvstj-sala/þj um hugsanlegan útflutning Samskipa á ferskum fiski og sá hann ástæðu til að senda yfirmanni útflutningsdeildar Eimskips ((E)forstö-sölu) afrit af þessum samskiptum. Viðbrögð (S)forstö-innfl1 gefa til kynna að hann hafi séð eftir því að hafa veitt Eimskip þessar upplýsingar. Framsendi hann tölvupóst (E)frkvstj-sala/þj til (S)frkvstj-N-Am og spurði: „Hvernig svorum við thessu?“
- (S)frkvstj-N-Am svarar síðar sama dag: „Nei mikið rétt hjá [(E)frkvstj-sala/þj], það erum við ekki að gera. Verðum við ekki bara að segja honum að ef hann samþykki að taka þetta í okkar tómu Rf gámum þá megi hann vænta þess að fá einnig eitthvað af þessum körum í dc. gámum á fullu verði, en ef hann gengur ekki að þessu þá verði engvir [svo] flutningar, hvorki á 60% afslætti né fullu gjaldi. Köllum þetta frosinn beitufisk til að leiða hann frá JHS.“⁴⁰⁶¹
- (S)forstö-innfl1 svaraði (E)frkvstj-sala/þj þann 23. janúar 2012: „Mikið rétt, fiskurinn yrði ekki mjög ferskur. Þetta er einhver frosinn beitufiskur. Við þurfum síðan að koma körunum til Íslands. Það er óvíst með magnið, en gæti alveg farið í 2-3 gáma í ferð. Þetta er samt ekkert í hendi í dag.“⁴⁰⁶²
- (S)frkvstj-N-Am spurði (S)forstö-innfl1 síðar sama dag hvort (E)frkvstj-sala/þj hefði svarað: „Hvað sagði [(E)frkvstj-sala/þj]?“⁴⁰⁶³
- Þann 26. janúar 2012 sendi (S)forstö-innfl1 tölvupóst til (E)frkvstj-sala/þj ásamt afriti til (E)forstö-sölu og spurði hvort hann hefði náð að skoða framangreinda beiðni um flutning á tómum fiskikörum. (E)forstö-sölu svaraði um hæl og kvaðst ætla að hringja í (S)forstö-innfl1 síðar sama dag.⁴⁰⁶⁴ Gefa gögn málsins því til kynna að (E)frkvstj-sala/þj hafi falið (E)forstö-sölu að ljúka þessu máli gagnvart Samskipum. Sést þetta einnig af tölvupóstum sem (E)forstö-sölu og (S)forstö-innfl1 sendu hvor öðrum þann 30. janúar 2012 og kváðust báðir hafa verið að reyna að hringja í hvorn annan.⁴⁰⁶⁵
- Þann 7. febrúar 2012 áttu eftirfarandi samskipti sér stað milli (E)forstö-sölu og (S)forstö-innfl1:
 - Tölvupóstur (E)forstö-sölu til (S)forstö-innfl1: „Já hef aðeins verið að klóra mér í kollinum yfir þessu. Kannski fyrsta lagi hver er að senda kör yfir vitandi það að þau þurfa að fara til baka? Er engin önnur leið en þessi? Þess vegna hef ég ekki komist að annarri niðurstöðu en að þetta séu fullir gámar þar sem ekki er hægt að nýta þá undir annað. Þar af leiðir fullt gjald.“
 - Svar (S)forstö-innfl1: „Takk fyrir svarið. Þið getið auðvitað ekki nýtt tómu gámana okkar undir neitt annað. Þú sérð örugglega í kerfinu hjá þér að í gegnum árin höfum við annað slagíð verið að flytja tóma gáma til baka og þá á 40% verði. Það er alveg rétt hjá þér að það má alveg skilgreina þessa gáma sem fulla, en fyrst það er niðurstaðan þá verður ekkert að þessu. Dæmið

⁴⁰⁵⁹ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.941250.

⁴⁰⁶⁰ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.941331.

⁴⁰⁶¹ Afritaðir tölvupóstar frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.941403.

⁴⁰⁶² Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.941617.

⁴⁰⁶³ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.941723.

⁴⁰⁶⁴ Afritaðir tölvupóstar frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.942746.

⁴⁰⁶⁵ Afritaðir tölvupóstar frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.944258.



gengur ekki upp ef það þarf að greiða fullt gjald fyrir körin. Ekkert mál, en það hefði verið fínt fyrir báða að fá þennan business."

- Svar (E)forstö-sölu: „En hvað þarftu til að þetta gangi upp bara svo ég viti það? Og er enginn leið að færa þetta yfir hafið í öðrum „boxum“?”
- Svar (S)forstö-innfl1: „Okkur er nokkuð sama hvaða boxum þetta fer í. Við erum oft að enda með of mikið af reefer gámum í USA/CA. Þælingin var að henda þessum körum í þá. Þetta var að ganga ca upp miðað við tómgámaverðin. Ef þið eruð með einhverja aðra gáma sem þið vilduð nota undir þetta þá gæti það líka verið í lagi. Láttu mig endilega vita ef þú ert með einhverja aðra lausn og hvað hún myndi þá kosta.”
- Svar (E)forstö-sölu: „Til hamingju með nýja yfirmanninn, ágætur maður þar á ferð.⁴⁰⁶⁶ Svo við klárum þetta mál getum við þá ekki lokað því þannig að þetta fari á 50% verði. Þú nærð ekki að bera 100% kostnað en 40% finnst mér lágt en tilbúinn að horfa í gegnum fingur mér með 50%. Segi því eins og Þórhallur miðill; ertu sáttur svona?”
- Svar (S)forstö-innfl1: „Já vonandi er þetta finn gaur. Þekki hann ekki neitt, en mér líst bara vel á hann. Erum við þá að segja að þessi kafli gildi, nema hvað við séum að tala um 50% í stað 40%. [...] þetta ætti að geta gengið svona. Ég keyri málið áfram og læt vita þegar af þessu verður. Þið þurfið þá örugglega að fæla þessi kara verð hjá FMC.”
- Svar (E)forstö-sölu: „Ok flott klárum þetta á 50%, fer yfir það með mínum fulltrúa gagnvart FMC.”⁴⁰⁶⁷
- (S)forstö-innfl1 sendi síðan tölvupóst til (S)frkvstj-N-Am og upplýsti um niðurstöðuna: „Hér kemur þetta. Eimu fallast á 50% afslátt og ekkert BAF”⁴⁰⁶⁸

8169. Á fyrri hluta ársins 2012 ræddu Eimskip og Samskip einnig saman um TA flutninga frá Norður Ameríku til Evrópu. Þann 7. mars 2012 sendi (E)starfsm, starfsmaður Eimskips í Bandaríkjunum, tölvupóst til (S)frkvstj-SIL2. Vísaði hann til símtals þeirra og sendi honum upplýsingar um flutninga frá Boston til ýmissa hafna í Evrópu. Daginn eftir sendi (E)starfsm annan tölvupóst til (S)frkvstj-SIL2 og gaf honum upp verð á flutningi frá Boston til m.a. Rotterdam og Árósa og sagði síðan: „I look forward to discussing this with you in Boston and hope that we can partner together on these lanes.” (S)frkvstj-SIL2 framsendi þessi samskipti við Eimskip til (S)forstö-útfll þann 12. mars 2012.⁴⁰⁶⁹
8170. Framangreind gögn frá (S)forstö-innfl1 og (E)forstö-sölu endurspegla ólögmeitt samráð Samskipa og Eimskips í sjóflutningum og gámanotkun. Eins og ítrekað hefur komið fram voru þetta atriði sem féllu undir „Nýtt upphaf” verkefnið en það verkefni hafði það að markmiði að raska samkeppni í skilningi 10. gr. samkeppnislaga. Sýna gögnin að Eimskip og Samskip komu sér saman um breytingu á Norður-Ameríku samningnum. Þá er í samskiptunum ekki að finna hik á hlutaðeigandi stjórnendum en framangreind samtímagögn eru talin skýr vísbending um skeytingarleysi stjórnenda Eimskips og Samskipa varðandi þá staðreynd að engin undanþága skv. 15. gr. samkeppnislaga var í gildi fyrir samstarfinu. Tölvupóstsamskiptin frá mars 2012 sýna umræðu um aukið samstarf sem átti tengjast TA flutningum. Ekki er hins vegar ljóst hvort þessi samvinna komst til framkvæmda.
8171. Þann 6. febrúar 2012 tilkynnti skrifstofa Eimskips í Helsingborg í Svíþjóð (E)forstö-sölu og (E)forstö-flutnmið (afrit til (E)frkvstj-Svíþj yfirmanns Eimskips í Svíþjóð) að þann 15. febrúar sama ár myndi verð á heilgámaflutningum (FCL) vegna aksturs í Svíþjóð hækka. (E)forstö-sölu var ekki sáttur við

⁴⁰⁶⁶ [...] hafði hætt störfum hjá Samskipum og [...] hafið störf sem framkvæmdastjóri millilandasviðs.

⁴⁰⁶⁷ Afritaðir tölvupóstar frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.947560.

⁴⁰⁶⁸ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.947605.

⁴⁰⁶⁹ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.1120885.



Þessa hækkun og í rökræðum við (E)frkvstj-Svíþj um þetta má sjá m.a. neðangreind ummæli hans (afrit til (E)frkvstj-sala/þj og (E)forstö-flutnmið):

„Ætla ekki að fara í frekari rökræður með þetta og ekki skilja mig að ég sé í leit að rangfærslum. Staðan er hins vegar þessi:

****** Framlegð okkar á for- og áframflutningi erlendis hleypur á tuqum prósentu (það vita viðskiptavinir reyndar ekki)*

****** Viðskiptavinir kvarta svo stöðugt yfir háum erlendum kostnaði sem við vitum auðvitað að er tvíþættur:*

o For- og áframflutningur

o THC kostnaður

****** Síðan er það svo að félagasamtök eins og Samtök atvinnulífsins eru farin að boða félaga á fund til að finna leiðir til lækkunar á flutningskostnaði. Snýr vissulega meira að LCL flutningum. Ráðgjafi inn á síðasta fund var fyrrum starfsmaður ((S)forstö-flutnstj) Samskipa og rekur fyrirtækið Netspor ásamt öðrum ráðgjöfum. Þarna er á ferðinni maður sem þekkir flutninga.*

****** Óhætt að segja að málið sé mjög alvarlegt og væri t.d. ekkert sérstakt að fá takmarkað upplýstan fjölmiðlamann í málið*

****** Síðan það að menn eins og þessi [youtube myndband] geti skapað sér rými í markaðnum segir allt sem segja þarf*

****** Málið snýr hins vegar ekki að Svíþjóð heldur á það heildstætt við um okkur og er verkefni ársins 2012 fyrir okkur öll⁴⁰⁷⁰.*

8172. Þessi tölvupóstur (E)forstö-sölu er dæmi um að stjórnendur Eimskips eða Samskipa höfðu stundum áhyggjur af því að fyrirtækin væru að ganga of langt í verðhækkunum sínum. Það gæti ofboðið viðskiptavinum, kallað á athygli fjölmiðla og/eða skapað möguleika á því að nýir keppinautar gætu hafið starfsemi og þar með aukið samkeppni. Hér má t.d. rifja upp að þann 6. október 2011 kom upp ágreiningur milli (S)frkvstj-innanl og (S)forstö-innfl1 um fyrirhugaðar verðbreytingar. Sá ágreiningur snerist ekki um að auka samkeppni með lægri verðum heldur um hversu miklar verðhækkanir viðskiptavinir gætu „tekið við“ eða myndu „þola“. Taldi (S)forstö-innfl1 tillögur (S)frkvstj-innanl fela í sér „svakalega hækkun“ (12-17% verðhækkun) sem ekki væri raunhæf. Hér ber einnig að horfa til glærुकyningarinnar „Liner Sales (LIS) - Vegvísir 2012“ sem (E)forstö-sölu vistaði 26. janúar 2011. Sýnir hún að (E)forstö-sölu taldi „hóflugar hækkunir“ í hvert sinn skila mestum árangri. Sú aðferðafræði væri trúverðug, stuðlaði að trausti og myndi tryggja að „allir taki hækkunum“. Ljóst er að (E)forstö-sölu taldi umrædda hækkun í Svíþjóð ekki í samræmi við þessa aðferðafræði hans.
8173. Þann 7. febrúar 2012 héldu (E)frkvstj-sala/þj og (E)forstö-sölu vikulegan fund sinn. Samkvæmt fundargerðinni var á fundinum rætt um áherslur fyrir árið 2012, þar sem, líkt og áður, kom fram:
- „Hækkun meðalsjóflutningsgjalda“*
8174. Sama dag var fundur (E)forstö-sölu með undirmönnum í útflutningsdeild. Samkvæmt fundargerð var á fundinum rætt um áherslur 2012, sem m.a. sneru að því að ná fram verðhækkunum gagnvart viðskiptavinum.⁴⁰⁷¹
8175. Gögn málsins sýna að Samskip á Íslandi hafi 8. febrúar 2012 hækkað verð hjá erlendum skrifstofum Samskipa vegna svokallaðs biðgjalds (e. demurrage charge). (S)forstö-útfll gaf fyrirmæli um

⁴⁰⁷⁰ Afritaður tölvupóstur frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.34.126143. Sjá einnig samskipti [...] um sama efni. Doc. ID. 0.7.33.727798.

⁴⁰⁷¹ Afritað tölvuskjal frá Eimskip. „LIS exp_Fundargerð 2012_Vika 5.docx“. Vistað á sameiginlegu tölvudrifi Eimskips, síðast vistað 07.02.2012, kl. 10:11.



framkvæmd hækkunarinnar.⁴⁰⁷² Síðar á árinu 2012 skipulagði (S)forstö-innfl1 að taka upp biðgjald í landflutningum hérlendis. Kom sú hækkun, ásamt öðrum verðhækkunum Samskipa, til framkvæmda 1. febrúar 2013, sbr. umfjöllun hér síðar. Í tengslum við upptöku gjaldsins talaði (S)forstö-innfl1 um að bæta „*texta smekklega*“ inn í þjónustugjaldskrá Samskipa um hið nýja gjald. Gaf hann jafnframt þau fyrirmæli að ekki ætti að tilkynna þessa hækkun til viðskiptavina.⁴⁰⁷³

8176. Sem fyrr sagði funduðu (E)frkvstj-innanl, (E)deildstj-útfll, (S)forstö-flutnstj og (S)forstö-útfll þann 20. janúar 2012. Samkvæmt gögnum málsins hittust eftirfarandi stjórnendur Samskipa og Eimskips í febrúar 2012:

- (E)frkvstj-innanl og (S)frkvstj-innanl hittust á fundi hjá SVÞ 10. febrúar 2012, sbr. kafla 13.
- Þann 17. febrúar 2012 funduðu (E)frkvstj-innanl og (S)forstö-útfll. Á þessum fundi var a.m.k. fjallað um þann þátt hins samfellda samráðs sem varðaði skipaafgreiðslu, sbr. kafla 19.
- Þann 24. febrúar 2012 funduðu (E)frkvstj-innanl og (S)forstö-útfll á ný. Á þessum fundi var a.m.k. fjallað um þann þátt hins samfellda samráðs sem varðaði skipaafgreiðslu, sbr. kafla 19.

8177. Í þessu samhengi er nauðsynlegt að líta til þess að í janúar og febrúar 2012 vann Eimskip að framkvæmd verðhækkunar vegna flutnings á fiski (um 11%).⁴⁰⁷⁴ (E)frkvstj-innanl var framkvæmdastjóri landflutninga Eimskips. Þá má jafnframt sjá af áætlunum Samskipa fyrir árið 2012 að unnið var að framkvæmd 7% verðhækkunar á flutningi á fiski.⁴⁰⁷⁵ (S)frkvstj-innanl var framkvæmdastjóri landflutninga og (S)forstö-útfll sem forstöðumaður útflutningsdeildar kom einnig að flutningi á fiski. Fyrirliggjandi eru áður nefnd gögn um samskipti Eimskips og Samskipa á þessum tíma. Verðhækkunarir vegna flutnings á fiski gengu eftir. Nánar er fjallað um atvik tengd flutningum á fiski í kafla 17. Saman endurspeglar þessi gögn samráð Samskipa við Eimskip á þessum tíma.

8178. Sem fyrr segir sendi (S)viðskstj 9. janúar 2012 tölvupóst til (S)forstö-útfll og fjallaði um verðhækkun gagnvart mikilvægum viðskiptavinum Samskipa, HB Granda. Í tölvupóstinum setti (S)viðskstj fram tillögu að verðhækkun og spurði hvort þetta væri „*of gróf hækkun*“. (S)forstö-útfll svaraði: „*þetta er í lagi, sendu þetta á þá.*“ Þann 13. og 14. febrúar 2012 áttu (S)forstö-útfll og (S)viðskstj á ný í samskiptum um HB Granda. Í tengslum við beiðni þessa mikilvæga viðskiptavinar um betri kjör var rætt um að hækka verð umtalsvert gagnvart honum.⁴⁰⁷⁶

8179. Þann 28. febrúar 2012 héldu (E)frkvstj-sala/þj og (E)forstö-sölu vikulegan fund sinn. Samkvæmt fundargerð var á fundinum enn á ný rætt um áherslur fyrir árið 2012, þar sem, líkt og áður kom fram:

„*Hækkun meðalsjóflutningsgjalda*“

8180. Framangreind samtímagögn frá fyrri hluta árs 2012, virt með öðrum gögnum, sýna hvernig framkvæmd verðhækkana Samskipa og Eimskips gagnvart viðskiptavinum gat farið fram án nokkurs ótta um viðbrögð helsta keppinautarins við verðhækkunum. Endurspeglar þetta hið ólögmeta samráð sem Eimskip hefur viðurkennt að hafi verið fyrir hendi á þessum tíma.

14.39.6. Samantekt

8181. Hér ber að rifja upp að bæði Samskip og Eimskip hækkðu verð sumarið 2011. Samtímagögn sýna að fyrirtækin töldu að umtalsverður tekjuauki myndi nást fram með þeim hækkunum. Gögnin sýna

⁴⁰⁷² Afrituð tölvupóstsamskipti frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.1114696.

⁴⁰⁷³ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.1160110.

⁴⁰⁷⁴ Sbr. fundargerð Eimskips fyrir janúar og febrúar 2012. Afritað tölvuskjal frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.860662.

⁴⁰⁷⁵ Afritað tölvuskjal frá Samskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.908857.

⁴⁰⁷⁶ Afritaðir tölvupóstar frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.1115224.



einnig að í ágúst – desember 2011 lögðu bæði fyrirtækin samhliða áherslu á frekari verðhækkunir, bæði á almennu verði og gagnvart mikilvægum viðskiptavinum.

8182. Þrátt fyrir að verðhækkun Samskipa sumarið 2011 leiddi til þess að rauntekjur í innflutningi væru talsvert yfir áætlun var ekki hugað að því að auka samkeppni með t.d. lækkingun verðs eða halda því óbreyttu heldur var frekari hækkun á verði skipulögð og rökrætt hversu mikla verðhækkun markaðurinn myndi þola. Var fjallað um þetta innan Samskipa án þess að stjórnendur hefðu áhyggjur af því að Eimskip myndi ekki hækka verð, hvað þá lækka það. Var það strax haustið 2011 sem stjórnendur Samskipa hófu að skipuleggja frekari hækkun á verði. Ræddu þeir um „hellings“ framlegð af FAF (olíugjald í landflutningi) og rökræddu hversu mikilli verðhækkun markaðurinn gæti tekið við. Hjá Samskipum var það beinlínis lagt til grundvallar við áætlunargerð að „*bæði Eimskip og Samskip haldi að sér höndum og leggi áherslu á að halda verðum uppi*“. Engar áhyggjur af samkeppnislegum viðbrögðum Eimskips komu fram og engar áætlanir gerðar um hvernig skyldu bregðast við slíku ef það skyldu gerast, enda samráð fyrir hendi. (E)frkvstj-sala/þj og (E)forstö-sölu hittust reglulega á fundum á þessu tímabili og ræddu þar verkefni sem tengdust verðhækkun gagnvart viðskiptavinum. Ræddu þeir bæði um hækkun á gjaldskrá og að „*hífa upp*“ meðalsjóflutningsverð. (E)frkvstj-sala/þj upplýsti (E)forstj að verið væri að „*toga upp*“ verð gagnvart ÖES og meðal helstu verkefna hjá Eimskip á þessum tíma var (skv. skjali (E)forstj): „*Hækkun á verði til einstakra viðskiptavina.*“
8183. Í samræmi við framangreinda stefnumörkun og samhliða undirbúning Samskipa og Eimskips hækkðu bæði fyrirtækin verð í byrjun árs 2012.
8184. Virt saman er framangreint að mati Samkeppniseftirlitsins einkar skýr birtingarmynd af hinu samfellda samráði á þessum tíma.
8185. Í desember 2011 og janúar-febrúar 2012 áttu Samskip og Eimskip í ólögðum samskiptum sem vörðuðu framkvæmd á samráði fyrirtækjanna í sjóflutningum, skipaafgreiðslu og gámanotkun. Hér var m.a. um að ræða fund (E)frkvstj-sala/þj, (E)forstö-sölu, (S)forstö-innfl1 og (S)forstö-útl 29. desember 2011.
8186. Varðandi þann fund ber að hafa í huga að gildistími hins ólögðs Norður-Ameríku samnings Eimskips og Samskipa frá 9. desember 2010 var til 31. desember 2012. Í samningnum var ákvæði um endurskoðunarheimild í desember 2011. Líkt og á árinu 2010 var gerð breyting á samningi Eimskips og Samskipa í Norður-Ameríku siglingum í árslok 2011. Samtímagögn sýna samskipti milli Eimskips og Samskipa sem enduðu með breytingu á samningi þeirra. Í þessum samskiptum náðu fyrirtækin saman um hækkun á verði Eimskips fyrir flutningana og um hvernig haga skyldi gámasamstarfi milli fyrirtækjanna. Auk þess ræddu fyrirtækin um fyrirhugaðar verðhækkunir að öðru leyti. Í framhaldinu tilkynntu Samskip um verðhækkun sem var víðtækari en áður hafði verið ákveðin. Samskip hækkðu m.a. sjóflutningsverð í siglingum milli Íslands og Evrópu þrátt fyrir að hækkun á Norður-Ameríkusamningnum hafi ekki haft nein áhrif á þá flutninga. Að mati Samkeppniseftirlitsins sýna framangreind gögn fram á að verðsamráð hafi átt sér stað á umræddum fundi Eimskips og Samskipa. Var þetta hluti af samfelldu samráði fyrirtækjanna og í samræmi við viðurkenningu Eimskips á alvarlegum brotum á 10. gr. samkeppnislaga í sáttinni við Samkeppniseftirlitið.
8187. Framangreind atvik í árslok 2011 og janúar 2012 draga skýrt fram þær samkeppnishömlur sem leiddu af samfelldu samráði Samskipa og Eimskips. Virt saman bera gögnin með sér að fundur fyrirtækjanna 29. desember 2011 hafi auðveldað Samskipum að hækka einnig verð og þar með gert Eimskip auðveldara fyrir að ná sinni verðhækkun fram. (S)forstö-innfl1 gaf (S)frkvstj-N-Am það skýrlega til kynna þann 3. janúar 2012 að Samskip myndu hækka verð gagnvart eigin viðskiptavinum. Tölvupóstur (S)forstö-innfl1 til (S)frkvstj-N-Am þann 11. janúar 2012 dregur þetta allt skýrt fram. Samkvæmt honum tilkynnti (S)forstö-innfl1 að það væri fyrir hendi sérstakt „*rým*“ til að hækka þjónustugjöld gagnvart Norður-Ameríku viðskiptavinum. Að mati Samkeppniseftirlitsins var það samfellt samráð Samskipa og Eimskips sem bjó til þetta „*rým*“.



8188. Í bréfum Samskipa og Eimskips til Samkeppniseftirlitsins hefur verið staðhæft að markmiðið með samvinnu fyrirtækjanna í Norður-Ameríku flutningum sé „að samkeppni ríki á viðkomandi markaði reglubundinna beinna sjóflutninga milli Íslands og Norður-Ameríku, til hagsbóta fyrir neytendur.“⁴⁰⁷⁷ Að mati Samkeppniseftirlitsins á framangreind atburðarrás ekkert skylt við samkeppni.
8189. Líkt og eftir verðhækkunina sumarið 2011 hófu Samskip og Eimskip samhliða að undirbúa frekari verðhækkun eftir hækkunina í byrjun árs 2012.
8190. Sem fyrr segir skapaði hið samfellda samráð vissu fyrir því að við verðhækkun myndi helsti keppinauturinn ekki reyna að ná til sín óánægðum mikilvægum viðskiptavinum. Voru þannig með samráði Eimskips og Samskipa skapaðar kjöraðstæður til þess að ná árangri við að viðhalda og hækka verð gagnvart viðskiptavinum. Gilti þetta bæði um verðlagningu gagnvart einstökum mikilvægum viðskiptavinum og um almennar verðbreytingar. Ber að árétta að ítrekuð samskipti milli stjórnenda Eimskips og Samskipa gerðu fyrirtækjunum enn betur kleift að ná árangri í að halda uppi verðum og hækka verð gagnvart viðskiptavinum.
8191. Að mati Samkeppniseftirlitsins endurspeglar framangreind gögn frá desember 2011 og í upphafi árs 2012 að samráð Eimskips og Samskipa fól í sér takmörkun á samkeppni. Gátu Eimskip og Samskip lagt upp með verðhækkunir gagnvart viðskiptavinum, hækkun meðalsjóflutningsverða, lækkun afsláttu og fækkun svokallaðra frídaga. Þessar áherslur fyrirtækjanna komu t.d. fram í áætlunum Samskipa og Eimskips fyrir árið 2012 og í framangreindum gögnum frá janúar og febrúar 2012. Þessar áherslur fyrirtækjanna komu til viðbótar við gjaldskrárhækkunir í upphafi ársins 2012, en bæði fyrirtækin gerðu ráð fyrir og framkvæmdu aftur gjaldskrárhækkunir örfáum mánuðum síðar, í júlí og ágúst 2012. Hvorki í gögnum frá haustinu 2011, þar sem gjaldskrárhækkunir voru ákveðnar, né í undirbúningsgögnum fyrirtækjanna árið 2012 má greina ótta við viðbrögð helsta keppinautarins. Sú óvissa var ekki til staðar vegna hins ólögmæta samráðs fyrirtækjanna.
8192. Í mgr. 1349 í athugasemdum Samskipa við AII er á því byggt að verðhækkunir Samskipa á rannsóknartímabilinu hafi verið í samræmi við verðlagsþróun á tímabilinu og því hafnað að ólögmæt markaðsskipting hafi skapað skilyrði til verðhækkana. Segir að ekkert í gögnum málsins gæfi tilefni til þeirra ályktana. Þá er það gagnrýnt að Samkeppniseftirlitið reki áhrif verðbreytinga og þann tekjuauka sem leiddi af þeim en setji þær ekki í samhengi við kostnaðarhækkunir.
8193. Í mgr. 356 í athugasemdum Samskipa við AII segir að það sé rangt að verðhækkunir Eimskips á gjöldum fyrir flutninga til og frá Norður-Ameríku í lok árs 2011 hafi verið á grundvelli samráðs fyrirtækjanna. Um hafi verið að ræða einhliða ákvörðun Eimskips á grundvelli endurskoðunarákvæðis í samningi og almenna verðhækkunum gagnvart viðskiptavinum. Þetta hafi verið eðlilegur þáttur í framkvæmd viðskiptanna, ekki á grundvelli verðsamráðs eða gámasamráðs. Að sögn Samskipa liggja fyrir að verulega óánægja hafi verið um þessa ákvörðun Eimskips og til skoðunar hafi komið að hætta flutningum með fyrirtækinu vegna þessa. Samskip hefðu eðli málsins samkvæmt þurft að huga í kjölfarið að verðhækkunum gagnvart eigin viðskiptavinum vegna þessara kostnaðarhækkana.
8194. Í mgr. 319 í athugasemdum Samskipa við AII er því mótmælt að samskipti (E)forstj og (S)forstj séu sett í samhengi við áætlanir Eimskips og Samskipa um verðhækkunir. Samskip byggja á því að við áætlun sé hugmyndavinna sem geti verið matskennd og tekið breytingum. Þannig hafi tillaga sem varð til í lok ágúst 2011 um 4% gjaldskrárhækkun 1. júlí 2012 breyst nokkrum dögum síðar þannig að áætlað var að tvær hækkunir yrðu á gjaldskrárám árið 2012, þ.e. um 4,5% 1. janúar og 4% 1. júlí 2012. Samskip telja þessar umræður milli stjórnenda Samskipa sýna vel hvernig hugmyndir geti tekið breytingum á meðan áætlanagerð stendur yfir.
8195. Samskip hafna því einnig að kvöldverðarboð það sem (S)forstj og (E)frkvstj-alþjsv sóttu þann 3. desember 2011 hafi tengsl við málsatvik.⁴⁰⁷⁸ Samkeppniseftirlitið getur ekki fallist á það. Samskiptin

⁴⁰⁷⁷ Sjá t.d. bréf félaganna til Samkeppniseftirlitsins frá 26. janúar 2009.

⁴⁰⁷⁸ Mgr. 331 í athugasemdum Samskipa við AII.



- Fundargerðir Samskipa Holding og önnur samtímagögn sýna mikla samkeppni og „örvæntingu“ fyrirtækja á erlendum flutningamörkuðum m.a. á árinu 2009. Í þessum gögnum kemur fram að efnahagsörðugleikar hafi leitt til minni eftirspurnar eftir flutningum og aukins aðhalds frá kaupendum á flutningaþjónustu sem krefðust betri kjara. Verðsamkeppni hafi aukist samhliða því að mikilvægir kostnaðarliðir hafi lækkað (t.d. leiguverð og kaupverð á skipum). Af þessum gögnum verður ráðið að annars staðar í Evrópu brugðust flutningafyrirtæki við minnkandi flutningamagni með því að lækka verð og freista þess þannig að halda mikilvægum viðskiptavinum eða ná til sín auknum flutningum til tryggja sem mesta nýtingu á flutningarými. Minni eftirspurn og umfram flutningsgeta leiddu þannig til stórauðinnar samkeppni.⁴⁰⁸¹
- Eins og kom fram í glærum (S)forstj og (S)frkvstj-millilandasv á stjórnarfundum Samskipa Holding 9. febrúar 2010 var umfram flutningsgeta á markaðnum hjá Eimskip. Sama staða var í flutningakerfi Samskipa. Þetta og áhrif efnahagskreppunnar á Íslandi var til þess fallið, líkt og í nágrannaríkjum, að skapa hvata til aukinnar samkeppni í m.a. sjóflutningum til Íslands.
- Samtímagögn sem varða íslenska flutningamarkaðinn sýna hins vegar allt annað ástand í kjölfar hrunsins en var til staðar á mörkuðum þar sem systurfélög Samskipa hf. störfuðu. Í aðalatriðum liggur fyrir að Samskip og Eimskip forðuðust að keppa sín á milli um viðskipti við mikilvæga viðskiptavini. Þess í stað lögðu fyrirtækin áherslu á að skapa „frið“ og „ró“ á markaðnum og skapa skilyrði til að viðhalda eða hækka verð. Í fundargerðum Samskipa Holding er þess vegna lýst allt annarri stöðu hjá Samskipum hf. á árinu 2009 heldur en hjá systurfélögum annars staðar í Evrópu. Á Íslandi, þar sem efnahagsörðugleikar voru fordæmalitlir og meiri en í helstu viðskiptalöndum, var verð á flutningaþjónustu hækkað og mikil ánægja var með afkomu Samskipa hf. Er í fundargerðunum þannig greint frá afar góðum árangri á Íslandi („*extremely good results from Iceland*“/„*continous good results from Iceland*“) og afkomu af rekstri (EBITDA) umfram áætlanir.

8202. Eins og lýst í kafla 14.21.1 kemur hið sama fram í fundargerðum Samskipa Holding frá árinu 2010. Er þar áfram lýst mikilli samkeppni á flutningamörkuðum í öðrum Evrópuríkjum og að systurfélög Samskipa hf. hafi á þeim mörkuðum neyðst til þess að lækka verð verulega. Á íslenska flutningamarkaðnum var, eins og árið áður, uppi allt önnur staða. Er rétt að víkja nánar að þessu og öðrum gögnum frá árunum 2010 og 2011.

8203. Hér ber að horfa til glærुकynningu sem (S)stjórnarm-fjármstj sendi (S)forstj þann 26. janúar 2010.⁴⁰⁸² Voru þetta glæsur sem kynntar voru fyrir blaðamanni Viðskiptablaðsins þegar hann tók viðtal við (S)forstj og (S)stjórnarm-fjármstj. Í eftirfarandi glæru er lýst afar erfiðum aðstæðum á alþjóðlegum flutningamarkaði:

⁴⁰⁸¹ Aðstæður á erlendum flutningamörkuðum á árinu 2009 í heild sinni voru dregnar svona saman í fundargerð Samskipa Holding frá 9. febrúar 2010: „*The market situation has become increasingly competitive during 2009, as a result of reduction in demand, same or increasing capacity, as well as some of our competitors willing to retain or increase market share.*“ Afhent skjal frá Samskipum. Afhent 10.03.2017. „*2010-03 Minutes Samskip Holding Board 9-11 February 2010*“.

⁴⁰⁸² Afritað tölvuskjal frá Samskipum. „*Kynning Viðskiptablaðið Janúar 2010*“. Viðhengi við afritaðan tölvupóst frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.700270.



| | |
|---|---------|
| samskip | Samskip |
| <h2>Umhverfið</h2> <ul style="list-style-type: none">Talið er að tap af flutningastarfsemi á milli heimsálfa hafi verið um \$20 milljarðar (ISK 2.500 milljarðar) á síðasta ári.<ul style="list-style-type: none">Skipafélög í öllum heimsálfum hafa verið á barni gjaldþrots og þurft á einhverskonar ríkisaðstoð að halda.Hluthafar, bankar og aðrar lánastofnanir búast við að þurfa að afskrifa umtalsverðar fjárhæðir vegna flutningastarfsemi.Samdráttur í flutningum hefur verið á milli 30-40%, mismunandi eftir svæðum.<ul style="list-style-type: none">Umtalsverð umframflutningsgeta er til staðar í heiminum í dag og nokkur ár í að jafnvægi náist á nýjan leik.Leiguverð á skipum hefur til að mynda lækkað lækkað um 60-70% á síðustu 12-15 mánuðum. | |
| Trúnaðarmál | 10 |

8204. Í annarri glæru kemur fram að innflutningur til Íslands hafi dregist saman um 45% frá árinu 2007.

8205. Frétt Viðskipablaðsins þar sem rætt var við **(S)stjórnarm-fjármstj** og **(S)forstj** birtist 28. janúar 2010. Þar segir m.a.: „Í samtali við Viðskiptablaðið segir [...] að rekstur Samskipa hafi vissulega verið þungur á undanförunum árum, sérstaklega á erlendum mörkuðum. Verulegur árangur hafi þó náðst þar að undanförunu og bjartsýni ríki um framhaldið auk þess sem grunnflutningastarfsemin standi á sterkum grunni og á henni geti félagið byggt sig upp til framtíðar. [...]

Samdrátturinn í flutningastarfsemi hefur verið ótrúlegur frá því heimskreppan dýpkaði skarplega við fall Lehman Brothers og þjóðnýtingu AIG á haustmánuðum 2008. Talið er að samdrátturinn í flutningum milli landa í heiminum hafi verið um 40% að meðaltali í fyrra frá árinu á undan og hafa skipafélög fundið harkalega fyrir því. Rekstrarumhverfi skipafélaga um allan heim er fjandsamlegt í augnablikinu. Leiguverð á skipum hefur lækkað um 50 til 70% víða og nýting á flutningsrými hefur hrapað. Talið er að tap á flutningastarfsemi milli heimsálfa í fyrra hafi verið 20 milljarðar evra, eða um 2.500 milljarðar króna, þegar allt er samantekið. Talið er að mörg ár geti liðið þar til nýting á flutningsleiðum verður ásættanleg á nýjan leik.“

8206. Í fundargerðum stjórnar Samskipa Holding 7. janúar og 9. febrúar 2010 var lýst mikilli verðsamkeppni á flutningamörkuðum annars staðar í Evrópu og það þyrfti að berjast mjög hart til þess að halda viðskiptavinum.⁴⁰⁸³ Í umfjöllun í fundargerðunum um Ísland er hins vegar ekki minnst á harða samkeppni heldur kemur þar m.a. fram að EBITDA Samskipa hf. sé umfram áætlun.

8207. Þann 16. febrúar 2010 framsendi SP hjá Intertrade bréf til **(S)forstö-innfl1** sem forstjóri Maersk hafði sent til viðskiptavina sinna. **(S)forstö-innfl1** sá ástæðu til að áframsenda þetta sem hann nefndi „á hugaverða“ bréf til **(S)forstj** og **(S)frkvstj-millilandasv**.⁴⁰⁸⁴ Í bréfinu frá Maersk sagði: „After a very difficult 2009 for most industries, and most definitely for the container shipping business, we are

⁴⁰⁸³ Afhent skjal frá Samskipum. Afhent 10.03.2017. „2010-01 Minutes Samskip Holding Board Meeting 7 January 2010“.

Afhent skjal frá Samskipum. Afhent 10.03.2017. „2010-03 Minutes Samskip Holding Board 9-11 February 2010“.

⁴⁰⁸⁴ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.713137.



currently experiencing an instant change in the market affecting all of us. We would like to offer our perspective on this development and how this ideally should be managed.

In 2009 the global container volumes declined by 13%, the first yearly decline ever recorded. Just one year ago in January 2009 the industry was facing a sudden drop in volumes of more than 20% and struggled to adjust capacity to the new market situation. Unfortunately, the nature of our industry is such that capacity adjustments inevitably take some time. Simultaneously market forces drove rates down to an unsustainable level so that spot rates in average became cash negative at the time the market hit the bottom in May/June last year.

Maersk Line, as most other liner companies, made great efforts to significantly reduce costs including capacity to get to a more stable and sustainable position to the benefit of all. [...] It should also be kept in mind that rate levels are yet only approaching break even levels and hence not compensatory. For instance, in December they were 7-8% below December 2008 and nearly 20% lower than December 2007 excl. BAF."

8208. Skömmu seinna sama dag sendi [...] hjá Intertrade umfjöllun New York Times um slæmt ástand á skipamörkuðum til (S)forstö-innfl.⁴⁰⁸⁵ Greinin bar heitið „New Ships Idle, Waiting for Cargo to Fill Them“ og í henni segir m.a.: „From Loch Striven in Scotland to the Strait of Malacca in Southeast Asia, more than a tenth of the vessels that transport the world’s manufactured goods in containers are idle. For most, orders to sail will not come for some time.

Although world trade, which collapsed last year, is beginning to recover, driven by demand from developing countries, the recovery is being offset by added capacity in the large number of new container ships coming out of shipyards. Drewry Shipping Consultants in London estimates that the 20 or so major carriers, all Asian or European, lost \$20 billion in 2009. According to Alphaliner, an industry information provider, seven smaller carriers shut down last year, including Contenemar of Spain.

„We’ve never seen anything like this,“ said [...], executive director of the European Liner Affairs Association. “It’s the worst situation since the start of containerization in the ‘60s.”

Carriers have long had to adapt to economic cycles, shifting trade patterns and geopolitics. During the 1970s, they were hit by the oil shocks and the reopening of the Suez Canal, which cut demand for the supertankers that rounded southern Africa. Recovery took a decade, hampered by recession during the 1980s.

The current slowdown is weighing not only on the shipping companies, but also on ports and shipyards, especially in Europe. [...]

Most analysts say that container traffic will probably not recover to prerecession levels until 2012 or later. Drewry Shipping expects a 2.4 percent increase in global trade volume this year, after an estimated 10.3 percent decline last year.”

8209. Til viðbótar liggja fyrir í málinu fundargerðir stjórnar Samskipa Holding frá 9. mars 2010, 29. apríl 2010, 15. júní 2010, 7. september 2010, 12. október 2010 og 4. nóvember 2010.⁴⁰⁸⁶ Umfjöllun í þessum fundargerðum sýnir svipaða mynd og í fundargerðunum frá 7. janúar og 9. febrúar 2010; harða verðsamkeppni í flutningastarfsemi annars staðar en hjá Samskipum hf. á Íslandi.
8210. Í fundargerðinni frá 4. nóvember 2010 var gert ráð fyrir áframhaldandi góðri stöðu Samskipa hf. á Íslandi á árinu 2011:

⁴⁰⁸⁵ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.801493.

⁴⁰⁸⁶ Afhent gögn frá Samskipum. Afhent 10.03.2017. Fundargerðir Samskipa Holding vegna funda 09.03.2010, 29.04.2010, 15.06.2010, 07.09.2010 og 12.10.2010.



„Highlevel and preliminary outlook on EBITDA level is around EUR 15-16 million. Iceland with around EUR 11 million MCL with EUR 3 million. Countries around EUR 1,5 million. FrigoCare will most likely be with negative EBITDA this year.“⁴⁰⁸⁷

8211. Samskip hf. áttu þannig að standa undir 11 milljónum evra af 15-16 milljónum evra heildar EBITDA Samskipa Holding á árinu 2011. Er þetta afar athyglisvert í ljósi þess að 25% af heildarstarfsemi Samskipa Holding var á Íslandi, sbr. nánar hér á eftir.
8212. Í köflum hér að framan hefur verið gerð grein fyrir áætlunum Eimskips og Samskipa fyrir flutningastarfsemi á Íslandi á árunum 2009-2012 þar sem fram kom vissa um að samkeppni yrði ekki milli fyrirtækjanna um mikilvægustu viðskiptavinina og fyrirtækin gætu því ítrekað hækkað verð. Gert var ráð fyrir umtalsverðum verðhækkunum. Þessi vissa um takmarkaða samkeppni og vissa um getu til að hækka verð er í miklu ósamræmi við framangreind gögn frá árinu 2010 sem lýsa mikilli samkeppni og áskorunum á flutningamörkuðum erlendis. Hið sama kemur einnig fram þegar horft er til umfjöllunar um áætlun Samskipa í Hollandi (MCL) fyrir árin 2011 – 2014 í fyrrnefndri fundargerð Samskipa Holding frá 4. nóvember 2010. Það systurfélag Samskipa hf. annaðist m.a. sjóflutninga á milli meginlands Evrópu til t.d. Bretlands, Írlands og Noregs. Í þeirri áætlun var gert ráð fyrir að aðeins myndi draga úr samkeppnislegu aðhaldi eftir árið 2011 sem myndi leyfa smávægilegar verðhækkunar umfram hækkun á kostnaði á þessum árum:

„Due to improved market conditions, SMLC⁴⁰⁸⁸ expects to improve revenue slightly more than cost increases after 2011:

2012: 0,5%

2013: 0,7%

2014: 0,2%”

8213. Sams konar skýr munur á samkeppni og getu til að hækka verð kemur fram þegar horft er til áætlana Samskipa hf. fyrir annars vegar íslenska flutningamarkaðinn og hins vegar flutningamarkaðinn í Færeyjum, sbr. t.d. kafla 14.38.4.3.
8214. Þegar m.a. fundargerðir stjórnar Samskipa Holding, bréf Maersk og umrædd umfjöllun í fjölmiðlum er borin saman við önnur gögn málsins frá m.a. árinu 2010 (sem sýna að bæði Eimskip og Samskip héldu að sér höndum á Íslandi, lögðu áherslu á „frið“ eða „ró“ og hækkun flutningaverðs hér á landi kemur enn á ný skýrt fram að beitt var allt öðrum aðferðum á Íslandi en á öðrum flutningamörkuðum sem Samskip störfuðu einnig á. Það er niðurstaða Samkeppniseftirlitsins að hið samfellda samráð Samskipa og Eimskips hafi verið til þess fallið að skapa þessar skaðlegu aðstæður á Íslandi.
8215. Í framangreindum fundargerðum Samskipa Holding var rætt með velþóknun um EBITDA Samskipa hf. Rétt er að hafa þessa þróun í huga:
- Í kafla 10.6.3 var fjallað um fund stjórnar Samskipa Holding 12. janúar 2009. Þar er gerð grein fyrir miklu samkeppnislegu aðhaldi á flutningamörkuðum annars staðar í Evrópu. Í kynningu (S)forstj á fundinum kemur fram að innflutningur Samskipa til Íslands hafi verið 45% undir áætlun í nóvember 2008. Þrátt fyrir þetta hafi Samskip á árinu 2008 ítrekað hækkað verð. Þá var gert ráð fyrir að innflutningur Samskipa hf. á árinu 2009 yrði verulega minni en árin á undan. Engu að síður var áætlun fyrirtækisins fyrir árið 2009 „metnaðarfull“ („ambitious budget“) og miðaði að því að EBITDA myndi aukast talsvert. Glærkynningin gefur einnig til kynna að á árinu 2009 ætluðu Samskip hf. að ná fram frekari hækkun á verði. Gekk þetta eftir.

⁴⁰⁸⁷ Afhent gagn frá Samskipum. Afhent 10.03.2017. Fundargerð Samskipa Holding vegna fundar 04.11.2010.

⁴⁰⁸⁸ Samskip í Hollandi. Yfirleitt nefnt MCL í fundargerðunum en einnig SMCL.



- Í kafla 14.10 er gerð grein fyrir áætlunargerð Samskipa hf. fyrir árið 2010. Á fundi í nóvember 2009 spurði stjórnendur Samskipa Holding (S)forstj hvort Samskip hf. myndi ná fram þeim verðhækkunum og rekstrarafkomu sem lagt var til grundvallar í áætlun fyrirtækisins. Var m.a. bent á að það gæti haft veruleg áhrif ef Eimskip myndi „*droppa verðum*“. Þessar áhyggjur höfðu hins vegar ekki áhrif á (S)forstj. Í lokaútgáfu af áætlun fyrir árið 2010 lögðu Samskip hf. m.a. til grundvallar að fyrirtækið gæti (1) ítrekað hækkað verð, (2) haldið sömu markaðshlutdeild og (3) að samkeppni myndi fara minnkandi. Taldi (S)forstj þannig að Samskip væru áfram í þeirri stöðu að geta náð fram „metnaðarfullri“ áætlun.
- Á fundi stjórnar Samskipa hf. 21. nóvember 2010 var fjallað um EBITDA Samskipa á árinu 2010. Í glærugynningu (S)forstj kemur fram að EBITDA Samskipa hf. í sjóflutningum hafi verið umfram áætlunina sem gerð var á árinu 2010. Jafnframt segir í glærugynningunni að Samskip muni á árinu 2011 geta hækkað verð ítrekað og haldið öllum mikilvægum viðskiptavinum sem væru með lausa samninga, sbr. kafla 14.33.7.2.

8216. Hér ber að hafa í huga stöðu Samskipa hf. innan samstæðu Samskipa Holding. Í framangreindum glærum, sem (S)stjórnarm-fjármstj sendi til (S)forstj þann 26. janúar 2010, er að finna yfirlit yfir starfsemi Samskip Holding. Kemur fram að 75% af starfsemi samstæðunnar sé erlendis, þar af væru 50% af starfseminni hjá Samskipum í Hollandi (MCL). Einnig kemur þetta fram um einingar sem tilheyrðu Samskipum Holding:

- MCL reki 7 skip og annist flutning á milli meginlands Evrópu (Holland, Belgía, Þýskaland, Ítalía o.fl.) til Bretlands, Írlands, Spánar, Portúgals og Noregs. Velta MCL væri 230 milljónir evra.
- Velta Samskipa á Íslandi (með Færeyjum) sé 115 milljónir evra.
- Velta Samskip BV (nefnt Countries í fundargerðum) sé 65 milljónir evra.
- Velta Samskipa Logistics BV (kæligeymslur (Frigocare)) féllu þar undir sé 40 milljónir evra.

8217. Samkvæmt framansögðu var 25% af heildarstarfsemi Samskipa Holding á Íslandi. Velta á Íslandi var 115 milljónir evra en 335 milljónir evra erlendis. Vekur því sérstaka eftirtekt að í fundargerð Samskipa Holding frá 27. janúar 2011 kemur fram að langstærsti hluti EBITDA samstæðunnar (þ.e. hagnaður fyrir fjármagnsliði, skatta og afskriftir) á árinu 2010 hafi komið frá Samskipum á Íslandi eða 12,1 milljónir evra af 15,8 milljónum evra EBITDA samstæðunnar eða um 76%. Með öðrum orðum þá skilaði starfsemi Samskipa á Íslandi um þremur fjórðu af heildar EBITDA samstæðunnar en veltan þar var aðeins einn fjórði af heildarveltu samstæðunnar. Á árinu 2009 var velta hjá Samskipum á Íslandi um 24% af heildarveltu samstæðunnar en sú starfsemi aflaði um 82% af EBITDA samstæðunnar, sbr. upplýsingar í fundargerð stjórnar Samskipa Holding af fundi 14. til 16. desember 2010. Samkvæmt upplýsingum úr ársreikningum var EBITDA framlegðarhlutfall hjá Samskip hf. á Íslandi jafnframt umtalsvert hærra en hjá Samskip Holding á sama tíma og í raun allt fram til ársins 2013, sbr. kafla 33.1.6.

8218. (S)forstj og (S)frkvstj-millilandasv sátu fund stjórnar Samskipa Holding 14. til 16. desember 2010 og var þeirra hlutverk m.a. að fara yfir áætlanir Samskipa hf. fyrir árið 2011. Þann 15. desember 2010 sendi (S)frkvstj-millilandasv tölvupóst til (S)forstj, (S) frkvstj-innanl, (S)frkvstj-Jóna og (S)frkvstj-fjárm. Í tölvupóstinum sagði aðeins þetta:

„*The cash cow has arrived*“

8219. Meðfylgjandi tölvupósti (S)frkvstj-millilandasv var mynd af eftirlíkingu af stórvaxinni kú.

8220. Hér er nauðsynlegt að rifja upp að í aðdraganda „*Nýtt upphaf*“ verkefnisins setti (S)aðaleig-stjform-SH fram þau fyrirmæli gagnvart m.a. (S)forstj að vernda bæri og efla stöðu Samskipa hf. sem „*cash cow*“ fyrir samstæðu Samskipa Holding, sbr. umfjöllun í kafla 6.7.3 um fund lykilstjórnenda Samskipa Holding 18. mars 2008. Er og rökstutt í umfjöllun um atvik á árinu 2008 að frá sjónarhóli Samskipa



hefði tilgangur „Nýtt upphaf“ verkefnisins ekki síst verið að tryggja þessa stöðu Samskipa á Íslandi. Framangreind samtímagögn frá árinu 2009 gefa til kynna að þessi fyrirmæli (S)aðaleig-stjform-SH um „cash cow“ stöðu eða hlutverk Samskipa hf. hafi gengið eftir, sbr. t.d. ummæli í fundargerðum Samskipa Holding um afburða góða afkomu Samskipa hf. („*extremely good results from Iceland*“/„*continuous good results from Iceland*“).

8221. Horft til efnis og tímasetningu tölvupósts (S)frkvstj-millilandasv er talið að þar hafi aðstoðarforstjóri fyrirtækisins verið að vísa til Samskipa hf. á Íslandi sem „cash cow“ í tengslum við þátttöku hans og (S)forstj á umræddum fundi stjórnar Samskipa Holding þar sem fjallað var m.a. um afar góða EBITDA Samskipa hf.
8222. Þegar allt framanritað er virt kemur ekki á óvart að (S)forstj hafi ítrekað lýst yfir mikilli ánægju með afkomu Samskipa hf. á þessum tíma. Vísast um þetta til kafla 14.11.3 þar sem fram kemur að (S)forstj hafi sagt að árið 2010 hafi verið „frábært ár“ og „eitthvert besta ár í sögu Samskipa“. Jafnframt taldi (S)forstj að árið 2011 hefði verið mjög gott.
8223. Í gögnum frá Eimskip dregst í aðalatriðum upp sama mynd og í þessum gögnum Samskipa. Hér má t.d. nefna að þann 11. nóvember 2011 birtist fréttatilkynning frá Eimskip. Þar kom fram að hagnaður Eimskips fyrstu níu mánuði ársins hafi verið um 2 milljarðar kr. eftir skatta. Er haft eftir (E)forstj að þessi afkoma Eimskips hafi verið „umfram væntingar“.⁴⁰⁸⁹
8224. Þann 15. nóvember 2011 fjallaði (E)forstj hins vegar um erfiða stöðu á erlendum flutningamörkuðum á fundi stjórnar Eimskips. Í glærुकynningu (E)forstj var þannig fjallað um alþjóðlegt umhverfi flutningsmarkaða. Þar var talað um slæmt gengi og áætlað tap stórra alþjóðlegra flutningafyrirtækja í „deep sea“ flutningum (Maersk, APL og Hanjin). Þá var einnig vísað til verðstríðs í Asíu-flutningum og að verð í sjóflutningum í „Far East-North Europe“ markaði hefði lækkað.⁴⁰⁹⁰
8225. Gögnin sýna því að á erlendum flutningamörkuðum leiddu þannig efnahagsörðugleikar til mikillar samkeppni og stór flutningafyrirtæki börðust í bökkum. Í umfjöllun alþjóðastofnana (t.d. OECD) og fræðimanna er einnig lýst verulega aukinni samkeppni, lækkun á verði og erfiðleikum hjá erlendum skipafélögum eftir að fjármálakreppan hófst. Eru sterk orð notuð til þess að lýsa því að samdráttur í eftirspurn og offramboð hafi leitt til afar harðrar verðsamkeppni („bloodbath“/„cut-throat competition“) þar sem skipafélög lækkuðu verð í því skyni að ná til sín auknum flutningum, sbr. kafla 12.2.4.2. Á Íslandi, þar sem efnahagsörðugleikar voru fordæmalitlir og meiri en í helstu viðskiptalöndum, ríkti aftur á móti „friður“ á flutningamörkuðum, verð var ítrekað hækkað á flutningaþjónustu og mikil ánægja var hjá Samskipum og Eimskip með afkomuna.

14.40.2. „our lucrative Iceland trade“

8226. Ástæða er til þess að fjalla um annars vegar samskipti (S)frkvstj-Rotterdam við (S)frkvstj-SIL1 og (S)forstj við (S)frkvstj-MCL í október 2011 og hins vegar samskipti (S)forstj við (S)frkvstj-SIL1 í mars/apríl og júní 2012. Saman sýna gögn sem tengjast þessu með skýrum hætti þá takmörkuðu samkeppni sem ríkti á íslenskum sjóflutningamarkaði og mikinn ábata eða hagnað („lucrative“) af starfsemi Samskipa hf. hér á landi.
8227. Umrædd (S)frkvstj-SIL1 var framkvæmdastjóri flutningsmiðlunar í eigu Samskipa Holding (Samskip Icepak Logistics (SIL)). Sérhæfði SIL sig m.a. í flutningsmiðlun á kæli- og frystivörum eins og t.d. fiski.⁴⁰⁹¹ Ljóst er að upp gat komið sú staða að SIL þurfti að bjóða viðskiptavinum sínum verð í

⁴⁰⁸⁹ Sjá frétt í fréttasafni á heimasíðu Eimskips: <https://www.eimskip.is/um-eimskip/frettasafn/frettir/frettatilkynning-eimskipafelags-islands-hf/>. Sjá einnig frétt í Morgunblaðinu, dags. 18.11.2011. Aðgengileg á slóð: mbl.is/vidskipti/frettir/2011/11/18/800_milljona_hagnadur_eimskips/.

⁴⁰⁹⁰ Afhent tölvuskjal frá Eimskip. Afhent 01.12.2016. „Eimskipafélag Íslands hf. 28th Board Meeting November 15th 2011“. Glæra nr. 63. Sjá afhenta fundargerð frá fundinum 15.11.2011.

⁴⁰⁹¹ Samskip eignaðist Icepak á árinu 2007. Í tilkynningu um kaupin sem birtist m.a. á visir.is 28.11.2007 segir: „Samskip hafa keypt frystivöru- og flutningsmiðlunina ICEPAK sem er með viðtæka alþjóðlega starfsemi og skrifstofur á Bretlandseyjum, í Bandaríkjunum og Ástralíu.“



flutninga til eða frá Íslandi eða mögulega grípa til annarra aðgerða sem höfðu áhrif á samkeppni á íslenska markaðnum. Komu þá upp álitamál eða ágreiningur sem dregur með skýrum hætti fram stöðuna á Íslandi.

8228. (S)frkvstj-Rotterdam hafði starfað hjá SIL en færði sig til innan samstæðunnar. Varð hann framkvæmdastjóri „Iceland Services Europe“ og heyrði þar með undir (S)forstj. Tiltekin innflutningsviðskipti til Íslands færðust með honum frá SIL til Samskipa á Íslandi. (S)frkvstj-SIL1 var ósátt við þetta og sendi hún þann 21. október 2011 tölvupóst til (S)frkvstj-Rotterdam og setti fram rök fyrir því að umrædd viðskipti ættu frekar heima hjá SIL heldur en hjá Samskipum á Íslandi.⁴⁰⁹² (S)frkvstj-Rotterdam svaraði samdægurs og útskýrði m.a. fyrir henni að Samskip á Íslandi stjórnðu verði og öllum öðrum þáttum sem tengdust flutningum til Íslands:

„Samskip Iceland is simply going to take care of bookings of cargo destined to Iceland themselves like to do with all other bookings to Iceland in Rotterdam. [...] all documents for Iceland cargo therefore need to be sent directly to the Iceland department. Samskip Iceland manages the contact with the clients (freight payers), shippers and carriers of these shipments. Samskip Iceland is furthermore in full control of the pricing from POL⁴⁰⁹³ and gives rates to the clients in Iceland based on the contracts Samskip Iceland has with Carriers, truckers and terminals. There is therefore no need, nor any room for a forwarder in Rotterdam in the case of shipments going directly to Iceland. This is the reason we operate a Samskip Iceland office in Rotterdam and in other ports of call of our Iceland service vessel.“

8229. (S)frkvstj-Rotterdam framsendi þennan tölvupóst sinn til (S)forstj sem svaraði um hæl: „Þetta er bara mjög "honest" og gott svar.

Það er mjög gott þegar þú hittir hana næst að þú útskýrir fyrir henni í frekari details að það verði alltaf „hellings“ forwarding í kringum Ísland, bæði útflutningurinn um allann heim, sem og innflutningurinn - við munum aldrei vilja breyta því og það sem ma veldur þeirri sérstöðu sem okkar Íslands biz hefur er að þetta er svo gott sem allt controlled in Iceland, sem við viljum alls ekki hreyfa við.

Jafnframt endilega útskýra fyrir henni að svo er td Jonar Transport með þeirra eigin global coverage, via Waco etc - og það borgar sig engan veginn að reyna að straumlínulaga þetta frekar.

Og svona í lokin - við erum að sinna hér 300 þús manna markaði á Íslandi, en það eru rúmir 7 milljarðar sem búa í heiminum og því ætti að væri nægt rými fyrir utan Ísland fyrir SIL - er það ekki ??⁴⁰⁹⁴

8230. Yfirmaður (S)frkvstj-SIL1, (S)frkvstj-MCL, var ekki sáttur við framangreint og setti sig í samband við (S)forstj og óskaði eftir skýringum. Útskýrði (S)forstj af hverju umræddir viðskiptavinir hefðu flust með (S)frkvstj-Rotterdam til Samskipa á Íslandi: „I guess you are referring to import businesses to Iceland, being a). wine imports b). imports of frozen fish.

These are two accounts - business is controlled in Iceland by our Iceland department. Do [svo] to the special relations between [(S)frkvstj-Rotterdam] and the clients, we decided long time ago that

„Flutningastarfsemi ICEPAK, og sú víðtæka þekking og reynsla sem starfsfólk og stjórnendur fyrirtækisins búa yfir, er mikilvæg viðbót við ört vaxandi þjónustu Samskipa í kæli- og frystivöruflutningum og styrkir mjög stöðu okkar á stórum markaðssvæðum, sérstaklega í Bandaríkjunum, Ástralíu, Asíu, Suður-Ameríku og á Bretlandseyjum,“ segir [...], framkvæmdastjóri frystivöruflutningsviðs Samskipa í tilkynningu um kaupin.

ICEPAK var sett á laggirnar fyrir 15 árum til að þjóna vaxandi kröfum hins alþjóðlega matvælamarkaðar um heildarlausnir í kæli- og frystiflutningum, frá dyrum seljanda að dyrum kaupanda. Á Bretlandseyjum er félagið með skrifstofu í Basildon, rétt austan við London, þrjár skrifstofur eru í Bandaríkjunum; í Merchantville, New Jersey og Seattle, og ein í Sydney í Ástralíu.“. Vísir.is. Aðgengilegt á slóð: <https://www.visir.is/g/200771128065>.

⁴⁰⁹² [...] hafði starfað hjá SIL en fært sig til Samskipa á Íslandi. Færðust með honum tiltekin innflutningsviðskipti til Íslands sem [...] taldi að SIL ætti að sinna áfram.

⁴⁰⁹³ POL: Port of loading (útskipunarhöfn).

⁴⁰⁹⁴ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.922250.



it would be good to have the communication between [(S)frkvstj-Rotterdam] and the clients do [svo] to these relations. Since he is moving - it makes no sense to channel this through an additional service unit with Samskip, and not having the relationship there even - it is only risking that we loose [svo] the clients if do via SIL."⁴⁰⁹⁵

8231. (S)frkvstj-MCL sætti sig ekki við þetta svar og setti (S)forstj fram frekari skýringar. Koma kjarnarök (S)forstj fram í þessu:

„These are normal imports to Iceland.

I think at least +95% of all cargoes to and from Iceland are controlled in Iceland, that is one of the specialities of our lucrative Iceland trade.

Our own sailing route with Arnarfell / Helgafell / Tongan are on a service: Iceland - Faroe - Immingham - R'dam - Cuxhaven and Scandianvia ports.

Cargoes to / from Asia / Africa / Americas are shipped in deep sea boxes and transhipped in R'dam to our own service, in this case imports to Iceland.

We will always control the contracts with deep sea lines, in Iceland, for our global Iceland volumes. When ever feasible, we use SIL, or any other Samskip unit to handle forwarding for Iceland - this has to be on competitive terms of course. We will never be able to outsource forwarding from Iceland unit to another unit, inside our outside our Samskip organization, the control and ownership has to be in Iceland, where the business is controlled."

8232. Þann 30. mars 2012 áttu sér stað tölvupóstsamskipti milli (S)forstj og (S)frkvstj-SIL1. Í tölvupósti (S)frkvstj-SIL1 til (S)forstj kvartaði hún yfir því að SIL gæti ekki að fullu tekið þátt í samkeppni á alþjóðlegum flutningamörkuðum vegna stefnu Samskipa á Íslandi. Hún hafi engar upplýsingar um verðstefnu eða kostnað Samskipa á Íslandi. Hún ætti því mjög erfitt með að bjóða í t.d. flutninga frá Asíu til Íslands. Sagði (S)frkvstj-SIL1 að Eimskip ynni á annan hátt og keppti núna af mun meiri hörku en fyrirtækið hefði gert undanfarin þrjú ár, ekki síst í flutningum milli Evrópu og Bandaríkjanna. (S)frkvstj-SIL1 treysti sér til þess að keppa við Eimskip en til þess yrðu allir að „*syngja sama sálm*" („*singing from the same hymn sheet*").

8233. (S)forstj svaraði og gaf skýrt til kynna að mjög sérstakar og skrytnar aðstæður væru til staðar á Íslandi og að hin aukna samkeppni frá Eimskip hefði ekki áhrif á flutninga til og frá Íslandi:

„Weeeeeeeeeeeeeeeeeeeee!!!!!!!!!!!!!!!!!!!!!!!!!!!!!! – when it comes to Iceland, things turn odd & special!!!

Fact is that most of the shipments, both import and exports, are controlled by the Icelanders – this is different to f.e. the fish exports from Norway. This how we would like to have and therefore we do not want to activate our force to[o] much on sales side, rather to route requests to Icelandic desks or the agencies – they need to investigate/explore who is the receiver and how to price the transport, depending case by case individual case.

I can imagine that Eimskip are very tough on US-Europe route, this is explained by the fact that they have recently expanded their capacity from US to Europe, via Iceland – plenty space. This however not cargoes ending in Iceland."

8234. (S)frkvstj-SIL1 svaraði þessum tölvupósti (S)forstj og sagði að deildir innan Eimskips ynnu nánar saman en gert væri innan samstæðu Samskipa. Eimskip í Asíu þekki t.d. verð Eimskips á Íslandi og ætti auðveldara með að bjóða upp á heildstæða þjónustu. Einnig benti (S)frkvstj-SIL1 á þetta:

⁴⁰⁹⁵ Afrituð tölvupóstsamskipti frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.922949.



„I understand that you are trying to protect high rates that are somewhat cushioned in Iceland by lack of competition but what happens if we genuinely come across CIF business from shippers that use SIL on other trade routes? Do we have to consult with an agency in the same region or you or simply refuse to quote.“

8235. (S)forstj svaraði og ákveðið var að þau myndu ræða þetta frekar á fundi.⁴⁰⁹⁶

8236. Samkvæmt (S)forstj ríktu þannig afar sérstakar samkeppnisaðstæður í sjóflutningum til og frá Íslandi. Samskip á Íslandi vildu handstýra því hvaða verð væri boðið í flutninga til og frá Íslandi og að aukin samkeppni frá Eimskip erlendis hefði ekki áhrif á íslenska flutningamarkaði. Svar (S)frkvstj-SIL1 sýnir að það hafi verið orðið fyllilega ljóst að sérstök sjónarmið giltu á Íslandi. Kvaðst hún þannig hafa skilning á því að (S)forstj vildi verja hið háa verð sem leiddi af skorti á samkeppni í flutningum til og frá Íslandi. Samskipti (S)frkvstj-SIL1 og (S)forstj í júní 2012 draga þetta einnig skýrt fram.

8237. (S)frkvstj-SIL1 sendi þann 6. júní 2012 tölvupóst til (S)forstj og fjallaði hann um hvort möguleiki væri að ná auknum viðskiptum í flutningi á fiski frá Bandaríkjunum til meginlands Evrópu:

„We carry salmon ex Trident USA to a Portugese buyer European Seafood Investments (Lisbon). They negotiate the buying of product from a French broker Paul Paulet (in France). Seems their biggest trade lane is ex Faroe and SW and North Iceland which all moves Eimskip into Rotterdam. We are looking to get the shipper name for your perusal as buyer very receptive to wider samskip usage following good service from USA and Qingdao. Are you interested if this is moving Eimskip?“⁴⁰⁹⁷

8238. Í þessum tölvupósti fólst efnislega að (S)frkvstj-SIL1 bar undir eða óskaði eftir að fá heimild frá (S)forstj til að afla þessara nýju viðskipta þar sem öflun þeirra hefði áhrif á útflutning Eimskips frá Íslandi. Með öðrum orðum spurði hún hvort efna mætti að þessu leyti til samkeppni við Eimskip á Íslandi.

8239. Síðar sama dag sendi (S)frkvstj-SIL1 annan tölvupóst til (S)forstj út af þessu sama: „Just to advise, have now spoken with the buyer and the 17x40 from noted shipper is mackerel (scheduled to ship with Eimskip). Do you participate in the Mackerel?“⁴⁰⁹⁸

8240. (S)forstj svaraði ekki framangreindum tölvupóstum (S)frkvstj-SIL1 en hún sendi honum aftur tölvupóst þann 11. júní 2012 og greindi frá því að viðkomandi útflytjandi á makríl væri fyrirtækið Iceland Pelagic. (S)forstj svaraði þeim tölvupósti og kvaðst þekkja það fyrirtæki vel og að það væri leitt að fyrirtækið ætlaði að flytja þennan fisk með Eimskip. (S)frkvstj-SIL1 svaraði um hæl:

„Well, I know it is politically difficult for you to pursue Eimskip biz in Iceland but we could do the 'selling' to the buyer who is shipping now with us more often from USA and Asia. I am looking to offer them a contract (better terms to have committed volume) and will include Iceland. They could then ask their supplier to utilise us rather than Eimskip.... better to come from the receiver than you pushing???

On another note, I am preparing full details of our competition in the USA and their plans for Europe. I will have a meeting with [(S)frkvstj-MCL] on Monday and we will call you for conference call same day. This would also include window of opportunity for us to invest in key areas to not only protect key business, but actively push our business portfolio forward. I then think I would like to come to Iceland. would it be 'politically correct' to meet some customers?“

8241. (S)forstj svaraði með þessum hætti:

⁴⁰⁹⁶ Afrituð tölvupóstsamskipti frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.993789 / 0.7.33.994299.

⁴⁰⁹⁷ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.1016608.

⁴⁰⁹⁸ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.1018110.



„Hi – yes, more than welcome..

*We will however always be controlling sales from this side, to the better for our organization...*⁴⁰⁹⁹

8242. Þessi gögn draga fram afar sérstakar aðstæður og takmarkaða samkeppni á íslenska markaðnum.
8243. Samkvæmt þessum tölvupóstum (S)forstj var það grundvallaratriði að allar ákvarðanir um m.a. verð á flutningi til og frá Íslandi væru teknar af Samskipum á Íslandi. Þetta stuðlaði að því að flutningarnir voru mjög ábatasamir („lucrative“) og því mátti alls ekki breyta. Með þessu fyrirkomulagi var mun auðveldara fyrir Samskip á Íslandi að eiga í hinu samfellda samráði sem Eimskip hefur viðurkennt að hafi verið fyrir hendi á þessum tíma.
8244. Í apríl 2012 var (S)frkvstj-SIL1 orðið ljóst að á Íslandi gætu Samskip haldið uppi háu verði vegna skorts á samkeppni við Eimskip. Jafnframt gerði hún sér grein fyrir því að þetta ástand vildi (S)forstj vernda. Sökum þessa taldi hún nauðsynlegt að snúa sér til (S)forstj í júní 2012 vegna þess að aukin viðskipti SIL myndu þýða að það drægi úr útflutningi Eimskips frá Íslandi. Var (S)frkvstj-SIL1 þannig fyllilega ljóst að sérstakt ástand ríkti á milli Eimskips og Samskipa hér á landi sem leiddi til þess að það væri erfitt eða viðkvæmt fyrir Samskip og dótturfyrirtæki þess að reyna með samkeppni að ná til sín viðskiptum frá Eimskip. Sú lausn sem (S)frkvstj-SIL1 lagði til er og mjög lýsandi, þ.e. að láta það líta þannig út að Samskip á Íslandi væru ekki að sækjast eftir („pushing“) þessum viðskiptum frá Eimskip. Þannig gæti samstæðan mögulega náð til sín auknum viðskiptum án þess að ógna samráðinu við Eimskip á Íslandi. Er þetta ótvíræð birtingarmynd hins samfellda samráðs milli Eimskips og Samskipa.
8245. Þá veitti (S)forstj (S)frkvstj-SIL1 heimild til að koma til Íslands og ræða við útflytjendur en gaf henni skýrt til kynna að allar ákvarðanir um sölu á útflutningsþjónustu væru teknar af Samskipum á Íslandi („controlling sales from this side“), þ.e. það væri þannig alfarið mál Samskipa á Íslandi hvort eða hvaða viðskiptakjör útflytjendum á Íslandi væru boðin. Vildi (S)forstj þannig áfram vernda hið sérstaka fyrirkomulag á Íslandi sem leyfði svigrúm til að stunda samráð við Eimskip og ná fram hærri verðum en ella og þar með auknum hagnaði.
8246. Framangreind gögn eru stuðnings hinu samfellda samráði Samskipa og Eimskips á þessum tíma.

14.40.3. Flutningamarkaðurinn á Íslandi sagður „voða kósý“

8247. Í lok október 2012 fór fram hlutafjárútböð hjá Eimskip í Kauphöllinni-Nasdaq Iceland. Í afrituðum tölvugögnum frá Samskipum fannst tölvupóstur, dags. 19. október 2012, frá starfsmanni greiningardeildar Arion banka, til (S)forstö-útl. Í þeim tölvupósti voru bornar undir Samskip fullyrðingar (E)forstj og annarra stjórnenda Eimskips um takmarkaða samkeppni á flutningamarkaðnum hér á landi.
8248. Samkeppniseftirlitið taldi af þessu tilefni nauðsynlegt að óska eftir upplýsingum og skýringum frá Arion banka. Fékk Samkeppniseftirlitið m.a. í hendur skjalið „Samantekt og svör“ frá forstöðumanni greiningardeildar Arion banka þar sem aðdraganda þessara samskipta við Samskip er lýst:

„Hver var aðdragandi samskiptanna? Af hverju voru samskiptin?“

Í október 2012 fór fram hlutafjárútböð hjá Eimskip og í framhaldinu skráning félagsins á markað. Í undanfara útböðsins áttu sérfræðingar greiningardeildar Arion banka fundi með stjórnendum Eimskips og umsjónaraðilum útböðsins. Útböðs- og skráningarlýsing var lesin en auk þess leitað annarra leiða til að taka saman sem raunhæfast virðismat. Í virðismati felst að spáð fyrir um þróun veltu og afkomu, fjárfestingar og margt fleira. Alþekkt er að Samskip er samkeppnisaðili Eimskips og

⁴⁰⁹⁹ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.1018118.



því var leitað eftir því að fá að ræða við sérfræðing frá Samskip sem gæti aukið við þekkingu greinenda á markaðinum.⁴¹⁰⁰

8249. Samkvæmt þessu er ljóst að í aðdraganda útboðsins hélt Eimskip fundi með starfsmönnum greiningardeildar Arion banka. Gögn málsins sýna að (E)forstj, (E)frkvstj-fjárm og (E)starfsm (framkvæmdastjóri fjárfestingatengsla) hafi setið þessa fundi af Eimskips hálfu.⁴¹⁰¹ Umræddur starfsmaður greiningardeildar Arion banka sat einnig þessa fundi f.h. Arion banka.
8250. Eins og Arion banki hefur upplýst taldi bankinn gagnlegt í tengslum við umrætt útboð Eimskips að ræða við „sérfræðing“ frá Samskipum til að skilja betur samkeppnisaðstæður á flutningamarkaðnum. Sýna gögn málsins að umræddur starfsmaður greiningardeildar og annar starfsmaður greiningardeildar Arion banka áttu fund með (S)forstö-útfli frá kl. 11:00 til 12:00 þann 19. október 2012.⁴¹⁰² Einnig sat (S)forstö-flutnstj (forstöðumaður flutningastjórnunardeildar) fundinn af hálfu Samskipa. (S)forstö-útfli hafði fallist á þann fund tveimur dögum áður og beðið um að fá senda „einhverja punkta áður en við hittumst um það sem þið viljið ræða.“⁴¹⁰³
8251. Í samræmi við beiðni (S)forstö-útfli sendi umræddur starfsmaður greiningardeildar Arion banka honum kl. 09:20 þann 19. október 2012, með tölvupósti, eftirfarandi spurningar til undirbúnings fundi þeirra síðar um morguninn (gul yfirstrikun er Samkeppniseftirlitsins):⁴¹⁰⁴

Sæll

Erum við ekki on á eftir?

Hér koma nokkrar spurningar, alls ekki tæmandi listi....

1. Hver er markaðshlutdeild Eimskips sirka á Íslandi?
2. Meðalaldur skipa, hver er æskilegur aldur skips? Meðalaldur skipa Eimskips er td um 16 ár. Elstu skipin eru frá um 1990 og því rúmlega 20 ára gömul. Hvenær kemur að endurnýjun svona skipa?
3. Scrap value eldri skipa?
4. Æskilegur aldur gáma? T.d. hefur meðalaldur gáma Eimskip farið úr 8 árum niður í 4 ár frá 2010.
5. Eimskip heldur því fram að þeir geti haldið verðskránni stöðugri, þeir bara hækka hana og menn kyngja því. Gengur sú fullyrðing upp? Hvað gæti breytt því?
6. Hverjir hafa reynt að fara inn á þennan markað og hvernig hafa þeir brugðist við því?
7. Samkeppni erlendis frá, er ólíklegt að erlend skipafélög komi inn á íslenska markaðinn? Eimskip lýsir markaðnum herna heima sem voða kósý.
8. Stór sjávárútsvegsfyrirtæki, álfyrirtæki, Byko....fara þau ekki bara í útboð? Hvernig virkar þetta? Hvernig gerist þetta?
9. Hvað er flutt með gámum frá Íslandi?
10. Hver er sérstaða Eimskips að þínu mati? Af hverju er Samskip ekki að gera það sama og Eimskip?

8252. Sérstaka athygli vekja töluliðir 5 og 7 í tölvupóstinum þar sem lýst er staðhæfingum Eimskips um markaðsaðstæður á Íslandi og hækkun á verði. Þessir liðir skera sig frá öðrum töluliðum spurninga Arion banka þar sem í öðrum liðum er ekki vísað beint til staðhæfinga frá Eimskip.
8253. Umræddur starfsmaður greiningardeildar Arion banka kom á fund Samkeppniseftirlitsins þann 3. október 2017 og veitti upplýsingar um framangreind samskipti við Eimskip og Samskip. Haldin var

⁴¹⁰⁰ Afhent gagn frá Arion banka 12.09.2017. „Samantekt og svör“. Samantekt og svör forstöðumanns greiningardeildar Arion banka, dags. 24. ágúst 2017, kl. 14:42.

⁴¹⁰¹ Afrituð dagbókarfærsla frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.1001675. Fundargerð Samkeppniseftirlitsins vegna munnlegrar upplýsingagjafar Arion banka til Samkeppniseftirlitsins 03.10.2017.

⁴¹⁰² Afrituð dagbókarfærsla frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.1146215.

⁴¹⁰³ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.1146763.

⁴¹⁰⁴ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.1146763. Stuttu síðar framsendir [...] tölvupóstinn til forstöðumanns flutningastjórnunardeildar Samskipa ([...]). Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.1146780.



fundargerð og staðfesti þessi starfsmaður Arion banka efni hennar með undirritun sinni. Fram kemur í henni að umræddur starfsmaður Arion banka hafi hitt Eimskip „*prisvar eða oft*“ í aðdraganda útboðsins. Af hálfu Eimskips sátu, eins og fyrr segir, (E)forstj, (E)frkvstj-fjárm og (E)starfsm þessa fundi.

8254. Aðspurður um það sem fram kemur í 5., 6. og 7. tölulið í tölvupóstinum sagði starfsmaður Arion banka að „*allt þarna*“ væri frá (E)forstj og (E)frkvstj-fjárm. Orðið „*kósý*“ sé hins vegar frá honum komið. Vegna tengsla við (S)forstö-útfli hefði hann ekki verið að „*stressa sig á orðalagi*“. Hvað 5. tölulið áhrærir hefði hann mögulega sagt þetta „*vegna þess að „pass through” á olíu hjá þeim hafi verið 80%.*“

8255. Þann 22. október 2012 birti Eimskip skráningarlýsingu vegna hlutfjárútboðsins (e. prospectus).⁴¹⁰⁵ Þar er lýst aðstæðum í sjóflutningum á heimsvísu:

„The global shipping industry has been experiencing volatility in profitability and asset values that has mainly been due to changes in the level and pattern of global economic growth, the highly competitive nature in the global shipping industry and changes in the supply and demand of vessel cargo capacity. The downturn in the global economy has led to a decline in world trade, which has in turn resulted in decreases in freight volumes and rate adjustments in the transportation industry, reduced demand for logistics services, and corresponding decreases in the revenues of businesses in the industry.”

8256. Einnig kemur fram í skráningarlýsingunni að framkvæmdastjórn Eimskips teldi að aðrar samkeppnisaðstæður væru fyrir hendi á meginmarkaði fyrirtækisins (m.a. Íslandi). Þar væri samkeppni minni:

„According to the Company’s management there are fewer companies operating in the Company’s main market, the North-Atlantic, than in other markets which in turn leads to less competition and more stable volume. Thus, the Company is operating on a niche market that can lead to a more stable source of operation and mitigates to some extent the risk related to the industry.”

8257. Nokkrum dögum eftir fundinn með Samskipum eða þann 24. október 2012 birti greiningardeild Arion banka skýrsluna „*Eimskipafélag Íslands hf. Ráðgjöf vegna hlutfjárútboðs.*“⁴¹⁰⁶ Í umfjöllun um stöðuna á Íslandi segir í skýrslunni:

„Staðan á Íslandi

Segja má að Eimskip og Samskip skipti gámaflutningsmarkaðinum á Íslandi á milli sín og okkur sýnist hlutdeild Eimskips vera um 60%-70%. Samkvæmt úrskurði Samkeppnisstofnunar frá árinu 2007 er Eimskip í markaðsráðandi stöðu. Það setur félaginu nokkuð stólinn fyrir dyrnar og takmarkar hegðun þess á íslenskum markaði, svo sem í samkeppni um viðskiptavinum og í raun takmarkar vaxtarmöguleika hér á landi. Það er hins ekki heiglum hent að hefja starfsemi fyrir annað skipafélag á Íslandi á sömu nótum og Eimskip og Samskip. Til þess þarf mikla fjárfestingu í innviðum sem við stórefumst um að vekja áhuga erlendra skipafélaga. Þá eru skip félaganna í stærðarflokki sem hentar íslenskum viðkomustöðum en jafnvel þó flutningsmagn væri nægt væri aðeins á færi smárra gámaskipa að leggjast að bryggjum landsins. Við teljum markaðinn hér á landi of lítinn til þess að vekja áhuga stærri skipafélaga sem stunda gámaflutninga.”

8258. Tölvupóstur starfsmanns greiningardeildar Arion banka til (S)forstö-útfli er skýrt samtímagagn og er ritaður eftir að starfsmaðurinn hafði átt ítrekuð samskipti við (E)forstj og aðra stjórnendur hjá

⁴¹⁰⁵ Eimskip – Prospectus, october 2012” Aðgengilegt á slóð:

<https://view.news.eu.nasdaq.com/view?id=b7878ddef2d29716fb026be5c0e33eb83&lang=en>.

⁴¹⁰⁶ Afhent gagn frá Arion banka 12.09.2017. Skýrsla greiningardeildar Arion banka „Eimskipafélag Íslands hf. Ráðgjöf vegna hlutfjárútboðs”, dags. 24.10.2012.



Eimskip. Vildi umræddur starfsmaður Arion banka m.a. fá að vita hvort Samskip væru sammála staðhæfingum Eimskips sem voru efnislega þessar:

- Eimskip þyrfti ekki að lækka verð (haldið gjaldskrá stöðugri) heldur gæti það hækkað verð.
- Samkeppni væri mjög takmörkuð á íslenska markaðnum („kósý“ markaður).

8259. Segja má að í skýrslunni sem greiningardeild Arion banka birti eftir fundina með annars vegar Eimskip og hins vegar Samskipum sé flutningamarkaðnum á Íslandi í raun lýst sem „kósý“. Þegar skýrslan er virt saman með tölvupósti starfsmanns greiningardeildar Arion banka til (S)forstö-útl er ljóst að ekkert hefur komið fram á fundinum með „sérfræðingum“ Samskipa sem hnekkti þeirri staðhæfingu Eimskips að miklar aðgangshindranir væru að íslenska markaðnum og samkeppni þar mjög takmörkuð. Er þetta í fullu samræmi við það sem fram kemur í framangreindri skráningarlýsingu Eimskips.
8260. Sem fyrr segir hefur starfsmaður greiningardeildar Arion banka staðfest að hafa hitt (E)forstj ítrekað og að það sem hann hefði spurt (S)forstö-útl um hefði verið frá Eimskip komið. Orðlag tölvupóstar hans er skýrt og vísað er til staðhæfinga frá Eimskip. Engu máli skiptir hvort það hafi verið Eimskip sem hefði notað hugtakið „kósý“ eða hvort umræddur starfsmaður Arion banka hefði notað það til þess að draga saman eða endursegja lýsingu Eimskips á takmarkaðri samkeppni. Erfitt er að sjá stoð fyrir þeirri skýringu umrædds starfsmanns Arion banka að hann hefði í töluð 5 í tölvupósti sínum aðeins verið að ræða um „pass through“ á olíu. Í tölvupósti hans er skýrlega vísað til „verðskrár“ og að Eimskip gæti hækkað hana að vild. Hvað sem því líður er það einnig birtingarmynd á takmarkaðri samkeppni ef fyrirtæki geta að vild og óhindrað velt kostnaðarhækkunum á t.d. olíu út í verðlagið.
8261. Líkt og áður hefur verið fjallað um höfðu efnahagsörðugleikar þau áhrif í öðrum ríkjum en Íslandi að samkeppni á flutningamörkuðum jókst og verð lækkaði. Á Íslandi, þar sem erfiðleikarnir voru hvað mestir, átti hið þveröfuga sér stað. Á Íslandi ríkti „ró“ og „friður“ og Eimskip og Samskip þurftu ekki að óttast samkeppni um mikilvæga viðskiptavinum þeirra og gátu þess í stað einbeitt sér að því að viðhalda eða hækka verð. Eins og rökstutt hefur verið er það niðurstaða Samkeppniseftirlitsins að samfellt samráð Samskipa við Eimskip hafi verið ástæða þessa ástands á Íslandi á rannsóknartímabilinu. Framangreind gögn frá október 2012 staðfesta afar takmarkaða samkeppni hér á landi og að samdráttur í eftirspurn leiddi ekki til verðsamkeppni. Það er mat Samkeppniseftirlitsins að tölvupóstur starfsmanns Arion banka endurspegli með trúverðugum hætti sjónarmið frá stjórnendum Eimskips og feli í sér ríka vísbendingu um hið ólögmæta samfellda samráð sem fyrir hendi var á þessum tíma.

14.41. Vífilfell 2011

8262. Á rannsóknartímabili málsins var Vífilfell meðal stærstu viðskiptavina Samskipa í innflutningi og landflutningum.⁴¹⁰⁷ Samkvæmt skjali (S)forstö-innfl frá 11. janúar 2012 var Vífilfell stærsti viðskiptavinur Samskipa í innflutningi á árinu 2011.⁴¹⁰⁸ Hið sama átti við í landflutningi.
8263. Einnig er rétt að rifja upp að í kafla 14.3.5 er greint frá útboði ÖES í október 2009 og rökstutt sú niðurstaða Samkeppniseftirlitsins að samráð hefði átt sér stað milli Samskipa og Eimskips í tengslum við þetta útboð. Samráð Samskipa við Eimskip hafi tekið til þess að Samskip myndu ekki reyna að ná ÖES í viðskipti til sín og Eimskip myndi ekki reyna að ná Vífilfelli til sín. Vísast auk þess til umfjöllunar um viðskipti ÖES á árinu 2011 hér að framan, sbr. kafla 14.37.7.

⁴¹⁰⁷ Á rannsóknartímabilinu var Vífilfell í sæti 1-3 yfir stærstu viðskiptavinum Samskipa í innflutningi og landflutningum. Afhent skjal frá Samskipum. Afhent 10.04.2015. „Liður 9.1 Innflutningur heildarlisti.xls.“ Afhent skjal frá Samskipum. Afhent 10.04.2015. „Liður 9.3 Landflutningar“.

⁴¹⁰⁸ Afritað tölvuskjal frá Samskipum. „Stærstu viðskiptavinir innflutnings.xls“. Viðhengi við afritaðan tölvupóst frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.937987.



8264. Verður nú vikið að árinu 2011 og landflutningum. Samningar Samskipa við Vífilfell voru undirritaðir 19. júní 2009 og áttu að renna út 18. júní 2012 en samið var um sjóflutninga og landflutninga í sitthvorum samningnum.⁴¹⁰⁹ Líkt og að framan greinir er fjallað um það í kafla 14.3.4 hvernig Samskip endurnýjuðu flutningasamninga sína við Vífilfell á árinu 2009. Framganga og tilboð Eimskips til Vífilfells sýnir að fyrirtækið sóttist ekki eftir að ná þessum viðskiptum frá Samskipum. Með því virti Eimskip markaðsskiptinguna sem fyrirtækið hefur viðurkennt að var til staðar á þessum tíma, sbr. sátt Eimskips frá 16. júní 2021.
8265. Í markaðsskýrslu Samskipa fyrir árið 2012 var fjallað um stöðuna í einstökum tegundum innflutnings en skýrslan var undirbúin og skrifuð á haustmánuðum 2011.⁴¹¹⁰ Um innflutning drykkjarvara kemur eftirfarandi fram á bls. 19:
- „Mikilvægt er að halda í núverandi viðskiptavinum í þessum flokk. Þrír stærstu í þessum flokki eru Vífilfell, Karl K Karlsson og Mekka. [...] Samningur Vífilfells rennur út á miðju ári 2012 og gert er ráð fyrir að endursamið verði við Vífilfell en á mun lægri einingaverðum. [...] Ölgarðin er stærsti viðskiptavinur Eimskips í þessum flokki og ekki er gert ráð fyrir að reynt verði að ná í þá í viðskipti.“*
8266. Af framanrituðu má ráða að Samskip hefðu um haustið 2011 gert ráð fyrir að halda innflutningsviðskiptum Vífilfells á árinu 2012 en á lægri verðum þó. Á sama tíma var ekki gert ráð fyrir að reyna að ná í viðskipti ÖES frá Eimskip sem var á þeim tíma með opinn samning og í samningaviðræðum við Eimskip. Gekk það eftir, sbr. umfjöllun í fyrrnefndum kafla, þar sem rökstutt er sú niðurstaða Samkeppniseftirlitsins að Samskip virtu markaðsskiptinguna með því að sækjast ekki eftir viðskiptum ÖES. Eimskip náði fyrir vikið að undirrita nýjan samning við ÖES í lok desember 2011 sem fól í sér hækkun á verði frá fyrri samningi.
8267. Endurspeglaði þetta hina ólögmætu markaðsskiptingu og í samræmi við stefnu Samskipa sem sett var fram í markaðsskýrslu innflutningsdeildar fyrir árið 2012 þar sem gert var ráð fyrir að bæði Eimskip og Samskip „haldi að sér höndum og leggi áherslu á að halda verðum uppi“.
8268. Athygli vekur þó að Samskip gerðu ráð fyrir að þurfa að bjóða Vífilfelli „mun lægri einingaverð“ í endurnýjuðum samningi á árinu 2012. Hefur fyrirtækið haldið því fram að í þessu felist sönnun þess að ekkert samráð hefði verið til staðar. Hér skal það hins vegar rifjað upp að Samskip náðu að endurnýja samning sinn við Vífilfell á árinu 2009 án nokkurs samkeppnislegs aðhalds frá Eimskip. Vífilfell var einn stærsti viðskiptavinur Samskipa og miðað við kjör annarra viðskiptavina var umtalsvert svigrúm fyrir Samskip að bæta kjör Vífilfells. Að mati Samkeppniseftirlitsins er líklegt að m.a. þetta skýri það mat Samskipa að Vífilfell myndi fara fram á lækkun á verði í komandi samningaviðræðum. Hvergi kemur fram í samtímagögnum frá þessum tíma að Samskip hafi ráðgert lægri einingaverð gagnvart Vífilfelli vegna samkeppni frá Eimskip. Þvert á móti. Eins og áður segir kemur skýrlega fram í samtímagögnum hjá bæði Samskipum og Eimskip að fyrirtækin myndu áfram halda að sér höndum og keppa ekki um mikilvæga viðskiptavinum hvors annars, sbr. einnig sátt Eimskips frá 16. júní 2021, þar sem fyrirtækið viðurkennir markaðsskiptingu um viðskiptavinum eins og Vífilfell. Umfjöllun Samskipa í áætluninni fyrir árið 2012, um endurnýjun á samningi Vífilfells og lægri verð, er því, með hliðsjón af gögnum málsins, ekki vísbending um að fyrirtækin hafi á þessum tíma látið af hinni ólögmætu háttsemi.
8269. Til viðbótar sýna gögn í málinu að innkoma nýs flutningsmiðlara á markaðinn á árinu 2010 hafi valdið nokkrum óróa í viðskiptasamböndum Samskipa við einstaka viðskiptavinum, þ. á m. Vífilfell, og það hafi haft lykiláhrif á kjör Vífilfells við endurnýjun samninga í júní 2012. Rétt er að rekja þetta stuttlega.

⁴¹⁰⁹ Afrituð og afhent tölvuskjöl. „Vífilfell 16.06.2009.pdf“. Afhent 10.04.2015. Afritaður: Flutningssamkomulag Landflutninga-Samskipa og Vífilfells. Heimasvæði Landflutninga, vistað af [...]16.06.2009.

⁴¹¹⁰ Afritað tölvuskjal frá Samskipum. „Magn og tekjuáætlun innflutningsdeildar“. Viðhengi við afritaðan tölvupóst frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.909157.



14.41.1. Lítill keppinautur veldur vandkvæðum

8270. Í september 2010 urðu stjórnendur Samskipa þess varir að sænskt fyrirtæki, Remeka AB, væri að gera íslenskum innflytjendum verðtilboð í for- og áframflutninga þeirra í Danmörku. Að sögn (S)forstö-[innfl1](#) var um „fáránleg lág verð í forflutninga“ að ræða og var t.d. Rúmfatalagernum og Vífilfelli boðin slík verð. (S)forstö-[innfl1](#) áætlaði að tilboð Remeka gæti kostað Samskip um 3-4 milljónir króna í tilviki Rúmfatalagersins og Vífilfells því Samskip þyrftu að „taka alla marginuna af akstrinum og fella niður collection fee“ til að ná viðskiptunum til baka. Um starfsemi Remeka segir í tölvupósti (S)forstö-[innfl1](#):⁴¹¹¹
- „Það lítur út fyrir að [Remeka] sé að gera þetta með mjög lítilli marginu, kannski bara 2% og síðan sleppa móttakendurnir auðvitað við collecton fee. Collection fee er 10% og þar liggur stærsti munurinn.“
8271. Af tölvupósti starfsmanns Samskipa í Danmörku má ráða að Vífilfell hafi ákveðið að taka tilboði Remeka og færa forflutninga sína frá Samskipum. Í tölvupóstinum til m.a. (S)forstö-[innfl1](#) og (S)forstö-[útl](#) segir: *This is becoming a major issue for us - Now Vifilfell has also changed the trucking of their export orders [...] In this case we would normally have reused the container for sugar to Nathan & Olsen. So our setup is under pressure [(S)viðskstj] has not been able to persuade them to stop using Remeka - Is there any way we can take this up a level and you take a meeting with [Vifilfell] ? From our side we are willing to run on pure NET prices just to get Remeka out of the picture again*⁴¹¹²
8272. Í kjölfarið bað (S)forstö-[útl](#) viðskiptastjóra hjá Samskipum um að „hjóla í þetta mál“, þ.e. hafa samband við Vífilfell og „athuga hvað sé í gangi.“⁴¹¹³ Svör Vífilfells voru á þá leið að fyrirtækið væri ekki ánægt með for- og áframflutninga Samskipa í Danmörku. Þar sem Vífilfell hefði verið að komast að því, eftir sjö ára viðskiptasamband við Samskip, að það hefðu verið ódýrari valkostir á markaðnum hefði fyrirtækið ákveðið að slíta þessum tilteknu viðskiptum við Samskip.
8273. Í samskiptum innan Samskipa í kjölfar þessa kom síðan í ljós að innan Samskipa hefðu stjórnendur verið meðvitaðir um að Vífilfell hefði verið á háum verðum. Í tölvupósti (S)frkvstj-[Skand](#), starfsmanns Samskipa í Danmörku, segir m.a. eftirfarandi: „We have all been satisfied with the margin we have had on these shipments and we all know they have been on the high side (ref Doris), however now the situation has changed and we have to react.“ Annar viðskiptastjóri Samskipa var í samskiptum við Vífilfell og upplýsti um eftirfarandi:⁴¹¹⁴ „As I said before I offered [Vifilfell] the cost prize on the trucking and no collection fee and that was not enough, not sure if that is true or not or if it is a matter of principle to give us some kind of sign that we have to do better next time, so there it ended for time being but he said he would like to discuss again early 2011.“
8274. Að endingu, þegar ljóst var að Vífilfell hefði ákveðið að nýta þjónustu Remeka, fór svo að Samskip tilkynntu Vífilfelli að fyrirtækið yrði fyrir vikið rukkað um svokallað „Gate fee“ að upphæð 380 DKK. (S)forstö-[innfl1](#) var mikið í mun að umrætt gjald skyldi lagt á Remeka sjálft, ekki beint á Vífilfell, þó svo að ljóst hefði verið að gjaldið myndi á endanum hækka kostnað Vífilfells. Af svörum starfsmanns Samskipa í Danmörku er ljóst að sú beiðni (S)forstö-[innfl1](#) var mjög óvenjuleg. Sagði hann eftirfarandi: „It should be for Vifilfell it is exw shipments ? Doris is not build for this. And I do not think either Norddis.“⁴¹¹⁵
8275. Gögnin bera einnig með sér að Eimskip og Samskip hefðu reynt að leggja stein í götu þessa nýja keppinautar til að koma í veg fyrir innkomu hans á markaðinn. Sem dæmi má nefna viðbrögð Samskipa við beiðni Remeka um verð í sjóflutning fyrir viðskiptavin í mars 2011. Þann 2. mars 2011

⁴¹¹¹ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.827571.

⁴¹¹² Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.840094.

⁴¹¹³ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.1020063.

⁴¹¹⁴ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.840134.

⁴¹¹⁵ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.870441.



óskaði forsvarsmáður Remeka eftir verðtilboði í sjóflutning frá VAR/ARR til REK fyrir 20 og 40 feta gám. Starfsmaður Samskipa í Svíþjóð spurði þá (S)forstö-innfl1 hvort það ætti yfirhöfuð að gefa viðkomandi tilboð. (S)forstö-innfl1 svaraði:

„We will quote him a high seafreight rate“.

8276. Síðar í mars sama ár lagði (S)forstö-innfl1 til að reynt yrði að forðast það að gefa Remeka verðtilboð en sagði að það gæti verið erfitt. Lagði hann þá til eftirfarandi: „I agree that we should try to avoid this, but it might be hard. He can of course ship with us on FOB terms. We do need to charge him collection fee on all charges.“ Þá voru Samskip ekki reiðubúin að gefa Remeka verð nema fyrirtækið myndi gefa upp hver væri viðtakandi sendingarinnar á Íslandi sem Remeka var ekki tilbúið að gera.⁴¹¹⁶

8277. Þá gaf (S)forstö-innfl1 þau fyrirmæli að ef Remeka óskaði eftir gám ætti að afhenda honum hann eins seint og hægt væri. Í umræddum tölvupósti (S)forstö-innfl1 sagði nánar tiltekið eftirfarandi:⁴¹¹⁷

„It is important that we prevent him from using our equipment for other business. If Remeka asks for a container then we need to release it to them as late as possible. [Remeka] was on a sales trip in Iceland in week 14, and we have been fighting some offers from him since then. It is likely that we will see more activity from Remeka in the coming weeks as a result of this sales trip. Please continue monitoring Remeka, we will deal with them on a case by case basis.“

8278. (S)forstj óskaði í kjölfarið eftir því að (S)forstö-innfl1 kæmi til sín á skrifstofuna vegna þessa.⁴¹¹⁸

8279. Á þessum tíma átti sér stað víðtækt gámasamstarf milli Samskipa og Eimskips og var það hluti af hinu samfellda samráði fyrirtækjanna, sbr. kafla 18. Allt annað átti að gilda gagnvart Remeka enda var það keppinautur sem gerði Samskipum og Eimskip erfiðara fyrir að hækka eða halda uppi verði.

8280. Um miðjan maí 2011 upplýsti (S)forstö-umb.erl þá (S)forstö-útl og (S)forstö-innfl1 að Remeka væri búíð að „stríða“ Samskipum mjög mikið í innflutningi til Íslands, væri að „vaða“ í þeirra viðskiptavinum og undirbjóða forflutning. Í tilefni af verðfyrirspurn til (S)forstö-umb.erl frá Remeka spurði (S)forstö-umb.erl þá (S)forstö-útl og (S)forstö-innfl1 hvort hann ætti að segja Remeka að „leita annað [...] eða vilt tu gefa honum verd?“. (S)forstö-útl svaraði og sagði: „Já hafna þessu ef þú metur svo“.⁴¹¹⁹

8281. Svipað var uppi á teningnum hjá Eimskip. Eimskip tilkynnti Remeka í mars 2011 að fyrirtækið þyrfti að greiða svokallað LOLO gjald að upphæð 500 DKK áður en Eimskip myndi afhenda „3. part trucking companies“ gáma sem höfðu verið fluttir með Eimskip. Remeka kvaðst ekki kannast við slíkt gjald og benti Eimskip á að með slíkri gjaldtöku væri fyrirtækið að mismuna flutningsfyrirtækjum sem ekki væru innan þeirra eigin samstæðu.⁴¹²⁰

8282. Í þessu samhengi vísast t.a.m. til tölvupósts frá ÖES til Eimskips þann 8. september 2011 þar sem skýrt kom fram að ÖES væri ekki sátt við fyrirhugaðar hækkunar Eimskips, sbr. kafla 14.37.7. Í tölvupóstinum sagði m.a.:

„Ég hef rætt marg oft við ykkur í fleirri en einni og tveimur samningaviðræðum að erlendi kostnaðurinn ykkar er kominn út úr öllu samhengi við það sem er að gerast fyrir utan íslensk umhverfi. THC er ekki í takt við raunveruleikann og þar hef ég bara sannanir fyrir því frá mínum

⁴¹¹⁶ Afritaðir tölvupóstar frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.859464. Milli [...] Doc. ID. 0.7.33.861908 og 0.7.33.861252. Sjá einnig afritaðan tölvupóst frá Samskipum. [...] „Routing order: Emmesses – 20" dry container“, dags. 30.03.2011. Doc. ID. 0.7.33.865173: „It is difficult to prevent this, but we need to charge the Gate Fee. I think also that Remeka should not get any credit terms with Samskip. The Gate Fee needs to be paid before they can pick up the container, and all the FOB charges need to be paid before the container is loaded on the vessel. Remeka is not a reliable company and that should be the reason for us not giving them any credit.“.

⁴¹¹⁷ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.870395.

⁴¹¹⁸ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.859278.

⁴¹¹⁹ Afritaðir tölvupóstar frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.1053345.

⁴¹²⁰ Afritaðir tölvupóstar frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.34.102512.



birgjum og þið vitið þær tölur jafn vel og ég. Einnig eru ykkar höft sem þið kallið collection fee á að fara með forflutning annað samkeppnishamlandi og ganga ekki upp. Ef ég reyni að komast hjá collection fee þá setjið þið bara LOLO gjald í staðin, þið bindið mann bæði á höndum og fótum."

8283. Til viðbótar við framanritað má af innanhússamskiptum innan Samskipa sjá að Eimskip og Samskip áttu í samskiptum í mars 2011 um að taka ekki við bókunum frá Remeka. Starfsmaður Samskipa í Danmörku, (S)starfsm, sendi tölvupóst til (S)frkvstj-Skand, (S)starfsm, (S)forstö-innfl1, (S)viðskstj1, (S)starfsm og (S)starfsm í tengslum við ákvörðun Emmessís um að notast við þjónustu Remeka og þar kom eftirfarandi fram:

*„We know that Eimskip last week told Remeka that they won't take bookings from him“.*⁴¹²¹

8284. Benda þessi ummæli mjög sterklega til þess að Samskip hafi fengið þessar upplýsingar beint frá Eimskip.
8285. Með framangreindum aðgerðum gátu Samskip og Eimskip reynt að aftra því að nýr keppinautur kæmist inn á markaðinn og raskaði því jafnvægi sem fyrirtækin hefðu komið á með samstilltum aðgerðum sínum. Sést það enda vel af samtímagögnum hvernig umrætt fyrirtæki náði að lækka verð á for- og áframflutningum í Danmörku og knýja Eimskip og Samskip til verðlækkana.⁴¹²²
8286. Að mati Samkeppniseftirlitsins er árangur Remeka á markaðnum á árinu 2011, sérstaklega gagnvart Vífilfelli, líklega skýringin á því af hverju Samskip gerðu ráð fyrir því um haustið 2011, við gerð áætlunar fyrir árið 2012, að verð til Vífilfells myndu lækka í endurnýjuðum samningi á árinu 2012.
8287. Samhengisins vegna er rétt að rifja upp að í febrúar 2012 var innan Eimskips rætt um mikla framlegð af for- og áframflutningum erlendis og viðbrögð viðskiptavina við því, sbr. tölvupóstur (E)forstö-sölu frá 6. febrúar 2012 sem reifaður var í kafla 14.39.5. Benti (E)forstö-sölu á að framlegð Eimskips á „for- og áframflutningi erlendis hleypur á tugum prósentu (það vita viðskiptavinir reyndar ekki).“ Jafnframt kom fram að viðskiptavinir Eimskips kvarti „stöðugt yfir háum erlendum kostnaði“ og Samtök atvinnulífsins séu „farin að boða félagu á fund til að finna leiðir til lækkunar á flutningskostnaði.“ Taldi (E)forstö-sölu þetta vera „mjög alvarlegt og væri t.d. ekkert sérstakt að fá takmarkað upplýstan fjölmiðlamann í málið.“ Þessi tölvupóstur (E)forstö-sölu er dæmi um að stjórnendur Eimskips eða Samskipa höfðu stundum áhyggjur að fyrirtækin væru ganga of langt í verðhækkunum sínum. Það gæti ofboðið viðskiptavinum, kallað á athygli fjölmiðla og/eða skapað möguleika á því að nýir keppinautar gætu hafið starfsemi og þar með aukið samkeppni. Hafði það átt sér stað í tilvikum Remeka.

14.41.2. Samskip halda Vífilfelli

8288. Um miðjan nóvember 2011 hafði Vífilfell frumkvæði að því að óska eftir því að heimsækja vöruhús Eimskips. Undirstrika ber að samtímagögn sýna að Eimskip hafi fram að þessu látið Vífilfell í friði og ekki gert sig álitlegt til að sinna flutningsþjónustu fyrir þennan mikilvæga viðskiptavin. Rétt er að benda á að í flutningakerfi Eimskips var vannýtt flutningsgeta.⁴¹²³
8289. Í kjölfarið af umleitun Vífilfells í nóvember 2011 fóru af stað umræður innan Eimskips um möguleg viðskipti við Vífilfell. (E)sölustj-innanl2 sendi skýrslu um heimsókn Vífilfells til m.a. (E)frkvstj-sala/þj, (E)frkvstj-innanl og (E)forstö-landfl1 og sagði m.a. eftirfarandi:⁴¹²⁴

„Allir samningar við Samskip renna út 30 júní, þ.e. vöruhús-, landsbyggðaaaksturs- og innflutningssamningar. Eru að skoða nokkur atriði þessa dagana sem þá vantar strax verð í, ss dreifingu og akstur á ákveðnum svæðum, verðdæmi í hýsingu og innflutning á gámum frá einhverjum

⁴¹²¹ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.865299.

⁴¹²² Afritaðir tölvupóstar frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.34.102487.

⁴¹²³ Afhent gögn Eimskips 29.11.2017.

⁴¹²⁴ Afritaður tölvupóstur frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.805901.



stöðum. Líta þeir á þessi fyrstu atriði sem ákveðið test á okkur þó svo við fáum svo að bjóða í alla þjónustuliði í byrjun 2012. Þeir líta ekki á þetta sem heildarpakka, munu taka þetta í nokkrum flokkum, ss innflutningur, hýsing og dreifing, gæti endað sem sitthver aðilinn. Í dag segja þeir að dreifingarþátturinn gæti verið svæðisbundinn og þyrfti ekki að vera á sömu hendi, held að þegar á reyni muni þetta samt enda í þessum þrem flokkum.

8290. [\(E\)frkvstj-sala/þj](#) svaraði stuttu seinna og sagði: „Mjög spennandi pakki!“⁴¹²⁵ Viðbrögð [\(E\)frkvstj-innanl](#) voru: „Flott að heyra, verður gaman að sjá hvernig þetta fer allt saman.“⁴¹²⁶
8291. Seinna sama dag barst Eimskip umrædd tilboðsbeiðni frá Vífilfelli. Segir í beiðni Vífilfells að tilgangurinn væri að meta samkeppnishæfni Eimskips í verðum. Bað Vífilfell um verð í flutninga á einni áætlunarleið í landflutningum og hýsingu í vöruhúsi. [\(E\)sölustj-innanl2](#) framsendi beiðnina á [\(E\)forstö-landfl1](#) og [\(E\)frkvstj-innanl](#).⁴¹²⁷ [\(E\)frkvstj-innanl](#) svaraði sama kvöld og sagði:⁴¹²⁸
- „Finnst þetta mjög spennandi fyrir okkur og töluvert magn fyrir Vöruhótelid ef vel gengur og eins í þessu mörg tækifæri á öðrum sviðum eins og þú nefndir.“
8292. Í samræmi við framanritað sagði eftirfarandi í mánaðarskýrslu Vöruhúsastarfsemi Eimskips í nóvember 2011:
- „Vífílfell hefur gefið út að þau verð sem þeim voru boðin hafi klárlega ýtt við þeim þannig að með hækkandi sólu munu þeir fara með akstur og hýsingu í útboð.“⁴¹²⁹
8293. Þá sagði í fundargerð sölufundar á innanlandssviði Eimskips fyrir nóvember og desember 2011 að búið væri að „vinna tilboð“ fyrir Vífílfell „en það verður boðið út í vor.“⁴¹³⁰
8294. Hér skal rifjað upp að sókn Eimskips á innanlandssviði á rannsóknartímabili málsins var með áherslu á vöruhúsastarfsemi og vörudreifingu. Skýrt kemur fram í samtímagögnum að sú sókn ætti ekki við um mikilvæga viðskiptavinum í innflutnings- og landflutningastarfsemi fyrirtækisins.
8295. Því skal einnig haldið til haga að gögn málsins benda til þess að umrædd viðskipti sem Vífílfell óskaði eftir verðtilboðum í og voru til umræðu innan Eimskips, sbr. framanritað, hafi að hluta til verið viðskipti sem ekki voru fyrir hjá Samskipum. Að minnsta kosti virðist að hluta til hafa verið um að ræða vörudreifingu og flutninga innanlands sem Vífílfell sá sjálft um. Samskip hafa í athugasemdum sínum haldið því fram að það væri rangt, þau viðskipti sem Eimskip hefði boðið í hafi öll verið hjá Samskipum.⁴¹³¹ Af því tilefni er rétt að vísa nánar í framangreindan tölvupóst [\(E\)sölustj-innanl2](#) frá 17. nóvember 2011. Þar sagði nánar tiltekið:
- „[...] yfirmaður vöruhúsa og dreifingar Vífílfells kom með erlendan ráðgjafa nýrra eigenda Vífílfells á fund til að skoða vöruhúsið og hvað við höfum upp á að bjóða því tengdu. Ráðgjafinn heitir [...] og er fra [...], hann hefur verið að vinna víða fyrir þessa nýju eigendur í logistics, alls 13 löndum síðustu fimm árin. Ráðgjafinn er að velta öllum steinum, skoðar alla fleti og vill verðtilboð í sem flesta hluti, línan í logistics virðist vera að úthýsa eins miklu og kostur er, virðast hafa góða reynslu af því sem ætti að henta okkur vel.“
8296. Tilvísun [\(E\)sölustj-innanl2](#) til þess að Vífílfell væri að leitast eftir því að úthýsa eins miklu og kostur er þykir að mati Samkeppniseftirlitsins staðfesta að fyrirtækið hafi verið að leita eftir tilboðum frá Eimskip í þjónustuliði sem ekki væri þegar úthýst út úr fyrirtækinu heldur unnir innan dagslegs reksturs Vífílfells.

⁴¹²⁵ Afritaður tölvupóstur frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.805956.

⁴¹²⁶ Afritaður tölvupóstur frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.806009.

⁴¹²⁷ Afritaðir tölvupóstar frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.34.90432 og 0.7.33.806013.

⁴¹²⁸ Afritaður tölvupóstur frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.806123.

⁴¹²⁹ Afritað tölvuskjal frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.833362.

⁴¹³⁰ Afritað tölvuskjal frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.34.124098-000001.

⁴¹³¹ Sjá mgr. 1369 í athugasemdum Samskip við AII.



8297. (E)frkvstj-innanl upplýsti (E)forstj sama dag um áhuga Vífilfells á vöruhótel Eimskips og vörudreifingu Flytjanda. Í lok tölvupóstsins hrósaði hann (E)sölustj-innanl2 fyrir að eiga stóran þátt í því að reyna að ná inn nýjum viðskiptum í vöruhótel. Viðbrögð (E)forstj við fréttum um að einn stærsti innflytjandi landsins á mat- og drykkjavöru hefði áhuga á viðskiptum við vöruhótel Eimskips vekur athygli. Svar (E)forstj var eftirfarandi: „*Flott hjá ther - alltaf gott að hrosa folki – [(E)sölustj-innanl2] er godur strakur*“.⁴¹³² Þykja þessi viðbrögð forstjórans ekki lýsa miklum áhuga á að ná þessum umfangsmikla kaupanda á alhliða flutningsþjónustu í frekari viðskipti.
8298. Eimskip sendi Vífilfelli tilboð í framangreind viðskipti þann 24. nóvember 2011, þ.e. í vöruhúsaþjónustu og afmarkaða dreifingu.⁴¹³³ Eimskip sendi síðan annað tilboð til Vífilfells í vörudreifingu út frá Akureyri og frá Reykjavík til Suðurnesja og benda gögn málsins til þess að mat Eimskips hafi verið að um væri að ræða „mjög góð verð“ fyrir Vífilfell.⁴¹³⁴
8299. Í kjölfarið átti sér stað vinna innan Eimskips við að setja saman verðtilboð í landflutninga Vífilfells á milli Reykjavíkur og Akureyrar, þ.e. flutning sem var inni í heildar landflutningasamningi Vífilfells hjá Samskipum. (E)starfsm, starfsmaður í rekstrardeild innanlandsflutninga Eimskips, sagði m.a. að það „*væri gaman að ná þessu af sambó !!!*“.⁴¹³⁵ Af samskiptagögnum innan Eimskips frá júní 2012 má ráða að verðtilboð hafi verið sent Vífilfelli í lok árs 2011 „*í allan akstur innanlands, vöruhýsingu og innflutning*“.⁴¹³⁶ Í gögnum málsins hafa hins vegar eingöngu fundist tilboð frá Eimskip í afmarkaða þjónustuþætti, s.s. dreifingu á tilteknum stöðum, flutninga á milli ákveðinni staða og vöruhýsingu, sem send voru Vífilfelli 24. nóvember 2011, sbr. framanritað. Við rannsókn málsins hafa á hinn bóginn ekki fundist gögn sem sýna að gert hafi verið tilboð í innflutningsviðskipti Vífilfells en líkt og áður segir var Vífilfell á þessum tíma stærsti viðskiptavinur Samskipa í innflutningi. Þar að auki afhentu Eimskip ekki nein slík tilboð og fyrirtækið hefur viðurkennt að í ólögumætu samráði fyrirtækisins við Samskip hafi falist að keppa ekki um mikilvæga viðskiptavini. Innanhússgögn sem varða sókn Eimskips í vöruhúsa viðskiptin sýna allt aðrar áherslur heldur en í land- og sjóflutningum Eimskips, þar sem markaðsskipting ríkti. Í gögnum sem varða sjó- og landflutninga Eimskip er ekki að sjá sambærilega sókn í viðskiptavini keppinautarins eða fögnuð hjá Eimskip um að ná viðskiptum af keppinautnum. Samanburður á þessum gögnum endurspeglar hina ólögumætu markaðsskiptingu um mikilvæga viðskiptavini í sjó- og landflutningum og er sönnunargildi slíkra samtímagagna er ríkt.
8300. Gögn málsins sýna að ýmis samskipti áttu sér stað milli lykilstjórnenda Samskipa og Eimskips haustið 2011 og fram í desember 2011. (S)forstj og (E)forstj fóru með golfhópi sínum í skemmtiferð til Danmerkur 2. – 5. september 2011. Voru samtals átta menn í þessari ferð og var dagskráin þétt. Samkvæmt henni áttu áttmenningarnir að spila golf saman, snæða saman í hádeginu og á kvöldin og fara saman í skoðunarferðir, sbr. kafla 13. Þá liggur fyrir að (S)forstj og (E)frkvstj-alþjsv hittust 3. desember 2011 í árlegu matarboði sem haldið var í tengslum við jólin. Um frekari samskipti lykilstjórnenda Samskipa og Eimskips á þessum tíma vísast til kafla 14.39.1.
8301. Í upphafi desember 2011 spurði forstöðumaður innflutningsdeildar Samskipa, (S)forstö-innfl1, samstarfsmenn sína hvort „*búið [væri] að taka saman hversu háa upphæð Vífilfell vangreiddi í flutnings- og þjónustugjöld [svo] vegna þess að við gleymdum að hækka í sumar á þá?*“ Fékk hann þau svör að upphæðin hefði verið 3,5 milljónir kr. (S)forstö-innfl1 bað þá um að þetta yrði tekið saman á formlegan hátt þar sem þetta væri „*ágætis skiptimynt þegar við förum að semja við þá*“.⁴¹³⁷
8302. Í desember 2011 var áfram innan Samskipa unnið að undirbúningi verðtilboðs til Vífilfells.⁴¹³⁸ Líkt og gert hafði verið ráð fyrir í rekstraráætlun Samskipa, sbr. framanritað, var reiknað með um 15-28%

⁴¹³² Afritaður tölvupóstur frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.806133.

⁴¹³³ Afritaður tölvupóstur frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.34.91429.

⁴¹³⁴ Afritaður tölvupóstur frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.34.91942, sbr. einnig afritaður tölvupóstur [...]. „*FW. Tilboð í landflutninga Norðurland og Reykjanesskagi II.xlsx*“, dags. 28.11.2011, kl. 16:42. Doc. ID. 0.7.34.91671.

⁴¹³⁵ Afritaðir tölvupóstar frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.34.92440.

⁴¹³⁶ Afritaðir tölvupóstar frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.926423.

⁴¹³⁷ Afritaðir tölvupóstar frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.926410.

⁴¹³⁸ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.929349.



lækkun á sjóflutningsverðum enda var Vífilfell á þessum tíma ennþá með for- og áframflutninga sína að einhverju leyti hjá hinum nýja flutningsmiðlara, Remeka.⁴¹³⁹

8303. Þann 29. desember 2011 áttu (E)frkvstj-sala/bj, (E)forstö-sölu, (S)forstö-innfl1 og (S)forstö-útfli í samskiptum, sbr. einnig samskipti (E)frkvstj-sala/bj við (S)forstö-innfl1 eða (S)forstö-útfli sama dag.⁴¹⁴⁰ Um sönnunargildi þessa vísast til kafla 13.

8304. Í upphafi árs 2012 tilkynnti (S)frkvstj-innanl (S)forstö-innfl1 að hann hefði heyrt í Vífilfelli og niðurstaðan væri sú að Samskip myndu koma með tillögu að nýjum samningi sem myndi taka gildi strax. (S)forstö-innfl1 tók vel í það og lagði til að bókaður yrði fundur í vikunni á eftir.⁴¹⁴¹

8305. Þann 10. janúar 2012, vistaði (S)forstö-innfl1 skjal með heitinu „samanburður samninga 2012“. Var þar að finna samanburð á verðum gagnvart eftirtöldum aðilum: „Rúmfatalagerinn, Ölgerðin (Samskip), Ölgerðin (Eimskip), Vífilfell, Nathan, Ísam (tillaga), OJK, Garri, Samkaup, Húsasmíðjan, Byko og Vífilfell (nýtt)“.⁴¹⁴² Sama dag sendi hann tölvupóst til (S)rekststj-landfl2 og (S)frkvstj-innanl og kvaðst vera að stilla upp samningi og bað um tillögur að verði í akstur til Akureyrar. (S)rekststj-landfl2 svaraði tölvupósti þann 12. janúar með eftirfarandi hætti:⁴¹⁴³

„Búinn að liggja aðeins yfir þessu, þetta harmonerar perfect með Promens fraktinni. Tel að við ættum að bjóða þeim neðangreind verð með FAF (uppreiknast 3 mánaða fresti) Verð pr gám to door ISK 128.000.- án vsk

Prófum það sama á Becromal

Grænlenkir dagar !!!“

8306. Til upprifjunar má af samtímagögnum frá Samskipum sjá stjórnendur og starfsmenn fyrirtækisins vísa til þess að gefa viðskiptavinum „grænlenk“ verð þegar bjóða átti samkeppnishæf verð miðað við Eimskip. Skal rifjað upp að fyrir „Nýtt upphaf“ verkefnið var innan Samskipa rætt um „grænlenka daga“ og „herferð“ þegar til stóð að bjóða mikilvægum viðskiptavinum Eimskips lág verð með því markmiði að ná þeim í viðskipti, sbr. kafla 6.7.6.1, sbr. einnig umfjöllun hér síðar um „grænlenka veiðidaga“ hjá Samskipum í upphafi árs 2013.

8307. Með áður nefndum ummælum og tilvísun (S)rekststj-landfl2 til „grænlenkra daga“ var hér átt við verð á akstri til Akureyrar en það var sú áætlunarleidd sem Eimskip hafði áður boðið í hjá Vífilfelli.

8308. (S)forstö-innfl1, (S)stjórnarm-S og SH, (E)sölustj-innanl2 og (E)viðskstj2 áttu samskipti 13. janúar 2012.⁴¹⁴⁴ Eins og gögn málsins sýna höfðu (S)forstö-innfl1 og (E)sölustj-innanl2 beina aðkomu að tilboðsgerð Samskipa og Eimskips vegna Vífilfells. Þennan dag voru einnig samskipti milli (E)svæðisstj1 og (S)forstö-flutnstj.⁴¹⁴⁵ Um sönnunargildi þessa vísast til kafla 13.

8309. Þremur dögum eftir fyrrgreind samskipti unnu Samskip áfram að því að setja saman tilboð og drög að nýju flutningasamkomulagi við Vífilfell. Í fundarboði (S)forstö-innfl1 til (S)forstj og (S) frkvstj-innanl sagði: „Ætla að renna í gegnum nálgunina gagnvart Vífilfell með ykkur“.⁴¹⁴⁶ Bera gögnin með sér að lagt hefði verið upp með 5-15% lækkun á sjóflutningsverðum en hins vegar um 8-11% hækkun á uppskipun. Þá átti að veita 25% afslátt af BAF gjaldi en Vífilfell var ekki með afslátt af BAF

⁴¹³⁹ Afritaðir tölvupóstar frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.925884.

⁴¹⁴⁰ Sjá nánar kafla 14.39.

⁴¹⁴¹ Afritaðir tölvupóstar frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.937574.

⁴¹⁴² Afritað tölvuskjal frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.16229.

⁴¹⁴³ Afritaðir tölvupóstar frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.938775.

⁴¹⁴⁴ Afrituð tölvupóstsamskipti frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.939093. Afrituð tölvupóstsamskipti frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.938743 / 0.7.33.939394.

⁴¹⁴⁵ Afrituð tölvuskjal frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.1109703.

⁴¹⁴⁶ Afrituð dagbókarfærsla frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.939350.



í fyrri samningi.⁴¹⁴⁷ Höfðu Samskip þannig horfið frá fyrri stefnumörkun, sbr. framanritað, sem fól í sér að bjóða Vífilfelli 15-28% lækkun á verði.

8310. Gögn málsins gefa til kynna frekari samskipti Samskipa við Eimskip á þessum þessum tíma.
- Samskipti (E)frkvstj-innanl, (E)deildstj-útfll, (S)forstö-flutnstj og (S)forstö-útfll dags. 18. og 19. janúar 2012.⁴¹⁴⁸
 - Fundur (E)frkvstj-innanl, (E)deildstj-útfll, (S)forstö-flutnstj og (S)forstö-útfll dags. 20. janúar 2012.⁴¹⁴⁹
8311. (S)forstj, (S)forstö-innfl1 og (S)frkvstj-innanl hittust á fundi 16. janúar þar sem farið var yfir drög Samskipa að nýjum samningi við Vífilfell.⁴¹⁵⁰ Gögnin benda svo til þess að þau drög og verðtillögur hafi verið lagðar fyrir Vífilfell á fundi því þann 27. janúar 2012 sendi (S)frkvstj-innanl tölvupóst til (S)forstö-innfl1 þar sem hann lýsti yfir áhyggjum af því að hafa ekki heyrt í Vífilfelli og sagði: „...helv...ég sem var svo bjartsýnn á þetta!“. (S)forstö-innfl1 svaraði og sagði: „Mig grunar að þeir [Vífilfell] muni ekki ganga að þessu.“⁴¹⁵¹ Athygli vekur að (S)forstö-innfl1 vísaði í því samhengi ekki til ótta um ásókn Eimskips í Vífilfell. Er það í samræmi við ólöglegt samráð fyrirtækjanna á þessum tíma.
8312. Vífilfell hafði samband við Samskip þann 29. janúar 2012 og kvaðst vera að skoða tilboð Samskipa og óskaði eftir frekari sundurliðun og upplýsingum ásamt verðtillögum í útflutning. (S)forstö-innfl1 framsendi póstinn á (S)forstj og (S)frkvstj-innanl.⁴¹⁵² Tilboð Samskipa í útflutning var síðan sent Vífilfelli 31. janúar 2012.⁴¹⁵³
8313. Dagana 10. og 17. febrúar 2012 átti (E)frkvstj-innanl annars vegar í samskiptum við (S)frkvstj-innanl og hins vegar (S)forstö-útfll.⁴¹⁵⁴ Um sönnunargildi þessa vísast til kafla 13.
8314. Farið var yfir tilboð Samskipa á fundi með Vífilfelli þann 15. febrúar 2012. Daginn eftir sendu Samskip svör við athugasemdum Vífilfells. Þar má sjá að Samskip féllust á beiðni Vífilfells um hækkun á afslætti af BAF úr 25% í 30% ásamt um 8% lækkun á sjóflutningsverðum og afslátt af erlendum vörugjöldum o.fl. kostnaðarliðum.⁴¹⁵⁵
8315. Á grundvelli 19. gr. samkeppnislaga óskaði Samkeppniseftirlitið eftir því að Samskip afhentu samninga fyrirtækisins við stærstu viðskiptavinum þess, sbr. upplýsingabeiðni 29. janúar 2015. Endurnýjaður samningur Samskipa við Vífilfell árið 2012 var ekki afhentur.⁴¹⁵⁶ Er þetta til þess fallið að vinna gegn skilvirkri rannsókn málsins.
8316. Við skoðun afritaðra gagna fundust gögn sem sýna að Samskip og Vífilfell undirrituðu nýjan flutningasamning þann 21. febrúar 2012 og gildi hann til 21. desember 2014. Samningurinn tók til innflutnings og tengdra landflutninga en ekki heildarlandflutninga Vífilfells. Í tölvupósti (S)forstö-innfl1 kom fram að þessi endurnýjun væri mikilvæg fyrir Samskip vegna umfangs viðskipta Vífilfells.⁴¹⁵⁷

⁴¹⁴⁷ Afritað tölvuskjal frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.13377.

⁴¹⁴⁸ Afhent tölvupóstsamskipti frá Samskipum. [...]

⁴¹⁴⁹ Sjá einnig afritaða dagbókarfærslu frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.209324.

⁴¹⁵⁰ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.939350.

⁴¹⁵¹ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.943118.

⁴¹⁵² Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.968420.

⁴¹⁵³ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.944553.

⁴¹⁵⁴ Afhent skjal frá Samtökum verslunar og þjónustu. Afhent 21.12.2016. „Fskj. A-10. Fundargerð fagráðs flutningasviðs SVP, dags. 4. nóvember 2011“. Afrituð dagbókarfærsla frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.852549. [...] samþykktu. Doc. ID. 0.7.33.852748 / 0.7.33.854670.

⁴¹⁵⁵ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.950911.

⁴¹⁵⁶ Afhent tölvuskjal frá Samskipum. Afhent 10.04.2015. Liður 8.2 Samningar.

⁴¹⁵⁷ Afritað tölvuskjal frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.19167. Sjá einnig afritaðan tölvupóst frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.952270.



8317. Í júní 2012 fékk Eimskip þær upplýsingar frá Vífilfelli að undirbúningur væri í gangi innanhúss varðandi „flutningssamningamálin“ og að taka ætti upp þráðinn við Eimskip í byrjun ágúst. Tilkynnti (E)sölustj-innanl2 þeim (E)frkvstj-innanl, (E)forstö-landfl1, (E)forstö-vöruh, (E)rekststj-vörud, (E)frkvstj-sala/þj, (E)forstö-sölu, (E)viðskstj3 og (E)forstö-flutnmið þessar fregnir og sagði að Eimskip yrði í „startholunum“ í byrjun ágúst.⁴¹⁵⁸
8318. Gögn málsins sýna að framanrituð „flutningssamningsmál“ Vífilfells sneru að hýsingu og vörudreifingu/landflutningum enda virðast málefni Vífilfells aðeins hafa verið rædd í afmörkuðum deildum innan Eimskips. Þannig er Vífilfell t.d. nefnt í fundargerð vöruhúsadeildar Eimskips (WHO – SALA) frá ágúst 2012 og sagt að vonast væri til þess að fyrirtækið myndi leita eftir verðum í hýsingu og flutningamál eftir fund með fyrirtækinu um miðjan september.⁴¹⁵⁹ Í samantekt sömu deildar á starfseminni í september og október 2012 kom svo fram að Eimskip hefði hitt Vífilfell á fundi í september og Eimskip sett fram tilboð í hýsingu. Á fundinum hefði hins vegar komið fram að vegna anna myndi Vífilfell ekki taka málið áfram fyrr en á nýju ári. Þá var Eimskip upplýst um að samningar um annað en vöruhýsingu, þ.e. landflutninga og vörudreifingu, hefðu verið framlengdir við Samskip fram á mitt ár 2013.⁴¹⁶⁰
8319. Í september 2012 var unnin afurða- og vöruflökkagreining hjá Eimskip. Í greiningu fyrir vöruflökkinn „Matvara“ vísaði Eimskip til tækifæra til að sækja á fyrirtæki í viðskiptum við Samskip þegar samningar við viðskiptavini þeirra, þ. á m. Vífilfell, yrðu lausir, sbr. eftirfarandi:
- „Okkar helstu tækifæri liggja klárlega í þeim fyrirtækjum sem ekki eru að flytja með okkur í dag þegar þeirra samningar opnast. Þar má nefna Nathan & Olsen, OJK, Garra, Vífilfell, Fóðurlönduna og Íslensk Ameríska svo einhver séu nefnd. Mikilvæg að halda sambandi við þessi fyrirtæki og minna reglulega á okkur.“⁴¹⁶¹*
8320. Að mati Samkeppniseftirlitsins sýna framangreind gögn frá lok árs 2011 og fram á árið 2012 að Eimskip hafi ekki talið tækifæri felast í því að ná viðskiptum Vífilfells af Samskipum þegar samningar þeirra losnuðu sumarið 2012. Samkvæmt fyrirliggjandi fundargerðum innflutningsdeildar Eimskips (LIS) árið 2012 var Vífilfell t.a.m. aldrei á lista þeirra viðskiptavina sem viðskiptastjórar Eimskips

⁴¹⁵⁸ Afritaður tölvupóstur frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.926423.

⁴¹⁵⁹ Afritað tölvuskjal frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.34.139842.

⁴¹⁶⁰ Afritað tölvuskjal frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.34.143567.

⁴¹⁶¹ Afrituð tölvuskjöl frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.378771.



máttu sækja í.⁴¹⁶² Er það í samræmi við fyrirliggjandi fundargerðir frá vikulegum fundum yfirmanna deildarinnar, þ.e. umræðum af fundum (E)frkvstj-sala/þj, (E)forstö-sölu og (E)forstö-flutnmið.⁴¹⁶³

8321. Af gögnum málsins sést að næg tækifæri sköpuðust fyrir Eimskip til að nálgast Vífilfell á þessu tímabili því í nóvember 2011 voru stjórnendur strax meðvitaðir um að beiðni Vífilfells um verðtilboð í dreifingu, hýsingu og einstaka gámaflutninga væri „ákveðið test á [Eimskip] þó svo [Eimskip] fá [i] svo að bjóða í alla þjónustuliði í byrjun 2012“. Þá kom skýrt fram í beiðni Vífilfells um verðtilboð frá Eimskip þann 17. nóvember 2011 að tilgangurinn væri að meta samkeppnishæfni Eimskips í verðum.
8322. Að framangreindu virti Eimskip markaðsskiptinguna um Vífilfell árið 2012 og endurspeglar framanrituð atburðarás samráð Samskipa og Eimskips sem fólst í því að forðast að keppa um mikilvæga viðskiptavinum hvors annars. Eru atvik þessi einnig í samræmi við sátt Eimskips við Samkeppniseftirlitið, dags. 16. júní 2021, þar sem Eimskip viðurkenndi að hafa brotið gegn 10. gr. samkeppnislaga og 53. gr. EES samningsins með ólögum samráði við Samskip, m.a. með því að skipta mörkuðum eftir stærri viðskiptavinum í sjó- og landflutningum.
8323. Í athugasemdum Samskipa við AII, sbr. einnig bréf, dags. 13. júní 2022, er að meginstefnu til byggt á því að sú staðreynd að gert hefði verið ráð fyrir því í markaðsskýrslu Samskipa fyrir árið 2012 að lækka þyrfti verð til að halda Vífilfelli í viðskiptum og verðið hefði síðan verið lækkað í endurnýjuðum samningi sýni virk samkeppni hefði ríkt á flutningamarkaðnum. Á sama tíma byggja Samskip hins vegar einnig á því að innkoma Remeka á markaðinn hefði valdið því að Samskip urðu að ná fram lægri verðum í forflutningum í Danmörku og að það hefði verið „fullkomlega eðlileg viðbrögð við samkeppni á markaði.“ Þessar athugasemdir Samskipa hrófla ekki við niðurstöðu Samkeppniseftirlitsins en nánar er fjallað um sjónarmið fyrirtækisins í kafla 26.41.

14.42. ÍSAM 2011-2012

8324. Áður hefur verið sagt frá því að ÍSAM hefði um lengri tíma verið mikilvægur viðskiptavinur Samskipa í innflutningi og var m.a. einn stærsti viðskiptavinur Samskipa í innflutningi á matvöru.

⁴¹⁶² Afritað tölvuskjal frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.99366. Afritað tölvuskjal frá Eimskip. „*LIS.imp Fundargerð_2012_Vika 2.docx*“. Vistað á tölvudrifi Eimskips, dags. 10.01.2012, kl. 10:06. Afritað tölvuskjal frá Eimskip. „*LIS imp_Fundargerð_2012_Vika 3*“. Vistað á tölvudrifi Eimskips, dags. 17.01.2012, kl. 16:21. Afritað tölvuskjal frá Eimskip. „*LIS imp_Fundargerð_2012_Vika 4*“. Vistað á tölvudrifi Eimskips, dags. 26.01.2012, kl. 08:55. Afritað tölvuskjal frá Eimskip. „*LIS imp_Fundargerð_2012_Vika 5*“. Vistað á tölvudrifi Eimskips, dags. 07.02.2012, kl. 22:11. Afritað tölvuskjal frá Eimskip. „*LIS imp_Fundargerð_2012_Vika 7*“. Vistað á tölvudrifi Eimskips, dags. 23.02.2012, kl. 10:57. Afritað tölvuskjal frá Eimskip. „*LIS imp_Fundargerð_2012_Vika 8*“. Vistað á tölvudrifi Eimskips, dags. 06.03.2012, kl. 13:38. Afritað tölvuskjal frá Eimskip. „*LIS imp_Fundargerð_2012_Vika 11*“. Vistað á tölvudrifi Eimskips, dags. 20.03.2012, kl. 09:11. Afritað tölvuskjal frá Eimskip. „*LIS imp_Fundargerð_2012_Vika 16*“. Vistað á tölvudrifi Eimskips, dags. 16.04.2012, kl. 16:13. Afritað tölvuskjal frá Eimskip. „*LIS imp_Fundargerð_2012_Vika 19*“. Vistað á tölvudrifi Eimskips, dags. 08.05.2012, kl. 13:29. Afritað tölvuskjal frá Eimskip. „*LIS imp_Fundargerð_2012_Vika 21*“. Vistað á tölvudrifi Eimskips, dags. 24.05.2012, kl. 15:00. Afritað tölvuskjal frá Eimskip. „*LIS imp_Fundargerð_2012_Vika 26*“. Vistað á tölvudrifi Eimskips, dags. 26.06.2012, kl. 12:13. Afritað tölvuskjal frá Eimskip. „*LIS imp_Fundargerð_2012_Vika 27*“. Vistað á tölvudrifi Eimskips, dags. 06.07.2012, kl. 11:56. Afritað tölvuskjal frá Eimskip. „*LIS imp_Fundargerð_2012_Vika 34*“. Vistað á tölvudrifi Eimskips, dags. 23.08.2012, kl. 16:33. Afritað tölvuskjal frá Eimskip. „*LIS imp_Fundargerð_2012_Vika 35*“. Vistað á tölvudrifi Eimskips, dags. 28.08.2012.2012, kl. 16:49. Afritað tölvuskjal frá Eimskip. „*LIS imp_Fundargerð_2012_Vika 36*“. Vistað á tölvudrifi Eimskips, dags. 04.09.2012, kl. 11:10. Afritað tölvuskjal frá Eimskip. „*LIS imp_Fundargerð_2012_Vika 37*“. Vistað á tölvudrifi Eimskips, dags. 11.09.2012, kl. 16:06. Afritað tölvuskjal frá Eimskip. „*LIS imp_Fundargerð_2012_Vika 38*“. Vistað á tölvudrifi Eimskips, dags. 09.10.2012, kl. 15:51. Afritað tölvuskjal frá Eimskip. „*LIS imp_Fundargerð_2012_Vika 41*“. Vistað á tölvudrifi Eimskips, dags. 11.10.2012, kl. 17:27. Afritað tölvuskjal frá Eimskip. „*LIS imp_Fundargerð_2012_Vika 44*“. Vistað á tölvudrifi Eimskips, dags. 02.11.2012, kl. 14:39. Afritað tölvuskjal frá Eimskip. „*LIS imp_Fundargerð_2012_Vika 45*“. Vistað á tölvudrifi Eimskips, dags. 08.11.2012, kl. 16:18. Afritað tölvuskjal frá Eimskip. „*LIS imp_Fundargerð_2012_Vika 46*“. Vistað á tölvudrifi Eimskips, dags. 19.11.2012, kl. 11:25. Afritað tölvuskjal frá Eimskip. „*LIS imp_Fundargerð_2012_Vika 47*“. Vistað á tölvudrifi Eimskips, dags. 11.12.2012, kl. 10:15. Afritað tölvuskjal frá Eimskip. „*LIS imp_Fundargerð_2012_Vika 50*“. Vistað á tölvudrifi Eimskips, dags. 11.12.2012, kl. 11:20. Afritað tölvuskjal frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.1025500.

⁴¹⁶³ Afritað tölvuskjal frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.102828. Afritað tölvuskjal frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.102817. Afritað tölvuskjal frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.103221. Afritað tölvuskjal frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.103197. Afritað tölvuskjal frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.99100. Afritað tölvuskjal frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.103212. Afritað tölvuskjal frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.103849. Afritað tölvuskjal frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.102700. Afritað tölvuskjal frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.100441. Afritað tölvuskjal frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.102651. Afritað tölvuskjal frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.98892. Afritað tölvuskjal frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.101516. Afritað tölvuskjal frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.80333. Afritað tölvuskjal frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.79183. Afritað tölvuskjal frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.75441.



8325. Í framangreindum kafla var fjallað um það þegar ÍSAM framlengdi heildarflutningasamning við Samskip í maí 2010 og gilti hann til 1. júní 2012. Líkt og þar kemur fram náðu Samskip fram hækkun á sjóflutningsverðum með nýjum samningi. Þar kemur jafnframt fram að endurnýjun á flutningssamningi Samskipa við ÍSAM á vormánuðum 2010 hefði verið hluti af ólögum samráði Samskipa og Eimskips.
8326. Í janúar 2011 hækkuðu Samskip á ný verð gagnvart ÍSAM.⁴¹⁶⁴ Af þessu tilefni skal rifjað upp atvik frá árinu 2011 og varðaði annars vegar Húsasmiðjuna, viðskiptavin Samskipa, og Innnes hins vegar, viðskiptavin Eimskips, þegar markaðsskiptingin gerði Eimskip og Samskipum kleift að hækka verð gagnvart þessum viðskiptavinum, sbr. umfjöllun í kafla 14.34 og 14.35.
8327. Líkt og áður greinir rann samningur ÍSAM og Samskipa út 1. júní árið 2012. Í áætlun (S)forstö-innfl1 frá september 2011 fyrir árið 2012 kom fram að samningar við ýmsa mikilvæga viðskiptavini myndu losna á árinu 2012, þ.m.t. við ÍSAM. Gerði (S)forstö-innfl1 ráð fyrir því að Samskip myndu halda „öllum núverandi viðskiptavinum“ á árinu 2012.
8328. Í rekstraráætlun Samskipa fyrir árið 2012 var síðan fjallað um stöðuna í einstökum tegundum innflutnings. Um innflutning á matvörum segir á bls. 29: „Samningar við Vífilfell, Íslensk Ameríska, Karl K Karlsson og Nóa eru lausir um vorið 2012 og Garri losnar í október 201[2]. Gert er ráð fyrir að allir þessir samningar verði endurnýjaðir.“ Um innflutning drykkjarvara sagði um samning Mekka, sem var aðili að samningi ÍSAM, að gert væri ráð fyrir að samningur yrði endurnýjaður á sömu verðum og væru í þágildandi samningi.
8329. Í lok janúar 2012 kallaði (S)forstj eftir fundi með ÍSAM til að „ræða svona almennt ganginn varðandi flutningamálin“. Sá fundur var haldinn 1. febrúar 2012.⁴¹⁶⁵
8330. (S)forstj hitti ÍSAM aftur á fundi þann 27. mars 2012, að beiðni ÍSAM, til að fara yfir komandi samningaviðræður um endurnýjun á flutningasamningi ÍSAM.⁴¹⁶⁶ Af gögnum málsins má leiða að ÍSAM hafi haft undir höndum komutilkynningu frá Rúmfatalagernum sem gaf til kynna að ÍSAM nyti ekki jafn góðra kjara hjá Samskipum og að fyrirsvarsmaður ÍSAM hefði, að sögn (S)forstj, verið „alveg brjálður“.⁴¹⁶⁷ Gera má ráð fyrir að ÍSAM hefði haft í hyggju að knýja á um lækkun á flutningsgjöldum vegna þessa.
8331. Að sögn (S)forstö-innfl1 fór framangreindur fundur (S)forstj með ÍSAM fram á eftirfarandi máta:
„Þetta var tuð á báða bóga. Þetta er greinilega Rúmfó tilkynning sem hann er með. [ÍSAM] segir að Rúmfó séu 16.000 kr lægri en ÍSAM, en við vitum að það er ekki rétt.
[(S)forstj] sagði að við þyrftum hækkanir út af BAF-i. [ÍSAM] sagði að það væri ekki séns og þetta þyrfti að lækka. Síðan stakk [(S)forstj] upp á því að hafa þetta óbreytt, en [ÍSAM] sagði að það kæmi ekki til greina. Að lokum bauð [(S)forstj] 5 mkr í afslátt á ári, en [ÍSAM] samþykkti það ekki heldur. [ÍSAM] sagði að hann væri til í þetta ef hann fengi 15 mkr á ári í eftirágeiddan afslátt :-).
*Þá lauk fundinum sem betur fer... [(S)forstj] samþykkti það sem sagt ekki. Allt í hnút, en samt á góðum nótum“*⁴¹⁶⁸
8332. Vekur það athygli Samkeppniseftirlitsins að (S)forstö-innfl1 lýsti þrýstingi mikilvægs viðskiptavinar, ÍSAM, um lægri verð sem „tuðl“ en (S)viðskstj1 hafði einmitt sagt ÍSAM vera að „væla“ yfir of háum verðum í síðustu samningalotu fyrirtækjanna vorið 2010, sbr. kafla 14.26.2.

⁴¹⁶⁴ Afhent tölvuskjal frá Samskipum. Afhent 22.11.2016. Viðauki 10 Söluskýrslur. Söluskýrsla Ísam 11.02.2011.

⁴¹⁶⁵ Afritaðir tölvupóstar frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.969854.

⁴¹⁶⁶ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.991343.

⁴¹⁶⁷ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.990779.

⁴¹⁶⁸ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.963957.



8333. Þann 27. mars 2012 vistaði (S)forstö-innfl1 excel-skjal með tillögu að verðum fyrir nýjan samning við ÍSAM.⁴¹⁶⁹ Tveimur dögum síðar tilkynnti (S)forstj þeim (S)forstö-innfl1 og (S)frkvstj-millilandasv2 að hann myndi hitta ÍSAM 29. mars 2012 en sagði að það væri „svona snúin staða á þessu nú“. (S)forstö-innfl1 svaraði með eftirfarandi hætti:⁴¹⁷⁰

„Vid heyrum I Bur og reynum ad tefja.

Gangi ther vel med rebba...

Eg for langt med thad ad klara Rumfatalagerinn adan.

Lokum thessu ollu fyrir paska.“

8334. Svo virðist sem fundur (S)forstj og ÍSAM hefði gengið vel því að (S)forstj staðfesti með tölvupósti til ÍSAM þann 29. mars 2012 það samkomulag sem hefði náðst á fundi sama dag, þ.e. að flutningasamningur Samskipa og ÍSAM yrði framlengdur til þriggja ára með öllum samningsatriðum óbreyttum. Um var að ræða sjóflutning og innanlandsflutninga. Samskip virðast hafa samþykkt að greiða ÍSAM eftirágreiðdan afslátt að upphæð 5 mkr. á sex mánaða fresti á gildistíma samningsins að því gefnu að flutningar myndu haldast jafnmiklir og á fyrri samningstíma. ÍSAM samþykkti framanritað í megindráttum.⁴¹⁷¹

8335. Í gögnum málsins er ekki að finna vísbendingar um að Eimskip hafi sýnt áhuga á að reyna að ná viðskiptum ÍSAM af Samskipum á þessum tíma. Samkvæmt fyrirbyggjandi fundargerðum innflutningsdeildar Eimskips (LIS) árið 2012 var ÍSAM t.a.m. aldrei á lista þeirra viðskiptavina sem viðskiptastjórar Eimskips máttu reyna að ná í viðskipti.⁴¹⁷² Er það í samræmi við fyrirbyggjandi fundargerðir frá vikulegum fundum yfirmanna deildarinnar, þ.e. umræðum af fundum (E)frkvstj-sala/bj, (E)forstö-sölu og (E)forstö-flutnið. Samkvæmt þessu virðist Eimskip hafa forðast að keppa við Samskip um viðskipti ÍSAM á þessum tíma.⁴¹⁷³ Er það í samræmi við markaðsskiptinguna sem Eimskip hefur viðurkennt að hafi verið fyrir hendi á þessum tíma.

8336. Í samhengi við framangreind atvik tengd viðskiptum ÍSAM árið 2012 ber hér að vekja athygli á atvikum tveimur árum áður vegna sama viðskiptavinar. Þann 12. nóvember 2010, nokkrum mánuðum eftir að Samskip náðu að endurnýja samning sinn við ÍSAM á hækkuðum verðum á grundvelli samráðs við Eimskip, sendi (E)frkvstj-Dk, yfirmaður Eimskips í Danmörku, tölvupóst til (E)viðskstj1. Þar spurði hann hvort ÍSAM væri ekki að losna, þeir væru stórir innflytjendur frá m.a. Danmörku. Sagði hann síðan:

„Eða höfum við engan áhuga á nýjum kúnnum“.

8337. (E)viðskstj1 svaraði stuttu seinna með eftirfarandi hætti:⁴¹⁷⁴

„Ég held að menn vilja ekki heyfa [svo] við neinu , en við gáfum verð til Mekka frekar lágt en það dugði ekki til .

Búið er að bjóða í sl. vikur OJK og Garri en fengið þetta ekki, svo núna er verið að vinna í Áltak [...] þeir vilja koma Spurning hvað við gefum þeim

þú ættir að hrista upp í [(E)frkvstj-sala/bj] aðeins og sjá hvað hann segir ☺

⁴¹⁶⁹ Afritað tölvuskjal frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.14052.

⁴¹⁷⁰ Afritaðir tölvupóstar frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.992694.

⁴¹⁷¹ Afritaðir tölvupóstar frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.993182.

⁴¹⁷² Sjá tilvísuð gögn í nmgr. 511.

⁴¹⁷³ Sjá tilvísuð gögn í nmgr. 512.

⁴¹⁷⁴ Afritaðir tölvupóstar frá Eimskip. [...]



8338. Hér er um að ræða skýrt samtímagagn frá starfsmönnum Eimskips. Hér spurði yfirmaður Eimskips erlendis, (E)frkvstj-Dk, viðskiptastjóra hjá Eimskip á Íslandi (E)viðskstj1, í samhengi við lausan samning ÍSAM, hvort Eimskip hefði ekki áhuga á nýjum viðskiptavinum.
8339. Svör (E)viðskstj1 varpa skýru ljósi á hina ólögmætu markaðsskiptingu á þessum tíma, þ.e. að „menn“ vildu ekki hreyfa við skiptavinum milli Eimskips og Samskipa. Að mati Samkeppniseftirlitsins vísar viðskiptastjórinn til yfirmanna í þessu samhengi en síðar í tölvupóstinum hvetur (E)viðskstj1 yfirmanninn til að „hrista upp í [(E)frkvstj-sala/þj]“. Telur Samkeppniseftirlitið (E)viðskstj1 vísa til þess að gera ætti tilraun til að fá (E)frkvstj-sala/þj til að hverfa frá friðnum við Samskip. Hafa ber í huga að umræddur (E)frkvstj-sala/þj var æðsti yfirmaður Eimskips í inn- og útflutningi til og frá Íslandi. Hann hafði ríka aðkomu að framkvæmd samráðsins við Samskip og samskipti hans við keppinautinn voru tíð á rannsóknartímabilinu.
8340. Samkvæmt gögnum málsins báru framangreind hvatningarorð (E)viðskstj1, um að „hrista upp í [(E)frkvstj-sala/þj]“ ljóslega ekki árangur. Eimskip sóttist ekki eftir að sækja viðskipti ÍSAM af Samskipum árið 2010 en gaf dótturfélagi ÍSAM, Mekka (sem var mun umfangsminni flutningskaupandi en móðurfélagið), tilboð í viðskipti. Atvik árið 2012 bera með sér sama háttarlag Eimskips.
8341. Í nóvember 2012 sendi (E)frkvstj-sala/þj tölvupóst til Mekka og spurði hvort samningur þeirra við Samskip væri að renna út. Mekka svaraði því til, í samræmi við framanritað, að samningur Mekka við Samskip væri í gildi fram á haustið 2014. Þetta virtist koma (E)frkvstj-sala/þj á óvart og spurði hann: „hvað gerðist í millitíðinni? Búnir að framlengja um 2 ár án þess að tala við vini sína?“⁴¹⁷⁵ Í fyrirliggjandi gögnum málsins er ekki að finna viðlíka áhuga (E)frkvstj-sala/þj eða annarra starfsmanna eða stjórnenda Eimskips á viðskiptavinum Samskipa sem falla undir það að teljast stórir eða mikilvægir viðskiptavinir enda samráð þeirra á milli um að halda „frið“ um slíka viðskiptavini. Skýrir það ástæðuna fyrir því að (E)frkvstj-sala/þj sendi tölvupósta sem þessa til Mekka en ekki t.a.m. til ÍSAM.
8342. Það var því í samræmi við áætlanir Samskipa og án nokkurs aðhalds frá höfuðkeppinauti fyrirtækisins, Eimskip, sem Samskip náðu að endurnýja flutningasamninginn við ÍSAM árið 2012 til ársins 2014. Hafa ber í huga að ástæða þess að ÍSAM náði fram lækkingu með eftirgreiddum afslætti var að fyrirtækið hafði komist yfir upplýsingar um kjör annars viðskiptavinar Samskipa en ekki vegna samkeppni frá Eimskip, en Eimskip virðist ekki hafa gert neina tilraun til að nálgast ÍSAM á þessum tíma. Á grundvelli 19. gr. samkeppnislaga óskaði Samkeppniseftirlitið eftir afhendingu samninga Samskipa við stærstu viðskiptavini fyrirtækisins, sbr. upplýsingabreiðni 29. janúar 2015. Endurnýjaður samningur Samskipa við ÍSAM árið 2012 var ekki afhentur.⁴¹⁷⁶ Er þetta til þess fallið að vinna gegn skilvirkri rannsókn málsins.
8343. Við mat á framangreindu ber einnig að horfa til gagna sem sýna bein samskipti Samskipa við Eimskip, þ.m.t. á því tímabili sem atvik vegna ÍSAM áttu sér stað. Vísast um þetta m.a. til kafla 13.
8344. Að mati Samkeppniseftirlitsins sýna framangreind atvik varðandi ÍSAM áframhaldandi markaðsskiptingu á markaðnum milli Samskipa og Eimskips, er hafði komist á með samstilltum aðgerðum fyrirtækjanna. Þá ber að líta til þess að Eimskip hefur viðurkennt að hafa átt í ólögmætu samráði við Samskip á þessum tíma, m.a. með því að skipta mörkuðum eftir stærri viðskiptavinum í sjó- og landflutningum.
8345. Í athugasemdum sínum við AII mótmæla Samskip þeim ályktunum sem Samkeppniseftirlitið dregur af áætlunum fyrirtækisins og byggja á því að að viðræður fyrirtækisins við ÍSAM hefðu farið fram án

⁴¹⁷⁵ Afritaðir tölvupóstar frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.1026332.

⁴¹⁷⁶ Afhent tölvuskjal frá Samskipum. Afhent 10.04.2015. Liður 8.2 Samningar.



nokkurra samskipta við Eimskip. Samkeppniseftirlitið getur ekki fallist á framangreind sjónarmið eins og nánar er rakið í kafla 26.42.

14.43. Rúmfatalagerinn 2012

8346. Í kafla 14.23 er lýst atvikum sem tengdust Rúmfatalagernum sem endurspeglar ólögmeitt samráð Samskipa og Eimskips á árinu 2010. Skiptir hér m.a. máli að í áætlun (S)forstö-innfl1 frá september 2011 fyrir árið 2012 kom fram að samningar við ýmsa mikilvæga viðskiptavinum myndu losna á árinu 2012, þ.m.t. við Rúmfatalagerinn. Gerði (S)forstö-innfl1 ráð fyrir því að Samskip myndu halda „öllum núverandi viðskiptavinum“ á árinu 2012.
8347. Gekk framangreint eftir í tilviki Rúmfatalagersins. Gildistími samnings milli Samskipa og Rúmfatalagersins var til 31. maí 2012.⁴¹⁷⁷ Eins og lýst verður hér á eftir endurnýjuðu Samskip samning sinn við Rúmfatalagerinn 3. apríl 2012.
8348. Á því tímabili sem samningaviðræður Samskipa við Rúmfatalagerinn áttu sér stað áttu Samskip einnig í fjölmörgum samskiptum við Eimskip, þ. á m. stjórnendur, sbr. samskiptayfirlit í kafla 13.
8349. Þann 10. janúar 2012 vistaði (S)forstö-innfl1 skjal með heitinu „samanburður samninga 2012“. Var þar að finna samanburð á verðum gagnvart eftirtöldum aðilum: Rúmfatalagerinn, Ölgerðin (Samskip), Ölgerðin (Eimskip), Vífilfell, Nathan, ÍSAM (tillaga), OJK, Garri, Samkaup, Húsasmiðjan, BYKO og Vífilfell (nýtt).⁴¹⁷⁸ Daginn eftir sendi (S)forstö-innfl1 tölvupóst til (S)starfsm-Jóna með lista yfir stærstu viðskiptavinum innflutningsdeildar. Var Rúmfatalagerinn nr. sjö á þeim lista.⁴¹⁷⁹
8350. Gögn málsins sýna að Rúmfatalagerinn setti sig í samband við (E)frkvstj-sala/þj og óskaði eftir viðræðum um tilboð í flutninga fyrirtækisins, sbr. tölvupóst dags. 12. mars 2012 frá Rúmfatalagernum til (E)frkvstj-sala/þj með fyrirsögninni „Flutningstilboð“.⁴¹⁸⁰ Það er í samræmi við það að Rúmfatalagerinn var tilgreindur í fundargerð vegna fundar (E)frkvstj-sala/þj og (E)forstö-sölu í viku 9 (27. febrúar – 4. mars 2012) undir „Samningavinnslan“.⁴¹⁸¹
8351. Þann 20. mars 2012 svaraði (E)frkvstj-sala/þj framangreindum tölvupósti Rúmfatalagersins frá 12. mars 2012 og baðst afsökunar á því að hafa ekki náð að svara fyrir beiðni Rúmfatalagersins um fund til að ræða mögulegt tilboð. Rúmfatalagerinn svaraði (E)frkvstj-sala/þj sama dag og lagði til að fundur yrði haldinn í byrjun apríl. (E)frkvstj-sala/þj svaraði og sagði að sá tími hentaði honum vel.⁴¹⁸²
8352. Þann 28. mars 2012 sendi (S)forstö-innfl1 tölvupóst til Rúmfatalagersins. Meðfylgjandi honum var tilboð í flutninga fyrirtækisins. Tók (S)forstö-innfl1 eftirfarandi fram í tölvupóstinum: „Ég setti tilboðið upp miðað við þessa lækkun á heimakstrinum. [...] Þið sjáið að inni í þessum útreikningum er meðal FAF-ið. FAF-ið er hærra í dag, en mun auðvitað breytast upp eða niður í samræmi við bensín verð. Þessu stillti ég síðan upp í samningsform. Þar á allt að vera óbreytt frá fyrri samningi fyrir utan þessar tölur hér að ofan. Taktu þó sérstaklega eftir kafla 9 um verðbreytingar. Þar setti ég almennar gjaldskrárhækkanir á erlendu gjöldin, en skilyrti þá hækkun samt við CPI. Síðan setti ég sjóflutningshækkanir fastar á 6 mánaða fresti. Annað er í takt við það sem er í gangi í dag. Vona að þetta ljúki málinu og að við getum skrifað undir nýjan samning nú í kringum páskana. Verður þú ekki annars á landinu þá?“⁴¹⁸³

⁴¹⁷⁷ Afhent skjal frá Samskipum. Afhent 10.04.2015. „Rúmfatalagerinn 19.03.2010“, liður 8.2.

⁴¹⁷⁸ Afritað tölvuskjal frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.16229.

⁴¹⁷⁹ Afritað tölvuskjal frá Samskipum. „Stærstu viðskiptavinir innflutnings.xls“. Viðhengi við afritaðan tölvupóst frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.937987.

⁴¹⁸⁰ Afrituð tölvupóstsamskipti frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.345599. Ekki er hægt að sjá efni upphaflega tölvupóstsins.

⁴¹⁸¹ Afritað tölvuskjal frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.103212.

⁴¹⁸² Afrituð tölvupóstsamskipti frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.345599.

⁴¹⁸³ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.965272.



8353. Rúmfatalagerinn svaraði daginn eftir og kom á framfæri athugasemdum varðandi verðbreytingar, verð fyrir sjófrakt, útreikning á gengi, FAF, verð til Akureyrar og gjaldskrárhækkanir erlendis.⁴¹⁸⁴
8354. **(S)forstö-innfl1** svaraði Rúmfatalagernum sama dag og sendi drög að nýjum samningi. Í tölvupóstinum sagði m.a. eftirfarandi varðandi verðbreytingar (1) og sjófrakt (2):
- „1. Ég er sammála þér hér, 4% er of mikið. Höfum þetta 2% á ári, fyrst 1.jan 2013 og síðan á 12 mánaða fresti eftir það.*
- 2. Varðandi sjóflutnings verðin þá get ég því miður ekki lækkað þau. Ég setti fram tillögu um lendingu á málinu með ákveðnum verð strúktúr og endurgreiðslu á FAF-inu. Ég verð að halda mig fast við hana. Við höfum nú þegar lækkað upprunalega útspil okkar um 4000 kr í akstursverðunum og það er eins lang [svo] og við komumst. Við þurfum að halda ákveðinni línu í þessum verðmálum frá FOB til Door og þau verð sem ykkur standa til boða eru einfaldlega þau bestu á markaðnum. Við hefðum í upphafi getað (og hefðum viljað) sett fram meiri hækkunir, en gerðum það ekki því við vildum ekki fara í eitthvað ping pong varðandi þau, Vonandi getið þið fallist á þessi verð sem í boði eru.“⁴¹⁸⁵*
8355. Rúmfatalagerinn svaraði síðar sama dag og var m.a. ekki sáttur við svör **(S)forstö-innfl1** varðandi sjófraktina. Um þann þátt sagði:
- „Ég skil ekki hvers vegna þið teljið ykkur þurfa hækkunir umfram það sem er í núverandi samningi, þar sem samið hefur verið um hverjar hækkunirnar skulu vera. Ég hef ekki leitað til Eimskipa með þessa flutninga eða farið í samstarf við aðra stóra innflytjendur sem eru að smala saman hóp til að láta bjóða í pakka vegna þess að ég vil klára þetta í samningum við ykkur. Þjónustan er góð og við höfum ekki undan neinu að kvarta og teljum okkur að sama skapi vera góða kúnna sem borga alltaf reikningana okkar. Bið þig að endurskoða afstöðu þína hér. Ég er bara að fara fram á að halda samningnum eins og hann er í dag með breytingum á kostnaðarstrúktur. Ekki lækkun – taktu eftir því!“⁴¹⁸⁶*
8356. Framangreind ummæli Rúmfatalagersins, um að hafa ekki leitað til Eimskips, eru ekki í samræmi við áður nefnd gögn frá Eimskip.
8357. **(S)forstö-innfl1** svaraði athugasemdum Rúmfatalagersins stuttu síðar. Bauð hann m.a. lækkun á sjófrakt og að breyta samningnum yfir í íslenskar krónur.⁴¹⁸⁷ **(S)forstö-innfl1** og Rúmfatalagerinn ákváðu svo að hittast á fundi 3. apríl 2012 til að ganga frá nýjum samningi.⁴¹⁸⁸ Sendi **(S)forstö-innfl1** samningsdrög til Rúmfatalagersins daginn áður.⁴¹⁸⁹
8358. Þann 3. apríl 2012 vistaði **(S)forstö-innfl1** skjal með heitinu „Samningur Rúmfatalagerinn og Samskip 2012-2015 vs2“. Samkvæmt samningnum gildi hann til 1. apríl 2015 og var hann óuppsegjanlegur á þeim tíma.⁴¹⁹⁰ Sama dag sendi **(S)forstö-innfl1** tölvupóst til **(S)forstj** þar sem sagði: „Vildi láta þig vita að við vorum að skrifa undir nýjan 3ja ára samning við Rúmfatalagerinn.“⁴¹⁹¹
8359. Það er síðan ekki fyrr en 19. apríl 2012 sem Eimskip sýndi viðbrögð við umleitan Rúmfatalagersins en þann dag sendi **(E)frkvstj-sala/þj** tölvupóst til Rúmfatalagersins þar sem sagði: „Sæll félagi og gleðilegt sumar, hvernig eru næstu vikur hjá þér? Ég er við á morgun föstudag en er svo erlendis í næstu viku til föstudags en er svo alveg við eftir það í nokkrar vikur amk. Heyri frá þér með hvaða tími hentar þér best.“

⁴¹⁸⁴ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.965305.

⁴¹⁸⁵ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.966158.

⁴¹⁸⁶ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.966217.

⁴¹⁸⁷ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.966243.

⁴¹⁸⁸ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.966967.

⁴¹⁸⁹ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. „Samningur Rúmfatalagerinn og Samskip 2012-2015 vs2.docx“. Viðhengi við afritaðan tölvupóst frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.967029.

⁴¹⁹⁰ Afritað tölvuskjal frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.15662.

⁴¹⁹¹ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.967573.



8360. Rúmfatalagerinn svaraði (E)frkvstj-sala/þj daginn eftir: „Ég endaði með að ganga frá samningi við Samskip. Hafði með að gera leiðréttingu sem ég vildi fá 4 ár aftur í tímann sem þeir voru ekki tilbúnir að samþykka án þess að hafa framtíðarsamning í höndunum.“
8361. (E)frkvstj-sala/þj svaraði: „Takk fyrir að láta mig vita, þú hefur okkur bara aftur í huga þegar þessi samningur rennur út, varla samdir þú til 4 ára?“ Rúmfatalagerinn svaraði (E)frkvstj-sala/þj: „Það var ekki svo slæmt en til að ná í gegn þeim atriðum sem þetta mál snérist um þá vildu þeir fá 3ja ára samning til að fá eitthvað til baka. Ég samþykkti það.“
8362. (E)frkvstj-sala/þj áframsendi tölvupóstsamskiptin á (E)forstö-sölu með skilaboðunum: „Helv... langur tími“.⁴¹⁹²
8363. Í glærुकynningu (E)frkvstj-sala/þj frá 4. maí 2012 kemur fram að Rúmfatalagerinn hafi framlengt samninginn við Samskip. Í glærुकynningunni er mynd af tölvupósti Rúmfatalagersins (Lagersins) til (E)frkvstj-sala/þj þar sem tilkynnt var um samninginn við Samskip.⁴¹⁹³
8364. Framangreint sýnir að forsendur í áætlunum (S)forstö-innfl1 fyrir árið 2012 héldu að þessu leyti. Eimskip sýndi þessum mikilvæga viðskiptavinum Samskipa lítinn áhuga og Samskip náðu því að halda honum, án samkeppnisaðgerða frá Eimskip. Áframhaldandi „ró“ var því á markaðnum og í samræmi við það reyndu Samskip að knýja fram verðhækkun gagnvart Rúmfatalagerinum. Er þetta til stuðnings samráðinu á þessum tíma. Eru framangreind atvik jafnframt í samræmi við sátt Eimskips við Samkeppniseftirlitið en þar viðurkennir Eimskip að hafa átt í ólögsmætu samráði við Samskip, m.a. með því að skipta mörkuðum eftir stærri viðskiptavinum í sjó- og landflutningum.
8365. Frá lokum árs 2011 og fram á árið 2012 hélt Eimskip því ÖES og Aðföngum í viðskiptum án raunverulegrar samkeppnislegrar ógnar frá Samskipum. Á móti héldu Samskip viðskiptum Vífilfells, ÍSAM og Rúmfatalagersins.
8366. Í athugasemdum Samskipa er bent á að fyrirtækið hafi mætt kröfum Rúmfatalagersins þar sem það hefði verið hægt. Það hefði verið ástæða þess að Rúmfatalagerinn hafi ákveðið að endursemjja við Samskip, auk góðrar þjónustu, en ekki skortur á samkeppni frá Eimskip.⁴¹⁹⁴ Samkeppniseftirlitið getur ekki fallist á framangreind sjónarmið eins og nánar er rakið í kafla 26.43.

14.44. Samskip og Eimskip hækka verð sumarið 2012

8367. Líkt og rakið er í kafla 14.39.4 hér að framan hækkuðu Samskip og Eimskip gjaldskrár sínar í janúar 2012. Í kaflanum er aðdragandi þeirra hækkana rakinn og rökstutt hvernig umræddar hækkanir endurspegluðu ólögsmætt samráð fyrirtækjanna. Í kjölfar þessara hækkana héldu áform fyrirtækjanna um verðhækkanir gagnvart viðskiptavinum áfram.
8368. Framangreind samtímagögn frá fyrri hluta árs 2012 sýna, að mati Samkeppniseftirlitsins, hvernig framkvæmd verðhækkana Samskipa og Eimskips gagnvart viðskiptavinum gat farið fram án nokkurs ótta um viðbrögð helsta keppinautarins við verðhækkunum. Í því samhengi ber að hafa hliðsjón af tíðum samskiptum stjórnenda Samskipa og Eimskips á sama tímabili. Er þetta til vitnis um „friðinn“ sem leiddi af samráði fyrirtækjanna sem gerði þeim kleift að koma í veg fyrir verðlækkanir og gaf þeim þess í stað tækifæri til að hækka verð.

14.44.1. Verðhækkun Eimskips

8369. Líkt og rakið hefur verið sýna gögn málsins að Samskip og Eimskip hafi á fyrri hluta árs 2012 lagt mikla áherslu á að hækka verð og gjaldskrár sínar í sjóflutningum. Þetta gekk eftir. Bæði fyrirtækin

⁴¹⁹² Afritaður tölvupóstur frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.345599.

⁴¹⁹³ Afritað tölvuskjal frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.190915.

⁴¹⁹⁴ Mgr. 1388-1389 og 1391 í athugasemdum Samskipa við AII.



hækkuðu gjaldskrár sumarið 2012 ásamt því að hækka verð gagnvart mikilvægum viðskiptavinum. Verður nú vikið að atvikum sem tengjast þessu.

8370. Rétt er að rifja upp að í kafla 14.39 var gerð grein fyrir áformum Samskipa um verðhækkunir á árinu 2012 og hvernig áformin breyttust annars vegar á tímabilinu frá 30. ágúst 2011 til 17. október 2011 og hins vegar eftir fund lykilstjórnenda Eimskips og Samskipa 29. desember 2011. Þann 17. október 2011 stóð til að hækka þjónustugjöld Samskipa á Íslandi og sjóflutningsgjaldskrá fyrirtækisins um 4% 1. ágúst 2012 en sú áætlun breyttist eftir umræddan fund 29. desember 2011 og hækkuðu Samskip sjóflutningsgjaldskrá og þjónustugjöld á Íslandi í janúar 2012. Engu að síður hækkuðu Samskip gjaldskrár að nýju sumarið 2012, sbr. eftirfarandi umfjöllun.
8371. Í maí 2012 hóf Eimskip undirbúning að hækkun á gjaldskrár. Í þeim mánuði var rætt um fyrirhugaða gjaldskrárhækkun á forstöðumannafundi Eimskips.⁴¹⁹⁵ Í byrjun maí 2012 var jafnframt fundur innan Eimskips þar sem m.a. var fjallað um markmið sölu- og áætlunardeildar (LIS, inn- og útflutningur) og var í því sambandi vísað til áðurnefnds Vegvísis sem útbúinn var fyrir árið 2012.⁴¹⁹⁶ Var í umræddum Vegvísi lögð áhersla á að hækka verð gagnvart viðskiptavinum, lækka afslætti o.s.frv. Kom þar einnig fram að ná ætti í „þögla „cargoið““ og að starfsmenn ættu að vera skynsamir og „grugga“ ekki vatnið““. Að mati Samkeppniseftirlitsins sýnir framangreind umfjöllun að unnið var markvisst að þessu markmiði innan Eimskips árið 2012.
8372. Dagana 22. og 29 maí 2012, hittust [\(E\)frkvstj-sala/þj](#) og [\(E\)forstö-sölu](#) á vikulegum fundi sínum. Samkvæmt fundargerðum var á fundunum rætt um áherslur fyrir árið 2012, þar sem, líkt og fyrri mánuði, kom fram m.a.:
- „Hækkun meðalsjóflutningsgjalda“⁴¹⁹⁷*
8373. Þann 30. maí 2012 sendi [\(E\)forstö-landfl1](#) fyrirmæli til undirmanns hjá landflutningum Eimskips. Heiti tölvupóstsins var „Hækkunir“ og þar kom eingöngu fram:
- „Þurfum að hækka 1.júlí. – þetta verður þá í kringum um 3,5%.“⁴¹⁹⁸*
8374. Dagana 6. – 13. júní 2012 unnu stjórnendur Eimskips áfram að framkvæmd hækkana á gjaldskrár.⁴¹⁹⁹ Tilgreindi [\(E\)forstö-landfl1](#) í þessum undirbúningi t.a.m. að landflutningadeildin ætlaði að hækka gjaldskrár um 3,5%. [\(E\)frkvstj-sala/þj](#) svaraði honum strax og sagðist hafa verið búinn að ákveða að hækka sjóflutning um 3,4%. Þá svaraði [\(E\)forstö-landfl1](#):
- „Þá verður 3,4% hjá okkur líka“.⁴²⁰⁰*
8375. Þann 19. júní 2012 spurði [\(E\)verkefnastj](#) [\(E\)rekststj](#), rekstrarstjóra Eimskips í Sundahöfn, hvort öll gjöld í Sundahöfn ættu að taka gjaldskrárhækkun frá 1. júlí 2012. [\(E\)rekststj](#) svaraði og sagði:
- „hækkun á allt hjá okkur“.⁴²⁰¹*
8376. Þá vekur athygli að sjóflutningsgjaldskrá Eimskips fyrir búslóðir átti ekki að taka breytingum, þ.e. ekki var fyrirhugað að hækka hana sumarið 2012.⁴²⁰² Hér skal rifjað upp mat Samkeppniseftirlitsins

⁴¹⁹⁵ Afhent tölvuskjal frá Eimskip. Afhent 01.12.2016. „SCS may 2012“, glæra nr. 2.

⁴¹⁹⁶ Afritaður tölvupóstur frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.346045 / 0.7.33.346347. Í viðhengi voru annars vegar áætlun Eimskips fyrir árið 2012 og hins vegar umræddur Vegvísir „Liner Sales (LIS) – Vegvísir 2012_Final.pptx“.

⁴¹⁹⁷ Afritað tölvuskjal frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.102700. Afritað tölvuskjal frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.100441.

⁴¹⁹⁸ Afritaður tölvupóstur frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.34.115902.

⁴¹⁹⁹ Afrituð tölvupóstsamskipti frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.34.133531 / 0.7.34.41522. Afrituð tölvupóstsamskipti frá Eimskip. „Gjaldskrárhækkunir“, dags. 06.06.2012. Doc. ID. 0.7.34.41528. Afritaður tölvupóstur frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.34.42095. Afrituð tölvupóstsamskipti frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.34.133672. Afrituð tölvupóstsamskipti frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.34.133690. Afritaður tölvupóstur frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.34.42385.

⁴²⁰⁰ Afrituð tölvupóstsamskipti frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.34.117010.

⁴²⁰¹ Afritaðir tölvupóstar frá Eimskip. „RE: Gjaldskrárhækkun 01.07.2012“, dags. 19.06.2012, kl. 09:40 og 10:11. Doc. ID. 0.7.33.929258.

⁴²⁰² Afritaður tölvupóstur frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.34.42231.



um að Samskip og Eimskip hafi frekar átt í samkeppni um minni sendingar eins og búslóðaflutninga, á meðan „friðurinn“ og samráðið tók helst til mikilvægra viðskiptavina (sem voru þeirra helsta tekjulind). Er framangreind ákvörðun Eimskips um að hækka ekki verð fyrir sjóflutning á búslóðum til þess fallin að renna stoðum undir framangreint mat.⁴²⁰³

8377. Áfram hélt undirbúningur að framkvæmd gjaldskrárhækkunar innan Eimskips. Í fundargerð sölu- og áætlunardeildar Eimskips (LIS) frá fundi deildarinnar 26. júní 2012 kemur þannig fram undir liðnum „Helstu mál“ m.a. eftirfarandi:

„Hækkun gjaldskrár: Gjaldskráin hækkar 1. Júlí um 3,4%. Höfum fullgild rök vegna kostnaðarverðspróunar vel yfir 4%. Semsagt við erum ekki að sækja heldur viðhalda. Allir „LIS-arar“ búnir að fara yfir sína samninga og því á ekkert að þurfa koma upp. Tilkynningin á að berast viðskiptavinum á föstudaginn komandi.“⁴²⁰⁴

8378. Athygli vekur að í framangreindum undirbúningsgögnum frá Eimskip er ekki að greina ótta við viðbrögð helsta keppinautarins, Samskipa, við fyrirhugaðri gjaldskrárhækkun.

8379. Hækkun Eimskips kom eins og áður segir til framkvæmda 1. júlí 2012 (vegna Evrópuflutninga) og 20. júlí 2012 (vegna Norður-Ameríku flutninga). Hækkaði Eimskip sjóflutningsgjaldskrá, þjónustugjöld á Íslandi og gjaldskrá landflutninga um 3,4%.⁴²⁰⁵ Samkvæmt gögnum frá Eimskip var tilkynning um hækkunina send til 850 stærstu viðskiptavina fyrirtækisins.⁴²⁰⁶ Gefur það til kynna að hækkunin hafi náð til margra mikilvægra viðskiptavina fyrirtækisins.

8380. Samkvæmt fundargerðum sölu- og áætlunardeildar Eimskips (LIS, inn- og útflutningur) 3. júlí og 20. ágúst 2012 voru „[e]ngin viðbrögð komin á gjaldskrárhækkunina nýverið – Verður að tryggja að tilkynningar fari á erlenda viðskiptavini ((E)forstö-sölu).“ Einnig kom fram í fundargerð frá fundinum 20. ágúst 2012 að rætt hafi verið um áframhaldandi hækkun á verðum:

„Auknar tekjur? Já takk þurfum á þeim að halda! Leggjum höfuðið í bleyti og sýnum fram á okkar reynslu í skapandi aðgerðum ...“⁴²⁰⁷

8381. Samkvæmt þessu átti að beita reynslu Eimskips í „skapandi aðgerðum“ til þess að finna tilefni eða réttlætninga á því að hækka verð. Hér ber að líta til gagna Samskipa frá desember 2010 og janúar 2011 sem mati Samkeppniseftirlitsins eru skýr birtingarmynd af þeirri takmörkuðu samkeppni sem leiddi af samráði Samskipa við Eimskip. Af þeim má ráða að það þótti sjálfsagt að leggja ný gjöld á viðskiptavini í innflutningi þrátt fyrir að fyrir lægi skýr niðurstaða hjá stjórnanda hjá Samskipum að fyrirtækið yrði ekki fyrir auknum kostnaði vegna breytinga sem átti að tengja gjaldtökuna við. Er það að mati Samkeppniseftirlitsins lýsandi fyrir skort á samkeppni að viðkomandi stjórnandi hjá Samskipum ræddi um „hugmyndaflug“ varðandi tilefni eða réttlætningu á þessari hækkun á verði, sbr. kafla 14.33.14.3. Að mati Samkeppniseftirlitsins sýnir framangreind fundargerð Eimskips frá ágúst 2012 fram á hið sama.

8382. Þrátt fyrir að staðhæft hafi verið í fundargerðum sölu- og áætlunardeilda Eimskips að „[e]ngin viðbrögð“ hafi verið við gjaldskrárhækkun Eimskips frá 1. júlí 2012 sýna gögn málsins óánægju

⁴²⁰³ Varðandi búslóðaflutninga og samanburð á háttsemi varðandi verðlagningu Eimskip á öðrum sjóflutningi má benda á að samkvæmt fundargerð af fundi [...]frá september 2010 stóð um verðlagningu á endursendum búslóðum: „Heimild veitt til að veita allt að 30% afslátt af sjóflutningsgjaldi“. Afritað tölvuskjal frá Eimskip. „vika 39.docx“. Viðhengi við afritaðan tölvupóst frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.561717. Má þarna sjá önnur fyrirmæli en átti við um áherslur af fundum [...] (og fundargerðum LIS) þar sem fyrirmælin voru þau að hækka meðalsjóflutningsverð.

⁴²⁰⁴ Afritað tölvuskjal frá Eimskip. Titill skjals: „LIS fundur: Stöðufundur“, vika 26, dags. 26.06.2012. Síðast vistað á tölvudrifi Eimskips 26.06.2012, kl. 12:13.

⁴²⁰⁵ Afrituð tölvupóstsamskipti frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.118686.

⁴²⁰⁶ Afritaður tölvupóstur frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.799426.

⁴²⁰⁷ Afritað tölvuskjal frá Eimskip. LIS. „LIS fundur_2012_vika 27“. Vistað á sameiginlegu tölvudrifi Eimskips 06.07.2012, kl. 11:56. Afritað tölvuskjal frá Eimskip. LIS. „LIS fundur_2012_vika 34“. Vistað á sameiginlegu tölvudrifi Eimskips 23.08.2012, kl. 16:33.



meðal viðskiptavina fyrirtækisins. Þann 6. júlí 2012 sendi framkvæmdastjóri fyrirtækisins SET tölvupóst til (E)frkvstj-sala/þj og kvartaði yfir gjaldskrárhækkuninni. Í tölvupóstinum sagði:

„Þessi hækkun er vægast sagt undarleg þegar litið er til þróunar helstu áhrifaþátta.

Olíuverð hefur lækkað, krónan hefur styrkst, kaupgjald stendur í stað og flutningamagn hefur aukist hjá ykkur og þar með hefur nýting fastafjármuna og innviða væntanlega batnað umtalsvert.

Ef þetta er einhver misskilningur þá væri gaman að vita hvaða þættir mynda þessa 3,4% hækkunarþörf.“

8383. Er þetta enn eitt dæmið til viðbótar þar sem viðskiptavinir Eimskips eða Samskipa eru ósáttir við verðhækkun þar sem þeir skilja ekki forsendur viðkomandi hækkunar.

8384. (E)frkvstj-sala/þj svaraði framangreindum tölvupósti sama dag. Í svari (E)frkvstj-sala/þj segir að „[o]líugjald (BAF) hreyfist í takt við olíuverðsbreytingar á markaði“ og að það hafi því ekki haft áhrif á hækkunina. Þá segir að helstu áhrifaþættir hafi verið „almennar kostnaðarhækkanir sbr. launavísitala og neysluverðsvísitala“. Að auki hafi verið „nokkuð um“ kostnaðarhækkanir í erlendum höfnum.⁴²⁰⁸ Hér ber að hafa í huga framangreindan tölvupóst (E)forstö-sölu frá 6. febrúar 2012 þar sem hann benti á að „viðskiptavinir kvarta svo stöðugt yfir háum erlendum kostnaði“ og að viðskiptavinir viti ekki af því að framlegð Eimskips á „for- og áframflutningi erlendis hleypur á tugum prósentu.“

8385. Gögn málsins bera með sér að (E)frkvstj-sala/þj og (S)frkvstj-Jóna áttu samskipti 2. og 4. júlí 2012, sbr. kafla 13.

14.44.2. Verðhækkun Samskipa

8386. Þann 11. júlí 2012 sendi (S)forstö-innfl1 tölvupóst til (S)forstö-útfl og (S)frkvstj-millilandasv2 með heitinu „Hækkunir“ og sagði eftirfarandi:

„Eimskip var að hækka. Ræðum við fyrsta tækifæri hvað við eigum að gera“⁴²⁰⁹

8387. Hér skal áréttað umfjöllun í kafla 14.39 en þar segir frá því að Samskip höfðu í október 2011 áformað að hækka gjaldskrá sjóflutnings og þjónustugjöld á Íslandi 1. ágúst 2012 en að í kjölfar fundar lykilstjórnenda Eimskips og Samskipa hefðu Samskip ákveðið að flýta umræddri hækkun fram í janúar 2012. Strax í kjölfar framangreindrar verðhækkunar Eimskips sumarið 2012 vildi (S)forstö-innfl1, sem lék lykilhlutverk við framkvæmd verðhækkana hjá Samskipum, ræða „við fyrsta tækifæri“ hvernig átti að bregðast við verðhækkunum Eimskips. Líkt og eftirfarandi umfjöllun sýnir brugðust Samskip ekki við með því að nýta sér óánægju viðskiptavina Eimskips með hækkunina heldur var ákveðið að hækka verð á sambærilegan hátt og Eimskip.

8388. Sama dag áframsendi (S)starfsm-Jóna tölvupóst sem Eimskip hafði sent til Jóna, til (S)forstö-innfl1 en þar var tilkynnt um gjaldskrárhækkun Eimskips frá 1. júlí 2012.⁴²¹⁰ Um klukkustund síðar sendi (S)frkvstj-millilandasv2 tölvupóst til (S)forstö-innfl1 og (S)forstö-útfl og bað þá um að hafa til gögn sem „got [svo] væri að hafa“ við hækkun á gjaldskrá. Á meðal þeirra gagna sem (S)frkvstj-millilandasv2 nefndi var sundurliðaður samanburður á gjaldskráum Eimskips og Samskipa, greining á áhrifum gjaldskrárhækkunar á tekjur Samskipa og niðurbrot tekna í einstaka tekjuþætti.⁴²¹¹

8389. Sex dögum síðar, 17. júlí 2012, sendi (S)forstö-innfl1 tölvupóst til markaðsstjóra Samskipa, (S)forstö-markaðs (afrit til (S)forstö-útfl). Heiti póstsins er: „Gjaldskrárhækkun 1.ágúst“ og þar kemur fram eftirfarandi:

⁴²⁰⁸ Afritaðir tölvupóstar frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.974458.

⁴²⁰⁹ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.993522.

⁴²¹⁰ Afritaðir tölvupóstar frá Samskipum. Frá Eimskip til Jóna [...] Doc. ID. 0.7.33.993512.

⁴²¹¹ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.580022.



„Við höfum ákveðið að hækka gjaldskrána hjá okkur þann 1. ágúst. Þess vegna þarf að senda út tilkynningu á e-maili.

Hér er tillaga að texta:

Ágæti viðskiptavinar

Frá og með miðvikudeginum 1. ágúst nk. munu þjónustugjaldskrár Samskipa á Íslandi og gjaldskrá sjóflutnings hækka um 3,7%. Ofangreindar hækkanir eru til þess að mæta kostnaðarhækkunum í rekstri.“⁴²¹²

8390. Eins og áður greinir höfðu bæði Eimskip og Samskip í lok árs 2011 gert ráð fyrir gjaldskrárhækkunum í byrjun árs 2012 og um mitt ár 2012. Að mati Samkeppniseftirlitsins var það „friðurinn“ og samráðið sem leyfði þá stefnumörkun. Ekki var þörf á því fyrir fyrirtækin að stilla saman nákvæma fjárhæð og tímasetningu hækkunar. Á grundvelli samráðsins höfðu fyrirtækin einfaldlegu vissu fyrir því að t.d. Samskip myndu elta hækkun Eimskips en ekki bregðast við henni með því að hækka ekki verð (eða lækka) og reyna þannig að ná til sín óánægðum viðskiptavinum Eimskips. Að mati Samkeppniseftirlitsins er framangreint skýrt dæmi um þetta, sbr. einnig umfjöllun hér á eftir.⁴²¹³

8391. Tveimur dögum síðar, 19. júlí 2012, hélt (S)forstö-innfl1 áfram við framkvæmd og undirbúning verðhækkunarinnar 1. ágúst 2012. Þann dag sendi hann n.t.t. tölvupóst til starfsmanna innflutningsdeildar fyrirtækisins og tilkynnti og gaf fyrirmæli um eftirfarandi:

„Við munum hækka gjaldskrá okkar á þjónustugjöldum innanlands og sjóflutningi um 3,7% þann 1. ágúst.

Þessi hækkun er bara í takt við verðbólgu. Vísitala neysluverðs hefur hækkað um 3,7% frá síðustu hækkun okkar.

Ég prentaði út lista yfir A og B kúnna. Hann mun ganga á milli ykkar og þið þurfið að fara yfir ykkar viðskiptavini. Taka út tengiliði sem eru hættir og bæta við nýjum. Síðan þarf að bæta við sem fyrirtækjum sem eru einhverra hluta vegna ekki á listanum. Þegar þessari yfirferð er lokið þarf að koma listanum til [...] því þær munu senda út tilkynningu um hækkunina í lok næstu viku.

Ég sá að það vantar a.m.k. BM Vallá og Búr inn á listann. [...] þið bætið þeim við.“⁴²¹⁴

8392. Þann 27. júlí 2012 tilkynntu Samskip um hækkun gjaldskrár frá 1. ágúst 2012. Þannig hækkuðu Samskip sjófrakt og öll þjónustugjöld innanlands og erlendis um 3,7%. Einnig hækkuðu Samskip gjaldskrá í landflutningum um 3,7%.⁴²¹⁵

8393. Að mati Samkeppniseftirlitsins kom ranglega fram í tilkynningunni að umræddar hækkanir væru til að „mæta kostnaðarhækkunum í rekstri“.⁴²¹⁶ Líkt og rakið er hér að framan benda gögn málsins þvert á móti til þess að með umræddri hækkun hafi Samskip verið að elta gjaldskrárhækkun Eimskips. Vísast til tölvupóstar (S)forstö-innfl1 frá 11. júlí 2012 þar sem segir: „Eimskip var að hækka. Ræðum við fyrsta tækifæri hvað við eigum að gera“. Benda þessi ummæli (S)forstö-innfl1 til þess að ekki hafi staðið til að hækka gjaldskrár Samskipa á þessum tímapunkti enda höfðu Samskip þegar flýtt umræddri hækkun fram í janúar 2012. Þau áform hafi síðan verið endurskoðuð í kjölfar þess að Eimskip hækkaði gjaldskrár 1. júlí 2012. Sex dögum síðar ákvað (S)forstö-innfl1 að verð yrðu hækkuð með þeim hætti sem lýst er hér að ofan, en um var að ræða hækkun sömu gjaldliða og Eimskip hækkaði 1. júlí 2012.

⁴²¹² Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.994622.

⁴²¹³ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.1136602. Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.998629. Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.1000544.

⁴²¹⁴ Afritað tölvuskjal frá Samskipum. „verðhækkun 1. ágúst 2012.docx“. Viðhengi við afritaðan tölvupóst frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.995110.

⁴²¹⁵ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.996102.

⁴²¹⁶ Afrituð tölvupóstsamskipti frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.1028826.



8394. Voru atvik því á þann veg að Samskip áformaði gjaldskrárhækkun sumarið 2012 en ákváðu að flýta þeirri hækkun fram til janúar 2012 í kjölfar fundar lykilstjórnenda Eimskips og Samskipa 29. desember 2011, sbr. umfjöllun í kafla 14.39. Ákváðu Samskip síðan í júlí 2012, með sex daga fyrirvara, að hækka gjaldskrár aftur, til að hækka verð til samræmis við gjaldskrárhækkun Eimskips. Hvergi kemur fram í gögnum málsins að stjórnendur Samskipa hafi íhugað það að nýta sér hækkun Eimskips til þess að bjóða betur og ná til sín auknum viðskiptum. Slík aðgerð hefði enda sett í uppnám samráðið sem Eimskip hefur viðurkennt að hafi verið fyrir hendi á þessum tíma.
8395. Með vísan til framangreinds er það mat Samkeppniseftirlitsins að þessi hækkun endurspegli þann skort á samkeppni sem leiddi af samráði Samskipa og Eimskips á þessum tíma. Byggt á samtímagagni Samskipa tók þessi hækkun til langflestra viðskiptavina fyrirtækisins.⁴²¹⁷ Hækkun gagnvart Norður-Ameríku flutningum átti að taka gildi 23. september 2012.⁴²¹⁸

14.44.3. Óánægja viðskiptavina

8396. Eins og lýst var kvartaði viðskiptavinur Eimskips yfir verðhækkun fyrirtækisins og sagði að hún væri „vægast sagt undarleg þegar litið er til þróunar helstu áhrifaþátta“, sbr. tölvupóstur fyrirtækisins SET til (E)frkvstj-sala/pj 6. júlí 2012.
8397. Í gögnum málsins má einnig sjá óánægju viðskiptavina Samskipa með framangreinda hækkun fyrirtækisins. Sama dag og Samskip tilkynntu um hækkunina sendi Heimilistæki, sem var með flutningasamkomulag við Samskip, eftirfarandi tölvupóst til (S)forstö-innfl1: „Þið hækkið gjaldskrárna lon og don, spurning hvort þið getið ekki bara hægrætt meira í rekstrinum, virðist skella öllu út í verðlagið og meira til. Þið hækkuðuð um 3-4% í janúar og svo 3,7% núna. Verðbólga mælist í dag 4,7% á ársgrundvelli og inni í því eru olíuhækkanir sem eru fyrir utan ykkar gjaldskrárhækkanir, en þið hafið hækkað það sem af er ári um þá ca. 7%.
- Er ekki kominn tími á að fara yfir samningsmál og fá uppfært tilboð frá ykkur?*
- Heyri frá þér,*“
8398. (S)forstö-innfl1 svaraði viðskiptavininum tæpum tveimur vikum síðar: „Það er rétt að við vorum að hækka gjaldskrárna okkar, en sú hækkun er aðeins í takt við verðbólgu. Vísitala neysluverðs frá des 2011 til jún 2012 hækkaði um 3,7%, en það er nákvæmlega sú tala sem við hækkuðum um núna.
- Við hækkuðum síðast í janúar, en sú hækkun var einnig í takt við þær hækkanir sem höfðu orðið á vísitölunni fram að þeim tíma.*
- Athugaðu að þið eruð varðir fyrir öllum hækkunum umfram vísitölu skv. lið 8 í samningnum.*
- Það er alveg sjálfsgagt að fara yfir samninginn fljótlega. Ég er í vinnu út þessa viku, en síðan í fríi í næstu viku. Verð kominn aftur 20. ágúst. Eigum við að hittast í þeirri viku og fara yfir málin.“*
8399. Samdægurs sendi viðskiptavinurinn þetta svar til (S)forstö-innfl1: „Já skulum gera það við óskum eftir að fá endurnýjað samningstilboð frá ykkur. Ég get kannski líka reynt að aðstoða ykkur við að hagræða í rekstri, því ef þið ætlið bara að hækka 2x á ári algjörlega eftir vísitölu er ekki góð þróun að mínu mati. Bendi líka á að í vísitölu neysluverðs þar eru breytingar á t.d. olíu innifaldar, en þið eruð með þann lið sér, og því ekki rökrétt að hækka blint eftir vísitölunni.“⁴²¹⁹
8400. Þann 30. júlí 2012 vann starfsmaður Samskipa, eftir áréttingu (S)forstö-útfl, að því að hrinda í framkvæmd hækkun á verði gagnvart öllum viðskiptavinum sem voru með flutningasamkomulag við

⁴²¹⁷ Samkvæmt tölvupósti frá [...] tók verðhækkunin ekki til 29 viðskiptavina í innflutningi til Íslands. Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.996680.

⁴²¹⁸ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.1000835.

⁴²¹⁹ Afrituð tölvupóstsamskipti frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.997135.



Samskip, þar sem kveðið var á um að samningsverð myndu taka breytingum með hliðsjón af breytingum á gjaldskrá Samskipa hverju sinni.⁴²²⁰

8401. Þann 31. júlí 2012 sendi framkvæmdastjóri Bræðranna Ormsson tölvupóst til (S)viðskstj, viðskiptastjóra hjá Samskipum. Afrit af póstinum var jafnframt sent til (S)forstö-innfl1 og framkvæmdastjóra Félags atvinnurekenda. Í tölvupóstinum var hækkun Samskipa mótmælt harðlega. Í þessu samtímagagni frá stjórnanda í íslensku fyrirtæki sagði nánar tiltekið eftirfarandi:

„Okkur undrar mjög að gripið er til þessara verðhækkana, þegar gengi er að styrkjast svo töluverðu nemur og olúverð er einnig að lækka. Þessi hækkun er gerð ofan á mjög háa reikninga og er íþyngjandi fyrir innflutningsverð vara, fyrirtæki og neytendur.

Það er ekki sjálfgefið að hækka hvenær sem stjórnendum dettur í hug að nú sé rétta tækifærið gegn öllum staðreyndum og rökum.

*Við mótmælum þessari hækkun og áskiljum okkur allan rétt.*⁴²²¹

8402. Þann 21. ágúst 2012 sendi aðstoðarframkvæmdastjóri Flügger tölvupóst til (S)forstö-innfl1. Flügger var viðskiptavinur Samskipa. Óskaði aðstoðarframkvæmdastjórinn eftir rökstuðningi fyrir hækkun Samskipa. Síðan spurði aðstoðarframkvæmdastjórinn:

„Hvaða kostnaðarhækkunir er verið að tala um?

Laun eru ekki að hækka, eldsneyti er ekki að hækka, gengi er að styrkjast o.s.frv.“

8403. (S)forstö-innfl1 svaraði Flügger samdægurs með tölvupósti þar sem fram kemur eftirfarandi: *„Með þessum verðhækkunum erum við einfaldlega að halda í við almennar kostnaðarhækkunir. Vísitala neysliverðs hefur hækkað um 3,7% frá því að við hækkuðum gjaldskrá okkar síðast. Á sama tíma hefur launvísitalan hækkað um 3,6%. Við erum því einfaldlega að halda í við þær kostnaðarhækkunir sem við höfum orðið fyrir*“.⁴²²²

8404. Þann 21. ágúst 2012 gaf (S)forstö-innfl1 undirmanni sínum, (S)starfsm, fyrirmæli um að hækka verð á samningi Öskju bifreiðaumboðs.⁴²²³ Þetta gekk eftir. Þann 12. september 2012 sendi fjármálastjóri Öskju tölvupóst til (S)forstö-innfl1 þar sem hann kvartaði undan umræddri verðhækkun Samskipa. Nánar tiltekið kemur eftirfarandi fram í tölvupósti Öskju:

„Við fengum tilkynningu frá ykkur um daginn um að þið mynduð hækka flutningsgjöld. Ég taldi þetta vera svona „almenna“ tilkynningu og að hún myndi ekki lenda á okkur – enda gríðarleg viðskipti Öskju við ykkur og einhvern veginn þá taldi ég – sérstaklega eftir samtali okkar um daginn – að þú myndir ekki láta þetta koma niður á okkur.

En nú er hækkun okkar sem hér segir:

Uppskipun úr IKR 22.200,- í 23.021,-

Olúúlag úr IKR 1.441,- í 1.494,-

Öryggisgjald úr EUR 22,- í 23,-

Flutning úr EUR 219,- í 227,-

Eins og við höfum rætt um þá er mikill þrýstingur bæði frá KIA og Daimler um að setja þennan flutning í útboð. Veit að þið [starfsmaður Öskju] eigið fund á næstu vikum um framhaldið.....en á meðan treysti ég þér til þess að láta þessa hækkun ekki lenda á okkur, nóg erum við að borga samt.....

⁴²²⁰ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.1137286. Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.1137299.

⁴²²¹ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. „RE: Verðhækkun í ágúst“, dags. 31.07.2012, kl. 11:26. Doc. ID. 0.7.33.996657.

⁴²²² Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.999516.

⁴²²³ Afrituð tölvupóstsamskipti frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.999525.



Bið þig um að staðfest það við okkur [...]."

8405. (S)forstö-innfl1 svaraði sama dag og dró hækkunina ekki til baka:

„Samningurinn tekur almennum gjaldskrárhækkunum Samskipa, sem eru alltaf í takt við verðbólgu í landinu.

Við förum yfir þetta allt á fundi okkar sem er boðaður í byrjun okt."⁴²²⁴

8406. Ekki er að greina ótta um viðbrögð Eimskips í þessum svörum (S)forstö-innfl1. Þvert á móti. Athygli vekur að í svari (S)forstö-innfl1 byggði hann verðhækkun Öskju á undirliggjandi flutningasamkomulagi við viðskiptavininn. Í því sambandi ber að rifja upp að sá samningur var undirritaður árið 2010 en þá endurnýjuðu Samskip flutningasamkomulag sitt við Öskju. Að mati eftirlitsins var sú endurnýjun Samskipa gerð á grundvelli samráðs við Eimskip. Fjallað er nánar um þau atvik og samráð vegna Öskju árið 2010 („Tökum vertu á vappi trykkið"), sbr. kafla 14.30. Hækkanir Samskipa árið 2012 gagnvart Öskju áttu sér stoð í gjaldskrárhækkunum Samskipa en þær hækkunaraðgerðir Samskipa voru að mati Samkeppniseftirlitsins afleiðing af „friðnum" sem ríkti milli Eimskips og Samskipa Undirstrika þessi atvik hvernig framkvæmd samráðsins gat oftast en einu sinni á rannsóknartímabilinu beinst að mikilvægum viðskiptavinum flutningafyrirtækjanna.

8407. Hækkanir gagnvart mikilvægum viðskiptavinum héldu síðan áfram hjá Samskipum. Dagana 22. – 23. ágúst 2012 skipulögðu stjórnendur Samskipa ((S)forstö-innfl1 og (S)frkvstj-N-Am, ásamt (S)starfsm og (S)viðskstj1) verðhækkun gagnvart viðskiptavini með flutninga milli Íslands og Norður-Ameríku. Þar voru m.a. skipulagðar verðhækkanir gagnvart mikilvægum viðskiptavinum sem höfðu samninga sem tóku breytingum samkvæmt gjaldskrárbreytingum Samskipa en líkt og áður segir átti hækkun Samskipa á gjaldskrá fyrir flutninga milli Íslands og Norður-Ameríku að taka gildi 23. september 2012. Um var að ræða umfangsmikla kaupendur á flutningsþjónustu til Íslands frá Norður-Ameríku:

- Húsasmiðjan
- ÍSAM/Mekka
- Samkaup
- Nathan & Olsen.⁴²²⁵

8408. Hvergi í innanhússögnum Samskipa í tengslum við framanritað má greina ótta við viðbrögð helsta keppinautarins, Eimskips. Til viðbótar og í samhengi við framangreint má hér vísa til fyrri atvika og markaðsskiptingar Eimskips og Samskipa vegna þessara sömu viðskiptavina, þ.e. n.t.t. Húsasmiðjunnar, ÍSAM/ Mekka og Nathan & Olsen.

14.44.4. Samantekt

8409. Hér er tilefni til þess að draga saman eftirfarandi:

- Samráð var um verðhækkun Eimskips og Samskipa í janúar 2012.
- Samskip í Færeyjum treystu sér ekki til að hækka verð í janúar 2012 vegna ótta um að missa frá sér mikilvæga viðskiptavini.

⁴²²⁴ Afrituð tölvupóstsamskipti frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.1007132.

⁴²²⁵ Afrituð tölvupóstsamskipti frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.1000829. Í áframhaldandi samskiptum 07.09.2012 hafði bæst við á þennan lista fleiri mikilvægir viðskiptavinir sem áttu að taka verðhækkunum Samskipa, eins og Kaupás og Garri. Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.1004846.



- Á vikulegum fundum (E)frkvstj-sala/pj og (E)forstö-sölu á árinu 2012 var alltaf sama áherslan lögð á eftirfarandi verkefni: „Hækkun meðalsjóflutningagjalda“.
- Í janúar 2012 hafði (S)forstö-útfl engar áhyggjur af því þó undirmaður hans teldi verðhækkun gagnvart mikilvægum viðskiptavini (HB Granda) mögulega „of grófa“.
- Í janúar 2012 hækkaði Samskip verð gagnvart öðrum mikilvægum viðskiptavini (Húsasmiðjunni). Áður höfðu Samskip treyst sér til þess að bjóða þessum nánast stærsta viðskiptavini sínum verð sem hann varð „sjokkeraður“ yfir.
- Í febrúar 2012 vísaði (E)forstö-sölu til ónægju viðskiptavina Eimskips með erlendan kostnað en viðskiptavinirnir hefðu hins vegar ekki vitneskju um að framlegð Eimskips á „for- og áframflutningi erlendis hleypur á tugum prósentá.“
- Eimskip hækkaði verð í júlí 2012. Í kjölfarið átti að beita reynslu Eimskips í „skapandi aðgerðum“ til þess að finna tilefni eða réttlættinga á því að hækka aftur verð. Í gögnum Samskipa frá m.a. árinu 2011 kom fram að sjálfsagt þótti að leggja ný gjöld á viðskiptavini þrátt fyrir að fyrir lægi að Samskip yrðu ekki fyrir auknum kostnaði. Ræddi stjórnandi hjá Samskipum í þessu samhengi um „hugmyndaflug“ varðandi tilefni eða réttlættingu á þessari hækkun á verði.
- Eimskip hækkaði verð í júlí 2012 og Samskip tilkynnti einnig um hækkun í þeim mánuði. Gáfu Samskip ranglega til kynna að umrædd verðhækkun væri til að „mæta kostnaðarhækkunum í rekstri“.
- Viðskiptavinir Eimskips og Samskipa voru afar ósáttir við þessar verðhækkningar þar sem þeir skildu ekki forsendur þeirra. Var um að ræða m.a. öflug fyrirtæki sem gátu ekki séð að neinar breytingar hefðu átt sér stað í rekstrarumhverfinu sem réttlætt gátu þessar hækkningar.
- Eftir framangreindar hækkningar fóru Eimskip og Samskip að huga frekari hækkunum, gagnvart m.a. mikilvægum viðskiptavinum.

8410. Þegar þessi atriði eru virt saman með öðrum atvikum málsins sem áttu sér stað á þessum tíma dregst að mati Samkeppniseftirlitsins upp einnar skýr mynd af „friðnum“ og samráði Samskipa og Eimskips á þessum tíma. Samráðið dró úr æskilegri óvissu á milli fyrirtækjanna og þau gátu án ótta um samkeppni framkvæmt þá stefnu sína að hækka verð hér á landi eða vinna gegn verðlækkunum.

8411. Í mgr. 390-400 í athugasemdum Samskipa við AII er framangreindum ályktunum Samkeppniseftirlitsins hafnað og á því byggt að umræddar hækkningar hafi átt sér kostnaðarlegar forsendur. Að mati Samskipa líti Samkeppniseftirlitið framhjá verðlagsþróun og samspili hennar og verðhækkana og að gögn málsins sýni uppsafnaða hækkunarþörf enda hafi verðhækkningar sjaldan náð því að fylgja verðlagi. Að mati Samkeppniseftirlitsins eru þessar athugasemdir Samskipa ekki í samræmi við gögn málsins en um þær er nánar fjallað í kafla 26.44, sbr. einnig umfjöllun í kafla 15.3 og 33.1.

14.45. „Rosalegur taugatitringur“ vegna Bauhaus

8412. Um mitt ár 2012 opnaði Bauhaus byggingavöruverslun á Íslandi. Fyrir efnahagshrunið árið 2008 hugðist Bauhaus opna slíka verslun hér á landi. Eimskip hafði af því tilefni gert flutningasamkomulag við Bauhaus en vegna efnahagsaðstæðna hér á landi frestaðist á hinn bóginn opnun verslunarinnar.⁴²²⁶

8413. Fyrirætlanir Bauhaus voru endurvaktar og í september 2011 sendi Bauhaus útboðsbeiðni til Eimskips og Samskipa vegna mögulegra flutningsviðskipta. Bæði Samskip og Eimskip skiluðu inn tilboðum í

⁴²²⁶ Afritað tölvuskjal frá Eimskip. [...]



flutningaþjónustu fyrir Bauhaus.⁴²²⁷ Niðurstaðan var sú að Eimskip hlaut viðskiptin og fyrirtækin undirrituðu flutningasamning 15. desember 2011.⁴²²⁸

8414. Að sögn (E)frkvstj-sala/þj leiddu þessi viðskipti Eimskips við Bauhaus til „rosalegs taugatitrings“. Skal þessu lýst nánar.

8415. Í kjölfar þess að Samskipum var tilkynnt af Bauhaus að fyrirtækið myndi ganga til samninga við Eimskip sendi (S)forstö-innfl1 tölvupóst til (S)forstj þar sem sagði:

„Their hafa farid inn með mjog lag verd I thetta. Thegar their verda komnir med thetta, tha er ljost ad vid forum I Byko.“

8416. (S)forstj svaraði og tók undir þetta.⁴²²⁹

8417. Hér ber að hafa í huga að á árinu 2011 var sjóflutningsviðskiptum BYKO skipt á milli Eimskips (70%) og Samskipa (30%). Gilti samningur Eimskips við BYKO fram í mars 2012. Húsasmiðjan var fram til ársins 2012 með heildar sjóflutningsviðskipti sín hjá Samskipum, sbr. umfjöllun um atvik tengd viðskiptum Húsasmiðjunnar og ólögmeta markaðsskiptingu árið 2011 í kafla 14.34.

8418. Er ljóst af framangreindum samskiptum (S)forstj og (S)forstö-innfl1 að Samskip ætluðu að bregðast við Bauhaus viðskiptum Eimskips með því að auka viðskipti fyrirtækisins við BYKO.

8419. Þann 27. mars 2012, fjórum dögum áður en samningur BYKO við Eimskip átti að renna út, tilkynnti (S)forstö-innfl1 þeim (S)forstj, (S)frkvstj-millilandasv2 og (S)frkvstj-innanl að hann væri kominn með yfirlit yfir flutninga Norvíkur og það fyrirtæki hafi verið að óska eftir verði. Norvík var móðurfélag BYKO, Kaupás og ELKO. (S)forstö-innfl1 sagði einnig:

„Miðað við að þessar tölur hér að ofan standist og magnið hjá okkur verði óbreytt þá yrðum við með 21% af flutningum Kaupáss. Nú þurfum við að ákveða strategiu...“⁴²³⁰

8420. Daginn eftir, þann 28. mars 2012, átti Eimskip fund með BYKO þar sem viðstaddir voru m.a. (E)viðskstj5, (E)frkvstj-sala/þj og (E)forstö-sölu.⁴²³¹

8421. (S)frkvstj-innanl innti (S)forstö-innfl1 eftir svörum þann 4. apríl 2012. Nánar tiltekið sagði hann: „Fékkstu einhver viðbrögð, hver er stemmingin hjá okkur með þá kappa?“ (S)forstö-innfl1 kvaðst ekki vera búinn að senda Norvík neitt nema ósk um frekari upplýsingar.⁴²³²

8422. Í lok apríl 2012 sendi (S)forstö-innfl1 þeim (S)forstj, (S)frkvstj-millilandasv2 og (S) frkvstj-innanl útreikning á mögulegu verðtilboði til Norvíkur ásamt samanburði við verð Húsasmiðjunnar og þau verð sem Samskip buðu Bauhaus í lok árs 2011. Í tölvupóstinum sagði m.a.:

„Eimskip vita nákvæmlega hvað Húsasmiðjan er að borga hjá okkur og þeirra Byko verð eru þau sömu og okkar. Nú er spurningin hvernig þeir hugsa. Það getur vel verið að þeir vilji setja BAF á Byko, en síðan getur verið að þeir séu stressaðir gagnvart því sem við ætlum að gera og lækki einfaldlega verðin. Við erum í dag með um 25% af flutningum Norvíkur. Nú er spurningin hvort við eigum að teygja okkur eftir stærri hluta á verðum eða sætta okkur við núvarandi [svo] hluta... Það eru líka alltaf aðrir pakkar þarna úti sem jafnvel væri hægt að ná í á þessum verðum.“⁴²³³

⁴²²⁷ Afritaður tölvupóstur frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.611378. Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.904848.

⁴²²⁸ Afhentur samningur frá Eimskip 19.02.2016, fskj. 5. „Framework agreement Between Bauhaus slhf - Eimskip“

⁴²²⁹ Afritaðir tölvupóstar frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.932005.

⁴²³⁰ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.556404.

⁴²³¹ Afrituð dagbókarfærsla frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.34.765604.

⁴²³² Afritaðir tölvupóstar frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.967934.

⁴²³³ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.998737.



8423. Þann 9. maí 2012 sendi (S)forstö-innfl1 Kaupási drög að flutningasamkomulagi. Í tölvupósti (S)forstö-innfl1 sagði að „[i]nni í samningnum eru hærrí verð en um var rætt, en á móti kemur eftirágreiddur [svo] afsláttur skv. viðaukanum.“ Í svari Kaupáss til (S)forstö-innfl1 sagði:

„Varðandi hýsinguna á frostvörunni, þá boðið til 1-50% hækkun einstakra gjaldliða, auk þess að útvíkka gjaldskrána verulega frá fyrri samningi en það gengur eðlilega ekki.“⁴²³⁴

8424. Af innanhússögnum Eimskips má ráða að a.m.k. í maí 2012 hafi verið unnið að því að endurnýja samning Eimskips við BYKO. Á verkefnalista (E)frkvstj-sala/þj fyrir maímánuð er „BYKO“ skráð undir verkefni (E)forstö-sölu.⁴²³⁵ Þá áttu (E)frkvstj-sala/þj og (E)viðskstj5 fund með BYKO þann 23. maí 2012.⁴²³⁶ Sama kvöld sendi (E)forstj einnig eftirfarandi í tölvupósti til (E)frkvstj-fjárm, (E)frkvstj-skiparekst, (E)frkvstj-alþjsv, (E)frkvstj-sala/þj, (E)frkvstj-innanl og (E)starfsm:⁴²³⁷

„Það væri mjög gott ef við gætum náð saman á föstudag (E)forstj, (E)frkvstj-fjárm, (E)frkvstj-skiparekst, ((E)frkvstj-sala/þj er úti), (E)frkvstj-innanl og (E)frkvstj-alþjsv. Apríl mánuður lítur ekkert allt of vel út og við þurfum að skoða stöðuna í nokkrum málaflokkum:

1) Hjá S&S erum við að reyna að loka BYKO og sama á við um Aðföng í DOM. Við þufum að hugsa hvort við getum leift [svo] okkur það að missa aðila þrátt fyrir að ná ekki fram hækkunum og reikna það til hlítar.“

8425. Þann 25. maí 2012 sendi (S)forstö-innfl1 eftirfarandi tölvupóst til (S)forstj og (S)frkvstj-millilandasv2 þar sem samningar Samskipa við Norvík voru í viðhengi og sagði:

„Það er sameiginlegur skilningur á því að kælivanan muni liggja hinum megin [þ.e. hjá Eimskip]. Það er í samræmi við það sem ég setti inn í samninginn í upphafi, en við tókum síðan út þar sem hlutirnir geta breyst á samningstímanum. Þar tók ég einnig fram að flutningarnir frá Noregi fyrir Byko yrðu hinum megin [þ.e. hjá Eimskip]. Miðað við þetta mun skipting verða svona: [...]“

8426. Síðan sagði í tölvupósti (S)forstö-innfl1: „Samkvæmt þessari skiptingu þá mun Kaupás flytja frystivöruna frá Danmörku með Samskipum (80 TEU á ári), en kælivanan fer þá með Eimskip. Miðað við þetta þá mun Samskip sjá um 77% af heilgámaflutningum Norvíkur, sem er nálægt 80% skuldbindingunni sem er í samningnum. Varðandi lausavöruflutninga þá eru þeir ekki inni í þessum tölum, en við gerum ráð fyrir að skipting þar verði í svipuðum hlutföllum. [BYKO] / [Kaupás]: Erum við ekki örugglega með sama skilning á því hvernig magnið mun skiptast? Var búið að fara yfir þessi mál með Elko, Húsgagnahöllinni og Intersport?“⁴²³⁸

8427. Af glærum frá rekstrarfundum Eimskips í lok maí 2012 má hins vegar ráða að Eimskip hafi litið svo á að samningur við BYKO væri í endurnýjun eða „under renewal“.⁴²³⁹

8428. Tölvupóstur sem (S)forstö-innfl1 sendi BYKO þann 4. júní 2012 gefur til kynna að samkomulag hafi verið á milli Samskipa og BYKO um að halda samningi þeirra leyndum „eitthvað fram í júní“.⁴²⁴⁰ (E)frkvstj-sala/þj hafði hins vegar fengið veður af samningnum aðeins tveimur dögum síðar, þann 6. júní 2012. Í hádeginu þann dag upplýsti hann þá (E)frkvstj-fjárm, (E)frkvstj-skiparekst, (E)frkvstj-alþjsv og (E)frkvstj-innanl um stöðuna með tölvupósti. Nánar tiltekið sagði:

„Sælir drengir, bara svona svo þið heyrið það frá mér þá hefur eins og þið vitið Byko samningurinn verið í lausu lofti undanfarnar vikur og staðan er þannig núna að þeir eru að öllum líkindum að ganga

⁴²³⁴ Afritaðir tölvupóstar frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.977684.

⁴²³⁵ Afritað tölvuskjal frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.185843.

⁴²³⁶ Afrituð dagbókarfærsla frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.297057.

⁴²³⁷ Afritaður tölvupóstur frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.780174.

⁴²³⁸ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.984178.

⁴²³⁹ Afritað tölvuskjal frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.195111.

⁴²⁴⁰ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.986823.



frá samningi við aðra um töluverðan hluta þessara flutninga. Fer betur yfir með ykkur þegar við hittumst næst."

8429. Daginn eftir, þann 7. júní 2012, upplýsti (S)viðskstj1 þá (S)forstö-innfl1 og (S)forstj um að hann hefði heyrt í Húsasmiðjunni og að hann gæti ekki „lesió annað en það hafi e-h leikið (væntanlega frá EÍ) varðandi Byko samninginn“ og sagðist hafa fengið eftirfarandi skilaboð frá starfsmanni Húsasmiðjunnar; „ég var að heyra að við gætum átt von á c.a. 20% lækkun á okkar verðum!!!!“ (S)forstö-innfl1 svaraði og sagði:

„Eimu heyrdur af samningnum i dag. Their urdu alveg brjaladir. Their munu herja a husa, en vid thurfum ad standa fast a thvi ad vid seum bara ad taka um 50 prosent af byko vegna pirrings ut ad bauhaus“.

8430. (S)forstö-innfl1 sagði jafnframt að nú þyrftu Samskip að halda sérstaklega vel „utan um husa“ og (S)viðskstj1 tók undir það, taka ætti Húsasmiðjuna í „bómullarmeðferð“.⁴²⁴¹ Óttuðust Samskip að Eimskip myndu í hefndarskyni „herja“ á Húsasmiðjuna og ætluðu (S)viðskstj1 og (S)forstö-innfl1 að gæta þess að sá mikilvægi viðskiptavinur hefði ekki hvata til að snúa sér til Eimskips.

8431. Samningur Samskipa við Húsasmiðjuna gildi til október 2013 en var uppsegjanlegur frá mars 2013.

8432. Í ágúst og september 2012 vann Eimskip að svokallaðri afurða- og vörflokkagreiningu.⁴²⁴² Varðandi tækifæri í flokknum byggingarvara sagði í skjali Eimskips: „Húsasmiðjan er það fyrirtæki sem við horfum mest til, þeir opna snemma á næsta ári og verður það klárlega okkar markmið að ná samning við þá, sérstaklega þar sem Byko samdi við Samskip.“ Niðurstaðan varð að á árinu 2013 náði Eimskip Húsasmiðjunni í viðskipti til sín, sbr. nánari umfjöllun í kafla 21. Ótti (S)forstö-innfl1 um „hefnd“ Eimskips reyndist þannig á rökum reistur.

8433. Við húslleit Samkeppniseftirlitsins í september 2013 kom fram hjá (E)frkvstj-sala/þj að það hefðu orðið ákveðin þáttaskil á innflutningsmarkaðnum eftir að Eimskip náði nýjum innflutningsviðskiptum við Bauhaus. Nánar tiltekið sagði (E)frkvstj-sala/þj að þá hefði orðið „einhver rosalegur taugatitringur greinilega út af því og þá hérna, þá hérna, á þeim tíma var Húsasmiðjan hjá Samskip, Byko hjá okkur og þá tók hérna Samskip Byko yfir til sín, svo kom Húsasmiðjan til okkar, þetta er svona búið að vera svolítið í kjölfarið á því bara“.⁴²⁴³ Eins og fram kemur í sátt Eimskips við Samkeppniseftirlitsins dró úr hinni ólögumætu markaðsskiptingu á árinu 2013.

8434. Af þessum „taugatitring“ leiddi m.a. að hluti af viðskiptum BYKO við Eimskip færðust til Samskipa. Skiptir hér miklu að (S)forstö-innfl1 lagði á það áherslu í tölvupóstinum frá 7. júní 2012 að standa þurfi „fast“ á því gagnvart Eimskip að Samskip séu „bara ad taka um 50 prosent af byko vegna pirrings ut ad bauhaus“. Réttlæta þurfti þannig þessa samkeppni og jafnframt láta koma skýrt fram að í henni fælist aðeins að Samskip myndu annast helming af flutningum BYKO í stað þriðjungs áður. Höfðu Samskip auðsýnilega hag af því að draga sem mest úr umfangi mögulegra gagnaðgerða Eimskips.

8435. Gögn málsins eru í samræmi við tölvupóst (S)forstö-innfl1 frá 7. júní 2012. Sýna þau að einungis hluti af þeim viðskiptum BYKO sem voru hjá Eimskip færðist yfir til Samskipa. Miðað við afhent gögn jukust viðskipti BYKO hjá Samskipum úr 30% árið 2011, upp í 40% árið 2012 og 50% árið 2013. Á móti tók Eimskip flutningsviðskipti Húsasmiðjunnar af Samskipum árið 2013.⁴²⁴⁴

8436. Hér ber að rifja upp að ólögumætt samráð er í eðli sínu samstarf milli viðkomandi fyrirtækja um að reyna að hagnast meira með samvinnu sín á milli heldur en með því að keppa um hylli viðskiptavina

⁴²⁴¹ Afritaður tölvupóstur frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.1017179.

⁴²⁴² Afrituð tölvuskjöl frá Eimskip. „Afurðagreining 2012 – LIS – matvara.docx“. „Afurðagreining – Byggingavara.docx“. Viðhengi við afritaðan tölvupóst frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.378771.

⁴²⁴³ Endurrit af skýrslu [...] þann 10.09.2013, bls. 13-14.

⁴²⁴⁴ Sjá afhent gögn frá Samskipum 10.04.2015, tölul. 9 („Liður 9.1 Innflutningur Heildarlist“). Afhent gögn frá Eimskip 01.12.2016, („Stærstu viðskiptavinir“ „B liður – 1 Innflutningur“).



á grundvelli m.a. lægra verðs og betri þjónustu. Slíkt samstarf í eiginhagsmunaskyni getur hins vegar verið viðkvæmt og brothætt þar sem þátttakendur geta t.d. haft hvata til þess að „svindla/svíkja“ og fara gegn því sem ákveðið hafi verið í samráðinu. Með því móti gæti viðkomandi fyrirtæki hagnast enn meira en ella. Sökum þessa er í samkeppnisrétti rætt um takmarkað traust milli samráðsfyrirtækja.⁴²⁴⁵ Getu því komið upp harðvítugar deilur milli samráðsfyrirtækja og jafnvel brotist út verðstríð ef einn þátttakandi í samráðinu uppgötvar að annar hafi „svindlað“.⁴²⁴⁶ Hafa fræðimenn bent á að sökum framangreinds búi samráð keppinauta jafnan við innri óstöðugleika vegna hvatans til að „svindla“. Til þess að stuðla að árangri í samráði reyni þátttakendur í því að stuðla að trausti og/eða skapa varnaðarhrif með því að beita „hefnd/refsingum“ gagnvart þeim sem „svindla“.⁴²⁴⁷

8437. Séu framangreind atvik dregin saman er það mat Samkeppniseftirlitsins að tilfærsla hluta af BYKO viðskiptum yfir til Samskipa árið 2012 hafi verið „hefnd“ vegna Bauhaus. Samskip gættu þess hins vegar að „hefndin“ tæki aðeins til innflutnings á byggingavörum og hluta af flutningum Eimskips fyrir BYKO. Markaðsskipting Samskipa og Eimskips á árinu 2012 gagnvart öðrum mikilvægum viðskiptavinum hélt hins vegar áfram, sbr. umfjöllun um atvik á árinu 2012 vegna t.d. Öskju og Aðfanga. Í þeirri umfjöllun má hins vegar greina merki þess að nefndur taugatitringur hafi á þeim tímapunkti verið byrjaður að skapa óróa í hinni ólögmetu markaðsskiptingu. Ber að virða atvik vegna BYKO í samhengi við þau gögn.
8438. Stjórnendur Eimskips urðu „*alveg brjáláðir*“ yfir auknum viðskiptum Samskipa við BYKO. Viðbrögð Samskipa við upplýsingum um reiði Eimskips voru sem fyrr segir tvíþætt. Annars vegar að útskýra fyrir Eimskip að þetta væri út af „*pirringi*“ vegna Bauhaus og hins vegar að huga að „*bómullarmeðferð*“ gagnvart Húsasmiðjunni. Dregur þetta skýrt fram annars vegar tilvist hins ólögmetu samráðs og hins vegar að um var að ræða frávik frá því. Fram að þessum atvikum á árinu 2012 eru engin dæmi um það á rannsóknartímabilinu að Samskip hafi hugað að „*bómullarmeðferð*“ gagnvart mikilvægum viðskiptavinum vegna ótta við samkeppni frá Eimskip og öfugt.
8439. Eins og sjá má í gögnum málsins ætlaði Eimskip að „hefna“ fyrir það að Samskip hafi tekið hluta BYKO viðskiptanna árið 2012 með því að taka yfir viðskipti Samskipa við Húsasmiðjuna. Í kafla 21 verður fjallað um atvik á árinu 2013 en að mati Samkeppniseftirlitsins fór þá að draga verulega úr markaðsskiptingu Samskipa og Eimskips. Er það í samræmi við viðurkenningu Eimskips í sáttinni við Samkeppniseftirlitið. Í þeim kafla er m.a. fjallað um atvik sem sýna að flutningafyrirtækin hófu, eftir áralangan „*frið*“, að sækja á mikilvæga viðskiptavini hvors annars. Þar á meðal er í fyrrgreindum kafla fjallað um þegar Eimskip reyndi með samkeppnisaðgerðum að ná Húsasmiðjunni af Samskipum. Fór það svo að Eimskip tók innflutningsviðskipti Húsasmiðjunnar af Samskipum í mars 2013, sbr. nánari umfjöllun í áður nefndum kafla 21.
8440. Heilt yfir byggja Samskip á því í athugasemdum sínum til Samkeppniseftirlitsins að það hafi ekki verið sameiginlegur skilningur á milli fyrirtækisins og Eimskips um neitt sem tengdist viðskiptum BYKO og Húsasmiðjunnar heldur hefði Samskipum tekist að ná aukinni hlutdeild í viðskiptum BYKO með harðri samkeppni, án vitneskju Eimskips.⁴²⁴⁸ Ekki er unnt að fallast á það og er fjallað nánar um þessi sjónarmið Samskipa í kafla 26.45.

⁴²⁴⁵ Í skýrslu OECD frá árinu 2002, *Fighting Hard Core Cartels*, er þessu eðli samráðs m.a. lýst svo: „*There is no honour among thieves*“. Þetta innsæi í eðli samráðs er m.a. grundvöllur fyrir svonefndum niðurfellingareglum þar sem þátttakendur í samráði stíga fram og upplýsa um tilvist þess í þeirri von að viðurlög gagnvart þeim verði felld niður eða lækkuð.

⁴²⁴⁶ Fjallað var um þetta einkenni ólögmetu samráðs m.a. á bls. 113 og 415 í ákvörðun samkeppnisráðs nr. 21/2004 vegna ólögmetu samráðs olíufélaganna (sbr. og dóma Hæstaréttar Íslands frá 4. febrúar 2016 í málum nr. 272, 277 og 278/2015). „Svindl og prettir“ samráðsfyrirtækja gegn hvert öðru hefur ekki áhrif á ólögmeti samráðsins, sbr. t.d. mgr. 118 í dómi undirréttar ESB frá 11. júlí 2019 í máli nr. T-530/15, Huhtamäki Oyj gegn framkvæmdastjórninni.

⁴²⁴⁷ Sjá t.d. *The Nature and Impact of Hardcore Cartels – A report to the Danish Competition Authority*, London Economics, janúar 2011.

⁴²⁴⁸ Sjá mgr. 1397-1403 í athugasemdum Samskipa við AII.



14.46. Forstjóri Samskipa sagður „skít-stressaður“ yfir áhuga Búr

8441. Búr var fyrirtæki sem starfaði á heildsölumarkaði fyrir ávexti og grænmeti og seldi m.a. til dagvöruverslana í eigu Kaupás og Samkaupa. Búr var á árinu 2012 í viðskiptum hjá Eimskip en gögn málsins sýna að í mars 2012 var (S)forstj upplýstur af undirmanni að möguleiki væri á því að Búr myndi vilja flytja öll viðskipti sín til Samskipa. Í kjölfar þessa var innan Samskipa rætt um að búið væri að „gera allt vitlaust á markaðnum“ og að (S)forstj væri „greinilega skít-stressaður“ yfir þessu.
8442. Áður en vikið er að atvikum á árinu 2012 ber að rifja upp að eitt af viðfangsefnum „Nýtt upphaf“ verkefnis Samskipa og Eimskips seinni hluta árs 2008 tengdist grænmetis- og ávaxtaflutningum frá Rotterdam til Íslands á svokallaðri „Rotterdam Express“-leið Samskipa, sbr. kafla 9.12.3. Undir þessa leið féllu t.d. flutningar á viðkvæmri og lítt geymsluþolinni matvöru, t.a.m. flutningar Samskipa fyrir Búr sem var viðskiptavinur fyrirtækisins.
8443. Þann 14. júlí 2008 sat (S)forstj stjórnarfund Samskipa Holding rætt var um samstarf við Eimskip vegna fyrirhugaðra breytinga á siglingakerfum. Var á þeim fundi ákveðið að kanna þetta nánar. Kvöldið fyrir fund (S)forstj og (S)aðaleig-stjform-SH með Eimskip 25. júlí 2008 fékk (S)forstj sent skjal frá (S)forstö-flutnstj um útfærslur á siglingakerfisbreytingu Samskipa með heitinu „Siglingakerfi – hagræðing“. Þar var m.a. fjallað um þá útfærslu ef Samskip takmörkuðu flutningsgetu með því að fara úr fjögurra skipakerfi í þriggja skipakerfi (eins og raunin varð síðar), sbr. eftirfarandi:

| Samskip | | |
|---|-----|---|
| Árlegur sparnaður v/ færri skipa (eitt skip út) | 530 | Sinum RFJ með einu skipi á 10,5 daga tíðni |
| T/C risk á 4. skipinu | -50 | Áhætta v/ framleigu á Akrafelli eða Hvassafelli |
| Tapaðar tekjur v/ minni flutningsgetu - 60.000 t af áli | -50 | Flutningsgeta skerðist um 100.000 tonn |
| Aukakostnaður v/ færslu milli terminala með ál í RTM | -30 | |
| Töpuð framlegð í útlutningi frá FO | -30 | |
| Grænmeti fyrir BÚR | -50 | Að því gefnu að hægt verði að semja við EÍ um föst slot í viku á Suðurleið fyrir þetta tapast ekki öll framlegðin (annars tapast öll velta -80 mkr) |
| Ávinningur p.a. | 320 | |
| Eimskip | | |
| Tekjur af álútlutningi fyrir Samskip | 50 | |
| Tekjur af innflutningi á grænmeti fyrir Samskip | 50 | |
| Ávinningur p.a. | 100 | |

Ef Eimskip afhenda tóma gáma á RFJ og samþykkja Steinweg sem depot í RTM ná báðir aðilar að hagræða:
Eimskip sparar THC í RTM og Samskip kemst af með færi gáma

8444. Þarna má sjá að tekjur Samskipa myndu lækka um 50 milljónir kr. (vegna flutninga fyrir Búr á grænmeti og ávöxtum). Forsendan fyrir því var sögð aukið samstarf við Eimskip: „Að því gefnu að hægt verði að semja við EÍ um föst slot í viku á Suðurleið fyrir þetta tapast ekki öll framlegðin (annars tapast öll velta -80 mkr)“. Ábati Eimskips samkvæmt skjalinu fólst m.a. í því að annast „fyrir Samskip“ innflutning á grænmeti og ávöxtum (flutningar fyrir Búr) sem Samskip myndu ekki sinna eftir breytingu á siglingakerfi sínu. Sem fyrr segir funduðu (S)forstj og (S)aðaleig-stjform-SH daginn eftir með (E)stjform1, þ.e. þann 25. júlí 2008. Var sá fundur liður í samráði fyrirtækjanna, sbr. umfjöllun í kafla 8.13. Þar sem rædd voru málefni sem féllu undir „Nýtt upphaf“ verkefnið, þ. á m. slotsamstarf og fækkun skipa.
8445. Samtímagögn sýna að grænmetis- og ávaxtaflutningar frá Rotterdam voru áfram hluti af samráði Samskipa og Eimskips í kjölfarið. Þann 15. október 2008 héldu (S)forstj, (S)frkvstj-millilandasv, (S)forstö-útfli, (S)forstö-innfl1, (S)forstö-flutnstj og (S)forstö-skiparek fund þar sem rætt var um þau viðfangsefni og verkefni sem féllu til vegna fyrirhugaðra breytinga á siglingakerfi Samskipa. Á fundinum skiptu stjórnendurnir með sér verkefnunum og var (S)forstö-innfl1 falin eftirtalin verkefni, sbr. tölvupóst (S)forstj sama dag og nánari umfjöllun í kafla 8.19.3:

„1. Grænmeti



-(S)forstö-innfl1 kanni hvort / hvernig hægt að rúta eftir að R'dam express rúta breytist.

2. Slot verð EI [Eimskip]

-(S)forstö-innfl1 ræði við EI [Eimskip] um almennt slotverð hjá þeim, hvort sem um er að ræða innfl eða útlfl"

8446. Á fundi lykilstjórnenda Samskipa 15. október 2008 var þannig ekki eingöngu ákveðið að (S)forstö-innfl1 ætti að huga að ferskvöruflutningum sem höfðu til þessa farið með „Rotterdam express“ leið Samskipa, heldur hafði einnig verið ákveðið að (S)forstö-innfl1 ætti að ræða við Eimskip um almennt slotverð vegna inn- og útflutnings. Undir slíkt féllu m.a. framangreindir flutningar á ferskvöru til landsins.
8447. Í athugasemdum Samskipa við AI segir þetta um tölvupóst (S)forstj 15. október 2008, sbr. mgr. 959 – 963: „[...] (S)forstö-innfl1 fékk það verkefni í tengslum við umrædda flutninga fyrir BÚR að kanna möguleika á því hvort Samskip gætu haldið áfram að bjóða BÚR upp á viðskiptin með því að sinna hluta af flutningum fyrir fyrirtækið á grundvelli slotsamninga við Eimskip á milli Íslands og Evrópu.“⁴²⁴⁹ Samskip útskýra þessi samskipti Samskipa og Eimskips ekki frekar í athugasemdunum eða leggja fram gögn um hvað fór þar fram.
8448. Samtímagögn sýna að framangreind samskipti fyrirtækjanna tengdust víðtæku samráði þeirra sem hófst um mitt ár 2008. Flutningar á grænmeti og ávöxtum frá Rotterdam til Íslands voru einn þáttur af mörgum sem féll undir víðtækt samráð fyrirtækjanna, sbr. umfjöllun um samskipti fyrirtækjanna í kjölfarið þar sem fram kom m.a. að Eimskip væri tilbúið að skoða „allt“ í samstarfi með Samskipum, sbr. kafla 8.19.
8449. Hvað sjóflutning á grænmeti- og ávöxtum varðar urðu atvik þau að með breytingu Samskipa á siglingakerfi í nóvember 2008, þ.e. fækkað úr fjórum í þrjú skip og hætt viðkomu í Reykjavík á Leið 2, þá felldu Samskip niður „Rotterdam express“ leiðina. Eftir ólögmet samskipti Samskipa og Eimskips m.a. um Búr flutninga varð sú útfærsla „Nýtt upphaf“ verkefnisins valin að sjóflutningsviðskipti Búrs færðust í heild til Eimskips frá Samskipum.⁴²⁵⁰ Var það einnig í samræmi við fyrri samráðsgögn fyrirtækjanna í tengslum við takmörkun á flutningsgetu, slotsamninga og tilfærslu viðskiptavina við fækkun skipa.
8450. Þessir flutningar fóru því ekki á milli fyrirtækjanna sökum samkeppni heldur leiddu af samráði þeirra varðandi breytingar á siglingakerfum og takmörkun á flutningsgetu.
8451. Frá lok árs 2008 og fram á árið 2012 voru Eimskip því með flutningsviðskipti Búrs. Rétt er að benda á að Samkaup, móðurfélag Búrs, var áfram í viðskiptum við Samskip.
8452. Engin gögn eru um að Samskip hafi á þeim tíma skoðað að sækja á að taka að hluta eða heild viðskipti Búr aftur frá Eimskip. Var það í samræmi við markaðsskiptingu fyrirtækjanna. Á hinn bóginn leitaði Búr til Samskipa á árinu 2012 og verður nú vikið að því.
8453. Gögn málsins sýna að í upphafi árs 2012 leitaði Búr að eigin frumkvæði eftir verðtilboði frá Samskipum sem endaði með því að viðskipti Búrs fóru aftur til Samskipa síðar sama ár. Samskip hafa byggt á því að þau atvik sýni fram á að virk samkeppni hafi ríkt á flutningamarkaðnum á þeim

⁴²⁴⁹ Athygli vekur að í athugasemdum Samskipa við AI, í mgr. 1096-1097, er þvert á fyrri skýringar fyrirtækisins í athugasemdunum fullt að Samskip hafi ekki átt samskipti við Eimskip „tengslum við“ Búr. Þetta fer illa saman við eigin skýringar fyrirtækisins, sbr. umfjöllun í mgr. 959-963 í athugasemdunum, og í ósamræmi við samtímagögn um samskipti fyrirtækjanna um víðtækt slotsamstarf („útvíkkað neyðarsamkomulag“) þar sem undir féll samstarf vegna flutnings á grænmeti og ávöxtum til landsins.

⁴²⁵⁰ Í fundargerð framkvæmdastjórnar Eimskips frá 02.12.2008 kom fram að flutningar BÚR væru komnir til Eimskips. Afhent tölvuskjal frá Eimskip. Afhent þann 13.10.2017. Eimskip Ísland – Fundargerð, dags. 02.12.2008.



tíma og þar með geti það ekki staðist að á sama tíma hafi ríkt ólögmaett samráð.⁴²⁵¹ Samkeppniseftirlitið getur ekki fallist á það og verður það nú útskýrt nánar.

8454. Gögn málsins sýna að Búr hafi átt frumkvæði að samskiptum við Samskip og starfsmenn Samskipa ekki vitað hvernig bregðast ætti við umleitan Búrs.

8455. Þannig sendi (S)viðskstj1 þann 7. febrúar 2012 eftirfarandi tölvupóst til (S)forstö-innfl1:

„verð ég ekki að láta Búr e-h heyra frá mér varðandi að við erum að vinna í málunum? finnst hálf lamað af okkar hálfu að þeir heyri ekkert hvað finnst þér?“

8456. (S)forstö-innfl1 svaraði strax:

„Jú segðu að við séum að vinna í þessu. Segðu að illa gangi að ná mönnum saman vegna ferðalaga og veikinda“.⁴²⁵²

8457. Sama dag sendi (S)viðskstj1 tölvupóst til Búrs: „sælir og takk fyrir góðann [svo] fund um daginn - vildi halda ykkur upplýstum að við erum að vinna í málunum en því miður hafa verið ferðalög og veikindi í okkar röðum (og er enn) sem hefur tafið okkur í að klára að setja saman verð vonandi fer að rofa til fljótlega og línur að skýrast.“

8458. Ekkert í samtímagögnum Samskipa bendir hins vegar til þess að fyrirtækið hafi unnið í verðtilboði til Búrs á þessum tíma. Jafnframt er ljóst af eftirgreindum tölvupóstsamskiptum að Samskip voru í vandræðum með hvernig ætti að bregðast við þessari umleitan Búrs. Þann 28. febrúar 2012 sendi Búr tölvupóst til (S)viðskstj1: „[...] , Reyndi að ná þér í síma. Viltu hringja við tækifæri.“⁴²⁵³ Í kjölfarið sendi (S)viðskstj1 tölvupóst til (S)forstö-innfl1:

„Búr var að reyna að ná í mig hvernig eigum við að svara?“

8459. (S)forstö-innfl1 svaraði:

„Shit ég veit ekki Kem niður á skrifstofu á eftir. Ræðum aðeins þá.“⁴²⁵⁴

8460. Rifja ber upp að (S)forstö-innfl1 var forstöðumaður yfir innflutningsdeild Samskipa á þessum tíma. Viðbrögð hans („shit ég veit ekki“) eru í samræmi við önnur gögn málsins um markaðsskiptingu Samskipa og Eimskips á þessum tíma. Í samræmi við samráðið hafði ekki verið áhugi hjá Samskipum að sækja á mikilvæga viðskiptavini Eimskips, þ. á m. Búr. Hafa ber í huga að samfelld samráð Samskipa og Eimskips hafði þarna staðið yfir í tæplega fjögur ár. Viðbrögð (S)forstö-innfl1 við umleitan Búrs sýna að hann hafði áhyggjur af því hvaða áhrif það myndi hafa á samráðið við Eimskip ef Samskip myndu fara á eftir mögulegum viðskiptum Búrs á þessum tímamarki.

8461. Daginn eftir, þ.e. 29. febrúar 2012, var bókaður fundur hjá Samskipum með heitinu „Búr – flutningamál“. Í fundarboði sem (S)forstö-innfl1 sendi til (S)forstj, (S)frkvstj-innanl og (S)viðskstj1 segir: „Ræðum það hvernig við ætlum að svara Búr. Þeir eru að ýta á eftir svári hvort að við viljum flytja Bananana.“⁴²⁵⁵

8462. Athygli vekur að (S)forstö-innfl1 hafi boðað (S)forstj, forstjóra Samskipa, á þennan fund þar sem ræða átti hvort Samskip hefðu áhuga á viðskiptum Búrs. Sýnir þetta að (S)forstö-innfl1 hafi ekki verið viss um hvernig ætti að svara tilboðsumleitan frá viðskiptavini Eimskips, þ.e. „hvort“ Samskip vildu þessi viðskipti.

⁴²⁵¹ Sbr. t.d. mgr. 1374 í athugasemdum Samskipa við AI og mgr. 1319 í athugasemdum Samskipa við AII.

⁴²⁵² Afrituð tölvupóstsamskipti frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.947090.

⁴²⁵³ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...]

⁴²⁵⁴ Afrituð tölvupóstsamskipti frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.953959.

⁴²⁵⁵ Afrituð dagbókarfærsla frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.954160.



8463. Ljóst er að (S)forstö-innfl1 ræddi málið við (S)forstj en seinna sama dag sendi (S) frkvstj-innanl tölvupóst til (S)forstj: „Ég ræddi við [(S)forstö-innfl1] í dag, þú hafðir greinilega náð á hann líka, hann ætla að sækja sem mest af magninu frá þeim. [...]“.⁴²⁵⁶ Af þessu má sjá að ekki var ráðgert að sækjast eftir öllum flutningsviðskiptunum Búrs, sbr. tilvísun til þess hér síðar að þetta yrði aldrei meira en 4 gámar á á viku „max“ meðan heildar flutningar Búrs voru 400-500 gámar á ári.
8464. Þann 1. mars 2012 sendi (S)forstö-innfl1 tölvupóst til (S)viðskstj1 og bað hann um að stilla upp tilboðsverði fyrir Búr. Þá lagði (S)forstö-innfl1 til eftirfarandi: „Byrjum á því að hafa Samkaups verðin inni í þessu og leikum okkur síðan með þau. Rennum yfir þetta seinna í dag eða fyrramálið“.⁴²⁵⁷ Ljóst er að þarna höfðu Samskip ekki ákveðið hvaða verð skyldi bjóða Búr.
8465. Þann 2. mars 2012 voru (S)viðskstj1 og (S)forstö-innfl1 að vinna í tilboði til Búrs en þann dag áttu (S)viðskstj1 og (S)forstö-innfl1 fund með Búr.⁴²⁵⁸
8466. Þann 6. mars 2012 sendi Búr tölvupóst til (S)viðskstj1 og kváðust vilja „byrja á verkefninu sem allra fyrst“ og báðu (S)viðskstj1 um að hafa samband. (S)viðskstj1 framsendi tölvupóstinn til (S)forstö-innfl1 og (S)forstj. (S)forstö-innfl1 svaraði: „Snilld keyrum þetta af stað.“ (S)forstj svaraði og spurði um áætlað magn. (S)forstö-innfl1 svaraði og sagði þetta vera „2-3 gámar í viku af bönunum til að byrja með og síðan er markmiðið að bæta fleiri tegundum við. Ég held þó að þetta verði aldrei meira en ca 4 gámar í viku max.“⁴²⁵⁹
8467. Sama dag sendi (S)viðskstj1 tölvupóst til nokkurra starfsmanna Samskipa og tilkynnti að Búr myndi koma með hluta af viðskiptum sínum til Samskipa. Um væri að ræða 2-3 gáma á viku, kannski meira. Sagðist (S)viðskstj1 ætla að hitta Búr daginn eftir til að ræða málið nánar.⁴²⁶⁰
8468. Þann 7. mars 2012 sendi (S)viðskstj1 uppkast af samningi til Búrs. Ljóst er af tölvupóstinum að (S)viðskstj1 átti síðan fund með Búr sama dag.⁴²⁶¹
8469. Ljóst er af framangreindu að á þessum tímamarki töldu Samskip að fyrirtækið væri aðeins að taka hluta af viðskiptum Búrs frá Eimskip. Eftir fundinn með Búr 7. mars 2012 sendi (S)viðskstj1 á hinn bóginn tölvupóst til (S)forstö-innfl1 og (S)forstj, afrit til (S)frkvstj-Rotterdam:
- „sælir átti fund með búr áðan - skv. þeim fundi erum við að taka allt magnið! þeir vilja ekki skrifa undir fyrr en þeir eru búnir að ganga frá málum gagnvart eimu (skv. því sem [Búr] sagði) [...] við erum að tala um c.a. 4 - 500 gáma á ársgrundvelli.“
8470. (S)forstj svaraði strax: „Sælir - nú er ég ekki alveg að fylgja þér - hvernig geta þeir allt í einu lifað við þetta þjónustustig?“ (S)viðskstj1 svaraði tölvupósti (S)forstj strax: „sæll, ég var jafn hissa og þú en þetta var það sem [Búr] talaði um, mestur vandinn hjá þeim verður þegar þeir fá græn / ávexti með stuttum líftíma - annað ætti að vera minna mál, sbr. banananar sem eru að koma frá s- ameríku, en [Búr] var augljóslega ekkert yfir sig hrifinn en hann talaði um að verðin skiptu meira máli.
- annað - kaupás er farinn að taka inn ávexti og grænmeti sjálfir að e-h leyti með eimunni sem hýst er hjá eimunni (hann vildi ekki að það færi hátt - ég vissi reyndar af því skv. samskiptum mínum við kaupás)“.⁴²⁶²

⁴²⁵⁶ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.982021.

⁴²⁵⁷ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.954787.

⁴²⁵⁸ Afritað tölvuskjal frá Samskipum. „Búr feb 2012 verðpælingar“. Viðhengi við afritaðan tölvupóst frá Samskipum. „Búr feb 2012 verðpælingar“, dags. 02.03.2012, kl. 09:49. Doc. ID. 0.7.33.955165. Afritað tölvuskjal frá Samskipum. „Búr feb 2012 verðpælingar“. Viðhengi við afritaðan tölvupóst frá Samskipum. „Búr feb 2012 verðpælingar“, dags. 02.03.2012, kl. 11:16. Doc. ID. 0.7.33.955225. Afritað tölvuskjal frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.955137.

⁴²⁵⁹ Afrituð tölvupóstsamskipti frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.983949.

⁴²⁶⁰ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...]

⁴²⁶¹ Afritað tölvuskjal frá Samskipum. „Búr samningur mars 2012“. Viðhengi við afritaðan tölvupóst frá Samskipum. [...]

⁴²⁶² Afrituð tölvupóstsamskipti frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.957286.



8471. Af framangreindu er ljóst að breytingar höfðu orðið á flutningum Búrs, þ.e. að Kaupás hafði hafið eigin innflutning á ávöxtum og grænmeti í stað þess að flytja með Búr. Það sem skipti viðskiptavininn þó mestu máli voru þó flutningaverðin.
8472. (S)frkvstj-Rotterdam svaraði tölvupósti (S)forstj stuttu síðar aðeins til (S)viðskstj1:
*„Nú ertu búinn að gera allt vitlaust á markaðnum og forstjórinn greinilega skít-stressaður....
Stundum eru menn skammaðir fyrir að selja of mikið...
hahaha.....“⁴²⁶³*
8473. Ljóst er af framangreindu að Samskip svöruðu umleitan Búr seint og vissu hreinlega ekki hvernig ætti að bregðast við beiðninni. Eru þau dræmu viðbrögð í samræmi við önnur gögn um markaðsskiptingu fyrirtækjanna og ábendingar heimildarmanna um að tilboðsumleitunum til Samskipa og Eimskips hefði ekki verið svarað eða seint og illa.
8474. Þann 22. mars 2012 sendi (S)viðskstj1 tölvupóst til Búrs með uppfærðum samningi.⁴²⁶⁴
8475. Þann 10. apríl 2012 átti (S)viðskstj1 svo bókaðan fund með Búr til að undirrita nýjan samning milli fyrirtækjanna.⁴²⁶⁵ Samskip afhentu Samkeppniseftirlitinu ekki þennan samning við Búr. Hefur það tafið fyrir rannsókn málsins. Hefur Samkeppniseftirlitið við rannsókn sína ekki rekist á gögn sem sýna hvenær Búr upplýsti Eimskip um að fyrirtækið hefði gert samning við Samskip. Gögn málsins sýna hins vegar að flutningar Samskipa hófust í aðalatriðum ekki fyrr en í júlí 2012.⁴²⁶⁶
8476. Framangreind samtímagögn frá upphafi árs 2012 sýna að Búr hafi, að eigin frumkvæði, leitað eftir verðtilboði frá Samskipum sem endaði með því að viðskipti Búrs fóru til Samskipa síðar sama ár. Það voru því ekki Samskip sem höfðu frumkvæði að því, á grundvelli samkeppnisaðgerða, að ná umræddum viðskiptum. Gögnin sýna að umleitunir Búrs hafi komið Samskipum á óvart og stjórnendur því óvissir hvernig bregðast ætti við. Þau sýna einnig að stjórnendur hafi haft áhyggjur af afleiðingum þess að gefa Búr samkeppnishæft tilboð. Er þetta til marks um hina ólögmætu markaðsskiptingu sem var fyrir hendi á þessum tíma.
8477. Ljóst er að tilfærsla Búrs frá Eimskip til Samskipa árið 2012 verður líkt og tilfærsla á viðskiptum BYKO sett í samhengi við þann „taugatitring“ í samráði fyrirtækjanna sem hafði komið fram þegar að Eimskip fékk ný viðskipti Bauhaus í lok árs 2011, sbr. umfjöllun í kafla 14.45.
8478. Framangreind atvik tengd Búr á árinu 2012 endurspeglar það ólögmæta samráð sem Eimskip hefur viðurkennt að hafi verið fyrir hendi á þessum tíma. Fór það svo að Samskip töldu sig vera innan ramma samráðsins og ætluðu upphaflega aðeins að bjóða í hluta af viðskiptum Búrs. Það hafði gerst áður í samráði fyrirtækjanna, sbr. umfjöllun í kafla um 14.7 um atvik vegna Prómens þar sem Eimskip sótti „hluta“ af viðskiptunum „án þess að rugga bátnum“ gagnvart Samskipum. Þegar Búr hafði síðan gert Samskipum ljóst að um væri að ræða allt magnið lýsti undirmaður (S)forstj því yfir við samstarfsmann sinn að nú yrði „allt vitlaust á markaðnum og forstjórinn greinilega skítstressaður“ og að verið væri að skamma (S)viðskstj1 fyrir að „selja of mikið“. Þessi frásögn er einnig í samræmi við önnur samtímagögn um ólögmæta markaðsskiptingu Samskipa og Eimskips á þessum tíma og telur

⁴²⁶³ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...]

⁴²⁶⁴ Afritað tölvuskjal frá Samskipum. „Búr samningur mars 2012“. Viðhengi við afritaðan tölvupóst frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.962466.

⁴²⁶⁵ Afrituð tölvupóstsamskipti frá Samskipum. Milli [...] og Búrs. „RE: samningur – undirritun“, dags. 19.04.2012, kl. 10:21 og 10:27. Fram kemur í tölvupósti [...] að samningurinn væri samhljóða þeim samning sem Búr væri með utan heim aksturs sem væri 5000 kr., þ.e. verði fyrir heim akstur hafði lækkað frá fyrri samningsdrögum.

⁴²⁶⁶ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. Frá [...] til [...], afrit til [...] o.fl. „Búr back in business with Samskip“, dags. 27.06.2012, kl. 12:30. Í tölvupóstinum kemur fram að frá og með 1. júlí myndi Búr flytja allt sitt magn með Samskipum en undanfarna mánuði hafi Búr verið að flytja fáein box.



Samkeppniseftirlitið að frásögn um stress forstjórans hafi lotið að því að áhyggjur væru til staðar um að Samskip færu gegn samráði fyrirtækjanna um að forðast að keppa um mikilvæga viðskiptavinum.

8479. Líkt og rakið er í kafla 14.45 var niðurstaða Samskipa varðandi BYKO sú að sækjast jafnframt eftir frekari viðskiptum fyrirtækisins. Fól það í sér viðbrögð fyrirtækisins við því að Eimskip náði viðskiptum Bauhaus í lok árs 2011. Af tölvupósti sem (S)forstö-innfl1 sendi BYKO þann 4. júní 2012 má jafnframt ráða að samkomulag hafi verið á milli Samskipa og BYKO um að halda samningi fyrirtækjanna leyndum „*eitthvað fram í júní*“. Þann 7. júní 2012 sendi (S)forstö-innfl1 tölvupóst til (S)viðskstj1 og (S)forstj þar sem fram kom að Eimskip hefði heyrt af samningnum og orðið „*alveg brjaladir*.“
8480. Í mgr. 47-54 í bréfi Samskipa, dags. 24. mars 2023, koma fram athugasemdir Samskipa varðandi atvik tengd Búr á árinu 2012. Að mati Samskipa sé ekkert tilefni til ályktana um að gögn varðandi Búr bendi til samráðs við Eimskips. Þvert á móti beri gögnin, að mati Samskipa, öll merki heilbrigðrar samkeppni og að Samskip hafi gengið langt í viðleitni til að vega upp lakara þjónustustig með því að bjóða einstaklega samkeppnishæf verð.
8481. Samskip staðfesta að það hafi komið fyrirtækinu á óvart að Búr hafi verið reiðubúið að skoða það að færa viðskipti sín yfir til Samskipa á þessum tímapunkti. Búr og Samskip hafi upphaflega einungis rætt um flutninga á banönnum en Samskip endað á að taka allt flutningsmagnið. Ástæðan sé sú að Samskip hafi boðið hagstæðara verð í flutningana en kjör Búrs voru hjá Eimskip. Þá byggja Samskip á því að ummæli (S)frkvstj-Rotterdam hafi falið í sér góðlátlegt grín milli vina og gefi ekkert tilefni til ályktana um meint samráð Samskipa og Eimskips. Hitt sé annað mál að stjórnendum Samskipa var ljóst að gera mátti ráð fyrir að Eimskip myndi svara fyrir sig og gera tilraun til þess að ná í önnur viðskipti Samskipa í staðinn.
8482. Framangreindar athugasemdir Samskipa breyta ekki mati Samkeppniseftirlitsins. Nánar er fjallað um athugasemdir Samskipa varðandi atvik tengd Búr 2012 í kafla 26.46.

14.47. Askja: Flutningskostnaður til Íslands sagður „gríðarhár“

8483. Samkeppniseftirlitið hefur áður fjallað um þegar (E)forstj, í september 2010, mælti fyrir um að „*vertu á vappi trykkið*“ yrði notað gagnvart Öskju, mikilvægum viðskiptavinum Samskipa sem hafði óskað eftir viðræðum um tilboð frá Eimskip, sbr. umfjöllun í kafla 14.30. Líkt og rökstutt hefur verið fólst í þessu hugtaki að eiga samskipti við viðskiptavinum Samskipa sem óskuðu eftir betra verði án þess að grípa til neinna ráðstafana sem raunverulega miðuðu að því að ná þeim viðskiptavinum frá Samskipum.
8484. Það er niðurstaða Samkeppniseftirlitsins að framanritað atvik hafi verið liður í samráði Samskipa og Eimskips. Með háttsemi sinni gagnvart Öskju í september 2010 hafi Eimskip virt samráð um mikilvæga viðskiptavinum fyrirtækjanna.
8485. Samskipti Samskipa við Eimskip voru tíð á árinu 2012, þ. á m. milli æðstu stjórnenda og þeirra starfsmanna sem komu að ákvörðunartöku vegna samningagerðar við Öskju, sbr. yfirlit yfir samskipti í kafla 13.
8486. Gögn málsins sýna einnig hvernig samráð við Eimskip gerði Samskipum kleift að hækka flutningsgjöld gagnvart Öskju, og öðrum mikilvægum viðskiptavinum, á samningstímanum. Þannig hækkaði ekki bara verð til Öskju með hinum nýja samningi árið 2010 heldur tók samningurinn jafnframt breytingum á samningstímanum skv. gjaldskrá Samskipa hverju sinni. Þann 21. ágúst 2012 gaf (S)forstö-innfl1 t.a.m. undirmanni sínum, (S)starfsm, fyrirmæli um að hækka sjóflutningsverð gagnvart Öskju bifreiðaumboði.⁴²⁶⁷

⁴²⁶⁷ Afrituð tölvupóstsamskipti frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.999525.



8487. Þennan sama morgun, áður en Öskju gat verið framangreind hækkun ljós, óskaði Askja eftir fundi með Samskipum til að „ganga frá okkar málum“ og vísaði þar til geymslukostnaðar sem ágreiningur var um og vexti sem Askja væri að greiða. Fundur var bókaður 23. ágúst sama ár.⁴²⁶⁸
8488. Að loknum þeim fundi sendi Askja tölvupóst til (S)forstö-fjárreiðu, forstöðumanns fjárreiðudeildar Samskipa. Sagði Askja frá því að á fundi með (S)forstö-innfl1 hefði náðst samkomulag um þau mál sem sneru að Öskju, „þó svo að hann [(S)forstö-innfl1] hafi nú haft betur...“. Askja sagði að eftir stæðu dráttarvextir sem fyrirtækið væri ósátt við að greiða og bað (S)forstö-fjárreiðu um að ræða við (S)forstö-innfl1 og skoða þau mál. (S)forstö-innfl1 svaraði því til að Samskip myndu gefa út kreditreikning vegna „uppgjör[s] á afslætti fyrir tímabilið 1.12.2011 til 1.7.2012“ en að Askja og (S)forstö-fjárreiðu myndu klára uppgjör á dráttarvöxtum sínum á milli. (S)forstö-fjárreiðu kvaðst vera tilbúinn að fella niður 35% af bókuðum vöxtum.
8489. Þann 12. september 2012 sendi Askja tölvupóst til (S)forstö-innfl1 þar sem kvartað var undan verðhækkun Samskipa. Nánar tiltekið sagði eftirfarandi í tölvupósti Öskju:
- „Við fengum tilkynningu frá ykkur um daginn um að þið mynduð hækka flutningsgjöld. Ég taldi þetta vera svona „almenna“ tilkynningu og að hún myndi ekki lenda á okkur – enda gríðarleg viðskipti Öskju við ykkur og einhvern veginn þá taldi ég – sérstaklega eftir samtal okkar um daginn – að þú myndir ekki láta þetta koma niður á okkur.*
- En nú er hækkun okkar sem hér segir:*
- Uppskipun úr IKR 22.200,- í 23.021,-*
- Olúuálag úr IKR 1.441,- í 1.494,-*
- Öryggisgjald úr EUR 22,- í 23,-*
- Flutning úr EUR 219,- í 227,-*
- Eins og við höfum rætt um þá er mikill þrýstingur bæði frá KIA og Daimler um að setja þennan flutning í útboð. Veit að þið [framkvæmdastjóri Öskju] eigið fund á næstu vikum um framhaldið.....en á meðan treysti ég þér til þess að láta þessa hækkun ekki lenda á okkur, nóg erum við að borga samt.....“*
8490. (S)forstö-innfl1 svaraði sama dag og dró hækkunina ekki til baka:
- „Samningurinn tekur almennum gjaldskrárhækkunum Samskipa, sem eru alltaf í takt við verðbólgu í landinu.*
- Við förum yfir þetta allt á fundi okkar sem er boðaður í byrjun okt.“⁴²⁶⁹*
8491. Framanrituð viðbrögð (S)forstö-innfl1 eru athyglisverð í ljósi þess að daginn áður, 11. september 2012, hafði (S)forstö-innfl1 bókað Öskju á fund í þeim tilgangi að endurskoða flutningasamninga Öskju. Gera má ráð fyrir að þetta hafi verið sá fundur sem (S)forstö-innfl1 vísar til í svari sínum hér að framan til Öskju. Á sama tíma og fyrir liggur að taka átti upp samningaviðræður við Öskju um áframhaldandi viðskipti fyrirtækjanna og „mikill þrýstingur“ var frá helstu birgjum Öskju um að setja flutningsviðskipti fyrirtækisins í útboð, tilkynntu Samskip viðskiptavininum um verðhækkanir og af viðbrögðum (S)forstö-innfl1 við mótmælum Öskju sýna að hann hafi ekki óttast samkeppnisleg viðbrögð Eimskips.
8492. Að mati Samkeppniseftirlitsins var það markaðsskipting Samskipa og Eimskips sem olli því að Samskip töldu sig ekki þurfa að bregðast öðruvísi við í samskiptum sínum við Öskju.

⁴²⁶⁸ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.999596. Afrituð dagbókarfærsla frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.999885.

⁴²⁶⁹ Afrituð tölvupóstsamskipti frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.1007132.



8493. Umræddur fundur Öskju og Samskipa fór fram 10. október 2012. Í fundarboði kom fram að fara ætti yfir þáverandi samning Öskju og væntingar Öskju til nýs samnings sem átti að taka gildi í upphafi árs 2013.⁴²⁷⁰
8494. Í upphafi árs 2013 sendi Askja að nýju tölvupóst til (S)forstö-innfl1 vegna flutningamála sinna. Sagði Askja frá því að birgjar fyrirtækisins, þ. á m. VW Group, hefðu bent Öskju á að flutningskostnaður við að koma bílum til Íslands væri „gríðarhár“.
8495. Höfðu tveir birgjar Öskju lagt til að þeir tækju yfir flutningsliðinn og að flutningar yrðu boðnir út. Kvaðst forstjóri Öskju enn geta „barist fyrir því“ að hafa flutningsmálin á sínu forræði en spurði um leið (S)forstö-innfl1 hvort Samskip væru tilbúin að leggja fram nýjan samning, með nýjum verðum, sem tækju gildi strax í janúar 2013 og samningur framlengist um 1-2 ár. (S)forstö-innfl1 kvaðst vera tilbúinn til að skoða þessi mál í heild sinni og tryggja að Askja væri samkeppnishæf á markaði. Þeir komu sér saman um að hittast á fundi seinna sama dag.⁴²⁷¹
8496. Óskir Öskju um betri kjör frá Samskipum á samningstímanum hlutu ekki náð fyrir eyrum (S)forstö-innfl1 nema að litlu leyti, sbr. t.d. umfjöllun hér að neðan. Þar að auki hafði fyrirtækið þurft að sæta almennum gjaldskrárhækkunum allt samningstímabilið. Það var ekki fyrr en fregnir bárust um möguleg afskipti erlendra birgja Öskju sem (S)forstö-innfl1 bað sérfræðing innan Samskipa að reikna út „sérverð“ fyrir Öskju.⁴²⁷²
8497. Þann 9. janúar 2013 sendi (S)forstö-innfl1 svo tillögur að nýjum samningsverðum til Öskju. Setti hann fram þágildandi verð og hvernig þau myndu líta út með „gjaldskrárhækkun sem verður nú 1.feb“ og svo tillögur að nýju verði. Með þessu bauð (S)forstö-innfl1 8,2% lækkun á verði fyrir innflutning fólksbíla og um 12% lækkun fyrir stærri bíla.⁴²⁷³ Farið var yfir þessi verð á fundi (S)forstö-innfl1 og Öskju þann 5. febrúar 2013.⁴²⁷⁴ Tilboð Samskipa til Öskju leit svona út samkvæmt skjalinu:

⁴²⁷⁰ Afrituð dagbókarfærsla frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.1014181.

⁴²⁷¹ Afritaðir tölvupóstar frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.1046257, 0.7.33.1046269 og 0.7.33.1046276.

⁴²⁷² Afritaðir tölvupóstar frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.1046450.

⁴²⁷³ Afritaðir tölvupóstar frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.1047046.

⁴²⁷⁴ Afrituð dagbókarfærsla frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.1056192.



| Fólksbílar 0-25 cbm frá FAS Rotterdam | Núgildandi verð | Verð eftir hækkun | Ný verð | Verð fyrir bílaleigubíla |
|---------------------------------------|-----------------|-------------------|----------------|--------------------------|
| Erlendur kostnaður | 151 EUR | 156 EUR | 144 EUR | 144 EUR |
| Sjóflutningur | 227 EUR | 227 EUR | 190 EUR | 190 EUR |
| BAF (12 cbm) | 227 USD | 227 USD | 227 USD | 227 USD |
| Uppskipun | 23.021 | 23.712 | 22.000 | 22.000 |
| Afgreiðslugjald | 1.336 | 1.376 | 1.376 | 1.376 |
| Bensíngjald | 1.647 | 1.696 | 1.696 | 1.696 |
| ISPS | 23,0 EUR | 23,7 EUR | 22,0 EUR | 22,0 EUR |
| Afsláttur | | | | -40 EUR |
| Samtals | 123.116 | 124.778 | 114.575 | 107.811 |

-8,2%

-13,6%

| Sprinter 25-45 cbm frá FAS Rotterdam | Núgildandi verð | Verð eftir hækkun | Ný verð |
|--------------------------------------|-----------------|-------------------|----------------|
| Erlendur kostnaður | 515 EUR | 530 EUR | 515 EUR |
| Sjóflutningur | 415 EUR | 415 EUR | 415 EUR |
| BAF (36 cbm) | 458 USD | 458 USD | 305 USD |
| Uppskipun | 34.740 | 35.782 | 35.000 |
| Afgreiðslugjald | 1.336 | 1.376 | 1.376 |
| Bensíngjald | 1.647 | 1.696 | 1.696 |
| ISPS | 23,0 EUR | 23,7 EUR | 22,0 EUR |
| Samtals | 257.984 | 261.845 | 238.462 |

-8,9%

| Trukkar 45-92 cbm frá FOB Rotterdam | Núgildandi verð | Verð eftir hækkun | Ný verð |
|-------------------------------------|-----------------|-------------------|----------------|
| Sjóflutningur | 1.360 EUR | 1.401 EUR | 1.200 EUR |
| BAF (36 cbm) | 610 USD | 610 USD | 610 USD |
| Uppskipun | 75.700 | 77.971 | 60.000 |
| Afgreiðslugjald | 1.336 | 1.376 | 1.336 |
| Bensíngjald | 5.210 | 5.366 | 5.210 |
| ISPS | 46,0 EUR | 47,4 EUR | 46,0 EUR |
| Samtals | 398.813 | 408.413 | 356.057 |

-12,8%

8498. (S)forstö-innfl1 var spurður af samstarfsmanni sínum þann 8. febrúar 2013 hvort hann ætti að hækka verð á Öskju. Kvaðst hann ekki hafa hækkað verð Öskju þann 1. janúar 2013 en hafi hins vegar hækkað það um 3% þann 1. febrúar. (S)forstö-innfl1 staðfesti það að Askja hækki „í takt við gjaldskrárhækkanir“ og því ættu erlendi kostnaðurinn og innlendu þjónustugjöldin að hækka 1. febrúar 2013.⁴²⁷⁵ Það voru í raun þær hækkanir sem (S)forstö-innfl1 merkti inn á framangreinda töflu sem hann kynnti fyrir Öskju.
8499. Þá kvaðst (S)forstö-innfl1 í tölvupósti til Öskju þann 12. febrúar 2013 ekki geta „gert meira varðandi flutningsgjöldin“ en væri með tillögur til að lækka geymslugjöld og lengja gjaldfresti. Askja kvaðst ætla að skoða málið.⁴²⁷⁶
8500. Askja óskaði eftir að hitta (S)forstö-innfl1 á fundi í byrjun apríl 2013 til að ræða samningamálin eða ganga frá samningi.⁴²⁷⁷
8501. Á sama tíma virðast Jónar hafa verið í samningaviðræðum við Daimler, einn af birgjum Öskju. Í þeim samskiptum kom eftirfarandi m.a. fram: „There is a ownership link between Askja and our mother company Samskip so we were under pressure to get involved in this business.“⁴²⁷⁸
8502. Þann 10. apríl 2013 sendi Askja tölvupóst til (S)forstö-innfl1 þar sem sagði að Askja og Samskip yrðu að fara að klára samning sín á milli. Askja gerði einnig athugasemd við það að Samskip væru að rukka hærri flutningsgjöld heldur en samið hefði verið um þann 21. nóvember 2011 og því hefði

⁴²⁷⁵ Afritaðir tölvupóstar frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.1058680.

⁴²⁷⁶ Afritaðir tölvupóstar frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.1060092.

⁴²⁷⁷ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.1075763 og 0.7.33.1075766.

⁴²⁷⁸ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.34.221005.



Askja greitt of há gjöld í eitt og hálf ár. Askja vísaði til þess að (S)forstö-innfl1 hefði boðið Öskju sjóflutningsgjöld að upphæð 210 evrur í nóvember 2011 en að Askja væri hins vegar að greiða 227 evrur fyrir sjóflutning. Hið sama ætti við um aðra liði í samningnum. (S)forstö-innfl1 svaraði sama kvöld og sagði:⁴²⁷⁹

„Frá því í nóvember 2011 hefur gjaldskrá Samskipa hækkað tvisvar um 4%. Samningur ykkar tekur gjaldskrárhækkanir í samræmi við hækkanir okkar og því hefur verðið hækkað úr 210 eur í 227 eur. Þetta skýrir málið.“

8503. Samskiptin sem Askja vísaði til hér að framan eru réttilega frá 21. nóvember 2011. Þá hafði Askja óskað eftir lækkuð á sjóflutningsverðum á grundvelli aukins innflutningsmagns.⁴²⁸⁰ Sjóflutningsverð Öskju voru þá lækkuð um 4% auk þess sem Askja fékk afslátt af sendingum sem töldu fleiri en 25 bíla. Askja tók það skýrt fram að fyrirtækið hefði „gjarnan viljað sjá meiri hækkun“. ⁴²⁸¹ Samkeppniseftirlitið gerir ráð fyrir að fyrirtækið hafi átt við að það hefði viljað meiri „hækkun“ á veittum afsláttum.
8504. Það er mat Samkeppniseftirlitsins að samráð Samskipa og Eimskip hafi gert fyrirtækjunum kleift að ná fram reglubundnum verðhækkunum gagnvart stórum viðskiptavinum sínum. Samráðið skapaði þannig ástand þar sem flutningsfyrirtækjunum var gert kleift að halda uppi eða hækka verð gagnvart mikilvægum viðskiptavinum sínum án þess að þurfa að óttast það að missa viðskipti þeirra frá öðru fyrirtækinu til hins.
8505. Bókaður var fundur Samskipa með Öskju þann 15. apríl 2013.⁴²⁸² Í framhaldinu sendi Askja nokkrar athugasemdir við drög að flutningasamningi, þ. á m. beiðni um lækkuð á tilteknum gjöldum og að samningsverð tæki ekki breytingum eftir almennum gjaldskrárbreytingum Samskipa. Samskip féllust á nokkur atriði en ekki hið síðastnefnda. Sagði (S)forstö-innfl1 að samningsverðin yrðu að fylgja „vísitölupróun, en það gera gjaldskrárhækkanir Samskipa einmitt“.⁴²⁸³
8506. (S)frvstj-innfl1 sendi nýja útgáfu af samningnum til Öskju þann 18. apríl 2013 og kvaðst vera laus daginn eftir til að undirrita samninginn en yrði síðan erlendis vikuna eftir það.⁴²⁸⁴
8507. Daginn eftir, þann 19. apríl 2013, sendi Askja tölvupóst til (E)forstj þar sem vísað var til þess að Askja hefði sent Eimskip gott tilboð í vörubíla. Kvaðst Askja vonast til þess að vera með samkeppnishæf verð. Mikil vinna hafi verið lögð í það gagnvart Daimler að tryggja Eimskip þessi verð. Í tölvupóstinum fór hann í stuttu máli yfir fyrirtækið, sagði m.a. að langflestir vörubíla Öskju væru fluttir inn með Samskipum⁴²⁸⁵ þó einhverjir bílar væru „þessa daganna [svo] á leið heim með ykkur [Eimskip].“ Sagðist hann að lokum vona að „við eigum möguleika á viðskiptum við ykkur“. (E)forstj og Askja ákváðu síðan að hittast í „kaffi“ á laugardeginum 20. apríl 2013.⁴²⁸⁶ (E)frkvstj-innanl spurði (E)frkvstj-sala/þj í kjölfarið hvort Askja væri að flytja með Eimskip og (E)frkvstj-sala/þj kallaði eftir slíkum upplýsing frá (E)viðskstj. Í ljós kom að smávægilegur innflutningur var fyrir Öskju hjá Eimskip og áframsendi (E)frkvstj-sala/þj þær upplýsingar til (E)forstj og (E)frkvstj-innanl þann 19. apríl 2013.⁴²⁸⁷ Fyrirliggjandi gögn gefa ekki til kynna að nokkuð hafi komið út úr umræddum fundi (E)forstj með Öskju en (E)forstj sagði þó að fundurinn hafi verið „fínn“ í tölvupósti til (E)frkvstj-innanl að kvöldi laugardagsins.⁴²⁸⁸ Gerði Eimskip þannig enga tilraun til þess að ná þessum viðskiptavini Samskipa til sín.

⁴²⁷⁹ Afritaðir tölvupóstar frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.1078132.

⁴²⁸⁰ Afritaðir tölvupóstar frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.912553.

⁴²⁸¹ Afritaðir tölvupóstar frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.919900.

⁴²⁸² Afrituð dagbókarfærsla frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.1078142 og 0.7.33.1078288.

⁴²⁸³ Afritaðir tölvupóstar frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.1078993.

⁴²⁸⁴ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.1080356.

⁴²⁸⁵ Í tölvupóstinum skrifar forstjóri Öskju „Eimskip“ en Samkeppniseftirlitið telur allar líkur á því að um misritun hafi verið að ræða og að átt hafi verið við Samskip, sbr. samhengi við tölvupóstinn í heild sinni.

⁴²⁸⁶ Afritaðir tölvupóstar frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.1094698.

⁴²⁸⁷ Afritaður tölvupóstur frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.1084241.

⁴²⁸⁸ Afritaður tölvupóstur frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.1095453.



8508. Að mati Samkeppniseftirlitsins minnir þetta óneitanlega um margt á atburðarrásina þegar Eimskip notaði „vertu á vappið trykkið“ á Öskju árið 2010. Framangreind gögn sýna að um gott tækifæri hafi verið að ræða fyrir (E)forstj enda var það Askja sem hafði frumkvæði að þessum samskiptum. Þá liggur fyrir að samningur Öskju við Samskip var að renna út á þessum tíma. Sem fyrr segir gefa fyrirliggjandi gögn ekki til kynna að (E)forstj hafi nýtt þetta tækifæri og skýrist það að mati Samkeppniseftirlitsins af hinni ólögsmætu markaðsskiptingu sem skapaði „frið“ á flutningamarkaði. Á fundi LIS-innflutningsdeildar Eimskips viku síðar, þann 14. maí 2013, var Askja ekki tilgreind á lista yfir viðskiptavinum sem væri verið að vinna í. Rennir það frekari stoðum undir niðurstöðu Samkeppniseftirlitsins.⁴²⁸⁹
8509. Þann 28. maí 2013 kvaðst Askja tilbúin að skrifa undir samning við Samskip og var hann undirritaður þann 3. júní 2013.⁴²⁹⁰
8510. Framanrakin atburðarrás er ein birtingarmynd samráðs Samskipa og Eimskips. Hún sýnir hvernig Samskip gátu gengið fram gagnvart mikilvægum viðskiptavinum, þ.e. viðhaldið reglubundnum gjaldskrárhækkunum án þess að eiga það á hættu að keppinauturinn myndi nota tækifærið til að reyna að ná viðskiptunum, þrátt fyrir að viðskiptavinurinn hefði komið óánægju sinni á framfæri og verið í miðjum samningaviðræðum um áframhaldandi samningssamband. Ályktanir Samkeppniseftirlitsins af framangreindri atburðarrás fær jafnframt stoð í sátt Eimskips við eftirlitið þar sem Eimskip viðurkennir að hafa, í samráði við Samskip, skipt mörkuðum eftir stærri viðskiptavinum í sjó- og landflutningum.
8511. Í athugasemdum sínum við AII mótmæla Samskip því að samráð við Eimskip hafi gert fyrirtækinu kleift að hækka verð gagnvart Öskju, hvorki við samningsverð eða á samningstímanum. Í samningi Samskipa og Öskju hefði verið kveðið á um að verð tækju breytingum á samningstímanum og það væri ekki samráð að efna samninginn. Samkeppniseftirlitið getur ekki fallist á framangreind sjónarmið eins og nánar er rakið í kafla 26.47.

14.48. Áætlanir Samskipa og Eimskips fyrir árið 2013

8512. Í samræmi við verklag fyrri ára unnu stjórnendur Samskipa haustið 2012 að áætlunum fyrir næsta ár.
8513. Eins og rökstutt var í kafla 14.10 eru gögn frá árinu 2009 sem tengjast áætlunargerð Eimskips og Samskipa fyrir árið 2010 til stuðnings því að fyrirtækin hafi á þessum tíma átt í ólögsmætu samfelldu samráði. Hið sama á við um gögn frá árinu 2010 sem tengjast áætlunargerð Eimskips og Samskipa fyrir árið 2011 og gögn frá árinu 2011 sem tengjast áætlunargerð fyrir árið 2012, sbr. kafla 14.32 og 14.38.4.
8514. Í þessum kafla verður rökstutt það mat Samkeppniseftirlitsins að gögn frá árinu 2012 sem tengjast áætlunargerð Eimskips og Samskipa fyrir árið 2013 séu til stuðnings því að fyrirtækin hafi á þessum tíma átt í ólögsmætu samfelldu samráði. Vísast í þessu samhengi til umfjöllunar í kafla 14.10.1 um almenna þýðingu rekstraráætlana fyrirtækja.
8515. Hér ber fyrst að rifja upp að í markaðsskýrslu innflutningsdeildar, sem (S)forstö-innfl1 sendi (S)forstj 19. september 2011, var lagt er lagt til grundvallar að árinu 2012 myndu Samskip halda öllum viðskiptavinum sínum í innflutningi. Einnig segir í skýrslunni:

„Áherslan í sölu árið 2012 ræðst að miklu leiti [svo] eftir því hvort að áframhaldandi ró haldist á innflutningsmarkaði. Gert er ráð fyrir að bæði Eimskip og Samskip haldi að sér höndum og leggi áherslu á að halda verðum uppi“.

⁴²⁸⁹ Afritað tölvuskjal frá Eimskip. „LIS imp_Fundargerð 2013_Vika19“. Vistað á tölvudrifi Eimskips, dags. 21.05.2013, kl. 08:58.

⁴²⁹⁰ Afritaðir tölvupóstar frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.1089019.



8516. Þetta gekk eftir á árinu 2012. Samskip og Eimskip hækkuðu verð og í glærum frá 1. október 2012, sem kynntar voru stjórn Samskipa, sagði:

„Samskip has not lost a significant customer to the competition in 2012“.

8517. Ljóst er hins vegar að haustið 2012 ríkti ekki sama vissa og áður um að „ró“ eða „friður“ myndi ríkja áfram á markaðnum, sbr. framangreind umfjöllun um atvik tengd Bauhaus, BYKO, Búr og Húsasmiðjunni. Kemur þetta fram í eftirfarandi gögnum sem tengjast áætlunargerð fyrir árið 2013. Sýna þau gögn m.a. að Samskip taldi mögulegt að þurfa á árinu 2013 að lækka verð til þess að halda mikilvægum viðskiptavinum. Eins og lýst verður í kafla 21 gekk það eftir og samkeppni jókst talsvert á árinu 2013. Er þetta í samræmi við sátt Samkeppniseftirlitsins og Eimskips þar sem fram kemur m.a. að samráð Samskipa og Eimskips um skiptingu á mörkuðum eftir stærri viðskiptavinum í sjó- og landflutningum „var umfangsminna á lokaári rannsóknartímabilsins (á árinu 2013).“ Hið sama gilti um verðsamráð fyrirtækjanna.

8518. Skal nú vikið nánar að umræddum gögnum frá haustinu 2012.

8519. Þann 15. september 2012 sendi (S)forstö-innfl1 tölvupóst til m.a. (S)forstj og (S) frkvstj-innanl. Meðfylgjandi voru þrjú skjöl sem fjölluðu um rekstraráætlun innflutningsdeildar Samskipa fyrir árið 2013.⁴²⁹¹ Voru þessi skjöl send til að undirbúa fund (S)forstö-innfl1 með m.a. (S)forstj.

8520. Eitt þessara skjala var glærुकyning (S)forstö-innfl1, „Magn og tekjuáætlun 2013 kynning“. Á glæru um „Áherslur Magn og tekjuáætlun 2013“ kemur fram að samningar við stóra viðskiptavini Samskipa í innflutningi væru að losna en þrátt fyrir það yrði gert ráð fyrir að „halda öllum núverandi viðskiptavinum“. Sýnir þetta að fyrirtækið taldi þrátt fyrir að mögulega myndi draga úr „ró“ markaðnum átti það ekki von á missa mikilvæga viðskiptavini.

8521. Meiri varkárni kom hins vegar fram í markaðsskýrslu innflutningsdeildar Samskipa fyrir árið 2013, sem einnig fylgdi tölvupósti (S)forstö-innfl1 til (S)forstj. Á bls. 5-6 er fjallað um forsendur magnáætlunar fyrir árið 2013. Þar segir m.a.: „Við gerð magnáætlunar var gert ráð fyrir því að á árinu 2013 verði almenn 2,5% kaupmáttaraukning á Íslandi. Þar að auki var gert ráð fyrir að nokkrir vörflokkar muni haga sér á annan hátt vegna aðstæðna í þjóðfélaginu. Gert var ráð fyrir óbreyttum flutningum af járnvöru og pappír, en meiri flutningi af efnavöru, fóðri og flokkum sem innihalda grófa byggingavöru. Einnig er gert ráð fyrir að innflutningur á bílum og vélum haldi áfram að vaxa umtalsvert á milli ára. [...]

Við gerð áætlunar voru magn og tekjur áætlað niður á 100 stærstu viðskiptavini Samskipa og síðan voru aðrir áætlaðir í takt við áætlaða breytingu í þeirra vörflokkum. Vegna mikilla nýrra viðskipta sem komið hafa til Samskipa á síðustu mánuðum var gert ráð fyrir að Samskip missti einn óskilgreindan viðskiptavin í byrjun árs 2013, sá viðskiptavinur er kallaður Lúser ehf í áætluninni. Lúser ehf. e[r] áætlaður út úr vörflokknum Consolidated cargo og því kemur fram óeðlilega mikil lækking á þeim flokki í þessari áætlun. Gert var ráð fyrir því að halda öllum öðrum núverandi viðskiptavinum Samskipa.“

8522. Á bls. 14 – 15 segir þetta í skýrslu (S)forstö-innfl1 um áherslu í sölu: „Gert er ráð fyrir töluvert mikilli samkeppni á innflutningsmarkaði á árinu 2013. Á seinni hluta ársins 2012 náði Samskip til sín töluverðum viðskiptum frá Eimskip, Búr, BM Vallá, dagblaðapappírnum frá Kanada og auknu magni frá Norvíkur samstæðunni. Gera má ráð fyrir því að Eimskip muni reyna að bæta upp þessi töpuðu viðskipti og þegar þetta er skrifað eru farin að sjá þess merki að sú ró sem verið hefur á innflutningsmarkaði síðustu ár sé ekki lengur til staðar. Áherslan í sölu hjá Samskipum árið 2013 verður því að mestu leiti [svo] varnarbarátta og lögð verður áherslu á að halda öllum núverandi viðskiptavinum þó að það muni leiða til lækkandi einingarverða. Eini vörflokkurinn sem lagt verður

⁴²⁹¹ Afritað tölvuskjal frá Samskipum. „Magn og tekjuáætlun 2013 kynning“. Viðhengi við afritaðan tölvupóst frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.598296.



áhersla á að auka markaðshlutdeild í er bílaflokkurinn, en reynt verður að ná í eitt nýtt bílaumboð í viðskipti.

Auk þessa verður lögð áhersla á að ná í meira magn frá þeim viðskiptavinum sem flytja með báðum aðilum og þeim viðskiptavinum sem stöðugt leita tilboða í flutninga. Einnig verður mikil áhersla lögð á það að ná í sem mest af nýjum viðskiptum sem koma inn á markaðinn og þeim framkvæmdum sem gætu farið af stað á árinu 2013."

8523. Varðandi innflutning á drykkjarvörum kveður við sama tón í áætlun fyrir árið 2013 og var árið áður í áætlun fyrirtækisins, þ.e. Ölgerðin verði áfram hjá Eimskip og Samskip geri ekki ráð fyrir að reynt verði að ná í þau viðskipti, sbr. bls. 20 í skýrslunni. Sömu sögu er að segja af innflutningi á pappír, prentefni og umbúðum en þar tilgreina Samskip stærstu viðskiptavini Eimskips og gera Samskip ekki ráð fyrir neinum flutningum frá þeim aðilum á árinu 2013 (nema mögulega 20% frá einum þeirra).⁴²⁹² Sömuleiðis kemur fram að Johan Rönning sé viðskiptavinur Eimskips undir flokknum lagnaefni og fylgihlutir og í áætluninni segir að ekki sé gert ráð fyrir að ná í neitt af þeim flutningum, sbr. bls. 43.
8524. Á bls. 30 í áætluninni segir meðal annars svo:
- „Samningar Eimskips við Aðföng og Ölgerðina eru fastir fram á seinni hluta ársins 2013, en Innnes er með lausan samning við Eimskip. Ekki er gert ráð fyrir að Samskip nái í nein þessara viðskipta ef það tekst að framlengja samningana við OJK, Garra og Nathan Olsen.“*
8525. Líkt og þarna kemur fram gerðu Samskip ekki ráð fyrir því að reyna með samkeppni að ná til sín mikilvægum viðskiptavinum Eimskips eins og t.d. Aðföngum og Ölgerðinni, þ.e. ef það tækist að framlengja samninga við stóra viðskiptavini Samskipa í sama vöruflokki. Þetta er ekki útskýrt nánar í skýrslu (S)forstö-innfl1 en þessi fyrirætlun Samskipa endurspeglar samráð milli fyrirtækjanna um m.a. markaðsskiptingu gagnvart stærstu viðskiptavininum. Þrátt fyrir að „ró“ kynni að minnka á markaðnum var hið ólögumæta samráð enn fyrir hendi og bæði Eimskip og Samskip höfðu hag af því að samkeppni vegna aukinna viðskipta hvors annars yrði í lágmarki. Hafa ber hér í huga tölvupóst (S)forstö-innfl1 frá 7. júní 2012 þar sem upplýsti að stjórnendur Eimskip væru „alveg brjaladir“ vegna aukinna viðskipta Samskipa við BYKO. Sagði (S)forstö-innfl1 einnig að standa þurfi „fast“ á því gagnvart Eimskip að Samskip séu „bara að taka um 50 prosent af byko vegna þirringa ut að bauhaus“, sbr. kafla 14.45. Réttlæta þurfti þannig þessa samkeppni og jafnframt láta koma skýrt fram að í henni fælist aðeins að Samskip myndu annast helming af flutningum BYKO í stað þriðjungs áður. Höfðu Samskip sem fyrr segir augsýnilega hag af því að halda í samráðið við Eimskip.
8526. Líkt og rakið verður nánar í næstu köflum gekk þetta eftir sem fram kom á bls. 30 í umræddri skýrslu (S)forstö-innfl1. Samskip framlengdu flutningasamninga við OJK (13. nóvember 2012), Garra (21. desember 2012) og N&O (3. janúar 2013). Markaðsskipting Samskipa og Eimskips hélt varðandi þessa mikilvægu viðskiptavini og á móti héldu Samskip „friðinn“ við Eimskip varðandi Aðföng en Eimskip framlengdi flutningasamninginn við Aðföng í lok nóvember 2012 og hélt viðskiptum við Innnes. Á sama tíma sýna fyrirbyggjandi gögn að samskipti voru á milli Samskipa og Eimskips. Þá ber að hafa til hliðsjónar að á þessum tíma (30. nóvember 2012) gaf (S)forstö-útfl fyrirmæli til undirmanns um að sækja ekki á viðskipti Eimskips við Icelandic („ekki rugga þessum bát að svo stöddu“).
8527. Í málinu liggur einnig fyrir magn og tekjuáætlun fyrir landflutninga Samskipa fyrir árið 2013. Skjalið er frá 16. september 2012 og í því segir:

„Staða Landflutninga gagnvart helstu viðskiptavinum eru að mestu í föstum skorðum, þó eru nokkrir stórir sem þarf að nást að semja við um framlengingu, Norðlenska Matborðið hefur enn ekki framlengt samning sínum en hann er laus um áramótin 2012/13, Promens fer í verðkönnun í lok árs

⁴²⁹² Afritað tölvuskjal frá Samskipum. „Innflutningur markaðsskýrsla 2013.doc“. Viðhengi við afritaðan tölvupóst frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.598296. Sjá bls. 33 í skýrslunni um pappír, prentefni og umbúðir.



2012. Gert er ráð fyrir í áætlun 2013 að Landflutningar semji við alla ofangreinda viðskiptavinum.⁴²⁹³

8528. Framangreind gögn sem varða rekstraráætlanir hjá landflutningum og innflutningsdeild Samskipa fyrir árið 2013 eru að miklu leyti í samræmi við eldri gögn um sama efni. Áfram var í aðalatriðum gert ráð fyrir því að Samskip héldu öllum sínum mikilvægustu viðskiptavinum. Hins vegar er ljóst samkvæmt gögnum (S)forstö-innfl1 að breytingar voru taldar mögulegar á árinu 2013. Vísað var til breyttra aðstæðna í samfélaginu; kaupmáttaraukningar, meiri innflutnings og að tilteknir „vöruflokkar muni haga sér á annan hátt vegna aðstæðna í þjóðfélaginu.“ Segir að Samskip hafi náð viðskiptum af Eimskip og gera megi ráð fyrir töluvert mikilli samkeppni á árinu 2013. Jafnframt skiptir hér máli að í skýrslunni segir að þegar hún sé skrifuð sjáist „[...] þess merki að sú ró sem verið hefur á innflutningsmarkaði síðustu ár sé ekki lengur til staðar.“
8529. Sökum þessa gerðu Samskip ráð fyrir því að fyrirtækið kynni að þurfa að lækka verð gagnvart núverandi viðskiptavinum til þess að halda þeim. Einnig má sjá af framangreindu að Samskip áætluðu að missa einn ótilgreindan viðskiptavin í byrjun ársins 2013, sem var nefndur hinu tilbúna nafni „Lúser ehf.“ Það sem vekur athygli í þessu sambandi er orsakasambandið sem tilgreint er í umfjölluninni, þ.e. fyrirtækið telur sig mögulega missa þessi tilgreindu viðskipti sökum nýrra viðskipta sem hafi komið til Samskipa á síðustu mánuðum. Miðað við umfjöllunina er þar verið að vísa til viðskipta sem Samskip náðu frá Eimskip á árinu 2012, sbr. m.a. umfjöllun um aukin viðskipti Samskipa við BYKO um mitt ár 2012.
8530. Framangreind umfjöllun Samskipa felur í sér ríka vísbendingu um samráð fyrirtækjanna á rannsóknartímabilinu þegar hún er virt í samanburði við áætlanir fyrri ára. Í rekstraráætlunum fyrir árin 2009 – 2012 þurfti t.a.m. ekki að setja fyrirvara af þeim toga sem að framan er lýst, þ.e. „Lúser ehf.“ enda voru þá engar samskonar „blikur á lofti“ af samkeppnislegum toga. Þar var heldur ekki gert ráð fyrir lækkanði einingarverðum heldur þvert á móti oft lagt á ráðin um verðhækkningar, enda var á þeim tíma „ró“ á markaðnum samkvæmt framangreindum gögnum. Að mati Samkeppniseftirlitsins staðfestir þessi nýi tónn í stefnumörkun fyrir árið 2013 þann einbeitta vilja sem Samskip og Eimskip höfðu til ólögmeats samráðs allt frá árinu 2008 og árangur þeirra við að viðhalda samráðinu að þessu leyti stærsta hluta rannsóknartímabilsins.
8531. Þann 11. október 2012 sendi (S)frkvstj-millilandasv2 tölvupóst til (S)forstö-útfl, (S)forstö-innfl1 og (S)forstö-flutnstj með heitinu „Kynning f stjórn“. Í honum bað hann (S)forstö-innfl1 „að meta hvort við ættum að telja upp helstu áhersluatriði í deildinni fyrir 2013. T.d. að telja upp þá viðskiptavinum sem Eimskip eru að herja á og hvernig við ætlum að bregðast við því. Við erum t.d. búnir að setja inn „Looser ehf“ því við teljum að við munum ekki endilega halda öllum.“ (S)forstö-innfl1 svaraði og sagði: „Ég stillti þessu upp í excel. Þarna koma fram lausir samningar, viðbrögð okkar og Eimskips ásamt líkum á því að við höldum viðskiptavinum.“⁴²⁹⁴
8532. Umrætt excel skjal rataði síðan inn í endanlega kynningu sem lögð var fyrir stjórnarfund þann 11. október 2012, sbr. eftirfarandi glæra:⁴²⁹⁵

⁴²⁹³ Afritað tölvuskjal frá Samskipum. „Markaðsskýrsla 2013.docx“. Viðhengi við afritaðan tölvupóst frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.598492.

⁴²⁹⁴ Afrituð tölvupóstsamskipti frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.607148.

⁴²⁹⁵ Afhent skjal frá Samskipum. „Kynning fyrir stjórn okt2012 2.pptx“. Afhent 22.11.2016, Viðauki 6, Fundargerðir Samskipa hf.



| Fyrirtæki | Gildistími samnings | Fyrirkomulag samningaviðræðna | Hvað gerir Eimskip? | Hvað gerir Samskip? | Líkur á að halda í viðskiptum |
|-------------------------------------|---------------------|--|---|--|-------------------------------|
| Garri | nóv.12 | Fer í opið útboð í nóvember. | Eimskip munu skila inn mjög lágum verðum hér og líklega gefa afslátt af BAF. | Reynum að halda, en verð gætu lækkað um allt að 40% | 40% |
| OJK | des.12 | Fer í verðkönnun | Munu skila inn lágum verðum | Erum að vinna í að semja beint við OJK. Munum þurfa að lækka verð | 75% |
| Nathan & Olsen | feb.13 | Óráðið | Ef þeir ná hvorki Garra né OJK þá mun Eimskip fara inn í Nathan með lág verð, en ef þeir ná annað hvort Garra eða OJK þá munu þeir jafnvel láta Nathan vera | Reynt verður að semja beint við Nathan í okt / nóv 2012 | 80% |
| Húsasmiðjan | okt.13 | Fara í útboð | Ætla sér að ná í Húsa til að borga fyrir Byko. Verð munu lækka | Reynt verður að semja við Húsa nú í okt /nóv 2012. Ef það gengur ekki þá verða verðin í nýjum samningi lækkuð og vonast til að halda í viðskiptin | 50% |
| Heimilistæki/ Sjónvarpsmiðstöðin | mar.13 | Óvíst | Gefa lág verð ef leitað verður til þeirra | Erum að reyna að semja við þá núna í okt 2012 til að koma í veg fyrir að þeir fari í verðkönnun. Erum komnir með verð frá okkur. Erum að hugsa málið | 80% |
| Ormson | okt.13 | Verðkönnun | Eru búnir að skila inn verðum. Líklega frekar lág verð | Erum búnir að skila inn verðum sem eru lækkun frá núgildandi samningi. Það er ár eftir af gildandi samningi og reynt verður að nota hann til að semja við Ormson upp á nýtt. | 30% |
| Rekstrarvörur | apr.13 | Fara í verðkönnun, eru 50/50 Eimskip / Samskip | Munu reyna að ná í allt magnið. Verð munu lækka eitthvað | Munum einbeita okkur að því að ná í allt magnið | 60% |
| Fóðurblandan | des.12 | Fara í verðkönnun | Munu fara ákveðið á eftir þessu magni. Lækkuð verð. | Munum lækka verðin eitthvað. Óvíst hversu mikið. | 50% |

8533. Síðar sama dag sendi (S)forstö-innfl1 glærुकynningu um rekstraráætlun 2013 til (S)forstj, (S)frkvstj-innanl, (S)frkvstj-millilandasv2 o.fl. Má af henni sjá að Samskip ráðgerðu að nýir viðskiptavinir í innflutningi kæmu inn „að fullu“. Þá áætluðu Samskip að halda öllum viðskiptavinum nema einum. Gert var ráð fyrir gjaldskrárhækkunum en þó á sama tíma lægri einingaverðum en áður.⁴²⁹⁶

Rekstraráætlun 2013 **SAMSKIP**

Helstu forsendur Innflutningsdeildar

| Kostnaðarforsendur | Tekjuforsendur |
|---|---|
| <ul style="list-style-type: none"> • 2,4% aukning í tonnum • 6% aukning í TEU • 2-4% hækkun kostnaðar erlendis • 5% hækkun kostnaðar innanlands | <ul style="list-style-type: none"> • 2,4% aukning í tonnum • 6% aukning í TEU • Jónar 1% upp <ul style="list-style-type: none"> – Gera nú ráð fyrir 3% minnkun, en það er ekki í áætlun • Halda öllum nema einum viðskiptavini • Nýjir viðskiptavinir koma inn að fullu: <ul style="list-style-type: none"> – Búr, pappír, Elko, BM Vallá og BL • Lægri einingaverð • Gjaldskrárhækkanir: <ul style="list-style-type: none"> – Sjófrakt: 3% 1.ág. – Þjónustugjöld innanlands: 3% 1.feb og 2% 1.ág. – Þjónustugjöld erlendis: 3% 1.feb. |

⁴²⁹⁶ Afritað tölvuskjal frá Samskipum. „Innflutningur_áætlun_2013.pptx“. Viðhengi við afritaðan tölvupóst frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.1018272.



8534. Í málinu liggja einnig fyrir glærur frá (S)forstö-innfl1 frá 26. október 2012 sem bera heitið „Sviðsfundur okt 2012 – kynning á innflutningi“. Í þeim kemur þetta fram:

✓ Órói á markaði

- Verðstríð
- Eimskip mun reyna að borga fyrir sig
- Thorship er að styrkjast⁴²⁹⁷.

8535. Í glærum frá 7. desember 2012, sem útbúnar voru vegna fjárhagsáætlunar Samskipa fyrir árið 2013, kom jafnframt fram að þrýstingur væri á verðum á öllum sviðum, sbr. eftirfarandi:⁴²⁹⁸

| samskip | Looking back at 2012 | Iceland |
|---|----------------------|---------|
| Major developments | | |
| <ul style="list-style-type: none">▪ Political instability▪ Signs of improved economy – gradual recovery▪ Costs continue to be on the rise▪ Pressure on prices on all fronts: Inland, forwarding and seafreight markets▪ Increased pelagic fishing – more volumes and increased competition from reefer vessels | | |
| Disappointments | | |
| <ul style="list-style-type: none">▪ Financial performance not in line with expectations▪ Loss of Alcoa account as of March 2013▪ Fish volumes less than anticipated - still at same level as 2011▪ Higher vessel operating expenses▪ Tougher competition and pressure on prices resulting in loss of market share for Jonar Transport and margins▪ Landflutningar – increased volumes, prices under pressure and results far from expectations▪ Warehouse – volumes not in line with expectations and prices under pressure▪ Postmarkadur – as of 1st July 2012 profitability reduced drastically | | |
| Achievements | | |
| <ul style="list-style-type: none">▪ Increased volumes and market share on imports and Landflutningar▪ Important milestones taken in the direction of developing current core system back to four vessel system▪ Securing Arnarfell and Helgafell | | |
| Confidential – November 2012 | | 4 |

8536. Þessi gögn frá Samskipum frá 11. og 26. október 2012 og 7. desember 2012 eru í samræmi við framangreind gögn fyrirtækisins frá september 2012. Ljóst er að Samskip töldu blikur vera á lofti. Samkeppni við Eimskip (órói/verðstríð) gæti komið í stað „ró“ á markaði sem gæti haft þær afleiðingar að Samskip misstu viðskiptavin. Þessi umfjöllun Samskipa gefur tvennt til kynna:

- Upp var kominn viss órói eða óstöðugleiki í samráðinu.
- Ríka vísbendingu um samráð fram á árið 2012. Á rannsóknartímabilinu fram á árið 2012 þurfti ekki að setja fram fyrirvara af þessum toga enda var þá ekki fyrir hendi samskonar órói í samráðinu.

⁴²⁹⁷ Afritað tölvuskjal frá Samskipum. „Sviðsfundur okt 2012 – kynning á innflutningi“. Viðhengi við afritaðan tölvupóst frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.1024700.

⁴²⁹⁸ Afritað tölvuskjal frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.9728.



8537. Önnur gögn Samskipa eru í samræmi við framangreind gögn fyrir árið 2013. Til að mynda lýsti (S)frkvstj-Jóna hjá Jónum ástandinu í tölvupósti sem hann sendi til undirmanns síns þann 28. september 2012. Þar sagði m.a. eftirfarandi: „*Eimskip is giving Samskip a hard time in the competition now after Samskip took BUR [...] and BYKO big volume customers.*”
8538. Þá sagði að árið 2013 myndi verða „*very competitive*” á íslenska markaðnum. Af tölvupóstinum er hins vegar ljóst að þrátt fyrir það væru Jónar og Eimskip „*on good talking terms*” varðandi tiltekin verkefni.⁴²⁹⁹ Líkt og áður hefur komið fram voru Jónar alfarið í eigu Samskipa og félögin hluti af sömu efnahagslegu einingu og því eitt og sama fyrirtækið í skilningi samkeppnislaga. Bæði Samskip og Jónar hafa upplýst að Jónar störfuðu „*í raun sem söluveild móðurfélagsins*”. Hefur og komið fram hjá bæði Jónum og Samskipum að Jónar séu keppinautur Eimskips.⁴³⁰⁰ Sýnir þetta að órói milli Samskipa og Eimskips hafði ekki áhrif á þann þátt samráðsins sem varðaði samvinnu Jóna og Eimskips.
8539. Í viðskiptaáætlun LIS deildar Eimskips (inn- og útflutningur) fyrir árið 2013 var ekki að finna sambærilegar áherslubreytingar í lýsingu á samkeppnisaðstæðum og markaðshagðun eins og í áðurnefndri rekstraráætlun og markaðsskýrslu Samskipa í inn- og útflutningi fyrir árið 2013. Áfram miðaði Eimskip við það fyrir árið 2013 að viðhalda markaðshlutdeild.⁴³⁰¹ Á sama tíma var það hins vegar eitt af markmiðum ársins að auka markaðshlutdeild með því að ná í magn frá „*none existing customers*”. Var þetta í samræmi við áætlanir fyrri ára.
8540. Á hinn bóginn eru gögn Samskipa fyrir árið 2013 skýr og nýr tónn sleginn frá áætlunum fyrri ára. Þannig gerðu Samskip ráð fyrir aukinni samkeppni á komandi mánuðum árið 2013 með tilheyrandi lækkandi verðum. Þegar samráð Samskipa við Eimskip stóð sem hæst sýna gögn fyrirtækjanna engar slíkar áhyggjur af því að verð myndi lækka, enda gerðu þau ekki ráð fyrir samkeppnisaðgerðum hvors annars í skjóli samráðsins. Þvert á móti náðu fyrirtækin að halda mikilvægum viðskiptavinum, hækka verð eða viðhalda verðum gagnvart þeim.
8541. Samskip hafa í athugasemdum sínum byggt á því að samtímagögn sýni að samkeppni hafi verið á milli fyrirtækjanna á árinu 2012. Vísa Samskip m.a. til þess að fyrirtækið hafi náð í Búr og „*pappírinn frá Kanada*” í viðskipti á árinu 2012.⁴³⁰² Fjallað er um þessi sjónarmið Samskipa og fleiri í kafla 26.48. Hér er þó rétt að geta þess að Samkeppniseftirlitið getur ekki fallist á að framangreind atvik sýni að ekki hafi verið fyrir hendi ólöglegt samráð á árinu 2012. Í fyrsta lagi vísast hér til umfjöllunar í kafla 14.46 um atvik sem tengjast Búr. Í öðru lagi gefa samtímagögn í málinu býsna skýra mynd af þeirri „*ró*” sem eftir sem áður ríkti á markaðnum á árinu 2012 á grundvelli markaðsskiptingarinnar sem Eimskip hefur viðurkennt að hafi verið fyrir hendi.
8542. Þessu til viðbótar liggja fyrir glærur Samskipa frá 1. október 2012 sem bera heitið „*Board presentation Sailing system and vessel operation*”. Um er að ræða kynningu sem haldin var fyrir stjórn Samskipa. Þar er m.a. fjallað um stöðu fyrirtækisins í innflutningi til Íslands á árinu 2012. Þar segir: „*Samskip has not lost a significant customer to the competition in 2012*”.⁴³⁰³
8543. Þetta sýnir að Samskip mátu það sjálf svo að fyrirtækið hefði ekki misst neinn mikilvægan viðskiptavin í innflutningi til Eimskips á árinu 2012. Þá vísast einnig til umfjöllunar Samkeppniseftirlitsins í kafla 33.2 um þróun markaðshlutdeilda á rannsóknartímabilinu.
8544. Framangreind gögn sem snúa að áætlunargerð Samskipa fyrir árið 2013 sýna að mati Samkeppniseftirlitsins að óvissa var komin upp varðandi áframhaldandi „*frið*” og „*ró*” á flutningamarkaði. Í kafla 21 hér á eftir er síðan fjallað um hvernig tiltekna ytri breytingar í

⁴²⁹⁹ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.34.266649.

⁴³⁰⁰ Bréf frá Samskipum til Samkeppniseftirlitsins dags. 10.04.2015, bls. 9-10. Bréf Jóna Transport til Samkeppniseftirlitsins, dags. 19.02.2009, bls. 2-4. Bréf Samskipa til Samkeppniseftirlitsins, dags. 24.11.2017, bls. 8 (fyrir árin 2007-2013).

⁴³⁰¹ Afritað tölvuskjal frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.101559.

⁴³⁰² Sjá mgr. 1832 í athugasemdum Samskipa við AII.

⁴³⁰³ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. „Kynning fyrir stjórn okt2012 2”, dags. 11.10.2012. Fannst á sameiginlegu drifi Samskipa.



efnahagsmálum ásamt fleiri þáttum hafi gert það að verkum að fjarað hefði undan fyrri forsendum fyrir ólögmætri markaðsskiptingu um viðskipti við mikilvæga viðskiptavinum. Í kjölfarið, í upphafi árs 2013, hefði því farið að draga úr þeim þætti samráðsins sem sneri að takmörkun flutningsframboðs og skiptingu markaðarins eftir mikilvægum viðskiptavinum, þáttum sem fyrirtækin höfðu komið eða hert á með „Nýtt upphaf“ verkefninu árið 2008. Nánar verður vikið að þessum atvikum á árinu 2013 í kafla 21 en fyrst verður í eftirfarandi köflum rakið hvernig ólögmæt markaðsskipting Samskipa og Eimskips hélt út árið 2012 gagnvart stórum viðskiptavinum í matvælainnflutningi, í samræmi við áætlanir Samskipa sem lýst hefur verið hér að framan. Hins vegar má, í eftirfarandi umfjöllun, greina þann óróa sem upp var kominn í markaðsskiptingu fyrirtækjanna.

14.49. Aðföng 2012

8545. Aðföng voru mjög mikilvægur viðskiptavinur Eimskips í innflutningi til Íslands. Flutningasamkomulag Eimskips við Aðföng (Haga) um sjóflutninga til og frá Evrópu, Bandaríkjunum og Kanada var undirritað 28. apríl 2008 og gildi frá 1. júlí 2008 í fimm ár, þ.e. til 1. júlí 2013. Frá 1. júlí 2010 var samningurinn þó uppsegjanlegur með sex mánaða uppsagnarfresti.
8546. Í kafla 14.27 er því lýst að á fyrri hluta ársins 2010 unnu Eimskip að því að hækka verð gagnvart Aðföngum og náðu fram verðhækkun í lok júní 2010. Gögnin sýna einnig að Aðföng leituðu til Samskipa á þessum tíma, þ.e. þegar Eimskip var að ná fram fyrrgreindum verðhækkunum gagnvart Aðföngum. Gefa gögn þessu tengd til kynna að Samskip hafi gætt að því að halda „friðinn“ og spilla ekki fyrir tilraunum Eimskips til að hækka verð gagnvart þessum mikilvæga viðskiptavinum.
8547. Í kafla 14.37.6 er því lýst að Samskip hefðu virt hina ólögmætu markaðsskiptingu gagnvart Aðföngum á árinu 2011. Verður nú fjallað um atvik tengd Aðföngum á árinu 2012.

14.49.1. „Mjög snúin staða“ varðandi möguleg viðskipti við Aðföng

8548. Í eftirfarandi umfjöllun um flutningsviðskipti Aðfanga á árinu 2012 ber að hafa hliðsjón af samskiptum milli starfsmanna Eimskips og Samskipa á þessum tíma, sbr. kafla 13.
8549. Í byrjun febrúar 2012 sendi (S)forstj tölvupóst til ýmissa fyrirsvarsmanna fyrirtækja og óskaði eftir því að þeir styddu hann í kjöri til setu í stjórn Viðskiptaráðs. Sendi hann slíkan tölvupóst m.a. til forstjóra Haga og bað hann um stuðning. Einnig tók hann þetta fram: „*Annað mál - væri vert að hittast ræða aðeins flutningamálin með [Aðföng] eins og við ræddum um daginn ?*“ Svaraði forstjóri Haga sama dag: „*Ég verð erlendis næstu viku. [Aðföng] er ekki á landinu nú. Eigum við að finna tíma í annarri viku? Sting uppá þriðjudeginum 14. feb. kl. 15:00?*“ Var sá fundartími staðfestur af (S)forstj.⁴³⁰⁴ Þann 14. febrúar 2012 afbókuðu Hagar hins vegar fundinn með Samskipum en nýr fundur var ákveðinn 1. mars 2012.⁴³⁰⁵
8550. (S)forstj taldi rétt að bæði (S)forstö-innfl1 og (S)frkvstj-innanl myndu mæta á fundinn með Högum og Aðföngum þann 1. mars 2012.⁴³⁰⁶ Var því fyrirhugað að ræða á fundinum bæði innflutning og landflutninga fyrir Aðföng/Haga. Fyrir fundinn sendi (S)forstö-innfl1 tölvupóst til (S)forstj og (S)frkvstj-innanl og líkt og hann gerði í nóvember árið 2009 vísaði hann til „strategíu“ gagnvart Aðföngum:

„Við þurfum að ræða saman um strategíu fyrir fundinn. Síðast þegar ég hitti [Aðföng] þá vildi hann ekki opna samninginn við Eimskip nema að ég sýndi honum fyrst verð, sem ég var ekki tilbúinn að gera. Þess vegna held ég að Hagar séu bundnir í samning til 1.des.

⁴³⁰⁴ Afritaðir tölvupóstar frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.970327.

⁴³⁰⁵ Afrituð tölvupóstsamskipti frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.979088. Afrituð dagbókarfærsla frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.979115.

⁴³⁰⁶ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.982130.



[Aðföng] talaði líka mikið um það hversu gott það væri að vera með Haga og Banana sem einn pakka, þá væru þeir stærri, fengju betri verð og gætu verið frekari. Ég hef því enga trú á því að þeir vilji brjóta upp Haga og Banana. Það er síðan alveg 100% pottþétt að [Banana] mun aldrei koma til Samskipa með flutninginn og þá meina ég aldrei.

Þetta er þess vegna mjög snúin staða. Persónulega held ég að það væri mun betra að hreyfa við þessu í haust eftir að við verðum (vonandi) komnir í 4 skipa kerfi. Þá þyrfti að reyna að halda [Banana] fyrir utan samninginn eins mikið og hægt er eða bara einfaldlega tala þá inn á að fara í opið útböð.“

8551. (S)forstj svaraði tölvupóstinum sama dag: „Við höfum þetta svona almennt spjall, heyra hvernig samningsmál eru hjá þeim við Eimskip - væri mjög gott ef þú kæmist, en annars rúllum við þessu upp hinir gömlu einnig...“. Staðfesti (S)forstö-innfl1 að hann myndi mæta á fundinn.⁴³⁰⁷
8552. Af gögnum málsins má ekki ráða að stjórnendur Samskipa hafi haft frekari samskipti á þessum tíma við Haga/Aðföng í kjölfar fundarins 1. mars 2012. Voru þannig ekki frekari fundir boðaðir eða Aðföngum gert verðtilboð.
8553. Þá ber einnig að hafa í huga, líkt og rakið hefur verið, að skilaboð (S)forstö-innfl1 hafi verið skýr árin 2009 og 2010, þ.e. ekki ætti að spilla fyrir hækkunarmöguleikum Eimskips gagnvart Aðföngum og því mætti ekki bjóða Aðföngum of lágt verð. Lítið sem ekkert í gögnum Samskipa árin 2009-2011 bendir til áhuga fyrirtækisins á viðskiptum Aðfanga. Þá ber einnig að hafa í huga að á þessum tíma völdu Samskip jafnframt að sækja ekki á aðra stóra viðskiptavini Eimskips.
8554. Má hér nefna að við rannsókn málsins óskaði Samkeppniseftirlitið eftir því, á grundvelli 19. gr. samkeppnislaga, að Samskip afhentu fundargerðir af fundum innflutningsdeildar og framkvæmastjórafundum árið 2012. Samskip afhentu ekki þessar fundargerðir og sögðu að fundargerðirnar hefðu ekki fundist við leit Samskipa.⁴³⁰⁸

14.49.2. Eimskip endurnýjar landflutningasamkomulag við Aðföng

8555. Stuttu áður en framangreindur fundur átti sér stað milli Samskipa og Aðfanga, eða í febrúar 2012, hóf innanlandsdeild Eimskips (Flytjandi) að undirbúa samningaviðræður við Aðföng um framlengingu á landflutningasamningi þeirra á milli.
8556. Áður en lengra er haldið vísast til þess að samkvæmt samskiptayfirliti í kafla 13 áttu (E)frkvstj-innanl og (S)frkvstj-innanl samskipti 10. febrúar 2012.
8557. Þremur dögum síðar, þann 13. febrúar 2012, sendi (E)forstö-landfl1 til (E)frkvstj-innanl sínar hugleiðingar varðandi hversu mikla hækkun Eimskip þyrfti að fara fram á við Aðföng. Sagði m.a. eftirfarandi: „Það sem skekkir þessa mynd er að í samningnum sem var undirritaður 12. október 2009 var uppsöfnuð hækkunarbörf vegna fyrra tímabila og þá var í samningnum hækkun um 1% í sex mánuði sem vegur þungt í þessum samanburði og myndar 8.5% hækkun á samningnum miðað við þessa útreikninga.
- Samningurinn þyrfti sem sagt að hækka um ca. 9% til að vera sambærilegur og við undirskrift. Lykilatrið að koma inn sanngjörnum hækkunum á samninginn sem tekur einnig mið af olíuverðsbreytingum. Spurning um að leggja upp með að endurnýja þennan samning með því að hækka strax um 5% og taka inn flutningavísitölu og semja til þriggja ára í viðbót. Erum ekki með nógu gott case í þessu vegna þessara 1% hækkana per mánuð í upphafi.“*
8558. (E)forstö-landfl1 framsendi tölvupóst sinn frá 13. febrúar 2012 einnig til (E)sölustj-innanl3 2. apríl 2012. (E)sölustj-innanl3 svaraði og sagði frá því að verð Aðfanga hefðu nú hækkað um 10,5% síðan

⁴³⁰⁷ Afritaðir tölvupóstar frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.954788.

⁴³⁰⁸ Í kafla 23 er fjallað um brot Samskipa gegn upplýsingaskyldu 19. gr. samkeppnislaga.



Í október 2009. Samningur Eimskips við Aðföng um landflutninga hafði þannig á samningstímanum, frá október 2009, nú þegar hækkað um 10,5%.⁴³⁰⁹ Samt sem áður lagði (E)forstö-landfl1 til að farið yrði fram á aðra 9% hækkun í næstu samningaviðræðum. Af þessu má ráða að ekki hafi verið til staðar ótti um viðbrögð helsta keppinautarins, Samskipa. Er það í samræmi við sátt Eimskips við Samkeppniseftirlitið þar sem viðurkennt að fyrir hendi hafi verið ólögsmæt markaðsskipting á þessum tíma.

8559. Í lok apríl höfðu Aðföng samband við (E)frkvstj-innanl og óskuðu eftir fundi til að ræða landflutningamál Aðfanga.⁴³¹⁰ Þann 30. apríl 2012 sendi (E)forstö-landfl1 tillögu að tilboði til Aðfanga til (E)frkvstj-innanl.⁴³¹¹ Í eftirfarandi töflu sem fylgdi tillögu (E)forstö-landfl1 má sjá hvernig verð til Aðfanga hafði hækkað stöðugt á samningstímanum og hvernig tillaga (E)forstö-landfl1 innihélt áform um enn frekari hækkun:

| Aðföng verðbreytingar án vsk | | | | | | | | |
|------------------------------|----------|----------|----------------|----------|----------|----------|---------|--|
| | 1.mar.10 | 1.apr.10 | 1.okt.10 | 1.apr.11 | 1.okt.11 | 1.apr.12 | Ný verð | |
| Aðföng v/10-11 Akureyri | 6,26 | 6,34 | engin breyting | 6,42 | 6,52 | 6,59 | 7,98 | |
| Aðföng v/10-11 Kef | 2,51 | 2,54 | engin breyting | 2,57 | 2,62 | 2,64 | 3,20 | |
| Aðföng v/10-11 Kef.flugv. | 2,51 | 2,54 | engin breyting | 2,57 | 2,62 | 2,64 | 3,20 | |
| Aðföng v/Bónus Akranesi | 2,68 | 2,72 | engin breyting | 2,75 | 2,79 | 2,82 | 3,42 | |
| Aðföng v/Bónus Akureyri | 6,26 | 6,34 | engin breyting | 6,42 | 6,52 | 6,59 | 7,98 | |
| Aðföng v/Bónus Borgarnesi | 3,20 | 3,24 | engin breyting | 3,28 | 3,33 | 3,37 | 4,08 | |
| Aðföng v/Bónus Egilsstöðum | 10,64 | 10,78 | engin breyting | 10,91 | 11,09 | 11,20 | 13,57 | |
| Aðföng v/Bónus Hveragerði | 2,37 | 2,40 | engin breyting | 2,43 | 2,47 | 2,49 | 3,02 | |
| Aðföng v/Bónus Ísafirði | 9,44 | 9,56 | engin breyting | 9,68 | 9,84 | 9,93 | 12,04 | |
| Aðföng v/Bónus Naustahverfi | 6,26 | 6,34 | engin breyting | 6,42 | 6,52 | 6,59 | 7,98 | |
| Aðföng v/Bónus Njarðvík | 2,51 | 2,54 | engin breyting | 2,57 | 2,62 | 2,64 | 3,20 | |
| Aðföng v/Bónus Selfossi | 2,37 | 2,40 | engin breyting | 2,43 | 2,47 | 2,49 | 3,02 | |
| Aðföng v/Bónus Stykkishólmi | 5,38 | 5,45 | engin breyting | 5,52 | 5,61 | 5,66 | 6,86 | |
| Aðföng v/Hagkaup Akureyri | 6,26 | 6,34 | engin breyting | 6,42 | 6,52 | 6,59 | 7,98 | |
| Aðföng v/Hagkaup Borgarnesi | 3,95 | 4,00 | engin breyting | 4,05 | 4,12 | 4,16 | 5,04 | |
| Aðföng v/Hagkaup Njarðvík | 2,51 | 2,54 | engin breyting | 2,57 | 2,62 | 2,64 | 3,20 | |
| Akureyri til Egilsstaða | 6,26 | 6,34 | engin breyting | 6,42 | 6,52 | 6,59 | 7,98 | |

8560. Þann 1. maí 2012 sendi (E)forstö-landfl1 frekari tillögur til (E)frkvstj-innanl. Í tölvupóstinum sagði að hækkunarþörfin væri 16% ef miðað væri við upphaf samningsins „og tókum ekki tillit til 1% hækkana sem við fengum á tímabilinu nóv-mars.“ Í tölvupóstinum er jafnframt vísað til samstarfs Eimskips við keppinauta fyrirtækisins í sk. Flytjandaneti, sbr. eftirfarandi:⁴³¹²

„Ég held að við ættum að halda okkur við 16% á lengri leiðunum og fara í 5-8% hámark á styttri leiðunum.“

Ég þarf að tala við ÞÞÞ, RÁ, Fitjar og Flutningamiðstöðina Borgarnesi í fyrramálið og fá þeirra tillögur – þeir stjórnar verðlagningunni á sínum leiðum en ég hefði viljað hafa allavega Selfoss og Hveragerði á þessum nótum.

Aðalatriðið er að fá þessar hækkunir á lengri leiðunum fyrir okkur og Selfoss/Hveragerði skipta ekki eins miklu máli þar sem verðin þar eru ekki slæm. Samstarfsaðilarnir ákveða síðan hækkun hjá sér sem við kynnum.“

8561. (E)frkvstj-innanl upplýsti (E)forstj um stöðuna þann 21. maí 2012. Sagði hann að Eimskip þyrfti talsverða hækkun en Aðföng hefðu ekki tekið vel í það og hefðu sagst ætla í verðkönnun ef tilboð

⁴³⁰⁹ Afritaðir tölvupóstar frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.34.108888.

⁴³¹⁰ Afritaður tölvupóstur frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.907231.

⁴³¹¹ Afritað tölvuskjal frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.908158.

⁴³¹² Afritaður tölvupóstur frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.908248.



Eimskips myndi ekki hugnast þeim. Að lokum sagði (E)frkvstj-innanl: „Við ætlum að reyna að fá skilning á hlutunum á fundinum á morgun en ég er ekki of bjartsýnn á að það gangi nokkuð, en við getum ekki framlengt þennan samning óbreyttan“⁴³¹³ Í kjölfarið sendi (E)forstj tölvupóst til (E)frkvstj-fjárm, (E)frkvstj-sala/þj, (E)frkvstj-skiparekst, (E)frkvstj-alþjsv, (E)frkvstj-innanl og afrit til (E)starfsm þar sem eftirfarandi kom m.a. fram:⁴³¹⁴

„Það væri mjög gott ef við gætum náð saman á föstudag (E)forstj, (E)frkvstj-fjárm, (E)frkvstj-skiparekst, ((E)frkvstj-sala/þj er úti), (E)frkvstj-innanl og (E)frkvstj-alþjsv. Apríl mánuður lítur ekkert allt of vel út og við þurfum að skoða stöðuna í nokkrum málaflokkum:

1) Hjá S&S erum við að reyna að loka BYKO og sama á við um Aðföng í DOM. Við þufum að hugsa hvort við getum leift okkur það að missa aðila þrátt fyrir að ná ekki fram hækkunum og reikna dæmi það til hlítar.“

8562. (E)frkvstj-innanl upplýsti (E)forstj um fund hans með Aðföngum. Sagðist (E)frkvstj-innanl hafa staðið fast á: „20% leiðréttingu/hækkun á AKU og EGS“.⁴³¹⁵

8563. Í lok maí 2012 fjölluðu (E)frkvstj-sala/þj og (E)forstö-sölu um gildistíma á innflutningssamningi Eimskips við Aðföng og (E)frkvstj-sala/þj sendi þann 29. maí 2012 upplýsingar um þetta til (E)forstö-sölu.⁴³¹⁶ Þá kom fram í fundargerð vegna fundar (E)frkvstj-sala/þj og (E)forstö-sölu í viku 22 (28. maí - 3. júní 2012) að Aðföng væru meðal stórra verkefna sem væru í gangi.⁴³¹⁷

8564. (E)forstö-landfl1 sendi (E)frkvstj-innanl minnisblað vegna landflutninga fyrir Aðföng í byrjun júní 2012. Þar sagði m.a.:⁴³¹⁸

„Samningurinn við Aðföng var síðast endurnýjaður í október 2009 og hækkunarþörfin frá þeim tíma er um 21% en verðin í samningnum hafa hækkað um 5,24%.⁴³¹⁹ Það sem stendur út af er 16% kostnaðarhækkunar sem við höfum ekki fengið verðbættar sem myndi skila okkur um 11,5 mkr. á ári og samstarfsaðilunum um 3.mkr. á ári.“

8565. Lagði (E)forstö-landfl1 til að farið yrði fram á 20% hækkun á lengri leiðum sem myndi skila Eimskip um 10 milljónum kr. á ári. Í framhaldinu lagði (E)frkvstj-innanl til að bjóða Aðföngum framlengingu til þriggja ára þar sem verðbreytingar væru miðaðar við flutningsvísitölu og 15% hækkun á lengri leiðum. (E)forstö-landfl1 vildi að Eimskip myndi halda sig við 20% en (E)frkvstj-innanl benti á að Aðföng hefðu nú þegar hafnað því.⁴³²⁰

8566. Úr varð að Eimskip fór fram á 15% hækkun gagnvart Aðföngum á verðum fyrir lengri áætlunarleiðir. (E)frkvstj-innanl og (E)forstö-landfl1 kynntu (E)forstj þetta tilboð á fundi þann 6. júní 2012.⁴³²¹ Eftir fund (E)frkvstj-innanl með Aðföngum þann 6. júní 2012 sendu Aðföng móttíloboð. Sögðu Aðföng m.a. að verið væri að koma vel til móts við Eimskip. Lengra yrði ekki gengið af hálfu Aðfanga.

8567. Samningaviðræður Eimskips og Aðfanga héldu áfram dagana 7.-11. júní 2012 sem enduðu með því að Eimskip náði fram verðhækkunum gagnvart Aðföngum. Tilkynnti Eimskip að ekki væri unnt að

⁴³¹³ Afritaður tölvupóstur frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.954371.

⁴³¹⁴ Afritaður tölvupóstur frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.780174.

⁴³¹⁵ Afritaður tölvupóstur frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.918997.

⁴³¹⁶ Afritaður tölvupóstur frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.353891. Samningurinn gildi frá 1. júlí 2008 í 5 ár, þ.e. til 1. júlí 2013. Frá 1. júlí 2010 var hann þó uppsegjanlegur með 6 mánaða uppsagnarfresti.

⁴³¹⁷ Afritað tölvuskjal frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.100441. Sama kemur fram í fundargerð vegna viku 34 (20.-26. ágúst 2010), sbr. afritað tölvuskjal frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.102651.

⁴³¹⁸ Afritað tölvuskjal frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.34.116226.

⁴³¹⁹ Vakinn er athygli á því að í tölvupósti [...] frá 13. febrúar 2012, sem getið er um að framan, sagði að verð Aðfanga hefðu hækkað um 10,5% síðan í október 2009.

⁴³²⁰ Afritaðir tölvupóstar frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.34.116294.

⁴³²¹ Afritaðir tölvupóstar frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.923626.



ganga lengra, fyrirtækið væri „þegar búin að slaka of mikið á okkar markmiðum með verðhækkunum sem við samþykktum.“⁴³²²

8568. Sýna gögn málsins að Eimskip og Aðföng undirrituðu landflutningasamning sín á milli þann 18. júní 2012 með hækkun á verði.⁴³²³

8569. Rétt er að rifja upp að í Markaðsskýrslu landflutninga Samskipa fyrir árið 2012 sagði m.a. eftirfarandi:

„Skipting þar á milli hefur verið nokkuð jöfn undanfarið ár en eftir að Flytjandi tók yfir Kaupás frá ágúst hafa þeir styrkt stöðu sína í markaðshlutdeild. Því er nokkuð ljóst að Landflutningar þurfa að sækja tilbaka það magn sem tapaðist. Nokkrir áhugaverðir viðskiptavinir Flytjanda eru með lausa samninga sem áhugavert er að sækja, s.s Aðföng.“

8570. Fátt í fyrirliggjandi gögnum málsins bendir hins vegar til þess að Samskip hafi unnið markvisst eftir þessari áætlun á árinu 2012. Í fundargerð fundar sem haldinn var innan Landflutninga þann 28. desember 2011 eru „Aðföng“ skráð undir verkefnalista (S)rekststj-landfl2 og (S)frkvstj-innanl.⁴³²⁴ Þá er (S)rekststj-landfl2 skráður með verkefnið „Aðföng“ á „Funnel lista 2012“, sbr. glærुकyningu á rekstrarstjórafundi Landflutninga í lok febrúar 2012.⁴³²⁵ Þar eru sagðar 20% líkur á því að viðskipti náist á meðan taldar eru 50% líkur á því að samningur við Norðlenska verði endurnýjaður, sbr. eftirfarandi skjámynd úr skjalinu:

| | | | | | | | |
|-------------|------------|--------------|---------------|---------------------|----|-------------|------------|
| In progress | ██████████ | Norðlenska | Endurnýjun | MA - Matvara | 50 | 95.000.000 | 47.500.000 |
| In progress | ██████████ | O. Jakobsson | Endurnýjun | IE - Ferskur fiskur | 80 | 15.000.000 | 12.000.000 |
| In progress | ██████████ | Austurfrakt | Nýr samningur | XS - Stykkjavara | 80 | 12.000.000 | 9.600.000 |
| In progress | ██████████ | Aðföng | Nýr samningur | MA - Matvara | 20 | 125.000.000 | 25.000.000 |

8571. Aðföng var hins vegar ekki að finna á „Target lista“ Landflutninga fyrir árið 2012.⁴³²⁶

8572. Að mati Samkeppniseftirlitsins eru framangreind atvik lýsandi fyrir markaðsskiptingu Samskipa og Eimskips á flutningamarkaði. Samskip voru meðvituð um að samningar Aðfanga við Eimskip væri að losna á árinu 2012. Þrátt fyrir það var ekki gerð tilraun til þess að bjóða í þau viðskipti. Þess í stað stóðu Samskip við fyrri áætlanir sínar frá árunum 2009 og 2010, þ.e. að spilla ekki fyrir hækkunarmöguleikum Eimskips gagnvart Aðföngum. Án samkeppnislegs aðhalds frá Samskipum gat Eimskip því knúið fram hækkun á landflutningasamning Aðfanga þrátt fyrir að samningurinn hefði þegar tekið á sig umtalsverða hækkun allt samningstímabilið.

14.49.3. Eimskip endurnýjar sjóflutningasamkomulag við Aðföng

8573. Markaðsskýrsla innflutningsdeildar Samskipa fyrir árið 2013 var útbúin í september 2012. Eins og áður segir kemur þar eftirfarandi fram varðandi Aðföng:

„Samningar Eimskips við Aðföng og Ölgerðina eru fastir fram á seinni hluta ársins 2013, en Innnes er með lausan samning við Eimskip. Ekki er gert ráð fyrir að Samskip nái í nein þessara viðskipta ef það tekst að framlengja samningana við OJK, Garra og Nathan og Olsen.“⁴³²⁷

⁴³²² Afritaðir tölvupóstar frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.925890.

⁴³²³ Afritað tölvuskjal frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.34.116947.

⁴³²⁴ Afritað tölvuskjal frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.8935.

⁴³²⁵ Afhent tölvuskjal frá Samskipum. Afhent 22.11.2016, viðauki 9 Fundarg. landfl. sölud. landflutn. 2012. „OJ – þriðjudagur.pptx“.

⁴³²⁶ Afhent tölvuskjal frá Samskipum. Afhent 22.11.2016, viðauki 9 Fundarg. landfl. sölud. landflutn. 2012. „Target listi – Landflutningar 2012“.

⁴³²⁷ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.598296.



8574. Hafa ber í huga að í maí 2012 fengu Samskip fregnir af áformum um opnun Iceland verslana hér á landi en um það var fjallað í fjölmiðlum um þær mundir. (S)forstj sendi af því tilefni tölvupóst til (S)frkvstj-Jóna og (S)frkvstj-millilandasv2 og sagði þetta „áhugavert“. Þá sagði hann: „Við erum ekki með Europris, Aðföng, Kost og lítið eitt frá Kaupás sem stendur - væri frábært ef við náum þeim í viðskipti til lengri tíma, hvernig lítur það út?“ (S)frkvstj-Jóna tók í sama streng og kvað þetta „allt mjög áhugavert“ og sagðist búinn að vera í sambandi við Iceland. Svo sagði hann: „Við ætlum okkur að ná þessum pakka erum við ekki sammála um það?“ (S)frkvstj-millilandasv2 var sammála og sagði: „Neglum þetta“.⁴³²⁸
8575. Vekur þessi mikli áhugi Samskipa á að ná viðskiptum við Iceland athygli Samkeppniseftirlitsins enda ekki að finna í fyrirliggjandi gögnum málsins viðlíka áhuga Samskipa á að ná nýjum viðskiptavinum, sem þegar voru í viðskiptum við Eimskip, í flutningsviðskipti. Að mati Samkeppniseftirlitsins er ástæða fyrir áhuga Samskipa á viðskiptum Iceland sú að um var að ræða ný viðskipti, ekki viðskiptavin sem þegar var í viðskiptum við Eimskip. Styrkir þetta niðurstöðu Samkeppniseftirlitsins um samráð fyrirtækjanna sem laut að mikilvægum viðskiptavinum hvors annars.
8576. Þann 11. september 2012 sendi (E)frkvstj-sala/þj tölvupóst til (E)forstj: „Sæll, just for your info þá hittum við [Aðföng] og [Bananar] í lunch í dag og opnaði [Aðföng] á þann möguleika að framlengja samninginn eða gera nýjan núna í haust í stað þess að bíða til næsta sumars. Annars fínt spjall og innlegg í áætlunargerð.“ (E)forstj svaraði daginn eftir: „Er þetta gott mál að rífa upp samning sem er í gildi?“ (E)frkvstj-sala/þj svaraði sama dag: „Já það getur vel verið jákvætt fyrir okkur, en ræðum betur næst þegar við hittumst.“⁴³²⁹
8577. Líkt og áður segir gerðu Samskip ekki ráð fyrir því að reyna með samkeppni að ná til sín mikilvægum viðskiptavinum Eimskips eins og t.d. Aðföngum, þ.e. ef það tækist að framlengja samninga við stóra viðskiptavini Samskipa í sama vöruflokki. Þessi tenging sem gerð er af hálfu Samskipa við viðskipti við önnur ótengd fyrirtæki er ekki útskýrð nánar í markaðsskýrslunni en þessi fyrirætlun Samskipa er af Samkeppniseftirlitinu talin endurspegla samráð fyrirtækjanna um m.a. markaðsskiptingu gagnvart mikilvægum viðskiptavinum. Ef Eimskip „svindlaði“ í samráðinu, myndu Samskip hefna sín og taka sama magn á móti af Eimskip. Er þetta mat eftirlitsins í samræmi við önnur atvik og ummæli í gögnum málsins, sbr. tölvupósta (S)forstö-innfl1 frá nóvember 2009 varðandi Aðföng, IKEA, Rúmfatalagerinn, Húsasmiðjuna og ÍSAM.⁴³³⁰
8578. Innflutningssamningur við Aðföng/Haga var til umræðu innan Eimskips í september 2012. Þannig segir í fundargerð söludeildar áætlunarflutninga Eimskips (LIS) vegna viku 38 (17.-23. september 2012) um Haga: „Góður og lofandi fundur í síðustu viku, annar fundur í október.“⁴³³¹ Þá segir í glærुकynningu (E)frkvstj-sala/þj fyrir forstöðumannafund (SCS) í september 2012: „Hagar/Aðföng/Bananar willing to start working on new agreement in October in stead of waiting until next fall“⁴³³²
8579. Í fundargerð söludeildar áætlunarflutninga Eimskips (LIS) frá 10. október 2012 (vika 41) segir um Haga (viðskiptastjóri (E)viðskstj2): „Tilboðspakki klár í næstu viku“⁴³³³
8580. (E)forstö-sölu, (E)frkvstj-sala/þj og (E)viðskstj2 áttu bókaðan fund undir heitinu „Hagar“ þann 30. október 2012.⁴³³⁴ Í fundarboðinu kemur fram að (E)viðskstj2 eigi að stilla upp drögum að tilboði til

⁴³²⁸ Afritaðir tölvupóstar frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.34.311686.

⁴³²⁹ Afritaðir tölvupóstar frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.998503.

⁴³³⁰ Sbr. kafla 14.2.

⁴³³¹ Afritað tölvuskjal frá Eimskip. „LIS Fundarerð vika 38“. Viðhengi við afritaðan tölvupóst frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.967968.

⁴³³² Afritað tölvuskjal frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.188122.

⁴³³³ Afritað tölvuskjal frá Eimskip. „LIS Fundarerð vika 41 //“. Viðhengi við afritaðan tölvupóst frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.981000.

⁴³³⁴ Afrituð dagbókarfærsla frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.388983.



Haga. Sama dag vistaði (E)frkvstj-sala/pj skjal með heitinu „Aðföng samanburður við Innes og Ölgerðina okt 2012“.⁴³³⁵

8581. Í fundargerð söludeildar áætlunarflutninga Eimskips (LIS) vegna viku 45 (5.-11. nóvember 2012) segir: „(E)viðskstj2, (E)frkvstj-sala/pj og (E)forstö-sölu áttu fund með Aðföngum en samningur þeirra rennur út um mitt næsta ár, vonandi næst samkomulag um framlengingu.“⁴³³⁶

8582. Þann 19. nóvember 2012 áttu (E)forstö-sölu, (E)viðskstj2 og (E)frkvstj-sala/pj bókaðan fund með heitinu „Aðföng“.⁴³³⁷ Sama dag sendu Aðföng tölvupóst til (E)frkvstj-sala/pj: „Í framhaldi af fundi okkar fyrr í dag, þá viljum við ítreka við þig, að við hjá Högum leggjum áherslu á að gera langtímasamning í flutningamálum. Það þjónar okkar hagsmunum best, eðli fragtarinnar vegna. Núverandi samningur okkar rennur út í ágúst 2013. Við viljum gjarnan að núverandi samningur okkar gildi út ágúst 2018, þ.e. verði framlengdur um 5 ár, þegar honum lýkur í ágúst 2013.

Heyrum frá þér.“⁴³³⁸

8583. Eimskip náði svo nýju samkomulagi við Aðföng í lok nóvember 2012 en í fundargerð söludeildar áætlunarflutninga Eimskips (LIS) vegna viku 47 (19.-25. nóvember 2012) segir um Haga: „Samkomulag náð, undirritun á næstu dögum“⁴³³⁹

8584. Ekki hafa fundist gögn frá Samskipum sem sýna tilboð til Aðfanga eða gefa til kynna áform um að reyna með samkeppni að ná þessum mikilvæga viðskiptavinum Eimskips til sín í viðskipti. Er það í samræmi við hina ólögsmætu markaðsskiptingu sem Eimskip hefur viðurkennt að hafi verið fyrir hendi á þessum tíma.

14.49.4. Samantekt

8585. Það er niðurstaða Samkeppniseftirlitsins að framangreind gögn frá árinu 2012 sem varða Haga/Aðföng séu til vitnis um að Samskip hafi virt „friðinn“ og þar með hina ólögsmætu markaðsskiptingu.

8586. Sem fyrr segir telur Samkeppniseftirlitið að atvik tengd fundi Samskipa og Aðfanga í mars 2012 sýni nánast engan áhuga Samskipa á viðskiptum við þennan mikilvæga viðskiptavin Eimskips og endurspeglir „friðinn“. Í mgr. 1427 í athugasemdum Samskipa við AII er byggt á því að Aðföng hafi lítinn sem engan áhuga haft á að eiga í viðskiptum við Samskip. Hagar hafi viljað halda viðskiptum Aðfanga og Banana á sama stað til að tryggja bestu kjör. Komu- og brottfaradagar skiptu Banana miklu máli en Samskip hafi á þessum tíma ekki verið með flutningakerfi sem hentaði flutningum á ferskri vöru eins vel og flutningakerfi Eimskips. Að mati Samskipa væru þessi gögn að engu leyti til marks um samráð heldur skýr vísbending um að fyrirtækið hefði verið að leita leiða til að ná umræddum viðskiptum, sbr. mgr. 1429.

8587. Með hliðsjón af öðrum gögnum málsins eru ummæli (S)forstö-innfl1 um „strategíu“ gagnvart Aðföngum og svör (S)forstj um „almennt spjall“ að mati Samkeppniseftirlitsins vísbending um að Samskip hafi á þessum tíma ekki ætlað að ógna samráði sínu við Eimskip með samkeppnishæfu tilboði til þessa mikilvæga viðskiptavinar Eimskips. Þá kemur fram að (S)forstö-innfl1 hafi ekki verið tilbúinn að sýna Aðföngum nein verð. Er því ekki að undra að Aðföng hafi ekki verið tilbúin að opna samninginn við Eimskip.

⁴³³⁵ Afritað tölvuskjal frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.184702.

⁴³³⁶ Afritað tölvuskjal frá Eimskip. „LIS Fundarerd vika 45 //“. Viðhengi við afritaðan tölvupóst frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.998019.

⁴³³⁷ Afrituð dagbókarfærsla frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.389622.

⁴³³⁸ Afritaður tölvupóstur frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.1025085.

⁴³³⁹ Afritað tölvuskjal frá Eimskip. „LIS fundur vika 47“. Viðhengi við afritaðan tölvupóst frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.1006104. Fyrir liggur samningur Eimskips við Haga er gildi frá 1. júlí 2013. Gildistími hans var til 31. júní 2018 en þó uppsagnarlegur með 6 mánaða uppsagnarfresti eftir 1. júlí 2014.



8588. Í mgr. 1432 í athugasemdum Samskipa við AII er því haldið fram að Samkeppniseftirlitið dragi úr þýðingu þess að Aðfanga sé getið í framangreindri markaðsskýrslu landflutninga fyrirtækisins fyrir árið 2012 og á m.a. „*Funnel lista 2012*“. Að mati Samskipa er framangreint merki um áhuga fyrirtækisins á Aðföngum. Skýrist áætlun fyrirtækisins um að litlar líkur séu á að ná viðskiptunum líklega af litlum áhuga Aðfanga á viðskiptum við Samskip vegna innflutnings. Samkeppniseftirlitið getur ekki fallist á þetta, sbr. umfjöllun í kafla 26.49.
8589. Í mgr. 1436 í athugasemdum Samskipa við AII er því mótmælt að gögn sem tengjast endurnýjun Eimskips á sjóflutningasamningi við Aðföng í nóvember 2012 bendi til ólögmæts samráðs. Að mati Samskipa sýna samtímagögn áhuga stjórnenda fyrirtækisins á að reyna að ná viðskiptum Aðfanga, en byggja á því að á brattann hafi verið að sækja.⁴³⁴⁰ Samskip halda því fram að áhugi hafi verið á að bæta hlutdeild fyrirtækisins á þessum markaði og í þessum vöruflokkum á kostnað Eimskips. Aðföng hafi ekki tekið vel í umleitanir Samskipa en ekki hafi skort á áhuga fyrirtækisins að ná til sín þessum viðskiptum. Þá segir að ekkert óeðlilegt sé við að Samskip hafi viljað ná viðskiptum við Iceland. Viðleitnin sé til marks um eðlilega samkeppni. Það hafi því verið eðlilegt að Samskip hafi reynt að tryggja að viðskipti Iceland færu ekki líka til keppinautarins.⁴³⁴¹
8590. Af þessu tilefni skal tekið fram að þrátt fyrir að Samskip haldi því fram að fyrirtækið hafi viljað auka hlutdeild sína í þessum vöruflokki verður ekki séð í gögnum málsins að það hafi reynt að ná til sín viðskiptum við aðila í vöruflokknum sem þegar var í viðskiptum við Eimskip. Vísast t.a.m. til atvika í tengslum við viðskipti Innnes síðar á árinu, sbr. kafla 14.53.
8591. Er framangreint í samræmi við áform Samskipa í áðurnefndri markaðsskýrslu innflutningsdeildar fyrirtækisins fyrir árin 2012 og 2013. Að mati Samkeppniseftirlitsins sýnir þetta að Samskip virtu markaðsskiptinguna við Eimskip og eru framangreind atvik því í samræmi við samráð fyrirtækjanna á þessum tíma. Á móti héldu Samskip flutningsviðskiptum við OJK, Garra og N&O í lok árs 2012 og byrjun árs 2013. Verður nú vikið að þessum atvikum.

14.50. OJK og Garri 2012

8592. OJK var mikilvægur viðskiptavinur Samskipa. Á afhentum lista Samskipa yfir stærstu viðskiptavini í innflutningi var OJK meðal 17 stærstu viðskiptavina Samskipa öll árin 2009-2013.⁴³⁴²
8593. Eins og lýst var í kafla 14.31 var OJK með alhliða flutningasamning við Samskip sem var undirritaður 30. október 2008 og gildi hann til 30. október 2010. Þann 15. september 2010 sendi OJK tölvupóst til bæði Samskipa og Eimskips og óskaði eftir tilboði í sjóflutninga. Meðfylgjandi var útboðslýsing OJK. Samkvæmt henni rann skilafrestur tilboða út 29. september 2010. Í skýrslu sem **(S)forstö-innfl1** sendi **(S)forstj** og **(S)frkvstj-millilandasv** 19. september 2010 var gert ráð fyrir að Samskip myndu halda OJK í viðskiptum. Á þeim tíma lá hins vegar ekkert fyrir um það við hvern OJK myndi semja eftir að samningurinn við Samskip félli úr gildi. Samskip og OJK undirrituðu nýjan flutningasamning þann 5. október 2010 og var það hin ólögmæta markaðsskipting, sem Eimskip hefur viðurkennt að hafi verið fyrir hendi á þessum tíma, sem leyfði **(S)forstö-innfl1** þessa vissu 19. september 2010 um viðskiptin við OJK.
8594. Flutningasamningur Samskipa og OJK frá 5. október 2010 rann út þann 31. janúar 2013 og var óuppsegjanlegur á samningstímanum. Að loknum gildistíma samningsins framlengdist hann sjálfkrafa um eitt ár nema annar hvor aðilinn hefði sagt honum upp sex mánuðum fyrir lok

⁴³⁴⁰ Mgr. 1436 í athugasemdum Samskipa við AII.

⁴³⁴¹ Mgr. 1344-1435 í athugasemdum Samskipa við AII.

⁴³⁴² Afhent tölvuskjöl frá Samskipum. Afhent 10.04.2015. „*Stærstu 50*“, „*Liður 9.1 Innflutningur Heildarlisti*“ (ekki tekið tillit til Jóna Transport). „*Liður 8.1 Stærstu viðskiptavinir 2006-2013*“.



gildistímans. Kæmi til þess að samningurinn myndi framlengjast um eitt ár var samningurinn uppsegjanlegur með sex mánaða uppsagnarfresti.⁴³⁴³

8595. Garri var einnig mikilvægur viðskiptavinur Samskipa. Voru Garri og OJK á meðal 20 stærstu viðskipavina Samskipa í innflutningi á árinu 2012.⁴³⁴⁴ Flutningasamningur Samskipa við Garra tók gildi 9. nóvember 2010 og átti að gilda til 1. nóvember 2012.⁴³⁴⁵

8596. Eimskip vissi að þessir samningar yrðu lausir hjá Samskipum undir lok árs 2012, sbr. umfjöllun í afurða- og vöruflokkagreiningu Eimskips frá september 2012. Í greiningu fyrir vöruflokkinn „Matvara“ vísaði Eimskip til tækifæra til að sækja á fyrirtæki í viðskiptum við Samskip þegar samningar við viðskiptavini þeirra, þ. á m. OJK og Garra, yrðu lausir. Í greiningunni sagði eftirfarandi:

*„Okkar helstu tækifæri liggja klárlega í þeim fyrirtækjum sem ekki eru að flytja með okkur í dag þegar þeirra samningar opnast. Þar má nefna Nathan & Olsen, OJK, Garra, Vífilfell, Fóðurlönduna og Íslensk Ameríska svo einhver séu nefnd. Mikilvægt að halda sambandi við þessi fyrirtæki og minna reglulega á okkur.“*⁴³⁴⁶

8597. Þann 11. september 2012, sendi (S)forstö-innfl1 tölvupóst til (S)frkvstj-innanl, (S)forstj og (S)frkvstj-millilandasv2 þar sem eftirfarandi kom fram: „Heyrði bæði í [OJK] og [Garra] áðan.

Þeir sögðu að báðir að Eimskip væru að pressa stíft á þá og það þeir ætluðu báðir í verðkönnun/útboð nú í október.

Eimskipa menn liggja líka í Húsasmíðjunni og síðan má gera ráð fyrir að þeir herji á Nathan.

*Það er því ljóst að það verður fjör á markaðnum á næstu mánuðum...“*⁴³⁴⁷

8598. Við undirbúning gagna fyrir stjórnarfund Samskipa í október 2012 bað (S)frkvstj-millilandasv2 (S)forstö-innfl1 um að meta hvort það ætti að telja upp helstu áhersluatriði í deildinni fyrir árið 2013. Svo sagði: „T.d. að telja upp þá viðskiptavini sem Eimskip eru að herja á og hvernig við ætlum að bregðast við því. Við erum t.d. búnir að setja inn „Looser ehf“ því við teljum að við munum ekki endilega halda öllum.“⁴³⁴⁸

8599. (S)forstö-innfl1 brást við beiðni (S)frkvstj-millilandasv2 og stillti lausum samningum Samskipa upp í excel skjal ásamt punktum um möguleg viðbrögð Samskipa og Eimskips og líkum á því að Samskip héldu viðkomandi viðskiptavinum. Þar voru Garri og OJK meðal annars nefnd. Umrætt excel skjal rataði síðan inn í endanlega kynningu sem lögð var fyrir stjórnarfund þann 11. október 2012, sbr. eftirfarandi glæru:⁴³⁴⁹

⁴³⁴³ Sjá 10. gr. samningsins. Afhent tölvuskjal frá Samskipum. Afhent 10.04.2015, liður 8.2 „Samningar“, „Ó johnson og Kaaber 05.10.2010“, sbr. umbeðið leiðrétt eintak afhent 14.05.2019.

⁴³⁴⁴ Á árinu 2012 var Garri 12. stærsti viðskiptavinur Samskipa og OJK 18. stærsti viðskiptavinurinn. Afhent skjal frá Samskipum. „Liður 9.1 Innflutningur heildarlisti.xls“, afhent þann 10. apríl 2015.

⁴³⁴⁵ Afhent tölvuskjal frá Samskipum. Afhent 10.04.2015, liður 8.2 „Samningar“, „Garri ehf. 09.11.2010“.

⁴³⁴⁶ Afritaður tölvupóstur frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.378771.

⁴³⁴⁷ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.1006247.

⁴³⁴⁸ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.607070.

⁴³⁴⁹ Afhent skjal frá Samskipum. „Kynning fyrir stjórn okt2012 2.pptx“. Afhent 22.11.2016, Viðauki 6, Fundargerðir Samskipa hf. Glæra nr. 40.



Main emphasis in import

SAMSKIP

| Fyrirtæki | Gildistími samnings | Fyrirkomulag samningaviðræðna | Hvað gerir Eimskip? | Hvað gerir Samskip? | Líkur á að halda í viðskiptum |
|-------------------------------------|---------------------|--|---|--|-------------------------------|
| Garra | nóv.12 | Fer í opið útboð í nóvember. | Eimskip munu skila inn mjög lágum verðum hér og líklega gefa afslátt af BAF. | Reynum að halda, en verð gætu lækkað um allt að 40% | 40% |
| OJK | des.12 | Fer í verðkönnun | Munu skila inn lágum verðum | Erum að vinna í að semja beint við OJK. Munum þurfa að lækka verð | 75% |
| Nathan & Olsen | feb.13 | Óráðið | Ef þeir ná hvorki Garra né OJK þá mun Eimskip fara inn í Nathan með lág verð, en ef þeir ná annað hvort Garra eða OJK þá munu þeir jafnvel láta Nathan vera | Reynt verður að semja beint við Nathan í okt / nóv 2012 | 80% |
| Húsasmiðjan | okt.13 | Fara í útboð | Ætla sér að ná í Húsa til að borga fyrir Byko. Verð munu lækka | Reynt verður að semja við Húsa nú í okt /nóv 2012. Ef það gengur ekki þá verða verðin í nýjum samningi lækkuð og vonast til að halda í viðskiptin | 50% |
| Heimilistæki/ Sjónvarpsmiðstöðin | mar.13 | Óvíst | Gefa lág verð ef leitað verður til þeirra | Erum að reyna að semja við þá núna í okt 2012 til að koma í veg fyrir að þeir fari í verðkönnun. Erum komnir með verð frá okkur. Erum að hugsa málið | 80% |
| Ormsón | okt.13 | Verðkönnun | Eru búnir að skila inn verðum. Líklega frekar lág verð | Erum búnir að skila inn verðum sem eru lækkun frá núgildandi samningi. Það er ár eftir af gildandi samningi og reynt verður að nota hann til að semja við Ormsón upp á nýtt. | 30% |
| Rekstrarvörur | apr.13 | Fara í verðkönnun, eru 50/50 Eimskip / Samskip | Munu reyna að ná í allt magnið. Verð munu lækka eitthvað | Munum einbeita okkur að því að ná í allt magnið | 60% |
| Fóðurblandan | des.12 | Fara í verðkönnun | Munu fara ákveðið á eftir þessu magni. Lækkuð verð. | Munum lækka verðin eitthvað. Óvíst hversu mikið. | 50% |

8600. Í framhaldinu má greina af gögnum málsins að stjórnendur Samskipa hafi haft áhyggjur af því að Eimskip myndi sækja á mikilvæga viðskiptavinum fyrirtekisins. (S)forstö-innfl1 reyndi þannig samdægurs að ná í Húsasmiðjuna og sagði að markmiðið væri að „ná þeim að borðinu núna strax.“ og var (S)forstj sammála því.⁴³⁵⁰ (S)forstö-innfl1 mælti einnig með því við (S)forstj að þeir myndu „stilla“ upp golfferð um vorið og bjóða í hana strax því „það gæti verið sterkt að bjóða [OJK] og [Garra] núna áður en þeir fara í samningamálin.“⁴³⁵¹ (S) frkvstj-innanl hafði samband við Garra þennan sama dag og kom á fundi daginn eftir. Bar (S) frkvstj-innanl það undir (S)forstö-innfl1, (S)frkvstj-millilandasv2 og (S)forstj hvort Samskip ættu að bjóða Garra ný verð „eitthvað afturvirk þannig að við veifum gulrót sem hann fengi ekki við útboð“. (S)forstö-innfl1 kvaðst ætla að stilla upp tillögu.⁴³⁵²
8601. Af framangreindu má greina þann óróa sem virðist hafa verið kominn í markaðsskiptingu Samskipa og Eimskips haustið 2012, sbr. framangreinda umfjöllun um vinnu við gerð áætlana fyrirtekjanna fyrir árið 2013. Að mati Samkeppniseftirlitsins má í þeim gögnum sem rakin eru hér að framan greina viðbrögð af hálfu Samskipa og Eimskips vegna opunar á flutningasamningum stórra viðskiptavina sem ekki sjást í samtímagögnum frá árunum 2009 og fram á árið 2012, þegar ólögmet markaðsskipting fyrirtekjanna stóð sem hæst.
8602. Þann 11. október 2012 sendi (S)forstö-innfl1 eftirfarandi tölvupóst til (S)frkvstj-millilandasv2, (S)forstö-útfll og (S)forstö-flutnstj: „Ég stillti þessu upp í excel. Þarna koma fram lausir samningar,

⁴³⁵⁰ Afritaðir tölvupóstar frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.596389.

⁴³⁵¹ Afritaðir tölvupóstar frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.1006416.

⁴³⁵² Afritaðir tölvupóstar frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.596782.



viðbrögð okkar og Eimskips ásamt líkum á því að við höldum viðskiptavinum. [...]". OJK og Garri voru þar á lista og áttu Samskip von á því að Eimskip myndi bjóða þeim viðskiptavinum lág verð.⁴³⁵³

8603. (S)forstö-innfl1 og (S)viðskstj1 áttu bókaðan fund með OJK til að ræða innflutning á sykri þann 12. október 2012.⁴³⁵⁴ (S)viðskstj1 bókaði sig og (S)forstö-innfl1 á fundinn undir heitinu: „fundur OJK sykurmál og samningur“.⁴³⁵⁵ Af heiti fundarins má ætla að Samskip hafi ætlað að nota tilefnið til að ræða við OJK um endurnýjun á samningnum án útboðs.
8604. Í lok október 2012 var Garri skráður sem eitt af stórum verkefnum í gangi hjá Eimskip, sbr. fundargerð af vikulegum fundi (E)frkvstj-sala/þj og (E)forstö-sölu.⁴³⁵⁶ Hvergi er minnst á viðskipti OJK.
8605. Þann 9. nóvember 2012 sendi OJK tölvupóst til (S)forstö-innfl1, þar sem eftirfarandi kemur fram: „Eins og ég sagði þér í símanum þá hélt ég að við værum á þriðja ári í samningi. Það eru hins vegar liðin tvö ár - og við eigum því möguleika á árs framlengingu. Þó að það sé mikið verið að vinna í okkur að fara í útboð - þá langar okkur til að skoða möguleikana á framlengingu með nokkrum smá breytingum. [Starfsmaður OJK] er búinn að taka nokkra punkta saman (sjá fylgjandi) sem við hefðum vilja laga í framlengingu. Getið þið skoðað þetta og látið okkur vita í næstu viku hvað þið leggið til að gera. [...]“
8606. Í framhaldinu var ákveðið að (S)forstö-innfl1 og (S)viðskstj1 kæmu á fund hjá OJK þann 13. nóvember 2012.⁴³⁵⁷
8607. Þann 9. nóvember 2012 sendi (S)forstö-innfl1 tölvupóst til (S)forstj, (S)frkvstj-millilandasv2 og (S)frkvstj-innanl og sagði að nú væri „allt að gerast í samningamálum“. Garri hefði sent útboðgögn til Samskipa þennan dag.⁴³⁵⁸ OJK hafi óskað eftir að framlengja samning sinn við Samskip um eitt ár. (S)forstö-innfl1 sagði að það yrði klárað eftir helgi.⁴³⁵⁹
8608. Nýr samningur OJK við Samskip var síðan undirritaður 13. nóvember 2012 og átti hann að gilda til 30. nóvember 2013. Sama dag sendi (S)forstö-innfl1 eftirfarandi tölvupóst til (S)forstj, (S)frkvstj-millilandasv2 og (S)frkvstj-innanl: „Við framlengdum samningnum við OJK áðan um eitt ár. Óbreytt verð“⁴³⁶⁰
8609. Rifjað skal upp að Eimskip fjallaði í áður nefndri afurðagreiningu frá september 2012 um tækifæri til að ná viðskiptavinum af Samskipum, þ. á m. OJK. Þá hefur jafnframt verið vísað til þess að OJK hafi sjálft sagt Samskipum frá því að „Eimskip væru að pressa stíft á“ m.a. OJK. Engin fyrirbyggjandi gögn hafa hins vegar fundist, eða verið afhent, sem sýna fram á eða styðja þessa frásögn OJK. Í gagni sem Eimskip afhenti Samkeppniseftirlitinu kemur ekki fram að fyrirtækið hafi sent tilboð til OJK árið 2012.⁴³⁶¹
8610. Ekkert hefur því komið fram sem bendir til þess að Eimskip hafi veitt Samskipum samkeppnislegt aðhald í tilviki OJK enda kemur fram í framangreindum tölvupósti (S)forstö-innfl1 að samningurinn hafi verið framlengdur með óbreyttu verði, en ekki lækkuðum verðum líkt og Samskip höfðu áætlað í október 2012.
8611. Bendir framanritað að mati Samkeppniseftirlitsins til þess að frásögn OJK um meinta „pressu“ eða áhuga Eimskips á að fá OJK í viðskipti hafi mögulega verið leið OJK til að skapa þrýsting á Samskip

⁴³⁵³ Afritað tölvuskjal frá Samskipum. „Lausir samningar 2013 - greining.xlsx“. Viðhengi við afritaðan tölvupóst frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.607148.

⁴³⁵⁴ Afrituð tölvupóstsamskipti frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.1017073.

⁴³⁵⁵ Afrituð dagbókarfærsla frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.1017077.

⁴³⁵⁶ Afritað tölvuskjal frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.101516.

⁴³⁵⁷ Afritaður tölvupóstsamskipti frá Samskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.1031107.

⁴³⁵⁸ Sbr. einnig afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.1030637.

⁴³⁵⁹ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.620231.

⁴³⁶⁰ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.622281.

⁴³⁶¹ Afhent skjal frá Eimskip. Afhent þann 19.02.2016 (minnislykill 4, ýmis gögn). „Útboð“.



til að lækka verð eða veita fyrirtækinu hagstæðari kjör í framlengdum samningi þar sem gögnin benda ekki til þess að slík pressa hafi verið fyrir hendi af hálfu Eimskips. Sá áhugi var hins vegar raunverulega til staðar hjá Eimskip ári síðar. Verður vikið að því í kafla 21.

8612. Þann 21. nóvember 2012 sendi (S)forstö-innfl1 hugmyndir að verðtilboði til Garra til þeirra (S)forstj, (S)frkvstj-millilandasv2 og (S)viðskstj. Ljóst er að Samskip stefndu að því að bjóða Garra lækkun á þáverandi flutningsverði, sbr. eftirfarandi ummæli: „Ég er búinn að vera að stilla þessu upp og meðfylgjandi er skjal sem inniheldur þau verð sem ég tel að við þurfum að bjóða. Við erum að tala um að lækka verðin sem þessu nemur“.⁴³⁶² Sagði að um væri að ræða 11% lækkun en á móti væru Samskip að ná í auknar tekjur í LCL og ná hækkun á flutningsverði frá Bandaríkjunum. Þá sagði: „Ég er ekki öruggur að við náum að halda Garra á þessum verðum, en þetta er mín tillaga í dag.“
8613. Hafa ber í huga að á þessum tíma lá fyrir að Samskip hefðu ákveðið að gera ekki atlögu að viðskiptum Eimskips við Aðföng, sbr. nánari umfjöllun hér að framan. Eimskip hélt því viðskiptum Aðfanga og sýna gögn málsins að samkomulagi þeirra á milli hafði verið náð fyrir 21. nóvember 2012.⁴³⁶³ Samkvæmt markaðsskýrslu innflutningsdeildar Samskipa fyrir árið 2013, sem var útbúin í september 2012, gerðu Samskip einmitt ekki ráð fyrir því að ná í viðskipti Aðfanga ef það tækist að framlengja samninga við OJK, Garra og N&O.⁴³⁶⁴
8614. Þann 22. nóvember, upplýsti (E)frkvstj-sala/þj (E)forstj um að daginn eftir væru skil á verðtilboðum vegna útboðs Garra.⁴³⁶⁵ Eimskip skilaði tilboði til Garra þann 23. nóvember 2012 eftir að hafa unnið að undirbúningi þess vikuna á undan.⁴³⁶⁶
8615. Þann 5. desember tilkynnti Garri að ákveðið hefði verið að halda áfram viðskiptum við Samskip.⁴³⁶⁷ (S)forstö-innfl1 lét eftirfarandi ummæli falla í tölvupósti til (S)forstj og (S)viðskstj í kjölfar tilkynningar Garra: „Heimsókn mín til Garra í gær virkaði greinilega... þeir eru hættir að leyfa Eimskip að totta. Þeir munu klára þetta með okkur“⁴³⁶⁸
8616. Sama dag tilkynnti Garri í tölvupósti til (E)frkvstj-sala/þj að fyrirtækið hefði ákveðið að semja við Samskip. (E)frkvstj-sala/þj upplýsti (E)forstj um framanritað sama dag og spurði (E)forstj: „Sæll, þetta [tilkynning Garra] kom svo 5 mín eftir símtalið! Held það sé stór kreditnóta á bak við þessa ákvörðun?“⁴³⁶⁹ Við rannsókn málsins hefur ekki fundist svar frá (E)forstj varðandi spurningu (E)frkvstj-sala/þj. Nýr samningur Samskipa og Garra var undirritaður þann 21. desember 2012.⁴³⁷⁰
8617. Í kafla 14.31 var fjallað um atburðarás í tengslum við áframhaldandi viðskiptasamband OJK og Samskipa á árinu 2010. Er sú atburðarás ásamt þeirri sem hér hefur verið lýst og átti sér stað á árinu 2012 að mati Samkeppniseftirlitsins til vitnis um markaðsskiptingu á milli Samskipa og Eimskips. Þá er ljóst að Samskip héldu einnig Garra og á svipuðum tíma lá fyrir að Samskip gerðu ekki aðför að Aðföngum og Eimskip héldi þeim því jafnframt. Var það í samræmi við áætlanir Samskipa fyrir árið 2013 og að mati Samkeppniseftirlitsins í samræmi við hina ólögmætu markaðsskiptingu. Ljóst er hins vegar að haustið 2012 var farið að hrikta í stoðum hinnar ólögmætu markaðsskiptingar og á árinu 2013 dró úr henni.

⁴³⁶² Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.625775.

⁴³⁶³ Afritað tölvuskjal frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.1006104. Fyrir liggur samningur Eimskips við Haga er gilti frá 1. júlí 2013. Gildistími hans var til 31. júní 2018 en þó uppsęganlegur með 6 mánaða uppsagnarfresti eftir 1. júlí 2014.

⁴³⁶⁴ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.598296.

⁴³⁶⁵ Afritaður tölvupóstur frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.1026332.

⁴³⁶⁶ Afritaðar dagbókarfærslur frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.309745. Dagbók [...] Doc. ID. 0.7.33.310594, sbr. einnig afritað tölvuskjal frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.186120. Sbr. einnig afhent gögn frá Eimskip. „Final Garri reiknir“ og „Garri utboð texti“. Afhent 19.02.2016, minnislykill 4.

⁴³⁶⁷ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.1038769.

⁴³⁶⁸ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.632424.

⁴³⁶⁹ Afritaður tölvupóstur frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.1031575.

⁴³⁷⁰ Afritað tölvuskjal frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.17364. Sjá einnig afritaða dagbókarfærslu frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.1043816.



8618. Í mgr. 1438 og áfram í athugasemdum Samskipa við AII heldur fyrirtækið því m.a. fram að ljóst sé af umfjöllun Samkeppniseftirlitsins að Eimskip hefði ætlað að sækjast eftir viðskiptum umrædds viðskiptavinar Samskipa. Vísa Samskip í því samhengi til greiningar Eimskips á matvörflokkum, auk þess sem OJK og Garri hefðu báðir sagt að Eimskip væri að pressa á þá.
8619. Samkeppniseftirlitið áréttar að þau gögn sem rakin hafa verið hér að framan benda að einhverju leyti til þess að á þessum tíma voru komin fram merki um meiri óvissu en áður um hegðun keppinautarins. Þannig sýna gögn sem rakin eru í upphafi þessa kafla að fyrirtækin gerðu bæði ráð fyrir meiri samkeppni og að verð myndi hugsanlega lækka við endurnýjun á samningum við stóra viðskiptavini. Vangaveltur og áætlanir í þessa veru eru vart sjáanlegar í gögnum málsins fyrr á rannsóknartímabilinu. Svo virðist hins vegar sem ekki hafi ræst úr þessum spám á árinu 2012. Markaðsskipting fyrirtækjanna um stóra viðskiptavini hélt og gátu Samskip t.a.m. endursamið við OJK á óbreyttum verðum. Þó svo órói og óvissa virðist hafa verið kominn í „friðurinn“ á þessum tíma er ekki unnt að halda því fram að hann hafi þá verið farinn að fjara út. Annað gildir hins vegar um árið 2013.

14.51. Icelandic – „*ekki rugga þessum bát að svo stöddu*“

8620. Icelandic (og tengd fyrirtæki) var mjög mikilvægur viðskiptavinur Eimskips.⁴³⁷¹ Árið 2012 var dótturfélag Icelandic í Bandaríkjunum selt til kanadísks sjávarafurðafyrirtækis, High Liner Foods (HLF).⁴³⁷²
8621. Þann 15. nóvember 2012 hafði flutningsmiðlari, fyrir hönd hins nýja eiganda Icelandic, samband við (S)frkvstj-N-Am, framkvæmdastjóra Samskipa í Bandaríkjunum. Má sjá í tölvupósti flutningsmiðlarans að hann óskaði eftir tilboði frá Samskipum í flutninga á fiski frá Íslandi til Bandaríkjanna fyrir Icelandic (þá orðið HFL).
8622. (S)frkvstj-N-Am svaraði flutningsmiðlaranum samdægurs og sagðist þurfa að ræða þetta við höfuðstöðvar Samskipa á Íslandi áður en hann gæti gert flutningsmiðlaranum tilboð í flutninginn fyrir HLF.
8623. Hálfum mánuði síðar eða 30. nóvember 2012 sendi (S)frkvstj-N-Am flutningsmiðlaranum tölvupóst þar sem kemur fram að Samskip gætu ekki flutt umbeðið magn af frystigámum frá Íslandi. Flutningsmiðlarinn kom þá til baka og spurði hvort Samskip gætu flutt hluta af umbeðnu magni. (S)frkvstj-N-Am áframsendi þá tilboðbeiðnina til (S)forstö-útfl og sagði:
- „Viltu bjóða í hluta af pakkanum? Skál í boðinu :)“
8624. Svar (S)forstö-útfl var neikvætt:
- „ættum ekki að rugga þessum bát að svo stöddu.. Skál Skál“.⁴³⁷³
8625. Samkeppniseftirlitið telur framangreint vera í samræmi við önnur gögn málsins og mat eftirlitsins um samráð Samskipa við Eimskip sem fólst í því að sækja ekki á mikilvæga viðskiptavini hvors annars. Af þessu má sjá að (S)frkvstj-N-Am og (S)forstö-útfl höfðu aðkomu að því að sækjast ekki eftir þeim viðskiptum sem HFL átti við Eimskip en rétt er að rifja upp nán vináttutengsl milli þeirra (S)frkvstj-N-Am, (S)forstö-útfl og (E)forstj og regluleg samskipti þeirra á rannsóknartímabilinu, sjá umfjöllun í kafla 13.
8626. Sýnir framanritað jafnframt fram á að markaðsskiptingu Samskipa og Eimskips var áfram framfylgt á þessum tíma, í lok árs 2012.

⁴³⁷¹ Afhent gögn frá Eimskip. Afhent þann 23.3.2015 (fylgiskjal 5). Listi yfir 50 stærstu viðskiptavini Eimskips í útflutningi.

⁴³⁷² Frétt á heimasíðu Framtakssjóðs Íslands, „Icelandic Group sells U.S. Operations“, aðgengileg á: <https://framtakssjodur.is/en/icelandic-group-sells-us-operations/> [Sótt 14.01.2019].

⁴³⁷³ Afrituð tölvupóstsamskipti frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.1154128.



14.52. Nathan & Olsen 2012

8627. Líkt og áður hefur komið fram vísaði Eimskip til þess í afurða- og vörflokkagreiningu sinni frá september 2012 að þeirra helstu tækifæri í matvöruflutningum lægju í fyrirtækjum sem ekki væru að flytja með Eimskip, þ. á m. Nathan & Olsen (N&O). Það fyrirtæki var mikilvægur viðskiptavinur sem hafði verið í föstu samningssambandi við Samskip síðan á fyrri hluta árs 2009. Sagði í greiningunni að mikilvægt væri að hafa samband við umrædd fyrirtæki og minna reglulega á Eimskip. Fjallað er um atvik tengd N&O á árunum 2009 og 2010 í köflum 14.5 og 14.25. Vísast nánar til þeirrar umfjöllunar. Verða nú rakin atvik sem varða viðskipti N&O á árinu 2012.
8628. Gögn málsins sýna að Samskip gerðu í september 2012 ráð fyrir því að Eimskip myndi „herja á“ N&O, sbr. eftirfarandi tölvupóstur sem (S)forstö-innfl1 sendi (S)frkvstj-innanl, (S)forstj og (S)frkvstj-millilandasv2 þann 11. september 2012:
- „Eimskipa menn liggja líka í Húsasmíðjunni og síðan má gera ráð fyrir að þeir herji á Nathan. Það er því ljóst að það verður fjör á markaðnum á næstu mánuðum...“*⁴³⁷⁴
8629. Af þessu má ráða að ákveðinn órói hafi verið kominn í markaðsskiptingu Samskipa og Eimskips á þessu tíma, líkt og einnig var vísað til hér að framan í tengslum við flutningsviðskipti OJK og Garra. Á sama tíma gerðu Samskip hins vegar ráð fyrir að virða markaðsskiptinguna ef Eimskip gerði slíkt hið sama. Í rekstraráætlun innflutningsdeildar Samskipa fyrir árið 2013 sagði að ef Samskipum tækist að framlengja samninga sína við OJK, Garra og N&O á þessum tíma, myndu Samskip ekki sækja í mikilvægan viðskiptavin Eimskips sem var með lausan samning á sama tíma, Innnes, sbr. umfjöllun í kafla 14.38.4. Að þessu leyti virðist því sem enn hafi átt að virða hina ólögmetu markaðsskiptingu.
8630. Í lok nóvember 2012 hafði N&O samband við Eimskip og tilkynnti að fyrirtækið væri að fara að skoða flutningsmálin sín og óskaði eftir fundi með Eimskip.⁴³⁷⁵ Sá fundur var haldinn þann 30. nóvember 2012.⁴³⁷⁶ Á sama tíma lá fyrir að Eimskip hélt viðskiptum við Aðföng og hefur því verið lýst í köflum hér á undan að Samskip héldu „friðinn“ í því tilviki.
8631. Gögn málsins gefa til kynna að (E)frkvstj-sala/þj og (S)frkvstj-Jóna hafi hist föstudaginn 7. desember 2012. Eins og fjallað er um í kafla 13 gefa gögn málsins til kynna tengsl milli þessara stjórnenda og áttu þeir regluleg samskipti á rannsóknartímabilinu. Daginn eftir umrædd samskipti (E)frkvstj-sala/þj og (S)frkvstj-Jóna hittust aðrir lykilstjórnendur Eimskips og Samskipa. Nánar tiltekið hittust (E)frkvstj-alþjsv og (S)forstj laugardaginn 8. desember 2012 í árlegu matarboði (svokallað „Sinterklaas feest“). Fjallað er um tengsl og samskipti (S)forstj og (E)frkvstj-alþjsv í kafla 13. Horfa þarf hér til þessara samskipta æðstu stjórnenda fyrirtækjanna.
8632. Dagana 13.-20. desember 2012 unnu starfsmenn Eimskips að því að setja saman verðtilboð vegna verðkönnunar N&O. Meðal þeirra sem sóttu fundi vegna þessa voru (E)forstj og (E)frkvstj-sala/þj.⁴³⁷⁷ (E)viðskstj3 leitaði m.a. af þessu tilefni eftir forflutningsverðum í Bandaríkjunum og það um „okkar allra allra bestu verð til Norfolk, Boston og Portland“.⁴³⁷⁸
8633. Gögn málsins benda til þess að Eimskip hafi afhent N&O verðtilboð þann 14. desember 2012.⁴³⁷⁹
8634. Þann 15. desember 2012 upplýsti (S)viðskstj1 þá (S)frkvstj-N-Am og (S)forstö-innfl1 um að N&O hefði sagt frá því að „það væri greinilegt að það lægi þungt á EÍ mönnum að N&O væri hjá okkur – ekki bara útaf magninu meira í ljósi sögulegs samstarfs milli félaganna“ en hann hafði fengið

⁴³⁷⁴ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.1006247.

⁴³⁷⁵ Afrituð dagbókarfærsla frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.34.763287.

⁴³⁷⁶ Afritaður tölvupóstur frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.1026332.

⁴³⁷⁷ Afritaðar dagbókarfærslur frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.34.763135. Dagbók [...]. „Yfirferð USA N&O“. [...] Doc. ID. 0.7.34.763040. Dagbók [...]. „Nathan“, [...] Doc. ID. 0.7.34.763170. Dagbók [...]. „Yfirferð USA N&O“. [...] Doc. ID. 0.7.33.311827.

⁴³⁷⁸ Afritaður tölvupóstur frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.1034454.

⁴³⁷⁹ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.1041823. Afhent tölvuskjal frá Eimskip. Afhent 19.02.2016. Minnislykill 4_Samn.keppin._og_fl. „Nathan&Olsen Samningamál 2012.xlsx“.



upplýsingar um að þau (E)forstj, (E)frkvstj-sala/þj, (E)forstö-sölu og (E)viðskstj3 hefðu öll mætt til N&O til að afhenda tilboð Eimskips.⁴³⁸⁰

8635. Þann 18. desember 2012 áttu (S)forstö-innfl1 og (S)forstö-útl fund saman. Var hann boðaður kl. 10:00 og heiti hans var „Undirbúningur fyrir fund með Eimskip“.⁴³⁸¹ Starfsmenn Eimskips og Samskipa áttu síðan fund síðar sama dag eða kl. 14 þann 18. desember 2012.⁴³⁸² Af hálfu Eimskips sátu fundinn þeir (E)frkvstj-sala/þj og (E)forstö-sölu og fulltrúar Samskipa voru (S)forstö-innfl1, (S)forstö-útl og (S)viðskstj2.⁴³⁸³
8636. Hér skal áréttað að þegar framangreint á sér stað hækkaði Eimskip verð á landflutningum fyrir N&O, sbr. tölvupóst 2. janúar 2013, en allur landflutningur N&O var á þessum tíma hjá Eimskip.⁴³⁸⁴ Daginn eftir áttu (S)forstö-innfl1 og (S)viðskstj1 fund með N&O eða þann 3. janúar 2013.⁴³⁸⁵ N&O boðuðu Eimskip einnig á fund sama dag. (E)frkvstj-sala/þj kvaðst „*ekkert alltof bjartsýnn*“ þegar hann upplýsti (E)forstj um fundinn. (E)forstj svaraði með eftirfarandi hætti:
- „Við sjáum bara til – ég á ekki von á neinu og ef eitthvað þá yfirbjóða þeir á endanum“.*⁴³⁸⁶
8637. Eftir fund Samskipa með N&O, en fyrir fund N&O með Eimskip, sendi (S)forstö-innfl1 nýtt tilboð til N&O.⁴³⁸⁷ Af því má ráða að Samskip hafi boðið N&O 35% afslátt af útskipun í erlendum höfnum og eftirágreiddan afslátt. Getið var um þennan afslátt í sérstökum viðauka þar sem (S)forstö-innfl1 vildi ekki að það fréttist þar sem umræddur THC afsláttur væri „*án fordæmis*“.⁴³⁸⁸
8638. Daginn eftir sendi (S)forstj fundarboð til (S)viðskstj2, (S)forstö-útl og (S)forstö-innfl1 undir heitinu „*Markaðurinn*“, þar sem sagði: „*Sælir, Fjör á markaði, mikil læti í kringum Nathan. Ræðum aðeins stöðu á markaði og næstu skref...*“.⁴³⁸⁹
8639. Þann 7. janúar 2013 sendi (S)forstö-innfl1 drög að nýjum samningi til N&O. Var þar búið að stytta samningstímamann úr þremur árum í tvö ár og uppsagnarfrestinn úr sex mánuðum í þrjá mánuði.⁴³⁹⁰
8640. Samskip og N&O skrifuðu síðan undir nýtt flutnings-samkomulag þann 8. janúar 2013. Fól samningurinn í sér að flutningsverð N&O lækkaði.⁴³⁹¹ Þannig gekk það eftir sem ráðgert hafði verið í markaðsskýrslu Samskipa fyrir árið 2013 (útbúin í september 2012). Fyrirliggjandi gögn sýna svo að Samskip gerðu ekki tilraun til að ná til sín viðskiptum Aðfanga við Eimskip í lok árs 2012. Aftur á móti héldu Samskip flutningaviðskiptum annarra mikilvægra innflytjenda á matvöru: N&O, Garra og OJK.
8641. Endurspeglaði þessi háttsemi fyrirtækjanna markaðsskiptingu þeirra á mikilvægum viðskiptavinum þó svo vissulega megi greina að órói hafi verið farinn að myndast á milli fyrirtækjanna, sbr. þau gögn sem rakin eru hér að framan. Á sama tíma virðast stjórnendur Eimskips þó hafa gert sér grein fyrir að tilboð þeirra myndi ekki vera fullnægjandi því (E)frkvstj-sala/þj kvaðst „*ekkert alltof bjartsýnn*“ og (E)forstj kvaðst „*ekki eiga von á neinu*“. Þá skýtur það að mati Samkeppniseftirlitsins skökku við að Eimskip hafi hækkað verð N&O á landflutningum, á sama tíma og fullyrt var að áhugi hefði staðið til þess að ná innflutningsviðskiptum fyrirtækisins af Samskipum.

⁴³⁸⁰ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.1041823.

⁴³⁸¹ Afrituð dagbókarfærsla frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.1155757.

⁴³⁸² Afrituð dagbókarfærsla frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.1155637.

⁴³⁸³ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.1042009. Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.1042014.

⁴³⁸⁴ Afritaður tölvupóstur frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.34.140556.

⁴³⁸⁵ Afrituð dagbókarfærsla frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.1045374.

⁴³⁸⁶ Afritaðir tölvupóstar frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.1039577.

⁴³⁸⁷ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.1045675.

⁴³⁸⁸ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.1046065.

⁴³⁸⁹ Afrituð dagbókarfærsla frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.1090268.

⁴³⁹⁰ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.1046642.

⁴³⁹¹ Mgr. 1453 og 1455-1456 í athugasemdum Samskipa við AII.



8642. Til samanburðar er í þessu samhengi mikilvægt að rifja upp atvik tengd N&O á árinu 2010.
8643. Samningur N&O við Samskip var laus á haustmánuðum 2010. Samráð Samskipa við Eimskip stóð þá yfir af fullum þunga. Í því sambandi má benda á að í innanhússgögnum fyrirtækjanna frá þeim tíma má finna vissu hjá Samskipum og Eimskip um „ró“ á milli fyrirtækjanna gagnvart sama viðskiptavininum. Má sem dæmi nefna fundargerðir stjórnar Samskipa í október og nóvember 2010 en þar var tekið fram að framundan væru endurnýjanir á samningum við mikilvæga viðskiptavini, m.a. N&O. Hins vegar sagði að það hefði verið „rólegt yfir markað“ og engum áhyggjum fyrir að fara yfir því að Eimskip myndi með samkeppni reyna að ná til sín N&O eða öðrum mikilvægum viðskiptavininum Samskipa.⁴³⁹² Eimskip gerði þessum mikilvæga viðskiptavini Samskipa ekki tilboð árið 2010 og N&O samdi á ný við Samskip í lok janúar 2011 þar sem Samskip náðu fram verðhækkunum á fyrri samningi.
8644. Þegar horft er á atvik í árslok 2012 og byrjun árs 2013 þá er ljóst að markaðsskipting Samskipa við Eimskip sem snerist um stóra viðskiptavini hélt hvað varðar viðskipti N&O. Á hinn bóginn má með samanburði við gögn fyrirtækjanna frá 2010 og 2011 greina meiri óróa og óvissu gagnvart markaðsskiptingunni í þeim gögnum sem rakin eru í þessum kafla, þ.e. undir lok árs 2012 og upphaf árs 2013. Á sama tíma má af þeim samanburði skýrlega sjá þann „frið“ sem var á markaðnum á árunum 2010-2011, sem fyrirtækin höfðu komið á með samstilltum aðgerðum sínum.
8645. Niðurstaða Samkeppniseftirlitsins byggir meðal annars á samanburði á samtímagögnum Eimskips og Samskipa þar sem þau sjálf settu fram lýsingar á markaðsaðstæðum og háttsemi þeirra. Framangreindur samanburður á atvikum 2010 og 2012 vegna N&O rennir styrkum stoðum undir niðurstöðu Samkeppniseftirlitsins um markaðsskiptingu vegna N&O árið 2010/2011. Sömuleiðis sýnir samanburðurinn að í lok árs 2012 voru komin fram merki í hegðun fyrirtækjanna um meiri óvissu en áður um hegðun keppinautarins, þótt fyrirtækin hafi síðan haldið friðinn.
8646. Er framanritað í samræmi við þá ályktun Samkeppniseftirlitsins að gögn málsins gefi til kynna að frá árslokum 2012 og fram að byrjun árs 2013, hafi farið að hrikta í stoðum markaðsskiptingar fyrirtækjanna á mikilvægum viðskiptavinum. Fjallað verður um það í kafla 21.
8647. Í athugasemdum sínum hafna Samskip því að rekstaráætlun fyrirtækisins fyrir árið 2013 sé til marks um markaðsskiptingu milli Eimskips og Samskipa og telja að sjá megi af gögnum að gert hafi verið ráð fyrir harðri samkeppni um viðskipti N&O hjá báðum flutningafyrirtækjunum. Það að Samskip hefðu gert ráð fyrir að halda N&O væri ekki til marks um samráð heldur samkeppni. Samkeppniseftirlitið getur ekki fallist á framangreind sjónarmið eins og nánar er rakið í kafla 26.52.

14.53. Innnes 2012

8648. Innnes var einn af stærstu viðskiptavinum Eimskips í innflutningi. Í kafla 14.5.1 er fjallað m.a. um atvik sem tengjast Innnes veturinn 2008 og á árinu 2009. Sýnir sú umfjöllun að á því ári var Innnes afar óánægt með verðhækkun Eimskips. Einnig er gerð grein fyrir gögnum frá Eimskip sem sýna að fyrirtækið ætlaði ekki að lækka verð eða ganga á eftir Innnes. Sýnir þetta að Eimskip hafði ekki áhyggjur af því að Samskip myndu bjóða þessum mikilvæga viðskiptavini betri kjör. Óskaði Innnes því eftir tilboði frá Samskipum. Samskip sendu Innnes tilboð 24. júní 2009. Eins og rökstutt er í kafla 14.6 virtu Samskip hina ólögsmætu markaðsskiptingu. Eimskip hélt því Innnes áfram í viðskiptum.
8649. Innnes var óánægt með verðhækkunir af hálfu Eimskips og sýna gögn málsins að fyrirtækið leitaði til Samskipa um tilboð í flutninga. Samningur Eimskips og Innnes rann út í lok árs 2009. Þrátt fyrir óánægju Innnes og tilboðsumleitan fyrirtækisins gerðu Samskip, í áætlunum sínum fyrir árið 2010, ekki ráð fyrir því að sækja á og ná heildarviðskiptum Innnes frá Eimskip. Aðgerðarleysi Samskipa

⁴³⁹² Afritað tölvuskjal frá Samskipum. „Fundargerð 10.2010.doc“. Viðhengi við afritaðan tölvupóst frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.808577. Afritað tölvuskjal frá Samskipum. „Fundargerð 22.11.2010.doc“. Viðhengi við afritaðan tölvupóst frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.821687.



gagnvart Innnes birtist einnig í gögnum málsins. Virtu Samskip markaðsskiptinguna og Eimskip hækkaði verð í nýjum samningi sem gilti frá september 2011 til mars 2013, sbr. kafla 14.35.

8650. Líkt og áður hefur komið fram sagði eftirfarandi í rekstraráætlun innflutningsdeildar Samskipa fyrir árið 2013 (gerð haustið 2012):
- „Samningar Eimskips við Aðföng og Ölgerðina eru fastir fram á seinni hluta ársins 2013, en Innnes er með lausan samning við Eimskip. Ekki er gert ráð fyrir að Samskip nái í nein þessara viðskipta ef það tekst að framlengja samningana við OJK, Garra og Nathan Olsen.“*
8651. Þetta sýnir að Samskip höfðu ekki hug á því að ná viðskiptum Innnes af Eimskip, ef Samskip héldu sínum stóru innflutningsfyrirtækjum í matvörunni, þ.e. OJK, Garra og N&O. Lítur Samkeppniseftirlitið svo á að framangreint endurspegli samráð fyrirtækjanna á árinu 2012.
8652. Úr varð að Samskip héldu viðskiptum sínum við Garra og N&O í lok árs 2012 og í upphafi árs 2013, líkt og að framan er rakið.⁴³⁹³
8653. Heildarflutningasamkomulag Eimskips og Innnes átti að losna þann 31. mars 2013. Talsverðu fyrir þann tíma eða í nóvember 2012 leitaði Innnes til Samskipa eftir verðtilboði í flutning frá Norður-Ameríku.
8654. Þann 13. nóvember 2012 sendi Innnes tölvupóst til (S)viðskstj1 þar sem sagði: „Við ræddum það um daginn að ég sendi þér gögn yfir USA flutninginn, og nær þetta magn yfir nánast allt í janúar til október.“ (S)viðskstj1 áframsendi tölvupóstinn til (S)forstö-innfl1 daginn eftir og setti framanritað strax í samhengi við samning Samskipa við Garra: „FYI Innnes að leita að verðum – hvenær er opnun á Garra?“ Var það í samræmi við framangreinda stefnu Samskipa í rekstraráætlun fyrirtækisins fyrir árið 2013. (S)forstö-innfl1 svaraði og sagði það vera á „föstudaginn í næstu viku“⁴³⁹⁴ eða 23. nóvember 2012.
8655. Þann 19. nóvember 2012 áframsendi (S)viðskstj1 tölvupóstinn frá Innnes til (S)frkvstj-N-Am: „Sæll erum að skoða aðeins Innnes vinsamlegast gefðu mér e-h skörp verð í neðangreint heyrumst áður en þú skoðar“. (S)frkvstj-N-Am svaraði tölvupóstinum 21. nóvember 2012: „Hér finnur þú okkar innkaupsverð, super fín verð og ættir vel að geta náð þessu. [...]“ (S)viðskstj1 sendi tölvupóstinn frá (S)frkvstj-N-Am tveimur dögum síðar til (S)forstö-innfl1, þ.e. sama dag og verðtilboði Samskipa var skilað til Garra: „Kíkjum á þetta í næstu viku“⁴³⁹⁵. Ástæða þess að beðið skyldi fram í næstu viku er líklega sú að ákvörðun um stefnu gagnvart Innnes átti að ráðast af niðurstöðu í verðkönnun Garra. Samskip ákváðu þó að draga enn lengur að svara Innnes þótt þegar væri komið verð frá (S)frkvstj-N-Am. Ástæðan var sú að bíða átti eftir niðurstöðu varðandi N&O, eins og rakið er hér á eftir.
8656. Þann 7. desember 2012 sendi (S)frkvstj-N-Am tölvupóst til (S)forstj með fyrirsögninni „Fuglahvís!“. Þar sagði: „[...] Orðrómur um að EI [Eimskip] sé að kollvarpa flutningsáætlun sinn[i] hér fyrir vestan er í fullum gangi þrátt fyrir að forsvarsmenn félagsins geri lítið úr því. [...] Hvað er í þessu fyrir Samskip. Hellingur, opnar nýja möguleika á Innnes og Samhenta, styrkir okkur gagnvart Nathan og Garra sem og annað alment export. [...]“.
8657. (S)forstj svaraði daginn eftir: „[...] það er áhugavert að fylgjast vel með þessu.... ræðum betur saman í komandi viku.“⁴³⁹⁶

⁴³⁹³ Afhent skjal frá Samskipum. Afhent 10.04.2015. „8.2 Samningar“, „1912 ehf 08.01.2013“. Afhent skjal frá Eimskip. Afhent 19.02.2016. „Útboð“. Á þessu afhentu yfirliti Eimskips stendur hjá Garra: „tapað“.

⁴³⁹⁴ Afrituð tölvupóstsamskipti frá Samskipum. [...]

⁴³⁹⁵ Afrituð tölvupóstsamskipti frá Samskipum. [...]

⁴³⁹⁶ Afrituð tölvupóstsamskipti frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.1082285.



8658. Þann 18. desember 2012 höfðu Samskip ekki enn brugðist við beiðni Innnes um verðtilboð þrátt fyrir að fimm vikur væru liðnar frá beiðninni. Þann dag sendi Innnes tölvupóst til (S)viðskstj1 vegna þessa:
- „Nú er ekki eftir neinu að bíða varðandi það að þú sendir mér verð í flutning frá þessum birgjum því nú er jafnvel lag að lenda málinu. Vinsamlegast senda þetta við fyrsta tækifæri.“*
8659. (S)viðskstj1 áframframsendi tölvupóstinn til (S)forstö-innfl1: „FYT“.⁴³⁹⁷
8660. (S)viðskstj1 svaraði Innnes sama dag: „*Sæll og blessaður – ég veit illa uppá mig skömmina, ég skal fara betur yfir málið og heyra í þér síðar í vikunni. Afsakaðu töfina*“.⁴³⁹⁸ Síðar sama dag sendi (S)viðskstj1 tölvupóst til Innnes: „*Sæll aftur, Við þyrftum að fá upprunastað á [...] Við munum aldrei geta boðið betur en Eiman frá FAS Norfolk okkar tækifæri (og þar með ykkar) liggur í að við bjóðum ykkur EXW lausn [...] en þá myndum við nýta okkur siglingakerfi APL yfir á Rottedam og þaðan heim. [...]*“.⁴³⁹⁹
8661. Sama dag og samskipti Innnes og Samskipa áttu sér stað, 18. desember 2012, hittust Eimskip og Samskip á fundi. Fyrr um morguninn, kl. 10, höfðu (S)forstö-innfl1 og (S)forstö-útf1 átt fund saman. Heiti fundarboðsins var: „*Undirbúningur fyrir fund með Eimskip*“.⁴⁴⁰⁰ Fundur Eimskips og Samskipa var haldinn síðar sama dag, kl. 14, þann 18. desember 2012.⁴⁴⁰¹ Af hálfu Eimskips sátu fundinn þeir (E)frkvstj-sala/þj og (E)forstö-sölu og fulltrúar Samskipa voru (S)forstö-innfl1, (S)forstö-útf1 og (S)viðskstj2.⁴⁴⁰²
8662. Þann 20. desember 2012 sendi Innnes tölvupóst til (E)viðskstj3 og bað hana um að reikna út kostnaðarbreytingu í tengslum við þrjá birgja vegna færslu Eimskips á viðkomuhöfn frá Norfolk til Portland í Bandaríkjunum.⁴⁴⁰³
8663. Þann 21. desember 2012 sendi (S)viðskstj1 tölvupóst til Innnes með jólakveðju. Í lok tölvupóstsins sagði: „*Við náum vonandi að finna góðan flöt á samstarfi á nýju ári.*“ Innnes svaraði tölvupóstinum þann 2. janúar 2013. Í honum sagði m.a.: „*Þurfum endilega að auka samstarfið á nýju ári.*“
8664. Daginn eftir framsendi (S)viðskstj1 tölvupóstinn til (S)forstö-innfl1 með skilaboðunum: „*Sæll sjá samskipti að neðan frá [Innnes] varðandi áhuga á samstarfi*“. (S)forstö-innfl1 svaraði sama dag: „*Áhugavert. Förum í það að stilla upp verðum fyrir þá eftir að Nathan er klár.*“⁴⁴⁰⁴ Af þessu má ráða að á þessum tímamarki höfðu Samskip ekki enn hafið vinnu að undirbúningi að tilboðsgerð til Innnes.
8665. Samkvæmt þessu gagni setti (S)forstö-innfl1 tilboð Samskipa til Innnes jafnframt í samhengi við að Samskip myndu halda N&O í viðskiptum. Var það í samræmi við áform Samskipa í rekstraráætlun fyrir árið 2013 um að sækjast ekki eftir að ná viðskiptum Innnes af Eimskip ef Samskip héldu áfram viðskiptum við N&O, sbr. umfjöllun hér að framan. Þetta gekk eftir. Samskip og N&O skrifuðu undir flutningasamkomulag stuttu síðar, eða 8. janúar 2013.
8666. Eins og vísað hefur verið til áður virðist sem ákveðin óvissa hafi verið komin í „*friðinn*“ milli Samskipa og Eimskips undir lok árs 2012. Ólíkt því sem fyrirfinnst í gögnum fyrirtækjanna frá árunum á undan vísuðu Samskip á þessum tíma m.a. til þess að það væri „*Fjör á markaði, mikil læti í kringum Nathan.*“ Átti í kjölfarið að ræða „*stöðu á markaði og næstu skref...*“ innan Samskipa. Í kjölfarið virðist áhugi Samskipa á viðskiptum við Innnes hafa aukist frá því sem áður var.

⁴³⁹⁷ Afrituð tölvupóstsamskipti frá Samskipum. [...]

⁴³⁹⁸ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...]

⁴³⁹⁹ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...]

⁴⁴⁰⁰ Afrituð dagbókarfærsla frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.1155757

⁴⁴⁰¹ Afrituð dagbókarfærsla frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.1155637

⁴⁴⁰² Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.1042009. Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.1042014.

⁴⁴⁰³ Afritaður tölvupóstur frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.398104.

⁴⁴⁰⁴ Afrituð tölvupóstsamskipti frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.1045486.



8667. Dagana 15.-17. janúar 2013 voru (S)viðskstj1, (S)frkvstj-N-Am og (S)forstö-innfl1 að vinna að verðtilboði til Innnes.⁴⁴⁰⁵
8668. Það var svo ekki fyrr en 17. janúar 2013 sem (S)viðskstj1 sendi tilboð til Innnes sem fyrirtækið hafði óskað eftir 13. nóvember og 18. desember 2012, þ.e. rúmum níu vikum eftir að Innnes óskaði eftir tilboði. Líkt og áður hefur komið fram var það ekki ætlun Samskipa að sækjast eftir viðskiptum við Innnes ef í ljós kæmi að Samskip næðu að halda viðskiptum við Garra og Nathan & Olsen í upphafi árs. Í tölvupóstinum sagði: „Jæja þetta tók aðeins lengri tíma en ég reiknaði með, biðst velvirðingar á því, en loksins er ég kominn með amk stærri pakkann, myndi vilja heyra hvernig það liti út og skoða svo framhaldið – við erum að bjóða neðangreind verð frá EXW York PA í gegnum Evrópu. [...] Við munum aldrei geta keppt við Eimskip um flutningana frá Norfolk þar sem við erum vafalaust að kaupa fraktina á hærra verði en þið. [...] Vinsamlegast leyfðu mér að heyra hvernig ofangreint lítur út svo við gætum mögulega farið með málið á næsta stig.“⁴⁴⁰⁶
8669. Þann 25. janúar 2013 vistaði (S)forstö-innfl1 skjal með heitinu „Funnel listi – jan 2013“.⁴⁴⁰⁷ Var Innnes þar bæði skráð á „Funnel“ lista og „Target“ lista með forgang „A“. Hafa ber í huga að Samskip höfðu nánast hætt að vinna með slíkan lista eftir að „friðurinn“ við Eimskip komst á en samkvæmt gögnum málsins virðist sem Samskip hafi farið að huga að slíkum lista í lok árs 2012 þegar óvissu fór að gæta um það hvort „friðurinn“ á milli fyrirtækjanna myndi halda.
8670. Þann 18. febrúar 2013 sendi Innnes tölvupóst til (S)viðskstj1 þar sem sagði: „Í framhaldi af samtali okkar í síðustu viku þá komu upp ýmsar hugmyndir varðandi flutningana frá USA og langar mig til að biðja þig um að vinna aðeins meira með þetta mál, og senda á mig við fyrsta tækifæri. [...]“ (S)viðskstj1 framsendi tölvupóstinn stuttu síðar til (S)frkvstj-millilandasv2 og (S)forstj: „Sælir FYT“.⁴⁴⁰⁸ Það var svo ekki fyrr en 1. mars 2013, eða 12 dögum síðar, sem (S)viðskstj1 sendi nýtt tilboð til Innnes.⁴⁴⁰⁹
8671. Þann 22. febrúar 2013 sendi (S)viðskstj1 tölvupóst til (S)viðskstj2. Var umræddur „Funnel listi“ meðfylgjandi.⁴⁴¹⁰
8672. Þann 25. febrúar 2013 sendi (S)forstö-innfl1 tölvupóst til (S)forstj þar sem meðfylgjandi var „Target“ listi innflutningsdeildar fyrir „stjórnarkynningu“. Innnes var þar á lista með forgang „A“.⁴⁴¹¹
8673. Þann 11. mars 2013 upplýsti (S)viðskstj1 þá (S)frkvstj-N-Am og (S)forstö-innfl1 um eftirfarandi: „...stóri pakkinn verður áfram hjá EÍ [...] Hveitið var ok kolin detta út og rúsínurnar svipaðar (??) ég gaf [Innnes] hinsvegar undir fótinn að verðin væru byggð á heildarpakkanum þannig að mögulega yrðu þau verð endurskoðuð.“⁴⁴¹²
8674. Þann 12. mars 2013 sendi (S)forstö-innfl1 tölvupóst til (S)forstj þar sem sagði m.a.: „Innnes munu flytja USA magnið sitt áfram með Eimskip. Eimskip eru greinlega að niðurgreiða forflutninga til Portland.“⁴⁴¹³
8675. Ljóst er að markaðsskipting Samskipa og Eimskips hélt gagnvart Innnes í þessu tilviki. Í samræmi við rekstraráætlun Samskipa fyrir árið 2013 (útbúin í september 2012) varð úr að Samskip héldu

⁴⁴⁰⁵ Afrituð tölvupóstsamskipti frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.1049476. Afritað tölvuskjal frá Samskipum. „Innnes jan 2013 verð frá York PA via RTM.xlsx“. Viðhengi við afritaðan tölvupóst frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.1049533. Afritað tölvuskjal frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.16897.

⁴⁴⁰⁶ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.1067882.

⁴⁴⁰⁷ Afritað tölvuskjal frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.19396.

⁴⁴⁰⁸ Afrituð tölvupóstsamskipti frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.655500.

⁴⁴⁰⁹ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.1067882.

⁴⁴¹⁰ Afritað tölvuskjal frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.657180.

⁴⁴¹¹ Afritað tölvuskjal frá Samskipum. „Target í innflutningi 2013.xlsx“. Viðhengi við afritaðan tölvupóst frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.1110943.

⁴⁴¹² Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...]

⁴⁴¹³ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.1071364.



viðskiptum sínum við Garra, OJK og N&O. Í samræmi við framanritað hélt Eimskip á móti heildarflutningssamkomulagi við Innnes og Aðföng.

8676. Þegar Samskip sendu Innnes tilboð sitt í febrúar 2013 var aftur á móti farið að hrikta í markaðsskiptingu Eimskips og Samskipa um mikilvæga viðskiptavini. Verður fjallað nánar um aðdraganda þess í kafla 21 hér á eftir. Þannig mátu Samskip að „fjör“ væri á markaðnum í stað „ró“ síðastliðinna ára. Það var síðan í maí 2013 sem Samskip ákváðu að „að hjóla eftir“ Innnes, sbr. nánari umfjöllun í kafla 21. Er sú atburðarrás til marks um að verulega dró úr þeim „friði“ sem fyrirtækin höfðu náð saman um.
8677. Í athugasemdum Samskipa við AII segir að samskipti innan fyrirtækisins sem rakin eru í ákvörðun sýni að mikill áhugi hefði verið á því að reyna að ná viðskiptum Innnes. Að sögn Samskipa hefði fyrirtækið alls ekki verið að draga lappirnar viljandi en öll samskiptin sýni mikinn áhuga á þessum viðskiptum. Að mati Samskipa eru samskiptin til marks um mikla samkeppni og augljóst að fyrirtækið hefði ekki átt í ólögumætum samskiptum við Eimskip vegna þessara viðskipta. Um þessi sjónarmið og fleiri er fjallað í kafla 26.53.
8678. Samkvæmt Samskipum var það í forgangi að loka samningum við N&O og Garra. Það hefði verið eðlileg strategísk ákvörðun. Samskip hefðu ekki viljað hleypa Eimskip að þeim viðskiptum heldur loka þeim sem fyrst. Að sögn Samskipa hefði verið æskilegra að ná að loka þeim samningum áður en farið var á eftir viðskiptavinum Eimskips, vegna líklegra viðbragða fyrirtækisins. Um væri að ræða fullkomlega rökrétta aðferðafræði í rekstri en ekki vísbendingu um samráð. Ekkert í samskiptunum bendi til samráðs fyrirtækjanna að mati Samskipa.⁴⁴¹⁴

14.54. Samskipti og frekari verðhækkanir

8679. Líkt og fram hefur komið hefur Eimskip viðurkennt að hafa átt í samskiptum og samstarfi við Samskip á rannsóknartímabilinu sem hafi falið í sér alvarleg brot gegn 10. gr. samkeppnislega og 53. gr. EES-samningsins, þ.m.t. samráð við Samskip um álagningu gjalda og afsláttarkjör í flutningaþjónustu og um miðlun á mikilvægum verð- og viðskiptaupplýsingum. Samráð þetta var umfangsminna á lokaári rannsóknartímabilsins, þ.e. árinu 2013.
8680. Í ársbyrjun 2012 hafði samfelld samráð Eimskips og Samskipa staðið yfir af fullum þunga í a.m.k. 42 mánuði eða frá því hafist var handa við „Nýtt upphaf“ verkefnið í júní 2008. Samtímagögn frá þessum tíma staðfesta afar takmarkaða samkeppni á flutningamörkuðum hér á landi. Í samtímagögnum Eimskips kemur fram að markaðurinn á Íslandi hafi verið „voða kosý“ og að hægt hafi verið að halda verðskránni stöðugri, hækka hana „og menn kyngja því“. Hið sama má ráða af samtímagögnum Samskipa en í þeim lýsir (S)forstj því að afar sérstakar samkeppnisaðstæður ríki í sjóflutningum til og frá Íslandi. Af sama tilefni má sjá starfsmann Samskipa lýsa því yfir við (S)forstj að hann hafi skilning á því að (S)forstj vilji verja hið háa verð sem leiði af skorti á samkeppni í flutningum til og frá Íslandi, sbr. umfjöllun í kafla 14.40.2.
8681. Samskip og Eimskip hækkuðu verð í júlí 2012 en í kjölfarið átti að beita reynslu Eimskips í „skapandi aðgerðum“ til að finna tilefni eða réttlætingu á því að hækka aftur verð. Samskip gáfu ranglega til kynna að umrædd verðhækkun væri til að „mæta kostnaðarhækkunum í rekstri“, sbr. kafla 14.44.
8682. Rétt er að vísa til þess að á árinu 2012 var haft eftir (E)forstj að Eimskip á Íslandi gæti „haldið verðskránni stöðugri, þeir bara hækka hana og menn kyngja því.“, sbr. kafla 14.40.3. Til samanburðar má nefna að í samtímagagni frá Eimskip frá 10. desember sama ár er fullyrt að í svokölluðum „shortsea“-siglingum í Evrópu sé mikil samkeppni („Big competition in EU“) og verð

⁴⁴¹⁴ Mgr. 1463 í athugasemdum Samskipa við AII.



mjög lágt („Rates are very low“).⁴⁴¹⁵ Er þetta talið renna stoðum undir þá niðurstöðu að með samráði Samskipa við Eimskip hafi samkeppni verið raskað á flutningamörkuðum hér á landi.

8683. Samskip og Eimskip hækkuðu síðan verð aftur í upphafi árs 2013. Verður undirbúningi þessa og öðrum atvikum lýst í þessum kafla. Í upphafi verða hins vegar rakin atvik sem tengjast upptöku nýrra gjalda í landflutningum en þær aðgerðir voru liður í verðhækkunaraðgerðum Samskipa og Eimskips á síðari hluta ársins 2012.

14.54.1. Áframhaldandi samráð um karagjald í landflutningum

8684. Í kafla 8.16.4 er fjallað um samráð Eimskips og Samskipa árið 2008 vegna upptöku og álagningar svonefnds karagjalds í útflutningi. Höfðu Samskip gripið til verulegra verðhækkana á gjaldskrá í sjó- og landflutningum sem tóku gildi gagnvart viðskiptavinum þann 1. september 2008. Samhliða þeim var tekið upp nýtt gjald á ferskfiskflutninga, svonefnt karagjald „upp á 10 EUR per kar, sbr. tölvupóst (S)forstö-útfl til (S)forstj (afrit til (S)frkvstj-millilandasv) dags. 21. ágúst 2008. Í tengslum við upptöku þess benti undirmaður (S)forstö-útfl honum á að karagjaldið myndi fela í sér verulega verðhækkun pr. gám. (S)forstö-útfl svaraði um hæl: „já, þetta eru miklar hækkanir“ og sagði að hann vildi að þessi verðhækkun tæki gildi í næstu viku. Í tölvupósti (S)forstö-útfl til (S)forstj nokkrum dögum síðar kom fram að þetta þýddi „400-600 EUR hækkun á gám ef við rukkum 10 EUR per kar, heldurðu að við komumst upp með það?“ Fjórum dögum síðar, klukkan 08:40 þann 28. ágúst 2008, fól (S)forstj (S)forstö-útfl það verkefni að taka saman hvað fyrirhugaðar hækkanir kæmu til með að skila í aukinni framlegð fyrir fyrirtækið. Stuttu síðar, eða klukkan 11:32 sama dag, sendi (S)forstö-útfl tölvupóst til (E)forstö-útfl: „viltu hringja í mig í gsm“ en rétt er að rifja upp að (S)forstö-útfl og (E)forstö-útfl voru forstöðumenn í útflutningsdeildum Samskipa og Eimskips og báru þ.a.l. ábyrgð á verðlagningu útflutningsþjónustu fyrirtækjanna.
8685. Atvik sem áttu sér stað í kjölfar þessa eru rakin í kafla 8.16.4 en úr varð að þann 9. september 2008 fundaði (E)forstö-útfl með öðrum stjórnendum hjá Eimskip sem ákváðu að Eimskip myndi taka upp karagjöld á öllum gámum en fram að því hafði fyrirtækið einungis innheimt karagjald fyrir 40 feta RF-gáma (kæli- og frystigáma). Þegar framangreind samtímagögn eru virt í samhengi er það niðurstaða Samkeppniseftirlitsins að beiðni (S)forstö-útfl um símtal við (E)forstö-útfl hafi verið liður í því að búa í haginn fyrir verðhækkun Samskipa og að samskipti hafi átt sér stað milli fyrirtækjanna vegna a.m.k. karagjaldsins. Það liggur hins vegar ekki fyrir hvort eða hvenær Eimskip hóf innheimtu á auknu karagjaldi í útflutningi en ljóst er af gögnum málsins að Eimskip litu að minnsta kosti ekki á hið nýja karagjald Samskipa í útflutningi sem samkeppnislegt tækifæri til sóknar gagnvart óánægðum viðskiptavinum Samskipa. Endurspeglar þetta samráð fyrirtækjanna, þar á meðal hina ólögsmætu markaðsskiptingu.
8686. Líkt og rakið er í kafla 10.4.6 sýna samtímagögn að aðgerðir fyrirtækjanna tóku jafnframt til upptöku karagjalds í landflutningum eða einhvers konar umsýslugjalds vegna fiskikara gagnvart Umbúðamiðlun (sem var eigandi fiskikaranna). Þann 2. júlí 2008 hafði (S) frkvstj-innanl lýst því yfir að það væri óvissa fólgin í því að innleiða karagjald í landflutningum eins og staðan væri á markaðnum. (S) frkvstj-innanl og (E)frkvstj-innanl hittust á fundi daginn eftir, 3. júlí 2008. Aðeins örfáum dögum síðar má ráða af vinnugögnum (S)forstö-landfl og (S) frkvstj-innanl að þessi óvissa hafi verið farin og tekin sú ákvörðun að láta karagjald í landflutningum „koma til áhrifa“ í sama mánuði eða 18. júlí 2008. Er það mat Samkeppniseftirlitsins að fundur (S) frkvstj-innanl og (E)frkvstj-innanl hafi haft þau áhrif að eyða þeirri óvissu sem (S) frkvstj-innanl hafði lýst nokkrum dögum áður. Atvik sem rakin eru í framangreindum kafla styðja þetta og sýna að bæði fyrirtækin lögðu á karagjald eða einhvers konar umsýslugjald fiskikara gagnvart Umbúðamiðlun.
8687. Áður en vikið er að atvikum um karagjald í landflutningum árið 2012, þá ber hér fyrst að geta þess að á verkefnalista (E)rekstj-aksturst frá nóvember 2009 kom fram að koma ætti á „skilagjaldi kara“ og skyldi það vera gert „í takt við samkeppnina og aukin kostnað í kerfinu“, sbr. kafla 14.21.2.

⁴⁴¹⁵ Afritað tölvuskjal frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.880814.



Í nýrri útfærslu listans, í desember 2009, var m.a. karagjaldaliðnum í verkefninu um hækkun á afgreiðslu- og tryggingargjaldi gert hærra undir höfði: „Koma á skilgjaldi vegna flutninga á tónum körum. Mikilvægt að ákveða sanngjarnt gjald (langleiðir vs stuttleiðir) og hafa skýr ferli í gangi varðandi innrukkun á gjaldinu.“

8688. Líkt og fjallað er um í kafla 10.4.6 undirrituðu Eimskip og Umbúðamiðlun samkomulag um landflutning á tónum körum þann 2. janúar 2009. Samkvæmt efni samkomulagsins var Eimskip þjónustuaðili fyrir Umbúðamiðlun og bar sem slíkur að móttaka kör Umbúðamiðlunar, afgreiða körin og skrá afhendingar til viðskiptavina Umbúðamiðlunar. Fyrir þjónustuna greiddi Umbúðamiðlun Eimskip 100 kr. fyrir afgreiðslu á hverju kari. Af samtímagögnum má jafnframt ráða að Eimskip hafi rukkað karagjald eða sérstakt afgreiðslugjald af viðskiptavinum almennt vegna landflutninga á tónum fiskikörum. Umfjöllun um karagjald/afgreiðslugjald í mánaðarskýrslu Flytjanda fyrir janúar 2012 styður þá ályktun. Þar segir um hækkun karagjalds/afgreiðslugjalds á Vestfjörðum:

„Setja á hærra karagjald á vestfirði, [(E)starfsm] hefur það á tilfinningunni að flestir séu ekki að flytja jafn mikið af tónum körum og hann þar sem flutningur er bara one way. Bendir á að kannski sé best að byrja bara á einum stað. (E)starfsm vill leggja á karagjald fyrir þau kör sem dreifingarbílastarnir okkar pikka upp á suðvesturhorninu og ná fram hækkun á núverandi afgreiðslugjald vegna fiskikara.“

8689. Ástæða er til að setja þessi hækkunaráform Eimskips í samhengi við atvik vegna samráðs Eimskips og Samskipa í tengslum við gjaldskrárhækkanir sem voru framkvæmdar í upphafi árs 2012, bæði í sjó og landflutningum, sbr. umfjöllun í kafla 14.39. Sömu leiðis skulu höfð í huga ítrekuð samskipti æðstu stjórnenda Eimskips og Samskipa í aðdraganda þessara verðhækkana árið 2012. Þykir hér tilefni til að rifja upp eftirfarandi samskipti Eimskips og Samskipa á árinu 2012 (ekki tæmandi talin):

- Fundur (E)frkvstj-innanl, (E)deildstj-útfl1, (S)forstö-flutnstj og (S)forstö-útfl dags. 20. janúar 2012.
- (E)frkvstj-innanl og (S)frkvstj-innanl hittust á fundi hjá SVÞ, 10. febrúar 2012.
- Fundur (E)frkvstj-innanl og (S)forstö-útfl 17. febrúar 2012.
- Samskipti og fundur (E)frkvstj-innanl, (E)deildstj-útfl1, (S)forstö-útfl og (S)forstö-flutnstj 24. febrúar 2012.
- Tölvupóstur (S)forstö-útfl 27. febrúar 2012 gefur til kynna samskipti hans við Eimskip .
- (E)frkvstj-Þýskal og (S)forstö-innfl1 hittust 13. mars 2012.
- Samskipti (E)frkvstj-innanl og (S)forstö-flutnstj 29. mars 2012.
- Fundur (E)frkvstj-innanl og Samskipa (líklega (S)forstö-flutnstj) 29. mars 2012.⁴⁴¹⁶
- Fundur (E)frkvstj-innanl og (S)forstö-flutnstj 30. mars 2012.
- Samskipti (E)frkvstj-innanl og (S)forstö-flutnstj 30. mars 2012.
- (E)sölustj-innanl3, (E)starfsm, (E)starfsm og (S)starfsm hittust á fundi 11. maí 2012.
- Samskipti starfsmanna og stjórnenda á sameiginlegu árlegu golfmóti Eimskips og Samskipa 18. maí 2012.

⁴⁴¹⁶ Í tölvupósti [...]dags. 29.03.2012 sagði [...] að hann og [...] væru að fara að hitta Samskip sama dag kl. 13:00. Afritaður tölvupóstur frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.887713. Sama dag var færsla í dagbók [...] með heitinu „Tala við [...] v/tilboðs“. Afrituð dagbókarfærsla frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.211427.



- Golfhópurinn, sem (E)forstj og (S)forstj eru hluti af, hittist til að spila golf saman 11. júní 2012.
 - Golfhópurinn, sem (E)forstj og (S)forstj eru hluti af, hittist til að spila golf saman 1. ágúst 2012.
 - Golfhópurinn, sem (E)forstj og (S)forstj eru hluti af, fór saman í veiðiferð 23. – 26. ágúst 2012.
 - (S)frkvstj-Jóna vísaði til samtals við (E)frkvstj-sala/pj þann 30. ágúst 2012.
 - (S)frkvstj-Jóna kvaðst ætla að heyra í (E)frkvstj-sala/pj 3. september 2012
 - (E)frkvstj-innanl og (S)frkvstj-innanl hittust á fundi hjá SVÞ 4. september 2012.
8690. Tólf dögum eftir síðastnefndu samskipti (S)frkvstj-innanl og (E)frkvstj-innanl 4. september 2012 sendi sá fyrrnefndi tölvupóst til (S)forstj, n.t.t. 16. september 2012. Þar sagði (S)frkvstj-innanl að til stæði að taka upp karagjald sem áætlað væri að myndi skila 25 milljónum kr. á ársgrundvelli.⁴⁴¹⁷
8691. Þann 4. október 2012 áttu sér stað samskipti milli starfsmanna landflutninga hjá Samskipum og Eimskip, þ.e. (S)rekststj-landfl2, (E)starfsm, (E)sölustj-innanl3, (E)starfsm o.fl.
8692. Líkt og áður greinir er staðhæft í svörum Samskipa til Samkeppniseftirlitsins að Samskip hafi tilkynnt Umbúðamiðlun um fyrirhugaða gjaldtöku fyrir flutninga á tómunum körum þann 18. október 2012. Skyldi gjaldtakan hefjast þann 1. nóvember 2012.⁴⁴¹⁸ Þennan sama dag, 18. október 2012, hittust (E)forstö-landfl1 og (S)rekststj-landfl2 á fundi.⁴⁴¹⁹
8693. Hvorki Eimskip né Samskip veittu við upplýsingagjöf samkvæmt 19. gr. samkeppnislaga upplýsingar eða afhentu gögn sem gefa til kynna hvað rætt hafi verið á fundinum. Engin slík gögn bárust með athugasemdum fyrirtækjanna við AI eða AII. Um þýðingu þessa að lögum vísast til kafla 4.7.3. Við rannsókn Samkeppniseftirlitsins hefur ekki fundist fundargerð eða minnispointar sem teknir hafa verið saman á fundinum.
8694. Daginn eftir, 19. október 2012, hittust stjórnendur Flytjanda á fundi, m.a. (E)forstö-landfl1.⁴⁴²⁰ Í fundargerð fundarins kom m.a. eftirfarandi fram:
- „Væri bylting að fá karagjald inn, Samskip hafa gefið það út að þeir eru að rukka þetta og munu kæra okkur ef við eltum ekki.“⁴⁴²¹*
8695. Af þessu má sjá ánægju stjórnenda um að „fá karagjald inn“ og rætt um „byltingu“ í því sambandi og má sjá af glærुकynningu frá fundinum að þegar var hafin vinna hjá stjórnendum Flytjanda, þ. á m. (E)forstö-landfl1 sem hafði átt í samskiptum við (S)rekststj-landfl2, að koma á gjaldi vegna flutninga á tómunum körum, sbr. umfjöllun m.a. fram varðandi „Helstu verkefni 2013“:
- „Koma á skilgjaldi vegna flutninga á tómunum körum“⁴⁴²²*
8696. Í samræmi við þetta kemur fram í annarri glærुकynningu Flytjanda frá október 2012 að:
- „Mikil umræða á markaðnum varðandi flutninga og innheimtu á flutningsgjöldum á tómunum körum – LF [landflutningar hjá Samskipum] hafa nú þegar ákveðið að innheimta sérstakt gjald.“⁴⁴²³*

⁴⁴¹⁷ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.1043869.

⁴⁴¹⁸ Bréf Eimskips til Samkeppniseftirlitsins, dags. 13. október 2017. Bréf Samskipa til Samkeppniseftirlitsins, dags. 24. nóvember 2017. Viðauki 6, „Tilkynning til Umbúðamiðlunar“.

⁴⁴¹⁹ Afrituð tölvupóstsamskipti frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.34.129147.

⁴⁴²⁰ Afritaður tölvupóstur frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.34.130549.

⁴⁴²¹ Afritað tölvuskjal frá Eimskip. „Fundur með stjórnendum Flytjanda október 2012“. Fannst vistað á sameiginlegu tölvudrifi Eimskips, vistað þann 19.10.2012.

⁴⁴²² Afritað tölvuskjal frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.143700. Glæra 2.

⁴⁴²³ Afritað tölvuskjal frá Eimskip. „Flytjandi frkvst kynning okt 2012..“. Fannst vistað á sameiginlegu tölvudrifi Eimskips, vistað þann 27.11.2012.



8697. Þann 23. október 2012 héldu (E)frkvstj-sala/þj og (E)forstö-sölu vikulegan fund sinn. Samkvæmt fundargerð var á fundinum áfram rætt um áherslur fyrir árið 2012. Var áfram rætt um þetta: „Hækkun meðalsjóflutningsgjalda“.⁴⁴²⁴

8698. Í viðskiptaáætlun Flytjanda fyrir árið 2013, sem útbúin var stuttu síðar, þ.e. í nóvember 2012. Þannig var í áætluninni sérstaklega fjallað um flutning á tómunum fiskikörum og þar segir:

„Tóm fiskikör

Það hefur verið markmið Eimskips Flytjanda um langt skeið að innheimta flutningsgjald fyrir tóm kör í innanlandsflutningum. Þetta verkefni hefur þokast áfram og í dag er innheimt sérstakt afgreiðslugjald per. kar út um allt land. Markmiðið er að ná fram auknum tekjum vegna meðhöndlunar og flutnings á tómunum kerjum í formi flutningsgjalds eða vegna hækkunar á núverandi afgreiðslugjaldi“⁴⁴²⁵

8699. Á þessum tíma liggja fyrir gögn sem sýna áframhaldandi samskipti lykilstjórnenda Eimskips og Samskipa, sbr.:⁴⁴²⁶

- (E)frkvstj-innanl og (S)frkvstj-innanl hittust á fundi hjá SVÞ 22. nóvember 2012.
- (E)frkvstj-alþjsv og (S)forstj hittust í matarboði 8. desember 2012.
- (S)forstö-innfl1, (S)forstö-útfl og (S)frkvstj-millilandasv2 funduðu með (E)frkvstj-sala/þj og (E)forstö-sölu þann 18. desember 2012.

8700. Áðurnefnd gögn Eimskips og Samskipa vegna innleiðingu gjalds fyrir flutninga á tómunum körum árið 2012 endurspegla samfellt samráð fyrirtækjanna á þessum tíma.

8701. Bæði Samskip og Eimskip tóku upp eða hækkuðu karagjald (sem Eimskip nefndi afgreiðslugjald). Eins og áður segir tilkynntu Samskip um karagjald í landflutningum 18. október 2012. Samkvæmt afhentum gögnum Eimskips hækkaði Flytjandi sams konar gjald, þ.e. afgreiðslugjald pr. kar í janúar og júlí 2013.⁴⁴²⁷

8702. Í maí 2013 sendi (E)forstö-landfl1 glærुकynningu með tölvupósti til (E)frkvstj-innanl. Þar var m.a. fjallað um „aðgerðir til að bæta afkomu Flytjanda“. Þar sagði m.a. eftirfarandi:

„Hækkun núverandi afgreiðslugjald á körum Umbúðamiðlunar frá og með 1.maí – spurning um 20% hækkun“.⁴⁴²⁸

8703. Eru framangreind gögn og samskipti í samræmi við önnur samtímagögn frá rannsóknartímabilinu. Samfellt samráð gerði fyrirtækjunum kleift að haldi uppi eða hækka verð án ótta um samkeppnisleg viðbrögð helsta keppinutarins. Þannig sýna samtímagögn að unnið var samhliða hjá báðum fyrirtækjunum að víðtækum verðhækkunaraðgerðum, þ. á m. um upptöku nýrra gjalda á landflutningamarkaði, án ótta um viðbrögð keppinutarins, og í skjóli vissu fyrirtækjanna um gagnkvæman sameiginlegan vilja þeirra til verðhækkana.

8704. Þá skal því haldið til haga að framangreint sýnir jafnframt að sama dag og Samskip greindu Umbúðamiðlun frá upptöku á karagjaldi hittust (E)forstö-landfl1 og (S)rekststj-landfl2 á fundi þ.e. 18. október 2012. Daginn eftir samskiptin fjallaði (E)forstö-landfl1 um þessi áform innan Eimskips og sagði „byltingu“ að ná gjaldinu inn. Á sama fundi var rætt um hækkun gjaldsins hjá Eimskip (þar

⁴⁴²⁴ Afritað tölvuskjal frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.101516.

⁴⁴²⁵ Afritað tölvuskjal frá Eimskip. „Viðskiptaáætlun draft.docx“. Viðhengi við afritaðan tölvupóst frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.1034419.

⁴⁴²⁶ Sjá nánar kafla 13.

⁴⁴²⁷ Afhent yfirlit frá Eimskip. Afhent 23.03.2015, fskj. 3.

⁴⁴²⁸ Afritað tölvuskjal frá Eimskip. „Flytjandi frkvstj kynning apríl 2013.pptx“. Glæra 16. Viðhengi við afritaðan tölvupóst frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.34.156901.



nefnt afgreiðslugjald). Með hliðsjón af framangreindum gögnum, sér í lagi fundargerð af fundi stjórnenda Flytjanda verður ekki dregin önnur ályktun en að af samskiptum (E)forstö-landfl1 og (S)rekststj-landfl2 hafi leitt að (E)forstö-landfl1 taldi Samskip myndu kæra Eimskip, þ.e. með kvörtun til Samkeppniseftirlitsins, ef fyrirtækið myndi ekki hækka verð með karagjaldi. Gefur þetta til kynna að kærur eða hótun um kærur hafi á rannsóknartímabilinu verið álitnar af fyrirtækjunum sem tæki til að skapa aga og ná árangri í samráðinu. Ber að líta til þessa atvika þegar horft er til þeirra erinda sem Eimskip og Samskip sendu Samkeppniseftirlitinu á rannsóknartímabilinu, sbr. kafla 23. Þá vísast til umfjöllunar í kafla 4.8 þar sem segir frá því að þekkt sé í samráðsmálum sem þessum að aðilar í samráði refsí eða hefni sín ef annar samráðsaðili svindlar á samráðinu.

14.54.2. Atvik í september 2012

8705. Haustið 2012 hófu Samskip undirbúning að verðhækkun ársins 2013. Innan Eimskips á þessum tíma var einnig lögð áhersla á að hækka verð. Þann 27. ágúst 2012 hittust (E)frkvstj-sala/þj og (E)forstö-sölu á vikulegum fundi. Samkvæmt fundargerð var á fundinum rætt um áherslur fyrir árið 2012. Líkt og áður kom m.a. fram áhersla á: „Hækkun meðalsjóflutningsgjalda“.⁴⁴²⁹
8706. Helgina áður, 23. – 26. ágúst 2012, fór golfhópurinn, sem (E)forstj og (S)forstj voru hluti af, í veiðiferð saman. Þremur dögum síðar, 30. ágúst 2012, áttu (E)frkvstj-sala/þj og (S)frkvstj-Jóna á ný í samskiptum.⁴⁴³⁰ Einnig liggja fyrir gögn um samskipti þeirra sem áttu sér stað í kringum 3. september 2012.⁴⁴³¹ Þá áttu (E)frkvstj-innanl og (S)frkvstj-innanl samskipti 4. september 2012.⁴⁴³²
8707. Frekari samskipti áttu sér stað milli stjórnenda Eimskips og Samskipa í ágúst og september 2012 og þá um frystigáma sem notaðir voru í flutningum milli Íslands og Norður-Ameríku. Eru þau samskipti rakin í kafla 18 þar sem fjallað er um samstarf fyrirtækjanna um leigu og lán á gámum en þau voru nánar tiltekið eftirfarandi:
- (S)forstö-innfl1 sendi 28. ágúst 2012 tölvupóst til (E)forstö-sölu þar sem sagði: „Sökum rólegs útflutnings á reefer vöru til USA erum við að lenda í ójafnvægi varðandi reefer gáma í USA. Við höfum hingað til verið með nóg af gámum í Boston og Norfolk til að anna innflutningnum, en það lítur út fyrir að okkar gámar dugi ekki fyrir þá vöru sem bókuð verður í næstu skip. Hvernig er gámastaðan hjá ykkur þarna úti? Verður eitthvað mál að fá 3-5 reefer gáma hjá ykkur per skip næstu 3-4 mánuðina?“ (E)forstö-sölu svaraði nokkrum mínútum síðar: „Skoða og kem til baka ...“⁴⁴³³ (S)forstö-innfl1 ítrekaði fyrirspurnina með tölvupósti til (E)forstö-sölu þann 30. ágúst 2012.⁴⁴³⁴
 - Daginn eftir beindi (S)forstö-innfl1 fyrirspurninni til (E)frkvstj-sala/þj: „Getur thu nokkud kikt a thetta fyrir mig þar sem [(E)forstö-sölu] er OOO⁴⁴³⁵“.⁴⁴³⁶ (E)frkvstj-sala/þj svaraði samdægurs; „veit sem er að ástæða þess að [(E)forstö-sölu] náði ekki að svara þér er að við erum sjálfir nokkuð pressaðir með RF gáma um þessar mundir – við skoðum þetta og náum vonandi að svara þér af eða á, á mánudaginn.“⁴⁴³⁷
 - (E)forstö-sölu svaraði 3. september 2012: „Afsakaðu að við höfum ekki svar[að] þér fyrr en nú. Gagnvart RF-gámum þá er staðan þannig núna að við erum í mikilli eftirspurn og höfum því ekki tök á því að verða við ósk þinni gagnvart slíkum einingum. Verðum að skoða þetta skip fyrir skip enda kveður samningurinn okkur á milli ekki á um að við eigum að útvega aðra en þurrgáma.“⁴⁴³⁸

⁴⁴²⁹ Afritað tölvuskjal frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.102651.

⁴⁴³⁰ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.34.275599. Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.34.275600. Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.34.275580.

⁴⁴³¹ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.34.275168.

⁴⁴³² Sjá yfirlit í mgr. 116 hér að framan.

⁴⁴³³ Afritaðir tölvupóstar frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.1002471.

⁴⁴³⁴ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.1003096.

⁴⁴³⁵ Samkeppniseftirlitið gerir ráð fyrir að OOO merki „Out of Office“.

⁴⁴³⁶ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.1003342.

⁴⁴³⁷ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.1003370.

⁴⁴³⁸ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.1003554.



(S)forstö-innfl1 svaraði: „Takk fyrir að skoda þetta. Lattu mig endilega vita ef það opnast á þetta. Við munum taka þetta í gegnum Rotterdam þangad til.“⁴⁴³⁹ (E)forstö-sölu svaraði og kvaðst myndi láta Samskip vita.⁴⁴⁴⁰

- (S)forstö-innfl1 sendi á ný fyrirspurn til (E)forstö-sölu þann 12. september 2012: „Eigið þið einn reefer gám fyrir okkur í Boston fyrir lestun 20. sept?“⁴⁴⁴¹ (E)forstö-sölu svarar daginn eftir: „Kanna og kem til baka en hræðist neikvætt svar ... læt þig vita.“⁴⁴⁴²
- Þann 14. september 2012 sendi (S)frkvstj-N-Am tölvupóst til (S)viðskstj1 (afrit til (S)forstö-innfl1) og tilkynnti um góðar fréttir. Hann hefði verið í sambandi við Eimskip og að þeir muni útvega Samskipum gám.⁴⁴⁴³
- (S)forstö-innfl1 sendi aftur fyrirspurn til (E)forstö-sölu þann 25. september 2012: „Nú kemur sama vælið í mér varðandi reefer gámana. Skrifstofa okkar í Norfolk var í sambandi við ykkar fólk varðandi það að fá einn gám í Boston fyrir næsta skip. Ykkar fólk segist eiga gáma en geti ekki látið okkur fá gám nema að það komi fyrirmæli frá Reykjavík. Hvað segir þú um þetta?“⁴⁴⁴⁴

8708. (E)frkvstj-sala/þj, (E)forstö-sölu og (S)forstö-innfl1 voru lykilstjórnendur hjá Eimskip og Samskipum. Ákváðu þeir verð á sjóflutningum sinna fyrirtækja og komu að hvers konar ákvörðunum sem tengdust aðgerðum fyrirtækjanna á markaði. Framangreind gögn sýna að þessir stjórnendur skiptust á upplýsingum um viðkvæm samkeppnisleg málefni eins og um eftirspurn á tiltekinni þjónustu og gámastöðu. Er það niðurstaða Samkeppniseftirlitsins að samskiptin endurspegli ólögmeitt samráð fyrirtækjanna á þessum tíma.

8709. Þann 7. september 2012 sendi starfsmaður hjá Eimskip tölvupóst til yfirmanna sinna, (E)forstö-flutmið og (E)forstö-sölu, og sagði m.a.:

„Fannst rétt að láta ykkur vita, en ég er að fá kvartanir frá viðskiptavinum sem eru ósáttir við verðin hjá okkur frá USA.“⁴⁴⁴⁵

8710. Í fyrirbyggjandi gögnum málsins er ekki að finna viðbrögð við þessum tölvupósti enda þurfti Eimskip sökum samráðsins í m.a. Norður-Ameríku flutningum ekki að hafa áhyggjur af samkeppnislegum viðbrögðum Samskipa.

8711. Á meðan að framangreind samskipti helstu stjórnenda Eimskips og Samskipa (þ. á m. (S)forstö-innfl1, (E)frkvstj-sala/þj og (E)forstö-sölu) áttu sér stað, þ.e. 8. september 2012, spurði (S)rekststj-landfl2 þá (S)forstö-innfl1 og (S)forstö-útfl hvort hækkunar Samskipa árið 2013 yrðu ekki í takti við hækkunar Samskipa árið 2012. (S)forstö-innfl1 svaraði og sagði að gengið yrði út frá tveimur hækkunum á gjaldskrár árið 2013, í febrúar og ágúst:

„Við munum bara hækka sjóflutninginn í ágúst á næsta ári um 3%“

Varðandi þjónustugjöldin og aksturinn þá getum við ekki réttlætt meiri hækkun en sem nemur vísitölu. Það er gert ráð fyrir ca 5% árs verðbólgu og því teljum við rétt að setja inn hækkunir í samræmi við það.

Okkar tillaga er því 3% hækkun 1. feb og síðan ca 2% hækkun aftur 1. ágúst.

⁴⁴³⁹ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.1003573.

⁴⁴⁴⁰ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.1003615.

⁴⁴⁴¹ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.1007717.

⁴⁴⁴² Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.1008172.

⁴⁴⁴³ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.1008614.

⁴⁴⁴⁴ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.1011851.

⁴⁴⁴⁵ Afritaður tölvupóstur frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.34.139384.



Lögum þetta betur til þegar við fáum verðbólguþáttanna frá Hagdeild síðar í dag. Þælingin er alla vega að halda bara í við verðbólguna.⁴⁴⁴⁶

8712. Í september 2012 sendi (S)forstö-umb.erl tölvupóst til (S)forstö-innfl1 og (S)forstö-útf1. Heiti póstsins var „Verðhækkanir 2013“. Þar spurði (S)forstö-umb.erl hvort þeir væru komnir með „plan“ varðandi verðhækkanir árið 2013 og bað þá um að láta sig vita þegar það væri „komið á hreint“. Af svari (S)forstö-innfl1 þremur dögum síðar, 1. október 2012, má ráða að ákvörðun um verðhækkun hafi á þessum tímapunkti legið fyrir hjá Samskipum (tölvupósturinn var einnig til (S)forstö-útf1):

„Sjóflutningur hækkar um 3% 1. ágúst

þjónustugjöld á Íslandi hækka um 3% 1. feb og 2% 1. ágúst

þjónustugjöld erlendis hækka um 3% 1. feb⁴⁴⁴⁷

8713. Á þessum tíma unnu stjórnendur Samskipa, (S)forstö-innfl1 og (S)forstö-útf1, að áætlunum Samskipa fyrir árið 2013, m.a. í inn- og útflutningi.⁴⁴⁴⁸ Þar voru, í samræmi við framangreindan tölvupóst (S)forstö-innfl1, settar fram áætlanir um verðhækkanir á gjaldskrá Samskipa árið 2013. Sömu leiðis lögðu Samskip upp með eftirfarandi áherslur í innflutningi:

„allir viðskiptavinir greiði full verð í erlendum höfnum og að enginn afsláttur verði gefinn af collection fee. Auk þessa verður lögð áhersla á það að sem flestir viðskiptavinir greiði fyrir alla þjónustubætti, þ.e. sjóflutning, BAF, uppskipun, öryggisgjald og heimaakstur“.⁴⁴⁴⁹

8714. Sölu- og áætlunardeild (LIS, inn-og útflutningur) Eimskips vann á sama tíma og Samskip að áætlunargerð fyrir árið 2013.⁴⁴⁵⁰ Þann 19. september 2012 hittust (E)frkvstj-sala/þj og (E)forstö-sölu á vikulegum fundi. Samkvæmt fundargerð var á fundinum áfram rætt um áherslur fyrir árið 2012 og í því sambandi um hækkanir á meðalsjóflutningsgjöldum.⁴⁴⁵¹

14.54.3. Atvik í nóvember 2012

8715. Rétt er hér að hafa hliðsjón af atvikum sem tengjast landflutningum. Um miðjan nóvember 2012 vann Eimskip m.a. að framkvæmd verðhækkana gagnvart viðskiptavinum fyrirtækisins í fiskflutningum.⁴⁴⁵² Í markaðsskýrslu landflutninga Samskipa fyrir árið 2013, sem unnin var í september árið 2012, kemur fram að á árinu 2013 væri gert ráð fyrir 5% verðhækkun á flutningum á fiski gagnvart öðrum en fjórum stærstu viðskiptavinunum í ferskfiskflutningum.⁴⁴⁵³ Í glærukynningu (E)forstö-landfl1 frá júní 2013 kom fram að Eimskip hafi hækkað verð á fiskflutningum um 7% gagnvart hluta kaupenda í apríl 2013.⁴⁴⁵⁴

8716. Í afrituðum gögnum Samskipa frá miðjum nóvember 2012 er að finna ummæli um upptöku fyrirtækisins á svokölluðu „biðgjaldi“ sem (S)forstö-innfl1 vildi að landflutningar Samskipa myndu

⁴⁴⁴⁶ Afrituð tölvupóstsamskipti frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.1005192.

⁴⁴⁴⁷ Afrituð tölvupóstsamskipti frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.1014144.

⁴⁴⁴⁸ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. Frá [...] til [...] o.fl. „Magn og tekjuáætlun 2013 UTFL“, dags. 15.09.2012, kl. 08:47. Doc. ID. 0.7.33.114258. Samkvæmt tölvupóstinum var fundur tveimur dögum síðar hjá Samskipum. Að sama skapi var í fundargerð sölu- og áætlunardeildar Samskipa frá 18.09.2012 vísað til þess að áætlunargerð væri komin í gang í deildinni.

⁴⁴⁴⁹ Afritað tölvuskjal frá Samskipum. „Innflutningur – Rekstraráætlun 2013“. Viðhengi við afritaðan tölvupóst frá Samskipum. „Ný útgáfa af kynningu innflutningsdeildar“, dags. 11.10.2012, kl. 15:04. Doc. ID. 0.7.33.1018272. Bls. 5 og 13. Afritað tölvuskjal frá Samskipum. „Rekstraráætlun UTFL 2013 aðalskjal“. Vistað á tölvudrifi Samskipa, síðast vistað 11.10.2012, kl. 10:25. Bls. 8.

⁴⁴⁵⁰ Afritað tölvuskjal frá Eimskip. „LIS fundur_2012_Vika 38.docx“. Viðhengi við afritaðan tölvupóst frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.967968. Afritað tölvuskjal frá Eimskip. „LIS fundur_2012_Vika 39.docx“. Viðhengi við afritaðan tölvupóst frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.970858.

⁴⁴⁵¹ Afritað tölvuskjal frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.98892.

⁴⁴⁵² Afritaður tölvupóstur frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.34.134343.

⁴⁴⁵³ Afritað tölvuskjal frá Samskipum. „Markaðsskýrsla 2013.docx“. Viðhengi við afritaðan tölvupóst frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.1048321.

⁴⁴⁵⁴ Afritað tölvuskjal frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.20865.



„rukka [...] beint út á viðskiptavin“.⁴⁴⁵⁵ Þetta gjald var síðan lagt á viðskiptavin Samskipa þann 1. febrúar 2013.⁴⁴⁵⁶ Í tengslum við upptöku gjaldsins talaði (S)forstö-innfl1 um að bæta „texta smekklega“ inn í þjónustugjaldskrá Samskipa um hið nýja gjald. Gaf hann jafnframt þau fyrirmæli að ekki ætti að tilkynna þessa hækkun til viðskiptavina.⁴⁴⁵⁷

8717. Þann 22. nóvember 2012 sendi (S)viðskstj1 tölvupóst til (S)rekststj-landfl2 og (S)frkvstj-innanl, afrit til (S)forstö-innfl1, þar sem hann velti fyrir sér skipulagi á losun skipa Samskipa í sömu viku. Svo spurði hann hvort búið væri að semja m.a. við Eimskip („voru þið búnir að semja við ET / EÍ?“). (S)frkvstj-innanl svaraði að Eimskip ætlaði að „bjarga“ Samskipum með þetta (sbr.: „Eiman ætlar að bjarga okkur með þetta“). Er þetta til vitnis um þá hagnýtu samvinnu sem átti sér stað milli Eimskips og Samskipa á þessum tíma. (S)viðskstj1 svaraði (S)frkvstj-innanl um hæl: „þið eruð snillingar“.⁴⁴⁵⁸ Athuga ber að þennan sama dag voru samskipti milli (S)frkvstj-innanl og (E)frkvstj-innanl.⁴⁴⁵⁹
8718. Þann 4. desember 2012 sendi (S)forstö-innfl1 tölvupóst til (E)frkvstj-sala/þj og í honum sagði: „Nú er USA samningurinn okkar að renna út um áramót. Er ekki rétt að hittast fljótlega og ræða þau mál? Heyri frá þér“⁴⁴⁶⁰ (E)frkvstj-sala/þj svaraði nokkrum dögum seinna og spurði hvenær fyrirtækin ættu að hittast.⁴⁴⁶¹ Fundur var haldinn 18. desember 2012, sbr. nánar hér á eftir.
8719. Þá ræddu (E)frkvstj-sala/þj, (E)frkvstj-innanl og (E)forstö-landfl1 gjaldskrárhækkanir í landflutningum árið 2013 í tölvupóstum dags. 5. desember 2012. Í samskiptunum voru lagðar til 3,25-3,5% hækkunar á gjaldskrá landflutninga.⁴⁴⁶²
8720. Þann 6. desember 2012, sendi (E)frkvstj-sala/þj tölvupóst til (E)forstö-sölu, (E)forstö-flutmið, (E)verkefnastj, (E)forstö-vöruþróun, (E)starfsm og (E)starfsm sem bar titilinn „Gjaldskrárhækun 1.01.201[3]“. Þar upplýsti (E)frkvstj-sala/þj að ákveðið hefði verið „að hækka gjaldskrána nú um áramót um 2,9%“, n.t.t. sjófrakt, THC-gjald og öll önnur gjöld „á Ísland“.⁴⁴⁶³ Þá upplýsti hann að landflutningadeild Eimskips myndi hækka gjaldskrá um sömu prósentu. Ekki var búið að taka ákvörðun um hækkun Eimskips á gjaldskrám erlendis.
8721. Síðar í desember voru nefndar nokkrar leiðir til tekjuaukningar hjá Eimskip á árinu 2013. Þar á meðal var hækkun gjaldskrár og upptaka nýrra gjalda. Eimskip, eins og Samskip, áætlaði að endurskoða gjaldskrána tvisvar árið 2013, þ.e. 1. janúar og 1. júlí 2013.⁴⁴⁶⁴
8722. Í glærुकynningu (S)frkvstj-millilandasv2, sem vistuð var 7. desember 2012, má sjá að Samskip lögðu einnig á ráðin um gjaldskrárhækkanir í landflutningum á árinu 2013. Í glærुकynningunni var gert ráð fyrir 3% hækkun gjaldskrár 1. febrúar 2013 og 2% hækkun gjaldskrár 1. ágúst 2013.⁴⁴⁶⁵
8723. Gögn málsins gefa til kynna að (E)frkvstj-sala/þj og (S)frkvstj-Jóna hafi hist þennan dag, föstudaginn 7. desember 2012. Eins og fjallað er um í kafla 13 gefa gögn til kynna tengsl milli þessara stjórnenda og áttu þeir regluleg samskipti á rannsóknartímabilinu.

⁴⁴⁵⁵ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.1031977.

⁴⁴⁵⁶ Afrituð tölvupóstsamskipti frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.1061457.

⁴⁴⁵⁷ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.1160110.

⁴⁴⁵⁸ Afrituð tölvupóstsamskipti frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.920253.

⁴⁴⁵⁹ Sjá samskiptayfirlit í kafla 13.

⁴⁴⁶⁰ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.1038318.

⁴⁴⁶¹ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.1039940.

⁴⁴⁶² Afrituð tölvupóstsamskipti frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.34.137611. Afrituð tölvupóstsamskipti frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.1018430.

⁴⁴⁶³ Afritaður tölvupóstur frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.34.59132. Afritaður tölvupóstur frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.34.146172.

⁴⁴⁶⁴ Afritað tölvuskjal frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.883693. Skjalið er „Last Modified by [...]“ þann 12.12.2012.

⁴⁴⁶⁵ Afritað tölvuskjal frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.9728.



14.54.4. (S)forstj og (E)frkvstj-alþjv hittast og fjalla um verðhækkun í kjölfarið

8724. Daginn eftir, þ.e. 8. desember 2012, hittust síðan lykilstjórnendur Eimskips og Samskipa, (E)frkvstj-alþjv og (S)forstj, í árlegu matarboði (svokallað „Sinterklaas feast“). Fjallað er um tengsl og samskipti (S)forstj og (E)frkvstj-alþjv í m.a. kafla 13.
8725. Daginn eftir matarboð (S)forstj og (E)frkvstj-alþjv, eða kl. 22 að kvöldi sunnudagsins 9. desember 2012, sendi (S)forstj tölvupóst á sjálfan sig en gögn þessa máls sýna að hann gerði það gjarnan til minnis fyrir sig. Heiti tölvupósts (S)forstj var „Áherslur 2013“. Í þessum tölvupósti eru raktar áherslur forstjórans fyrir árið 2013 en ein af þessum áherslum var m.a. að:
- „[...] hækka verð“.⁴⁴⁶⁶
8726. Á þessum tímapunkti var hins vegar farið að hrikta í stoðum hinnar ólögsmætu markaðsskiptingar, líkt og áður hefur verið nefnt. Endurspeglast það í umræddum tölvupósti (S)forstj en þar kom einnig fram eftirfarandi: „VM, na i nýtt magn Millilandasvið-na i thad magn sen við vorum með, nýja bita, færeyjar, grænmeti.. Grunnur að frsmtið, annað óhjákvæmilegt, [...] Samkeppni a markaði [...]“.
8727. Nokkrum klukkustundum eftir að (S)forstj sendi á sjálfan sig framangreindan tölvupóst, eða um kl. 8 mánudagsmorguninn 10. desember 2012, sendi (E)frkvstj-alþjv tölvupóst til (E)forstö-alþjv og (E)forstö-viðskþróun með heitinu:
- „Verðhækkunir“.
8728. Af þessu má sjá að strax í kjölfar samskipta (S)forstj og (E)frkvstj-alþjv var rætt um og lögð áhersla á verðhækkun hjá þeim báðum. Virt saman við önnur samtímagögn, sem rakin eru hér á eftir, bendir þetta sterklega til þess að málefni tengd verðhækkunum hafi verið rædd í umræddu matarboði. Ber og að áréttu að (S)forstj og (E)frkvstj-alþjv voru meðlimir í vinnuhópnum sem stofnaður var til að vinna að framkvæmd „Nýtt upphaf“ verkefnis Samskipa og Eimskips.
8729. Samkvæmt tölvupósti (E)frkvstj-alþjv vann hann á þessum tíma að verðhækkunum Eimskips í erlendum höfnum. Samkvæmt umræddum tölvupósti höfðu hann og (E)frkvstj-sala/þj ákveðið að innleiða hjá Eimskip svokallað Lo/Lo gjald (e. Lift on/Lift off fee) í öllum erlendum höfnum Eimskips (líkt og var þegar hjá Eimskip í Bretlandi og Danmörku). Til viðbótar skyldi hækka verð gagnvart viðskiptavinum fyrir for- og áframflutninga erlendis (þar sem framlegð Eimskips „hleypur á tugum prósentu“ án vitneskju viðskiptavina, sbr. áðurnefndan tölvupóst (E)forstö-sölu frá febrúar 2012). Af tölvupósti (E)frkvstj-alþjv má ráða að ennþá hafi verið til skoðunar hjá honum og (E)frkvstj-sala/þj hvort það ætti að viðhalda verðum á FOB-gjöldum og gjaldi fyrir lestun/losun erlendis (THC).⁴⁴⁶⁷
8730. Gögn málsins sýna jafnframt að (E)frkvstj-sala/þj vann þennan dag, þ.e. 10. desember 2012, líkt og (E)frkvstj-alþjv, að framkvæmd verðhækkana Eimskips en síðar sama dag sendi (E)frkvstj-sala/þj tölvupóst til (E)forstö-sölu, (E)forstö-flutnið, (E)frkvstj-innanl o.fl. með tillögum að bréfi til viðskiptavina Eimskips, þar sem tilkynna átti viðskiptavinum um verðhækkunir Eimskips sem taka áttu gildi 1. janúar 2013.⁴⁴⁶⁸
8731. Í samræmi við framangreind gögn Eimskips, um undirbúning verðhækkana 2013, má sjá í fundargerð frá fundi sölu- og áætlunardeildar Eimskips (LIS), dags. 11. desember 2012, að þjónustugjöld á Íslandi og sjófrakt skyldu þann 1. janúar 2013 hækka um 2,9%. Samkvæmt fundargerð lá á þeim

⁴⁴⁶⁶ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] „Áherslur 2013“, dags. 09.12.2012, kl. 22:01. Doc. ID. 0.7.33.1082967. [...] sendi aftur áherslur 2013 til síns sjálfs 17.12.2012 og 27.12.2012. Afritaðir tölvupóstar frá Samskipum. „Áherslur 2013“. Doc. ID. 0.7.33.1088352.

⁴⁴⁶⁷ Afritaður tölvupóstur frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.880320. Ekki er ljóst hvað FOB-gjöld stóðu fyrir en ætla má af gögnum málsins að það hafi verið notað sem samheiti fyrir gjöld á gjaldskrá í erlendum höfnum skipafélaganna (líklega í þeim tilvikum þegar um var að ræða „free on board“ skilmála). Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.955340.

⁴⁴⁶⁸ Afritaður tölvupóstur frá Eimskip. „Gjaldskrárbreyting_jan_2013.doc“, dags. 10.12.2012, kl. 15:23. Doc. ID. 0.7.34.146401.



tímapunkti ekki fyrir endanleg ákvörðun Eimskips um verðbreytingar í höfnum fyrirtækisins erlendis.⁴⁴⁶⁹

8732. Er framanritað í samræmi við önnur gögn Eimskips en þennan sama dag spurði (E)forstö-vörubróun (E)frkvstj-sala/þj um gjaldskrárbreytingar Eimskips „erlendis“. (E)frkvstj-sala/þj svaraði og sagðist hafa talað við (E)frkvstj-alþj sv þennan morgun og að ennþá væri verið að skoða þær breytingar.⁴⁴⁷⁰ Gögn málsins sýna að Samskip hafi, líkt og Eimskip, hækkað gjöld í erlendum höfnum 1. febrúar 2013.⁴⁴⁷¹

8733. Eftirfarandi átti sér einnig stað fyrrgreindan dag, þ.e. 11. desember 2012:

- Eimskip vann að frekari verðhækkunum. (E)forstö-sölu gaf þau fyrirmæli að gjaldskrá fyrir heilgáma í akstri skyldi hækka um áramótin 2012/2013. Forsagan er sú að (E)forstö-vörubróun hafði 6. desember 2012 sent fyrirspurn til m.a. (E)forstö-sölu um hvort þessi gjaldskrá skyldi hækkuð um áramótin. Fimm dögum eftir framanrakin samskipti stjórnenda Samskipa og Eimskips, svaraði (E)forstö-sölu: „Hækka um áramót. Framtíðin kemur með framtíðinn[i].“⁴⁴⁷²
- Sama dag var einnig unnið að framkvæmd verðhækkana innan Samskipa. Þennan morgun gaf (S)forstö-útl fyrirmæli til (S)starfsm um hækkan á verði, niðurfellingu sk. frídaga o.fl. Verðhækkunarir skyldu taka gildi frá og með 1. janúar 2013.⁴⁴⁷³
- Skömmu síðar sama dag var tilkynnt um aðra verðhækkun hjá Samskipum. Deginum á undan gaf (S)forstö-útl undirmönnum sínum fyrirmæli um að taka saman og senda verðhækkunartilkyningu til stærstu viðskiptavina Samskipa (A og B viðskiptavinir) um verðhækkun vegna flutninga á frystigámum til hafna í Asíu sem taka átti gildi 1. janúar 2013.⁴⁴⁷⁴ Þessi tilkyning um verðhækkun til viðskiptavina var send út 11. desember 2012 og nam hækkanin USD 1.500 á hvern gám.⁴⁴⁷⁵
 - Í gögnum Samskipa má sjá að viðskiptavinur brást strax við og trúði vart að þessi mikla hækkan væri rétt og spurði hvort mistök hefðu átt sér stað: „Ég gæti trúað 150 dollara á gám hækkan en ekki tvöföldun eins og þetta sýnir. Ertu viss um að þetta sé rétt?“⁴⁴⁷⁶
 - Einnig barst eftirfarandi tölvupóstur til Samskipa 13. desember 2012 frá óánægðum viðskiptavini í útflutningi frá Íslandi, Ögurvík: „Þetta er ekki í takt við neitt í umhverfinu, og við höfnum þessu alfarið.“

Það er eins og Steingrímur / Jóhanna hafi komist í verðskrá Samskipa.“⁴⁴⁷⁷

8734. Í upplýsingabeiðni Samkeppniseftirlitsins samkvæmt 19. gr. samkeppnislaga var óskað afhendingar á öllum breytingum á gjaldskrá Samskipa og upptöku nýrra gjalda vegna áætlunarsiglinga til og frá Íslandi á tímabilinu frá 2006 fram í ársbyrjun 2015, sbr. bréf frá Samkeppniseftirlitinu 29. janúar 2015. Samskip afhentu yfirlit vegna þessa 10. apríl 2015. Upplýsingar um framangreinda verðhækkun vegna Asíu flutninga var ekki þar á meðal. Var þetta til þess fallið að tefja framgang rannsóknarinnar.

⁴⁴⁶⁹ Afritað tölvuskjal frá Eimskip. „LIS fundur_2012_Vika 50“. Vistað á tölvudrifi Eimskips, síðast vistað 11.12.2012, kl. 11:20.

⁴⁴⁷⁰ Afrituð tölvupóstsamskipti frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.34.59506.

⁴⁴⁷¹ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.1057400.

⁴⁴⁷² Afrituð tölvupóstsamskipti frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.34.59595.

⁴⁴⁷³ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. „Gjaldtaka fyrir Ísheima þjónustu“, dags. 11.12.2012, kl. 10:34. Doc. ID. 0.7.33.1155322.

⁴⁴⁷⁴ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.1155286. Sjá einnig afritaðan tölvupóst frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.1155308.

⁴⁴⁷⁵ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. „RE: Tilkynning frá Samskipum: Hækkun flutningsgjalda fyrir frystigáma til Asíu“, dags. 11.12.2012, kl. 11:24. Doc. ID. 0.7.33.1155408.

⁴⁴⁷⁶ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.1155414.

⁴⁴⁷⁷ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.1155831.



8735. Þann 12. desember 2012 tilkynnti Eimskip viðskiptavinum sínum um hækkanir á gjaldskrá og þjónustugjöldum (2,9%) sem taka áttu gildi 1. janúar 2013.⁴⁴⁷⁸
8736. Þann 14. desember 2012 héldu Samskip áfram með framkvæmd verðhækkana vegna fiskflutninga og jafnframt skipulagði fyrirtækið verðhækkanir gagnvart mikilvægum viðskiptavinum.⁴⁴⁷⁹ Þetta gekk eftir því þann 25. janúar 2013 tilkynntu Samskip viðskiptavinum sínum um hækkanir á þjónustugjaldskrá sjóflutninga á Íslandi og erlendis og gjaldskrá landflutninga (3%), sem taka átti gildi 1. febrúar sama ár. Samkvæmt tilkynningunni voru hækkanirnar „*til þess að mæta kostnaðarhækkunum í rekstri*“.⁴⁴⁸⁰
8737. Þann 17. desember 2012 tilkynnti (E)frkvstj-sala/þj þeim (E)forstö-vörubróun, (E)verkefnastj, (E)frkvstj-alþjvs og (E)forstö-sölu að ákveðið hafi verið að hækka gjöld erlendis um 2,1% (þ. á m. THC gjöld) frá 1. janúar 2013.⁴⁴⁸¹ Sama dag tilkynnti (E)forstö-vörubróun að verð á sjófrakt ásamt hafnargjöldum á Íslandi og þjónustugjöldum á Íslandi myndi hækka um 2,9% 1. janúar 2013.⁴⁴⁸²

14.54.5. Fundur Samskipa og Eimskips 18. desember 2012

8738. Samskip og Eimskip hittust á fundi daginn eftir, þann 18. desember 2012 kl. 14.⁴⁴⁸³ Af hálfu Eimskips sátu (E)frkvstj-sala/þj og (E)forstö-sölu fundinn og fulltrúar Samskipa voru (S)forstö-innfl1, (S)forstö-útfll og (S)frkvstj-millilandasv2.⁴⁴⁸⁴ Voru þetta stjórnendur sem höfðu ríka aðkomu að verðákvörðunum beggja fyrirtækjanna. Fyrir þennan dag áttu (S)forstö-innfl1 og (S)forstö-útfll fund saman. Var hann kl. 10:00 og heiti hans var „*Undirbúningur fyrir fund með Eimskip*“.⁴⁴⁸⁵
8739. Hvorki Eimskip né Samskip veittu við upplýsingagjöf samkvæmt 19. gr. samkeppnislaga upplýsingar um þennan fund eða afhentu gögn sem gefa til kynna hvað rætt hafi verið á fundinum.⁴⁴⁸⁶ Engin slík gögn bárust með athugasemdum fyrirtækjanna við AI eða AII. Um þýðingu þessa að lögum vísast til kafla 4.7.3. Við rannsókn Samkeppniseftirlitsins hefur ekki fundist fundargerð eða minnispunktar sem teknir hafa verið saman á fundinum.
8740. Samtímagögnin sýna hins vegar að á fundinum átti a.m.k. að ræða endurnýjun á Norður-Ameríkusamningnum, sbr. tölvupóst (S)forstö-innfl1 til (E)frkvstj-sala/þj frá 4. desember 2012. Eftirfarandi tölvupóstur (S)forstö-innfl1 frá 19. desember 2012 sýnir að Eimskip ræddi á fundinum um mögulegar breytingar á siglingakerfi sínu. Gefur þetta til kynna að á fundinum var a.m.k. rætt um áframhaldandi ólögmeitt samstarf fyrirtækjanna í sjóflutningum.
8741. Eins og rökstutt er í kafla 11 hafði „*Nýtt upphað*“ verkefnið að markmiði að raska samkeppni í skilningi 10. gr. samkeppnislaga. Samstarf Samskipa og Eimskips í Norður-Ameríku flutningum var hluti af „*Nýtt upphað*“ verkefninu. Öll samskipti fyrirtækjanna þar sem unnið var eða rætt um „*Nýtt upphað*“ verkefnið fóru því gegn 10. gr. samkeppnislaga, þ.m.t. þessi fundur 18. desember 2012.
8742. Sama dag og fundur Eimskips og Samskipa fór fram hélt (E)forstö-sölu fund með undirmönnum í sölu- og áætlunardeild Eimskips (LIS). Samkvæmt fundargerð frá fundinum voru helstu mál fundarins m.a.:

⁴⁴⁷⁸ Afritaður tölvupóstur frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.881885.

⁴⁴⁷⁹ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.34.139002.

⁴⁴⁸⁰ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. Frá Samskipum til viðskiptavinar. „*Tilkynning frá Samskipum: Gjaldskrárbreytingar 1. febrúar 2013*“, dags. 25.01.2013, kl. 16:04. Doc. ID. 0.7.33.1053257.

⁴⁴⁸¹ Afritaður tölvupóstur frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.884136.

⁴⁴⁸² Afritaður tölvupóstur frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.884270.

⁴⁴⁸³ Afrituð dagbókarfærsla frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.1155637.

⁴⁴⁸⁴ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.1042009. Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.1042014.

⁴⁴⁸⁵ Afrituð dagbókarfærsla frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.1155757.

⁴⁴⁸⁶ Í kafla 23 er fjallað um brot Samskipa gegn upplýsingaskyldu 19. gr. samkeppnislaga.



„[h]ækkarir á þjónustugjöldum á Í[slandi] og sjófragt um áramót 2,9%. Hakkarir erlendis verða 2,1%“.

8743. Undir önnur mál kemur fram í fundargerðinni að skoða ætti afgreiðslugjald erlendis (THC) „*m.t.t. lágmarksgjalda í smærri sendingum. Skoða upptöku gámagjalds á THC á Í[slandi] (sama verð óháð gámastærð)*“.⁴⁴⁸⁷
8744. Morguninn eftir fundinn með Eimskip, 19. desember 2012, sendi (S)forstö-innfl1 tölvupóst til Jóna ((S)frkvstj-Jóna og (S)starfsm-Jóna) með heitinu „*Hækkun frá Eimskip*“. Í honum sagði:
„*Voruð þið búnir að fá tilkynningu um hækkun frá Eimskip. Skilst að þeir séu að hækka um 2,9 núna. Getið þið sent mér afrit af tilkynningunni.*“⁴⁴⁸⁸
8745. Á þessum tíma hafði Eimskip hvorki tilkynnt opinberlega né viðskiptavinum sínum um fyrirhugaða verðhækkun enda svaraði (S)frkvstj-Jóna síðar sama dag: „*Hef ekkert seð þaðan...[svo]*“.⁴⁴⁸⁹ Á þessum tímapunkti hafði þannig framkvæmdastjóri Jóna ekki fengið tilkynningu frá Eimskip um hækkun á verði.
8746. Af framangreindu má því draga þá ályktun að (S)forstö-innfl1 hafi fengið upplýsingar um fyrirhugaða verðhækkun Eimskips á fundi með (E)frkvstj-sala/þj og (E)forstö-sölu daginn áður, 18. desember 2012.
8747. (S)starfsm-Jóna hjá Jónum svaraði hins vegar framangreindum tölvupósti (S)forstö-innfl1 frá 19. desember 2012 þann 2. janúar 2013 og áframsendi tilkynningu frá Eimskip þar sem tiltekið var að „*sjóflutningsgjaldskrár og þjónustugjöld á Íslandi hækka um 2,9%*“. Var og sagt í tilkynningunni að (E)frkvstj-sala/þj veitti nánari upplýsingar um þessa hækkun.⁴⁴⁹⁰
8748. (S)forstö-innfl1 svaraði (S)starfsm-Jóna og spurði „*Hafið þið hækkað gjaldskrána ykkar eitthvað núna um áramót? Heyrði af hækkun á tollafgreiðslu.*“⁴⁴⁹¹
8749. (S)starfsm-Jóna svaraði og upplýsti að Jónar hefðu hækkað verð fyrir tollskjalagerð. Gögn málsins sýna að bæði Jónar og TVG höfðu á þessum tíma unnið að hækkun á verði fyrir tollskjalagerð, sbr. nánar hér á eftir.
8750. Morguninn eftir fundinn með Eimskip, þ.e. 19. desember 2012, sendi starfsmaður Samskipa í Danmörku tölvupóst til (S)forstö-innfl1 og spurði hvort til stæði að hækka verð í Árósum. Vildi hann fá að vita þetta vegna fyrirspurnar frá viðskiptavinum. (S)forstö-innfl1 svaraði strax og sagði: „*The plan is to increase by 3% on 1. feb. The amount might not be exactly #3, maby [svo] 2,5%.*
Have you heard of any increase by Eimskip?“⁴⁴⁹²
8751. Starfsmaður Samskipa í Svíþjóð svaraði: „*Ok thanks then I wait, no I have not heard anything of how Eimskip will do, I will try to find out and let you know.*“⁴⁴⁹³
8752. Morguninn eftir fundinn með Eimskip, þ.e. 19. desember 2012, sendi (S)forstö-innfl1 tölvupóst til (S)frkvstj-N-Am og fjallaði um fundinn. Sagði hann þetta hafa verið „*Fínn fundur*“. Eimskip væri að fara fram á hækkun, verðin væru orðin „*ansi há*“ og að Samskip þyrftu að „*skoða mjög alvarlega að taka eins mikið og mögulegt er í TAS.*“

⁴⁴⁸⁷ Afritað tölvuskjal frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.1025500.

⁴⁴⁸⁸ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.1043054.

⁴⁴⁸⁹ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.34.242414.

⁴⁴⁹⁰ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.1044752.

⁴⁴⁹¹ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.1044915.

⁴⁴⁹² Afritaðir tölvupóstar frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.1043062.

⁴⁴⁹³ Afritaðir tölvupóstar frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.1043600.



8753. (S)frkvstj-N-Am svaraði og kvaðst vera „klárir í "Total TAS" og fagnaði hann „breyttum áherslum í okkar flutningakerfi". (S)forstö-innfl1 svaraði: „þeir ræddu reyndar að þeir væru alvarlega að skoða það að hætta að sigla til Norfolk, en það væri engin ákvörðun komin. Mig grunar að þeir hætti á næsta ári. Þá er enn mikilvægara að vara búinn að ýta öllu yfir á TAS.“⁴⁴⁹⁴
8754. Samkvæmt þessu áttu Samskip „fínan“ fund með Eimskip þar sem m.a. var rætt um hækkun á verði Eimskips til Samskipa í sjóflutningum til og frá Norður-Ameríku. Jafnframt er ljóst að á fundinum var rætt um mögulegar breytingar á siglingakerfi Eimskips.
8755. Líkt og fram hefur komið var samstarf Eimskips og Samskipa í sjóflutningum milli Íslands og Norður-Ameríku liður í „Nýtt upphaf“ verkefninu og þar með einn þáttur í samfelldu samráði Eimskips og Samskipa. Hér er ástæða til að vísa til umfjöllunar um gögn frá árinu 2008, þ.e. þegar „Nýtt upphaf“ verkefni Eimskips og Samskipa hófst, sem sýna að (E)forstj vildi auka Norður-Ameríku flutninga fyrir Samskip og biðja keppinautinn um að draga úr samkeppni í Norður-Ameríku siglingum (þ.e. með TA-flutningum). Hér má aukinheldur vísa til gagns (E)forstj frá september 2011 þar sem hann setti á verkefnalista að kannaður yrði sá möguleiki að Samskip myndu nota Eimskip meira frá Norður-Ameríku og Samskip myndu nota gáma frá Eimskip eftir þörfum. Með hliðsjón af framangreindum atvikum vekur óhjákvæmilega athygli að í áðurnefndum tölvupósti (S)forstö-innfl1 til (S)frkvstj-N-Am, 19. desember 2012, kunngerði (S)forstö-innfl1 að Samskip ættu að skoða „alvarlega“ hvort fyrirtækið ætti í framhaldinu að leggja meiri áherslu á TA-flutninga í stað þess að nýta sér flutninga með Eimskip, beint milli Íslands og Norður-Ameríku. Með því mætti ætla að (S)forstö-innfl1 væri að skoða það „alvarlega“ að draga úr samstarfi við Eimskip á þessari flutningaleið. Á hinn bóginn sýna afhent og afrituð gögn að þrátt fyrir framangreindar hugleiðingar (S)forstö-innfl1 þá héldu fyrirtækin áfram samstarfi sínu í sjóflutningum a.m.k. út árið 2013, þ. á m. í sjóflutningum milli Íslands og Norður-Ameríku.⁴⁴⁹⁵ Um þetta er einnig fjallað um kafla 16.

14.54.6. Verðhækkun í janúar og febrúar 2013

8756. Þann 1. janúar 2013 bókaði (E)forstj framkvæmdastjóra Eimskips á fund, þ.e. þá (E)frkvstj-sala/þj, (E)frkvstj-innanl, (E)frkvstj-alþjsv, (E)frkvstj-skiparekstog (E)frkvstj-fjárm. Fundartími var 11. janúar 2013 og heiti fundarboðsins var „Fundur framkvæmdastjórnar - yfirferð verkefna á fyrsta ársfjórðungi 2013“.⁴⁴⁹⁶ Daginn eftir fundarboð (E)forstj, eða 2. janúar 2013, sendi hann tölvupóst til framkvæmdastjórnanna ((E)frkvstj-sala/þj, (E)frkvstj-innanl, (E)frkvstj-alþjsv, (E)frkvstj-skiparekst og (E)frkvstj-fjárm). Í viðhengi með tölvupósti (E)forstj var verkefnalisti sem ætla má að hafi átt að ræða á áðurnefndum fundi 11. janúar 2013. Ef þessi verkefnalisti er skoðaður nánar má sjá þar listuð upp verkefni Eimskips á Íslandi fyrir fyrsta ársfjórðung 2013. Í upptalningu verkefna, bæði fyrir sjóflutningsdeild og fyrir landflutninga á Íslandi, voru fyrirsmæli um:

„Verðskrár hækkunar“.

8757. Einnig var á verkefnalista sjóflutninga: „Hækkunar í höfnum“. Ábyrgð á þessum verðhækkunarverkefnum var tilgreind hjá (E)frkvstj-sala/þj og (E)frkvstj-innanl.⁴⁴⁹⁷
8758. Samkvæmt afhentum upplýsingum Eimskips við rannsókn málsins hækkaði fyrirtækið gjaldskrá 1. janúar 2013 (vegna Evrópuflutninga) og 23. janúar 2013 (vegna Norður-Ameríku flutninga) um 2,9%, m.a. sjófrakt, afgreiðslugjöld á Íslandi og for- og áframflutning á Íslandi. Þá hækkuðu afgreiðslugjöld Eimskips erlendis um 2,1% og for- og áframflutningur í Bretlandi og Danmörku um 2,1%.

⁴⁴⁹⁴ Afrituð tölvupóstsamskipti frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.1043277.

⁴⁴⁹⁵ Afhent gögn frá Samskipum. Afhent 22.11.2016. Viðauki 5. Afhent gögn frá Eimskip. Afhent 01.12.2016. „Viðskipti við Samskip“. Sbr. bréf Samkeppniseftirlitsins til Eimskips með athugasemdum 08.03.2017. Afhent gögn Eimskips. Afhent 28.04.2017, mappa 2.

⁴⁴⁹⁶ Afrituð dagbókarfærsla frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.1039234.

⁴⁴⁹⁷ Afritaður tölvupóstur frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.1039449. Viðhengi var tölvuskjalið „Verkefni ársins 2013 - 1st quarter.xlsx“.



8759. Samkvæmt afhentum upplýsingum Samskipa hækkaði fyrirtækið þjónustugjöld innanlands og erlendis í inn- og útflutningi þann 1. febrúar 2013 um 3%.
8760. Ber að geta þess að Flytjandi/Eimskip hækkaði sömuleiðis gjaldskrár þann 1. janúar 2013 um 2,9%.⁴⁴⁹⁸ Einnig hækkuðu Landflutningar/Samskip þann 1. febrúar 2013 gjaldskrár um 3%.⁴⁴⁹⁹ Jónar hækkuðu jafnframt gjaldskrár 1. janúar 2013 um 4,5%.⁴⁵⁰⁰
8761. Í gögnum Samskipa má sjá eftirfarandi viðbrögð viðskiptavina við hækkunartilkynningu fyrirtækisins 25. janúar 2013:
- „Þetta er ekki málið - kostnaðarhækkunir í rekstri hvaða rugl er þetta - þarf ekki bara aðhald í rekstri hjá ykkur.*
- Veit ekki betur en að Samskip hafið skilað miljarða hagnaði á síðasta ári - áskilum okkur rétt á að segja upp samningi um flutning og hýsingu í vöruhótelí.“⁴⁵⁰¹*

14.54.7. TVG og Jónar

8762. Ástæða er til þess að víkja hér að aðgerðum dótturfélaga Samskipa og Eimskips, Jónar og TVG.
8763. Líkt og líst er í kafla 14.39 er það niðurstaða Samkeppniseftirlitsins að atvik í árslok 2011 og janúar 2012 dragi skýrt fram þær samkeppnishömlur sem leiddu af samfellda samráði Samskipa og Eimskips, þ.e. að fundur fyrirtækjanna 29. desember 2011 hafi auðveldað Samskipum að hækka verð í kjölfar verðhækkunar Eimskips og þar með gert Eimskip auðveldara fyrir að ná sinni verðhækkun fram. Dótturfélögin Jónar og TVG hækkuðu einnig verð í janúar 2012.
8764. Viðskiptavinir Jóna og TVG voru ekki síst lítil og meðalstór fyrirtæki. Eins og fram hefur komið tók markaðsskipting Eimskips og Samskipa til viðskipta við mikilvæga viðskiptavini. Sýna samtímagögn að samkeppni tók fyrst og fremst til einstaklinga og smærri fyrirtæki. Þá voru keppinautar Jóna og TVG m.a. fyrirtæki eins og DHL og TNT/Íslandspóstur (og Icelandair að einhverju leyti) sem voru ekki hluti af samráði fyrirtækjanna.
8765. Áður en vikið er að aðgerðum Jóna og TVG á árinu 2012 er rétt að hafa í huga tengsl og samskipti (S)frkvstj-Jóna, framkvæmdastjóra Jóna, við lykilstjórnendur hjá Eimskip. Tengsl voru á milli (S)frkvstj-Jóna og (E)frkvstj-sala/þj og áttu þeir í ítrekuðum beinum samskiptum, sbr. kafla 13. Sýna gögn málsins m.a. að (E)frkvstj-sala/þj átti „spjall“ við (S)frkvstj-Jóna um samkeppnisleg málefni. Hér ber einnig að rifja upp eftirfarandi:
- Í október 2009 var (S)frkvstj-Jóna afar óánægður með verðsamkeppni frá TVG og vonaðist til þess að „mammafari að ala barnið betur upp á næstunni.“ Átti hann við að Eimskip myndi sjá til þess að dótturfélagið TVG hækkaði verð, sbr. kafla 14.17.8.
 - Í janúar 2010 var (S)frkvstj-Jóna á ný óánægður með lágt verð TVG. Sagði (S)frkvstj-Jóna að þeir hjá TVG væru „fífl“ og óskaði hann eftir því (S)forstö-innfl1 myndi ræða við (E)forstö-innfl til að stuðla að því að TVG myndi hækka verð. (S)forstö-innfl1 tók það verkefni að sér. Sýna gögnin að í kjölfarið hafi (E)forstö-innfl og (E)frkvstj-sala/þj átt í viðræðum við framkvæmdastjóra TVG ((E)frkvstj-TVG) um verðstefnu TVG. Í apríl 2010 sendi (E)frkvstj-sala/þj síðan tölvupóst til (E)frkvstj-TVG og gerði athugasemd við lágt verð TVG gagnvart tilteknum viðskiptavini. Sagði (E)frkvstj-sala/þj að þessi verðlagning væri ekki í samræmi við það sem um hefði verið talað.

⁴⁴⁹⁸ Afhent skjal frá Eimskip. Afhent 23.03.2015, fskj. 3.

⁴⁴⁹⁹ Afhent skjal frá Samskipum. Afhent þann 10.04.2015. Fylgiskjal 4 "Breytingar á gjaldskrár Samskipa vegna reglubundinna áætlunarsiglinga til og frá Íslandi".

⁴⁵⁰⁰ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.1044959.

⁴⁵⁰¹ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. „RE: Tilkynning frá Samskipum: Gjaldskrárbreytingar 1. febrúar 2013“, dags. 25.01.2013, kl. 16:20. Doc. ID. 0.7.33.1053257.



Heildstætt séð gefur þetta til kynna að (S)frkvstj-Jóna hafi orðið að ósk sinni. Endurspeglar þetta framkvæmd samráðs Eimskips og Samskipa.

- Í febrúar 2010 fékk (S)frkvstj-Jóna upplýsingar frá Eimskip um fyrirhugaðar verðbreytingar og var í því sambandi m.a. vísað til tengsla (S)frkvstj-Jóna og (E)frkvstj-sala/pj.
- Þann 7. október 2010 átti (S)frkvstj-Jóna í samskiptum við (E)frkvstj-TVG og vísaði (S)frkvstj-Jóna í þeim til verðsamráðs Eimskips og Samskipa, sbr. kafla 14.56.
- Gögn gefa til kynna að (S)frkvstj-Jóna og (E)frkvstj-sala/pj hafi átt samskipti 2. nóvember 2010, 11. desember 2010 og 10. desember 2011, sbr. kafla 13. Á árinu 2012 ræddu (E)frkvstj-sala/pj og (S)frkvstj-Jóna ítrekað saman, sbr. umfjöllun hér á eftir.

8766. Þann 11. janúar 2012 undirbjó (E)frkvstj-TVG verðhækkun til samningsbundinna viðskiptavina sem voru háðir gjaldskrárbreytingum TVG.⁴⁵⁰² TVG tilkynnti hins vegar ekki um þessa verðhækkun fyrr en 15. janúar 2012.

8767. Sama dag og (E)frkvstj-TVG undirbjó verðhækkun, 11. janúar 2012, hækkuðu Jónar gjaldskrá fyrirtækisins. Um var að ræða 4,5% hækkun þjónustugjalda í inn- og útflutningi. Einnig hækkuðu gjaldskrár í akstri lausavöru og heilgáma um 5%. Rétt er að benda á að um áramótin 2011/2012 hækkuðu Jónar jafnframt gjald við tollskjalagerð um 7,5%.⁴⁵⁰³ TVG átti eftir að hækka sömuleiðis sínar gjaldskrár og tollskjalagerð en að því verður vikið hér á eftir.

8768. Tölvupóstur (S)frkvstj-Jóna til viðskiptavinar Jóna þennan sama dag, 11. janúar 2012, endurspeglar að mati Samkeppniseftirlitsins hvernig samráð Eimskips og Samskipa um verðhækkanir náði til þess hluta starfsemi þeirra er varðaði flutningsmiðlanir (Jóna og TVG). Þar útskýrði (S)frkvstj-Jóna verðtilboð sem Jónar höfðu gefið viðskiptavininum. Í ummælum (S)frkvstj-Jóna kemur fram sú skýring að skipafélögin væru „öll að hækka þjónustugjöld sín um 5% núna í byrjun janúar þar er allur kostnaður á Íslandi að hækka án þess að við getum samið um hann.“⁴⁵⁰⁴

8769. Þann 15. janúar 2012 tilkynnti TVG einnig um gjaldskrárhækkun. Samkvæmt tilkynningu TVG til viðskiptavina hækkuðu sjóflutningsgjöld um 3% og þjónustugjöld á Íslandi hækkuðu um 5%.⁴⁵⁰⁵ Sem fyrr sagði hafði (E)frkvstj-TVG fjórum dögum áður undirbúið að tilkynna hækkunina til samningsbundinna viðskiptavina sem voru háðir gjaldskrárbreytingum TVG. Samkvæmt innanhússgögnum TVG tók umrædd hækkun á þjónustugjöldum til allra viðskiptavina fyrirtækisins að sjö undanskildum.⁴⁵⁰⁶ Því má ætla að hækkunin hafi haft áhrif á samningskjör langflestra viðskiptavina TVG.

8770. Athygli vekur að við áðurgreindan undirbúning þann 11. janúar 2012 á gjaldskrárhækkun TVG fjallaði deildarstjóri flugflutninga TVG, í tölvupósti til samstarfsmanna sinna, um að verð væri þegar of hátt hjá fyrirtækinu. Í þeim bar hann saman tollafgreiðsluverð TVG við verðlagningu hjá Icelandair (sem var keppinautur TVG í flutningum í flugi). (E)frkvstj-TVG svaraði þessum áhyggjum deildarstjórans og sagði m.a.:

„Tel að við lækkum ekki verðlevel sem við höfum náð og mitt mat er að Icelandair er ekki raunveruleg samkeppni hér í þessu samhengi (þó svo verðstrategía þeirra sé sérstök). [...]“⁴⁵⁰⁷

⁴⁵⁰² Afritaður tölvupóstur frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.34.452084.

⁴⁵⁰³ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.34.336325.

⁴⁵⁰⁴ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. „RE: Samningur“, dags. 11.01.2012, kl. 15:09. Doc. ID. 0.7.34.336201.

⁴⁵⁰⁵ Afritað tölvuskjal frá Eimskip. „Hækkun 15.jan 2012.pdf“. Viðhengi við afritaðan tölvupóst frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.34.448488.

⁴⁵⁰⁶ Afrituð tölvupóstsamskipti frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.34.454384.

⁴⁵⁰⁷ Afrituð tölvupóstsamskipti frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.34.451446. Sjá má í samskiptunum [...], aðstoðarframkvæmdastjóra TVG, lýsa sig ósammála hækkun tollafgreiðslugjaldsins. Afritaðir tölvupóstar frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.34.452066.



8771. Gögn málsins sýna að TVG hafi hækkað gjöld í tollafgreiðslu þrátt fyrir framangreind varnaðarorð starfsmanna fyrirtækisins.⁴⁵⁰⁸ Vekur athygli að í samskiptum innan TVG var enginn ótti um viðbrögð Samskipa/Jóna.
8772. (E)frkvstj-sala/þj og (S)frkvstj-Jóna áttu samskipti 26. janúar 2012.⁴⁵⁰⁹ Gögn málsins bera einnig með sér að (E)frkvstj-sala/þj og (S)frkvstj-Jóna áttu samskipti 2. og 4. júlí 2012.⁴⁵¹⁰
8773. Sama dag og seinni samskipti (E)frkvstj-sala/þj og (S)frkvstj-Jóna áttu sér stað, 4. júlí 2012, sendi (E)frkvstj-TVG tölvupóst til undirmanna sinna þar sem hann greindi frá því að TVG verði að „horfa til þess að hækka verð núna 01/08 nk.“ og lagði eftirfarandi til:
- „Ég legg til að við tökum flata 4,9% hækkun á öll gjöld utan sjó- og flugflutningsgjalda en þau þarf að ræða betur en stefnan er að ná hækkunum líka fram þar. Að hækkunin taki til allra deilda okkar.“⁴⁵¹¹*
8774. Sama dag sendi (E)frkvstj-TVG aftur tölvupóst til undirmanna sinna og vísaði til umræðu um verðhækkanir sem þyrfti að taka „núna í júlí“. Pósturinn er með heitinu „Framlegð / verðhækkanir“. Í honum listaði (E)frkvstj-TVG upp nánari atriði og áform um verðhækkanir TVG á þjónustugjöldum, sjófrakt og flugfrakt. Einnig átti að kanna möguleika á að hækka verð gagnvart stærstu viðskiptavinum TVG.⁴⁵¹²
8775. Daginn eftir, 5. júlí 2012, svaraði sölustjóri TVG fyrrgreindum tölvupósti frá (E)frkvstj-TVG. Í þeim svarpósti lagði sölustjórinn fram eftirfarandi mat á hækkunaráformum (E)frkvstj-TVG:
- „Já local gjöld, sjór gengur ekki að mínu mati vegna samkeppni- ekki rétti tíminn til að hækka.- hreyfir bara við okkar kúnum á viðkvæmum tíma.“⁴⁵¹³*
8776. Af þessu gagni má sjá að sölustjóri hjá TVG taldi ekki svigrúm til verðhækkana í sjóflutningum vegna samkeppni á flutningsmiðlunarmarkaðnum. Má þarna greina ótta hjá sölustjóranum um að missa viðskiptavinum „á viðkvæmum tíma“ þ.e. ef sjóflutningsverð TVG yrðu hækkuð gagnvart viðskiptavinum. Þann 18. júlí 2012 svaraði einnig deildarstjóri innan TVG tillögu (E)frkvstj-TVG um verðhækkanir. Viðkomandi var deildarstjóri yfir flugflutningum. Setti hann fram verðsamanburð milli TVG og Ícelandair og sagði m.a.:
- „Þetta er sláandi munur sem við hjá TVG erum hærrí. Í fluginu er mest um 100 – 1000kg sendingar, og í þessum stærðum þá erum við 77-79% hærrí en samkeppnisaðilinn (sem er líka okkar birgi)“.⁴⁵¹⁴*
8777. Þann 30. ágúst 2012 áttu (E)frkvstj-sala/þj og (S)frkvstj-Jóna á ný í samskiptum.⁴⁵¹⁵
8778. Þann 1. september 2012 hækkuðu TVG flutningsgjöld, uppskipunargjald, öryggisgjald og þjónustugjald.⁴⁵¹⁶
8779. Einnig liggja fyrir gögn um samskipti (E)frkvstj-sala/þj og (S)frkvstj-Jóna sem áttu sér stað í kringum 3. september 2012 og að þeir hafi hist 7. desember 2012, sbr. kafla 13.⁴⁵¹⁷

⁴⁵⁰⁸ Afritaður tölvupóstur frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.34.449609.

⁴⁵⁰⁹ Afrituð tölvupóstsamskipti frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.34.333056.

⁴⁵¹⁰ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. „Fwd: verðin fyrir trailerana og leiðréttingar“, dags. 03.07.2012, kl. 23:31. Doc. ID. 0.7.34.295824, sbr. Doc. ID. 0.7.34.295717.

⁴⁵¹¹ Afritaður tölvupóstur frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.34.347344.

⁴⁵¹² Afritaður tölvupóstur frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.34.347313.

⁴⁵¹³ Afritaður tölvupóstur frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.34.347104.

⁴⁵¹⁴ Afritaður tölvupóstur frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.34.341516.

⁴⁵¹⁵ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.34.275599. Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.34.275600. Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.34.275580.

⁴⁵¹⁶ Afrituð tölvupóstsamskipti frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.34.329995.

⁴⁵¹⁷ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.34.275168.



8780. (S)forstj og (E)frkvstj-alþjv hittust 8. desember 2012. Strax í kjölfarið lögðu þessir stjórnendur áherslu á hækkun á verði, sbr. umfjöllun hér að framan.
8781. Í glærum (E)frkvstj-TVG þann 10. desember 2012 var lögð áhersla á að hækka verð:
- „TVG-Zimsen / Markmið – Innanlandsdeild
- Hækka verð – tollafgreiðsla + heimakstur
 - Lækka afslætti/ stórir aðilar.“⁴⁵¹⁸
8782. Samkvæmt þessu var það markmið hjá Eimskip/TVG að hækka verð m.a. á tollafgreiðslu.
8783. Sem fyrr segir funduðu m.a. (S)forstö-innfl1 og (E)frkvstj-sala/þj þann 18. desember 2012. Morguninn eftir sendi (S)forstö-innfl1 tölvupóst til (S)frkvstj-Jóna og (S)starfsm-Jóna með heitinu „Hækkun frá Eimskip“ og spurði hvort Jónar væru búnir að fá í hendur tilkynningu Eimskips og verðhækkun. (S)frkvstj-Jóna svaraði síðar sama dag og kvaðst ekki hafa fengið tilkynningu í hendur. „Hef ekkert séð þaðan ...“.⁴⁵¹⁹ (S)forstö-innfl1 svaraði (S)starfsm-Jóna og spurði:
- „Hafið þið hækkað gjaldskrána ykkar eitthvað núna um áramót? Heyrði af hækkun á tollafgreiðslu.“⁴⁵²⁰
8784. (S)starfsm-Jóna svaraði og upplýsti að Jónar hefðu hækkað verð fyrir tollskjalagerð. Framsendi hann til (S)forstö-innfl1 innanhústölvupóst frá Jónum, dags. 24. desember 2012, þar sem tilkynnt var: „Gjaldskrá Tolladeildarinnar hækkar um 4,5% frá 1. janúar n.k.“⁴⁵²¹ Eins og áður segir var fyrir fund Eimskips og Samskipa unnið m.a. að hækkun á tollskjalagerð hjá TVG þann 10. desember 2012, sbr. áður nefnda glærुकynningu (E)frkvstj-TVG frá 10. desember 2012.
8785. Hér að framan var farið yfir hvernig samráð Eimskips og Samskipa gat náð yfir þann hluta starfsemi þeirra sem tók til flutningsmiðlana. Með vísan til hækkana móðurfélaganna náðu TVG og Jónar fram hækkunum gagnvart sínum viðskiptavinum.
8786. Er því lýst að um miðjan janúar 2012 hækkuðu bæði Jónar og TVG verð. Við undirbúning á verðhækkun var innan TVG bent á að verð fyrirtækisins væru þegar of há og var í því samhengi vísað til mun lægra verðs hjá Icelandair. (E)frkvstj-TVG sagði hins vegar að Icelandair væri ekki raunverulegur keppinautur og TVG myndi ekki lækka það „verðlevel sem við höfum náð“. Er þetta vísbending um að eftir tiltal (E)frkvstj-sala/þj hafi áhersla TVG á hækkun verðs aukist frá því sem áður var.
8787. (E)frkvstj-sala/þj og (S)frkvstj-Jóna ræddu saman 2. og 4. júlí 2012. Sama dag og seinni samskipti (E)frkvstj-sala/þj og (S)frkvstj-Jóna áttu sér stað taldi (E)frkvstj-TVG að TVG „yrði“ að stefna að verðhækkun. Undirmenn (E)frkvstj-TVG höfðu hins vegar áhyggjur að verðhækkun. Vísað var til þess að TVG væri með um 80% herra verð en Icelandair og hættu á að missa viðskiptavinum. Hækkun var því frestað en 30. ágúst 2012 hittust (E)frkvstj-sala/þj og (S)frkvstj-Jóna. Daginn eftir hækkaði TVG verð.
8788. (E)frkvstj-sala/þj og (S)frkvstj-Jóna hittust 7. desember 2012. Þann 10. desember 2012 tiltók (E)frkvstj-TVG í glærum að það væri markmið hjá TVG að hækka verð og draga úr afslætti. Síðar í desember hækkuðu Jónar verð.
8789. Samkeppnislegt aðhald var þó frekar til staðar á þessum markaði heldur en á markaði fyrir reglubundnar áætlunarsiglingar til og frá Íslandi. Í þessu sambandi skal undirstrika að á markaði fyrir flutningsmiðlanir störfuðu fleiri keppinautar en eingöngu TVG og Jónar og því erfiðara að hafa með sér samráð á slíkum markaði. Þá skal það rifjað upp að í kafla 14.17.8 hafa gögn frá verið rakin sem

⁴⁵¹⁸ Afritað tölvuskjal frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.34.273630.

⁴⁵¹⁹ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.34.242414.

⁴⁵²⁰ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.1044915.

⁴⁵²¹ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.1044959.



sýna að (S)frkvstj-Jóna var óánægður með lágt verð TVG og greip til aðgerða til þess að stuðla að því að Eimskip myndi sjá til þess að TVG hækkaði verð. Þar er því einnig lýst að samtímagögn sýni að (E)frkvstj-sala/þj, sem (S)frkvstj-Jóna átti í ítrefuðum samskiptum við, gerði á árinu 2010 athugasemdir við lágt verð TVG gagnvart tilteknum viðskiptavinum. Sagði (E)frkvstj-sala/þj að þessi verðlagning væri ekki í samræmi við það sem um hefði verið talað.

8790. Vekur athygli að í fyrirbyggjandi undirbúningsgögnum Eimskips og Samskipa vegna hækkana á gjaldskrá í áætlunarsiglingum var ekki að greina samskonar ótta um viðbrögð keppinautar við verðhækkun eins kom fram hjá TVG. Ástæða þessa var m.a. sú að viðskiptavinir TVG voru almennt ekki hin mikilvægu fyrirtæki sem samráð Eimskips og Samskipa tók til og þá voru meðal keppinauta TVG fyrirtæki sem tóku ekki þátt í samráðinu. Virt saman endurspegla framanrakin atvik hið samfellda samráð sem Eimskip hefur viðurkennt að hafi verið fyrir hendi á þessum tíma.
8791. Að mati Samkeppniseftirlitsins gefa framangreind gögn til kynna að tilraunir (S)frkvstj-Jóna til að fá TVG til hækka verð hafi borið vissan árangur. Verður ekki horft framhjá áherslum (E)frkvstj-TVG á hækkun verðs í kjölfar samskipta (E)frkvstj-sala/þj og (S)frkvstj-Jóna. Er það mat Samkeppniseftirlitsins að aðgerðir sem miðuðu að því að fá TVG til að hækka verð hafi verið liður í samráði Eimskips og Samskipa.

14.54.8. Samantekt

8792. Eimskip hefur viðurkennt að hafa á rannsóknartímabilinu átt í samskiptum og samstarfi við Samskip sem hafi falið í sér alvarleg brot gegn 10. gr. samkeppnislaga, þ.m.t. samráð við Samskip um álagningu gjalda og afsláttarkjör í flutningaþjónustu og um miðlun á mikilvægum verð- og viðskiptaupplýsingum. Eimskip hefur jafnframt viðurkennt að fyrir hendi var ólögmaet markaðsskipting sem fólst í því að Eimskip og Samskip forðuðust að keppa um mikilvæga viðskiptavinum hvors annars. Samráð þetta var til staðar á árinu 2012 en varð umfangsminna á lokaári rannsóknartímabilsins, þ.e. árinu 2013.
8793. Á grundvelli þessa samráðs höfðu Eimskip og Samskip ekki áhyggjur af samkeppni hvort frá hinu. Vissa um að helsti keppinauturinn myndi ekki reyna að ná til sín mikilvægum viðskiptavinum voru skapaðar kjöraðstæður til þess að ná árangri við hækkun á verði. Gilti þetta bæði um verðlagningu gagnvart einstökum mikilvægum viðskiptavinum og um almennar verðbreytingar. Þá ber að horfa til þess að með samskiptum Eimskips og Samskipa á árinu 2012 dró eðli málsins samkvæmt verulega úr æskilegri óvissu og sjálfstæði Samskipa og Eimskips sem keppinauta. Voru þessi samskipti til þess fallin að viðhalda markaðsskiptingunni og til þess að auðvelda undirbúning og framkvæmd hækkunar á verði, auk framkvæmdar á samráðinu í heild sinni. Í samtímagögnum er markaðsaðstæðum á þeim mörkuðum sem Eimskip og Samskip störfuðu á lýst af Eimskip sem „voða kósý“ á árinu 2012. Eimskip og Samskip gátu hækkað verð „og menn kyngja því“. Eins og lýst var hér að framan var kominn upp viss órói í samráðinu að þessu leyti á árinu 2012 en eftir sem áður var það fyrir hendi á þessum tíma.
8794. Gögnin hér að framan sýna samskipti milli æðstu stjórnenda Eimskips og Samskipa sem vörðuðu m.a. sjóflutninga og samráð um leigu og lán á gánum en líkt og rakið er í kafla 18 fólst í ólögmetri gámasamvinnu fyrirtækjanna einnig ólögmaet upplýsingaskipti en upplýsingar um framboð keppinauta á gánum geta falið í sér mjög viðkvæmar samkeppnislegar upplýsingar.
8795. Norður-Ameríku samningur Eimskips og Samskipa og „neyðarsamkomulagið“ frá 9. desember 2010 fólst í sér ólögmaet samráð og var hluti af „Nýtt upphaf“ verkefninu. Hið sama á við um m.a. samstarf Eimskips og Samskipa sem fólst í flutningum Eimskips fyrir Jóna, gámasamstarf fyrirtækjanna og samstarf þeirra í landflutningum. Er þetta viðurkennt í sátt Samkeppniseftirlitsins og Eimskips og var allt þetta samráð í framkvæmd á árinu 2012. Af því leiðir að öll samskipti fyrirtækjanna, þar sem rætt var um framangreinda þætti, fór gegn 10. gr. samkeppnislaga.



8796. Af samtímagögnum verður ráðið að Samskip og Eimskip tóku ákvarðanir um verðhækkningar án þess að óttast viðbrögð hvors annars. Hlutu fyrirtækin mikla gagnrýni viðskiptavina fyrir að hafa ekki hliðsjón af breyttu rekstrarumhverfi og aðstæðum viðskiptavinanna. Þessi gagnrýni hafði engin áhrif.
8797. Við mat á þeim verðhækkunum, sem tóku gildi í upphafi árs 2013, er gagnlegt að hafa hliðsjón af hækkunum á árinu 2012. Rétt er að gefa hér þetta yfirlit yfir verðhækkningar á árunum 2012-2013:
- Eimskip og Samskip hækkðu bæði þjónustugjöld og sjófrakt í janúar 2012.
 - Samskip hækkðu verð gagnvart Húsasmiðjunni 1. janúar 2012. Húsasmiðjan var einn mikilvægasti viðskiptavinur Samskipa.
 - Samskip hækkðu verð fyrir búslóðaflutninga og ISPS gjald vegna sjóflutninga á milli Íslands og Norður-Ameríku í janúar 2012.
 - TVG og Jónar hækkðu bæði þjónustugjöld og tollafgreiðslugjöld í janúar 2012.
 - Jónar hækkðu verð á akstri lausavöru og heilgáma í janúar 2012.
 - Samskip hækkðu niðurrifsgjöld í erlendum skrifstofum sínum í febrúar 2012.
 - Eimskip og Samskip hækkðu bæði gjaldskrár landflutninga. Eimskip hækkaði í janúar 2012 og Samskip í febrúar 2012.
 - Eimskip og Samskip hækkðu bæði verð fyrir flutning á fiski innanlands í janúar og febrúar 2012.
 - Eimskip og Samskip settu bæði sérstakt gjald á flutning tómrá fiskikara innanlands á árinu 2012.
 - Samskip hækkðu verð fyrir sjóflutninga á milli Íslands og Asíu í maí 2012.
 - Samskip hækkðu verð í innanlandsflutningum gagnvart Aðföngum í júní 2012.
 - Eimskip hækkaði gjaldskrá Evrópuflutninga, Norður-Ameríku flutninga, THC-gjald á Íslandi, gámaleigu, „terminal charge“, vörugeymslu og akstur á Íslandi í júlí 2012.
 - Samskip hækkðu þjónustugjaldskrá og gjaldskrá sjóflutnings 1. ágúst 2012.
 - Samskip hækkðu gjaldskrá landflutninga innanlands 1. ágúst 2012.
 - Samskip hækkðu verð í ágúst 2012 gagnvart Öskju.
 - Samskip skipulögðu verðhækkningar í ágúst gagnvart Húsasmiðjunni, ÍSAM/Mekka, Samkaupum og Nathan & Olsen.
 - Vísbendingar eru um að Eimskip og Samskip hafi bæði lækkað eða lagt af afslætti af „Collection fee“ gjaldi á árinu 2012.
 - Eimskip hækkaði gjöld erlendis, sjófrakt, hafnargjöld á Íslandi og þjónustugjöld á Íslandi 1. janúar 2013.
 - Eimskip hækkaði gjaldskrá landflutninga 1. janúar 2013.
 - Samskip hækkðu gjöld vegna flutninga á frystigámum til Asíu í janúar 2013.
 - Jónar hækkðu tollafgreiðslugjöld 1. janúar 2013.
 - Samskip hækkðu þjónustugjöld innanlands og erlendis í inn- og útflutningi 1. febrúar 2013.
 - Samskip hækkðu gjaldskrá landflutninga 1. febrúar 2013.



- Samskip lögðu nýtt gjald, svokallað biðgjald, á viðskiptavinum frá og með 1. febrúar 2013.
 - Samskip hækkuðu gjöld í erlendum höfnum 1. febrúar 2013.
8798. Sem fyrr segir skapaði hið samfellda samráð vissu fyrir því að við verðhækkun myndi helsti keppinauturinn ekki reyna að ná til sín óánægðum mikilvægum viðskiptavinum. Með samráði Eimskips og Samskipa voru þannig, líkt og áður greinir, skapaðar kjöraðstæður til þess að ná árangri við að viðhalda og hækka verð gagnvart viðskiptavinum. Gilti þetta bæði um verðlagningu gagnvart einstökum mikilvægum viðskiptavinum og um almennar verðbreytingar. Þer að áréttu að ítrekuð samskipti milli stjórnenda Eimskips og Samskipa gerðu fyrirtækjunum kleift að ná árangri í að halda uppi verðum og hækka verð gagnvart viðskiptavinum.
8799. Í aðdraganda og við undirbúning Samskipa og Eimskips á gjaldskrárhækkunum í upphafi árs 2013 voru tíð samskipti milli fyrirtækjanna, m.a. milli æðstu stjórnenda þeirra sem höfðu beina aðkomu að verðákvörðunum fyrirtækjanna. Má hér nefna a.m.k. eftirfarandi samskipti:
- Golfhópurinn, sem (E)forstj og (S)forstj eru hluti af, fór saman í veiðiferð 23. – 26. ágúst 2012.
 - (E)frkvstj-sala/þj og (S)frkvstj-Jóna áttu samskipti 30. ágúst 2012. Einnig liggja fyrir gögn um samskipti þeirra sem áttu sér stað í kringum 3. september 2012.
 - Samskipti (E)frkvstj-innanl og (S)frkvstj-innanl 4. september 2012.
 - Samskipti (E)frkvstj-innanl og (S)frkvstj-innanl 22. nóvember 2012.
 - Samskipti (E)frkvstj-sala/þj og (S)frkvstj-Jóna 7. desember 2012.
 - Samskipti (E)frkvstj-alþjsv og (S)forstj 8. desember 2012.
 - Samskipti (E)frkvstj-sala/þj, (E)forstö-sölu, (S)forstö-innfl1, (S)forstö-útfll og (S)frkvstj-millilandasv2 18. desember 2012.
8800. Vísast hér til umfjöllunar í ákvörðun þessari um túlkun á 10. gr. samkeppnislaga. Þegar efni þessara samtímagagna er skoðað heildstætt með hliðsjón af öðrum samtímagögnum sem Samkeppniseftirlitið hefur aflað, um undirbúning og framkvæmd verðhækkana, er það niðurstaða Samkeppniseftirlitsins að samfelld samráð Samskipa og Eimskips og m.a. þau samskipti sem í því fólst hafi gert fyrirtækjunum kleift að hækka gjaldskrár sínar á Íslandi og erlendis í byrjun árs 2013. Í þessu sambandi hefur þýðingu að samtímagögn fyrirtækjanna, við undirbúning og framkvæmd gjaldskrárhækkana í byrjun árs 2013 bera ekki með sér ótta um viðbrögð helsta keppinautarins. Rétt er að rifja þau upp í stuttu máli:
- 1. október 2012 lá fyrir að Samskip ætluðu sér að hækka gjaldskrár á Íslandi og erlendis m.a. þann 1. febrúar 2013.
 - 6. desember 2012 skipulagði Eimskip hækkun gjaldskrár á Íslandi í janúar 2013. Á þeim tímapunkti lá ekki fyrir hækkun Eimskips á gjaldskrár erlendis.
 - 7. desember 2012 áttu (E)frkvstj-sala/þj og (S)frkvstj-Jóna samskipti.
 - 8. desember 2012 áttu (S)forstj og (E)frkvstj-alþjsv samskipti.
8801. Í kjölfar þessara samskipta æðstu stjórnenda liggja fyrir eftirfarandi samtímagögn frá fyrirtækjunum:
- Að undirlagi (E)frkvstj-alþjsv var verðhækkun Eimskips erlendis ákveðin í kjölfarið og útfærð eftir samskipti við (S)forstj. Dagana 12. og 17. desember 2012 tilkynnti Eimskip viðskiptavinum um hækkun á gjaldskrár Eimskips á Íslandi og erlendis (tók gildi í janúar 2013).



- 18. desember 2012 var haldinn fundur (E)frkvstj-sala/bj, (E)forstö-sölu, (S)forstö-innfl1, (S)forstö-útl og (S)viðskstj2.
- 19. desember 2012 fjallaði (S)forstö-innfl1 ítrekað um verðhækkun hjá Eimskip, líkt og hann hafði áður gert eftir samskonar fundi með (E)frkvstj-sala/bj o.fl.
- Eimskip hækkaði gjaldskrá í landflutningum 1. janúar 2013.
- 25. janúar 2013 tilkynntu Samskip um hækkun á gjaldskrá á Íslandi og erlendis (tók gildi 1. febrúar 2013).
- Samskip hækkuðu gjaldskrá í landflutningum 1. febrúar 2013.

8802. Í gögnum málsins endurspeglast einnig að mati Samkeppniseftirlitsins hvernig samráðið náði til starfsemi dótturfélaga Eimskips og Samskipa í flutningsmiðlun, TVG og Jóna. Bæði fyrirtækin, líkt og móðurfélögin, hækkuðu verð á gjaldskrá árið 2012. Við verðhækkunir TVG árið 2012 mátti t.d. sjá deildarstjóra flugflutninga hjá TVG telja ómögulegt að framkvæma verðhækkun á tollafgreiðsluverði sökum samkeppni frá Ícelandair (ekki samkeppni frá Samskipum eða Jónum). Framkvæmdastjóri TVG, (E)frkvstj-TVG, svaraði því til að ekki ætti að lækka „verðlevel“ sem TVG hefði náð og ekki væri raunveruleg samkeppni frá Ícelandair, þó að „verðstrategía þeirra“ væri „sérstök.“ Verðhækkunin var síðan framkvæmd hjá TVG með vissu um að Samskip og Jónar hækkuðu einnig verð.
8803. Þá eru fyrirliggjandi líkt og áður greinir mörg samtímagögn frá árinu 2012 sem sýna kvartanir viðskiptavina Eimskips og Samskipa undan miklum og endurteknum verðhækkunum fyrirtækjanna. Má segja að þessi gögn gefi til kynna að kaupendur flutningsþjónustu til og frá Íslandi hafi margir hverjir verið orðnir þreyttir á endurteknum verðhækkunum skipafélaganna á rannsóknartímabilinu sem þeir töldu ekki samræmast almennum verðlagsbreytingum. Sjá má í gögnunum að viðskiptavinir hafi talið uppgefnar hækknarforsendur fyrirtækjanna ótrúverðugar.
8804. Þrátt fyrir sterk viðbrögð viðskiptavina við verðhækkunum Eimskipa og Samskips árið 2012 er eins og áður segir ekkert í samtímagögnum Eimskips og Samskipa sem bendir til þess að fyrirtækin hafi haft áhyggjur af samkeppnislegum viðbrögðum helsta keppinutarins.
8805. Endurspeglar framangreind gögn frá m.a. árinu 2012 hvernig ólöglegt samráð Samskipa og Eimskips var til þess fallið að raska samkeppni. Á grundvelli hins samfellda samráðs lögðu Eimskip og Samskip upp með verðhækkunir gagnvart viðskiptavinum, hækkun meðalsjóflutningsverða, lækkun afsláttu og fækkun sk. frídaga. Þessar áherslur fyrirtækjanna komu fram t.a.m. í áætlunum Samskipa fyrir árið 2012 og í Vegvísi Eimskips fyrir árið 2012, sbr. kafla 14.38.4.2. Þessar áherslur fyrirtækjanna komu til viðbótar við gjaldskrárhækkunir í upphafi ársins 2012, en bæði fyrirtækin gerðu ráð fyrir og framkvæmdu aftur gjaldskrárhækkunir örfáum mánuðum síðar, í júlí og ágúst 2012. Hvorki í gögnum frá haustinu 2011, þar sem gjaldskrárhækkunir voru ákveðnar, né í undirbúningsgögnum fyrirtækjanna árið 2012 má greina ótta við viðbrögð helsta keppinutarins. Þá óvissu var búið að takmarka verulega eða eyða með samráði fyrirtækjanna. Önnur birtingarmynd samráðsins fólst í því að viðhalda eða hækka verð gagnvart mikilvægum viðskiptavinum eins og Öskju, Húsasmiðjunni, ÍSAM og Nathan & Olsen.
8806. Hafa ber í huga að gjaldskrárhækkunir Samskipa og Eimskips fólu ekki eingöngu í sér almennar einstakar verðhækkunir gagnvart viðskiptavinum heldur leiddu þessar hækkunir til þess að samningar mikilvægra viðskiptavina, sem tóku mið af gjaldskrárbreytingum, hækkuðu einnig. Var samráðið því mun umfangsmeira og alvarlegra fyrir vikið. Þá vekur athygli að sjóflutningsgjaldskrá Eimskips fyrir búslóðir átti ekki að taka breytingum, þ.e. ekki var fyrirhugað að hækka hana sumarið 2012. Hér skal rifjað upp að Eimskip og Samskip áttu frekar í samkeppni um minni sendingar eins og í búslóðaflutningum, meðan markaðsskiptingin tók frekar til mikilvægra viðskiptavina (sem voru þeirra helsta tekjulind). Út frá samanburði á ólíkri nálgun og háttsemi fyrirtækjanna er því framangreind ákvörðun Eimskip, um að hækka ekki verð fyrir sjóflutning á búslóðum, til þess fallin



að renna stoðum undir framangreint mat um samráð fyrirtækjanna um flutninga á öðrum vörum en búslóðum.

8807. Í m.a. mgr. 420 og áfram í athugasemdum Samskipa við AII er mati Samkeppniseftirlitsins á framangreindum atvikum mótmælt. Líkt og rakið er í kafla 26.54 er ekki fallist á þessi sjónarmið fyrirtækisins.

14.55. Samráð um olúgjald (BAF/FAF) 2009-2013

8808. Á mörkuðum fyrir sjóflutninga er algengt að skipafélög krefji viðskiptavini sína um svonefnt olúgjald eða BAF-gjald (e. Bunker Adjustment Factor) í þeim tilgangi að mæta sveiflum í eldsneytiskostnaði. Eldsneytiskostnaður var áður hluti af sjóflutningsgjaldi skipafélaga en vegna örora og mikilla breytinga á eldsneytisverði hófu þau að krefja viðskiptavini sína um BAF-gjald í þeim tilgangi að verja sig fyrir slíkum sveiflum.⁴⁵²²
8809. BAF-gjald hefur um alllangt skeið verið hluti af verðlagningu skipafélaga fyrir sjóflutninga, en með sama hætti hefur verið innheimt svonefnt FAF-gjald (e. Fuel Adjustment Factor) í því skyni að mæta sveiflum í eldsneytiskostnaði við landflutninga. Í svörum Samskipa og Eimskips við upplýsingabeiðni Samkeppniseftirlitsins samkvæmt 19. gr. samkeppnislaga kemur fram að fyrirtækin hafi tekið upp BAF-gjald árið 2003 í þeim tilgangi að jafna sveiflur í eldsneytiskostnaði. Samkvæmt svörum fyrirtækjanna beittu þau nánast sömu aðferðum við ákvörðun um fjárhæð BAF-gjalds á rannsóknartímabilinu en í svörum Eimskips er fullyrt að fyrirtækið hafi innheimt gjaldið „í samræmi við það sem alþjóðleg sjóflutningsfyrirtæki haf[i] verið að gera“, sbr. umfjöllun um upplýsingagjöf Eimskips í kafla 8.16.6.1 og bréf Eimskips 13. október 2017. Staðhæfingar fyrirtækjanna um ákvörðun BAF-gjalds eru ekki í samræmi við þau samtímagögn sem liggja fyrir. Samtímagögn sýna að gjaldið var mun hærra en erlend skipafélög innheimtu, sbr. kafla 8.16.6, 14.15 og umfjöllun hér síðar um tölvupóst Eimskips frá 2. mars 2010. Almennt veittu Samskip og Eimskip viðskiptavinum sínum ekki nákvæmar upplýsingar um útreikning á gjaldinu og í sumum tilvikum voru þeim veittar villandi upplýsingar, sbr. kafla 8.16.6.3.
8810. Í tengslum við umfjöllun um olúgjald Samskipa og Eimskips er rétt að rifja upp að á síðari hluta ársins 2008 höfðu fyrirtækin með sér ólögmaet upplýsingaskipti og hagnýta samvinnu í andstöðu við 10. gr. samkeppnislaga. Í samræmi við markmið „Nýtt upphaf“ verkefnisins fóru fyrirtækin meðal annars yfir grundvallarþætti í samkeppnisrekstri sínum, skiptust á upplýsingum og mátu framtíðarskipulag og stefnu fyrirtækjanna. Fólu fundir, samskipti og upplýsingaskipti fyrirtækjanna til undirbúnings að slíku samkeppnishamlandi samstarfi í sér ólögmaetar samstilltar aðgerðir sem höfðu það að markmiði að raska samkeppni, sbr. 10. gr. samkeppnislaga. Samráð Samskipa og Eimskips á rannsóknartímabilinu fól meðal annars í sér að fyrirtækin forðuðust að keppa um mikilvæga viðskiptavini hvors annars. Af því leiddi að fyrirtækin gátu ákvarðað verð til viðskiptavina sinna, þar á meðal innheimtu á BAF-gjaldi, án ótta um samkeppnisleg viðbrögð hvors annars. Í samræmi við það er í samtímagögnum Samskipa ekki unnt að greina neinn ótta um að það að verðákvarðanir fyrirtækisins kunni að leiða til þess að það missi viðskiptavini vegna þess að Eimskip muni bjóða betur. Skipti engu í þessu sambandi þótt framlegð Samskipa af BAF-gjaldi ykist á sama tíma og erlend skipafélög lækkuðu BAF-gjald samhliða lægra eldsneytisverði. Endurspeglar samtímagögn Samskipa og Eimskips þá vissu sem ríkti innan herbúða fyrirtækjanna um getu þeirra til að hækka verð til viðskiptavina sinna án þess að það myndi hafa í för með sér að viðskipti töpuðust. Af hálfu Samskipa hafa ekki komið fram trúverðugar skýringar á því hvers vegna stjórnendur fyrirtækisins töldu að fyrirtækið gæti óhikað krafist viðskiptavini sína um hærra verð, þar á meðal BAF-gjald, án hættu á samkeppnislegum viðbrögðum Eimskips og því að viðskipti töpuðust. Í þessu sambandi verður að hafa í huga að viðskiptavinir Samskipa kvörtuðu yfir því að ekki væri samræmi

⁴⁵²² Bréf Samskipa til Samkeppniseftirlitsins, dags. 13.01.2021, mgr. 60.



á milli þróun gjaldsins og þróun eldsneytisverðs. Gerði samráð fyrirtækjanna þeim það kleift að viðhalda eða auka framlegð sína af BAF-gjaldi án tillits til þróunar eldsneytisverðs.

8811. Í eftirfarandi kafla verður vikið að atvikum tengdum þessu á árunum 2009-2013 en fyrst skulu rífuð upp helstu atvik tengd innheimtu fyrirtækjanna á olúgjaldi.

14.55.1. Upprifjun á atvikum fram til ársins 2009

8812. Í ákvörðun þessari hefur verið fjallað um innheimtu Samskipa og Eimskips á olúgjaldi frá árinu 2006 og út árið 2008, sbr. kafla 5.10, 8.15.7.2, 8.16.6, 10.4.4 og 10.5.1. Í þeirri umfjöllun kemur m.a. fram að eftirfarandi ályktanir verði dregnar af samtímagögnum:

- Að Samskip og Eimskip litu á BAF-gjald sem hluta af tekjuöflun fyrirtækjanna en ekki eingöngu til að draga úr eða koma í veg fyrir þá áhættu sem fylgdi sveiflum í eldsneytisverði, sbr. t.d. tölvupóst (E)forstö-flutnstý 23. nóvember 2007 til (E)forstö-innfl og (E)forstö-útfl (afrit til (E)frkvstj-flutnkerf og (E)frkvstj-skiparekst) sem bar heitið „BAF vs olúkostnaður“.
- Að lykilstjórnendur Samskipa og Eimskips ræddu um innheimtu BAF-gjalds eftir að samráð fyrirtækjanna hófst um mitt ár 2008.
- Að fyrirtækin ræddu og miðluðu upplýsingum sín á milli um BAF-gjald í Norður-Ameríku flutningum á fundi sínum 14. ágúst 2008. Í kjölfar fundarins var BAF-gjald í Norður-Ameríku flutningum Samskipa samræmt við BAF-gjald í Norður-Ameríku flutningum Eimskips, sbr. t.d. tölvupósta (S)forstö-innfl1 19. og 20. ágúst 2008. Með þessu var samkeppni raskað en fyrirtækin innheimtu eftirleiðis sama BAF-gjald í Norður-Ameríku flutningum.
- Að samráð Samskipa og Eimskips gerði þeim meðal annars kleift að hækka verð til viðskiptavina eða koma í veg fyrir að það lækkaði án ótta um samkeppnisleg viðbrögð hvors annars. Birtist þetta meðal annars í ákvörðunum fyrirtækjanna um BAF-gjald. Í samræmi við það hækkaði Eimskip álag við útreikning á BAF úr 20% í 40% í Norður-Ameríku flutningum 30. september 2008 og tók síðan upp nýja kostnaðarjöfnu við útreikning á gjaldinu í nóvember sama ár. Sökum þess að fyrirtækin höfðu samræmt BAF-gjald í Norður-Ameríku flutningum hækkaði Samskip í kjölfarið BAF-gjald til viðskiptavina sinna.
- Á fundi 4. desember 2008 ræddu lykilstjórnendur Samskipa og Eimskips áfram innheimtu á BAF-gjaldi af viðskiptavininum sínum, þ.e. að allir viðskiptavinir frá Norður-Ameríku skyldu greiða BAF-gjald, sbr. tölvupóst (S)forstö-innfl1 til (S)frkvstj-millilandasv, dags. 10. desember 2008. Var það hluti af hinu samfellda samráði að fyrirtækin ræddu um hvort allir viðskiptavinir Eimskips í viðkomandi flutningum greiddu BAF-gjald. Eðli málsins samkvæmt er um að ræða samkeppnislega viðkvæmt málefni og til staðfestingar á því að fyrirtækin miðluðu upplýsingum um stefnu hvors annars í þessum efnum. Samtímagögn sýna að á ofangreindu tímabili unnu Samskip og Eimskip markvisst að því að allir viðskiptavinir fyrirtækjanna yrðu látnir greiða BAF-gjald.

14.55.2. Atvik árið 2009

8813. Samkvæmt framansögðu tók samráð Samskipa og Eimskips m.a. til BAF-gjalds á síðari hluta ársins 2008. Samkvæmt samtímagögnum hélt þessi háttsemi áfram á árinu 2009 og út allt rannsóknartímabilið, sbr. umfjöllun í kafla 8.16.6 um afhentar upplýsingar Samskipa þar sem kemur fram að á rannsóknartímabilinu hafi fyrirtækið innheimt sama BAF-gjald og Eimskip í Norður-Ameríku flutningum.

8814. Samtímagögn frá upphafi árs 2009 sýna áframhaldandi áherslu á að auka tekjur Samskipa af BAF-gjaldi, sbr. einnig umfjöllun í kafla 10.5 og 10.6, en í því sambandi er rétt að hafa í huga að innflutningur til landsins hafði þá dregist mikið saman. Þann 2. janúar 2009 sendi (S)forstj tölvupóst til (S)frkvstj-millilandasv og (S)frkvstj-innanl þar sem sagði: „Sælir – er vert að kanna formúlu á bak við uppreikning á BAF nú þegar magn á flestum leiðum er og hefur minnkað verulega. Ég sé að deep



sea línurnar eru í slíku þessa dagana – mjög rökrétt og eðlilegt.“ (S)frkvstj-millilandasv framsendi þennan tölvupóst til (S)forstö-flutnstj með eftirfarandi skilaboðum: „Vinsamlegast hugleida thetta og raedum svo“, sbr. kafla 10.6.4. Af gögnum Samskipa má sjá að samdráttur í magni þýddi minni framlegð fyrir fyrirtækið af BAF-gjaldi, sbr. tölvupóst (S)forstj til (S)stjórnarm-fjármstj 28. október 2008 og kafla 10.4.2. Ummæli (S)forstj um að breyta formúlu gjaldsins lutu því að því að finna leiðir til að hækka BAF-gjald fyrir Evrópu flutninga. Eins og nánar verður lýst litu Samskip á gjaldið sem hluta af tekjuöflun fyrirtækisins en ekki eingöngu til að draga úr eða koma í veg fyrir þá áhættu sem fylgdi sveiflum í eldsneytisverði. Hvíldi leynd yfir útreikningi gjaldsins og var útilokað fyrir viðskiptavinum fyrirtækisins að nálgast upplýsingar um hann. Hvorki í fyrrgreindum tölvupóstsamskiptum né öðrum samtímagögnum er unnt að greina ótta eða efasemdir hjá stjórnendum Samskipa um samkeppnisleg viðbrögð Eimskips verði gjaldið hækkað. Samræmist það öðrum samtímagögnum um að fyrirtækin voru búin að draga úr óvissu sín á milli og því enginn ótti til staðar um viðbrögð keppinautarins.

8815. Þann 7. janúar 2009 sendi (S)frkvstj-Safari, framkvæmdastjóri flutningsmiðlunarinnar Safari, tölvupóst til (S)forstj. Safari var dótturfélag Samskipa sem starfaði í Færeyjum, sbr. kafla 10.6.4. Hér ber að hafa í huga að auk Samskipa og Eimskips annaðist keppinauturinn Smyril Blue Water siglingar milli m.a. Íslands og Færeyja. Í tölvupóstinum benti (S)frkvstj-Safari á að Smyril Blue Water hefði ítrekað lækkað olíugjald sitt. Með vísan til þessa lýsti (S)frkvstj-Safari áhyggjum sínum af því að Samskip hefðu ekki gert hið sama:

„Smyril Blue Water has once again decreased the fuel down to 11% and this is the 5th time since September 2008, while Samskip only has decreased their fuel once from 42% to 35%. [...].

The customers hear about the highly reduced fuel everywhere, and it annoys them that Samskip doesn't follow. We absolutely do not need to provoke our customers to use other companies rather than us.“⁴⁵²³

8816. Daginn eftir sendi (S)frkvstj-Safari annan tölvupóst til (S)forstj:

„Sorry to keep bothering you, but I really have to.

Right after I sent you the last email yesterday, I received a new price from Samskip. But unfortunately it was a price increase and not a decrease. This time they have increased the freight towards us with 23,5%. [...]

It is my opinion that it is a very bad timing, to make a price increase at this moment, because every single businessman is very price conscious these days.“⁴⁵²⁴

8817. (S)forstj svaraði tölvupósti (S)frkvstj-Safari tveimur vikum síðar, þ.e. 22. janúar 2009. Taldi hann ekki ástæðu til að hafa áhyggjur af BAF-gjaldi Samskipa og vísaði til gjaldtöku Eimskips í því sambandi:

„BAF

-we do follow the container services more, ie Eimskip, than RoRo, Smyril, and therefore adjust ourselves more to that market. Understand we are more or less in line on the baf with Eimskip.“⁴⁵²⁵

8818. Í vinnuhópi stjórnenda Samskipa á Hótel Glymi 15. janúar 2009 voru teknir saman punktar um hvernig auka mætti tekjur fyrirtækisins með því að hækka verð og setja á ný gjöld. Þar kom fram

⁴⁵²³ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.549053.

⁴⁵²⁴ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.550277.

⁴⁵²⁵ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.556618.



eftirfarandi um BAF-gjald: „Endurskoða formúlu við útreikninga á olúgjaldi. Miða við lægra nýtingarhlutfall“.⁴⁵²⁶

8819. Þann 2. apríl 2009 sendi (S)forstö-innfl1 tölvupóst til (S)forstj og (S)frkvstj-millilandasv, en þar sagði: „Vildi láta ykkur vita að Eimskip eru farnir að bjóða afslátt af BAF. Þeir eru að bjóða Vífilfell það!!!“, en Vífilfell leitaði á þessum tíma tilboða í flutninga sína frá Evrópu.⁴⁵²⁷ (S)forstj svaraði að bragði og sagði: „ertu á kontor, gætirðu litið á mig..“.⁴⁵²⁸ Þegar til kom fól tilboð Eimskips til Vífilfells aftur á móti ekki í sér afslátt af BAF-gjaldi.⁴⁵²⁹ Var það í samræmi við samráð fyrirtækjanna um að „allir“ viðskiptavinir þeirra skyldu greiða BAF-gjald.
8820. Þann 17. september 2009 sendi (S)forstj tölvupóst til m.a. (S)forstö-innfl1 og (S)frkvstj-millilandasv vegna vinnu Samskipa við rekstraráætlun ársins 2010. Í tölvupóstinum segir (S)forstj að „allir“ eigi að „greiða BAF og önnur þjónustugjöld“. Við mat á tölvupósti (S)forstj ber að líta fundar lykilstjórnenda Samskipa og Eimskips 4. desember 2008, en af tölvupósti (S)forstö-innfl1 10. desember 2008 verður ályktað að á fundinum hafi Eimskip veitt Samskipum þær upplýsingar að allir viðskiptavinir greiddu BAF-gjald. Í desember 2008 var verkefnið „BAF a alla samninga“ á verkefnalista (E)forstj.
8821. Tölvupóstur (S)forstj staðfestir að Samskip viðhöfðu sömu stefnu og Eimskip um að allir viðskiptavinir fyrirtækisins skyldu greiða BAF-gjald. Aðgerðirnar voru til þess fallnar að hækka verð til viðskiptavina fyrirtækjanna og voru hluti af öðrum aðgerðum sem fyrirtækin gripu til á árunum 2008 og 2009 til að hækka verð til viðskiptavina, án ótta við viðbrögð keppinautarins. Endurspeglar þetta umræddan þátt í samráði fyrirtækjanna.
8822. Fjárhæð BAF-gjaldsins vakti ekki aðeins athygli viðskiptavina Samskipa hér á landi heldur kvörtuðu erlendir viðskiptavinir, eins og danska skipafélagið Maersk, jafnframt yfir því. Í þessu sambandi skal rifjað upp að í byrjun nóvember 2008 hafði BAF-gjaldskrá Maersk, sem Samskip skiptu við á siglingaleiðinni milli Evrópu og austurlanda fjær, lækkað mikið. Samskip ákváðu á hinn bóginn að láta viðskiptavini sína ekki njóta þessa heldur kröfðu þá áfram um BAF-gjald samkvæmt þrefalt hærri gjaldskrá. Skömmu síðar benti (S)forstj erlendum stjórnanda hjá Samskipum, (S)frkvstj-MCL, á að huga að verðhækkunum og aukinni gjaldtöku, m.a. á BAF-gjaldi, með hliðsjón af góðum árangri Samskipa hér á landi. Bætti (S)forstj m.a. þessu við um aðstæður á Íslandi: „I know there is limited competition here and not the same tough market as in europe ...general remark: -as discussed today, can we gain more through BAF/FAF versus the lowered fuel and bunker cost. [...]“
8823. Maersk keypti flutningsþjónustu af Samskipum og Eimskip. Í september og nóvember 2009 átti Maersk í samskiptum við Samskip og kvartaði yfir óeðlilega háu verði beggja fyrirtækja. Af þessu tilefni benti starfsmaður Maersk þeim (S)forstö-innfl1 og (S)forstö-útlfl á að BAF-gjald Samskipa væri „extremely high and is not comparable to anything on the market (being upto 20 times as much as market level!)“. Í svari (S)forstö-innfl1 við tölvupóstinum kom m.a. fram að Samskip hefðu ekki möguleika á lækkun verðs („there is no room for rate reductions to any of our partners or clients“). Nánar er fjallað um samskipti Samskipa og Eimskips við Maersk í köflum 8.15.7.2 og 8.16.6.

14.55.3. Atvik árið 2010

8824. Sem fyrr segir samræmdu Samskip og Eimskip BAF-gjald í Norður-Ameríku flutningum á árinu 2008. Af samtímagögnum verður ráðið að þessi ólögmeta háttsemi hafi áfram verið við lýði allt til enda rannsóknartímabilsins, sbr. umfjöllun í kafla 8.16.6 um afhentar upplýsingar Samskipa. Þar kemur

⁴⁵²⁶ Afritað tölvuskjal frá Samskipum. „Punktur frá fundi Hótel Glym 150109 – hópur 1.doc“. Viðhengi við afritaðan tölvupóst frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.709803.

⁴⁵²⁷ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.735347.

⁴⁵²⁸ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.735348.

⁴⁵²⁹ Afrituð tölvuskjöl frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.517153 og 0.7.33.516990.



fram að fyrirtækið hafi á rannsóknartímabilinu innheimt af viðskiptavinum sama BAF-gjald og Eimskip í Norður-Ameríku flutningum.

8825. Verður nú vikið að atvikum árið 2010 en að öðru leyti vísast til umfjöllunar í köflum um atvik þau ári, sbr. kafla 14.17.6 – 14.35.
8826. Í rekstraráætlun innflutningsdeildar Samskipa fyrir árið 2010 kemur fram að BAF-gjald muni breytast „í samræmi við magn og spá um breytingu á olíuverði árið 2010“. Gert var ráð fyrir töluverðri hækkun á olíuverði í samanburði við árið 2009. Síðan segir í áætluninni: „Heildartekjur af BAF eru áætlaðar 3.519.967 EUR. Til samanburðar þá er heildar olúkostnaður sem rukkaður er á innflutningsdeild gegnum skiparekstrardeild 2.500.743 EUR og því er framlegð af olíu 1.019.224 EUR.“ Þannig litu Samskip á BAF-gjald sem hluta af tekjuöflun fyrirtækisins en ekki eingöngu til að draga úr eða koma í veg fyrir þá áhættu sem fylgdi sveiflum í eldsneytisverði. Í sömu áætlun má auk þess sjá dreifingu tekna og átti hlutfall BAF-gjalds af heildartekjum fyrirtækisins að aukast á milli árána 2009 og 2010 (úr 8% í 14%).⁴⁵³⁰ Í áætlun útflutningsdeildar Samskipa fyrir árið 2010 var gert ráð fyrir að olíuverð myndi hækka um 50% en að tekjur Samskipa af BAF-gjaldi myndu hækka umfram það, eða um 58% milli ára.⁴⁵³¹
8827. Samtímagögn Samskipa staðfesta að í ársbyrjun 2010 miðaði fyrirtækið áfram við að allir viðskiptavinir þess skyldu greiða BAF-gjald, en vegna gildistíma samninga við einstaka viðskiptavini tók eðli málsins samkvæmt nokkurn tíma að hrinda henni í framkvæmd a.m.k. gagnvart stærstu viðskiptavininum. Tengslum við vinnu á þessum verðhækkunum sendi (S)forstö-innfl1 tölvupóst til (S)forstö-flutnstj 21. janúar 2010 um BAF-gjald með fylgiskjali yfir viðskiptavini í innflutningi sem ekki greiddu fullt BAF-gjald. Á því yfirliti er að finna stóra viðskiptavini Samskipa sem ýmist greiddu ekki BAF-gjald eða nutu 50% afsláttar af því.⁴⁵³²
8828. Samtímagögn Eimskips frá mars 2010 sýna að BAF-gjaldskrá fyrirtækisins var mun hærri en hjá þýskum skipafélögum. Þann 2. mars 2010 sendi (E)frkvstj-Þýskal tölvupóst til (E)frkvstj-TVG og (E)frkvstj-sala/þj, (afrit til (E)frkvstj-alþjsv) þar sem fjallað var um gjaldskrár skipafélaga og samkeppni í flutningum tengdum Þýskalandi. Segir þar m.a. að „Línan“ (þ.e. Eimskip) sé að verða undir í samkeppni við flutningafyrirtækið SACO, en um það fyrirtæki segir (E)frkvstj-Þýskal: „Verðin sem þeir geta boðið eru einnig miklu lægri en við getum boðið. Skiptir þá engu hvort um er að ræða sjófrakt, BAF, THC, etc. T.d. er BAF €7 hjá SACO vs €12 pr w/m hjá „Línunni“.⁴⁵³³ Hér vekur athygli hve miklu munar á BAF-gjaldskrá milli þessara tveggja evrópsku skipafélaga. Vísast í þessu samhengi til umfjöllunar í köflum 8.16.6 og 14.15 þar sem gerð er grein fyrir athugasemdum sem Maersk gerði við BAF-gjaldskrá Samskipa í nóvember 2009. Þar var BAF-gjald Samskipa sagt vera „extremely high and is not comparable to anything on the market (being upto 20 times as much as market level!)“.
8829. Þann 15. júní 2010 sendi (E)forstö-flutnstý tölvupóst til (E)forstö-innfl, (E)forstö-útl, (E)forstö-vörubrún, (E)forstö-fjárh2, (E)frkvstj-sala/þj og (E)frkvstj-skiparekst. Þar var vísað til kynningar frá fundi sama dag en í viðhengi var kynning sem hefur að geyma upplýsingar um þróun BAF-gjalds Eimskips. Á glæru um „Ákvörðun í okt 2008“ er fjallað um það þegar Eimskip haustið 2008 fíktaði í formúlu fyrir útreikning á BAF-gjaldi og hækkaði gjaldið. Á glærinni er tekið fram að BAF-gjaldskrá endurspegli meðaltal BAF-kostnaðar Eimskips síðastliðins mánaðar að viðbættu 20% álagi.

⁴⁵³⁰ Afritað tölvuskjal frá Samskip. „Innflutningur Rekstraráætlun 2010 [...]“. Fannst vistað á sameiginlegu tölvudrifi Samskipa, síðast vistað 31.12.2009. Bls. 14 og 17.

⁴⁵³¹ Afritað tölvuskjal frá Samskipum. Viðhengi við afritaðan tölvupóst frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.679375. Bls. 6 og 45.

⁴⁵³² Afritað tölvuskjal frá Samskipum. „Viðskiptavinir sem borga ekki BAF.xlsx“. Viðhengi við afritaðan tölvupóst frá Samskipum. [...]

⁴⁵³³ Afritaður tölvupóstur frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.241688.

14.55.4. Atvik árið 2011 og 2012

8830. Eins og áður segir samræmdu Samskip og Eimskip á síðari hluta ársins 2008 BAF-gjald í Norður-Ameríku flutningum. Samkvæmt samtímagögnum var þessi ólögmæta háttsemi fyrirtækjanna áfram við lýði árið 2011 og út rannsóknartímabilið, sbr. umfjöllun í kafla 8.16.6 um afhentar upplýsingar Samskipa en þar kemur fram að á rannsóknartímabilinu hafi fyrirtækið innheimt sama BAF-gjald og Eimskip í Norður-Ameríku flutningum.
8831. Verður nú vikið að atvikum árið 2011 og út árið 2012 en að öðru leyti vísast til umfjöllunar um önnur atvik á þessum árum í köflum 14.33.16 og áfram.
8832. Samkvæmt áætlun innflutningsdeildar Samskipa fyrir árið 2011 var áfram áherslan sú að tryggja að „allir viðskiptavinir“ myndu greiða fyrir „alla þjónustubætti“, þ. á m. BAF-gjald.⁴⁵³⁴ Er þetta í samræmi við önnur samtímagögn og samfellt samráð við Eimskip um álagningu gjaldsins sem fólst í því, án ótta um viðbrögð helsta keppinautarins, Eimskips, að fjölga þeim viðskiptavinum sem greiddu BAF-gjald og lækka afslætti af gjaldinu, sbr. umfjöllun hér að framan.
8833. Almennt birti Eimskip BAF-gjaldskrá fyrirtækisins á heimasíðu sinni. Gekk samráðið út á að þar nálguðust Samskip upplýsingar um BAF-gjald í Norður-Ameríku flutningum. Þetta verklag var þó ekki án undantekninga en í einhverjum tilvikum virðist hafa dregist að birta gjaldskrána hjá Eimskip á heimasíðu fyrirtækisins. Þann 1. mars 2011 sendi (E)verkefnastj verkefnastjóri hjá Eimskip tölvupóst til (S)starfsm verkefnastjóra hjá Samskipum með upplýsingum um BAF-gjald Eimskips fyrir mars 2011. Baðst (E)verkefnastj velvirðingar á hve upplýsingarnar væru sendar seint og tók fram að það væri „búin að vera fundarsería frá því ég talaði við þig“. Meðfylgjandi tölvupóstinum var gjaldskrá Eimskips fyrir olíuálag (BAF-gjald) fyrir Evrópuleiðir, Norður-Ameríkuleið, strandflutninga og inn- og útflutning frá Færeyjum ásamt gjaldskrá fyrir svonefnt RET álag á endursendar fiskumbúðir í frystigámum. Gilti gjaldskráin almennt fyrir marsmánuð 2011, en hvað varðar Norður-Ameríkuleið er á yfirlitinu einnig gjaldskrá sem átti að taka gildi frá 1. apríl 2011.
8834. (S)starfsm framsendi tölvupóstinn til (S)forstö-innfl1 með þeim orðum að upplýsingarnar hafi verið „að detta inn frá Eimskip“. Daginn eftir sendi (S)starfsm eftirfarandi tölvupóst til (S)forstö-innfl1:⁴⁵³⁵



8835. Samkvæmt fyrirmælum frá (S)forstö-innfl1 innheimtu Samskip og Eimskip sama BAF-gjald vegna Norður-Ameríku flutninga og var fyrirkomulagið þannig að Samskip lagði á sama gjald og Eimskip birti á heimasíðu sinni hverju sinni, sbr. tölvupóst (S)forstö-innfl1 frá 20. ágúst 2008 og kafla 8.15.7.2.
8836. Framangreind samskipti fyrirtækjanna sýna að í byrjun mars 2011 hafi Eimskip ekki verið búin að birta breytingar á BAF-gjaldi á heimasíðu fyrirtækisins. Samskiptin sýna einnig að fyrirtækin hafi jafnframt, eftir þörfum, átt samskipti um og skipst á upplýsingum um BAF-gjöld, og þá ekki eingöngu vegna Norður-Ameríku flutninga heldur einnig fyrir Evrópuleiðir, strandflutninga og Færeyjar. Í

⁴⁵³⁴ Afritað tölvuskjal frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.795514.

⁴⁵³⁵ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.859299.



kjölfar upplýsingamiðlunarinnar lagði Samskip í samræmi við samráðið við Eimskip sama BAF-gjald á sína viðskiptavini í Norður-Ameríku flutningum. Í hálfkæringi tilgreindi svo starfsmaður Samskipa, sem tók á móti upplýsingunum frá Eimskip um BAF, að það væri „ágætt að geta lagt þeim [Eimskip] aðeins lið“, sbr. ummæli (S)starfsm.

8837. Framangreind samtímagögn eru í samræmi við önnur samtímagögn um samráð Samskipa og Eimskips og sátt Eimskips þar sem fyrirtækið viðurkennir meðal annars samráð við Samskip um álagningu gjalda og afsláttarkjör í flutningaþjónustu og miðlun á mikilvægum verð- og viðskiptaupplýsingum, sbr. tl. 1.3 í 1. gr. sáttar Eimskips frá 21. júní 2021.
8838. Í september 2011 hækkaði Eimskip álag við útreikning á BAF-gjaldi úr 20% í 21%. Álagið hækkaði síðan mánaðarlega fram til janúar 2012 þegar það var orðið 25%.⁴⁵³⁶ Var þessi hækkun í engu samræmi við þróun á heimsmarkaðsverði olíu. Vegna samráðs Samskipa við Eimskip um samræmingu á BAF-gjaldi í Norður-Ameríku flutningum, sbr. umfjöllun í kafla 8.15.7.2, hækkaði Samskip einnig BAF-gjald til sinna viðskiptavina.
8839. Í samtímagögnum Eimskips á þessum tíma var hvergi að finna ótta um viðbrögð helsta keppinautarins, Samskipa.⁴⁵³⁷
8840. Í glærुकynningu framkvæmdastjóra fjármálasviðs Eimskips, dags. 30. september 2011, kom fram eftirfarandi um auknar tekjur Eimskips vegna breytinga á formúlu BAF og jákvæð áhrif á EBTIDA afkomu fyrirtækisins 2012: „Change BAF(Bunker adjustment factor) formula - EUR +570 k“.⁴⁵³⁸
8841. Samtímagögn sýna að önnur lögmál giltu um álagningu Samskipa og Eimskips á BAF-gjaldi á íslenska flutningamarkaðnum en annars staðar. Vísast t.a.m. til þess að 7. október 2011 sendi (S)frkvstj-Færeyj stjórnandi hjá Samskipum í Færeyjum tölvupóst til (S)forstj, (S)frkvstj-fjárm, (S)frkvstj-innanl og (S)starfsm varðandi fjárhagsáætlun fyrir Færeyjamarkað vegna ársins 2012. Í áætluninni er m.a. fjallað um álagningu BAF-gjalds og sýnir sú umfjöllun að í Færeyjum var álagning á BAF-gjaldi ekki með þeim hætti sem Samskip kusu en aðhald frá keppinautum, öðrum en Eimskip, kom í veg fyrir að fyrirtækin gætu haft meiri ábata af BAF gjaldi í Færeyjum. Í áætluninni segir að BAF sé stöðugt og eigi að vera áfram 40% af flutningsgjaldi („The BAF is budgeted to remain on 40% calculated from the freight. That is same as it has been for the last months in 2011“). Framangreind lýsing Samskipa á útreikningi á BAF-gjaldi í Færeyjum er í samræmi við gögn Eimskips en í áðurnefndu skjali sem (E)verkefnastj sendi til (S)starfsm 1. mars 2011 má sjá að BAF-gjald Eimskips í Færeyjum var reiknað sömuleiðis sem hlutfall af sjóflutningi (42%), þ.e. þar höfðu flutningafyrirtækin ekki með sama hætti og hér á landi varið sig gegn sveiflum á olíuverði (með því að færa áhættu yfir á viðskiptavini). Þá segir í áætlun Samskipa að ákjósanlegt væri að festa BAF-gjald við hvern gám ef samkeppnisaðilar myndu gera það sama („Ideal would be to have it per teu 's if competitors would do the same“).⁴⁵³⁹
8842. Þessi umfjöllun er í samræmi við það sem áður hafði komið fram, svo sem afstöðu (E)frkvstj-alþjsv til tillagna (E)forstö-flutnstý í tölvupósti 18. ágúst 2008 þar sem (E)frkvstj-alþjsv lagði áherslu á að markaðsaðstæður myndu ráða því hvernig BAF-gjald væri lagt á; eitt kerfi væri á Íslandi, annað í Færeyjum og enn annað í Noregi, sbr. kafla 8.15.7.2. Umfjöllunin er einnig í samræmi við það sem Norske Skog benti Samskipum á í tölvupósti 27. október 2008, þ.e. að BAF-gjald á Íslandi væri hærra en á öðrum nálægum mörkuðum, og tölvupóst frá starfsmanni Maersk til (S)forstö-innfl1 17. nóvember 2009 um að BAF-gjald hjá Samskipum væri allt að tuttugufalt hærra en það sem annars staðar gerðist, sbr. kafla 8.15.7.2 og 8.16.6.

⁴⁵³⁶ Bréf Eimskips til Samkeppniseftirlitsins, dags. 13.10.2017, bls. 12.

⁴⁵³⁷ Afritað tölvuskjal frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.183393. Afritað tölvuskjal frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.34.85092.

⁴⁵³⁸ Afritað tölvuskjal frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.832040.

⁴⁵³⁹ Afritað tölvuskjal frá Samskipum. „FO Budget 2012.docx“. Viðhengi við afritaðan tölvupóst frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.916218.



8843. Eins og áður segir skiptu Samskip við skipafélagið Maersk á siglingaleiðinni milli Evrópu og Austurlanda fjær. Maersk hafði, eins og fleiri erlendir viðskiptaaðilar, gert athugasemdir við hátt BAF-gjald hjá Samskipum og Eimskip án þess að þær leiddu til breytinga. Í kjölfar verðfalls á olíu á heimsmarkaði haustið 2008 lækkaði Maersk sitt BAF-gjald mikið eða í um þriðjung af því sem það hafði verið. Á grundvelli samráðs við Eimskip ákváðu Samskip þó að láta viðskiptavini sína ekki njóta þessa heldur halda BAF-gjaldinu óbreyttu.
8844. Gögn frá október 2011 sýna að stjórnendur Samskipa skiptust á ný á skoðunum um BAF-gjaldið hjá Maersk. Þann 20. október 2011 sendi (S)viðskstj tölvupóst til (S)forstö-flutnstj með tilvísun í BAF-gjaldskrá Maersk þar sem sagði: „Hvernig geta Maersk gefið út BAF verð á siglingaleiðinni til Íslands án þess að sigla hingað?“ (S)forstö-flutnstj svaraði: „Það er góð spurning, sérstaklega eru þeir að reikna BAF-ið lægra en við...“. (S)viðskstj svaraði: „Nákvæmlega, bara fín slett tala, USD 400 á 40ft boxið, meikar ekki alveg sence. Verst er að svo eru kunnar að rekast á þetta og bera saman“. (S)forstö-flutnstj svaraði: „Skil það en punkturinn er að þetta er í raun marklaust þar sem þeir sigla ekki hingað...“ (S)viðskstj svaraði: „Passar, en menn taka því s.s. eins og hentar, en þetta er bara svo mikið rugl og getur þvælst fyrir, velti því fyrir mér hvaða leyfi þeir hafa til að gefa svona út að því er virðist án mikilla fyrirvara og skýringa en þetta hlýtur þá að vera það BAF sem þeir reikna á prepaid sendingar.“⁴⁵⁴⁰ Af þessu verður a.m.k. ráðið að stjórnendur Samskipa hafi verið ósáttir við að Maersk setti fram í gjaldskrá sinni útreikning á BAF-gjaldi á siglingaleiðinni til og frá Íslandi, þar sem gjaldið væri lægra en hjá Samskipum. Slíkt væri aðeins til þess fallið að rugla viðskiptavini Samskipa í ríminu.
8845. Haustið 2011 vann Eimskip áfram að því að tryggja að allir viðskiptavinir þess greiði fullt BAF-gjald og voru stærri viðskiptavinir ekki undanskildir. Um þetta vísast til fundargerðar vegna fundar innflutningsdeildar Eimskips þann 12. september 2011, en þar segir m.a. undir liðnum „Samningar í vinnslu eða verð í athugun“: „IKEA v/BAF ((E)viðskstj2)“. Sami liður kemur aftur fyrir í fundargerð frá 26. september sama ár, en undir liðnum „Helstu áherslur: Meðalsjóflutningsgjöld: lista upp 3-5 samninga sem hægt er að vinna í og laga (Allir)“, er nefnt „* Byko: BAF?“. Í fundargerð 17. október 2011 er aftur nefnt undir sambærilegum dagskrárlið: „* Byko v/BAF ((E)viðskstj5)“ og undir liðnum „Samþykktir samningar nýverið“ stendur: „IKEA: BAF komið inn ((E)viðskstj2)“.⁴⁵⁴¹ Fundargerð frá fundi æðstu yfirmanna inn- og útflutnings Eimskips í viku 51 árið 2011 sýnir að Eimskip ætlaði að afnema 50% afslátt af BAF hjá BM Vallá.⁴⁵⁴²
8846. Samkvæmt áætlun innflutningsdeildar Samskipa fyrir árið 2012 var áfram áherslan sú að tryggja að „allir viðskiptavinir“ myndu greiða öll þjónustugjöld, þ. á m. BAF-gjald, sbr. umfjöllun í kafla 14.38.4. Í kynningu um áætlunina, „Innflutningsdeild_áætlun_2012“, sem (S)forstö-innfl1 sendi til m.a. (S)forstj og (S)frkvstj-innanl, í október 2011 kom þetta fram:⁴⁵⁴³

⁴⁵⁴⁰ Afrituð tölvupóstsamskipti frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.911087.

⁴⁵⁴¹ Fundargerðir innflutningsdeildar Eimskips 12.09.2011, 26.09.2011 og 17.10.2011. Sjá afrituð tölvuskjöl frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.34.85092. „IMP_Fundargerð 2011_Vika 39.docx“. Viðhengi við afritaðan tölvupóst frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.830779. „IMP_Fundargerð 2011_Vika 42.docx“. Viðhengi við afritaðan tölvupóst frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.845310.

⁴⁵⁴² Afritað tölvuskjal frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.102828.

⁴⁵⁴³ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.909915.



Áherslur á árinu

Rekstraráætlun 2012

Kostnaður


- ✓ Berjast gegn hækkunum í erlendum höfnum
- ✓ Fjölga samstarfsaðilum frá Far East
 - Ná fram lækunum
- ✓ Lækka feeding kostnað
 - Hamborg og Bremerhaven
 - Noregur
- ✓ Lækka transshipment kostnað

Tekjur

- ✓ Halda öllum viðskiptavinum á sambærilegum verðum
- ✓ Verja BAF gjaldið
- ✓ Innheimta meira feeding
- ✓ Reyna að halda í framlegð af forflutningum

samskip

BAF greining



- ✓ BAF tekjur = 5.260 millj. EUR
 - Aukast um 953 þús EUR miðað við raun + áætlun
 - Aukast um 1.236 þús EUR miðað við grunninn
- ✓ Olíukostnaður = 3.982 millj. EUR
- ✓ Framlegð af olíu = 1.278 þús. EUR
- ✓ BAF áætlað 22% hærra en í grunninum.
- ✓ Hátt BAF hefur jákvæð áhrif á áætlun
 - Neikvæð áhrif á uppgjör ef BAF verður undir áætlun.
- ✓ Ekki varfærnisleg áætlun fyrir HF

samskip

8847. Umrædd glæra, „BAF greining“, sýnir með skýrum hætti fjárhagslega þýðingu á BAF-gjalds fyrir afkomu Samskipa. Er áætlað í greiningunni að tekjur af BAF-gjaldinu, sem átti að hafa það markmið



að vera jöfnunargjald til að verjast sveiflum í olíuverði, yrðu mun hærri en olúkostnaður og er talað um jákvæða „framlegð af olíu“. Er sagt að BAF sé áætlað 22% hærri en í grunninum og að hátt BAF-gjald hafi jákvæð áhrif á áætlun fyrirtækisins. Sama staða var uppi í áætlun fyrirtækisins fyrir innflutning árið 2010 og 2011, sbr. umfjöllun hér að framan.

8848. Á rannsóknartímabilinu kvörtuðu viðskiptavinir Eimskips og Samskipa stöðugt undan því að fá ekki skýringar á útreikningi fyrirtækjanna á BAF-gjaldi. Í nóvember 2011 freistaði Eimskip þess að undirbúa samræmdar skýringar til viðskiptavina fyrirtækisins. Þann 30. nóvember 2011 sendi (E)verkefnastj tölvupóst til (E)forstö-sölu (afrit til (E)forstö-vörubróun) um óskir viðskiptavina um að fá skýringar á því hvernig BAF er reiknað. Þar segir:

„Það er að koma upp oft og oft að viðskiptavinir óski eftir því að fá útskýringar á því hvernig BAF er reiknað út.

Við höfum ekki gefið þetta upp eins og þú líklega kannast við.

Ég fékk skeyti frá (E)forstö-flutnstý sem hann nýverið sendi til (E)verkstj-alþjsv. Núna var [...] að óska eftir því að ég sendi honum einhverjar útskýringar og ég [h]ef verið að fá þessa fyrirspurn einnig frá [...], [...] og [...].

Ert þú því sammála að það sé hægt að senda neðangreinda skýringu , þegar spurt er út í BAF útreikning ?

Viðskiptastjórar hafa einnig verið að fá þessa fyrirspurn og því spurning að ef þetta er í lagi að setja þessa skýringu yfir á IS.“

8849. Með tölvupóstinum framsendi (E)verkefnastj tölvupóst (E)forstö-flutnstý frá 17. nóvember 2011 til tveggja starfsmanna Eimskips, (E)verkstj-alþjsv og (E)starfsm, þar sem eftirfarandi skýring til viðskiptavina er sett fram um útreikning Eimskips á BAF-gjaldi vegna flutninga milli Íslands og Norður-Ameríku:

„We update the BAF monthly. We base this on available bunker prices from bunkerworld.com. Typically we calculate the BAF on the 26th of the month (say November 26) and use average price from October 26 – November 25 in our calculation.

We do not reveal the actual calculation but in essence the „extra bunker cost“ (above USD 100 per oil ton which is absorbed by Eimskip and effectively included in the seafreight) is being divided between the teus that the vessels carry.

Thus we take into calculation: distance sailed, speed, consumption per day etc.“⁴⁵⁴⁴

8850. Þann 6. júlí 2012 sendi framkvæmdastjóri fyrirtækisins SET tölvupóst til (E)frkvstj-sala/þj og kvartaði yfir gjaldskrárhækkun Eimskips 1. júlí 2012. Í tölvupóstinum sagði viðskiptavinurinn að hækkunin væri „vægast sagt undarleg þegar litið er til þróunar helstu áhrifaþátta.“ Vísaði viðskiptavinurinn síðan m.a. til þess að olíuverði hafi lækkað, krónan styrkst og „flutningamagn hefur aukist hjá ykkur og þar með hefur nýting fastafjármuna og innviða væntanlega batnað umtalsvert“. (E)frkvstj-sala/þj svaraði framangreindum tölvupósti sama dag. Í svari (E)frkvstj-sala/þj kom m.a. fram um BAF-gjaldið: „[o]lúgjald (BAF) hreyfist í takt við olíuverðsbreytingar á markaði“, sbr. umfjöllun í kafla 14.44.1. Af samtímagögnum og innanhússamskiptum Eimskips má sjá að þessi skýring (E)frkvstj-sala/þj var ekki rétt eða a.m.k. til þess fallin að villa um fyrir viðskiptavininum, enda fyrirbyggjandi í gögnunum að Eimskip hafði „fíktað“ í formúlu BAF-gjaldsins og hækkað reglulega álagið á gjaldinu, sem hafði ekkert með þróun olíuverðs að gera. Hvorki í þessum gögnum né öðrum er að finna

⁴⁵⁴⁴ Afritaður tölvupóstur frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.34.23393.




nokkurn ótta um samkeppnisleg viðbrögð frá Samskipum. Endurspeglar þetta samráð fyrirtækjanna á þessum tíma.

14.55.5. Atvik árið 2013

8851. Líkt og fjallað er um í kafla 21 fór að draga úr umfangi samráðs Samskipa við Eimskip undir lok rannsóknartímabilsins, sbr. einnig tölul. 1.3 í 1. gr. í sátt Eimskips 21. júní 2021. Má meðal annars sjá merki þessa í samtímagögnum fyrirtækjanna sem tengjast samráði um álagningu á BAF-gjaldi. Samkvæmt rekstraráætlun Samskipa í innflutningi fyrir árið 2013 var í fyrsta skipti gert ráð fyrir áherslubreytingu hvað varðar þá stefnu fyrirtækjanna að „*allir*“ viðskiptavinir þeirra myndu greiða BAF-gjald en fyrir árið 2013 var áherslan að „*flestir*“ viðskiptavinir myndu greiða BAF (og önnur gjöld).⁴⁵⁴⁵ Er framangreint til marks um að á þessum tíma hafi dregið úr umfangi samráðsins og óvissa aukist á nýjan leik milli Samskipa og Eimskips. Önnur umfjöllun Samskipa í samtímagögnum frá þessum tíma styður þetta einnig (sbr. t.d. „*merki að sú ró sem verið hefur á innflutningsmarkaði síðustu ár sé ekki lengur til staðar*“, sbr. áðurnefndan kafla 14.48).
8852. Þrátt fyrir að samráð Samskipa og Eimskip hafi verið byrjað að fjara út þá sýna gögn málsins að því var ekki lokið árið 2013, sbr. nánari umfjöllun í kafla 21. Í glærुकyningu um áðurnefnda rekstraráætlun Samskipa fyrir árið 2013 („*Innflutningsdeild_áætlun_2013.pptx*“) var fjallað um tekjur á árinu. Þar kom fram sama áhersla og árin áður, þ.e.: „*Verja BAF og FAF gjaldið*“. Þetta sýnir að Samskip gátu treyst því að samráð við Eimskip myndi veita svigrúm til að „*verja*“ gjalddöku af viðskiptavinum vegna olúggjalds. Hvergi í samtímagögnum Samskipa er að finna vísbendingar um að framlegð fyrirtækisins af BAF-gjaldi ætti að nýta sem samkeppnisforskot á Eimskip. Þvert á móti. Þannig átti BAF-gjald viðskiptavina að skila Samskipum auknum tekjum og tæpri fjögurra milljóna evra framlegð árið 2013, sbr. eftirfarandi glæru:⁴⁵⁴⁶

⁴⁵⁴⁵ Fjallað er nánar um áætlunina í kafla 14.48. Afritað tölvuskjal frá Samskipum. „*Innflutningur – Rekstraráætlun 2013*“. Viðhengi við afritaðan tölvupóst frá Samskipum. „*Ný útgáfa af kynningu innflutningsdeilda*“, dags. 11.10.2012, kl. 15:04. Doc. ID. 0.7.33.1018272. Bls. 13.

⁴⁵⁴⁶ Afritað tölvuskjal frá Samskipum. „*Innflutningur_áætlun_2013.pptx*“. Glæra 3 og 11. Viðhengi við afritaðan tölvupóst frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.1018272.



8853. Samtímagögn sýna einnig að árið 2013 var ennþá tregða við að afhenda viðskiptavinum útreikninga á BAF-gjaldi. Vegna fyrirspurnar frá viðskiptavini sendi [\(E\)forstö-flutnstý](#) t.a.m. þann 4. apríl 2013 tölvupóst til forstjóra Eimskips, [\(E\)forstj](#), með afriti til [\(E\)forstö-aljpsv](#) og [\(E\)frkvstj-skiparekst](#), um útreikninga á BAF-gjaldi en þar sagði m.a.:

„Sæll

[\[\(E\)forstö-aljpsv\]](#) sagði mér að þú værir að leita að upplýsingum um BAF útreikninga.

Hér á eftir er þetta svona í grófum dráttum, en við höfum alls ekki viljað senda neina jöfnu á kúnna fyrir þá að skoða enda höfum við stundum verið að breyta þessu eins og til dæmis með því að hækka „buffer“.

Kv.

-[\[\(E\)forstö-flutnstý\]](#)

Svona var þetta fram í nóv 2008:

- BAF gjaldskrá var \$6 á TEU fyrir hverja \$10 sem olíuverð fór yfir \$100 á tonn
- Miðað var við meðalolíuverð mánuðinn á undan
- BAF á N-Ameríku var 40% hærra en BAF á Evrópu
- Var 20% hærra frá ??? til september 2008
- Þar á undan var notað "utanaðkomandi" BAF á Ameríku



- Athugun sýndi að BAF-gjaldskrá endurspeglaði kostnað ekki nægilega vel

Svo í okt 2008 var þetta ákveðið:

- BAF gjaldskrá endurspeglar meðaltal BAF-kostnaðar Eimskips síðastliðins mánaðar að viðbættu 20% álagi
- Kostnaður vegna IFO, MGO og smurólíu
- BAF fyrir N-Ameríku sé óháð BAF fyrir Evrópu
- (þ.e. reiknað sitt í hvoru lagi)

Þær forsendur sem eru notaðar hverju sinni eru þessar (þeim er sjaldan breytt nema verðinu):

Olíueyðsla í siglingahring

Lestun[]argeta og nýting skipa

Grunnolíuverð (við tókum á okkur kostnað upp á \$100 per tonn)

Olíuverð 30 daga á undan útreikning hverju sinni - hér er miðað við 380 LS olíu í RTM.

Svo er sett álag ofan á reiknaðan BAF-kostnað per teus, því ekki allir borga BAF og sumir borga bara hluta. (Það er þessi buffer sem var hækkaður fyrir rúmu ári)

Þetta er uppfært mánaðarlega fyrir Evrópu og Ameríku.

Í [meðfylgjandi grafi] má sjá þróun á Evrópu síðan í nóv 2008 - ég mæli þó ekki sérstaklega með að dreifa þessu því það má bera þetta saman við olíuverð og sjá að við höfum fíktað í okkar formúlu!"

8854. Við rannsókn málsins hafa ekki fundist gögn sem sýna að (E)forstj forstjóri Eimskips (eða (E)forstö-
alþjvsv eða (E)frkvstj-skiparekst) hafi svarað eða sett fram einhver viðbrögð við þessari umfjöllun
(E)forstö-flutnstý um „fikt“ á BAF-gjaldi Eimskips. Á hinn bóginn fylgdi (E)forstö-flutnstý eftir
tölvupósti sínum daginn eftir og sendi aftur póst til framangreindra stjórnenda og sagði: „ Í staðinn
fyrir að setja fram formúlu (sem mér skilst að Highliner vilji sjá) þá er kannski hægt að setja þetta
svona fram, meðalverð og BAF síðustu 12 mánuði. Út frá þessu ætti að vera hægt að sjá hvernig
olíuverð hefur áhrif á BAF. Með þeim fyrirvara þó að við getum alltaf breytt formúlunni!“⁴⁵⁴⁷
8855. Framangreindir tölvupóstar Eimskips 4. og 5. apríl 2013 eru skýr samtímagögn. Samráðið við
Samskip gerði Eimskip það kleift að „fíkta“ í formúlunni sem var notuð til að reikna út BAF-gjaldið án
þess að þurfa að óttast viðbrögð Samskipa, enda var BAF-gjald vegna Norður-Ameríku flutninga
samræmt milli fyrirtækjanna, sbr. kafla 8.15.7.2.

14.55.6. Samantekt

8856. Heildstætt mat á samtímagögnum Samskipa og Eimskips sýnir að háttsemi fyrirtækjanna í tengslum
við álagningu BAF-gjalds var hluti af ólögmetu samráði þeirra. Samráðið gerði fyrirtækjunum kleift
að krefja viðskiptamenn sína um BAF-gjald og gera breytingar á því án þess að þau þyrftu að óttast
samkeppnisleg viðbrögð hvors annars. Skýrir samráðið hvers vegna gjaldið var óvenjulega hátt hér
á landi, stöðuga viðleitni fyrirtækjanna til að hækka það og áherslu fyrirtækjanna á að allir
viðskiptamenn þeirra myndu greiða það. Má rekja háttsemi fyrirtækjanna til „Nýtt
upphaf“ verkefnisins og ólögmetra upplýsingaskipta fyrirtækjanna, þar á meðal um BAF-gjald, á

⁴⁵⁴⁷ Afritaðir tölvupóstar frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.1085341.



fundum lykilstjórnenda, a.m.k. 14. ágúst 2008 og 4. desember 2008. Raskaði þessi háttsemi fyrirtækjanna samkeppni á flutningamarkaði og fór gegn 10. gr. samkeppnislaga.

8857. Tekjur fyrirtækjanna af BAF-gjaldi voru þó nokkur hluti heildartekna þeirra. Til mikils var því að vinna fyrir fyrirtækin. Í ljósi þessa kemur það ekki á óvart að Samskip og Eimskip fylgdust náð með því hve mikið BAF-gjald skilaði til rekstrarins og að hvaða marki tekjur af BAF-gjaldi stóðu undir olíukostnaði. Á rannsóknartímabilinu brýndu æðstu stjórnendur Samskipa og Eimskips það fyrir starfsmönnum fyrirtækjanna að allir viðskiptamenn ættu að greiða BAF-gjald og að lækka ætti afslætti af gjaldinu. Eru öll samtímagögn sama marki brennd, þ.e. að hjá fyrirtækjunum var ekki til staðar ótti um samkeppnisleg viðbrögð hvors annars í kjölfar aðgerða þeirra sem tengdust þessu.
8858. Samtímagögn sýna að draga tók úr umfangi samráðs Samskipa og Eimskips á árinu 2013, þ. á m. samráðs um álagningu á BAF-gjaldi.
8859. Í sátt Eimskips 16. júní 2021 viðurkennir fyrirtækið að hafa á rannsóknartímabilinu átt í ólögnum samskiptum og samstarfi við Samskip sem hafi falið í sér alvarleg brot gegn 10. gr. samkeppnislaga og 53. gr. EES-samningsins. Í sáttinni viðurkennir Eimskip að brot þess hafi falið í aðgerðum sem gripið var til eftir fund með Samskipum 6. júní 2008, sbr. einnig „Verkefnið Nýtt upphaf“ skv. glærुकyningu Eimskips frá 9. júní 2008. Í þessu fólst samráð við Samskip m.a. um álagningu gjalda og afsláttarkjör í flutningsþjónustu og um miðlun á mikilvægum verð- og viðskiptaupplýsingum, sbr. tl. 1.3. í 1. gr. sáttarinnar. Sátt Eimskips er í samræmi við samtímagögn, þ. á m. sem varða BAF-gjald og innheimtu þess.
8860. Í athugasemdum Samskipa við AI og AII eru gerðar athugasemdir við þær niðurstöður sem Samkeppniseftirlitið dregur af þeim gögnum sem vísað er til í þessum kafla. Hafnar fyrirtækið því að hafa á rannsóknartímabilinu átt í samráði við Eimskip um álagningu BAF-gjalds. Eins og fjallað er um í kafla 26.55 er ekki unnt að fallast á athugasemdir og sjónarmið fyrirtækisins hvað þetta varðar.

14.56. Samráð um afsláttarkjör

14.56.1. Um hámarks afslátt

8861. Samtímagögn frá árunum 2008–2013 sýna að Samskip og Eimskip leituðust eftir því að halda verði samkvæmt gjaldskrá háu en veita viðskiptavininum sínum í staðinn afslátt af gjaldskrá. Tók samráð fyrirtækjanna á þessum árum meðal annars til afsláttarkjara og hámarks afsláttar. Miðuðu fyrirtækin almennt við að viðskiptavinir fengju að hámarki 50% afslátt af ákveðnum gjöldum samkvæmt gjaldskrá og gildi sá afsláttur einnig um viðskipti á milli fyrirtækjanna sjálfra. Í samtímagögnum má finna þess dæmi að umrætt samkomulag hafi verið áréttað í samskiptum stjórnenda og starfsmanna fyrirtækjanna.
8862. Í kafla 8.1. er gerð grein fyrir tölvupóstumskiptum (S)forstö-innfl1 og (E)forstö-innfl dagana 10. og 13. júní 2008, en þeir gegndu stöðum forstöðumanna innflutningsdeilda Samskipa og Eimskips. Umfjöllunarefni tölvupóstanna var samkomulag Samskipa og Eimskips sem fólst í því að viðskiptavinir fyrirtækjanna skyldu að hámarki fá 50% afslátt af gámaleigu. Nánar tiltekið segir í tölvupósti (E)forstö-innfl, sem bar yfirskriftina „Gámaleiga rukkuð á Ístak“:
- „Sæll félagi [...] Kannastu við 50% afsláttarhámark á gámaleigu? Er það ekki sanngjörn tillaga?“
8863. Í svarpósti (S)forstö-innfl1 segir meðal annars svo:
- „Sæll meistari



Jú ég þekki 50% hámarkið. Ánægjulegt að þið standið fast á þessu hámarki. Þetta er sanngjörn tillaga.⁴⁵⁴⁸

8864. Á þessum tíma var (S)forstö-innfl1 sem áður segir yfirmaður innflutningsdeildar Samskipa og (E)forstö-innfl yfirmaður innflutningsdeildar Eimskips. Í samskiptunum áréttaði (E)forstö-innfl samkomulagið um 50% afsláttarhámark og lýsti (S)forstö-innfl1 af því tilefni ánægju sinni með að Eimskip hygðist virða það. Með samskiptunum hnykktu stjórnendurnir því á samkomulagi fyrirtækjanna um þann hámarks afslátt sem þau veittu viðskiptavinum sínum.

8865. Þann 7. október 2010 sendi (S)frkvstj-Jóna, framkvæmdastjóri Jóna, (E)frkvstj-TVG, framkvæmdastjóra TVG, tölvupóst þar sem kemur fram að lengi hafi gilt samkomulag milli Samskipa og Eimskips um 50% afslátt af út- og uppskipun á heilgámum. Í tölvupóstinum kveður (S)frkvstj-Jóna Jóna vera að taka inn sendingu í gegnum TVG/CMA og biður (E)frkvstj-TVG því um 50% afslátt í samræmi við samkomulag Samskipa og Eimskips:

„Væri möguleiki að þú endurskoðaðir gjaldskrána á uppskipun sem að Jónar hafa notið hjá TVG. Það hefur lengi verið samkomulag í gildi á milli móðurfyrirtækja okkar að gefin [svo] hefur verið 50% afsláttur af út og uppskipun á heilgámum sambærilegt við það sem að gefið er út á markaðinn almennt.“⁴⁵⁴⁹

8866. Í kafla 14.11 er fjallað um erindi Samskipa sem var sent Samkeppniseftirlitinu skömmu áður en æðstu stjórnendur fyrirtækisins hittu æðstu stjórnendur Eimskips 6. júní 2008. Þar kemur fram að það sé „nánast óþekkt að fyrirtæki fái afslátt umfram helmingsafslátt af uppskipun“.⁴⁵⁵⁰ Í sama kafla er gerð grein fyrir tölvupósti (S)forstö-innfl1 til (E)deildstj-TVG 14. desember 2009 þar sem vísað er til þess að það sé „samkomulag í gangi á milli Eimskips og Samskipa um standard 50% afslátt af uppskipuninni.“

8867. Af fjölmörgum samtímagögnum fyrirtækjanna frá rannsóknartímabilinu verður ráðið að stjórnendur fyrirtækjanna miðuðu við fyrrgreind afsláttarkjör er þeir gáfu undirmönnum sínum fyrirmæli. Sýna umrædd gögn að þessi takmörkun á afslætti var ekki bundin við gámaleigu heldur tók til fleiri þjónustuþátta, svo sem uppskipunar og landflutninga.

8868. Innan Eimskips var á árinu 2009 brýnt fyrir starfsmönnum að ekki væri heimilt að veita meira en 50% afslátt. Þetta kemur t.d. fram í fundargerð innflutningsdeildar Eimskips 8. nóvember 2009. Þar er greint frá því að (E)frkvstj-sala/þj hafi komið inn á fundinn og lagt áherslu á að verð Eimskips yrði hækkað og ekki yrði veittur meiri en 50% afsláttur:

„Ekki semja um meira en 50% afslátt af uppskipun á FCL [heilgámar], ekki semja um fasta uppskipun sem er lægri en 50% afsláttur.“⁴⁵⁵¹

8869. Í kafla 14.21.4 er fjallað um samningareglur Eimskips 2. febrúar 2010 sem voru hluti af sölustefnu Flytjanda 2010. Þar kemur fram að svokallaðir „A viðskiptavinir“ Eimskips, sem voru mikilvægustu viðskiptavinir fyrirtækisins, nytu að viðmiði 50% afsláttar en aðrir viðskiptavinir lægri afsláttar. Kom einnig fram að engir viðskiptavinir nytu afsláttar af olúgjaldi, afgreiðslugjaldi, farmtryggingu, gjaldskrárbreytingum eða rúmmálgjaldi. Aftur á móti væri stykkjavörugjald umsemjanlegt upp að 50% afslætti.

8870. Samtímagögn sýna að innan Samskipa og Eimskips var ítrekað vísað til þessa hámarks á afslætti. Sjá t.d. eftirfarandi gögn frá árinu 2008:

⁴⁵⁴⁸ Afrituð tölvupóstsamskipti frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.641537 / 0.7.33.643085 / 0.7.33.643106.

⁴⁵⁴⁹ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.34.399355.

⁴⁵⁵⁰ Bréf Samskipa til Samkeppniseftirlitsins, dags. 07.05.2008.

⁴⁵⁵¹ Afritað tölvuskjal frá Eimskip. „Fundargerð Innflutningsdeildar vika 45 2009“. Viðhengi við afritaðan tölvupóst frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.315416.



- Í tölvupósti (S)forstö-innfl1 til (E)forstö-innfl 17. desember 2008 segist hann vera með gamlan reikning vegna flutnings þar sem gerðar eru athugasemdir við kostnað við uppskipun. Býst hann m.a. til þess að gefa Eimskip 50% afslátt af uppskipun.⁴⁵⁵²
- Í tölvupósti (S)forstö-innfl1 3. júlí 2008 til viðskiptavinarins BB kemur fram að hann fái „50 prósent afslátt af staðsetningargjaldi.“⁴⁵⁵³
- Í tölvupósti (S)forstö-innfl1 1. september 2008 vegna reiknings Stjörnueggs segir eftirfarandi: „Hér er gámaleigureikningurinn sem liggur á Stjörnuegg. Ég get gefið 50% afslátt, en neðar kemst ég ekki.“⁴⁵⁵⁴
- Í tölvupósti (S)forstö-innfl1 3. september 2008 kemur fram að hann hafi veitt 50% afslátt til Fram Foods.⁴⁵⁵⁵
- Í tölvupósti (S)forstö-innfl1 til (S)starfsm 14. október 2008 sagði: „Ég samdi við Ice Auto að þeir fengju 50% afslátt af geymslugjöldunum.“⁴⁵⁵⁶

8871. Í kafla 14.12 eru jafnframt rakin tilvik sem sýna notkun Samskipa og Eimskips á 50% hámarkinu í lok árs 2008 og á árinu 2009. Vísast til þeirrar umfjöllunar.

- Starfsmaður Samskipa sendi tölvupóst til (S)forstö-innfl1 og spurði hversu mikinn afslátt frá gjaldskrá af gámaleigu honum væri heimilt að veita fyrirtækinu Glóbusi. Í svari (S)forstö-innfl1 21. janúar 2009 segir: „Þú getur gefið þeim 50% afslátt af leigunni“⁴⁵⁵⁷
- Starfsmaður Samskipa í Hollandi sendi tölvupóst til m.a. (S)forstö-innfl1 23. febrúar 2009. Sagði hann að eftir síðustu verðhækkun væru þjónustugjöld Samskipa í höfnum á Íslandi orðin „óheyrilega“ há („this is an awful lot“).⁴⁵⁵⁸ (S)forstö-innfl1 svaraði sama dag og sagði: „We usually give 50% discount from tariff.“⁴⁵⁵⁹
- Í tölvupósti (S)forstö-innfl1 til flutningsmiðlunar í Þýskalandi 26. febrúar 2009 segir: „50% afsláttur af uppskipun gildir fyrir alla kúnna.“ Þá kemur fram að viðskiptavinum standi til boða 50% afsláttur af heimakstri á höfuðborgarsvæðinu.⁴⁵⁶⁰
- Fyrirtækið Ictransport sendi tölvupóst til (S)forstö-innfl1 2. október 2009 þar sem það spurðist fyrir um afslátt af þjónustugjöldum Samskipa. (S)forstö-innfl1 svaraði samdægurs og sagði m.a.: „Það er ekkert mál að setja inn afslátt á ykkur. Ég get boðið ykkur 50% afslátt af uppskipun og heimakstur heilgáma á 25.000 + FAF.“⁴⁵⁶¹

8872. Þetta verðsamráð fyrirtækjanna hélt áfram árunum 2011-2013 þegar ítrekað var vísað til 50% afsláttarhámarksins hjá þeim.

8873. Á árinu 2011 eru fjölmörg dæmi um að notast hafi verið við 50% afsláttarhámarkið hjá Samskipum og Eimskip, ýmist vegna uppskipunar/útskipunar, sjóflutninga o.fl. Sjá sem dæmi hér að neðan:

- Þann 26. nóvember 2010 sendi (E)forstö-vörubróun tölvupóst til (E)starfsm-viðsk.þj, afrit (E)viðskstj3 og (E)verkefnastj, með heitinu „Gjaldskrárvinna v IMP OF og THC fyrir heilgáma“. Í tölvupóstinum óskaði (E)forstö-vörubróun eftir greiningu á THC fyrir heilgáma í útflutningi frá Íslandi. Þann 3. janúar 2011 sendi (E)forstö-vörubróun svo aftur tölvupóst og bað um að THC yrði

⁴⁵⁵² Afrituð tölvupóstsamskipti frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.468715

⁴⁵⁵³ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.649257, sbr. einnig Doc. ID. 0.7.33.503707.

⁴⁵⁵⁴ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.664990.

⁴⁵⁵⁵ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.666287 / 0.7.33.666230.

⁴⁵⁵⁶ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.675778.

⁴⁵⁵⁷ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.711643.

⁴⁵⁵⁸ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.725102.

⁴⁵⁵⁹ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.725130.

⁴⁵⁶⁰ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.726891.

⁴⁵⁶¹ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.773557.



greint og skoðað út frá 30, 40 og 50% afslætti m.v. gámaeiningar. (E)starfsm-viðsk.þj svaraði 13. janúar 2011 og spurði hvort ætti að „halda Norðurál fyrir utan þetta því þar er alltaf 100% afsláttur? Eða á ég að láta þá sjást í skýrslunum?“⁴⁵⁶² Sýnir þetta að veittur hámarks afsláttur af THC gjaldi hjá Eimskip nam almennt 50% nema í viðskiptum við Norðurál.

- Þann 25. apríl 2011 sendi (E)starfsm tölvupóst til TVG o.fl. þar sem fram kemur að sending sé að koma frá Efnissölu GE Jóhannssyni sem sé með 50% afslátt á uppskipun samkvæmt samningi.⁴⁵⁶³
- Þann 11. mars 2011 sendi viðskiptastjóri Frjó Quatro ehf. tölvupóst til (S)forstö-innfl1 og óskaði eftir lækkun á reikningi. (S)forstö-innfl1 áframsendi tölvupóstinn til (S)starfsm og lagði til að gefa 35-50% afslátt af reikningnum.⁴⁵⁶⁴
- Þann 23. mars 2011 sendi (S)forstö-innfl1 tölvupóst til (S)starfsm varðandi tilboð í flutninga frá Gent.⁴⁵⁶⁵ Í tölvupóstinum sagði (S)forstö-innfl1: „Getur þú stillt upp tilboði fyrir JPP í flutning á 40'DC og 40'FR frá Gent til Reykjavíkur

Hafðu þetta verð frekar hátt. Sjófraktin ætti að vera ca 1200 EUR, uppskipun með 50% afslætti og annað skv. gjaldskrá.“

Samkvæmt þessu var verðið talið frekar hátt þótt umræddur afsláttur væri innifalinn.

- Þann 20. apríl 2011 sendi (S)starfsm tölvupóst til (S)forstö-útfl, með afriti til (S)forstö-innfl1.⁴⁵⁶⁶ Meðfylgjandi var tilboð í flutning á búslóð. Í tölvupóstinum sagði m.a. eftirfarandi: „[(S)starfsm] sagði mér að setja 50% afsl. á sjófl., akstur hér og uppskipun í REY, er bún [svo] að því og þá lítur þetta svona út“.
- Þann 4. maí 2011 sendi Norræna húsið tilboðsbeiðni til (S)forstö-innfl1 vegna flutnings frá Belgíu.⁴⁵⁶⁷ Í tölvupóstinum sagði Norræna húsið að þau hefðu „verið að fá allt að 50% afslátt hjá ykkur, þú ættir að sjá það í kerfinu ykkar.“
- Þann 8. júlí 2011 sendi (E)starfsm tölvupóst til TVG þar sem hún bað um leiðréttingu á verði á sendingu til m.a. S. Guðjónsson hf. þannig að fyrirtækið fengi 50% afslátt af uppskipun.⁴⁵⁶⁸
- Samkvæmt tölvupósti frá Nortek til (E)frkvstj-TVG 30. september 2011 bauð Eimskip Nortek 50% afslátt af uppskipun á gámum í tilboði í júlí sama ár.⁴⁵⁶⁹
- Þann 4. október 2011 sendi (E)starfsm tölvupóst til Distica og upplýsti fyrirtækið um afslátt sem það fengi fyrir akstursþjónustu. Samkvæmt tölvupóstinum var afsláttur fyrirtækisins 30% af gjaldskrá í LCL flutningum og 50% af gjaldskrá í FCL flutningum.⁴⁵⁷⁰
- Þann 9. október 2011 sendi (E)starfsm tölvupóst til TVG þar sem fram kom að fyrirtækið Johan Rönning fengi 50% afslátt af uppskipun á tiltekinni sendingu.⁴⁵⁷¹
- Þann 8. nóvember 2011 sendi Global Cargo ehf. tölvupóst til (S)forstö-innfl1 og óskaði eftir afslætti af reikningi. (S)forstö-innfl1 svaraði daginn eftir og sagði að ekkert væri hægt að gera, en fyrirtækið væri með 50% afslátt af uppskipun á umræddri sendingu.⁴⁵⁷²

⁴⁵⁶² Afrituð tölvupóstsamskipti frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.1136946.

⁴⁵⁶³ Afritaður tölvupóstur frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.34.553425.

⁴⁵⁶⁴ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.860774.

⁴⁵⁶⁵ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.863470.

⁴⁵⁶⁶ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.871231.

⁴⁵⁶⁷ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.874060.

⁴⁵⁶⁸ Afritaður tölvupóstur frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.34.541316.

⁴⁵⁶⁹ Afritaður tölvupóstur frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.34.524642.

⁴⁵⁷⁰ Afritaður tölvupóstur frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.34.523070.

⁴⁵⁷¹ Afritaður tölvupóstur frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.34.516801.

⁴⁵⁷² Afrituð tölvupóstsamskipti frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.916532.



- Þann 23. desember 2011 sendi (E)starfsm tölvupóst til TVG þar sem kom fram að fyrirtækið Mano væri með 50% afslátt af uppskipun á tiltekinni sendingu.⁴⁵⁷³

8874. Í kafla 14.38.4.2 er því lýst þegar söludeild áætlunarflutninga hjá Eimskip (Liner Sales, LIS) var stofnuð haustið 2011 með samruna innflutnings- og útflutningsdeilda félagsins. Í áætlunum fyrir árið 2012 kom fram að meðal helstu verkefna LIS á árinu 2012 væri að hækka sjóflutningsgjöld og lækka afslátt/hækka verð á upp- og útskipun.

8875. Átti m.a. að taka það til athugunar að lækka 50% afsláttinn í uppskipun niður í 40-45%:

Uppskipun á Íslandi



- **Fara úr 50% í 40-45% afslátt**
 - 40%: Full stórt skref?
 - 45%: Árangursríkara og raunsærra?
- **“Stripping” í Sunda inn í Vöruhótelid**
 - Verðlagningin í dag í lagi?
 - Ef ekki hver er afkoman?
 - Hvaða leiðir til úrbóta eru færar?

8876. Á árinu 2012 og áfram var enn notast við 50% afsláttarhámarkið af helstu þjónustuliðum. Sem dæmi má nefna tölvupóstsamskipti (S)starfsm og (S)starfsm í mars 2012 þar sem (S)starfsm útskýrir fyrir (S)starfsm að verðskráin sé fráleit en nánast allir fá 50% afslátt.

8877. Á árinu 2012 eru jafnframt fleiri dæmi um 50% afsláttarhámarkið hjá Samskipum og Eimskip:

- Þann 16. janúar 2012 sendi DB Schenker tölvupóst til (S)forstö-innfl1 og óskaði eftir afslætti á reikningi vegna sendingar sem hafði gleymst. (S)forstö-innfl1 svaraði sama dag og sagðist geta sett 50% afslátt á reikninginn.⁴⁵⁷⁴
- Í kafla 14.39.5 í ákvörðun þessari er fjallað um samskipti milli stjórnenda Samskipa og Eimskips 20. janúar 2012 vegna gámasamráðs fyrirtækjanna. Líkt og fram kemur þar óskaði (S)forstö-innfl1 eftir verðtilboði frá (E)frkvstj-sala/þj og síðar (E)forstö-sölu í flutning á tónum fiskikörum frá Bandaríkjunum. Tillaga (S)forstö-innfl1 um að greiða fyrir gámana á 40% verði, þ.e. með 60% afslætti, líkt og Samskip hefðu stundum greitt fyrir tóma gáma, var ekki samþykkt af (E)forstö-sölu, en hann var „tilbúinn að horfa í gegnum fingur mér með 50%“.⁴⁵⁷⁵

⁴⁵⁷³ Afritaður tölvupóstur frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.34.462649.

⁴⁵⁷⁴ Afrituð tölvupóstsamskipti frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.939495.

⁴⁵⁷⁵ Afrituð tölvupóstsamskipti frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.947605.



- Þann 1. febrúar 2012 sendi (S)forstö-fjárreiðu tölvupóst til (S)forstö-innfl1 og spurði hvort einhver afsláttur væri á geymslugjöldum fyrir viðskiptavininn Blóm í eggi. (S)forstö-innfl1 sagði svo ekki vera en það þyrfti að vera. (S)forstö-fjárreiðu spurði þá hversu mikinn afslátt ætti að gefa, og (S)forstö-innfl1 svaraði um hæl að það væri „helst aldrei meira en 50%“⁴⁵⁷⁶
- Þann 27. febrúar 2012 sendi (S)forstö-innfl1 tölvupóst til (S)starfsm varðandi gámaleigu frá Akureyri. Í tölvupóstinum sagði m.a. eftirfarandi: „Við ræddum um daginn um gámaleigu sem Akureyri vildi fella niður, en við gáfum 50% afslátt. Nú er ég búinn að fá betri skýringu á málinu og niðurstaðan er sú að við þurfum að fella þetta niður að fullu.“⁴⁵⁷⁷
- Þann 29. febrúar 2012 sendu Samskip ((S)forstö-innfl1) tölvupóst til BM Vallár vegna samnings milli fyrirtækjanna. Í tölvupóstinum sagði: „Takk fyrir góðan fund í gær. Við hugsuðum vel [um] ósk ykkar um meiri afslátt af olúgjaldinu, Við getum því miður ekki farið með afsláttinn í 50%, en getum hins vegar aukið hann í 35%. Það er eins langt og við komumst, en vonandi dugar það til að við getum klárað samning á milli félaganna.“

Ég er búinn að stilla upp nýjum samningsdrögum með breyttum olúgjalds afslætti og breyttum verðbreytingarákvæðum. Hann er meðfylgjandi.

Eins og ég sagði þá vona ég að þetta dugi til að við getum gengið frá samkomulagi. Við erum eins og þið hafið vonandi séð mjög spenntir fyrir að fá ykkur í viðskipti og hef ég trú á að samstarfið geti orðið gott á næstu árum þegar landið rís (þ.e. ef það rís einhvern tíman...)“⁴⁵⁷⁸

- Þann 11. apríl 2012 óskaði tiltekið fyrirtæki, með tölvupósti til (E)sölustj-innanl3, eftir tilboði í flutning á frosnum fiski. (E)sölustj-innanl3 svaraði sama dag og gaf verð og sagðist svo vera tilbúinn að veita 50% afslátt af gjaldskrá.⁴⁵⁷⁹
- Sem fyrr segir óskaði Global Cargo í nóvember 2011 eftir afslætti af reikningi. (S)forstö-innfl1 svaraði og sagði að ekkert væri hægt að gera, en fyrirtækið væri með 50% afslátt af uppskipun á umræddri sendingu.⁴⁵⁸⁰ Þessi skilaboð voru svo ítrekuð 9. maí 2012 þegar Global Cargo bað aftur um afslátt af sendingu, en (S)forstö-innfl1 svaraði þá um hæl og áréttaði að fyrirtækið væri að fá 50% afslátt á uppskipun, og að annað væri í takti við það sem Samskip væru að rukka fyrir sambærilegar sendingar. Því væri ekki unnt að veita frekari afslátt.⁴⁵⁸¹
- Þann 24. maí 2012 sendi (S)frkvstj-Jóna tölvupóst til (S)starfsm og bað hana um að gefa aðila tilboð í gámaflutning, með 50% afslátt af uppskipun.⁴⁵⁸²
- Þann 31. maí 2012 sendi (S)forstö-innfl1 tölvupóst til (S)starfsm o.fl. og upplýsti um búslóðaflutning vina sinna og sagðist myndu senda upplýsingar um verð síðar („quote“). Þann 4. júní 2012 sagði (S)forstö-innfl1 svo að greiða ætti 2.500 bandaríkjadollara fyrir sjófrakt á þessum flutningi. (S)starfsm spurði þá: „hvað með BAF og ISPS Origin?“, og (S)forstö-innfl1 svaraði: „50% afsláttur af BAF og ISPS skv gjaldskrá“.⁴⁵⁸³
- Þann 8. október 2012 sendi (E)starfsm tölvupóst til TVG og upplýsti að Patti ehf. skyldi fá 50% afslátt af uppskipun á tiltekinni sendingu.⁴⁵⁸⁴

8878. Þann 18. september 2012 áframsendi (E)forstö-sölu tilboðsbeiðni frá tilteknum aðila til (E)viðsktstj og óskaði eftir góðu verði. (E)viðsktstj svaraði daginn eftir og spurði hvað (E)forstö-sölu ætti við með sjóflutningi á allra bestu verðum, ásamt því að stinga upp á eftirfarandi: „Setjum svo

⁴⁵⁷⁶ Afrituð tölvupóstsamskipti frá Samskipum. [...]

⁴⁵⁷⁷ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.953571.

⁴⁵⁷⁸ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.954605.

⁴⁵⁷⁹ Afrituð tölvupóstsamskipti frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.34.109617.

⁴⁵⁸⁰ Afrituð tölvupóstsamskipti frá Samskipum. [...]

⁴⁵⁸¹ Afrituð tölvupóstsamskipti frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.977426.

⁴⁵⁸² Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.34.309087.

⁴⁵⁸³ Afrituð tölvupóstsamskipti frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.986802.

⁴⁵⁸⁴ Afritaður tölvupóstur frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.34.313579.



„default“ 50% afslátt á uppskipun, nema þú viljir 60%?“. (E)forstö-sölu svaraði samdægurs og sagði m.a. eftirfarandi: „Alls ekki meiri afslátt [...]“⁴⁵⁸⁵

8879. Þann 10. júlí 2013 sendi STS tölvupóst til (S)frvstj-innfl vegna reiknings fyrir flutning á gámi sem STS fannst hár. Bað STS um að fá „50% afsl af uppskipun einsog standardinn er“. (S)frvstj-innfl svaraði og sagði reikninginn vera með 50% afslátt af uppskipun.⁴⁵⁸⁶
8880. Samkvæmt framansögðu miðuðu fyrirtækin áfram við 50% afsláttarhámarkið á árunum 2012 og 2013, sbr. jafnframt neðangreinda tölvupósta:
- Þann 7. júní 2013 sendi (S)viðskstj tölvupóst til (S)forstö-landfl o.fl. til að upplýsa að Landsvirkjun hefði skrifað undir nýjan samning um landflutninga og myndi njóta 50% afsláttar af verðskrá.⁴⁵⁸⁷
 - Þann 28. júní 2013 sendi (E)starfsm tölvupóst til (E)forstö-landfl1 o.fl. og upplýsti að Aðföng væru með „opinn flokk á flutningsgjaldi 50% afslátt“.⁴⁵⁸⁸
 - Þann 25. ágúst 2013 sendi (S)forstj tölvupóst til (S)viðskstj2, OS og (S)frvstj-innfl varðandi tilboð til Heklu. Tók hann fram að m.a. ætti að skoða BAF „miðað við td 50% afslátt“.⁴⁵⁸⁹
 - Þann 30. ágúst 2013 óskaði Landstóli eftir tilboði í nokkra gáma með tölvupósti til (E)frkvstj-innanl. (E)frkvstj-innanl áframsendi tölvupóstinn til (E)starfsm, og spurði eftir nokkur samskipti hvaða verðtilboð yrði í boði. (E)starfsm sagði að (E)frkvstj-skiparekst hefði „talað um“ 50% afslátt á þessa gáma.⁴⁵⁹⁰

14.56.2. Hámarks afslátturinn byggðist á himinháum gjaldskrám fyrirtækjanna

8881. Samkvæmt framansögðu var almennt miðað við að viðskiptavinir Samskipa og Eimskips fengju að hámarki 50% afslátt af nánar tilteknum gjöldum samkvæmt gjaldskrá. Rétt er að hafa í huga hvaða augum fyrirtækin litu á þá verðlagningu sem fólst í gjaldskrá þeirra. Eftirfarandi gögn eru t.d. lýsandi að þessu leyti:
- (E)forstö-útlfl sendi 29. október 2009 tölvupóst til (E)frkvstj-sala/þj, (E)frkvstj-innanl, (E)forstö-innfl og (E)rekstj-akstur og fjallaði um olíuálag í gjaldskrá Eimskips. Velti hann því upp gagnvart þessum stjórnendum inn- og útflutnings og landflutninga Eimskips hvort hann og þeir þyrftu ekki að spyrja sig „hvort rétt sé að innheimta olíuálag á gjaldskrá sem er ekki í takti við raunveruleikan?“⁴⁵⁹¹
 - Ítrekað kom fyrir hjá Samskipum að undirmenn spurðu (S)forstö-innfl1 hvort bjóða ætti viðskiptavini Eimskips, sem hafði snúið sér til Samskipa og óskaði eftir tilboði, „grænlenk verð“. Einnig var spurt hvort setja ætti tiltekinn viðskiptavin Eimskips „á verðskrá“. Í hinu fyrra fólst spurning um hvort bjóða ætti hagstæð verð með það að markmiði að ná viðskiptunum. Í hinu síðara fólst aftur á móti yfirlýsing um að Samskip hygðust ekki keppa um viðskiptin.
 - Í janúar 2011 var hjá innflutningsdeild Eimskips rætt um gjaldskrá væri „í hærri kantinum“ og ekki í samræmi við raunveruleikann, sbr. kafla 14.33.17.
 - Þann 17. febrúar 2011 sendi (E)svæðisstj3 þeim (E)sölustj-innanl2, (E)sölustj-innanl3, (E)forstö-landfl1, (E)sölustj-innanl1 og (E)viðskstj tölvupóst í tilefni af fyrirspurn Múrbúðarinnar um verð á

⁴⁵⁸⁵ Afrituð tölvupóstsamskipti frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.386147.

⁴⁵⁸⁶ Afrituð tölvupóstsamskipti frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.1097615.

⁴⁵⁸⁷ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.600519.

⁴⁵⁸⁸ Afritaður tölvupóstur frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.29759.

⁴⁵⁸⁹ Afritaður tölvupóstur frá Samskipum. [...] Doc. ID. 0.7.33.1104406.

⁴⁵⁹⁰ Afrituð tölvupóstsamskipti frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.298513.

⁴⁵⁹¹ Afritaðir tölvupóstar frá Eimskip. [...] Doc. ID. 0.7.33.67093. Í svari [...] sagði: „Alveg sammála, kom líka skýrt fram á fundi með IMP fyrr í haust að akstursgjaldskráin er allt of langt frá raunveruleikanum“.



landflutningum. Upplýsti hann að hafa boðið Múrbúðinni 50% afslátt á sínum tíma og að það væri hámarks afsláttur. Þá sagði einnig:

*„Málið er bara það eins og allir vita, að gjaldskráin er komin upp úr öllu valdi. Það liggur við að það sé allt of dýrt að flytja þó að afsláttur sé 50%“.*⁴⁵⁹²

- Þann 11. maí 2011 áttu (S)starfsm og (S)forstö-innfl1 í tölvupóstsamskiptum. Var (S)forstö-innfl1 greint frá því að tiltekinn viðskiptavinur væri óánægður með verð fyrir akstur á gámi. (S)forstö-innfl1 svaraði og sagði að þetta fyrirtæki væri í nánast engum viðskiptum við Samskip en stjórnendur Samskipa þekktu forstjóra þess vel. (S)starfsm svaraði og taldi að það væri lítið unnt að koma til móts við þetta fyrirtæki. Það væri ekki með samning við Samskip og því ætti það að greiða fullt verð samkvæmt gjaldskrá. (S)forstö-innfl1 svaraði með þessum hætti:

„Gjaldskrá er full gróft. Settu aksturinn á 20.000 kr + FAF“.

- Þann 9. mars 2012 sendi erlendur starfsmaður Samskipa ((S)starfsm fyrirspurn til (S)starfsm (afrit til (S)forstö-innfl1) varðandi verðlagningu á flutningum til Íslands.⁴⁵⁹³ Fannst honum m.a. verðin sem komu upp í rafrænu viðskiptakerfi Samskipa (nefnt Doris) vera alltof há. Tiltók hann verð á m.a. sjófrakt, uppskipun/útskipun (THC) og áframflutningi (On-Carriage) og bað um skýringar. (S)starfsm svaraði og útskýrði að þessi háu verð væru verðin í gjaldskránni (Tariff):

„The charges you received for oncarriage are the tariff, while the competitive rate is 25.000 ISK.

The high THC rates [are] again the tariff but we charge almost every customer 50% off and that is the rate that pops up in Doris.

Same with the seafreight rates, the tariff in Doris is absurd so we use the competitive rates.

Why we set it up like this is something [(S)forstö-innfl1] knows how to answer :)"

8882. Samkvæmt framangreindu töldu starfsmenn Eimskips að gjaldskrá fyrirtækisins væri „úr takt við raunveruleikann“ og komin „upp úr öllu valdi“ og starfsmenn Samskipa að gjaldskrá fyrirtækisins væri „absurd“ og „full gróft“ að bjóða viðskiptavinum þau verð sem kæmu fram í henni. Samkomulag fyrirtækjanna um hámarks afslátt hafði einkum þá þýðingu að út á við virtist sem fyrirtækin kepptu sín á milli í verðum með mjög háum afsláttum. Þá hafði það þau áhrif að viðhalda eða hækka verð í gjaldskrá fyrirtækjanna á rannsóknartímabilinu. Var það að tvennu leyti til hagsbóta fyrir Samskip og Eimskip. Annars vegar hækkaði verð til þeirra viðskiptavina hverra samningar voru tengdir við almennar hækkanir fyrirtækjanna. Hins vegar greiddu þá þeir viðskiptavinir sem höfðu ekki samning iðulega hærra verð en þeir hefðu annars greitt. Virðist gagnrýni innan fyrirtækjanna á gjaldskrár þeirra í raun hafa byggt á því að þær væru ónothæft vinnutæki ef einhver áhugi væri að reyna að ná til sín tilteknum viðskiptum.

⁴⁵⁹² Afritaður tölvupóstur frá Eimskip. [...] Doc ID. 0.7.33.52696.

⁴⁵⁹³ Afrituð tölvupóstsamskipti frá Samskipum. [...] Doc ID. 0.7.33.957989.



15. SAMANDREGIN NIÐURSTAÐA UM „FRIDINN“ 2009-2012

15.1. „Nýtt upphaf“ verkefninu hrint í framkvæmd

8883. Í köflum 7–11 er gerð grein fyrir tilurð og upphafi „Nýtt upphaf“ verkefnisins og þeim aðgerðum sem Samskip og Eimskip gripu til í kjölfar þess að stjórnarformenn og forstjórar fyrirtækjanna funduðu 6. júní 2008. Í „Nýtt upphaf“ verkefninu fólst að skoða og meta saman hagkvæmni af því að „auka samstarf“ á milli Samskipa og Eimskips í öllum grundvallarþáttum sem tengdust flutningaþjónustu hér á landi. Tók verkefnið meðal annars til breytinga á siglingakerfum, takmörkunar á flutningsgetu og aukinnar samvinnu í sjó- og landflutningum.
8884. Í kjölfar fyrrgreinds fundar áttu stjórnendur og starfsmenn fyrirtækjanna í samskiptum þar sem þeir ýmist skiptust á upplýsingum eða ræddu hugmyndir í tengslum við þær breytingar sem fyrirtækin gerðu á siglingakerfum sínum og fólu í sér skert framboð á flutningaþjónustu þeirra. Þannig brugðust fyrirtækin við þeim áskorunum sem þau stóðu frammi fyrir með því að eiga í samskiptum og eftir atvikum taka upp samstarf sín á milli í stað þess að ræða áskoranirnar og hvernig bregðast mætti við þeim eingöngu í sínum eigin ranni. Er það niðurstaða Samkeppniseftirlitsins að samskiptin og það samstarf sem því fylgdi hafi dregið úr sjálfstæði fyrirtækjanna og óvissu þeirra á milli um aðstæður á markaði, þar á meðal um stefnumótandi ráðagerðir hvors annars. Samkvæmt því hafi samskiptin og þær breytingar sem fylgdu í kjölfarið falið í sér samráð í skilningi 10. gr. samkeppnislaga.
8885. Samtímagögn sýna að „Nýtt upphaf“ verkefninu var hrint í framkvæmd og fylgdi því alvarleg röskun á samkeppni á íslenskum flutningamörkuðum. Í kafla 14 hefur verið gerð grein fyrir samtímagögnum sem sýna að að fyrirtækin drógu úr verðsamkeppni sín á milli og forðuðust að keppa um mikilvæga viðskiptavinum hvors annars. Er það niðurstaða Samkeppniseftirlitsins að um þetta hafi náðst sameiginlegur skilningur í tengslum við þær breytingar sem fyrirtækin gerðu á siglingakerfum sínum og fólu í sér skert framboð á flutningsþjónustu. Með markaðsskiptingu fyrirtækjanna komst á ástand á flutningamarkaðnum sem fyrirtækin nefndu „frijð“ eða „ró“ sem gerði þeim kleift að hækka eða halda uppi verði gagnvart viðskiptavinum sínum og taka upp ný gjöld án þess að þau þyrftu að óttast að slíkar aðgerðir kölluðu á samkeppnileg viðbrögð af hálfu keppinautarins.
8886. Voru þessar aðgerðir liður í samfelldu samráði Samskipa og Eimskips sem fór gegn 10. gr. samkeppnislaga og 53. gr. EES samningsins.

15.2. Markaðsskipting um mikilvæga viðskiptavinum

8887. Samkvæmt c-lið 2. mgr. 10. gr. samkeppnislaga er keppinautum óheimilt að skipta með sér markaðnum eftir t.d. landsvæðum eða viðskiptavinum, sbr. einnig c. liður 2. mgr. 41. gr. a laganna. Fyrir liggur að markaðsskipting er oft til stuðnings öðru samráði eins og verðsamráði og takmörkun á framboði. Einnig getur hún verið meginþátturinn í að halda uppi verði, sérstaklega á mörkuðum þar sem erfitt er að ná saman um eða hafa stjórn á verði.
8888. Skipting markaða eftir viðskiptavinum getur m.a. falið í því að fyrirtæki keppi ekki um „hefðbundna“ eða mikilvæga viðskiptavinum hvers annars. Með því móti á þátttakandi í samráði t.d. auðveldara með að hækka verð gagnvart eigin viðskiptavinum þar sem hann þarf, vegna samráðsins, ekki að óttast að verðhækkun hans leiði til þess að hann missi viðkomandi viðskiptavinum úr viðskiptum sökum þess að keppinautur bjóði betur. Ef viðskiptavinur býður út sín kaup á tiltekinni vöru eða þjónustu er algengt að samráðsfyrirtæki tryggja að boð þeirra í viðskiptin leiði ekki til þess að viðskiptavinur sjái sér hag í því að færa umrædd viðskipti frá einu samráðsfyrirtæki til annars. Með þeim hætti sé markaðsskiptingu viðhaldið.
8889. Í úrskurði áfrýjunarnefndar samkeppnismála í máli nr. 3/2004 var staðfest sú niðurstaða samkeppnisráðs að fyrir hendi hefði verið „sameiginlegur skilningur olúfélaganna um að félögin myndu ekki keppa um fasta/samningsbundna viðskiptavinum hvers annars.“ Taldi áfrýjunarnefnd að



um hefði verið að ræða samráð um „skiptingu markaðarins sem að því laut að keppa ekki um samningsbundna viðskiptavinum.“ Einnig tók nefndin fram að „engu breyti um ólögsmæti þessa“ þótt olíufélögin hefðu ekki alltaf virt þessa markaðsskiptingu en fyrir lægi að hún hefði verið „virt öðru hvoru“.

8890. Í umræddum úrskurði áfrýjunarnefndar samkeppnismála er því lýst að ólögsmæt markaðsskipting felist í því þegar keppinautar skipta með sér mörkuðum í tilteknum rekstri eftir landsvæðum. Í flutningastarfsemi getur slík landfræðileg markaðsskipting falist í því að flutningafyrirtæki skipti með sér einstökum flutningaleiðum.
8891. Niðurstaða Samkeppniseftirlitsins er sú að Samskip og Eimskip hafi, í kjölfar fundar þeirra 6. júní 2008, náð saman um tilteknar aðgerðir sem hafi m.a. falið í sér ólögsmæta markaðsskiptingu. Rannsókn Samkeppniseftirlitsins staðfestir að á stærstum hluta rannsóknartímabilsins fóru mikilvægir viðskiptavinir ekki á milli fyrirtækjanna, þrátt fyrir að samningar við þá væru lausir. Á tilteknu tímabili kepptu Samskip og Eimskip því ekki um mikilvæga viðskiptavinum og gátu hækkað verð, haldið því óbreyttu eða unnið gegn því að það lækkaði. Er þetta ein birtingarmynd þess samráðs sem Eimskip hefur viðurkennt í sátt við Samkeppniseftirlitið 16. júní 2021. Fjöldi samtímagagna, sem eru rakin í kafla 14, endurspeglar þetta, þ.e. ólögsmæta markaðsskiptingu Samskipa og Eimskips og það ástand sem hún skapaði. Vísast um þetta til rekstraráætlana fyrirtækjanna, innanhúss- og samskiptagagna innan fyrirtækjanna sem og annarra samtímagagna sem sýna mikla óánægju viðskiptavina.
8892. Markaðsskipting Samskipa og Eimskips fólst einkum í því að fyrirtækin forðuðust að keppa um mikilvæga viðskiptavinum hvors annars, en viðskipti við þá sköpuðu stærstan hluta tekna fyrirtækjanna og skiptu því miklu máli fyrir þau. Um fámennan hóp viðskiptavina var að ræða. Í tilvikum Eimskips voru viðskiptavinir í innflutningi 3252 í árslok 2007 og stöfuðu 60% af tekjunum frá 72 stærstu viðskiptavinunum og 80% frá 200 stærstu viðskiptavinunum. Í tilvikum Samskipa voru viðskiptavinir í innflutningi um 1800 í árslok 2007 og stöfuðu 66% af tekjunum frá 38 viðskiptavinum og 77% frá um það bil 70 viðskiptavinum. Í stað þess að keppa um þessa mikilvægu viðskiptavinum hvors annars náðu fyrirtækin sem áður segir saman um að sækja frekar í flutningaviðskipti minni og meðalstórra viðskiptavina.
8893. Viðskipti Eimskips og Samskipa við mikilvæga viðskiptavinum þeirra grundvölluðust í langflestum tilvikum á svokölluðum heildarflutningssamningum þar sem samið var um bæði innflutning og innanlandsflutning í sama samningi. Samráð fyrirtækjanna um að keppa ekki um mikilvæga viðskiptavinum tók því bæði til sjóflutninga og landflutninga.
8894. Líkt og rakið hefur verið voru Samskip og Eimskip nánast einráð á fákeppnismarkaði. Slík markaðsgerð, þar sem viðskipti við tiltölulega fáa en mikilvæga viðskiptavinum skipta mestu máli, er kjörin til markaðsskiptingar þar sem ekki er keppt um flutningsviðskipti stærstu viðskiptavina. Er enda mun einfaldara fyrir fyrirtæki að skipta með sér viðskiptum við fáa stóra aðila heldur en að láta slíka skiptingu taka til allra viðskiptavina þar sem fjöldinn getur skipt þúsundum.
8895. Með samráði sínu komu Samskipa og Eimskip upp ástandi á markaðnum sem innan fyrirtækjanna var lýst sem „friður“ eða „ró“ á flutningamarkaði. Birtingarmynd þessa var meðal annars sú að bæði Samskip og Eimskip gátu í áætlunum sínum lagt til grundvallar að fyrirtækin myndu áfram, hvort um sig, geta haldið óbreyttum viðskiptum við stærstu og mikilvægustu viðskiptavinum sína og að markaðshlutdeild þeirra í flutningum yrði þess vegna í aðalatriðum óbreytt. Þannig óttuðust Samskip ekki að Eimskip myndi sækjast eftir að ná þessum viðskiptum af fyrirtækinu og öfugt. Í samtímagögnum birtist einnig sterkur vilji fyrirtækjanna og nánast vissa fyrir því að þau þurfi ekki að lækka verð þrátt fyrir samdrátt í eftirspurn eftir flutningsþjónustu heldur að þau geti hækkað verð, öndvert við þá þróun sem átti sér stað á erlendum flutningamörkuðum og þrátt fyrir erfiða stöðu margra viðskiptavina sökum kreppu í íslensku efnahagslífi. Samtímagögn sýna að framangreint gekk



eftir. Þannig endurnýjuðu Samskip og Eimskip flutningasamninga við mikilvæga viðskiptavinum sína og gátu hækkað verð, haldið því óbreyttu eða unnið gegn því að það lækkaði.

8896. Eins og ráða má af samtímagögnum gerði samráð Samskippa og Eimskips það að verkum að fyrirtækin þurftu ekki að gera ráð fyrir, undirbúa eða óttast samkeppnisleg viðbrögð hvort frá öðru.
8897. Það er niðurstaða Samkeppniseftirlitsins að framangreind markaðsskipting hafi haldist allt til ársloka 2012. Á sama tíma voru jafnframt framkvæmdir aðrir þættir í samráði fyrirtækjanna, svo sem samráð um sjóflutninga, landflutninga, lán og leigu á gámum og skipaafgreiðslu. Vísast nánar til ítarlegrar umfjöllunar um þá þætti samráðsins í köflum 16-19.

15.3. Verðákvarðanir í skjóli samráðs

8898. Undir 10. gr. samkeppnislaga falla aðgerðir sem felast í því að keppinautar hafa samráð um endanlegt verð á vöru eða þjónustu, t.d. ef þeir ná saman um hækkingu á verði. Við túlkun á 10. gr. samkeppnislaga ber hins vegar að hafa í huga að keppinautar geta dregið úr verðsamkeppni sér til hagsbóta með margvíslegum hætti. Dómstólar ESB hafa t.d. staðfest þá niðurstöðu framkvæmdastjórnar ESB að regluleg samskipti keppinauta hafi skapað gagnkvæma vissu um verðáform þeirra („*create a climate of mutual certainty as to their future pricing policies*”) og óþarfi hafi því verið fyrir keppinautana að sammælast um einstakar verðbreytingar, sbr. umfjöllun í kafla 4.6.2. Er ákvæðum 10. gr. samkeppnislaga þannig ætlað að taka til hvers konar samráðs milli keppinauta sem getur eða er til þess fallið að draga úr verðsamkeppni. Þann 10. gr. samkeppnislaga tekur því bæði til þess þegar keppinautar beinlínis ná t.d. samkomulagi um að viðhalda eða hækka verð og þegar þeir grípa til annarra ráðstafana sem raskað geta samkeppni, t.d. með því skiptast á upplýsingum um verð og tengd atriði.
8899. Líkt og áður segir getur ólögmet markaðsskipting einnig verið meginþátturinn í að halda uppi verði, sérstaklega á mörkuðum þar sem erfitt er að ná saman um eða hafa stjórn á verði.
8900. Til þess að samráð af þessum toga, þ.e. ólögmet markaðsskipting, sé skilvirk og skili árangri fyrir þátttakendur verða þeir að virða markaðsskiptinguna. Ella er augljóslega hættu á að út brjótist verðsamkeppni um mikilvæga viðskiptavinum.
8901. Líkt og að framan greinir er það niðurstaða Samkeppniseftirlitsins að Samskip og Eimskip hafi, í kjölfar fundar 6. júní 2008, náð saman um ólögmet markaðsskiptingu og að hún hafi verið viðvarandi út á árið 2012. Á sama tímabili átti sér jafnframt stað verðsamráð og upplýsingagjöf um mikilvæg viðskiptamálefni milli fyrirtækjanna.
8902. Niðurstaða Samkeppniseftirlitsins er að markaðsskipting Samskippa og Eimskips hafi skapað skilyrði fyrir fyrirtækin til að hækka verð, halda því óbreyttu eða vinna gegn því að það lækkaði. Gilti þetta bæði um verðlagningu gagnvart mikilvægum viðskiptavinum og um almennar verðbreytingar. Þannig skapaði samráðið ástand þar sem flutningsfyrirtækjunum var kleift að hækka verð gagnvart mikilvægum viðskiptavinum sínum án þess að þurfa að óttast það að missa viðskipti við þá til keppinautarins. Með þessu voru skapaðar kjöraðstæður til að hækka verð.
8903. Þetta má skýrlega ráða af samtímagögnum sem rakin eru í kafla 14. Virt heildstætt sýna þau ríka áherslu Samskippa og Eimskips á hvers konar verðhækkunum. Hvergi er að greina áhyggjur af því að samkeppnisleg viðbrögð helsta keppinautarins geri verðhækkun ómögulega eða mjög erfiða þó svo í stöku tilvikum komi fram komi vangaveltur um tímasetningar og hvað eigi að hækka mikið hverju sinni. Sökum m.a. hinnar ólögmetu markaðsskiptingar var í raun ekki þörf á því fyrir Samskip og Eimskip að ná saman um tímasetningu og fjárhæð einstakara verðhækkana og gjaldtöku. Engu að síður gefa gögn málsins til kynna að samskipti hafi átt sér stað milli fyrirtækjanna sem lutu að verðhækkunum og upptöku nýrra gjalda.



8904. „Nýtt upphaf“ verkefni Samskipa og Eimskips tók til fleiri þátta en breytinga á siglingakerfum, takmörkunar á flutningsgetu (framboði) og markaðsskiptingar. Eins og fram kemur í köflum 16-19 tók það einnig til samráðs í sjóflutningum til og frá Íslandi, landflutningum, leigu og láni á gámum og skipaafgreiðslu. Kröfðust þessir þættir í samráðinu mikilla samskipta á milli fyrirtækjanna.
8905. Við sönnun á samráði hafa samskipti keppinauta mikla þýðingu, sbr. kafla 4.7.6.2. Hefur áfrýjunarnefnd samkeppnismála bent á að sérstaða samkeppnismála varðandi sönnun og sönnunarmat í samráðsmálum felist einkum í því að hegðun fyrirtækja og starfsmanna þeirra geti, á grundvelli reynslulögmála, ein og sér gefið sterkar vísbendingar um ólögmætt atferli. Í dómi Héraðsdóms Reykjavíkur frá 29. maí 2006 í máli nr. E-6187/2005, *Sjóvá-Almennar tryggingar hf. gegn Samkeppniseftirlitinu og Íslenska ríkinu*, var úrskurður áfrýjunarnefndar samkeppnismála í máli nr. 8/2005 staðfestur. Í dóminum kemur fram að „samskipti keppinauta hafa mikla þýðingu og getur hegðun þeirra sem slík gefið sterkar vísbendingar um ólögmætt atferli.“
8906. Dómaframkvæmd gefur til kynna að sú staðreynd, ein og sér, að viðkomandi fyrirtæki eigi fundi eða önnur samskipti getur gefið til kynna að milli þeirra séu tengsl sem ekki séu jafnan milli fyrirtækja sem keppi sín á milli. Ef gögn málsins sýna t.d. að fyrirtæki hiki ekki við hafa samband við keppinaut sinn út af samkeppnislegum málefnum getur það staðfest undirliggjandi samráð á milli þeirra.
8907. Eftir að „Nýtt upphaf“ verkefnið hófst í júní 2008 áttu sér stað ítrekuð samskipti milli lykilstjórnenda hjá Samskipum og Eimskip. Auk funda (S)aðaleig-stjform-SH, (S)forstj, (E)stjform1 og (E)forstj 6. júní og 25. júlí 2008 skipta hér miklu endurtekin samskipti annarra lykilstjórnenda fyrirtækjanna, s.s. (E)frkvstj-flutnkerf, (E)frkvstj-EimÍsl, (E)forstö-innfl, (E)frkvstj-innanl, (S)frkvstj-millilandasv, (S)forstö-innfl1 og (S) frkvstj-innanl á árunum 2009-2012. Jafnframt skipta máli samskipti undirmanna þessara stjórnenda.
8908. Skipta má samskiptum fyrirtækjanna annars vegar í bein samskipti, þ.e. fundi, símtöl eða önnur samtöl, og hins vegar tölvupóstsamskipti. Ber að hafa í huga að samtímagögn sem staðfesta aðeins samskipti keppinauta, en ekki efni samskiptanna, geta haft mikið gildi við sönnun á ólögmætu samráði, sbr. umfjöllun í kafla 4.7.6. Í kafla 13 er gerð grein fyrir fjölmörgum beinum samskiptum Eimskips og Samskipa á rannsóknartímabilinu.
8909. Við mat á háttsemi fyrirtækjanna hafa reglulegir fundir þessara lykilstjórnenda sérstaka þýðingu. Nánar tiltekið var um að ræða fundi framkvæmdastjóra og yfirmanna sem báru ábyrgð á verðlagningu og öðrum lykilatridum í inn- og útflutningi gagnvart forstjórum fyrirtækjanna. Um var að ræða stjórnendur sem komu að hvers konar málefnum sem tengdust skiparekstri og siglingaáætlunum, samkeppni í sjóflutningum og landflutningum, auk annarra sem fóru með málefni sem fyrirtækin höfðu samráð um.
8910. Það er jafnframt niðurstaða Samkeppniseftirlitsins að persónulegu tengsl og samskipti milli tiltekinna lykilstjórnenda Samskipa og Eimskips hafi haft mikla þýðingu. Í þessu sambandi skal áréttað að nokkrir lykilstjórnendur fyrirtækjanna veittu rangar upplýsingar um tengsl sín og samskipti við munnlega upplýsingagjöf fyrirtækjanna í september 2013.
8911. Það er niðurstaða Samkeppniseftirlitsins að mikil og regluleg samskipti stjórnenda fyrirtækjanna hafi verið til þess fallin að styðja við framkvæmd á markaðsskiptingu og auðvelda undirbúning og framkvæmd hækkunar á verði gagnvart m.a. mikilvægum viðskiptavinum (eða auðvelda að halda verði uppi), auk annarra atriða sem fyrirtækin höfðu samráð um. Í samtölum og á fundum þessara lykilstjórnenda Samskipa og Eimskips, sem sannað er að fóru fram og tóku a.m.k. til framkvæmdar á verkþáttum sem féllu undir „Nýtt upphaf“ verkefnið, höfðu þessir stjórnendur ástæðu, hvata og tækifæri til umræðna um hvers konar atriði sem gátu haft áhrif á verðákvarðanir þessara fyrirtækja sem saman voru með yfirburða markaðshlutdeild á flutningamörkuðum hér á landi. Þá skiptir máli að umræður og aðgerðir sem miðuðu að því að hækka eða halda uppi verði voru í samræmi við bæði markmið „Nýtt upphaf“ verkefnisins og aðgerðir til að verja og efla Samskip hf. sem „cash cow“. Þar



að auki voru þessi samskipti sem slík til þess fallin að draga úr sjálfstæði þessara keppinauta og minnka æskilega óvissu um fyrirætlanir hvors annars.

8912. Í undirköflum í kafla 14 er gerð grein fyrir atvikum á rannsóknartímabilinu sem sýna að samskipti Samskipa og Eimskips hafi a.m.k. auðveldað eða skapað kjörskilyrði fyrir verðhækkunir. Þetta hafi aukið til muna þau skaðlegu áhrif sem voru til þess fallin að leiða af þessum samskiptum fyrirtækjanna. Þegar horft er á samskiptin og verðaðgerðir fyrirtækjanna í heild sinni dregst upp enn skýrari mynd af hinni ólögmætu háttsemi.
8913. Í þessu máli er ekki komist að þeirri niðurstöðu að fyrirtækin hafi sammælst um hverja og eina verðhækkun fyrir sig, þ.e. á fundum eða í öðrum samskiptum lykilstjórnenda. Er það niðurstaða Samkeppniseftirlitsins að í reglubundnum samskiptum fyrirtækjanna á rannsóknartímabilinu hafi átt sér stað ólögmætt samráð sem miðaði m.a. að því að skapa skilyrði til að hækka verð eða vinna gegn verðlækkun. Voru samskipti umræddra lykilstjórnenda Eimskips og Samskipa einnig í eðli sínu til þess fallin að draga úr óvissu og sjálfstæði þessara keppinauta sem samanlagt voru með yfirburða markaðshlutdeild í sjóflutningum til og frá Íslandi og í landflutningum en sú óvissa er ein af meginforsendum þess að óheft verðsamkeppni geti átt sér stað á markaði.
8914. Ólögmætt samráð Samskipa og Eimskips tók einnig til samráðs um verð og upplýsingaskipti. Vísast t.d. til umfjöllunar um að ekki verði greitt umfram taxta í kafla 14.13, um álagningu „E-control“ gjalds í kafla 14.14, um verðsamráð tengt BAF-gjaldi í kafla 14.55, um hámarks afslætti í kafla 14.56 sem og um annað verðsamráð og upplýsingaskipti veturinn 2009 – 2010 í kafla 14.17, veturinn 2010-2011 í kafla 14.33, veturinn 2011-2012 í kafla 14.39 og veturinn 2012-2013 í kafla 14.54.
8915. Hugtök, sem samtímagögn sýna að voru notuð um verðlagningu, markaðsaðgerðir og stöðu Samskipa og Eimskips, eru lýsandi. Rætt var um „svínsálagningu“ á viðskiptavinum og að unnt væri að „troða“ auknum gjöldum á þá. Hjá Samskipum var spurt hvort tiltekin verðhækkun væri „of gróf“. Innan Eimskips var rætt um að unnt væri að „mjólka gullkálfinn“ og var þar átt við sjóflutninga Eimskips til og frá Íslandi. Þegar stjórnendur Samskipa á Íslandi fóru á fund yfirmanna sinna hjá Samskip Holding í Hollandi sögðu þeir í samskiptum sínum milli: „The cash cow has arrived.“ Innan Samskipa var vísað til tiltekings gjalds og sagt: „Það er rúmlega 3000% álagning. er það ekki sanngjarnt“.
8916. Hluta fyrirtækin mikla gagnrýni frá viðskiptavinum sínum fyrir að hafa ekki hliðsjón af breyttu rekstrarumhverfi og aðstæðum viðskiptavinnanna við verðákvæðanir. Fyrirtækin létu aftur á móti þessa gagnrýni sem vind um eyru þjóta og hækkuðu ítrekað verð til viðskiptavina sinna á grundvelli þeirrar vissu sem samráðið skapaði þeim. Rannsóknin hefur leitt í ljós að fjölmörg lýsandi dæmi er að finna í gögnum málsins um þetta. Hér verða aðeins fáein dæmi nefnd:
- Einn stærsti viðskiptavinur Samskipa, Húsasmiðjan, sagði upp flutningasamningi við Samskip sökum óánægju vegna „mikilla hækkana“. Sama dag og (S)forstj fékk þessi tíðindi taldi hann samt sem áður unnt að hækka verð meira. Unnt væri „ýta hækkun á sjófrakt út á stóran hluta flórunnar.“ Án samkeppnislegs aðhalds frá Eimskip gátu Samskip síðan endurnýjað samninginn við Húsasmiðjuna og náð fram verðhækkun. Þrátt fyrir uppsögnina treystu Samskip sér í samningaviðræðunum að bjóða Húsasmiðjunni upp á verð sem var það hátt að það „sjokkeraði“ þennan mikilvæga viðskiptavin og var forsvarsmönnum hans „verulega brugðið“.
 - Innnes var mikilvægur viðskiptavinur Eimskips. Var fyrirtækið óánægt með verðhækkunir Eimskips sem það taldi „út úr korti“. Innnes sneri sér því til Samskipa og óskaði eftir betri kjörum. Innan Samskipa var í þessu sambandi rætt um að Eimskip væri að „pína verðin upp“ gagnvart Innnes. Á grundvelli samráðsins virtu Samskip markaðsskiptinguna og hækkaði Eimskip verð gagnvart Innnes. Það er afar lýsandi að undirmaður (S)forstö-innfl1 spurði hvort gefa ætti Innnes „grænensk“ verð eða „venjuleg“ verð. Hjá Samskipum voru það nefnd „grænensk“ verð þegar bjóða átti samkeppnishæf verð með það að markmiði að ná viðkomandi viðskiptum. (S)forstö-innfl1 lagði aftur á móti fyrir undirmanninn að bjóða „venjuleg“ verð.



- Annar mikilvægur viðskiptavinur Eimskips, Ölgerðin Egill Skallagrímsson (ÖES), kvartaði yfir „fáránlegu“ verði hjá Eimskip og setti fram rökstudda gagnrýni á það. Vegna samráðsins hafði þessi gagnrýni ÖES aftur á móti engin áhrif á Eimskip og var framsend innanhúss, m.a. „til skemmtunar“.
- Fyrirtækin Heimilistæki, Bræðurnir Ormsson og Flügger kvörtuðu yfir gjaldskrárhækkun Samskipa á árinu 2012 og létu óánægju sína í ljós með m.a. eftirfarandi ummælum:
 - „Þið hækkið gjaldskrána lon og don, spurning hvort þið getið ekki bara hægrætt meira í rekstrinum, virðist skella öllu út í verðlagið og meira til. [...]“
 - „Okkur undrar mjög að gripið er til þessara verðhækkana, þegar gengi er að styrkjast svo töluverðu nemur og olúverð er einnig að lækka. Þessi hækkun er gerð ofan á mjög háa reikninga og er íþyngjandi fyrir innflutningsverð vara, fyrirtæki og neytendur. Það er ekki sjálfgefið að hækka hvenær sem stjórnendum dettur í hug að nú sé rétta tækifærið gegn öllum staðreyndum og rökum. Við mótmælum þessari hækkun og áskiljum okkur allan rétt.“
 - „Hvaða kostnaðarhækkanir er verið að tala um? Laun eru ekki að hækka, eldsneyti er ekki að hækka, gengi er að styrkjast o.s.frv.“

8917. Hjá Samskipum á Íslandi ríkti mikil ánægja með afkomu fyrirtækisins á rannsóknartímabilinu. Á sama tímabili, eftir hrún bankanna, glímdu mörg íslensk fyrirtæki við mikla rekstrarerfiðleika og almenningur og þjóðabúið í heild sinni börðust við afleiðingar hrunsins. Eftirfarandi samtímagögn eru lýsandi fyrir þetta:

- (S)forstj lýsti því yfir að „aðgerðir“ sem gripið var til „á síðari hluta árs 2008“ hefðu fært Samskip á Íslandi á „beinu brautina, strax á árinu 2009“
- Í fundargerð Samskipa Holding 7. apríl 2009 var rætt um „extremely good results from Iceland“ en afkoma flutningastarfsemi í öðrum löndum „substantially behind“.
- Í fundargerð Samskipa Holding 5. maí 2009 var rætt um aukningu á EBITDA allrar samstæðunnar. Ástæðan var þessi: „This is mainly due to continuous good results from Iceland.“
- (S)forstj lýsti því yfir að árið 2010 hafi verið „frábært ár“ og að hann og lykilstjórnendur ættu bónus skilinn fyrir „framúrskarandi árangur“.
- (S)forstj lýsti því yfir að árið 2011 hafi verið „mjög gott ár“.

8918. Á árunum 2008-2009 átti Eimskip við mikla fjárhagsörðugleika að etja. Þessir örðugleikar áttu aftur á móti að litlu leyti rót sína að rekja til sjóflutninga Eimskips til og frá Íslandi eða landflutninga hér á landi heldur voru þeir fyrst og fremst til komnir vegna gríðarlegar fjárfestinga félagsins erlendis sem reyndust því ofviða. Eftir fjárhagslega endurskipulagningu í kjölfar nauðasamninga um mitt ár 2009 gat Eimskip fljótlega lýst yfir mikilli ánægju með afkomu sína. Haustið 2012 undirbjó Eimskip skráningu á markað. Samtímagögn sýna að á fundi með greiningardeild banka hafi (S)forstj og fleiri stjórnendur útskýrt að Eimskip geti „haldið verðskránni stöðugri, þeir bara hækka hana og menn kyngja því.“ Stjórnendur Eimskips hefðu og lýst „markaðnum hér heima sem voða kósý.“

8919. Eins og fram kemur í eftirfarandi yfirliti hækkuðu Samskip og Eimskip reglulega verð, meðal annars gagnvart mikilvægum viðskiptavinum, á árunum 2010-2012. Ekki er um tæmandi talningu að ræða:

- Eimskip og Samskip hækkuðu gjaldskrá í janúar 2010.
- Eimskip hækkaði verð gagnvart Icelandic í mars 2010.
- Samskip hækkuðu verð gagnvart Rúmfatalagerum í mars 2010.



- Samskip hækkuðu verð gagnvart ÍSAM í maí 2010.
- Eimskip hækkaði verð gagnvart Aðföngum í júní 2010.
- Eimskip hækkaði gjaldskrá í júlí 2010.
- Samskip hækkuðu gjaldskrá í ágúst 2010.
- Eimskip hækkaði gagnvart Innnes í september 2010.
- Eimskip hækkaði verð gagnvart CMA í nóvember 2010.
- Samskip hækkuðu verð eða viðhéltn verðum gagnvart mikilvægum viðskiptavinum, m.a. Rekkjunni, Garra og Húsasmiðjunni í desember 2010.
- Eimskip hækkaði gjaldskrá í janúar 2011.
- Samskip hækkuðu verð gagnvart Nathan og Olsen í janúar 2011.
- Samskip hækkuðu verð gagnvart ÍSAM í janúar 2011.
- Samskip og Eimskip hækkuðu gjaldskrár í febrúar 2011.
- Samskip hækkuðu verð gagnvart Húsasmiðjunni í febrúar 2011.
- Eimskip hækkaði gjaldskrá í júlí 2011.
- Samskip hækkuðu gjaldskrá í ágúst 2011.
- Eimskip hækkaði verð gagnvart Innnes í september 2011.
- Eimskip hækkaði verð gagnvart ÖES í október 2011.
- Eimskip og Samskip hækkuðu bæði þjónustugjöld og sjófrakt í janúar 2012.
- Samskip hækkuðu verð gagnvart Húsasmiðjunni 1. janúar 2012. Húsasmiðjan var einn mikilvægasti viðskiptavinur Samskípa.
- Samskip hækkuðu verð fyrir búslóðaflutninga og ISPS gjald vegna sjóflutninga á milli Íslands og Norður Ameríku í janúar 2012.
- TVG og Jónar hækkuðu bæði þjónustugjöld og tollafgreiðslugjöld í janúar 2012.
- Jónar Transport hækkuðu verð á akstri lausavöru og heilgáma í janúar 2012.
- Samskip hækkuðu niðurrifsgjöld í erlendum skrifstofum sínum í febrúar 2012.
- Eimskip og Samskip hækkuðu bæði gjaldskrár landflutninga. Eimskip hækkaði í janúar 2012 og Samskip í febrúar 2012.
- Eimskip og Samskip hækkuðu bæði verð fyrir flutning á fiski innanlands í janúar og febrúar 2012.
- Eimskip og Samskip settu bæði sérstakt gjald á flutning tómrá fiskikara innanlands á árinu 2012.
- Samskip hækkuðu verð fyrir sjóflutninga á milli Íslands og Asíu í maí 2012.
- Samskip hækkuðu verð í innanlandsflutningum gagnvart Aðföngum í júní 2012.



- Eimskip hækkaði gjaldskrá Evrópuflutninga, Norður-Ameríku flutninga, THC-gjald á Íslandi, gámaleigu, „terminal charge“, vörugeymslu og akstur á Íslandi í júlí 2012.
- Samskip hækkuðu þjónustugjaldskrá og gjaldskrá sjóflutnings 1. ágúst 2012.
- Samskip hækkuðu gjaldskrá landflutninga innanlands 1. ágúst 2012.
- Samskip hækkuðu verð í ágúst 2012 gagnvart Öskju.
- Samskip skipulögðu verðhækkunarir í ágúst gagnvart Húsasmiðjunni, ÍSAM/ Mekka, Samkaupum og Nathan & Olsen.
- Vísbendingar eru um að Eimskip og Samskip hafi bæði lækkað eða lagt af afslætti af „Collection fee“ gjaldi á árinu 2012.
- Eimskip hækkaði gjöld erlendis, sjófrakt, hafnargjöld á Íslandi og þjónustugjöld á Íslandi 1. janúar 2013.
- Eimskip hækkaði gjaldskrá landflutninga 1. janúar 2013.
- Samskip hækkuðu gjöld vegna flutninga á frystigámum til Asíu í janúar 2013.
- Jónar hækkuðu tollafgreiðslugjöld 1. janúar 2013.
- Samskip hækkuðu þjónustugjöld innanlands og erlendis í inn- og útflutningi 1. febrúar 2013.
- Samskip hækkuðu gjaldskrá landflutninga 1. febrúar 2013.
- Samskip lögðu nýtt gjald, svokallað biðgjald, á viðskiptavinum frá og með 1. febrúar 2013.
- Samskip hækkuðu gjöld í erlendum höfnum 1. febrúar 2013.

8920. Þetta ásamt öðrum samtímagögnum sýnir að verðsamkeppni milli Samskipa og Eimskips var afar takmörkuð á megin rannsóknartímabilinu. Áherslan hjá báðum fyrirtækjunum var að hækka verð, auka gjaldtöku, draga úr afsláttum og eftir atvikum vinna gegn verðlækkunum. Er það niðurstaða Samkeppniseftirlitsins að aðgerðir fyrirtækjanna til að hækka eða halda uppi verði voru í eðli sínu í samræmi við markmið „Nýtt upphaf“ verkefnisins. Þá voru aðgerðir til að hækka eða halda uppi verði afar mikilvægur þáttur í því að stjórnendur Samskipa hf. gætu framfylgt þeim fyrirmælum **(S)aðaleig-stjform-SH** að verja og efla stöðu fyrirtækisins sem „cash cow“ fyrir Samskip Holding.

8921. Það er niðurstaða Samkeppniseftirlitsins að samráð Samskipa og Eimskip gerði fyrirtækjunum kleift að halda uppi eða hækka verð og tók samráðið til álagningar og afsláttarkjara í flutningsþjónustu og miðlunar á mikilvægum verð- og viðskiptaupplýsingum. Reglubundin og ítrekuð samskipti fyrirtækjanna á rannsóknartímabilinu var mikilvægur þáttur í því. Þannig er það niðurstaða Samkeppniseftirlitsins að í þeim samskiptum hafi átt sér stað ólöglegt samráð sem miðaði m.a. að skapa skilyrði til að hækka verð eða vinna gegn verðlækkun. Voru samskipti lykilstjórnenda Eimskips og Samskipa einnig í eðli sínu til þess fallin að draga úr óvissu og sjálfstæði þessara keppinauta sem samanlagt voru með yfirburða markaðshlutdeild í sjóflutningum til og frá Íslandi og í landflutningum. Í skjóli „friðar“ á flutningsmarkaði, sem markaðsskipting Samskipa og Eimskips skapaði, var fyrirtækjunum einnig kleift að ná fram verðhækkunum gagnvart viðskiptavinum sínum eða halda uppi verði, án þess að þau þyrftu að óttast að slíkar aðgerðir kölluðu á samkeppnileg viðbrögð af hálfu keppinautarins.

8922. Í sátt Eimskips frá 16. júní 2021 viðurkennir fyrirtækið að hafa á rannsóknartímabilinu átt í samskiptum og samstarfi við Samskip sem hafi falið í sér alvarleg brot gegn 10. gr. samkeppnislaga og 53. gr. EES-samningsins. Nánar tiltekið viðurkennir Eimskip að brot þess hafi falið í aðgerðum sem hafi verið gripið til eftir fund þess með Samskipum 6. júní 2008, sbr. einnig „Nýtt



viðskiptavinum. Sökum þessa samkeppnislega aðhalds var t.d. bent á það í áætlun Samskipa í Færeyjum að Faroe Ship gæti ekki hækkað verð vegna ótta um að missa mikilvæga viðskiptavinum og var þar lagt til grundvallar að engar verðhækkningar yrðu á árinu 2012.

8930. Sérstaða hins íslenska markaðar birtist jafnframt í umfjöllun (S)forstj frá desember 2009 vegna frystigeymslu Samskipa í Álasundi. Að mati (S)forstj ríkti samkeppni á viðkomandi markaði í Álasundi og voru vísbendingar um að sumir keppinautar Samskipa hygðust lækka verð á árinu 2010. Vegna þessarar óvissu á markaði (S)forstj gat ekki lagt til grundvallar í áætlun sinni að Frigocare í Álasundi gæti hækkað verð á árinu 2010. Slík óvissa var aftur á móti ekki til staðar í áætlunum (S)forstj fyrir sjóflutninga til og frá landinu annars vegar og landflutninga hins vegar.
8931. Endurspeglast samráð Samskipa og Eimskips í vissu stjórnenda fyrirtækjanna fyrir því að unnt væri að hækka verð hér á landi án tillits til umkvartana viðskiptavina fyrirtækjanna.

15.6. Samtímagögn staðfesta ólögmeða markaðsskiptingu

8932. Í samráði Samskipa og Eimskips fólst meðal annars að fyrirtækin forðust að keppa um mikilvæga viðskiptavinum hvors annars og sköpuðu með því svigrúm til að hækka verð, halda því óbreyttu eða vinna gegn því að það lækkaði. Í þessu fólst alvarleg röskun á samkeppni.
8933. Verður hér dregið saman umfjöllun í 14. kafla þar sem gerð er grein fyrir samtímagögnum sem endurspeгла framangreint samráð.
8934. Eins og ítrekað hefur komið fram er í þessu máli lagt heildstætt mat á sönnunargögn málsins, sbr. nánari umfjöllun í kafla 4.7. Er í því sambandi ávallt höfð hliðsjón af þeim beinu samskiptum sem áttu sér stað milli Eimskips og Samskipa á umræddu tímabili en um þau og þýðingu þeirra í máli þessu er fjallað í kafla 13.
8935. Áður en lengra er haldið er gagnlegt að rifja upp að í athugasemdum Samskipa er því mótmælt að fyrirtækin hafi ekki keppt um mikilvæga viðskiptavinum annars vegar og að þau hafi ítrekað hækkað verð hins vegar:
- Bæði Eimskip og Samskip hafi breytt háttsemi sinni á sjó- og landflutningamarkaði í kjölfar efnahagshrunsins í október 2008. Hafi bæði fyrirtækin „á þessum viðkvæma tíma kjölfar efnahagskreppunnar ákveðið að reyna að halda þáverandi viðskiptavinum sínum, verja markaðshlutdeild og ná fram verðhækkunum, hvort í sínu lagi“, sbr. mgr. 770 í athugasemdum Eimskips við AI. Vísast hér einnig til mgr. 723, 752 og 786 í athugasemdum.
 - Eimskip hafi haldið framangreindri stefnu um að hækka verð og keppa ekki við Samskip um mikilvæga viðskiptavinum á árunum eftir hrunið. Í umfjöllun um t.d. atvik á árinu 2011 segir: „Eimskip hélt sig við sína stefnu að einbeita sér að sínum viðskiptavinum, markvisst hækka verð og keppast um viðskipti við litla og meðalstóra viðskiptavinum“, sbr. mgr. 770 í athugasemdum Eimskips við AI.
 - Samskip hafi lagt áherslu á að hækka verð og forðast verðsamkeppni við Eimskip, sbr. mgr. 474 og 1397 í athugasemdum Samskipa við AI. Verðhækkningar hafi á þessum tíma verið óhjákvæmilegar, sbr. mgr. 1169 í athugasemdum Samskipa við AI.
 - Samskip hafi tekið ákvörðun um að sækja ekki á stóra viðskiptavinum Eimskips eftir að fyrirtækið jók markaðshlutdeild sína í upphafi árs 2009, sbr. mgr. 1022 í athugasemdum Samskipa við AII.
 - Markaðsgerðin hafði þau áhrif að „stórir viðskiptavinir fóru í minna mæli milli fyrirtækjanna en Samkeppniseftirlitið virðist telja eðlilegt“, sbr. mgr. 1167 í athugasemdum Samskipa við AI.
 - Stjórnendur Samskipa og Eimskips hafi gert sér grein fyrir því að verðstríð myndi hafa „geigvænleg áhrif“ á fyrirtækin. Ljóst sé að rekstur fyrirtækjanna „á þessum tíma hefði ekki þolað



verðlækkunarir. Þetta eru staðreyndir um aðstæður og eðli markaðarins sem stjórnendur gerðu sér vitanlega grein fyrir. Af þessum sökum er eðlilegt að fyrirtækin hafi veigrað sér við að fara mjög hart fram í sókn í nýja viðskiptavinum", sbr. mgr. 1389 í athugasemdum Samskipa við AI.

- Samskip hafi leitað leiða til að auka framlegð með „verðhækkunum og kostnaðarlækkunum og sækja í minni viðskiptavinum, sem gæfu af sér hærrí framlegð. Samskipum var það fullljóst að félagið myndi tapa í verðstríði við Eimskip, enda hafði Eimskip ótvíræða kostnaðarlega yfirburði og var ráðandi aðili á markaðnum. Samskip neyddust því til að treysta á „ró“ á markaðnum, í stað þess að ráðast í fyrirfram tapað verðstríð“, sbr. mgr. 1393 í athugasemdum Samskipa við AI.
- Samskip hafi lagt áhersla á að „verja fenginn hlut og leita leiða til að auka enn frekar framlegð með verðhækkunum og kostnaðarlækkunum, auk þess að sækja viðskipti til minni viðskiptavina“, mgr. 1393 í athugasemdum Samskipa við AI.

8936. Samskip taka aftur á móti fram að framangreindur skortur á samkeppni gefi ekki til kynna að ólöglegt samráð hafi ríkt milli fyrirtækisins og Eimskips. Ástæða þess að verð hækkaði og ekki var keppt um mikilvæga viðskiptavinum hafi verið markaðsgerðin hér á landi. Eimskip hefur sem áður segir gert sátt við Samkeppniseftirlitið þar sem fyrirtækið viðurkennir að hafa átt í alvarlegu ólöglegu samráði við Samskip á rannsóknartímabilinu.

8937. Samanburður á gögnum sem urðu til áður en „Nýtt upphaf“ verkefnið hófst, sem lýsa samkeppni og vilja Samskipa til þess að keppa (glærur (S)frkvstj-innanl frá janúar 2007 og glærur (S)frkvstj-millilandasv maí 2008) við t.d. áætlanir Eimskips og Samskipa fyrir árin 2010-2012 draga einnig skýrt fram samráð fyrirtækjanna á rannsóknartímabilinu.

8938. Eftirfarandi yfirlit yfir samtímagögn frá Samskipum og Eimskipi endurspeglar hina ólöglegu markaðsskiptingu. Á grundvelli hennar töldu þessi langöflugustu flutningafyrirtæki landsins hvort annað ekki vera keppinaut hins heldur væru það allra smæstu fyrirtækin sem stóðu utan samráðsins, t.d. einrykjar í landflutningum eða BWS. Rætt var um samvinnu Samskipa og Eimskips frekar en samkeppni. Á grundvelli samráðsins var fyrirtækjunum unnt að leggja til grundvallar að þau ættu ekki á hættu að missa mikilvæga viðskiptavinum hvort til hins. Með þessu voru búnar til kjöraðstæður til að hækka verð og leggja á ný gjöld.

15.6.1. Árið 2009

8939. Samtímagögn sýna að á árinu 2009 lögðu bæði fyrirtækin áherslu á að sækja ekki á mikilvæga viðskiptavinum hvors annars og að verð yrði hækkað. Þegar öflugur viðskiptavinur reyndi með fyrirspurn eða útboði að ná fram betri kjörum virtu flutningafyrirtækin markaðsskiptinguna. Í samtímagögnum er hvergi að greina ótta um að höfuðkeppinauturinn muni með samkeppnisaðgerðum reyna að ná mikilvægum viðskiptavinum eða að mikilvægir viðskiptavinir segi upp viðskiptunum og leiti til keppinautarins.

8940. Eftirfarandi samtímagögn frá Eimskip og Samskipum frá árinu 2009 sýna þetta glögglega, þ.e. að Samskip og Eimskip ætluðu sér ekki keppa um mikilvæga viðskiptavinum hvors annars. Endurspeglar þessi gögn hina ólöglegu markaðsskiptingu, bæði í innflutningi og landflutningum, á árinu 2009. Ekki er um tæmandi yfirlit að ræða:

- Gögn frá 9. janúar 2009, sem tengjast (S)forstö-innfl1 og (E)forstö-innfl, sýna t.d. sömu stefnu eða áherslur Samskipa og Eimskips hvað varðar samkeppni í innflutningi. Keppa átti um minni viðskiptavinum en láta þá stóru og mikilvægu í friði. Í skjali Eimskips frá 9. janúar 2009 var fjallað um markmið m.a. innflutningsdeildar á árinu 2009. Fyrsta markmiðið fyrir árið 2009 var þetta: „Viðhalda n.v. markaðshlutdeild“. Sama dag var stefna Samskipa í innflutningi fyrir árið 2009 áréttuð gagnvart undirmönnum í innflutningsdeild. Þar kemur fram að áhersla Samskipa og Jóna væri á viðskipti við minni viðskiptavinum.



- Um miðjan febrúar 2009 sagði **(S)forstj** í tölvupósti að Samskip yrðu stöðugt að hækka verð jafnvel þótt aðstæður væru erfiðar („*we at the same time have to be pushing rates constantly upwards, even though times are tough.*”).
- Í mars 2009 kom fram í gögnum frá **(S)forstö-innfl1** að stefna Samskipa gagnvart stærri viðskiptavinum í innflutningi væri þessi; „*ekki sækja, hækka verð*”. Með öðrum orðum fólst í þessu að Samskip ætluðu ekki að reyna með samkeppni við Eimskip að ná til sín stærri viðskiptavinum Eimskips heldur skapa frekar grundvöll til að hækka verð gagnvart eigin viðskiptavinum.
- Í apríl 2009 gaf **(S)forstö-innfl1** þau fyrirmæli til viðskiptastjóra að ekki ætti að „*tala við*” viðskiptavinum sem væru 100% hjá Eimskipi og samningsbundnir því fyrirtæki.
- Á verkefnalistum stjórnenda beggja fyrirtækjanna frá árinu 2009 var vísað beint til atriða sem féllu undir „*Nýtt upphaf*” verkefnið. Í dæmaskyni má nefna að hugmyndir undirmanna hjá Samskipum um að veita Eimskip harða samkeppni voru fjarlægðar af **(S)frkvstj-millilandasv**, lykilstjórnanda hjá Samskipum, sem einnig sat í „*Nýtt upphaf*” vinnuhópnum. Verkefnum sem lutu að verðhækkun og aukinni gjaldtöku gagnvart viðskiptavinum var hins vegar mætt með velþóknun.
- Gögn landflutninga Eimskips frá m.a. janúar, maí, júní og september 2009 sýna að enginn mikilvægur viðskiptavinur fór á milli Samskipa og Eimskips. Eimskip lagði til grundvallar að halda sínum viðskiptavinum og hækka verð gagnvart þeim. Einnig kom fram vissa um að fyrirtækinu tækist að hækka verð í landflutningum á árinu 2010. Aftur á móti átti að efla stöðu Eimskips með samkeppni á sviðum sem samráðið tók ekki til, þ.e. í vöruhúsaþjónustu og vörudreifingu.
- Í glærukynningu **(E)forstö-útf1** 14. apríl 2009 var Eimskip ekki talin stafa samkeppnisleg ógn í útflutningi frá Samskipum. Aftur á móti voru samkeppnisyfirvöld nefnd sem ógn.
- Í júní 2009 gaf **(S)forstj** eftirfarandi fyrirmæli til undirmanna sinna aðspurður um hver „*strategía*” Samskipa ætti að vera:
„missa ekki neitt, halda öllu sem við höfum
ekki sækja heldur á ný mið.”
- Í skjali frá október 2009, sem tengdist vinnu svonefnds „*kreppuhóps*” innan Samskipa um m.a. samkeppnisstefnu fyrirtækisins, koma fram áhyggjur af því að fyrirtækið sé að koma í veg fyrir hina ólögætu markaðsskiptingu, þ.e. „*friðinn*”. Í hópnum sátu lykilstjórnendur Samskipa og þar komu m.a. fram eftirfarandi spurningar:
 - Hefur Samskip verið að koma í veg fyrir verðhækkningar?
 - Er Samskip sá „*aðili á markaðnum sem ekki er hægt að treysta*”?
 - Er mögulegt að Samskip hafi „*komið í veg fyrir að friður komist á*”?
- Í rekstraráætlun landflutninga Eimskips fyrir árið 2010, frá september 2009, voru talin upp nokkur atriði sem fela í sér megináherslu þessarar deildar Eimskips fyrir árið 2010 (Key business goals). Eitt þessara atriða var: „*Focus on holding current clients and increase revenues from them.*”
- Í rekstraráætlun innflutningsdeildar Samskipa fyrir árið 2010, frá október 2009, kom m.a. fram að nokkur: „*ró hefur verið yfir samkeppni um viðskiptavinum á árinu 2009*”. Jafnframt kom fram að á árinu 2010 gerði innflutningsdeildin ráð fyrir því að „*halda öllum*” viðskiptavinum sínum og hækka verð.
- Í fundargerð innflutningsdeildar Eimskips kom fram að á fundi 8. nóvember 2009 hafi framkvæmdastjórinn sem bar ábyrgð á sjóflutningum Eimskips, **(E)frkvstj-sala/þj**, „*lagt línuna*” og



sagt að ekki ætti að lækka verð heldur frekar að „hífa upp“ verð. Jafnframt kom fram í fundargerðinni að magn „í skipum mætti vera meira“. Hins vegar átti ekki að reyna að auka flutningsmagn með samkeppnisaðgerðum gagnvart Samskipum heldur átti sem fyrr segir að hækka verð.

- Í glærukynningum (E)frkvstj-innanl frá október, nóvember og desember 2009 og (E)rekstj-aksturst frá 1. desember 2009 var samkeppnisleg ógn í landflutningum ekki talin stafa frá Samskipum heldur frá einyrkjum og gert ráð fyrir því að Eimskip myndi halda sínum mikilvægustu viðskiptavinum og verð yrði hækkað á árinu 2010. Kom þetta fram:

„The main threat in the market are individual truck drivers“

„Focus on holding current clients and increase revenue from them.“

„Maintain our current market share.“

- Í tölvupósti (S)forstj frá 17. nóvember 2009 kemur skýrt fram að markaðsaðgerðir Samskipa eigi að beinast gegn „minni“ viðskiptavinum.
- Í tölvupóstum (S)forstö-innfl1 frá 17. og 20. nóvember 2009 er m.a. lagt fyrir undirmann að bjóða mikilvægum viðskiptavinum Eimskips, Aðföngum, ekki hagstætt verð þar sem slík samkeppni myndi torvela Eimskip að hækka verð gagnvart Aðföngum og Samskipum að hækka verð gagnvart öðrum mikilvægum innflytjenda á matvörum, Nathan & Olsen. Spurningu um hvort Samskip ætluðu að reyna að ná til sín öðrum mikilvægum viðskiptavinum Eimskips, IKEA, svaraði (S)forstö-innfl1 neitandi. Rök hans voru þessi:

„Markmiðið hjá innflutningi er að hækka verð á núverandi kúnnu, s.s. Rúmfó, Húsa og ÍSAM.“

Töldu Samskip þannig að samkeppni frá Eimskip myndi ekki koma í veg fyrir að fyrirtækið gæti hækkað verð til mikilvægra viðskiptavina sinna. Samtímagögn sýna að þetta voru ekki orðin tórn heldur tókst Samskipum að hrinda þessu í framkvæmd.

- Í glærukynningu (S)forstj 30. nóvember 2009 er lýst röð af almennum verðhækkunum Samskipa á árunum 2008-2009. Jafnframt kemur fram að markaðshlutdeild Samskipa hafi verið stöðug og lagt til grundvallar að hún muni ekki breytast á árinu 2010 þrátt fyrir að verðhækkningar væru áformaðar á því ári. Í Færeyjum var hins vegar áætlað að markaðshlutdeild í innflutningi myndi minnka umtalsvert vegna mikillar samkeppni. Töldu Samskip sig þannig geta byggt á því við áætlun fyrir árið 2010 að samkeppni við Eimskip á Íslandi myndi ekki koma í veg fyrir verðhækkun eða leiða til minni markaðshlutdeildar. Önnur lögmál voru á hinn bóginn talin gilda í Færeyjum; þar ríkti hörð samkeppni. Í samræmi við framangreint var í þessum glærum (S)forstj Eimskip ekki talið vera helsta samkeppnilega ógnin við Samskip á Íslandi.
- Í glærukynningu (S)forstj 17. desember 2009 er lagt til grundvallar að Samskip héldi sömu markaðshlutdeild á öllum flutningamörkuðum hér á landi á árinu 2010 og verð muni hækka.
- Í minnisblaði (E)rekstj-aksturst 20. desember 2009 kemur fram að verð á landflutningum muni hækka á árinu 2010 og huga eigi að samvinnu við keppinauta.

8941. Eftirfarandi atvik tengd tilteknum mikilvægum viðskiptavinum Samskipa og Eimskips eru skýr birtingarmynd hinnar ólögmætu markaðsskiptingar:

- Ölgerðin: Í janúar 2009 unnu Samskip og Eimskip að því að hækka verð í viðskiptum við mikilvæga viðskiptavinum. Taldi Eimskip sig geta náð fram „mikilli“ verðhækkun gagnvart ÖES í sjóflutningum og setti einnig fram verðtilboð í landflutninga sem ÖES taldi „fáránlegt“. Sýna samtímagögn að ÖES var óánægt með þessa hækkun og taldi hana í andstöðu við gildandi samning við Eimskip. Þessi gagnrýni ÖES hafði ekki áhrif á samningsvilja Eimskips sem taldi sig



geta „staðið fast“ á þessari hækkun. Síðar á árinu ákvað ÖES að bjóða út alla sína flutninga vegna samráðs Samskipa og Eimskips hélt Eimskip hélt viðskiptunum. Hafa ber í huga að áður en aukið samráð Samskipa og Eimskips hófst um mitt árið 2008 hafði Samskip íhugað að bregðast við hugsanlegum samdrætti með því að m.a. ná viðskiptum ÖES frá Eimskip, sbr. umfjöllun um atvik í maí 2008 og „grænlenka daga“ hjá Samskipum.

- Vífilfell: Vífilfell sagði upp samningi sínum við Samskip í febrúar 2009 og leitaði eftir tilboðum frá Eimskipi og Samskipum. Framganga og tilboð Eimskips til Vífilfells sýnir eindregið að fyrirtækið hafði ekki áhuga á að bjóða samkeppnishæft verð með það að markmiði að ná Vífilfelli í viðskipti til sín. Með því virti Eimskip markaðsskiptinguna sem fyrirtækið hefur viðurkennt að var til staðar á þessum tíma.
- German Seafrozen Fish: Stór útflytjandi í sjávarútvegi, GSF, og viðskiptavinur Samskipa, óskaði eftir tilboði frá Eimskipi í apríl 2009. Í minnisblaði (E)deildstj-útf12, sem hann útbjó eftir fund með (E)forstj, var fjallað um hvort Eimskip ætti að sækjast eftir að ná viðskiptum GSF af Samskipum. Í niðurstöðu minnisblaðsins segir m.a.: „For us to reduce the ratings, would affect the whole market.“ Sýnir þetta að Eimskip hafi vegið og metið áhrif þess að rjúfa „friðinn“ í þessu tilviki. Var niðurstaðan sú að ef GSF yrði boðið lægra verð myndi það fara gegn markaðsskiptingunni og koma af stað verðsamkeppni á markaðnum.
- Promens Tempra: Samtímagögn tengd verðkönnun Promens í júní 2009 endurspeglar hina ólögmætu markaðsskiptingu Samskipa og Eimskips. Það átti ekki að „dumpa verðum niður“ og „ekki rugga bátnum“ til að tryggja áframhaldandi markaðsskiptingu um mikilvæga viðskiptavini. Atvikin sýna einnig að með samráðinu sköpuðu fyrirtækin óeðlilegt ástand á markaði sem var til þess fallið að gera þeim kleift að viðhalda eða hækka verð og þar af leiðandi leggja á „svínsálagningu“.
- Norðlenka: Samtímagögn í tengslum við útboð Norðlenka í nóvember 2009 endurspeglar hina ólögmætu markaðsskiptingu. (E)rekstj-aksturst komst að þeirri niðurstöðu í minnisblaði að ókostirnir við að veita Norðlenka samkeppnishæft tilboð væru m.a. þeir að hætta væri á að verðsamkeppni myndi „hefjast á ný“ og „almennt aukinn [svo] samkeppni“ í landflutningum. Gætu þannig t.d. „fyrirhugaðar“ verðhækkanir á fiskflutningum verið í hættu. Atvik sýna að komið var í veg fyrir hættu á því að verðsamkeppni gæti „hafist á ný“. Verðhækkanir Eimskips og Samskipa gengu eftir í upphafi árs 2010, þ. á m. verðhækkun á flutningum á fiski.

8942. Aðilar á markaði urðu óhjákvæmilega varir við þennan skort á samkeppni milli Samskipa og Eimskips. Gagn frá 12. nóvember 2009 er dæmi um það. Um er að ræða tölvupóst sem óháður flutningsmiðlari sendi (E)frkvstj-sala/bj vegna áhugaleysis Eimskips á að bjóða mikilvægum viðskiptavini Samskipa samkeppnishæft verð. Í honum sagði m.a.:

„Ef þið hafið ekki áhuga á nýjum kúnum og viljið vopnahlé við keppinautanna þá er betra að segja svona gömlum hundi eins og mér hvernig málin eru, hreint út. Það sparast mikið við það.“

15.6.2. Árið 2010

8943. Samfellt samráð Samskipa og Eimskips hélt áfram á árinu 2010, þ. á m. áframhaldandi markaðsskipting. Samtímagögn sýna að Samskip og Eimskip viðhéldu stefnu sinni um að „ekki [ætti að] sækja“, þ.e. ekki gefa samkeppnishæft tilboð heldur hækka verð gagnvart eigin mikilvægum viðskiptavinum. Endurspeglast þetta í því að enginn mikilvægur viðskiptavinur fór á milli fyrirtækjanna á árinu 2010. Við mat á markaðsskiptingu Samskipa og Eimskips á árinu 2010 verður að horfa til þess á árinu 2010 var vægi hinna mikilvægu viðskiptavina enn meira en áður fyrir rekstur fyrirtækjanna vegna minni samdráttar í magni hjá stærri viðskiptavinum. Hefði þetta átt að skapa enn meiri hvata fyrir Eimskip og Samskip til að keppa og ná til sín í viðskipti fleiri mikilvægum viðskiptavinum. Það gerðist ekki og markaðsskiptingin hélt. Breytti engu þótt fyrirtækin væru á sama tíma að kvarta yfir ónýttri flutningsgetu í innflutningi til landsins.



8944. Eftirfarandi yfirlit yfir samtímagögn frá Samskipum og Eimskipi endurspeglar hina ólögætu markaðsskiptingu á árinu 2010:

- Í glærum (E)forstö-innfl og (E)frkvstj-sala/þj vegna fundar hjá Eimskip 8. janúar 2010 kemur fram kjarninn í sölustefnu fyrirtækisins í innflutningi fyrir árið 2010:

„Almennt ekki lækka verð – frekar hækka“ og „Aðaláhersla lögð á að viðhalda góðu sambandi og fullnægja þörfum núverandi viðskiptavina.“

- Í glærुकynningu (S) frkvstj-innanl 26. janúar 2010 var lagt grundvallar að á árinu 2010 yrðu Samskip með óbreytta markaðshlutdeild í landflutningum, það drægi úr samkeppni og verð hækkaði. Sama dag kemur fram í glærुकynningu sem (E)frkvstj-innanl tók saman vegna fundar með (E)forstj að markaðssókn Eimskips vegna innanlandssviðs hefði einkum átt að taka til vöruhúsastarfsemi en ekki til landflutninga.
- Skjal (E)forstö-landfl1 frá 2. febrúar 2010 endurspeglar markmið Eimskips um að halda uppi verði á landflutningum eða hækka það og á fundi hjá stjórnendum landflutninga Eimskips 5. febrúar 2010 kom fram að árið 2009 hefði verið besta rekstrarár í sögu Eimskips Innanlands og að á árinu 2010 ætti að viðhalda markaðshlutdeild en sækja í minni og meðalstóra viðskiptavinum.
- Í tölvupósti sem (S)frkvstj-Jóna fékk frá undirmanni sínum 2. febrúar 2010 var vísað til „pólítískrar ákvörðunar“ um að reyna ekki að ná tilteknum viðskiptum af Eimskip til að fá „frið með allt hitt.“
- Í skjali (S)forstö-innfl1 9. febrúar 2010 voru markmið innflutningsdeildar Samskipa m.a. sögð vera að „Halda öllum núverandi viðskiptavinum innflutningsdeildar í viðskiptum“ og „Auka hlutdeild Samskipa hjá litlum (D) viðskiptavinum“.
- Í glærुकynningu (S)forstj 9. febrúar 2010 var samkeppnisleg ógn ekki talin stafa frá Eimskip í landflutningum heldur frá einyrkjum. Lagt var og til grundvallar að á næstu árum yrði engin breyting á viðskiptavinum fyrirtækisins og þannig yrði slegin skjaldborg um stærstu viðskiptavinum og verð til þeirra. Jafnframt yrði ekki reynt að ná stórum og mikilvægum viðskiptavinum frá Eimskip. Í samanburði var allt annarri stöðu lýst í áætlunum sem tóku til Færeyja, en þar ríkti samkvæmt gögnum málsins mun meiri samkeppni.
- Í mars 2010 svaraði (E)forstö-innfl fyrirspurn (E)frkvstj-sala/þj um töpuð/unnin viðskipti í innflutningi. Í svari sínu vísaði (E)forstö-innfl til yfirlits sem sýndi að lítil eða engin viðskipti hefðu glatast hjá Eimskip og sagði: „Ekki mikil hreyfing“.
- Í byrjun maí 2010 gaf (S)forstj þau fyrirmæli til undirmanna sinna að Samskip ættu að vera „harðari á þessa stóru kúnna“ og „lyfta verðum enn og frekar upp og við skulum gera það í næstu lotum“.
- Í glærum (S)frkvstj-millilandasv 8. maí 2010 er hnykk á þeirri stefnu að hækka verð, ekki síst gagnvart eigin mikilvægum viðskiptavinum.
- Þann 19. júlí 2010 greindi (S)forstj undirmönnum frá því að mikilvægur viðskiptavinur (Húsasmiðjan) hefði sagt upp samningi sínum vegna „mikilla hækkana“ Samskipa. Þrátt fyrir þetta taldi (S)forstj á sama tíma unnt fyrir Samskip að „ýta hækkun á sjófrakt“ á viðskiptavinum.
- Í áætlun (S)forstö-innfl1 september 2010 er því slegið föstu að í innflutningi héldu Samskip öllum sínu mikilvægu viðskiptavinum á árinu 2011, „áframhaldandi ró“ yrði á markaðnum og Eimskip og Samskip „haldi að sér hönum [svo] og leggi áherslu á að hækka verð“.
- Í glærुकynningu (E)frkvstj-sala/þj 14. september 2010 er samkeppnisleg ógn ekki talin stafa frá Samskipum í innflutningi. Ógnin stafi hins vegar frá m.a. BWS og „smærri flutningsmiðlurum“.



- Í glærum (S)forstö-útl 19. september 2010 kemur fram að útflutningsdeild Samskipa verði ekki „mikið var við Eimskip þessa daganna“. Hins vegar stafi samkeppni frá mjög litlum keppinaut, BWS. Á árinu 2011 verði hlutdeild Samskipa í aðalatriðum sú sama, verð muni verða hækkað og reynt verði að „sporna við innkomu“ BWS.
- Í áætlun Landflutninga Samskipa frá september 2010 er sagt að á árinu 2011 verði ekki keppt við Eimskip um mikilvæga viðskiptavinum (ekki „dansað við sætu stelpurnar“).
- Í glærum (E)frkvstj-innanl 23. september 2010 er lýst stefnumörkun landflutninga Eimskips fyrir árin 2011-2013. Þar kemur fram það sama og hjá Samskipum, þ.e. að ekki verði samkeppni milli fyrirtækjanna um mikilvæga viðskiptavinum. Eimskip ætli sér hins vegar að auka hlutdeild sína meðal „smærri fyrirtækja“.
- Í glærum (E)frkvstj-sala/þj 14. september 2010 er samkeppnisleg ógn ekki talin stafa frá Samskipum og fram kemur að Eimskip sé í sterkri stöðu gagnvart stærri viðskiptavinum sínum í innflutningi.
- Í tölvupósti (E)forstö-innfl 28. september 2010 kannaðist hann ekki við að innflutningsdeild Eimskips hefði tapað neinum viðskiptavinum á árinu.
- Í áætlun (E)forstö-innfl frá október 2010 fyrir árið 2011 er, líkt og í áætlun (S)forstö-innfl1, gert ráð fyrir því að áframhaldandi ró verði á markaðnum. Jafnframt felst í áætluninni að Eimskip telji ekki stafa samkeppnislega ógn af Samskipum í innflutningi.
- Í áætlun (E)forstö-landfl1 frá nóvember 2010 fyrir árið 2011 koma fram sömu áherslur og í framangreindum gögnum. Verð hækki á árinu 2011, Eimskip haldi markaðshlutdeild sinni og í landflutningum stafi Eimskip ekki samkeppnisleg ógn af Samskipum.
- Í fundargerð stjórnar Samskipa vegna fundar 25. október 2010 var bókað að „almennt hafi verið rólegt yfir markaði frá vormánuðum“. Þar er einnig gert ráð fyrir áframhaldandi samráði við Eimskip í siglingum til og frá Norður-Ameríku til „komandi ára“. Hins vegar er mikil samkeppni sögð ríkja í Færeyjum.
- Samskipti (S)viðskstj1 og (S)forstö-innfl1 9. nóvember 2010 endurspeglu hið ólögsmæta samráð. Annars vegar er skýring (S)viðskstj1 um að hann beri ekki ábyrgð á hugmynd um lágt verð til viðskiptavinar Eimskips (Takk hreinlæti) og hins vegar spurning (S)forstö-innfl1 um hvort unnt sé að treysta því að upplýsingar um mögulegt „grænlegt“ verð berist ekki til Eimskips.
- Í glærum, sem (S)stjórnarm-fjármstj sendi stjórn Samskipa Holding 7. desember 2010, var fjallað um starfsemi Samskipa á Íslandi. Eins og í öðrum gögnum frá Samskipum var samkeppnisleg ógn ekki talin stafa frá Eimskip. Í samræmi við þetta lýsa þessi gögn Samskipa 7. desember 2010 „frið“ og vissu um að geta hækkað verð á sjóflutningum og landflutningum hér á landi.
- Á fundi stjórnar Eimskips 17. desember 2010 var fjallað um aðstæður á flutningamörkuðum. Lagt var mat á hverjar væru mögulegar samkeppnislegar ógnir sem Eimskip stæði frammi fyrir á árunum 2011–2013. Í þessari umfjöllun voru Samskip ekki nefnd sem ógn heldur ætti það frekar við um minni keppinauta eins og t.d. BWS.

8945. Eftirfarandi atvik á árinu 2010 tengd tilteknum mikilvægum viðskiptavinum fyrirtækjanna endurspeglu hina ólögsmætu markaðsskiptingu:

- J. Rönnung: Áður en „Nýtt upphaf“ verkefnið hófst undirbjuggu Samskip „herferð“ þar sem m.a. átti að ná þessum samningsbundna viðskiptavinum Eimskips í viðskipti við Samskip. Eftir að samráðið hófst voru áform um „herferð“ lögð til hliðar og Samskip ekki einu sinni tilbúin til að verða við óskum J. Rönnung um tilboð og báru fyrir sig að J. Rönnung væri samningsbundið Eimskip.



- Rúmfatalagerinn: Atvik tengd viðskiptum Rúmfatalagersins sýna að Samskip þurftu ekki að óttast samkeppni frá Eimskip. Í lok október 2009 sendi Eimskip tilboð til Rúmfatalagersins sem fól í sér mun hærra verð (140%) en fyrirtækið hafði boðið áður þegar samkeppni ríkti á markaðnum, þ.e. áður en samfellt samráð Samskipa og Eimskips hófst. Í byrjun nóvember 2009 sögðu Samskip upp samningi við Rúmfatalagerinn með það að markmiði að hækka verð. Var það í samræmi við almennt markmið innflutningsdeildar Samskipa um að hækka verð gagnvart mikilvægum viðskiptavinum fyrirtækisins, sbr. tölvupóst (S)forstö-innfl1 17. nóvember 2009. Þrátt fyrir að hafa sagt upp samningi og stefnt að verðhækkun gagnvart Rúmfatalagerinum lagði (S)forstö-innfl1 til grundvallar í nóvember 2009 að Samskip myndu ekki missa þennan viðskiptavin til Eimskips heldur halda honum. Í mars 2010 bauð Eimskip síðan Rúmfatalagerinum verð sem var 125% hærra en tilboð fyrirtækisins frá 2008, áður en samráðið hófst. Samskip sögðu upp samningi við Rúmfatalagerinn og náðu í kjölfarið fram verðhækkun. Var þetta í samræmi við rekstraráætlanir Samskipa og Eimskips fyrir árið 2010. Halda átti sínu, hækka verð og ekki sækja á nýja viðskiptavini.
- Nathan og Olsen (N&O) og Aðföng: Samtímagögn frá september 2009 til janúar 2011 og varða m.a. N&O endurspegla samfellt samráð Samskipa og Eimskips á þessum tíma. Gögnin frá 2009 sýna að Samskip fóru ekki gegn markaðsskiptingunni með því að „hræra í“ Aðföngum og hækkuðu í staðinn verð gagnvart N&O í janúar 2010 án þess að þurfa að óttast samkeppnisleg viðbrögð frá Eimskip. Í tölvupóstum (S)forstö-innfl1 til (S)viðskstj1 í nóvember 2009, vegna beiðni Aðfanga um tilboð, kom efnislega fram að ekkert mætti gera sem myndi hindra Eimskip í að hækka verð gagnvart Aðföngum annars vegar og hindra Samskip í að hækka verð gagnvart N&O hins vegar. Samtímagögn sýna að (S)viðskstj1 skyldi þessi skilaboð enda spurði hann (S)forstö-innfl1 hvort setja ætti Aðföng „á verðskrá“ þegar það öfluga fyrirtæki bað um tilboð í apríl 2010. Eimskip virti markaðsskiptinguna síðar á árinu 2010 og Samskip gátu í janúar 2011 endurnýjað samninginn við N&O og hækkað verð gagnvart þessum mikilvæga viðskiptavini. Var þetta í samræmi við það sem fram kemur í áætlunum (S)forstö-innfl1 frá september 2010 fyrir árið 2011, þ.e. að Samskip og Eimskip myndu ekki keppa um mikilvæga viðskiptavini („haldi að sér höndum“) og þess í stað myndi Samskip hækka verð gagnvart mikilvægum viðskiptavinum eins og N&O, Húsasmiðjunni o.fl. Þá var gert ráð fyrir því að áframhaldandi „ró“ yrði á markaðnum.
- ÍSAM/Mekka: Atvik tengd ÍSAM/Mekka árið 2010 endurspegla markaðsskiptingu Samskipa og Eimskips og gerði fyrirtækjunum kleift að viðhalda eða hækka verð. ÍSAM var einn þeirra mikilvægu viðskiptavina sem markmið Samskipa um að „hækka verð á núverandi kúnnu“ tók til, sbr. tölvupóst (S)forstö-innfl1 til (S)forstö-landfl frá nóvember 2009. Tölvupóstur (S)forstö-innfl1 til (S)forstj og (S)frkvstj-millilandasv 5. mars 2010 hefur þýðingu í þessu sambandi. Þessi gögn sýna að Samskip ætluðu að láta mikilvæga viðskiptavini Eimskips eins og IKEA í friði. Með það til grundvallar gátu Samskip haft það að markmiði að hækka verð gagnvart ÍSAM. Þegar svo fréttist að Eimskip ætlaði sér að hækka verð gagnvart Innnes taldi (S)forstö-innfl1 það „gott mál að vinna þetta á sama tíma og Ísam“ og átti augljóslega við að það væri til árangurs fallið að Eimskip og Samskip væru á sama tíma að ná fram hækkunum gagnvart tveimur mikilvægum viðskiptavinum í innflutningi á matvöru. Til að tryggja framgang þessa varaði (S)forstö-innfl1 (S)forstj og (S)frkvstj-millilandasv við því að Innnes kynni að snúa sér til Samskipa í von um betri kjör. Samtímagögn sýna að í kjölfarið hófu Samskip aðgerðir til þess að hækka verð gagnvart ÍSAM og 19. apríl 2010 sendi (S)forstj tillögu til ÍSAM um verðhækkun. Fram kom hjá (S)forstö-innfl1 að Samskip væru að bjóða hærra verð en fyrirtækið teldi raunhæft að ná fram („slaki“ sagður í verði) en í þessu hafi falist „leikur“, þ.e. einhvers konar samningatækni af hálfu Samskipa. ÍSAM var sagt „væla“ yfir þáttum í tilboði Samskipa en (S)forstj taldi aftur á móti að hann hafi ekki staðið sig nægjanlega vel á samningafundi með ÍSAM. Samskip hefðu gefið of mikið eftir en hann lagði áherslu á að það mætti ekki gerast aftur („Við þurfum að vera harðari á þessa stóru kúnnu og lyfta verðum enn oög frekar upp – og skulum gera í næstu lotum“), sbr. tölvupóst hans frá 4. maí 2010. Þegar ÍSAM gerði athugasemd við ákvæði í drögum að samningi sem skuldbatt fyrirtækið til að flytja aðeins með Samskipum var gerð breyting á því. Samskip sáu aftur á móti ekki ástæðu



til að gera tillögu um ákvæði sem myndi gera félaginu kleift að „bjóða á móti“ ef ÍSAM sneri sér til Eimskips þar sem slíkt gæti stuðlað að samkeppni (gæfi ÍSAM færi á að „pönkast“ í Samskipum). Samskip gerðu svo nýjan samning við ÍSAM og í honum fólst verðhækkun. Rekstraráætlanir Samskipa og Eimskips fyrir innflutning árið 2010 sýna annars vegar að ekki voru uppi neinar áætlanir hjá Samskipum að reyna með samkeppni að ná Innnes í viðskipti til sín og hins vegar að engar áætlanir voru hjá Eimskipi að reyna með samkeppni að ná ÍSAM í viðskipti til sín. Lögðu bæði fyrirtækin til grundvallar að þau myndu halda þessum mikilvægu viðskiptavinum sínum og að engin samkeppnisleg ógn væri af höfuðkeppinautum. Þetta gekk eftir í maí 2010. ÍSAM-samstæðan leitaði til Eimskips um tilboð en Eimskip virti markaðsskiptinguna með því að gera í raun engar raunhæfar tilraunir til þess að ná þessum viðskiptum til sín. Þess í stað var í upphafi sett fram tilboð sem „sjokkeraði“ ÍSAM. Einnig kom það (E)frkvstj-sala/pj ekki „mikið á óvart“ að ÍSAM/Mekka hafi samið á ný við Samskip. Er lýsandi að undirmenn töldu að það þyrfti að „hrista upp í“ yfirmanni sínum svo einhverjar líkur væru á því að þessum mikilvæga viðskiptavini Samskipa yrði sýndur áhugi. Með sambærilegum hætti virtu Samskip markaðsskiptinguna þegar Innnes, sem var í viðskiptum við Eimskip, óskaði eftir tilboði frá Samskipum. Viðbrögð Samskipa við beiðni Innnes lýstu áhugaleysi.

- **Aðföng:** Það er niðurstaða Samkeppniseftirlitsins að atvik í tengslum við viðskipti Aðfanga endurspeglar markaðsskiptingu Samskipa og Eimskips. „Strategían“ sem (S)forstö-innfl1 boðaði í tölvupósti 22. nóvember 2009 gekk upp. Samskip sóttust ekki eftir viðskiptum við Aðföng. Var innan Samskipa lagt til að „setja þá á verðskrá“ en niðurstaða Samkeppniseftirlitsins er sú að það hafi falið í sér skýr skilaboð um að ekki ætti að bjóða Aðföngum samkeppnishæf verð. Niðurstaðan var að Eimskip var gert kleift að hækka verð til þessa umsvifamikla viðskiptavinar. Samskip náðu þannig einnig að hækka verð gagnvart mikilvægum viðskiptavinum sínum.
- **IKEA:** Í nóvember 2009 sagði (S)forstö-innfl1 að ekki væri gert ráð fyrir að „reyna við“ Ikea „næsta sumar“. Vísaði hann í kjölfarið til þess að „Markmiðið hjá innflutningi er að hækka verð á núverandi kúna, s.s. Rúmfó, Húsa og ÍSAM.“ Í maí 2010 sagði IKEA upp samningi sínum við Eimskip. Samtímagögn staðfesta að ráðagerð stjórnenda Samskipa, um að „reyna ekki við“ IKEA, gekk eftir því engar vísbendingar er að finna í gögnum málsins um að Samskip hafi sóst eftir því að ná þessum mikilvægu viðskiptavini til sín. Þannig náði Eimskip að halda viðskiptum IKEA án nokkurs samkeppnislegs þrýstings frá Samskipum sem gerði Eimskip m.a. kleift að innleiða BAF-gjaldi í samninginn sem ekki hafði verið til staðar áður.
- **Askja:** Viðskiptavinur Samskipa, Askja, leitaði tilboða hjá Eimskipi og mælti forstjóri Eimskips þá fyrir um að beita ætti „vertu á vappi trykkinu“ gagnvart fyrirtækinu. Samtímagögn sýna að í því fólst að eiga samskipti við viðskiptavini Samskipa sem báðu um betra verð án þess að grípa til neinna ráðstafana eða aðgerða sem raunverulega miðuðu að því að ná þeim viðskiptavinum frá Samskipum. Með því móti væri ólögmet markaðsskipting fyrirtækjanna virt.
- **OJK og Europris:** Samningur Samskipa við OJK rann út í október 2010. Tilkynnti OJK (S)forstö-innfl1 í lok júlí 2010 að fyrirtækið ætlaði að bjóða út flutninga sína. Þegar (S)forstö-innfl1 vann í september 2010 við áætlun fyrir árið 2011 („Markaðsskýrsla Innflutningsdeildar 2011“) hafði útboð OJK ekki farið fram. Þrátt fyrir þetta var lagt til grundvallar að Samskip myndu halda þessum viðskiptum. Einnig kom fram í skýrslunni að samningur við N&O myndi losna á árinu 2011 en Samskip myndu halda þeim viðskiptum. Jafnframt kom fram að samningar Eimskips við Aðföng og Innnes myndu losna á árinu 2011. Það átti aftur á móti ekki að efna til samkeppni um þá mikilvægu viðskiptavini heldur aðeins „smærrí“ innflytjendur á matvörum. Áður en Samskip og Eimskip sendu tilboð sín til OJK óskaði viðskiptavinur Eimskips, Europris, eftir tilboði frá Samskipum. Það gerði Europris eftir að Eimskip hafði tilkynnt fyrirtækinu um verðhækkun. Samskipti innan Samskipa varðandi tilboð til Europris endurspeglar einnig markaðsskiptingu fyrirtækjanna, þ.e. ef Eimskip hefði farið gegn markaðsskiptingunni með því að taka viðskipti OJK til sín ætlaði (S)forstö-innfl1 að vera „agressívur“ í tilboðinu til Europris, viðskiptavinar Eimskips.



Þegar niðurstaðan um áframhaldandi markaðsskiptingu lá fyrir sóttist hann ekki eftir þeim viðskiptum.

- **Norðurál og Elkem:** Stóriðjurnar Norðurál og Elkem voru mikilvægir viðskiptavinir Samskipa og Eimskips í útflutningi. Samningur Samskipa við Elkem gildi til febrúar 2011. Samningur Eimskips við Norðurál gildi til nóvember 2011. Elkem tilkynnti í september 2010 að flutningar fyrirtækisins yrðu boðnir út í byrjun árs 2011. Samtímagögn sýna að Elkem í Hollandi hafði verulegar efasemdir um að Eimskip og Samskip myndu keppa af hörku um flutninga fyrir Elkem á Íslandi. Það reyndist á rökum reist. Ekki er að sjá að Eimskip hafi gert nokkuð sem skapaði tiltrú hjá Elkem í Hollandi. Þvert á móti endurspeglar samtímagögn áhugaleysi Eimskips á þessum viðskiptum. Eimskip staðfesta jafnframt í athugasemdum sínum að fyrirtækið hafi ekki haft áhuga á að keppa um flutninga Elkem. Þetta styrkti stöðu Samskipa gagnvart Elkem og í lok árs 2010 kom fram í samskiptum innan Samskipa að líklegt væri að Samskip myndu halda áfram viðskiptunum við Elkem, þyrftu ekki að lækka verð heldur myndu þvert á móti ná fram verðhækkun á síðari hluta gildistíma hins fyrirhugaða samnings. Á sama tíma buðu Samskip ekki „grænlenk verð“ þegar sóst var eftir tilboði í flutninga á áli frá Norðuráli í lok desember 2010. Samtímagögn sýna nánast örvæntingu hjá tilboðsbeiðanda vegna þess að engin svör bárust frá Samskiptum. Endurspeglar framangreind gögn tengd Elkem og Norðuráli samráð Samskipa og Eimskips á þessum tíma. Áætlanir fyrirtækjanna sýna einnig að sökum markaðsskiptingarinnar voru þau haustið og veturinn 2010 örugg um að halda viðskiptum sínum við umræddar stóriðjur þrátt fyrir að samningar rynnu út á árinu 2011. Eimskip greip ekki til ráðstafana gagnvart Elkem sem gátu ógnað friðnum og það gerðu Samskip heldur ekki gagnvart Norðuráli.

15.6.3. Árið 2011

8946. Í samtímagögnum Eimskips og Samskipa, sem varða inn- og útflutning frá Íslandi og landflutninga hér á landi á árinu 2011 og áætlunum fyrir árið 2012 gerðu fyrirtækin áfram ráð fyrir að halda sínum mikilvægustu viðskiptavinum og að reyna ekki með samkeppni að ná slíkum viðskiptavinum hvort af hinu. Þess í stað var áhersla lögð á að hækka verð, auka gjaldtöku og vinna gegn verðlækkunum. Gert var ráð fyrir að aukning í viðskiptum kæmi frá smáum og meðalstórum viðskiptavinum og að samkeppnisleg ógn stafaði ekki frá stóra keppinautum heldur frá smærri keppinautum eins og einyrkjum og BWS. Endurspeglar þessi gögn hið ólögsmæta samráð á þessum tíma. Í dæmaskyni má nefna eftirfarandi:

- Í skjali (S)forstö-innfl1 frá 19. september 2011 sem ber heitið „Markaðsskýrsla Innflutningsdeildar 2012“ var að finna eftirfarandi áherslur:

„Áherslan í sölu árið 2012 ræðst að miklu leiti [svo] eftir því hvort að áframhaldandi ró haldist á innflutningsmarkaði. Gert er ráð fyrir að bæði Eimskip og Samskip haldi að sér höndum og leggi áherslu á að halda verðum uppi.“

„Samningar Eimskips við Aðföng eru lausir um næstu áramót, en ekki er gert ráð fyrir öðru en þeir samningar verði framlengdir. Innnes eru enn með lausan samning við Eimskip, en ekki er gert ráð fyrir neinum breytingum er varðar þeirra flutninga.“

„Megin áherslur verða að halda núverandi viðskiptavinum en jafnframt að vinna í að taka magn frá smærri viðskiptavinum sem eru hjá samkeppnisaðilum.“

„Ölgerðin er stærsti viðskiptavinur Eimskip í þessum flokki og ekki er gert ráð fyrir að reynt verði að ná í þá í viðskipti.“

- Til viðbótar almennum og sértækum verðhækkunum gagnvart mikilvægum viðskiptavinum var á það lögð áhersla hjá innflutningsdeild Samskipa fyrir árið 2012 „að allir viðskiptavinir greiði fullt verð í erlendum höfnum og enginn afsláttur verður gefinn af collection fee. Auk þessa verður lögð



áhersla á það að allir viðskiptavinir greiði fyrir alla þjónustubætti, þ.e. sjóflutning, BAF, uppskipun, öryggisgjald og heimakstur.“

- Samkvæmt stefnumörkun (E)forstj 29. október 2011 skyldi verð til viðskiptavina í sjóflutningum til og frá Íslandi hækka á árinu 2012. Samkvæmt „Vegvísi“ LIS deildar Eimskips fyrir árið 2012 skyldi hækka meðalsjóflutningsgjöld, þjónustugjöld og fækka frídögum í gámaleigu. Þá bæri að taka upp samninga við viðskiptavini og tryggja að hækkunarir væru að skila sér. Það ætti að „lyfta upp verðum“.
- Í skjali (E)frkvstj-innan frá nóvember 2011 er fjallað um meginmarkmið í rekstraráætlun landflutninga Eimskips fyrir árið 2012. Þar segir m.a. eftirfarandi:

„Keep existing market share in domestic transportation Flytjandi and focus on smaller and medium size companies.“

„Keep existing customers and increase revenues from them by selling more of Eimskips portfolio.“

8947. Eftirfarandi atvik á árinu 2011 tengd tilteknum mikilvægum viðskiptavinum fyrirtækjanna sýna að markaðsskiptingu Samskipa og Eimskip var viðhaldið áfram. Birtist það m.a. í þeirri niðurstöðu Samkeppniseftirlitsins að enginn mikilvægur viðskiptavinur fór á milli fyrirtækjanna tveggja á árinu 2011.

- Húsasmiðjan: Húsasmiðjan var meðal þeirra mikilvægu viðskiptavina sem markmið (S)forstö-innfl1 um að „hækka verð á núverandi kúnnu“ tók til, sbr. tölvupóst hans til (S)forstö-landfl frá nóvember 2009. Á sama tíma og (S)forstj hóf undirbúning að hækkan gagnvart ÍSAM gerði hann það einnig gagnvart Húsasmiðjunni, sbr. tölvupósta hans 6. apríl 2010. Ljóst er hins vegar að Húsasmiðjan var á þessum tíma mjög ósátt við verð Samskipa og þann 29. júlí 2010 greindi (S)forstj undirmönnum sínum frá því að Húsasmiðjan hefði verið að segja upp flutningasamningi við Samskip þar sem fyrirtækið væri „óhressst með miklar hækkunar milli ára.“ Á nánast sama tíma sendi (S)forstj annan tölvupóst til undirmanna sinna sem lið í að undirbúa almenna verðhækkun Samskipa. Þrátt fyrir að mikilvægur viðskiptavinur hefði verið að segja upp samningi vegna óánægju með of hátt verð þá taldi (S)forstj að stefna ætti á almenna verðhækkun. Mat hann það svo að það ætti að vera unnt að „ýta hækkun á sjófrakt út á stóran hluta“ af viðskiptavinum félagsins („flórunnar“). Hér ber og að rifja upp tölvupóst (S)forstj 4. maí 2010 þar sem hann sagði nauðsynlegt fyrir Samskip að vera „harðari á þessa stóru kúnnu“ og hækka verð enn frekar. Saman sýnir þetta að Samskip höfðu ekki áhyggjur af samkeppnislegu aðhaldi frá Eimskip. Endurspeglar þetta samráðið á þessum tíma.
- Samtímagögn sýna að Samskip áttu í talsverðum erfiðleikum með að útskýra og rökstyðja þessar hækkunarir gagnvart Húsasmiðjunni. Þrátt fyrir þetta sagði í skýrslu (S)forstö-innfl1 frá september 2010 í umfjöllun um innflutning á byggingarvörum: „Húsasmiðjan er stærsti viðskiptavinur Samskipa í þessum flokki, en þeir sögðu upp flutningasamningi sínum haustið 2010 og er hann því laus í janúar 2011. Gert er ráð fyrir að samningurinn verði endurnýjaður á óbreyttum verðum.“ Eftir að Húsasmiðjan sagði upp samningi sínum við Samskip vegna mikilla verðhækkana sneri hún sér til Eimskips. Á þeim tíma átti Eimskip einnig í viðræðum við annan mikilvægan viðskiptavin Samskipa, N&O. Eimskip sýndi ekki áhuga á viðskiptum við N&O og gaf Húsasmiðjunni í janúar 2011 það hátt verð að fyrirtækið vildi ekki semja við Eimskip. Sökum þessa náðu Samskip fram verðhækkunum gagnvart bæði Húsasmiðjunni og N&O á árinu 2011.
- Innnes: Innnes var á rannsóknartímabilinu mikilvægur viðskiptavinur Eimskips. Innnes var óánægt með þessar hækkunarir sem Eimskip hafði náð fram á árinu 2008-2009 og sýna samtímagögn að fyrirtækið leitaði til Samskipa um tilboð í flutninga. Þrátt fyrir óánægju Innnes og tilboðsumleitun fyrirtækisins gerðu Samskip, í áætlunum sínum fyrir árið 2010, ekki ráð fyrir því að sækja á og ná heildarviðskiptum Innnes frá Eimskip. Lítil áhugi Samskipa á viðskiptum við Innnes birtist einnig í framkvæmd. Skipti þar máli að árið 2010 var ÍSAM, annar mikilvægur



viðskiptavinur í innflutningi, með lausan heildarflutningasamning hjá Samskipum. Atvik tengd þessum tveimur mikilvægum viðskiptavinum endurspeglar hina ólögmætu markaðsskiptingu. Samskip hélt ÍSAM og Eimskip hélt Innnes, og í báðum tilvikum með hækkunum á verðum til viðskiptavinanna.

- Aðgerðarleysi Samskipa gagnvart Innnes kemur fram í samtímagögnum en Samskip töfðu vísitandi að veita Innnes svör um tilboðsverð, þar til ljóst væri að Eimskip myndi standa við markaðsskiptinguna vegna ÍSAM. Í byrjun árs 2011 gaf æðsti stjórnandi innflutningsdeildar Samskipa, **(S)forstö-innfl1**, þau fyrirmæli til undirmanna sinna að gefa Innnes ekki samkeppnishæf verð í flutninga (ekki vera „grænleniskir“ heldur gefa Innnes „venjuleg verð“). Þá má sjá Samskip, líkt og árið 2010 gagnvart ÍSAM, bíða og draga að svara tilboðsumleitun Innnes árið 2011, þar sem flutningasamningur Samskipa við Húsasmiðjuna var laus á sama tíma. Líkt og með áður nefnd atvik árið 2010, þá sótti Eimskip ekki fram um að ná þeim viðskiptum af Samskipum. Á móti gerðu Samskip ekki atlögu að Innnes. Gerði þetta fyrirtækjunum kleift að hækka verð gagnvart báðum þessum mikilvægu viðskiptavinum. Endurspeglar þetta hina ólögmætu markaðsskiptingu.
- Eimskip hélt áfram árið 2011 að vinna að hækkun á verði gagnvart Innnes (hækka verð „umtalsvert“). Endurnýjaði Eimskip síðan flutningasamkomulag við Innnes í september 2011 til mars 2013. Í þessum hækkunarfasa Eimskips er ekki að greina ótta eða óvissu um hugsanlegar aðgerðir Samskipa, helsta keppinautar Eimskips. Er það í samræmi við samtímagögn frá Samskipum frá þessum tíma, þ.e. um „áframhaldandi“ ró á innflutningsmarkaði. Samskip og Eimskip ákváðu að halda að sér höndum og hækka eða halda uppi verðum.
- Í mars 2011 sneri mikilvægur viðskiptavinur Eimskips sér til Jóna og óskaði eftir tilboði. Fram kemur í samskiptum **(S)frkvstj-Jóna** við undirmann sinn að „*ekkert mál*“ sé að gera tilboð í tiltekna þætti. Það sé hins vegar „*erfiðara*“ að gera tilboð í innflutning frá Bretlandi sem Eimskip sinni. Var spurt hvort unnt sé „*skipta á bitum*“ þannig að viðskiptavinurinn verði bæði hjá Eimskip og Jónum/Samskipum, hvort tilboð til þessa aðila „*stygg*“ Eimskip eða það að gefa tilboð væri „*vafasamt upp á friðinn við EIMU*“.
- **ÖES**: Í júlí 2011 leitaði ÖES til Samskipa og óskaði eftir verðtilboði. ÖES var á þeim tíma mikilvægur viðskiptavinur Eimskips. Daginn fyrir fund Samskipa með ÖES funduðu **(S)forstö-innfl1** og **(S)frkvstj-millilandasv** um „*Ölgerðin – strategy*“. Fyrir fundinn vistaði **(S)forstö-innfl1** skjal sem innihélt mögulegt verð til ÖES. Í skjalinu má sjá að Samskip gerðu ráð fyrir að bjóða ÖES hærra verð en fyrirtækið var þegar með hjá Eimskipi. Af því má ráða að ekki hafi staðið til að bjóða ÖES samkeppnishæft verð með það að markmiði að ná þeim í viðskipti við Samskip. Markaðsskiptingin var virt enda hafa engin formleg tilboð frá Samskipum til ÖES fundist í gögnum frá þessum tíma. Í september sama ár kom eftirfarandi fram í rekstraráætlun Samskipa fyrir árið 2012: „*Ölgerðin er stærsti viðskiptavinur Eimskips í þessum flokk og ekki er gert ráð fyrir að reynt verði að ná í þá í viðskipti.*“ Í lok árs tókst Eimskip að endurnýja samning sinn við ÖES sem fól í sér verðhækkun frá fyrri samningi. Af þessu má sjá að ÖES sneri sér til Samskipa í leit að betri kjörum vegna óánægju með hækkunir og enn frekari hækkunaráform Eimskips. Samskip héldu aftur á móti friðinn með því að sækjast ekki eftir viðskiptum ÖES og Eimskip hækkaði verðin gagnvart ÖES. Var þetta liður í samráði Samskipa og Eimskips á þessum tíma.
- **Mjólkursamsalan**: Í mars og október 2011 sneri mikilvægur viðskiptavinur Eimskips, Mjólkursamsalan, sneri sér til Samskipa og óskaði eftir tilboði. Í stað þess að bregðast við þessu frumkvæði Mjólkursamsölunnar sýna gögnin að Samskip sýndu þessari beiðni afar takmarkaðan áhuga og Mjólkursamsalan kvartaði yfir því hve seint svör bærust frá Samskipum og að spurningum væri ekki svarað. Til viðbótar kemur skýrt fram í gögnunum frá **(S)forstö-innfl1** að Samskip hafi ætlað sér að bjóða kjör sem gerðu það mjög ólíklegt að Mjólkursamsalan færði viðskipti sín frá Eimskip til Samskipa. Þannig átti ekki að bjóða Mjólkursamsölunni samkeppnishæf verð, þ.e. sem Samskip nefndi „*grænlenisk*“ eða „*skörp*“ verð.



- Aðföng: Samningur Eimskipa við Aðföng, mikilvægan viðskiptavin, var laus í lok árs 2011. Samskip ákváðu að keppa ekki við Eimskip um þau viðskipti þrátt fyrir að telja sjálf að breytt eignarhald hefði geta veitt tækifæri til þess. Þess í stað var ákveðið að virða markaðsskiptinguna og eftirfarandi sett fram í rekstraráætlun fyrir árið 2012: „*Samningar Eimskipa við Aðföng eru lausir um næstu áramót, en ekki er gert ráð fyrir öðru en þeir samningar verði framlengdir.*“

15.6.4. Árið 2012

8948. Samfellt samráð Samskipa og Eimskipa hélt áfram á árinu 2012, þ. á m. markaðsskipting um mikilvæga viðskiptavinum. Eftirfarandi samtímagagn Samskipa frá október 2012 er lýsandi fyrir þessa niðurstöðu Samkeppniseftirlitsins. Um er að ræða kynningu fyrir stjórn Samskipa Holding á innflutningi til Íslands. Þar segir: „*Samskip has not lost a significant customer to the competition in 2012.*“
8949. Eftirfarandi gögn endurspeglar að sama skapi hina ólögmætu markaðsskiptingu á árinu 2012.
- Í tölvupóstssamskiptum á milli (S)forstj og yfirmanns hjá Samskipum í Bretlandi í lok mars og byrjun apríl 2012 útskýrði (S)forstj að vart ríki verðsamkeppni milli Eimskipa og Samskipa þegar um væri að ræða flutninga til og frá Íslandi. Hin erlendi yfirmaður sagði m.a. í svari sínu: „*I understand that you are trying to protect high rates that are somewhat cushioned in Iceland by lack of competition [...].*“
 - Í skjali frá september 2012 var fjallað um áætlun landflutninga Samskipa fyrir árið 2013. Þar kemur fram að samningar við ýmsa mikilvæga viðskiptavinum losni á árinu 2013. Svo segir: „*Gert er ráð fyrir í áætlun 2013 að Landflutningar semji við alla ofangreinda viðskiptavinum*“, þ.e. að landflutningar Samskipa haldi öllum viðkomandi mikilvægu viðskiptavinum.
8950. Samtímagögn sýna að tækifæri sköpuðust fyrir Samskip og Eimskip að ná nokkrum mikilvægum viðskiptavinum frá hvort öðru með samkeppnishæfum tilboðum. Fyrirtækin héldu hins vegar að sér höndum í samræmi við hina ólögmætu markaðsskiptingu. Eftirfarandi atvik endurspeglar þá niðurstöðu Samkeppniseftirlitsins:
- Vífilfell: Það er niðurstaða Samkeppniseftirlitsins að atvik og gögn tengd flutningsviðskiptum Vífilfells á árinu 2012 endurspeglar ólögmæta markaðsskiptingu Samskipa og Eimskipa. Í þessu tilviki virti Eimskip markaðsskiptinguna. Atvik þessi eru einnig í samræmi við áætlanir sem fram komu í markaðsskýrslu Samskipa fyrir árið 2012 sem var undirbúin og skrifuð á haustmánuðum 2011. Þar gerðu Samskip ráð fyrir að halda innflutningsviðskiptum Vífilfells á árinu 2012 en á lægri verðum þó. Samtímagögn sýna að innkoma nýs keppinautar, flutningsmiðlara, á markaðinn á árinu 2010 olli óróa í viðskiptasamböndum Samskipa við einstaka viðskiptavinum, þ.á m. Vífilfell. Hafði það að öllum líkindum þau áhrif að Vífilfell náði fram lægri kjörum við endurnýjun samninga í júní 2012. Á sama tíma var ekki gert ráð fyrir að reyna að ná í viðskipti ÖES frá Eimskip sem var á þeim tíma með opinn samning og í samningaviðræðum við Eimskip. Gekk það eftir og Samskip virtu markaðsskiptinguna með því að sækjast ekki eftir viðskiptum ÖES. Eimskip náði fyrir vikið að undirrita nýjan samning við ÖES í lok desember 2011 sem fól í sér hækkun á verði frá fyrri samningi. Var þetta einnig í samræmi við stefnu Samskipa í sömu markaðsskýrslu þar sem gert var ráð fyrir að bæði Eimskip og Samskip „*halda að sér höndum og leggi áherslu á að halda verðum upp*“.
 - ÍSAM: Það er niðurstaða Samkeppniseftirlitsins að Samskip hafi náð að endurnýja flutningasamninginn við ÍSAM árið 2012 til ársins 2014 án nokkurs samkeppnislegs aðhalds frá Eimskip. Var það í samræmi við áætlanir Samskipa fyrir árið 2012 um að fyrirtækið myndu halda „*öllum núverandi viðskiptavinum*“ á árinu 2012. Endurspeglar þessi atvik hina ólögmætu markaðsskiptingu á árinu 2012. Ástæða þess að ÍSAM náði fram lækkun með eftirgreiddum afslætti var að fyrirtækið hafði komist yfir upplýsingar um kjör annars viðskiptavinar Samskipa en ekki vegna samkeppni frá Eimskipi, en Eimskip virðist ekki hafa gert neina tilraun til að nálgast



ÍSAM á þessum tíma. Við mat á framangreindu var einnig horft til gagna sem sýna bein samskipti Samskipa við Eimskips, þ.m.t. á því tímabili sem atvik vegna ÍSAM áttu sér stað.

- Rúmfatalagerinn: Atvik tengd Rúmfatalagernum á árinu 2012 endurspeglar ólögmaett samráð Samskipa og Eimskips. Í áætlun (S)forstö-innfl1 frá september 2011 fyrir árið 2012 kom fram að samningar við ýmsa mikilvæga viðskiptavinum myndu losna á árinu 2012, þ.m.t. við Rúmfatalagerinn. Gerði (S)forstö-innfl1 ráð fyrir því að Samskip myndu halda „öllum núverandi viðskiptavinum“ á árinu 2012. Gekk þetta eftir í tilviki Rúmfatalagersins. Eimskip sýndi þessum mikilvæga viðskiptavinum Samskipa lítinn áhuga og Samskip náðu því að halda honum, án samkeppnisaðgerða frá Eimskip. Áframhaldandi „ró“ var því á markaðnum og í samræmi við það reyndu Samskip að knýja fram verðhækkun gagnvart Rúmfatalagernum. Á því tímabili sem samningaviðræður Samskipa við Rúmfatalagerinn áttu sér stað áttu Samskip einnig í fjölmörgum samskiptum við Eimskip, þ. á m. stjórnendur.

8951. Á fyrri helmingi ársins 2012 kom upp „taugatitringur“ í samráði Samskipa og Eimskips í kjölfar þess að Eimskip hlaut viðskipti við Bauhaus, sem var þá nýr innflytjandi á íslenska byggingavörumarkaðnum. Að sögn (E)frkvstj-sala/þj leiddu þessi viðskipti Eimskips við Bauhaus til „rosalegs taugatitringis“. Vegna þessa ákváðu Samskip að fara á eftir viðskiptum BYKO frá Eimskip en gættu þó að því að taka aðeins hluta af þeim viðskiptum. Stjórnendur Samskipa vissu að standa þurfti „fast“ á því gagnvart Eimskip að fyrirtækið væri „bara ad taka um 50 prosent af byko vegna parrings ut ad bauhaus“. Sýnir þetta að réttlæta þurfti þessa samkeppni og jafnframt láta koma skýrt fram að í henni fælist aðeins að Samskip myndu annast helming af flutningum BYKO í stað þriðjungs áður. Höfðu Samskip auðsýnilega hag af því að draga sem mest úr umfangi mögulegra gagnaðgerða Eimskips.

8952. Stjórnendur Eimskips urðu „alveg brjáláðir“ yfir auknum viðskiptum Samskipa við BYKO. Viðbrögð Samskipa við upplýsingum um reiði Eimskips voru tvíþætt. Annars vegar að útskýra fyrir Eimskip að þetta væri út af „purringi“ vegna Bauhaus og hins vegar að huga þyrfti að „bómullarmeðferð“ gagnvart Húsasmiðjunni. Sýnir þetta skýrt fram á annars vegar tilvist hins ólögmeta samráðs og hins vegar að um var að ræða frávik frá því. Fram að þessum atvikum á árinu 2012 eru engin dæmi um það á rannsóknartímabilinu að Samskip hafi hugað að „bómullarmeðferð“ gagnvart mikilvægum viðskiptavinum vegna ótta við samkeppni frá Eimskip og öfugt.

8953. Það er niðurstaða Samkeppniseftirlitsins að tilfærsla á hluta af BYKO viðskiptum yfir til Samskipa árið 2012 hafi falið í sér „hefnd“ vegna Bauhaus. Samskip gættu þess aftur á móti að „hefndin“ tæki aðeins til innflutnings á byggingavörum og hluta af flutningum Eimskips fyrir BYKO. Markaðsskipting Samskipa og Eimskips á árinu 2012 gagnvart öðrum mikilvægum viðskiptavinum hélt áfram, sbr. atvik á árinu 2012 vegna t.d. Öskju og Aðfanga. Af samtímagögnum á seinni hluta 2012 má þó greina merki óróa í hinni ólögmetu markaðsskiptingu. Atvik vegna BYKO og eftirfarandi atvik tengd Búr skal virða í samhengi við þau gögn.

- Búr: Í upphafi árs 2012 leitaði Búr að eigin frumkvæði eftir verðtilboði frá Samskipum sem endaði með því að viðskipti Búrs fóru yfir til Samskipa síðar sama ár. Samtímagögn sýna að Samskip voru í vandræðum með hvernig ætti að bregðast við tilboðsbeiðni Búrs. Forstöðumaður innflutningsdeildar, (S)forstö-innfl1, var spurður hvernig ætti að svara þessari umleitun Búrs og svaraði: „shit ég veit ekki“. Sýna þessi viðbrögð (S)forstö-innfl1 að hann hafði áhyggjur af því hvaða áhrif það myndi hafa á samráðið við Eimskip ef Samskip myndu fara á eftir mögulegum viðskiptum Búrs á þessum tímabili. Þegar í ljós kom að Búr hafði hug á að færa allt innflutningsmagnið sitt til Samskipa höfðu starfsmenn Samskipa orð á því að þeir væru búnir að „gera allt vitlaust á markaðnum“ og að (S)forstj væri greinilega „skít-stressaður“. Síðan sagði: „Stundum eru menn skammaðir fyrir að selja of mikið...“ Endurspeglar þessi samskipti innan Samskipa hina ólögmetu markaðsskiptingu. Samkeppniseftirlitið telur að frásögn um stress forstjórans hafi lotið að því að áhyggjur væru til staðar um að Samskip færu gegn þeim „friðl“ sem Samskip og Eimskip höfðu náð saman um.



8954. Áætlanir Samskipa og Eimskips fyrir árið 2013 endurspeglar framangreint, þ.e. að gert var ráð fyrir að viðhalda markaðsskiptingunni en einnig að óvissa væri um hvort áframhaldandi „*ró*“ eða „*fríður*“ myndi ríkja áfram á markaðnum. Er þetta í samræmi við sátt Samkeppniseftirlitsins og Eimskips þar sem fram kemur m.a. að samráð Samskipa og Eimskips um skiptingu á mörkuðum eftir stærri viðskiptavinum í sjó- og landflutningum „*var umfangsminna á lokaári rannsóknartímabilsins (á árinu 2013).*“ Hið sama gilti um verðsamráð fyrirtækjanna.

- Í aðalatriðum var gert ráð fyrir því að Samskip myndi halda öllum sínum mikilvægustu viðskiptavinum en að breytingar væru mögulegar á árinu 2013. Vísað var til breyttra aðstæðna í samfélaginu, t.d. kaupmáttaraukningar, meiri innflutnings og að tilteknir „*vöruflokkar muni haga sér á annan hátt vegna aðstæðna í þjóðfélaginu.*“ Vísað var til þess að Samskip hafi náð viðskiptum af Eimskip og gera mætti ráð fyrir töluvert mikilli samkeppni á árinu 2013. Þá segir að þegar hún sé skrifuð sjáist „*[...] þess merki að sú ró sem verið hefur á innflutningsmarkaði síðustu ár sé ekki lengur til staðar.*“
- Sökum þessa gerðu Samskip ráð fyrir því að fyrirtækið kynni að þurfa að lækka verð gagnvart núverandi viðskiptavinum til þess að halda þeim og áætluðu Samskip einnig að missa einn ótilgreindan viðskiptavin í byrjun ársins 2013, sem var nefndur hinu tilbúna nafni „*Lúser ehf.*“ Það sem vekur athygli í þessu sambandi er orsakasambandið sem tilgreint er í umfjölluninni, þ.e. fyrirtækið telur sig mögulega missa þessi tilgreindu viðskipti sökum nýrra viðskipta sem hafi komið til Samskipa á síðustu mánuðum. Miðað við umfjöllunina er þar verið að vísa til viðskipta sem Samskip náðu frá Eimskip á árinu 2012.

8955. Endurspeglar þessi gögn samráð fyrirtækjanna á rannsóknartímabilinu, sérstaklega þegar þau eru virt í samanburði við áætlanir fyrri ára. Í rekstraráætlunum fyrir árin 2009–2012 þurfti ekki að setja fyrirvara um „*Lúser ehf.*“ enda voru þá engar samskonar „*blikur á lofti*“ af samkeppnislegum toga. Þar var heldur ekki gert ráð fyrir lækkandi einingarverðum heldur þvert á móti oft lagt á ráðin um verðhækkningar, enda var á þeim tíma „*ró*“ á markaðnum samkvæmt framangreindum gögnum. Staðfestir þessi nýi tónn í stefnumörkun fyrir árið 2013 þann einbeitta vilja sem Samskip og Eimskip höfðu til ólögmeats samráðs allt frá árinu 2008 og árangur þeirra við að viðhalda samráðinu að þessu leyti stærsta hluta rannsóknartímabilsins.